

Bókmenntagagnrýni á almannavettvangi

Vald og virkni ritdóma á íslensku bókmenntasviði

Auður Aðalsteinsdóttir

Ritgerð lögð fram til doktorsprófs

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Íslensku- og menningardeild
Febrúar 2016

Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands
hefur metið ritgerð þessa hæfa til varnar
við doktorspróf í almennri bókmenntafræði

Reykjavík, 11 desember 2015

Sveinn Yngvi Egilsson
deildarforseti

Doktorsnefnd:

Ástráður Eysteinnsson, leiðbeinandi

Gunnþórunn Guðmundsdóttir

Jón Ólafsson

Bókmenntagagnrýni á almannavettvangi. Vald og virkni ritdóma á íslensku bókmenntasviði

©Auður Aðalsteinsdóttir
Reykjavík 2016

Doktorsritgerð við Háskóla Íslands. Allur réttur áskilinn. Ritgerðina má ekki afrita, að hluta eða í heild, svo sem með ljósmyndun, skönnun, prentun, hljóðritun, eða á annan sambærilegan hátt, án skriflegs leyfis höfundar.

ISBN 978-9935-9260-3-6

Prentun: Háskólaprent

Ágrip

Í þessari ritgerð er fjallað um vald ritdómara og virkni ritdóma á íslensku bókmenntasviði sem og í alþjóðlegu samhengi, allt frá upphafi fjölmiðlunar til dagsins í dag. Sýnt er fram á að vald ritdómarans er ætíð ótraust og að hann á sífellt á hættu að vera ásakaður um að misnota það, enda felst þetta vald í að rofin eru mörk hinna ýmsu samfélagssviða og hefðbundinna andstæðupara eins og fræðaheims og fjölmiðla, lista og fræða, fræða og afþreyingar, hins persónulega og almannavettvangs, fagurfræði og pólitíkur, listar og markaðar, lögmætrar valdbeitingar og stjórnleysis.

Íslenskir ritdómar urðu til á mörkum bókmenntasviðsins, fræðasviðsins og fjölmiðlasviðsins, undir miklum áhrifum frá stjórnmalasviðinu og hinni ýmsu pólitík, ekki síst kynjapólitík, og síðar sívaxandi áhrifum frá markaðslögmálum efnahagssviðsins, og sköpuðu sérstakt svæði sem ber einkenni af samþættingu og átökum allra þessara sviða. Í rannsókninni er fjallað um þessa skörun sviða í ritdómum og athygli sérstaklega beint að því hvaða áhrif hún hefur á virkni þeirra á bókmenntasviðinu.

Í fyrsta kafla er fjallað um rætur evrópskrar ritdómahefðar, en grunnur að ákveðnu bókmenntakerfi, byggðu á stigveldi, var lagður af Forn-Grikkjum og Rómverjum. Hugmyndir um lýðveldi menntanna lágu svo til grundvallar samskiptaneti menntaðra manna í Evrópu sem fór að þróast á 14. öld. Það byggðist ekki síst á umfjöllun og ráðleggingum um ýmis rit. Slík umfjöllun tók á sig formlegra yfirbragð og valdsmannslegri tón við tilkomu prentaðra fjölmiðla og varð mikilvægur hluti af þróun evrópsks bókamarkaðar. Hin nýja textategund, ritdómar, tók mið af hugmyndum um „hreinsandi“ hlutverk gagnrýnninnar, sem eiga sér m.a. rætur í satírunni, og notuðu ritdómarar þær hugmyndir til að verjast ásökunum um misnotkun þessa nýja valdatakis á bókmenntasviðinu.

Í öðrum og þriðja kafla er fjallað um fyrstu skref ritdómara hér á landi á fyrri hluta 19. aldar; hvernig þeir sóttu í evrópska ritdómahefð, og þá aðallega danskar fyrirmyndir, og byggðu á grundvelli sem lagður hafði verið í fagurfræðilegri umræðu 18. og 19. aldar sem og lögmálum blaðamenskunnar er hér var að þróast.

Í fjórða til sjötta kafla er svo fjallað um þann samslátt og þá togstreitu sem verður í íslenskum ritdómum 20. aldarinnar og fram á okkar daga, milli bókmenntasviðsins annars vegar og stjórnmalasviðsins, fræðasviðsins og markaðslögmála efnahagssviðsins hins vegar.

Niðurstaða rannsóknarinnar er sú að ritdómar hafa virkað sem ritúalískar athafnir þar sem við útfærum hugmyndir okkar um beitingu valds, innan bókmenntasviðs sem er hluti af þekkingarrými er teygir rætur sínar allt aftur til fornaldar en gildismat þess byggist á stigveldi þar sem undirskipun ákveðinna menningarþátta treystir stöðu annarra sem teljast hærra settir. Innan hins ritúalíska ramma ritdómanna, sem er bæði efnislegur og hugmyndalegur, myndast svigrúm til að reyna á mörk þessa þekkingarrýmis — svo fremi slíkar tilraunir séu taldar í þágu samfélagskerfisins. Mikið ríður því á að skapa öruggan ramma um þessa gjörð. Á öndverðri 21. öld eru hins vegar ýmsar blikur á lofti og vísbendingar um að í nýju fjölmiðlaumhverfi og á breyttu almenningssvæði sé þessi virkni ritdóma ekki lengur jafn mikilvæg og jafnvel að fjara út. Í lokin er velt upp þeirri hugmynd hvort mögulegt sé að gefa sér aðrar forsendur, öðru vísi hugmyndalegan ramma sem viðhaldi þessari virkni í breyttu fjölmiðlaumhverfi. Þótt ítarlegri könnun á þeim möguleikum verði að eiga sér stað utan þessarar ritgerðar gæti verið gagnlegt að hafa þar til hliðsjónar það sem hér kemur fram um sögu ritdóma, hefðbundin einkenni þeirra, þær átakalínur sem hafa skapast í þeim og kringum þá og það afl sem þeir hafa leyst úr læðingi.

Abstract

This study examines the power of book reviewers and the function of journalistic literary criticism in the Icelandic literary field from the beginning of print media to the 21st century, with a view to international and historical contexts. It manifests that the reviewer's power is always vulnerable and susceptible to accusations of abuse, for this power itself derives from breaching the boundaries of various social fields and traditional opposition pairs like the academy and the media, scholarship and art, scholarship and entertainment (popular culture consumption), the personal sphere and the public sphere, aesthetics and politics, art and the marketplace, and, last but not least, the exercise of legitimate authority versus anarchy.

Icelandic book reviews were born on the boundaries of the literary field, the academic field and the media field, under a strong influence from the political field, not least from gender politics, and later from the “laws” of the market in the economic field. The reviews created a space characterized by the relations and conflicts between all these fields. This study places its main focus on how this interconnection of fields impacts the function of book reviews in the literary field.

The first chapter traces the roots of European book reviews. A foundation for a certain hierarchical literary system is laid by the Ancient Greeks and Romans. Later, ideas of a „republic of letters“ made their mark on the development of a communication network where European intellectuals exchanged descriptions and recommendations of books and texts. Such reporting took on a more formal and authoritative tone in printed media and became an important factor in the development of the European book market. This new type of text, the book review, was influenced by ideas that had flourished in the genre of the satire and its “cleansing” critical role, and reviewers used these ideas to defend themselves against accusations of abusing this new power in the literary field.

Chapters two and three follow the first steps of Icelandic book reviewers in the first half of the 19th century, who in their practice looked to European, most notably Danish, tradition of book reviews, basing their premises on the aesthetic discourse of the 18th and 19th century as well as on the developing principles of journalism.

Chapters four to six research the connections and tensions, in 20th century Icelandic book reviews and into the 21st century, between the literary field on one hand and the political field, the academic field and the economic field on the other. The study concludes

that reviews have functioned as rituals where we practice our ideas of the use of power, in a literary field that is part of an *épistème* reaching back to ancient times and is founded on a hierarchical value system. Within the ritualistic frame of book reviews, a frame which is both material and conceptual, a space can open up where the boundaries of this *épistème* are tested — as long as such experiments are assumed to strengthen the hierarchical literary system and thereby the hierarchical social system in general. This means that great importance is placed on how the settings and premises of reviews create a secure frame for this activity. Recently, however, there are signs that in a new media environment and a rapidly changing public sphere the importance of this function of reviews has diminished and is even fading away. The study ends with the question whether different criteria, another kind of conceptual frame, could restore this function in a different media environment. In such future speculations, it may prove useful to take into consideration the various elements this study traces in the history of book reviews and its analysis of their traditional characteristics, the tensions that have taken place in and around them and the powers they may harbour or unleash.

Efnisyfirlit

Ágrip	iii
Abstract	v
Þakkir	ix
Inngangur	1
Bókmenntasvið og bókmenntakerfi	6
Hreinsunarathafnir, mengun og úrkast	15
Átök og erótík	22
Stigveldi og anarkía.....	25
Uppbygging og helstu heimildir.....	26
1 Leitin að upphafinu	33
Evrópskur arfur	38
Skoðanafrelsi eða harðstjórn?	45
Mýtan um lýðræðislega bókmenntaumræðu	55
Frægðarsól Dicks Minims	63
2 Fyrstu skrefin	75
Bókafregnir	76
Tilkynningar og auglýsingar	84
Frá bókalistum til umsagna	90
Að leiðbeina, skemmta og fræða.....	102
Fagurfræðilegir dómur	109
Hin frjálsa fagurfræði	123
Dapri trúðurinn.....	128
3 Fyrsti eiginlegi ritdómurinn	133
Frjálsir og beittir gagnrýnendur.....	136
Satírískt viðhorf og vísindalegar aðferðir.....	145
Grótesk skylda.....	153
Flokkun hinna smekkvísu.....	163
Pólitík hinnar hreinu fagurfræði	169
4 Skáldskapur og pólitík	173
Menntunartrappa þjóðar	174
Uppgangur íslenskra prentmiðla	178
Konur skapa sér vettvang	186
Pólitísk átök.....	192
Hreina fagurfræðin	205
Stásstofan	233
5 Vísindin og frelsið	243
Þjóðernisorðræða og módern meðvitund	244
Vísindin og ættjarðarástin	250
Brjáláðir vísindamenn	258

Skráning eigin sálar	270
Dóninn í fjölskylduboðinu	276
Vandi hins nýja	293
Frelsi til að túlka.....	315
Kjör og hlutverk gagnrýnenda.....	325
Silfurhesturinn.....	342
6 Markaðurinn og listin	361
Auglýsingar fyrir jólabókamarkað	363
Síbylja fjölmiðlatómsins	373
Mikilvægi stigveldisins	389
Samtal eða klisjur?	399
Að taka þátt í leiknum eða hætta.....	414
7 Lokaorð	429
Heimildaskrá.....	439

Þakkir

Þessi ritgerð er meginþáttur í doktorsnámi mínu í almennri bókmenntafræði við Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands á árunum 2005-2015. Almennur hluti námsins var að nokkru leyti stundaður við Háskólann í Wollongong, Ástralíu, þar sem ég dvaldi háskólaárið 2005-2006.

Ég vil þakka leiðbeinanda mínum, Ástráði Eysteinssyni, góða leiðsögn en ekki síður þolinmæði og mikilvæga hvatningu á löngu ferli. Auk hans voru í doktorsnefnd Gunnþórunn Guðmundsdóttir og Jón Ólafsson og eiga þau einnig þakkir skildar fyrir góðan yfirlestur og gagnlegar ábendingar.

Á meðan á doktorsnáminu stóð hlaut ég þriggja ára styrk úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands og tvisvar fékk ég ferðastyrki frá Hugvísindastofnun til að fara á erlendar ráðstefnur. Um nokkurra ára skeið fékk ég vinnuaðstöðu í Gimli á vegum sömu stofnunar. Fyrir þetta er ég þakklát. Jafnframt vil ég þakka Írisi, Helgu, Ástu Kristínu, Theodóru, Hildi og Öldu samveruna í Gimli. Ásdís Sigmundsdóttir fær sérstakar þakkir fyrir góðan félagsskap og ráðleggingar.

Að lokum vil ég þakka fjölskyldu og vinum fyrir allan þeirra stuðning, og þá sérstaklega mömmu minni, Mörtu Hildi Richter og strákunum mínum, Aðalsteini Erni og Steingrími.

Ritgerð þessi er tileinkuð ömmu minni,

Margréti Þórdísi Bjarnýju Sigurðardóttur Hjaltested Richter

Inngangur

Ritdómar í íslenskum fjölmiðlum eru nær ókannað viðfangsefni — og erlendis er þessi sérstaka iðja reyndar sjaldan talin mikillar fræðilegrar umfjöllunar verð. Hún er fremur lágt sett í virðingarstiga bókmenntaheimsins, eins og nokkurs konar ófullkomin hálf systir hinnar fræðilegu bókmenntagreininger.¹ Við nánari athugun verður þó ljóst að ritdómar gegna mikilvægu hlutverki og að rannsóknir á þeim geta afhjúpað ýmsar grunnstoðir bókmenntasviðsins. Í ritgerð þessari er fjallað um íslenska ritdóma allt frá upphafi fjölmiðlunar hér á landi á 18. öld og fram á okkar daga, með áherslu á einkenni þessa textaforms og virkni þess innan valdakerfis bókmenntasviðsins. Sú umfjöllun verður jafnframt sett í alþjóðlegt og sögulegt samhengi þessarar textategundar. Einkum er fjallað um ritdóma um íslensk skáldverk, en þótt tekin séu nokkur dæmi úr ritdómum um bókmenntaþýðingar og fræðirit og komið lauslega inn á atriði er snúa að slíkum textum veittist ekki rými til að gefa ritdómum um þessar bókmenntategundir sérstakan gaum.

Rannsóknarspurningar mínar beinast einkum að mikilvægum landamærum sem ritdómar þrífast á: mörkunum milli fræðaheims og fjölmiðla, lista og fræða, fræða og afþreyingar, milli hins persónulegra og almannavettvangs, fagurfræði og stjórn mála, listar og markaðar, og síðast en ekki síst milli lögmætrar valdbeitingar og stjórnleysis. Ég rýni í ritdóma sem gjörning sem er um margt af ritúalískum toga og gerir ritdómurum kleift að fara yfir slík mörk. Ég kanna hvernig sú athöfn gerir það að vekum að ritdómar þykja í senn eftirsóknarverðir og óæskilegir og ritdómarar eru oft í senn upphafnir og fyrirlitnir. Rannsóknin beinist jafnframt að því hvernig fyrrnefndar eigindir gagnrýnnar birtast með ýmsum hætti á ákveðnum tímabilum bókmenntalífsins.

Í umfjöllun minni nota ég jöfnum höndum orðin „ritdómur“ (sem hefur svipaða merkingu og enska orðið „review“), „gagnrýni í fjölmiðlum“ (sem er sambærilegt hugtakinu „journalistic criticism“) og „bókmenntagagnrýni“, eða á almennari nótum „listgagnrýni“, en bókmenntagagnrýni er vitanlega hluti af umfjöllun um listir almennt og umfjöllun um bókmenntir skarast við umfjöllun um aðrar listir, til dæmis leiklist og myndlist, þótt hér verði

¹ Bandaríski listgagnrýnandinn Michael Brenson, sem leitast við að sýna fram á gildi þess að rannsaka gagnrýni í fjölmiðlum, greinir til dæmis skilmerkilega á milli fræðigreina (e. *essays*) og ritdóma (e. *reviews*), sem hann telur að geti aldrei dugað einir og sér, þeir komi aldrei í stað ígrundaðrar fræðilegrar umfjöllunar. Michael Brenson: „Resisting the Dangerous Journey“, *The Crisis of Criticism*, ritstj. Maurice Berger, New York, The New Press, 1998, 104. Hins vegar er því sjaldan haldið fram að fræðigreinar geti ekki komið í stað ritdóma.

aðeins vísað til annarrar listgagnrýni þegar það er talið varpa ljósi á einkenni bókmenntagagnrýnnar.

Íslenskir ritdómar fóru ekki að birtast á prenti fyrr en á 19. öld og voru fyrirmyndirnar sóttar til Danmerkur. Danski fræðimaðurinn John Chr. Jørgensen hefur fjallað um einkenni danskra ritdóma fram til 1906, og hann segir að í ritgerðinni „Om Bog-Anmeldelser“ eftir Peder Hjort,² sem birtist árið 1839, sé í fyrsta sinn gerður skýr greinarmunur á dönskum hugtökum yfir gagnrýni. Þar er „anmeldelse“ skilgreind sem snögg viðbrögð við bókmenntaverki í fjölmiðli, „recension“ er lengri og ítarlegri greining á verkinu og „kritik“ sjálfstæðasta og plássfrekasta formið. Nú á dögum sé orðið „anmeldelse“ nær eingöngu notað um dóm um nýútkomið listaverk en orðið „kritik“ hafi, líkt og enska orðið „criticism“, víðari merkingu. Orðið „kritiker“ beri einnig með sér akademískan blæ sem ritdómarar sækjast eftir en á hinn bóginn sé knappt form ritdómanna oft litið hornauga í hinum akademíska heimi.³ Jørgensen bendir á að rithöfundurinn og gagnrýnandinn Tom Kristensen hafi reynt að auka sjálfstraust dagblaðagagnrýnenda í kjallaragreininni „Kritiker eller Anmelder“ sem birtist árið 1940 í *Politiken*, er hann lýsti því yfir að hann vildi frekar vera kallaður „anmelder“ (ritdómari) en „kritiker“ (gagnrýnandi). Kristensen telji muninn felast í því að fræðilegur gagnrýnandi taki sér lengri tíma en ritdómari; fjalli yfirleitt ekki um glænýjar bækur og líti því á verk úr nokkurri fjarlægð, auk þess sem hann hafi aðra dóma til að taka afstöðu til. Ritdómariinn hrærist hins vegar í núinu og þjóni lesendum, og ritdómar hans geti þróast í að verða undirgrein listarinnar, þ.e. orðið list í sjálfu sér.⁴

Hollenski fræðimaðurinn C.J. Van Rees telur að þrátt fyrir að ritdómar í fjölmiðlum, almenn greinaskrif og akademískar ritsmíðar þyki oft hafa mismikið vægi, séu þessar textategundir háðar hver annari og hafi hver sínu sérstaka hlutverki að gegna í því ferli að meta gildi bókmenntatexta.⁵ Hér á landi virðast skilin milli fræðilegrar gagnrýni og ritdóma í dægurmiðlum reyndar ekki jafn skýr og í hinum enskumælandi heimi, þótt þau hafi hugsanlega verið að skerpast á síðustu áratugum. Notkun íslenska orðsins *gagnrýni* endurspeglar þetta. Það hefur jafnvel enn víðari merkingu en enska orðið „criticism“, því á íslensku er „gagnrýni“ m.a. notað í sömu merkingu og orðið ritdómur, sem í ensku er frekar kallað „review“ eða er skilgreint nánar sem „journalistic criticism“. Orðið „gagnrýni“ er

² Peder Hjort: „Om Bog-Anmeldelser“, *Tidsskrift for Litteratur og Kritik*, 1839. Sótt í John Chr. Jørgensen: *Det danske anmelderis historie. Den litterære anmeldelses opståen og udvikling 1720-1906*, Kaupmannahöfn, Fisker & Schou, 1994, 145.

³ John Chr. Jørgensen: *Det danske anmelderis historie*, 13.

⁴ Sama, 11-13.

⁵ C. J. Van Rees: „How a Literary Work Becomes a Masterpiece. On the Threefold Selection Practised by Literary Criticism“, *Poetics*, 4-5 12, 1983, 404.

reynðar ekki gamalt en Valtýr Guðmundsson, alþingismaður, ritstjóri *Eimreiðarinnar* og bókmenntagagnrýnandi, kynnti það fyrir landsmönnum í tímaritsgrein árið 1896 og skilgreindi um leið hvað í því felst:

Að „*kritisera*“ er eiginlega það, að láta sjer ekki nægja að skoða hlutina eins og þeir líta út á yfirborðinu, heldur leitast við að rýna í gegnum þá og gagnskoða, til þess að sjá hina innri eiginleika þeirra, bæði kosti og lesti. Það er með öðrum orðum að kafa í djúpið og sækja bæði gullið og sorann, greina það hvort frá öðru og breiða hvorttveggja út í dagsbirtunni, svo að allir, sem hafa ekki sjálfir tíma eða tækifæri til að vera að kafa, geti sjeð, hvað er gull og hvað er sori. Þetta virðist oss að mætti kalla á íslenzku *gagnrýni* og *gagnrýninn* þann mann, sem sýnt er um að *gagnrýna* hlutina.⁶

Valtýr leggur hér höfuðáherslu á að niðurstaða gagnrýninnar sé einhvers konar dómur og að því leyti gæti skilgreining hans allt eins náð yfir orðið „ritdómur“ sem virðist eiga sér aðeins lengri hefð.⁷ Það orð gefur hins vegar til kynna að aðalatriðið sé ekki ferlið, leitinn að dýpri merkingu með því að rýna gegnum yfirborðið, heldur niðurstaðan, dómurinn sem er felldur. Áherslan á að dæma felur í sér vísun til réttarkerfisins og reynðar gefa kenningar franska heimspekingsins Michels Foucault um refsíðoma og eftirlitssamfélag ýmsar vísbendingar um virkni ritdóma innan bókmenntaheimsins. Foucault telur að í nútímasamfélagi hafi orðið áherslubreyting; í stað refsinga sé áhersla lögð á eftirlit og endurhæfingu eða betrun (sjá bls. 277). Breyting Valtýs Guðmundssonar á orðaforða íslenskunnar er afleiðing af þeirri tilfærslu; við hlið hins lýsandi orðs ritdómur bætist orðið gagnrýni, sem felur í sér þá hugmynd að rannsókn á eðli viðfangsefnis, sem og aðhald⁸ og betrun⁹ í þágu samfélagsins sé nú í fyrirrúmi.¹⁰

Markmið mitt er að varpa ljósi á forsendur og einkenni þeirrar valdatogstreitu sem fer fram á vettvangi bókmenntagagnrýninnar; að kanna virkni ritdóma innan valdakerfis bókmenntasviðsins. Það má því segja að ég hafi að einhverju leyti þau orð þýðingafraeðingsins Andrés Lefevere að leiðarljósi að það að líta á gagnrýni sem hluta af

⁶ Valtýr Guðmundsson: „Gagnrýni“, *Eimreiðin*, 3, 1896, 161.

⁷ Menn tala snemma um að felldir séu dómur yfir ritum en ef orðinu „ritdómur“ er flett upp í tímarit.is er elsta dæmið sem kemur upp frá 1851. Elsta dæmi um það í Ritmálsskrá Orðabókar Háskólans er úr *Æfissögu Jóns Eyriksónar* frá 1828, en hann skrifaði greinar í dönsk tímarit (sjá bls. 77 í þessari ritgerð).

⁸ Valtýr lýsir því yfir að þeir sem gegni opinberum störfum séu „skyldir að þola gagnrýni“. Valtýr Guðmundsson: „Gagnrýni“, 162.

⁹ Valtýr telur til dæmis að það sé þörf á því að benda á það sem „þykir ábótavant“ en ekki sé þörf á að benda á hið góða nema það „sje svo framúrskarandi, að það geti orðið öðrum til eptirdæmis“. Sama, 162. Gagnrýni á samkvæmt þessu að bæta einstaklinga og samfélagið með því að benda á víti til varnaðar og góð fordæmi.

¹⁰ Valtýr segir m.a.: „Gagnrýnin er nauðsynleg fyrir þjóðlífið eins og saltið fyrir matinn.“ Sama, 161. Þótt það viðhorf sé þannig frá upphafi til staðar að gagnrýni eigi að vera „til gagns“ fyrir samfélagið finn ég ekki á vefnum tímarit.is eldri dæmi en frá 9. áratug 20. aldar um að fólk tali um að orðið gagnrýni merki beinlínis að „rýna til gagns“. Eftir það er það hins vegar fremur algengt viðhorf. Árið 2007 var til dæmis haldið málþing um gagnrýni undir yfirskriftinni „Rýnt til gagns“. Sjá t.d. Ingvaldur Geirsdóttir: „Gagnrýni vandmeðfarin“, *Morgunblaðið*, 13. desember 2007, 16.

umbyltingum og togstreitu í þróun bókmenntakerfis, en ekki sem lýsingu á því kerfi, geti opnað leið til greiningar á bókmenntakerfum.¹¹ Orðið „hagsmunir“ hefur verið lykilhugtak í umræðunni um ritdóma frá upphafi 18. aldar en eins og það er notað í þessari ritgerð er það í raun fremur ófullkomin þýðing á enska orðinu „interest“ (og franska orðinu „intérêt“) sem merkir í senn „hagsmunir“ og „áhugi“. Eins og Davíð Kristinsson bendir á í inngangi að safni þýðinga á verkum franska félagsfræðingsins Pierres Bourdieu, er þessi tvíræðni ekki möguleg í íslenskri þýðingu en hafa má hugfast að „Bourdieu gengur út frá því að áhugi sé oftast í slagtogi með hagsmunum, þ.e. sannri ástríðu fyrir því sem um ræðir, jafnvel þótt um leið séu eðlilega hagsmunir í húfi“.¹²

Þótt ég skilgreini ritdóma sem sérstaka textategund verða skilin milli hennar og annarra tegunda gagnrýnnar umræðu, til dæmis akademískrar bókmenntarýni, oft óljós. Slíkt er óhjákvæmilegt að mínu mati, þar sem eitt af grundvallareinkennum listgagnrýni í fjölmiðlum er einmitt samspil að því er virðist ólíkra þátta eða sviða og það er þessi gagnvirkni og flæði sem ég beini meðal annars sjónum að. Að sama skapi hafa hefðbundin bókmenntasöguleg hugtök og tímabil á borð við upplýsingu, rómantík, raunsæi, módernisma og póstmódernisma, reynst fremur óhentug við greiningu á einkennum og áherslum ritdóma. Enda hefur komið í ljós að virkni bókmenntagagnrýnnar innan valdakerfis bókmenntaheimsins er í grundvallaratriðum sú sama í upphafi 21. aldar og um miðbik 17. aldar, þegar fyrstu prentuðu tímaritin komu fram, og að mismunandi fagurfræðilegar og fræðilegar stefnur hafa lítil áhrif haft á það. Því beini ég sjónum fremur að ritdómum sem hluta af hugsunarkerfi (fr. *épistémè*)¹³ í merkingu Foucaults, þekkingarrými¹⁴ sem stjórnar „umræðu og vitund og jafnvel sannleika svo öldum skiptir“ og hefur áfram áhrif þegar það er farið að gegna „hlutverki gamals upphafins efnis“, jafnvel svo mjög að „ákveðinn þáttur í miðjustöðu þess haldist við“.¹⁵ Matthías Viðar Sæmundsson bendir á að notkun Foucaults á

¹¹ „The realization that that system, may prove productive in opening the way for an analysis of literary systems as such.“ André Lefevere: „Why Waste our Time on Rewrites?“, *The Manipulation of Literature. Studies in Literary Translation*, ritstj. Theo Hermans, New York, St. Martin's Press, 1985, 219.

¹² Davíð Kristinsson: „Inngangur“, í: Pierre Bourdieu, *Almenningsálitid er ekki til*, ritstj. Davíð Kristinsson, Atvik 11, Reykjavík, Omdúrman, ReykjavíkurAkademían, 2007, 13.

¹³ Eiríkur Guðmundsson þýðir orðið „épistémè“ þannig í *Gefðu mér veröldina aftur. Um sjálfsævisöguleg skrif Íslendinga á átjándu og níjtjándu öld með hliðsjón af hugmyndum Michels Foucault*, Reykjavík, Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 1998, 54. Sbr. Garðar Baldvinsson: „Alsætt líkamsvald. Um Michel Foucault“, í: Michel Foucault, *Alsæi, vald og þekking. Úrval greina og bókakafla*, ritstj. Garðar Baldvinsson, Reykjavík, Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2005, 23.

¹⁴ Matthías Viðar Sæmundsson þýðir orðið „épistémè“ þannig. Sjá Matthías Viðar Sæmundsson: „Blendin köllun postulans“, *Útisetur. Samband geðlækninga, bókmennta og siðmenningar*, ritstj. Matthías Viðar Sæmundsson, Reykjavík, Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 1998, 306. Sbr. Garðar Baldvinsson, „Alsætt líkamsvald“, 23.

¹⁵ Garðar Baldvinsson: „Alsætt líkamsvald“, 26.

hugtakinu er oft „óljós“, en menn hafi „séð fyrir sér dulvitaða hugsunarheild, heimsmynd eða aldarhátt“. Sjálfur segi Foucault í *Fornminjafræði þekkingarinnar*: „Ef til vill vaknar grunur um að þetta epistème sé einhvers konar heimssýn, sneið af sögu sem sé allri þekkingu sameiginleg, sem þröngvi sömu viðmiðum og forsendum upp á alla, almennt stig skynseminnar, ákveðin formgerð hugsunarinnar sem menn ákveðins tímabils komist ekki undan — mikil löggjöf, skrifuð í eitt skipti fyrir öll af ónefndri hendi.“¹⁶

Í þessari ritgerð hef ég því farið þá leið að flokka gagnrýnendur ekki eftir fyrirfram skilgreindum stefnum og nota slík hugtök fyrst og fremst þegar ég tel að það geti verið gagnlegt fyrir lesendur ritgerðarinnar að vísa til hefðbundins bókmenntasögulegs samhengis eða umræðuhefðar. Áður nefnt samspil ólíkra þátta í ritdómum gerir það jafnframt erfitt og tilgangslítið að binda sig við eina aðferðafræði við greiningu á textategundinni ritdómar. Saga ritdóma er hluti af sögu blaðamenskunnar. Því duga aðferðafræði og kenningar textamiðaðrar bókmenntafræði ekki einar til að greina einkenni bókadóma og verður hér m.a. leitað í smiðju fjölmiðlafræðinnar og þeirrar hliðar menningarfræðinnar sem snýr að virkni fjölmiðla í samfélaginu. Áhersla verður lögð á bókagagnrýni í prentuðum fjölmiðlum sem sérstaka textagrein en þótt bækur og handrit séu í vissum skilningi fjölmiðlar er hugtakið hér notað á þrengri hátt; um miðla sem ná til fjölda fólks og eru gefnir út í nokkuð stöðluðu formi, á kerfisbundinn hátt og með reglulegu millibili. Þar verða ritdómar til sem textategund. Fjölmiðlafræðinni hefur hingað til oftast verið skipaður staður meðal félagsfræða en ekki hugvísinda og einkennist oft fremur af áherslum á félagslegar rannsóknir en „texta“greiningu að hætti bókmenntafræðinnar og annarra tengdra hugvísinda. Frekari tengsl á milli þessara tveggja nálgunarleiða, m.a. með hjálp menningarfræðinnar, myndu að mínu mati gera umræðuna um íslenska fjölmiðla fjölbreyttari og betri. Slík nálgun er til dæmis til þess fallin að afhjúpa betur hina félagslegu hlið bókmenntanna, sem verður hvað sýnilegust í fjölmiðlum, hinum opinbera almannavettvangi okkar tíma. Þessi félagslega hlið birtist m.a. í ritdómum, andsvörum við ritdómum, viðtölum við höfunda og fréttum af útgáfu og sölu bóka.

Segja má að ég leitist við að lýsa „framsagnarhætti“ í orðræðu ritdóma, svo enn sé leitað í smiðju Foucaults, þar sem ég beini athyglinni helst að stöðu ritdómara, staðsetningu hans (fjölmiðlum) og sjónarmiði hans eða afstöðu (t.d. þeim flokkunarkerfum og þeirri aðferðafræði sem notast er við).¹⁷ Tilgangur minn er ekki sá að fordæma eða rífa niður athöfnina að ritdæma sem slíka eða hampa einstökum aðilum eða stefnum, heldur að setja

¹⁶ Michel Foucault: *L'archéologie du savoir*, París, Gallimard, 1969, 249-250. Tilvitnun sótt í Matthías Viðar Sæmundsson: „Blendin köllun postulans“, 306, neðanmáls.

¹⁷ Sjá umfjöllun um hugtök og kerfi í ritum Foucaults í Matthías Viðar Sæmundsson: „Blendin köllun postulans“, 308-309.

Þessa sérstöku tegund bókmenntafræða og bókmenntaumuræðu í félagslegt samhengi og varpa ljósi á þá hefð sem býr að baki og þá þróun sem hefur átt sér stað. Áhersla mín á hagsmunum, pólitík,¹⁸ átök og völd snýst ekki um greiningu á einstaka persónum sem einföldum fulltrúum ákveðinnar pólitíkur eða stéttar og er ekki tilraun til að byggja upp heildstæða mynd af kenningaheimi nokkurra aðal- og aukapersóna úr menningarsögunni þótt hagsmunir þeirra á hverjum tíma varpi oft ljósi á þau öfl sem eru að verki og nokkuð sé fjallað um ákveðnar persónur. Að sama skapi er markmið ritgerðarinnar ekki að setja fram tæmandi lista yfir virkustu gagnrýnendur landsins á hverjum tíma eða kanna hverjir voru fyrirferðarmestir á sviðinu. Í ritgerð þessari er vísað til mikils fjölda ritdóma. Þeir eru valdir til að undirstrika þær fræðilegu áherslur sem ritgerðin hvílir á en þær áherslur eru þó jafnframt vitaskuld byggðar á þekkingu minni á ritdómum. Ritdómar eru vissulega skrifaðir í ákveðnu sögulegu samhengi en hér er ekki leitast við að nota þá til að staðfesta viðtekna hugmyndir um bókmenntasöguleg tímabil. Markmið mitt er öllu fremur að rannsaka orðræður gagnrýninnar „út frá veruháttum þeirra“ svo vísað sé í orð Foucaults: „Hvernig orðræður breiðast út, verða gildandi, hvernig eignarhaldi þeirra er farið og höfundartengslum, en allt er þetta breytilegt milli menninga [...]“.¹⁹ Í stað þess að spyrja: „Hver talaði í rauninni? [...] Hvar finnum við áreiðanleika hans og upprunaleika? Hvernig tjáir hann sitt innsta sjálf í orðræðu sinni?“, vill Foucault spyrja hvaðan orðræða kemur, hvernig hún getur breiðst út og hver geti eignað sér hana.²⁰ Slíkar spurningar mun ég hafa að leiðarljósi í þessari ritgerð.

Bókmenntasvið og bókmenntakerfi

Þegar rætt er um áhrif listgagnrýni er það oft á mjög almennum nótum, gert er ráð fyrir því að gagnrýnin hafi bein áhrif á aðsókn að sýningum²¹ og á sölu bóka, auk þess sem hún liti

¹⁸ Í þessari ritgerð er orðið pólitík notað yfir hagsmunabaráttu (fyrir hönd ákveðinna hópa eða samfélagsins í heild) sem mótast af ákveðinni hugmyndafræði.

¹⁹ Michel Foucault: „Hvað er höfundur?“, þýð. Garðar Baldvinsson, *Alsæi, vald og þekking*, ritstj. Garðar Baldvinsson, Reykjavík, Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2005, 93.

²⁰ Sama, 94.

²¹ Leikhúsin telja sig sérstaklega merkja áhrif gagnrýni á aðsókn að sýningum. Sjá t.d. eftirfarandi orð Þjóðleikhússtjóra árið 2008: „Vissulega hafði neikvæð blaðagagnrýni lamandi áhrif eftir frumsýningu, hjá því verður ekki komist, og nokkrir þeirra gesta sem þegar höfðu tryggt sér sæti á sýninguna, afþöntuðu sæti sín. Hið gleðilega er þó að þessi sæti fylltust jafnharðan aftur og ekkert lát hefur verið á aðsókn eða góðum viðbrögðum gesta.“ Tinna Gunnlaugsdóttir: „Orðum fylgir ábyrgð. Viðtökur og vandi gagnrýnenda“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 28. júní 2008, 10. Sjá einnig eftirfarandi orð leikstjóra sýningar sem fékk neikvæða dóma gagnrýnenda árið 2007: „Leikhúsfólk er sjálft mjög upptekið af því að gagnrýni skemmi fyrir aðsókn. Það veit það af reynslu. Í okkar tilfalli fengum við margar afpantanir hjá stórum hópum eftir að gagnrýnin kom. Það kom erfitt tímabil þar sem við höldum að við værum með seldar sýningar en þurftum að sýna fyrir hálftrómum sal, þannig að tap varð á rekstrinum. Þegar grennslast var fyrir um ástæður afpantana voru skýringar allar á þá leið að fólk hefði nú lesið svo neikvæðan dóm um sýninguna. Þetta hafði beinlínis stóralvarleg áhrif. Svo fór að seyntlast inn meira og meira því orðsporid var gott. Hópapantanir jukust og í lokin gekk mjög vel.“ Sigrún Sól Ólafsdóttir: „Fordómafullir gagnrýnendur taki pokann sinn“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 6. janúar 2007, 7. Úr orðum Tinnu og

almennt viðhorf til verka og höfunda og annarra aðstandenda listaverka, til dæmis útgefenda, leikstjóra og leikara. Það yrði þó þrautin þyngri að sanna slíkt fræðilega,²² enda er nú almennt viðurkennt innan fjölmiðlafræðinnar að kannanir þar sem gert er ráð fyrir beinum áhrifum fjölmiðla á viðtakendur hafi þann galla að líta fram hjá því að áhrifin markist fyrst og fremst af túlkun viðtakenda á fjölmiðlaefninu og að sú túlkun velti á fjölmörgum „ytri“ þáttum, til dæmis stétt, menntun og reynsluheimi.²³ Könnun á lestrarvenjum Íslendinga sem gerð var á vegum Hagvangs árið 1979 endurspeglar takmarkanir slíkra kannana. Hún var gerð í því skyni að „afla vitneskju um lestrarvenjur almennings, bókaval og bókmenntasmekk manna, bókaöflun og bókaeign á heimilum þeirra, þar með talin bókaeign barna, lestur bóka á erlendum tungumálum og um notkun bókasafna“. Könnunin fór fram í viðtölum þar sem ítarlegir spurningalistar voru lagðir fyrir 294 þátttakendur. Þar var m.a. reynt að fá svör við því hvernig menn hefðu fengið vitneskju um bækurnar sem þeir hafa lesið. Valkostirmir voru: Í bókaverslun, af umtali vina og kunningja, í bókasafni, vegna fyrri kynna af höfundi eða úr blöðum og útvarpi, en þá voru „auglýsingar, fréttir og umsagnir um bækur taldar í einu lagi, og einnig meðtalin kynning af hálfu bókaklúbbs“. Niðurstöðurnar voru túlkaðar þannig í ritinu *Bækur og lesendur* að „umtal manna á meðal“ væri „sterkasti einstaki áhrifavaldur á bókaval lesenda almennt, en því næst kynni af höfundi“. Furðu veki „hversu fáir þátttakendur telja sig hafa fengið vitneskju um bækurnar úr fjölmiðlum“. Í því samhengi er bent á að „könnunin fór fram að vorlagi þegar fáar eða engar bækur koma út og því engar fréttir af bókum, bækur ekki auglýstar og bókmenntaumræða í blöðum og útvarpi í lágmarki“. ²⁴ Þar að auki má benda á að fjölmiðlar hafa oft áhrif á „umtal manna á meðal“, svo áhrif ritdóma gætu verið óbein að því leyti. Niðurstaðan hlýtur að vera sú að ekkert er hægt að álykta um áhrif bókaáhrifa út frá þessari könnun.

Nýlegra dæmi um að menn telja sig merkja bein áhrif bókaáhrifa í lestur og sölu er að starfsfólk bókaverslana og bókasafna segist verða vart við að bækur sem fjallað er um í sjónvarpsþættinum *Kiljunn* hreyfist mun meira í kjölfarið.²⁵ Hugsanlega væri hægt að styðja

Sigrúnar Sólar má þó lesa að gagnrýni í fjölmiðlum hefur ekki endilega úrslitaáhrif á velgengni sýninga þegar upp er staðið.

²² Til dæmis hefur ekki reynt auðvelt að fá upplýsingar um mælingar á lestri ritdóma í samanburði við aðra þætti *Morgunblaðsins*. Tíð eignarhaldsskipti annarra dagblaða hafa gert slíkar mælingar og upplýsingar um eða aðgengi að þeim nær ómöguleg. Hjá Ríkisútvarpinu fengust þær upplýsingar að til séu nokkuð ítarlegar mælingar um hlustun á einstaka þætti og því má ætla að mögulegt sé að að vinna frekar úr þeim upplýsingum.

²³ Sjá t.d. David Croteau, William Hoynes og Stefania Milan: *Media/Society. Industries, Images, and Audiences*, Los Angeles, London, Nýja Delhí, Singapúr, Washington DC, Sage, 2012, 23 og 255-256.

²⁴ Ólafur Jónsson: *Bækur og lesendur. Um lestrarvenjur*, Studia Islandica 40, Reykjavík, Rannsóknastofnun í bókmenntafræði við Háskóla Íslands og Bókaútgáfa Menningarsjóðs, 1982, 13, 49 og 50.

²⁵ Hér er stuðst við munnlegar heimildir, til dæmis upplýsingar frá Mörtu Hildi Richter, forstöðumanni Bókasafns Mosfellsbæjar.

þær fullyrðingar með tölum yfir útlán og sölu en túlkun slíkra gagna yrði væntanlega ætíð vandkvæðum háð þar sem svo margir ytri þættir hafa áhrif.

Mikið hefur verið deilt um það í gegnum tíðina hvort ritdómar hafi, eða eigi að hafa, áhrif á rithöfunda og þar með bókmenntirnar. Margir ritdómarar beina máli sínu hreinlega til rithöfunda, yfirleitt í formi ýmissa ráðlegginga, og telja það hlutverk sitt að stuðla þannig að betri bókmenntum framtíðarinnar. Og þótt rithöfundar lýsi því gjarnan yfir að alvöru höfundar taki ekkert mark á ritdómurum²⁶ eru margar vísbendingar um að ritdómar hafi haft áhrif á ritstörf eða feril einstaka höfunda.²⁷ Í grein eftir Sigurð Sigurmundsson kemur fram að ástæða þess að Guðmundur Friðjónsson birti skáldsögur sínar undir skáldanafninu Jón Trausti hafi verið sú að ljóðabækur hans höfðu fengið svo slæmar viðtökur að höfundurinn taldi sig ekki eiga sér viðreisnar von undir eigin nafni. Eftirfarandi ummæli eru höfð eftir Guðmundi:

Ráðist var á bókina [*Íslandsvísur*] af slíkum ódrengskap og illgirni, — að lengi á eftir varð ég að fara huldu höfði í blöðum og tímaritum með kvæði mín, því að enginn vildi við þeim líta. — Og þegar ég byrjaði að skrifa sögur, var ekkert viðlit að birta þær undir mínu nafni. Þá fyrst, er sögurnar höfðu unnið sér góðan orðstír undir dulnafninu, var vogandi að segja til höfundarins.²⁸

Stundum verður hlé á ritferli höfundar eða þá að honum lýkur snögglega eftir harða dóma.²⁹ Það er þó sjaldgæft að sjá yfirlýsingar á borð við þá sem finna má í nýlegu viðtali við rithöfundinn Jóhönnu Kristjónsdóttur, en þar upplýsir hún að harður ritdómur Ólafs Jónssonar um bókina *Miðarnir voru þrír* hafi verið orsök fyrir tuttugu ára hléi á ritferli hennar.³⁰

Í þessari ritgerð verður ekki lögð áhersla á að sanna áhrif fjölmiðlagagnrýni heldur athyglinni beint að orðræðu um gagnrýni og orðræðu gagnrýnnar sjálfrar. Slík greining leiðir í ljós að hvað sem öllum sölutölum líður, og hversu beint eða óbeint samband ritdóms og efnahagslegs eða menningarlegs verðmætis bókar virðist vera, þá hverfist umræðan um gagnrýnina um þá hugmynd, sem stundum er sannfæring, að ritdómar hafi mikil áhrif og að

²⁶ Sjá t.d. orð Halldórs Laxness á bls. 294 í þessari ritgerð.

²⁷ Sjá t.d. umfjöllun Þorkels Jóhannessonar um Guðmund Magnússon á bls. 329 í þessari ritgerð.

²⁸ Sigurður Sigurmundsson: „Karlssonur vinnur konungsríki“, *Morgunblaðið*, 12. maí 1983, 7.

²⁹ Hér má t.d. nefna að María Guðmundsdóttir, sem fékk lítt uppþvandi ritdóma um fyrstu skáldsögu sína (sjá bls. 228-230 í þessari ritgerð), gaf ekki út fleiri bækur.

³⁰ „Á ég að segja þér það í alvöru? Það var vegna þess að þegar ég gaf út síðustu skáldsöguna þá birti Ólafur Jónsson, sem var góður kunningi okkar Jökuls og hafði verið með í að gefa út Ást á rauðu ljósi, óskaplega neikvæðan dóm um bókina. Ég tók það alveg ofboðslega nærri mér. Tilfellið var að ég var sjálf ekki fyllilega ánægð með þá bók, en ég vissi ekki að hún væri svona slæm. Og ég vissi vel að Ólafur skrifaði ekki svona dóm vegna þess að hann væri að ofsækja mig, við vorum miklir mátar og hann hafði alltaf stutt mig. Ég hafði bara valdið honum miklum vonbrigðum með þessari skáldsögu og þá hugsaði ég: nú bara hætti ég. Það var hvorki reiði né nein rosaleg beiskja fólgin í því – svona þegar ég var búin að ná áttum – ég bara ákvað að hætta, þetta væri greinilega ekki það sem lægi best fyrir mér. Ég missti kjarkinn, þannig séð. Svo liðu tuttugu ár og þá fór ég að gefa út ferðabækur, síðan komu Perlu og steinar og svo nokkrar bækur í viðbót.“ Friðrika Benónýsdóttir: „Einmanna skautadrottning með rithöfundardraum“, viðtal við Jóhönnu Kristjónsdóttur, *Vísir*, 25. október, 2014, sótt 16. febrúar 2015 af <http://www.visir.is/einmana-skautadrottning-med-rithofundardraum/> article/2014710259989.

gagnrýnendur séu því valdamikill hópur. Út frá þessu ganga höfundar, forlög, lesendur — og gagnrýnendurnir sjálfir. Í kjölfarið kemur krafa um að gagnrýnendur rísi undir þeirri ábyrgð er valdinu fylgi: siðferðislegri og menningarlegri ábyrgð.

Í grein um íslenska poppgagnrýni kemst Gestur Guðmundsson, doktor í félagsfræði menntunar, að þeirri niðurstöðu að poppgagnrýni hafi „átt ríkan þátt í því að dægurtónlist [hafi] öðlast viðurkenningu sem menning“.³¹ Flestir fræðimenn virðast á þeirri skoðun að starf gagnrýnenda hjá fjölmiðlum sé mikilvægt, þótt ástæðurnar séu umdeildar. Keith Miller, myndlistarmaður, kvikmyndagerðarmaður og gagnrýnandi, telur til dæmis að erfitt sé að ofmeta áhrifamátt listgagnrýni í dagblöðum og almennum tímaritum. Viðtakendahópurinn sé til að mynda mun breiðari en í fagritum eða listtímaritum og þar með gefist „sifellt fjarlægari og skeytingarlausari almenningi möguleiki á aðgangi að listheimi sem ýmist fyrirliður þennan almenning eða þráir athygli hans af örvæntingu“.³² Hér má vel merkja að „áhrif“ listgagnrýninnar sem Miller talar um eru langt frá því að vera í formi einfaldrar undirgefni ómenntaðrar alþýðu við menningarlegt yfirvald eða beinnar stýringar markaðsafla á listneyslu almennings. Um mun flóknara samband er að ræða milli allra þeirra sem hlut eiga að máli. Við blasir svæði sem einkennist af togstreitu; svæði þar sem listamaður, almenningur og fræðimenn mætast, aðilar sem stundum er litið á sem ósættanlegar andstæður en eru í raun háðir hver öðrum.

Pierre Bourdieu er meðal þeirra sem hafa bent á sérstaka stöðu þeirra sem starfi á gráu svæði milli fjölmiðlasviðsins og sérsviðs á borð við bókmenntasviðið³³ en árið 1995 setti hann fram það sem hann kallar nokkuð einfaldaða skilgreiningu á hugtakinu *svið* (fr. *champ*):³⁴

[Sviðið] er sambærilegt sviði efnislegra krafta; en það er ekki hægt að smætta það niður í efnislegt svið — það er svæði aðgerða og viðbragða samfélagslegra aðila sem gæddir eru varanlegum tilhneigingum, að hluta til fengnum af reynslunni af þessum félagssviðum. Þessir aðilar bregðast við þessum venslum krafta, við þessum strúktúrum; þeir móta þá, finna fyrir

³¹ Gestur Guðmundsson: „Skiptir dægurtónlist máli? Menningarfræðileg greining á íslenskrum poppgagnrýni 1967-1992“, *Skírnir*, vor, 2014, 201.

³² „[...] these publications offer the possibility of an access point for an ever more detached and indifferent public to an artworld which alternately disdains and desperately desires that public.“ Keith Miller: „Journalistic Criticism: Popular Entertainment or Populist Critique?“, *Art Criticism*, 2, 2000, sótt 4. febrúar 2015 af <http://www.keith-miller.com/writing/journalism.html>.

³³ Pierre Bourdieu: „Áhrifavald fjölmiðla“, þýð. Egill Arnarson, *Almenningsálitid er ekki til*, ritstj. Davíð Kristinsson, Atvik 11, Reykjavík, Omdúrman og ReykjavíkurAkademían, 2007, 91.

³⁴ Skýr fordæmi eru fyrir því í íslenskum fræðaheimi að nota íslenska orðið „svið“ sem þýðingu á þessu hugtaki Bourdieus. Sjá t.d. Pierre Bourdieu: „Áhrifavald fjölmiðla“, þýð. Egill Arnarson, 83; Davíð Kristinsson: „Inngangur“, í: Pierre Bourdieu, *Almenningsálitid er ekki til*, 13; Torfi Tulinius: *Skáldið í skrifinni. Snorri Sturluson og Egils saga*, Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafélag og ReykjavíkurAkademían, 2004, 148. Í félagsvísindum hefur þó einnig verið notað orðið „vettvangur“ til að þýða þetta hugtak. Gestur Guðmundsson: *Félagsfræði menntunar. Kenningar, hugtök, rannsóknir og sögulegt samhengi*, Reykjavík, Skrudda, 2008, 71-76.

þeim, mynda sér hugmynd um þá, lýsa þeim fyrir sjálfum sér, o.s.frv. En þótt þeir séu þannig bundnir af kröftunum sem greyptir eru í þessi svið og skilgreinist af þessum kröftum hvað varðar varanlegar tilhneigingar sínar, geta þeir athafnað sig innan þessa sviða, að hluta til á fyrirfram skorðaðan hátt en með örliðu frjálsum svigrúmi.³⁵

Bourdieu lítur á orðið „svið“ sem opið hugtak sem nota má til að skilgreina sambandið milli samfélagslegra og menningarlegra formgerða og aðgerða³⁶ og notar það þegar hann greinir þá valdatogstreitu og hagsmunabaráttu sem hann telur helsta hreyfiafl félagsheimsins. Lefevère notar orðið „kerfi“ (e. *system*) á svipaðan máta; hann skilgreinir t.d. hugtakið á mjög opinn hátt³⁷ og leggur áherslu á að það vísi ekki til raunverulegs fyrirbæris í verufræðilegum skilningi:

Í mesta lagi er það hugtak í huga nemenda í bókmenntum, eða félagsleg smíði sem hópur nemenda í bókmenntum hefur ákveðið að nýta sér. Orðið kerfi er einfaldlega notað til að tákna líkan sem gefur fyrirheit um að hægt sé að öðlast skilning á afar flóknu fyrirbæri; skrifum, lestri og endurskrifum bókmennta.³⁸

Lefevère segir bókmenntir eitt af kerfunum sem mynda (yfir)kerfið sem við köllum samfélag,³⁹ en Bourdieu skiptir félagssviðinu í undirsvið á borð við menningar- og listasvið, og fjallar um togstreitu þessara sviða og stöðu einstaklinga og stofnana innan sviðanna. „Stofnun“ getur þýtt allt frá formlegri skipulagseiningu til óformlegra reglna og ferla sem móta atferli. Í þessari ritgerð verður orðið notað í fyrri og þrengri merkingunni og einnig stuðst við skilgreiningu Peters Hall sem segir að stofnun sé „formlegar reglur, tilhliðrunarstarfshættir og staðlaðir verkferlar sem móta sambönd milli einstaklinga í ýmsum einingum stjórnskipulagsins og efnahagslífsins“.⁴⁰ Hugtakið stofnun felur þannig í sér formlega eiginleika en einnig *samvinnu* og *samspil* hagsmunaaðila, og lýsir vel ákveðinni

³⁵ „[The field] is comparable to a field of physical forces; but it is not reducible to a physical field — it is the site of actions and reactions performed by social agents endowed with permanent dispositions, partly acquired in their experience of these social fields. The agents react to these relations of forces, to these structures; they construct them, perceive them, form an idea of them, represent them to themselves, and so on. And, while being, therefore, constrained by the forces inscribed in these fields and being determined by these forces as regards their permanent dispositions, they are able to act upon these fields, in ways that are partially pre-constrained, but with a margin of freedom.“ Pierre Bourdieu: „The Political Field, the Social Science Field, and the Journalistic Field“, þýð. Richard Nice, *Bourdieu and the Journalistic Field*, ritstj. Rodney Benson og Erik Neveu, Cambridge og Malden, Polity Press, 2005, 30.

³⁶ David Swartz: *Culture and Power. The Sociology of Pierre Bourdieu*, Chicago, The University of Chicago Press, 1997, 118-119.

³⁷ Samkvæmt Lefevère er kerfi: „[...] a set of interrelated elements which happen to share certain characteristics which set them apart from other elements perceived as not belonging to the system“. Lefevère: „Why Waste our Time on Rewrites?“, 223-224.

³⁸ „At most it is a concept in the mind of a student of literature, or the collective construct a group of students of literature has chosen to make use of. The word system is merely used to designate a model that promises to help make sense of a very complex phenomenon, that of the writing, reading and rewriting of literature.“ Sama, 225.

³⁹ Sama, 226.

⁴⁰ „[...] the formal rules, compliance procedures, and standard operating practices that structure the relationship between individuals in various units of the polity and economy.“ Peter Hall: *Governing the Economy*, Oxford University Press, New York og Oxford, 1986, 19.

virgni innan lista- og menningarsviðsins sem margir telja að hafi orðið útundan í kenningum Bourdieus þar sem megináhersla er lögð á togstreitu og átök.⁴¹ Þegar fjallað er um „stofnanavæðingu menningarsviðsins“ á Íslandi í upphafi 20. aldar (sjá bls. 243) er því átt við myndun formlegra skipulagseininga innan sviðsins þar sem fram fer samvinna og samspil hagsmunaaðila, en slíkar stofnanir leika sitt hlutverk í að koma á og viðhalda menningarlegu forræði innan sviðsins.

Bourdieu og Lefevre eru sammála um að svið/kerfi séu „opin“ í þeim skilningi að þau hafi áhrif hvert á annað⁴² en Bourdieu bendir á að á menningarsviðum eins og bókmenntasviðinu geti við ákveðnar sögulegar aðstæður skapast nokkuð sjálfstæð viðmið og gildi, sem jafnvel eru í andstöðu við gildi félagssviðsins í heild sinni:

Í mjög þróuðum, mjög sjálfstæðum bókmennta- eða listasviðum, verða tilraunir til að tengja beint milli þess sem gerist á sviðinu og ytri atburða, til dæmis stríðs, farsóttar eða efnahagskreppu, augljóslega árangurslitlar.⁴³

Á þessu sviði, sem öðrum, vegi virðing jafningja, gildi og innanhússreglur sviðsins, á móti viðurkenningu meirihlutans, sem metur velgengni m.a. út frá sölu og hagnaði:

[...] sérstök rökvísi sem er alfarið menningarlegs eðlis [...] leggst á [...] með skorðum og gagnkvæmu eftirliti. Það er virðing við þessar skorður og þetta eftirlit (sem stundum nefnist siðferðilegar skyldur) sem skapa mannorð fagmanns.⁴⁴

Samkvæmt Bourdieu ríkir á bókmenntasviðinu sérstök tegund stigveldis þar sem ráðandi hugmyndum um velgengni er snúið á haus og efnislegur gróði, völd sem fylgja verðlaunum og stundarfregð eða jafnvel stofnanabundið menningarlegt yfirvald eins og það sem fylgir akademískri þjálfun skiptir minna máli en ákveðin bókmenntaleg upphefð meðal þeirra sem

⁴¹ David Swartz segir til dæmis: „The emphasis Bourdieu places on the dynamics of struggles within fields tends to overshadow other important processes that can occur. For example, in their examination of organizational fields, DiMaggio and Powell (1991, 67) find processes of imitation and professionalization as well as coercion and competition. Bourdieu, however, speaks virtually always of competitive struggle. Yet, isomorphism can emerge through other institutional processes as well as competition.“ Og síðar: „A fuller understanding of reciprocal relationships between groups must be sought in factors such as status group co-membership, network ties and common world views. What is needed in addition is a politics of collective mobilization.“ Swartz: *Culture and Power*, 132 og 136.

⁴² „The literary system and the system of society are open to each other, they influence each other“, segir Lefevre í „Why Waste our Time on Rewrites?“, 226.

⁴³ „In very advanced, very autonomous literary or artistic fields, the attempt to make a direct connection between what happens in the field and external events, such as a war, an epidemic or an economic crisis, is clearly ineffectual.“ Bourdieu: „The Political Field, the Social Science Field, and the Journalistic Field“, 35.

⁴⁴ Bourdieu: „Áhrifavald fjölmiðla“, 86.

„viðurkenna engar aðrar forsendur en viðurkenningu þeirra sem þeir viðurkenna“.⁴⁵ Áhrifa frá öðrum sviðum gæti þó alltaf á óbeinan hátt⁴⁶ og Bourdieu telur að þeir sem starfa á gráu svæði milli fjölmiðlasviðsins og sérsviðs á borð við svið bókmennta eða heimspeki hafi tvöfaldan áhrifamátt. „Menntamenn í fjölmiðlum“ flytji kunnáttu frá einu sviði til annars og vænti þess að starfið veiti þeim völd til að stýra og veita viðurkenningu báðum megin borðsins. Þeir geti nýtt sér „þá aðstöðu að tilheyra báðum heimum“ en jafnframt sneitt „hjá þeim sérkröfum sem ríki innan hvors þeirra um sig“. Það þýðir t.d. að sýnileiki ritdómara í fjölmiðlum getur léð þeim „lýðræðislegt ígildi þeirrar viðurkenningar sem var áður ókleift að öðlast utan [bókmenntasviðsins]“.⁴⁷

Bourdieu telur að fjölmiðlar séu ofurseldir markaðsöflunum og hefur áhyggjur af því að ósjálfstæði fjölmiðlasviðsins gagnvart markaðsöflunum smiti út frá sér, m.a. til menningarsviðanna,⁴⁸ ekki síst fyrir tilstilli menntamanna í fjölmiðlum:

Annars vegar geta þeir innleitt nýja framleiðsluhætti á menningu vegna þess að þeir eru staddir á gráu svæði milli akademískrar sérfræðipækkingar og almenningsfræðslu blaðamennskunnar. Hins vegar innleiða þeir með gagnrýnum dómum sínum vissar matsreglur á menningarframleiðslu sem ljá úrskurðum markaðarins ásýnd fræðilegs kennivalds svo og óyfirveguðu misgripi (*alldoxia*) ákveðinna neytendahópa. Menntamenn í fjölmiðlum stuðla þannig að því að menningarafurðir séu í auknum mæli metnar eftir áhorfstölum og metsölulistum. Auk þess stýra þeir óbeint og til lengri tíma lituð framleiðsluvali (t.d. ritstjóra) í átt að auðseljanlegri og síður metnaðarfullum afurðum.⁴⁹

Kenningar Bourdieus varpa því fremur neikvæðu ljósi á hlutverk ritdómara en þessi ummæli hans endurspeglar algengt viðhorf og kenningar hans varpa nokkru ljósi á hina sérstæðu virkni ritdóma. Í umfjöllun minni mun ég nota hugtakið „svið“ á sama hátt og Bourdieu, en þrátt fyrir að hann hafi verið gagnrýndur fyrir að nota hugtakið á fremur óljósan hátt (t.d. virðist sem „verðbólga“ geti hlaupið í hugtakið og sviðunum fjölgað út í hið óendanlega) hampa menningarfræðingurinn Rodney Benson og félagsfræðingurinn Erik Neveu því sem kallað er „field theory“ og segja helstu kosti hennar við rannsóknir á fjölmiðlum m. a. þá að svið sé ekki hægt að skilja nema í sögulegu samhengi og að gert sé ráð fyrir að gjörðir einstakra aðila mótist ekki einfaldlega af samfélagslegri stöðu, heldur séu niðurstaða flókins og breytilegs „samspils félagslegrar og menntunarlegrar stefnu og stöðu innan tiltekins sviðs á tilteknum

⁴⁵ „The *autonomous* principle of hierarchization [...] is *degree of specific consecration* (literary or artistic prestige), i.e. the degree of recognition accorded by those who recognize no other criterion of legitimacy than recognition by those whom they recognize.“ Pierre Bourdieu: „The Field of Cultural Production, or: The economic world reversed“, þýð. Richard Nice, *Poetics*, 12, 1983, 320.

⁴⁶ Sjá t.d. Swartz: *Culture and Power*, 131.

⁴⁷ Bourdieu: „Áhrifavald fjölmiðla“, 91 og 90.

⁴⁸ Sama, 83.

⁴⁹ Sama, 91-92.

tíma“. Þessi nálgun geri „afstæða og rýmistengda“ samfélagsgreiningu mögulega; geri til dæmis kleift að finna, staðsetja og útskýra mismunandi gerðir auðmagns hjá fjölmiðlum, rannsaka blaðamennsku út frá sínu stærra, kerfisbundna samhengi og beina athyglinni að stöðu fjölmiðlasviðsins í tengslum við önnur samfélagsleg svið sem keppast við að móta sýn okkar á samfélagið.⁵⁰

Helsti kosturinn við notkun Bourdieus á orðinu „svið“ er því sá að hann lítur ekki á þau sem lokuð og endanleg, heldur hreyfanleg, breytileg og afstæð. Í þessari ritgerð verður talað um íslenska bókmenntasviðið sem eitt af mörgum undirsviðum þess sem kalla má listasviðið, sem aftur er hluti af menningarsviðinu, en gert ráð fyrir því að afmarkanir slíkra sviða séu breytilegar og flæðandi. Grunnur bókmenntasviðsins er sá sami og í öllum félagslegum samskiptum, eins konar óórðað, almennt samþykki um leikreglurnar og þau verðmæti sem eru í húfi.

Hér er brýnt að hafa í huga að Bourdieu leggur áherslu á að hreyfiöfl samfélagsins sé ekki hægt að skýra á einfaldan hátt með „líkönum“ á borð við stéttahugmyndir marxismans. Hann setur fram hugtakið *habitus* til að undirstrika það; hugtak sem lýsir veruhættinum og „farangrinum“ sem hver einstaklingur safnar að sér á lífsleiðinni í formi uppeldis, uppruna, menntunar o.s.frv.⁵¹ Þá er mikilvægt að hafa í huga að togstreita er í sjálfu sér ekki neikvætt afl í kenningum Bourdieus. Hún er hreyfiafl og forsenda þróunar⁵² og snýst ekki síður um félagslegan, táknrænan og menningarlegan auð en efnahagslegan.⁵³

En til þess að einhver hreyfing geti orðið þurfa ekki einungis átök að eiga sér stað heldur þurfa hin ýmsu svið að skarast, til dæmis listasviðið og fræðasviðið. Hin ýmsu og ólíku

⁵⁰ „Fields cannot be understood apart from their historical genesis and trajectory; likewise, individual agents' actions are not simply determined by social position, but are the result of a complex, always partially contingent interplay between one's social and educational trajectory and the position within a field where one finds oneself at any given moment. [...] Second, we gain a tool for relational and spatial social analysis. This relational approach helps us locate, situate, and explain the very real differences among media outlets according to their possession of different types and quantities of capital. Finally, field theory provides perhaps the best defense against Schlesinger's warning of “media-centrism,” helping us situate journalism in its larger systemic environment. Against the fruitless question of asking whether the press is or is not “independent,” research could help pinpoint the journalistic field's position vis-a-vis the range of other societal fields that compete to shape our vision of the social world.“ Rodney Benson og Erik Neveu: „Introduction. Field Theory as a Work in Progress“, *Bourdieu and the Journalistic Field*, Cambridge, Polity Press, 2005, 18-19.

⁵¹ Davíð Kristinsson segir að *habitus* vísi til „reglubundinnar, ómeðvitaðrar formgerðar sem einkennir hugsun, skynjun, hegðun og mat viðkomandi einstaklings“. Davíð Kristinsson: „Inngangur“, 8.

⁵² Swartz: *Culture and Power*, 136.

⁵³ Bourdieu hefur fjallað mikið um ýmsar tegundir auðs, en í greininni „The forms of capital“ fjallar hann um þrjár grundvallarmyndir auðs: Efnahagslegan auð, sem má breyta í fjármuni; menningarauð, sem hefur yfirleitt virkni táknræns auðs en getur stundum breyst í efnahagslegan auð; og félagslegan auð, sem felst í félagslegum skyldum („tengslum“) og getur stundum breyst í efnahagslegan auð. Pierre Bourdieu: „The forms of capital“, þýð. Richard Nice, *Handbook of Theory and Research for the Sociology of Education*, ritstj. J. Richardson, New York, Greenwood, 1986, sótt 21. september 2013 af <http://www.marxists.org/reference/subject/philosophy/works/fr/bourdieu-forms-capital.htm>.

svið hafa áhrif hvert á annað, óbein áhrif en merkjanleg, og þannig getur til dæmis breyting á pólitíska sviðinu orðið hvati mikilla breytinga á menningarsviðinu. Svið geta því aldrei verið algjörlega sjálfstæð og ekki er æskilegt að þau séu það.

Ritdómar í fjölmiðlum tengja ýmis svið sem annars er hefð fyrir að líta á sem aðskilin og fjarlæg hvert öðru; jafnvel þau sem gjarnan er litið á sem andstæða póla eins og svið sérfræðingsins og áhugamannsins eða svið fræðimannsins og skemmtikraftsins. Því er í ljósi kenninga Bourdieus hægt að líta á ritdóma sem hreyfiafl og miðlun milli ólíkra sviða. Miller vísar einmitt til einnar af þrautseigustu hugmyndunum um gagnrýnendur í gegnum tíðina: að hlutverk þeirra sé að miðla milli almennings og listarinnar, eða listheimsins.⁵⁴ Þessi hugmynd staðsetur listgagnrýnendur á mörkum hinna ýmsu sviða en skapar þeim jafnframt sérstöðu innan þessara sviða og skýrir áhrif þeirra út fyrir hefðbundin landamæri, t.d. utan hins hefðbundna akademíska fræðasamfélags. Um leið rúmar hún ólíkar ímyndir gagnrýnenda sem annars gætu virst mótsagnakenndar; hvernig þeim er jöfnum höndum lýst sem þjónum og stjórnendum almennings, sem verkfærum og mótendum ríkjandi hugmyndafræði.

Michael Brenson telur einmitt að ein ástæðan fyrir áhrifavaldi gagnrýni í fjölmiðlum sé sú að gagnrýnendurnir hafi tækifæri til að byggja brýr milli hinna ýmsu sviða listaheimsins en einnig milli listaheimsins og heimanna utan hans. Gagnrýnendur stærstu og áhrifamestu fjölmiðlanna geti haft áhrif á viðhorf almennings til listar og jafnvel mótað listreynslu fólks; þeir hafi tækifæri til að hreyfa við listasviðinu og dómar þeirra séu jafnvel eini vettvangurinn þar sem fólk utan listaheimsins fær innsýn í hann. Afstaða gagnrýnenda í þessum miðlum sé oft tekin sem teikn um það hvernig viðtökur listamenn eða listastefnur muni eða eigi að fá almennt í samfélaginu.⁵⁵

Ritdómarar þurfa hins vegar að fylgja ákveðnum leikreglum til að komast í þá stöðu að geta haft áhrif á bókmenntasviðið. Persónulegar móðganir þykja til dæmis óviðeigandi en leyfilegt er að saka fólk um ófagleg vinnubrögð. Hvað flokkast undir dónaskap og hvað telst fagleg gagnrýni liggur þó ekki alltaf í augum uppi, og það er eitt af því sem tekist er á um, en Bourdieu heldur því fram að þeir sem ekki hafa komist í ráðandi stöðu innan sviðs hafi ekki náð fullu valdi á því að leika samkvæmt reglum sviðsins.⁵⁶ Van Rees tekur undir þetta og bendir á að viðurkenning samfélagsins á orðræðu gagnrýnandans sem trúverðugri greinargerð um eðli og gæði bókmenntatexta velti m.a. á færni hans í að fella orðræðu sína að stöðlum

⁵⁴ Miller: „Journalistic Criticism“.

⁵⁵ Brenson: „Resisting the Dangerous Journey“, 112-113 og 105.

⁵⁶ Swartz: *Culture and Power*, 125-126.

starfssviðsins og skilgreiningum sem eiga rætur sínar í ríkjandi hugmyndum um bókmenntir.⁵⁷ Lefevere lýsir því þannig að átökin um að hafa áhrif á það hvaða verk náí fótfestu í bókmenntakerfi fari fram með *endurritunum* af öllu tagi, til dæmis ritdómum. Þessum endurritunum sé beint hverri gegn annarri þar til samkomulag hefur náðst innan kerfisins.⁵⁸ Bókmenntakerfi, eins og öll önnur kerfi, leiti eftir „stöðugleika“. Hins vegar vinni tveir þættir gegn slíkri þróun: annars vegar „lögmál andstæðnanna“, sem gerir það að verkum að öll kerfi þrói sitt eigið „andkerfi“, og hins vegar „lögmál reglubundinnar tímamörkunar“ (e. *periodicity*), sem gerir það að verkum að öll kerfi ganga reglulega í gegnum breytingar. Þróun bókmenntakerfa er að mati Lefeveres flókið samspil þessara tilhneiginga þar sem endurritanir á borð við ritdóma gegna mikilvægu hlutverki,⁵⁹ og hér í þessari ritgerð verður athyglinni m.a. beint að togstreitunni milli viðleitni bókmenntagagnrýnninnar til að tryggja stöðugleika og tilhneingingu hennar til að ögra sífellt þessum stöðugleika.

Hreinsunarathafnir, mengun og úrkast

Kenningar Bourdieus draga upp huglæga mynd af þeim öflum sem eru að verki í félagsheiminum og mynda þannig nokkurs konar grind sem gerir það auðveldara að átta sig á hlutverki gagnrýnandans. Ritdómar byggja á mörkum hinna ýmsu samfélagssviða, beina athyglinni að þessum mörkum og gera bæði í senn að styrkja þau og grafa undan þeim. Gagnrýni er nefnilega viðbragð sem grefur ekki aðeins sífellt undan viðfangi sínu heldur einnig eigin forsendum. Því er grunnur hennar aldrei stöðugur. Það má sjá á því sem víða kemur fram í þessari ritgerð; að þótt grundvöllur ritdóma, sem er fyrst og fremst hugmynd um ákveðna náttúrulega hárarkíu eða stigveldi og birtist einna helst í kanón eða hefðarveldi bókmennta og höfunda, hafi haldist í grundvallaratriðum sá sami um aldaradur er sá grundvöllur jafnframt viðfang sífellds niðurrifs og endurmótunar. Stigveldi er ekki síst viðhaldið með skýrt aðgreindum andstæðupörum þar sem annar hluti parsins er æðri en hinn, en í ritdómum er slíkum „andstæðum“ þáttum, til dæmis tilfinningum og rökhugsun, markaði og list eða hinu persónulega og almannavettvangi, sífellt teflt saman. Það beinir athygli að óskýrum mörkum þessara andstæðna, sem aftur kallar á styrkingu eða endurskilgreiningu þessara marka.

⁵⁷ Van Rees: „How a Literary Work Becomes a Masterpiece“, 397.

⁵⁸ Lefevere: „Why Waste our Time on Rewrites?“, 236. Lefevere greinir á milli þess sem hann kallar sundurgreind (e. *differentiated*) og ósundurgreind (e. *undifferentiated*) bókmenntakerfi; á milli kerfa þar sem tekist er á um valdið og kerfa sem lúta óumdeildu yfirvaldi. Þar sem gert er ráð fyrir því í þessari ritgerð að menningarlegt vald sé aldrei óskorað og tryggt, er aðeins fjallað um kenningar hans sem lúta að því fyrrnefnda.

⁵⁹ Sama, 232.

Sérstök staða ritdómarans á mörkum hinna ýmsu sviða gerir hann ógnandi; fyrirlitlegan og upphafinn í senn, og verður til þess að virkni hans minnir einnig á kenningar sálgreinandans og bókmenntafræðingsins Juliu Kristevu um úrkast (e. *abject*), eða „það sem truflar sjálfsemd, kerfi og skipulag. Það sem virðir ekki landamæri, stöður og reglur. Það sem er mitt á milli, órátt og samsett“.⁶⁰

Í upphafi 21. aldar lýsir rithöfundurinn og gagnrýnandinn Hermann Stefánsson ritdómarasætinu sem hættulegu og óþægilegu og segir að það sé „einsog ævinlega hafi „steðjað vandi“ að bókmenntagagnrýni“:

[...] stöðugt er velt upp tilgangi hennar, hverjum hún sé ætluð, hvernig hún skuli unnin, í þágu hverra, hvenær ritdómarinn trani sér fram á kostnað verksins o.s.frv. Stundum er vandræðagangur á umræðunni um vanda gagnrýnnar. Hún er feimnismál og viðkvæmt umræðuefni; það þykir mesta ósvinna að svara gagnrýni eða tjá sig um hana upphátt yfirleitt, rétt einsog virðing fyrir rituðu máli sé meiri gagnvart ritdómum en öðrum textum, einsog ritdómar séu ekki vafanum undirorpnir einsog annað.⁶¹

Rannsókn mín hefur ekki síst beinst að þeim hliðum bókmenntagagnrýnnar sem þykja vandræðalegar. Slíkur vandræðagangur er einn fylgifiskur „hreinsunarathafna“ sem Kristeva telur að birti viðleitni lögmálsins til að halda reglu á meðlimum samfélagsins, en Sara Beardsworth hefur bent á að sú staðreynd að við þörfnumst þessara endurteknu athafna afhjúpi hversu ótraustum fótum lögmálið stendur.⁶²

Kristeva byggir á kenningum mannfræðingsins Mary Douglas sem segir að í helgiathöfnum eða ritúölum sem snúist um hreinleika og óhreinindi sé farið í gegnum táknað mynstur sem gefi sundurleitri skynjun okkar og reynslu heildarmynd og merkingu, og þau gerð sýnileg. Einungis með því að ýkja muninn á því sem er inni og því sem er fyrir utan, á því sem er yfir og undir, karllegu og kvenlegu, með og á móti, sé hægt að koma á einhverju sem líkist reglu.⁶³ Það að koma á reglu felur því einnig í sér að hafna óviðeigandi þáttum og að fordæma „hvern þann hlut eða hugmynd sem virðist geta ruglað eða verið í mótsögn við dýrmæt flokkunarkerfi“.⁶⁴ Óhreinindi, eða það sem Kristeva kallar úrkast, er því

⁶⁰ „[...] what disturbs identity, system, order. What does not respect borders, positions, rules. The in-between, the ambiguous, the composite.“ Julia Kristeva: *The Powers of Horror. An Essay on Abjection*, þýð. Leon S. Roudiez, New York, Columbia University Press, 1982, 4.

⁶¹ Hermann Stefánsson: „Úr orðabók ríkjandi viðhorfa. Sjö hugtök bókmenntagagnrýni og -umræðu skýrð og skilgreind. Fyrri hluti“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 17. nóvember 2001, 4.

⁶² Sara Beardsworth: *Julia Kristeva: Psychoanalysis and Modernity*, Albany, State University of New York Press, 2004, 128.

⁶³ Mary Douglas: *Purity and Danger. An Analysis of Concepts of Pollutions and Taboo*, New York og Washington, Frederick A. Praeger, 1966, 2-4.

⁶⁴ „[...] our pollution behaviour is the reaction which condemns any object or idea likely to confuse or contradict cherished classifications.“ Sama, 36.

„aukaframleiðsla“, það sem fellur af við „kerfisbundna skipulagningu og flokkun efnis“⁶⁵ í endalausum tilraunum okkar „til að búa til mynstur, stundum kallað *skema*“.⁶⁶ Og sé því haldið skýrt aðgreindu frá því sem fellur undir flokkunarkerfið, stafar engri ógn frá því. Hið óhreina, úrkastið, verður aðeins ógn við samfélagskerfið ef það verður einhver ruglingur, eitthvert smit þarna á milli.⁶⁷ Öll landamæri í flokkunarkerfi okkar eru því talin hættuleg því þar getur slík möguleg mengun (e. *defilement*) átt sér stað.⁶⁸ Hugmyndir um mengun og nauðsyn þess að vinna gegn henni með refsingum og hreinsunarathöfnum styrkja þannig flokkunarkerfið og landamærin sem það skapar. Sá sem fer yfir mörkin er talinn geta mengað og þannig skapað hættu fyrir sig og/eða aðra. Manneskjur í jaðarstöðu (e. *marginal state*) eru því ógnvænlegar í sjálfu sér.⁶⁹

Í bókinni *Purity and Danger* styður Mary Douglas kenningar sínar með missannfærandi dæmum af helgiathöfnum og samfélagskerfum ættbálka sem hún kallar frumstæða, auk þess sem hún dregur ýmsar hæpnar ályktanir út frá þeim um rétta túlkun vissra texta úr Gamla testamentinu.⁷⁰ Lýsingar hennar á því hvaða hlutverki hugmyndir um óhreinindi, hreinleika og mengun gegna í flokkunarkerfum manna hafa þó reynst nytsamlegar sem grundvöllur menningarfræðilegrar greiningar. Þær geta til dæmis gagnast við að greina hlutverk og virkni ritdóma, en samkvæmt þeim mætti skilgreina ritdóma sem hreinsunarathafnir bókmenntaheimsins.

Kenning mín er einmitt sú að ritdómar virki sem ritúalísk *hreinsun* bókmenntaheimsins; að mörgu leyti sársaukafullt og hættulegt ferli sem á sér stað á mörkum sviða sem yfirleitt eru vandlega aðskilin í hugum manna, til dæmis hins persónulega og hins opinbera, og endurskilgreinir um leið og viðheldur aðgreiningu þessara sömu sviða, svo mótsagnakennt sem það kann að hljóma. Og ritdómararnir, þeir sem framkvæma þessar athafnir, þykja alltaf mögulega hættulegir samfélaginu.

Ritdómarar eru í þeirri sérstöku stöðu að vera í senn áhrifamiklir og fyrirlitnir, en Mary Douglas hefur sett fram kenningar um hið sérstaka vald sem fylgir því að starfa á

⁶⁵ „Dirt is the by-product of a systematic ordering and classification of matter [...]“. Sama, 35.

⁶⁶ „[...] we select from all the stimuli falling on our senses only those which interest us, and our interests are governed by a pattern-making tendency, sometimes called *schema* [...]“. Sama, 36.

⁶⁷ Sama, 40 og 160.

⁶⁸ Douglas nefnir fjórar tegundir slíkrar mögulegrar samfélagslegrar mengunar; ógn sem þrýstir á ytri landamæri menningar, ógn frá innri þverstæðum sem verða til þess að kerfið virðist að einhverju leyti vera í stríði gegn sjálfu sér, ógn sem stafar af því að innri mörk kerfisins séu ekki virt og ógn sem býr við jaðar þessara innri marka. Sama, 122.

⁶⁹ Sama, 95, 133 og 139.

⁷⁰ Í inngangi að nýlegri útgáfu bókarinnar endurskoðaði Douglas sjálf fyrri túlkun sína á textum úr Gamla-Testamentinu. Sjá Mary Douglas: „Preface to the Routledge Classics Edition“, *Purity and Danger*, London og New York, Routledge, 2002, xv-xvi.

landamærum samfélagskerfisins. Hún notar enska orðið „power“ í þessu samhengi, en það má einnig þýða sem „afl“ eða „kraftur“, og bendir á að hugmyndir okkar um vald byggja á hugmynd um samfélag sem samsafn forma og um að fyrir utan samfélagið ríki „formleysa“. Það búi ákveðið afl eða vald í formum samfélagskerfisins og annars konar vald í mærum þess, á jaðrinum og í formleysunni handan ytri landamæra.⁷¹

Hugmyndin um samfélag er aflmikil ímynd. Hún hefur mátt til að stjórna eða vekja menn til athafna. Þessi ímynd hefur form; ytri mörk, jaðra, innri formgerð. Útlínur hennar búa yfir valdi til að launa fylgispekt og hrinda árásum. Það er afl í jaðrinum og svæðum sem ekki eru fastmótuð.⁷²

Þeir sem gegni embætti í hinum skýrt skilgreinda hluta kerfisins séu yfirleitt taldir hafa meðvitaða stjórn á valdi sínu á meðan þeir sem gegna óskýrari hlutverkum séu taldir búa yfir ómeðvituðu, stjórnlausu valdi sem ógnar þeim sem eru í betur skilgreindri stöðu.⁷³

Sumum öflum er beitt í þágu samfélagskerfisins; þau vernda samfélagið gegn illviljuðum og beina hættulegum eiginleikum sínum að þeim. Slík valdbeiting verður að njóta samþykkis allra góðra manna. Önnur öfl eru talin vera ógn við samfélagið og beiting slíks afls mætir fordæmingu. Þeir sem beita því eru illvirkjar, fórnarlömb þeirra eru saklaus og allir góðir menn eiga að reyna að elta þá uppi [...].⁷⁴

Ef stuðst er við þessar kenningar Douglas má líta á ritdómara sem dæmi um persónur sem hafa óljósa stöðu í ýmsum undirkerfum samfélagsins, þ.e. fjölmiðlakerfinu, bókmenntakerfinu og markaðskerfinu, en „hafa þó skyldum að gegna þar“; eru nokkurs konar „lögmætar boðflennur“.⁷⁵ Sem slíkar geta þær átt sér ákveðinn sess innan heildarsamfélagsins og geta beitt meðvituðu valdi í þess þágu:

Það er mögulegt að ósjálfrátt vald þeirra til að skaða virkist aldrei. Það getur legið í dvala á meðan þeir lifa friðsamlega í því skoti undirkerfisins sem er þeirra rétti staður, og þar sem þeir eru þó boðflennur. En þetta hlutverk er í reynd erfitt að leika yfirvegað. Ef eitthvað fer úrskaiðis, ef þeir finna fyrir andúð eða sorg, þá verður hið tvöfalda starfssvið þeirra og óræð staða þeirra í kerfinu til þess að þeir líta út fyrir að vera hættulegir þeim sem tilheyra kerfinu

⁷¹ „So many ideas about power are based on an idea of society as a series of forms contrasted with surrounding non-form. There is power in the forms and other power in the inarticulate are, margins, confused lines, and beyond the external boundaries.“ Douglas: *Purity and Danger*, 98.

⁷² „The idea of society is a powerful image. It is potent in its own right to control or to stir men to action. This image has form; it has external boundaries, margins, internal structure. Its outlines contain power to reward conformity and repulse attack. There is energy in its margins and unstructured areas.“ Sama, 114.

⁷³ Sama, 101.

⁷⁴ „Some powers are exerted on behalf of the social structure; they protect society from malefactors against whom their danger is directed. Their use must be approved by all good men. Other powers are supposed to be a danger to society and their use is disapproved; those who use them are malefactors, their victims are innocent and all good men would try to hound them down [...].“ Sama, 99.

⁷⁵ Sama, 103.

fullkomlega. Það er tilvera reiðrar persónu í millibilsástandi sem er hættuleg, óháð fyrirætluðum þeirrar persónu.⁷⁶

Eðli valdsins sem fylgir stöðu ritdómara er samkvæmt þessu alltaf mögulega hættulegt því það sprettur, að minnsta kosti að hluta, af því hugsanlega stjórnlausu afli (e. *uncontrollable powers*) sem býr í landamærum kerfisins. Alltaf er sú hættu talin fyrir hendi að ritdómarar misnoti vald sitt, komist þeir í uppnám og missi stjórn á sér. Douglas segir að ásakanir um misnotkun valds og tilfinningalegt uppnám hjá persónum í millibilsástandi virki „eins og viðvörðun sem á að færa uppreisnargjarnar tilfinningar þeirra á réttar brautir“, sem „tæki til að koma á stjórn þar sem erfitt er að beita praktískum stjórnartækjum“.⁷⁷ Slíkar ásakanir eru einmitt eitt helsta einkennið á allri umræðu um ritdóma.

Ritdómarar eru m.a. taldir misnota vald sitt til að ná sér niður á höfundum sem þeim er persónulega illa við, til að hampa verkum sem falla að pólitík sem þeir aðhyllast eða til að tryggja sjálfum sér frægð og frama. Til að átta okkur á því sem kann að búa að baki slíkum ásökunum er gagnlegt að líta nánar á það hvernig hreinsunarathafnir virka samkvæmt Mary Douglas:

[...] helgiathöfn skapar ramma. Afmarkaður tími og staður vekur ákveðnar væntingar, rétt eins og hið margendurtekna „Einu sinni var ...“ skapar stemningu fyrir fantasískum sögum. [...] Slik innrömmun kemur böndum á reynsluna, lokar inni velkomin þemu og útilokar óvelkomin.⁷⁸

Til að takast á við hið ómögulega, afbrigðilega, blandaða og viðurstyggelega setjum við það í „sérstakan ramma helgisiða sem skilur það frá annarri reynslu“,⁷⁹ segir Douglas. Ramminn tryggir að flokkunarkerfinu er ekki ógnað þótt farið sé yfir hefðbundin landamæri og innan helgisiðarammans er jafnvel hægt að höndla óhugnaðinn sem uppsprettu afls. Suma hluti getum við ekki tjáð án helgiathafna. Þær gera okkur kleift að öðlast þekkingu á því sem við annars myndum ekki kynnast. En þær móta jafnframt þessa reynslu okkar með því að tjá hana

⁷⁶ „But from the perspective of one internal sub-system to which they do not belong, but in which they must operate, they are intruders. They are not suspect in their own system and may be wielding the intentional kind of powers on its behalf. It is possible that their involuntary power to do harm may never be activated. It may lie dormant as they live their life peacefully in the corner of the sub-system which is their proper place, and yet in which they are intruders. But this role is in practice difficult to play coolly. If anything goes wrong, if they feel resentment or grief, then their double royalties and their ambiguous status in the structure where they are concerned makes them appear as a danger to those belonging fully in it. It is the existence of an angry person in an interstitial position which is dangerous, and this has nothing to do with the particular intentions of the person.“ Sama, 102.

⁷⁷ „When such unhappy or angry interstitial persons are accused of witchcraft it is like a warning to bring their rebellious feelings into line with their correct situation. [...] the anti-social psychic power with which persons in relatively unstructured areas of society are credited, the accusation being a means of exerting control where practical forms of control are difficult.“ Sama, 102.

⁷⁸ „[...] a ritual provides a frame. The marked off time or place alerts a special kind of expectancy, just as the oft-repeated ‘Once upon a time’ creates a mood receptive to fantastic tales. [...] Framing and boxing limit experience, shut in desired themes or shut out intruding ones.“ Sama, 63.

⁷⁹ „[...] a very special kind of ritual frame that marks it off from other experience“. Sama, 165.

innan þessa ramma.⁸⁰ Hið óhöndlanlega og óhugsandi er því á einhvern hátt tamið með hreinsunarathöfnum, þótt alltaf fylgi þeim áhætta.

Ritdómar eru ein tegund slíks helgisíða-„ramma“ og það má m.a. greina af því að þeir eru skýrt afmarkaðir frá öðru fjölmiðlaefni hvað varðar útlit, uppsetningu, innihald og efnistöð. „Hugmyndaleg“ umgjörð ritdóma er hins vegar afmörkuð með eins konar samningi gagnrýnandans við lesendur, höfunda og aðra gagnrýnendur um að hann noti valdið, sem stöðu hans fylgir, ekki í eigin þágu eða af annarlegum hvötum, heldur í þágu bókmenntasviðsins. Í þessari sérstöku umgjörð er talið leyfilegt og jafnvel skylda að virða að vettugi hefðbundnar kurteisisreglur eða stigskiptingu í samskiptum manna og innan hennar má til dæmis dæma verk manna miskunnarlaust án tillits til samfélagslegrar stöðu þeirra. Sem dæmi má nefna að í frægasta ritdómi Íslandssögunnar, og þeim sem oft er kallaður sá fyrsti, ræðst Jónas Hallgrímsson með heift og háði gegn rímum Sigurðar Breiðfjörðs, eins vinsælasta rímnaskálds landsins, og bókmenntaforminu rímum almennt⁸¹ (sjá 3. kafla). Þessi fyrsti ritdómur er settur fram sem hreinsunarathöfn; sem ógeðfelld en nauðsynleg aðgerð sem aðeins má framkvæma í þágu bókmenntanna. Sigurður Breiðfjörð var tengdur valdamiklum útgefendum tímaritsins *Sunnanpóstsins* sem áttu í deilum við *Fjölni* og stuttu áður en dómur Jónasar birtist hafði Sigurður skrifað svæsið níðkvæði um *Fjölni*. Hér voru sem sagt persónulegir hagsmunir að veði ekki síður en menningarlegir og því mögulega hægt að ásaka Jónas fyrir tilfinningalegt uppnám og misnotkun valds. Í dómnum gætir Jónas þess hins vegar vandlega að uppfylla faglegar kröfur sem gera má til ritsmíðar sem fellur innan ramma ritdóma. Sá rammi veitir ákveðna vörn gegn slíkum ásökunum, sem sést á því að í bókmenntasögunni hefur verið lögð meiri áhersla á fagurfræðilegt gildi þessa „fyrsta íslenska ritdóms“ en persónulega átakalið hans (sjá bls. 161). Faglegt yfirbragð ritdómsins nægði þó ekki til að koma alveg í veg fyrir ásakanir um að Jónas hafi gengið of langt; veist ómaklega og af annarlegum hvötum bæði að Sigurði Breiðfjörð og rímum. Hér komum við aftur að því einkenni hreinsunarathafna að afhjúpa ætíð öðrum þræði veikleika kerfisins sem þær eiga að styrkja (sjá bls. 16). Bókmenntasviðið byggir sjálfstæði sitt m.a. á mýtu um hreina og hagsmunalausa nálgun fyrirmyndargagnrýnandans (sjá bls. 122 og 162). Samkvæmt þeim hugmyndum ættu ritdómar að ramma af svæði hreinnar fagurfræði þar sem menn geta afklæðst persónulegum fordómum og hugsanlegri refsigleði og skilið eftir við innganginn. Í ritdómum sannast það hins vegar æ og aftur að slíkar forsendur geta aðeins verið mýta — að

⁸⁰ Sama, 165 og 64.

⁸¹ Jónas Hallgrímsson: „Rímur af Tistrani og Indíönu, orktar af Sigurði Breiðfjörð, (prentaðar í Kaupmannahöfn, 1831)“, *Fjölnir*, 3, 1837.

auðvitað getur enginn gagnrýnandi verið algjörlega hlutlaus, enda byggir hið frjóa (og mögulega hættulega) afl ritdóma m.a. á því að í þeim er teft saman á djarfan hátt hefðbundnum andstæðum hins persónulega eða tilfinningalega annars vegar og hins faglega eða opinbera hins vegar. Ritdómurum er til dæmis í senn uppálagt að sýna tilfinningalega einlægni og hlutlausa fagmennsku. Rithöfundurinn Thor Vilhjálmsson orðar það svo að gagnrýnandi sem vinni ekki „samviskusamlega og segi hug sinn“ heldur ljúgi vísvitandi sé „réttdræpur, ef einhverjir nenna að taka verkið að sér“.⁸²

Hættan á að ritdómarinn misnoti vald sitt hefur þótt svo mikil að margir hafa viðrað þá skoðun hvort bókmenntaheimurinn væri betur kominn án ritdóma. Bandaríski menningarfræðingurinn og ljóðskáldið Wayne Koestenbaum gengur svo langt að segja að neikvæð gagnrýni eigi ekki erindi á prent heldur eigi sú ákvörðun að birta eða birta ekki umsagnir um bækur að nægja sem gildisdómur yfir þeim. Aðeins eigi að birta ritdóma um bækur sem ritdómara þyki þess virði að bjarga frá gleymsku:

Aðrar ástæður fyrir því að einhver samþykkir að taka að sér það verkefni að ritdæma geta aðeins verið eftirsókn eftir menningarauði og peningum — og gremja, sem veldur einu ljótasta sjónarspili hins siðmenntaða heims ef það er ekki virkjað til sköpunar fremur en niðurrifs.⁸³

Rithöfundurinn, útgefandinn og gagnrýnandinn Virginia Woolf gengur jafnvel enn lengra árið 1939 er hún segir að bókagagnrýni yrði gagnlegri fyrir samfélagið færi hún fram í uppbyggilegu einkasamtali höfundar og gagnrýnanda fremur en í opinberu sjónarspili dóms og refsingar á síðum dagblaðanna (sjá bls. 282).⁸⁴ „Læknavísindin hafa vísað okkur veginn“,⁸⁵ segir Woolf og rennir þannig stoðum undir áður nefnda fullyrðingu um að kenningar Foucaults um áherslubreytingu í réttarkerfinu, með eftirlit og betrun að leiðarljósi, eigi að einhverju leyti við um hugmyndir okkar um hlutverk ritdóma (sjá bls. 3). Hins vegar má velja því fyrir sér hvort slík viðhorf vanmeti ekki drifkraft þeirra opinberu átaka sem fram fara á vettvangi ritdóma.⁸⁶

⁸² Thor Vilhjálmsson: „Gagnrýnandi sem lýgur er réttdræpur“, *Pressan*, Plötu- og bókaútgáfa, 26. nóvember 1992, B 3.

⁸³ „The only other reasons anyone accepts a reviewing assignment are cultural capital and money — and resentment, which, if not funneled into creation (rather than demolition), is one of the ugliest spectacles in the civilized world.“ Wayne Koestenbaum: „Why Bully Literature?“, *The Crisis of Criticism*, ritstj. Maurice Berger, New York, The New Press, 1998, 93.

⁸⁴ Virginia Woolf: „Reviewing“, *Collected Essays*, London, The Hogarth Press, 1966, 212-215. Þótt Woolf sé ef til vill að leggja þessa tillögu fram í hálfkæringi er ljóst af greininni að hún telur í raun og veru að ritdómum hafi hnignað það mikið að gildi þeirra sé nánast ekkert að óbreyttu.

⁸⁵ Sama, 212.

⁸⁶ Eiginmaður Virginíu Woolf, Leonard Woolf, sem einnig var útgefandi og blaðamaður, er einn af þeim sem finnst sýn hennar á gildi ritdóma helst til neikvæð. Hann viðrar í athugasemdum við greinina efasemdir um niðurstöður konu sinnar og reynir að milda þær. Hann bendir á að ritdómarastarfið sé hvorki vélrænt né auðvelt, það sé sérhæft starf sem krefjist sérstakra hæfileika og að mikill meirihluti ritdóma gefi nákvæma og oft

Átök og erótík

Brenson er þess fullviss að listdómar séu nauðsynlegir; þeir veiti innsýn í samskipti þeirra aðila sem móta listasviðið og séu ein leið til að þróa nýjan hugsunarhátt og nýjar skilgreiningar. Umræða um þá eigi sér þó sjaldan stað af alvöru. Brenson telur að listdómar séu í senn eftirsóttasta og fyrirliðnasta svið gagnrýnnar⁸⁷ og þau orð hans beina athyglinni að mótsögnunum, tilfinningahitanum og togstreitunni sem einkennir umræðuna um bókmenntagagnrýni í fjölmiðlum. Koestenbaum lýsir þeim öflum sem leysast úr læðingi við skrif og lestur ritdóma á þennan hátt:

Ánægjan við að lesa (og skrifa) ritdóm byggir á mannlegum samskiptum eins og ást og stríð. Ritdómur endurvekur átaka-erótík í þurrum, einmanalegum ritstörfum. Köllum hina tvo flokka „ritdómara“ og „höfunda“, þótt báðir séu auðvitað höfundar. Ritdómarinn sér um sviðssetninguna, ákveður hvort um verði að ræða sadomasóískt ritúal, eða klapp á bakið, eða jafnvel stjarna afneitun á tilveru höfundarins [...]. Höfundurinn er talinn drottinnarinn í þessu sambandi og ritdómarinn óhjákvæmilega sníkjudýrið.⁸⁸

Hugtakið átaka-erótík lýsir nokkuð vel þeirri virkni sem ritdómar gegna innan bókmenntasviðsins. Bókmenntafræðingurinn Píl Dahlerup telur til dæmis að afstaða danska 19. aldar gagnrýnandans Georgs Brandesar til frjálsra ásta hafi ekki aðeins einkennt einkalíf hans og opinbera afstöðu hans til ástarinnar heldur einnig bókmenntagagnrýni hans. Afstöðu hans telur Dahlerup einkennast af „donjuanisma“ (þar sem viðkomandi laðast að einhverju og hrindir því frá sér jafnharðan), „Tristan-aðdráttaraflí“ (sem er melankólísk þrá eftir einhverju sem alltaf var dauðadæmt) og blöndu af föðurlægri umhyggju og strangleika. Afleiðingin hafi verið kynvæðing gagnrýni hans; Brandes hafi í skrifum sínum og ræðum meðvitað nýtt sér erótíska útgeislun sína, ekki aðeins hvað varðar aðferð og fyrirlestrarmáta heldur líka stíl, og þá einna helst þegar hann fjallaði um kvenhöfunda.⁸⁹ Sem dæmi nefnir Dahlerup eftirfarandi ummæli Brandesar um Karen Margrethe Rahbek:

á hugaverða umsögn um bækur. Leonard Woolf: „Note on Reviewing“, *Collected Essays*, London, 1966, 215-217.

⁸⁷ Brenson: „Resisting the Dangerous Journey“, 104.

⁸⁸ „The pleasures of reading (and writing) a review are interpersonal, like love and war. A review restores combative erotics to the dry, solitary practice of writing. Let us call the two parties „reviewer“ and „writer“, though both, of course, are writers. The reviewer stages the scene, decides whether it will be a sadomasochistic ritual, or light petting, or a catatonic refusal even to acknowledge the existence of the writer [...]. The writer, in theory, dominates; the reviewer is necessarily the parasite.“ Koestenbaum: „Why Bully Literature?“, 92.

⁸⁹ Píl Dahlerup: *Det moderne gennembruds kvinder*, Kaupmannahöfn, Gyldendal, 1983, 105-126.

Ætli ég hafi rangt fyrir mér þegar ég segi um Kamma Rahbek að eitt grundvallarareinkennið á eðli hennar sé þetta: Hún er kona sem ekki hefur kynnst ástríðunni, ég á við hina erótísku ástríðu — og ég verð að bæta við að samt sem áður virðist það henni eðlislægt að gefa sig henni á vald.⁹⁰

Að mati Dahlerup er fágaður og tillitslaus sadismi í skrifum Brandesar, í bland við blíðari tóna.⁹¹ Hún bendir á að Brandes réð konum frá því að skrifa um aðrar konur, taldi sig geta gert það mun betur, og að hann átti stundum beinlínis í ástarsamböndum við kvenrithöfunda sem hann fjallaði um, til dæmis Agnes Henningsen, en hann hrósaði aðalpersónu leikrits hennar, *Den Uovervindelige*, fyrir að vera „erótísk, góð og glöð“.⁹² Erótíkin samræmdest reglum leiksins, segir Dahlerup, a.m.k. hvað varðaði kvenrithöfunda.⁹³ Ef Brandes taldi þá ekki nógu „kynþokkafulla“ hafði það áhrif á skrif hans og Dahlerup nefnir hina sænsku Anne Charlotte Leffler, sem hlaut í raun ekki náð fyrir augum Brandesar fyrr en hann skrifaði um hana minningarorð þar sem hann setur samasemmerki milli þess að hún þroskaðist seint í ástamálum og þroska hennar sem rithöfundar.⁹⁴

Kynjapólitík er ein af þeim valdaafstæðum sem sett hafa mark sitt á ritdóma og er greining á slíkum átökum fyrirferðarmikil í þessari ritgerð. Brandes gengur til dæmis inn í langa karllega hefð er hann tengir skáldskapinn við erótík þar sem hann er sjálfur í hlutverki hins karlmannlega elskhuga; næmur og blíður þegar við á en alltaf með stjórnartaumana í hendi sér, sérstaklega gagnvart konum. Það gerir einnig íslenski ritstjórinn og bókmenntagagnrýnandinn Jón Ólafsson árið 1881 er hann skilgreinir nauðsynlega eiginleika ritdómara, alvöru menntun og alvöru reynslu, sem utan seilingar fyrir ungar, kynferðislega óreyndar konur — eða karla sem skrifa eins og ómenntaðar konur sem þekkja „enn ekki eðli og lögmál ástarinnar milli karls og konu“. Að mati Jóns hefur hann sjálfur, sem karlmaður „milli þrítugs og fertugs“, hins vegar stúderað nægilega þá „lífsins bók“ til að dæma rétt um gildi skáldskapar (sjá nánar bls. 196).⁹⁵ Reyndar er nokkuð algengt að karlkyns gagnrýnendur saki andstæðinga sína á ritvellingum um skort á bókmenntalegum „kynþokka“ og erótískri reynslu. Enski gagnrýnandinn George Saintsbury skrifaði í upphafi 20. aldar mikla doðranta um franska og enska gagnrýnisögu út frá sjónarhorni rómantísku stefnunnar. Hann tekst víða

⁹⁰ „Mon jeg tager fejl, naar jeg om Kamma Rahbek siger, at et af Grundtrækkene i hendes Væsen er dette: Det er en Kvinde, som ikke har kjendt Passionen, jeg mener den erotiske Passion - og jeg maa føie til, skjøndt hun efter sin Natur synes anlagt til at hengive sig til den.“ Georg Brandes: „K.M. Rahbek“, *Kritiker og Portraiter*, Kaupmannahöfn, Den Gyldendalske Boghandel, 1870, 437. Sótt í Dahlerup: *Det moderne gennembruds kvinder*, 114.

⁹¹ Dahlerup: *Det moderne gennembruds kvinder*, 114-116.

⁹² „[...] erotisk, god og glad“. Gagnrýnin birtist í *Politiken* 21. nóvember 1904. Sótt í Dahlerup: *Det moderne gennembruds kvinder*, 117.

⁹³ Dahlerup nefnir að Victoria Benedictsson sé dæmi um annan kvenhöfund sem einni kynslóð fyrr átti einnig kynferðislegt samband við gagnrýnanda sinn og fór illa út úr því. Dahlerup: *Det moderne gennembruds kvinder*, 118.

⁹⁴ Sama, 120.

⁹⁵ Jón Ólafsson: [Án titils], *Skuld*, 21. maí 1881, 345-348.

á við nýklassíska forvera sína, sem hann útmálar sem andstæðu hinna réttu rómantísku gilda, og fullyrðir að 17. aldar nýklassískir gagnrýnendur hafi aldrei náð að kyssa dóttur Hippókratesar á munninn og hljóta verðlaunin sem því fylgir.⁹⁶ Hér vísar Saintsbury í 14. aldar ritið *The Travels of Sir John Mandeville* þar sem segir að gyðjan Díana hafi breytt dóttur Hippókratesar í dreka og aðeins koss riddara geti breytt henni í sitt fyrra form. Samkvæmt þessum lýsingum er verkefni gagnrýnandans rómantískt, jafnvel eróttískt, ævintýri; karlmannleg leit að kvenlegri fegurð, enda líkir Saintsbury aðdráttaraflí „bókmenntalegrar fegurðar“ við óskilgreinanlegt aðdráttarafl fallegrar konu:

[...] rétt eins og þegar þú hefur skilgreint nákvæmlega hvernig *bella donna* á ekki að vera, þá er nokkuð víst er að inn í herbergið siglir, eða smýgur, einhver með einmitt þau einkenni og gerir þig að algjörum þræl sínum; eins er nokkuð víst að þegar þú hefur skilgreint hvaða kosti drama og epík þarf að hafa [...], þá kemur út einhver forstokkuð smíð sem reynist vera aðdáunarvert ljóð á meðan þau sem spretta af hlýðni við reglur þínar eru ónýtt rusl.⁹⁷

Skylt myndmál má finna hjá Sigurði Nordal árið 1919 þegar hann líkir óræðum og ófullgerðum ljóðum við ástmey sem hverfur „í tæka tíð, meðan sagan var rétt að byrja“ og fylgir manni því „alla ævina, sífelt ung og óráðin“.⁹⁸

Samband gagnrýnandans við bókmenntaverk er hér eins og ástarsamband, þar sem listaverkið er í hefðbundnu hlutverki konunnar, óútreiknanlegs viðfangs ástar og aðdáunar þar sem allt eins má búast við því að gallarnir eða óræðnin heilli og afvopni aðdáandann sem nýtur þess að láta hneppa sig í ánaud hins óskilgreinanlega. Pierre Bourdieu hefur gert það að umfjöllunarefni hvernig sú upplifun þegar „fólk mætir listaverki“ verður oft „eins og ást við fyrstu sýn, og því upplifi það og tjáir ást sína á listinni iðulega á máli ástarinnar“. Ástæðan sé sú að smekkur fólks beri kennsl á sig í verkinu, „þegar vænting mætir raungervingu sinni með undursamlegum hætti“.⁹⁹

Í því felst sá dæmigerði félagslegi, nánast töfrakenndi viðburður, þegar eitthvað sem var þegar hlutgert mætir dulinni væntingu, þ.e. þegar mælt mál mætir tilhneigingum sem eiga sér einungis þögula tilvist í athöfnum. [...] Þetta er eflaust eitt af því sem framkallar kraftaverkið sem á sér stað þegar maður mætir listaverki: Það að uppgötva eitthvað sem maður hefur smekk fyrir

⁹⁶ George Saintsbury: *A History of English Criticism. Being the English Chapters of A History of Criticism and Literary Taste in Europe*, Edinborg og London, William Blackwood & Sons Ltd., 1936, 154.

⁹⁷ „[...] just as when you have settled exactly what a *bella donna* must not have, there is apt to sail, or slip, into the room somebody with that particular characteristic to whom you become a hopeless slave, so, when you have settled the qualifications of the drama and those of the epic [...], there comes you out [*svo*] some impudent production which is an admirable poem while the obedient begettings of your rules are worthless rubbish.“ Sama, 155.

⁹⁸ Sigurður Nordal: „Brot“, *Iðunn*, 3, 1919, 176.

⁹⁹ Bourdieu: „Myndbreyting smekksins“, 59 og 46.

jafngildir því að uppgötva sjálfan sig, uppgötva það sem maður vill [...], það sem maður vildi sagt hafa en kom ekki orðum að og var því ekki kunnugt um.¹⁰⁰

Samkvæmt þessu hittir Saintsbury fyrir væntingar sínar um konur/listaverk þegar konan/listaverkið afvopnar hann og yfirbugar á óútreiknanlegan hátt. Nautnin felst í uppgjöfni og því mætti segja að einn helsti drifkraftur gagnrýnandans Saintburys sé sjálfspíslahvöt, þ.e. að hann þrái þetta andartak fullkominnar uppgjafar gagnvart listaverkinu og viðbrögð hans við einstaka verkum mótist af því. Slíka þrá má víða lesa úr orðum gagnrýnenda og hún endurspeglar það viðhorf að listin feli í sér órátt afl, eins konar leyndardóm og að tilraunir okkar til að afhjúpa þann leyndardóm gefi lífi okkar gildi. Hlutverk gagnrýnenda er samkvæmt þessu að leitast við að svipta hulunni af leyndardómnum en jafnframt að viðhalda honum, því ef „gátan“ er ráðin í eitt skipti fyrir öll missir listin gildi sitt.

Stigveldi og anarkía

Ólafur Jónsson skrifaði eitt sinn að sá sem freisti þess að svara þeirri spurningu „til hvers gagnrýni sé, hvort hún sé gagnleg“ hljóti „áður að hafa gert upp við sig svör um gagnsemi bókmennta og lista“¹⁰¹ og hann leggur í því samhengi áherslu á trúna sem liggur til grundvallar starfi gagnrýnandans:

Allt starf hans er unnið í þeirri trú að grundvöllur sé fyrir slíkri umræðu og hún ómaksins verð, að skáldskapur og listir séu mannum verðmæt og í einhverri mynd óaðskiljanleg lífi hans. Þeirri trú er engin þörf á röklegum niðurstöðum um gagnsmuni skáldskapar og lista; þótt slík kenningasmíð sé freistandi verður hún jafnan ósönnuð og hættir til að snúast upp í kreddu. Það má allt eins spyrja berum orðum hvort lífið sjálft sé gagnlegt.¹⁰²

Í rannsóknarvinnunni sem liggur að baki þessari ritgerð hef ég rekið mig á að umfjöllun um listgagnrýni vekur ætíð upp grundvallarspurningar í fyllstu merkingu orðsins; spurningar sem varða tilraunir mannsins til að koma böndum á þann óskapnað sem veröldin er. Trúin á gildi listarinnar er fyrst og fremst byggð á því viðhorfi að einhver gildi séu við lýði í mannlegu samfélagi, eða öllu heldur þeirri sannfæringu að nauðsynlegt sé að einhver óumdeilanleg gildi séu við lýði í mannlegu samfélagi, eins og Herbert Marcuse bendir á: „Endalok listarinnar er aðeins hægt að hugsa sér geti menn ekki lengur greint á milli þess sem er satt og ósatt, gott og illt, fagurt og ljótt. Það væri ástand fullkominnar villimennsku á hátindi

¹⁰⁰ Sama, 47.

¹⁰¹ Ólafur Jónsson: „Um gagnrýni“, *Líka líf*, Reykjavík, Íðunn, 1979, 7.

¹⁰² Sama, 9.

siðmenningarinnar.¹⁰³ Án slíkra gilda óttast menn að óreiðan ríki ein, óhugnaður sem aldrei megi hugsa til enda. Í ritdómum og umræðum um ritdóma kemur sá ótti oft fram í mikilli áherslu á stigveldi sem sé nauðsynlegt til að ekki ríki stjórnleysi, anarkía.

Stigveldisskipulag er hin hefðbundna leið til að takast á við óreiðuna í kringum okkur og þar sem það er ríkjandi skipulagsform innan félagsheimsins er það hluti af þeirri ríkjandi hugmyndafræði sem mótar okkur nánast án þess að við tökum eftir því, þannig að það virðist bæði náttúrulegt og nauðsynlegt fyrirkomulag. Það væri mikil einföldun að segja að stigveldi sé í eðli sínu slæmt; það er afurð skapandi viðleitni okkar til að henda reiður á heiminum í kringum okkur og sem slíkt í sífelldri endurmótun og tilefni andófs eða tilrauna til að breyta því. Hin mikla áhersla á mikilvægi „lóðréttis“ stigveldis, þar sem einhverjir þættir eða hópar eru ætíð undirskipaðir öðrum, hafa þó í gegnum tíðina getið af sér fremur einsleita bókmenntasögu og bókmenntagagnrýni sem snýst fyrst og fremst um að tryggja ákveðnum aðilum og textum valdastöður í stigveldinu en hefur þrúgandi og útilokandi áhrif á aðra, til dæmis konur og bókmenntir sem tengdar eru konum á einhvern hátt.

Í lok ritgerðarinnar minni ég á það sem þegar hefur komið fram; að í ritdómum birtist ekki aðeins viðleitni okkar til að henda reiður á óreiðunni í kringum okkur, heldur geta þeir jafnframt verið svæði þar sem við horfumst í augu við þessa óreiðu og reynum að nýta okkur kraftinn sem felst í því að ögra ríkjandi skipulagi. Kraftur ritdóma sprettur því ekki hvað síst af togstreitu og samspili tilrauna til að koma á eða viðhalda ákveðnu stigveldi og tilrauna til að ögra því og andæfa. Þeim rökum að án stigveldis blasi við anarkía og tilgangssleysi svara ég með vísun til kenninga Jacques Rancières og held því fram að anarkía þurfi hvorki að þýða endalok bókmenntafræða né siðmenningar¹⁰⁴ — að í nýju fjölmiðlaumhverfi geti það verið rökrétt næsta skref að kanna möguleika hennar fremur en að berjast gegn henni.

Uppbygging og helstu heimildir

Þessari ritgerð var ekki ætlað að vera yfirlit um sögu íslenskrar bókmenntagagnrýni, heldur greining á einkennum hennar og virkni. Vegna þess hve lítt þetta viðfangsefni hefur verið rannsakað reyndist hins vegar óhjákvæmilegt að fara nokkuð nákvæmlega í sögulegan uppruna þessarar textategundar og þau mótandi einkenni hennar sem hafa haldist fram á okkar daga. Í seinni hluta ritgerðarinnar, þar sem fyrst og fremst er fjallað um ritdóma 20.

¹⁰³ Herbert Marcuse: *Konsterrevolution und Revolte*, Frankfurt am Main, 1973. Sótt í Pröstur Ásmundsson: „Inngangur“, í: Friedrich Schiller, *Um fagurfræðilegt uppeldi mannsins*, þýð. Arthúr Björgvin Bollason og Pröstur Ásmundsson, Lærdómsrit Bókmenntafélagsins, Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafélag, 2006, 53.

¹⁰⁴ Af þessum ástæðum nota ég frekar tókuorðið „anarkía“ en íslensku þýðinguna „stjórnleysi“ eða „stjórnleysisstefna“, sem getur verið nokkuð villandi því hún gefur til kynna algjöra upplausn; skipulagsleysi eða kaos.

aldarinnar, er áfram litið á efnið í sögulegu samhengi en á þematengdan hátt, þ.e. út frá þessum mótandi einkennum, og kannað hvaða áhrif það hefur á ritdóma að þeir verða til á mörkum bókmennta-, fjölmiðla- og fræðasviðsins auk þess að verða fyrir miklum áhrifum frá stjórnmalasviðinu og markaðslögmálum efnahagssviðsins. Svipuðum aðferðum, þ.e. að rekja að einhverju leyti sögulega þróun textategundarinnar meðfram greiningunni, beita George Saintsbury, Terry Eagleton og John Chr. Jørgensen í bókum sínum um annars vegna enska gagnrýni og hins vegar danska ritdóma. Í ritgerðinni er stuðst við þau rit, enda fæddist íslensk bókmenntagagnrýni beinlínis í Danmörku, eins og fram kemur í 2. og 3. kafla þessarar ritgerðar, en Engendingar voru mjög leiðandi í þróun bókmenntagagnrýni frá 17. öld fram á þá 19. og gætti þó nokkurra áhrifa þaðan hér á landi. Þá sæki ég ákveðnar hugmyndir um fjarlægð og íróniú sem mikilvægan þátt ritdóma í ritgerð Walters Benjamins um hlutverk gagnrýni í snemmrómantíkinni.¹⁰⁵

Hér á landi hafa nokkrir gagnrýnendur og bókmenntafræðingar gert tilraunir til að skilgreina hlutverk ritdóma í tímarita- og blaðagreinum. Þar má til dæmis nefna grein Stefáns Einarssonar, „Um ritdóma og rithöfunda“ frá 1942, þar sem hann leggst í greiningu á dómum ýmissa helstu ritdómara á fyrri hluta 20. aldar með þá spurningu að leiðarljósi hvort þeim tekst að skilja forsendur höfundanna og meta bækur í samræmi við það.¹⁰⁶ Önnur ítarleg umfjöllun um eðli og hlutverk ritdóma er rúmlega 30 ára grein Ástráðs Eysteinnssonar, „Bókmenntagagnrýni dagblaðanna“.¹⁰⁷ Annars hefur umfjöllun um ritdóma einna helst verið í formi reglulegra skoðanaskipta í blaða- og tímaritagreinum, yfirleitt um slæmt ástand samtímagagnrýni og mikilvægi þess að bæta þar úr, og í formi viðtökusögu einstakra höfunda, verka, bókmenntagreina eða bókmenntastefna. Slík viðtökusaga hefur til dæmis farið fram í bókmenntasögulegum ritum, ævisögum rithöfunda, formálum ritsafna og tímarita- og blaðagreinum — eða í lokaritgerðum í námi eins og þeirri sem ég skrifaði sjálf um viðtökur verka Ólafar frá Hlöðum.¹⁰⁸ Í þessari ritgerð hefur á stöku stað verið stuðst við slíka umfjöllun, m.a. í ævisögu Jónasar Hallgrímssonar, í inngangi Helgu Kress að safni ljóða eftir íslenskar konur, og í fræðiritum og greinum um höfundarverk Halldórs Laxness, Davíðs

¹⁰⁵ Walter Benjamin: „The Concept of Criticism“, þýð. David Lachterman, Howard Eiland og Ian Balfour, *Selected Writings 1913-1926 I*, ritstj. Marcus Bullock og Michael W. Jennings, Cambridge og London, The Belknap Press of Harvard University Press, 1996.

¹⁰⁶ Stefán Einarsson: „Um ritdóma og rithöfunda“, *Tímarit Þjóðræknisfélags Íslendinga*, 1, 1942.

¹⁰⁷ Ástráður Eysteinnsson: „Bókmenntagagnrýni dagblaðanna“, *Tímarit Máls og menningar*, 4, 1982. Aðrar greinar sem nefna má eru: Sigurður Nordal: „Um ritdóma“, *Eimreiðin*, 1, 1925. Sigurður A. Magnússon: „Um gagnrýni“, *Sáð í vindinn. Greinar og fyrirlestrar*, Reykjavík, Helgafell, 1968. Hermann Stefánsson: „Úr orðabók ríkjandi viðhorfa“. Kristján B. Jónasson: „Sjö lykjar að einni skrá“, *Tímarit Máls og menningar*, 3, 1998.

¹⁰⁸ Auður Aðalsteinsdóttir: „Jeg held það enga skepnu skilja, hvað skáldsins sál er djúp og há.“ *Viðtökur á ljóðum Ólafar frá Hlöðum*, MA-ritgerð í bókmenntafræði, Háskóli Íslands, Reykjavík, 1999.

Stefánssonar, Guðmundar Friðjónssonar og Huldu. Þá er stuðst við bókmennta- og menningarsöguleg skrif af ýmsu tagi, allt frá *Bókmenntakenningum fyrri alda* til *Blaða og blaðamanna 1773-1944*. Í bókmenntasögulegum ritum á borð við *Íslenska bókmenntasögu* III-V, er oft stuðst við ritdóma til að lýsa viðtökusögu verka,¹⁰⁹ höfunda, hópa¹¹⁰ eða bókmenntastefna, til að benda á ákveðnar túlkunarleiðir¹¹¹ eða jafnvel til að staðfesta gæði og mikilsvirði verka.¹¹² Í umfjöllun Dagnýjar Kristjánsdóttur um bókmenntalandslag eftirstríðsáranna er jafnvel heill undirkafla helgaður ritdómum og mikilvægi þeirra í bókmenntaumræðunni,¹¹³ en umfjöllun um textagerðina ritdóma og hlutverk þeirra er þó almennt afar takmörkuð í slíkum yfirlitsverkum. Að auki hefur karllæg áhersla menningarsöguritarar þau áhrif að væri aðeins stuðst við þær samantektir sem til eru yrði framlag kvenna til sögu ritdóma áfram lítt sýnilegt. Þar komu að gagni femínísk safnrit á borð við *Women Critics 1660-1820* og *Úr ævi og starfi íslenskra kvenna*. Tímafrekust hefur þó reynst vinnan við að leita uppi frumheimildir: ritdómanna sjálfa og samtímaumfjöllun um bókmenntagagnrýni og listgagnrýni á hverjum tíma og almennt.

Í fyrsta kafla ritgerðarinnar er fjallað um rætur evrópskrar bókmenntagagnrýni. Ástráður Eysteinnsson telur að „hver sá sem tekur til máls um bókmenntir á opinberum vettvangi“ sé „þátttakandi“ í bókmenntastofnuninni,¹¹⁴ en starf gagnrýnandans verður strax á tímum Forn-Grikkja að formlegri hlið slíkrar tjáningar, eins konar embættisverki bókmenntastofnunar¹¹⁵ sem byggir upp stigveldi og byggir á því stigveldi, og því fylgja ákveðnar skyldur og siðareglur. Hins vegar á bókmenntagagnrýnin sér einnig óstýrilátari rætur, í satíruhefðinni sem einkennist af vilja til að ráðast gegn virtum eða vinsælum einstaklingum, stofnunum, verkum eða stefnum í nafni endurbóta. Fjallað er um helstu einkenni fyrstu prentuðu ritdómanna í evrópskum fjölmiðlum og þær átakalínur sem mynduðust í kringum þá, en ákveðin mótsögn er fólgin í því að ritdómarar byggja kennivald

¹⁰⁹ Hér má t.d. nefna samantekt á viðbrögðum ritdómara við *Dymbilvöku* Hannesar Sigfússonar. Silja Aðalsteinsdóttir: „Formbylting og móðernismi“, *Íslensk bókmenntasaga* V, ritstj. Guðmundur Andri Thorsson, Reykjavík: Mál og menning, 2006, 48-49.

¹¹⁰ M.a. er bent á algengar tilhneigingar í umfjöllun um verk kvenna. Dagný Kristjánsdóttir: „Saga systur minnar: Svava Jakobsdóttir“, *Íslensk bókmenntasaga* V, ritstj. Guðmundur Andri Thorsson, Reykjavík: Mál og menning, 2006, 513.

¹¹¹ Hér má nefna vísanir í orð ritdómara um það hvernig lesa eigi *Tímann og vatnið* eftir Stein Steinarr. Silja Aðalsteinsdóttir: „Formbylting og móðernismi“, 36.

¹¹² „Gegnum langa veru sína erlendis, næma skynjun og mikil og viðtæk þýðingarstörf fékk Hannes sýn yfir stærri heim en flest önnur íslensk skáld. Með orðum Kristins E. Andrésssonar bera allar bækur hans „stórskálds einkenni“ (*Tímarit Máls og menningar* 3/1967, 221).“ Sama, 55.

¹¹³ Dagný Kristjánsdóttir: „Árin eftir seinna stríð“, *Íslensk bókmenntasaga* IV, ritstj. Guðmundur Andri Thorsson, Reykjavík: Mál og menning, 2006, 446-449.

¹¹⁴ Ástráður Eysteinnsson: „Halldór Laxness og aðrir höfundar. Skáldsagan og bókmenntasagan“, *Umbrot. Bókmenntir og nútími*, Reykjavík, Háskólaútgáfan, 1999, 14.

¹¹⁵ Í þessari ritgerð er bókmenntastofnunin skilgreind sem eins konar formleg valdandiþjá bókmenntasviðsins þar sem fram fer samspil hagsmunaaðila. Sjá umfjöllun um stofnanir hér að framan, bls.17.

sitt á húmanískri mýtu um „lýðveldi menntanna“ og mögulegt jafnræði. Enda eru þeir umsvifalaust sakaðir um að vera eins konar harðstjórar almenningsálitsins. Um leið og ritdómari prentuðu fjölmiðlanna verður til fæðist jafnframt grótesk ímynd hans, sem viðbragð við illskilgreinanlegri stöðu hans á mörkum ólíkra sviða.

Í öðrum kafla er bent á að þegar húmaníska mýtan um „lýðveldi menntanna“ og mögulega þróun í átt til andlegs jafnræðis mætir í ritdómum rótgrónum hugmyndum um meðfædda og óskilgreinanlega hæfileika sem gera suma smekkvísari en aðra frá náttúrunnar hendi og því náttúrulega leiðtoga, verður niðurstaðan kerfi þar sem andlegt jafnræði er útópía sem hægt er að byggja á en þykir aldrei fýsilegur eða raunhæfur veruleiki. Í þessum kafla beinist athyglin að Íslandi og þeirri staðreynd að textinn sem kallaður hefur verið fyrsti íslenski ritdómurinn birtist ekki fyrr en rúmri hálfri öld eftir að fyrstu íslensku tímaritin urðu til. Sýnt er fram á að fyrir þann tíma höfðu Íslendingar þó haft kynni af ritdómum í erlendum tímaritum og gert tilraunir með ritdómaformið. Fjallað er um þær fagurfræðilegu áherslur sem lágu til grundvallar þegar fyrstu ritdómarnir fóru að birtast hér á landi, með áherslu á heimspekilegar kenningar 18. aldar um gildi og einkenni fagurfræðilegra dóma, og þá fyrst og fremst áhrifamiklar kenningar Davids Hume og Immanuel Kant sem leggja áherslu á þversagnakenndan grundvöll fegurðardóma þar sem ýmsar hefðbundnar andstæður mætast. Aukið sjálfstæði listasviða á borð við bókmenntasviðið hafði sín áhrif til að auka mikilvægi bókmenntagagnrýni, og rómantíska stefnan átti þar sinn þátt, en þar sem orðræða bókmenntagagnrýnninnar sprettur m.a. upp af skörun bókmenntasviðsins og hins nýja fjölmiðlasviðs er einnig gefinn gaumur að hlutverki bókaumfjöllunar sem fjölmiðlaefnis, en frá sjónarhorni blaðamenskunnar hafa ritdómar fyrst og fremst upplýsingagildi og ritdómarar krefjast sjálfstæðis og frelsis að einhverju leyti á forsendum almennrar blaðamennsku.

Í þriðja kafla er „fyrsti íslenski ritdómurinn“ eftir Jónas Hallgrímsson borinn saman við texta sem kallaðir hafa verið fyrsti enski og fyrsti danski ritdómurinn. Niðurstaðan er sú að straumhvörf verða þegar fram kemur óvægin bókmenntaumfjöllun þar sem raunverulegur vilji til umbreytinga er til staðar. Rökum er leitt að því að ritdómar hafi komið svo seint fram á sjónarsviðið á Íslandi vegna þess að fyrst um miðja 19. öld skapaðist vilji meðal menntamanna hér á landi fyrir raunverulega, róttæka gagnrýni á ríkjandi yfirvald, og rými til að tjá slíkan vilja. Menn reka sig þó samstundis á mótstöðu gegn þessu nýja afli og fá á sig gróteska ímynd smámunasmárra nöldrara. Ritdómarar líta hins vegar gjarnan á þá ímynd sem nokkurs konar fórnarkostnað og telja sig vinna göfugt verk í þágu æðri málstaðar. Það skiptir því meginmáli hvort dómar eru túlkaðir sem afurð velvilja og hreinnar ástar á bókmenntum, og þar með sem lögmæt valdbeiting í þágu samfélagsins, eða sem afurð óhreins huga og

annarlegra hvata, og þar með stjórnlaust, hættulegt vald sem kippa verði niður úr hásæti sínu með því að hlæja að grótesku þess og/eða útskúfa sem úrkasti.

Í fjórða kafla er athyglinni beint að þjóðernispolitík og kynjapolitík á 20. öld, en íslenskir ritdómar mótuðust sem stöðluð textagerð á seinni hluta 19. aldar og á fyrri hluta 20. aldar, sem hluti af bókmenntasviði er gegndi mikilvægu þjóðernispolitísku hlutverki. Virtir gagnrýnendur verða hluti af menningarauði þjóðarinnar og ritdómum er beitt sem valdataeki innan og utan bókmenntasviðsins undir formerkjum hreinnar fagurfræði.

Í fimmta kafla er fjallað um aukna áherslu á fagleg og akademísk vinnubrögð á 20. öld og hvernig hún fléttast saman við og togast á við þau óumdeildu þjóðlegu viðmið sem höfðu mótað textategundina ritdóma. Hugmyndin um brjáláða vísindamanninn fær sína eigin, sjálfstæðu birtingarmynd í listheiminum, verður ímynd brjáláða, fræðilega listgagnrýnandans, og listinni er stillt upp sem kjarna hins mannlega og andstæðu vísindanna. Eitt af þrástefjum 20. aldarinnar verður sú tvíbenta staða gagnrýnenda að eiga að verja stöðu listarinnar og mennskunnar en vera um leið talsmenn framsækinnna vísinda. Þrátt fyrir auknar vísindalegar áherslur snýst bókmenntaumræða 20. aldar meira og minna um að viðhalda trúnni á leyndardóm listaverksins, gátuna sem þarf að ráða, og það er ekki fyrir en á síðustu áratugum aldarinnar sem bókmenntateoría virðist líkleg til að ógna þeim grunni. Viðbrögðin sýna að hin nýju fræði setja ekki aðeins hið viðkvæma samkomulag fræðimanna og almennings um menningarlegt forræði á þjóðlegum forsendum úr jafnvægi heldur veða að rótum feðraveldisins.

Í sjötta kafla er fjallað um áhrif þróunar raunverulegs bókamarkaðar hér á landi og aukinnar markaðsvæðingar fjölmiðla. Leiddar eru að því líkur að markaðsvæðingin hafi átt sinn þátt í að efla andúðina á „vísindalegri“ orðræðu í ritdómum og alið á tortryggni í garð nýrrar bókmenntateoría. Andstaðan við hin nýju, útlendu fræði og túlkun með aðstoð þeirra náði ákveðnu hámarki á 9. og 10. áratugnum, einmitt þegar áhrifa þeirra var farið að gæta fyrir alvöru í íslenskri bókmenntaumræðu og einmitt þegar markaðsvæðing fjölmiðla fer að hafa áhrif á ritdóma. Í lok kaflans er minnst á áleitnar vangaveltur sem kviknuðu eftir yfirferð mína um virkni og hlutverk ritdóma á íslenska bókmenntasviðinu, um það sem ég tel eðlileg næstu skref í umræðu um vald og ritdóma — þótt þau skref verði stigin annars staðar en í þessari ritgerð. Varpað er fram þeirri spurningu hvort breytingar á miðlun texta, þ.e. tölvutæknin, hafi þegar haft þau áhrif að draga úr mikilvægi þeirra sem hreinsunarathafna á bókmenntasviðinu og það sé ef til vill að hluta til vegna þess að hugmyndalegur rammi þeirra hefur ekki breyst í takt við umhverfið. Í því samhengi er því velt upp hvort tími sé kominn til að endurskoða áherslu þessa hugmyndalega ramma á stigveldi og taka til gagnrýninnar

umfjöllunar fullyrðingar um að án stigveldis blasi aðeins við stjórnleysi, upplausn og tilgangsleysi á bókmenntasviðinu. Fyrsta skrefið í þá átt væri að spyrja hvað myndi raunverulega gerast ef við leyfðum anarkíunni að taka völdin og höfnuðum stjórnvaldi og stigveldi í bókmenntaheiminum.

Lokaniðurstaðan er sú að innan íslenska bókmenntasviðsins hafa ritdómar haft sérstaka virkni sem mótast ekki síst af lögmálum hins prentaða orðs. Sérstakir eiginleikar prentmiðlanna, sem sköpuðu afmarkaðan vettvang þar sem hin ýmsu samfélagssvið geta skarast á ritúalískan hátt, hefur gert þeim kleift að virka sem hreinsunarathafnir innan bókmenntasviðs sem er hluti af þekkingarrými er teygir rætur sínar allt aftur til fornaldar. Innan þessa ritúalíska ramma hefur skapast rými til að reyna á mörk þessa þekkingarrýmis — svo fremi slíkar tilraunir séu taldar í þágu samfélagskerfisins. Hins vegar eru ýmsar blikur á lofti og óljóst hvort þessi virkni ritdóma er jafn sterk eða hefur jafn mikið gildi í kjölfar aukinnar áherslu á margradda samræðu í netheimum. Til að skilja þá þróun betur er nauðsynlegt að hafa til hliðsjónar sögu ritdóma, hefðbundin einkenni þeirra og þær átakalínur sem í kringum þá hafa skapast í gegnum tíðina.

1 Leitinn að upphafinu

Íslenskir ritdómar eru hluti af aldagamalli, evrópskri hefð og við greiningu á einkennum þeirra er nauðsynlegt að rekja að einhverju leyti sögu þessarar textategundar, ekki aðeins hér á landi heldur í alþjóðlegu samhengi. Margir hafa bent á að bókmenntagagnrýni sé jafngömul bókmenntum¹¹⁶ og í ritinu *Bókmenntakenningar fyrri alda* lýsir Árni Sigurjónsson því hvernig umfjöllun um eðli og æskileg einkenni skáldskapar hafi alla tíð haldist í hendur við skáldskapinn sjálfan. Sófistar hafi til að mynda gert framsetningu máls að sérstakri fræðigrein og þar hafi komið „fram vísir að grein sem óhætt er að kalla bókmenntafræði eða fræðilega umfjöllun um skáldskap“.¹¹⁷

Árni telur að með Platoni hefjist „umræður um skáldskap í bókmenntunum fyrst af nokkurri alvöru“, þótt Platons sé helst minnst „fyrir þá andúð á skáldskap“ sem birtist í *Ríkinu* en í því verki finnur Platon ekki hlutverk fyrir listina í útópísku samfélagi. Árni bendir hins vegar á að Platon vekji í *Lögunum* athygli „á tilfinninga- og uppeldisgildi listarinnar“ og ánægjunnar sem listin geti vakið.¹¹⁸ List er þá fyrst og fremst talin hafa persónuleg áhrif á hvern og einn einstakling, og sú skoðun er enn rík að hún hafi möguleika til að vera mannbætandi og þar með stuðla að betra samfélagi. „List höfðar svo alhliða til persónuleika hvers einstaklings, að hún gefur honum einstakt tækifæri til þroska“, segir bókmenntagagnrýnandinn Örn Ólafsson til dæmis árið 1988.¹¹⁹

Sé almennt talið að skáldskapur hafi mótandi áhrif á menn og samfélag hljóta þeir sem stýra skáldskapnum að teljast vera í áhrifastöðu. Í því ljósi verða tilraunir höfunda fornritanna til að stýra því um hvað megi fjalla í skáldskap, og hvernig, liður í baráttu um áhrif, um völd til að stýra umhverfi sínu. Í þessari valdabaráttu tekur hefðarveldi (kanón) á sig mynd, þar sem sumir eru í æðri stöðu en aðrir. Árni Sigurjónsson bendir á að eftir gríska skáldið Kallimakkos, sem uppi var á þriðju öld fyrir Krist, liggi 120 bindi minnisgreina um alla forngrísku höfundana, sem séu „fyrstu drögin að forngrískri bókmenntasögu og jafnvel fyrsta ritið sem kallast getur bókmenntasaga“.¹²⁰ En listi yfir höfunda er ekki það sama og listi yfir

¹¹⁶ Sjá t.d. umfjöllun Siglaugs Brynleifssonar um *A History of Modern Criticism* eftir Philip Hobsbaum, þar sem hann segir að saga gagnrýnnar hefjist „með Hellenum, í kviðum Hómers og Hesíódusar“. Siglaugur Brynleifsson: „Gagnrýni“, *Morgunblaðið*, Erlendar bækur, 2. mars 1968, 21.

¹¹⁷ Árni Sigurjónsson: *Bókmenntakenningar fyrri alda*, Reykjavík, Heimskringla, 1991, 19.

¹¹⁸ Sama, 22 og 36-38.

¹¹⁹ Örn Ólafsson: „Kvenhyggja í bókmenntum“, úttvarperindi frá 1988, *Arnarheiður*, 15. febrúar 2007, sótt 24. febrúar 2010 af http://oernolafs.blogspot.com/2007/02/kvenhyggja-i-bokmenntum_15.html.

¹²⁰ Árni Sigurjónsson: *Bókmenntakenningar fyrri alda*, 61-63.

bestu höfundana. Árni segir menn rekja þá hugmynd að sumir höfundar séu sígildir og aðrir ekki til gríska málfræðingsins Aristarkosar, sem var uppi á annarri öld fyrir Krist. Aristarkos „taldi upp þá höfunda sem hann taldi besta og myndaði með þeim hætti „kanón“, safn höfunda sem ástæða var að hans dómi til að lesa í skólum, og voru allir látnir“. Listar af því tagi urðu algengir og sérlega áberandi á miðöldum.¹²¹ En slíkt kerfi kallar á mælikvarða á gæði höfunda og verka. Ef mögulegt er talið og æskilegt að listaverk hafi mannbætandi áhrif þarf að skilgreina hvernig þeim áhrifum sé best náð fram og meta gæði verka samkvæmt því. Í *Fædrosi* Platons kemur til dæmis fram að „verk sem lýgur eða spillir mönnum getur ekki talist gott“.¹²² Þótt Platon telji að helsta gildi listarinnar sé að líkja eftir veruleikanum (gr. *mimesis*) er ekki sama hvernig það er gert og hann telur til dæmis að það sé samfélaginu ekki hollt að líkja eftir vondum mönnum.¹²³ Svipaða hugmynd má finna í *Froskunum* eftir Aristófanes, frá 405 fyrir Krist, þar sem því er haldið fram að: „Hvað sem sannleikanum líði eigi skáldið að dylja hið ömurlega, ekki kenna það með því að sýna það á sviði“.¹²⁴ Samkvæmt riti Aristótelesar, *Um skáldskaparlistina*, sem kom út á fjórðu öld fyrir Krist og hefur allt fram á okkar daga verið eitt áhrifamesta rit skáldskaparfræða, veitir hins vegar harmleikurinn tilfinningum útrás með því að vekja vorkunn og skelfingu og hreinsar þannig manninn.¹²⁵

Frá því um miðja 19. öld hefur það viðhorf oftast orðið ofan á að skáldin eigi að benda á meinsemdir samfélagsins svo hægt sé að draga lærdóm af þeim. Í ritdómi frá 2009 leggur Ingi Björn Guðnason til dæmis áherslu á gagnsemi bókmennta er hann segir: „Líklega er hollt nú á tímum að Íslendingar séu minntir á hve stutt er síðan þeir voru á pari við svokölluð þróunarlönd hvað lífs-gæði og afkomu almennings varðar. Fátt er betur til þess fallið en skáldskapur.“¹²⁶ Hér er enn vísað til uppeldisgildis listarinnar, en reyndar hafa flest þau viðhorf til bókmennta sem fram koma í ritum Forn-Grikkja og Rómverja, viðhorf sem líklega voru ekki heldur ný af nálinni þá, verið notuð sem viðmið í bókmenntaumfjöllun um margra alda skeið og lita enn afstöðu okkar. Því munu þau ítrekað skjóta upp kollinum á blaðsíðum þessarar ritgerðar.

¹²¹ Sama, 62-63.

¹²² Sama, 27.

¹²³ Platon: *Ríkið I*, þýð. Eyjólfur Kjalar Emilsson og Kristján Árnason, Lærdómsrit bókmenntafélagsins, ritstj. Þorsteinn Gylfason og Þorsteinn Hilmarsson, Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafélag, 1997, 243-251.

¹²⁴ Árni Sigurjónsson: *Bókmenntakenningar fyrri alda*, 18.

¹²⁵ Aristóteles: *Um skáldskaparlistina*, þýð. Kristján Árnason, Lærdómsrit bókmenntafélagsins, ritstj. Þorsteinn Gylfason, Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafélag, 1976, 51-53.

¹²⁶ Ingi Björn Guðnason, ritdómur um *Harm englanna* eftir Jón Kalman Stefánsson, *Bókmenntavefurinn*, desember 2009, sótt 2. mars 2015 af http://bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3409/5648_read-20303/.

Þegar Páll Baldvin Baldvinsson spyr til dæmis árið 2008, í dómi um sjónvarpsþáttinn *Pressu*, hvort um sé að ræða „[d]auft upphaf á krimma — eða drama?“¹²⁷ lætur hann að því liggja að einn af veikleikum þáttanna sé óvissan um það hvorn flokkinn þeir falli undir. Spurningin endurspeglar undirliggjandi tilraunir allrar listumfjöllunar til niðurröðunar og flokkunar skáldskapar eftir einhvers konar kerfi. Í *Ríkinu* lætur Platon Sókrates greina skáldskap í „hreinar eftirhermur“ eins og í harmleik og skopleik, „einfalda frásögn skáldsins sjálfs“ eins og í blótsöngvum eða söguljóð sem inniheldur hvort tveggja.¹²⁸ Í *Lögunum* ræðir hann svo um „að mismunandi tegundir skáldskapar henti mönnum“ og mælt er gegn blöndun bókmenntategunda sem Árni Sigurjónsson bendir á að hafi síðar orðið „öflugt sjónarmið, meðal annars á 17. og 18. öld.“¹²⁹

Hér er lagður grundvöllur bókmenntasviðs sem byggir á því að draga í dilka, afmarka mæri og fordæma það sem ekki helst innan mæra. Slíkt kerfi getur af sér bókmenntastofnun, formlega valdamiðju þar sem fram fer samspil hagsmunaaðila (sjá umfjöllun um stofnanir, bls. 10), og „tæknilega“ orðræðu sem gerir það kleift að flokka skáldverk, skáld og afmarkaða þætti skáldverka á kerfisbundinn hátt. Mikill hluti skrifa Platons felst til dæmis í „skilgreiningum og umfjöllun um tæknileg atriði“, segir Árni Sigurjónsson. Platon fjalli m.a. um söguþráð, myndhverfingar, persónusköpun, byggingu, orðaval, setningagerð, gagnrýni, bókmenntategundir, beina og óbeina ræðu, þróun harmleikja og stíltegundir. Hann greini einnig á milli göfugs skáldskapar og ómerkilegs skáldskapar.¹³⁰ Þessar áherslur komu að miklu leyti úr mælskufræðinni þar sem gefnar voru hagnýtar leiðbeiningar um áhrifamikla beitingu tungumálsins. Var þar lögð áhersla á efni, stíl, uppbyggingu og málfar og jafnvel settir fram listar yfir stílbrögð og málvillur (sem stundum voru taldar stílbrögð eða skáldaleyfi fremur en villur), en Árni segir stílbragðaskrár af því tagi jafnan hafa fylgt „handbókum í ræðulist og skáldskap á miðöldum.“¹³¹

Langir og ítarlegir listar yfir stílbrögð eru hluti af þeirri viðleitni að koma upp tæknilegri orðræðu; kerfisbundnum skilgreiningum á því sem er leyfilegt, æskilegt eða bannað. Þeir hjálpa til við að skilgreina hvernig bókmenntaverk eiga að vera og eru gagnlegir þegar kemur að því að rökstyðja ákvarðanir bókmenntastofnunarinnar um það hvaða höfundar og hvaða verk eru í æðri og leiðbeinandi stöðu innan bókmenntasviðsins. Tæknileg orðræða eins og sú sem einkennir *Um skáldskaparlistina* gerir Aristótelesi til dæmis kleift að fullyrða

¹²⁷ Páll Baldvin Baldvinsson: „Sest undir Pressu“, ritdómur um sjónvarpsþáttinn *Pressu*, *Fréttablaðið*, 6. janúar 2008, 22.

¹²⁸ Platon: *Ríkið*, 242-243.

¹²⁹ Árni Sigurjónsson: *Bókmenntakenningar fyrri alda*, 38.

¹³⁰ Sama, 59 og 42.

¹³¹ Sama, 74-75.

að Hómer hafi „yfirburði að öllu leyti“.¹³² Lefevere kallar þetta „kóðun skáldskaparfræðanna“ (e. *codification of the poetics*):¹³³

Bókmenntakerfi [...] starfar fyrir tilstilli kóða, sem gerir höfundi og lesanda (að minnsta kosti mögulega) kleift að eiga samskipti. Þessi kóði er kallaður skáldskaparfræði og má segja að hann samanstandi af tveimur þáttum: annars vegar skráningu bókmenntalegra bragða, tegunda, minna, tákna, dæmigerðra persóna og sögusviða og hins vegar hugmyndinni um hvert hlutverk bókmennta er, eða ætti að vera, í samfélaginu almennt. [...] Þegar skáldskaparfræði hafa verið kóðuð hafa þau mikil áhrif í þá átt að viðhalda kerfinu.¹³⁴

Lefevere segir að þegar slík kóðun hafi átt sér stað eignist skáldskaparfræðin sitt eigið líf og ákveðið sjálfstæði frá ytra umhverfi bókmenntakerfisins. Og þótt skáldskaparfræði séu ætíð breytingum háð séu þau yfirleitt sett fram sem eilíf og óbifanleg, jafnvel þótt þau vísi til úreltra gilda sem voru við lýði þegar þau voru í mótun.¹³⁵

Kóðun skáldskaparfræða leiðir einnig til sköpunar kanóns afurða ákveðinna höfunda sem skrifa verk sem talin eru falla hvað best að þessum kóðuðu skáldskaparfræðum. Verk þessara höfunda eru síðan notuð sem fyrirmynd sem framtíðarrithöfundar eigi að fylgja og hún fær miðlæga stöðu við kennslu bókmennta.¹³⁶

Þeir sem fjalla um bókmenntir og aðrar listir taka að sér það hlutverk að skilgreina og flokka ýmsar tegundir listar, setja fram mælikvarða og raða listaverkum og listamönnum í virðingarstiga út frá honum. Þeir hafa því mikil völd en á móti kemur að þau völd eru ekki talin fyrir hvern sem er og hér hafa þeir forskot sem fyrir gegna virðingarstöðum innan menntaheimsins, eru til dæmis mælskufræðikennarar, virt skáld og málfræðingar. Þessir aðilar reyna þó jafnframt að réttlæta vald sitt til að úrskurða um gildi verka og stöðu höfunda með því að benda á að gagnrýnendur veiti samfélaginu nauðsynlega þjónustu. Rómverska skáldið Hóras, sem uppi var á fyrstu öld fyrir Krist, segir gagnrýnendur til dæmis raunverulega vini sem veita nauðsynlegar leiðbeiningar, á meðan falskir vinir bjóði aðeins upp á gagnslaust smjaður: „Menn mega ekki fyrtaast við leiðsögn því þá munu þeir fljótlega enga fá.

¹³² Aristóteles: *Um skáldskaparlistina*, 58.

¹³³ Lefevere: „Why Waste our Time on Rewrites?“, 230.

¹³⁴ „A literary system [...] operates with a code, which makes (at least potential) communication between author and reader possible. This code is called a poetics, and it can be said to consist of two components: one is an inventory of literary devices, genres, motifs, symbols, prototypical characters and situations, the other a concept of what the role of literature is, or should be, in society at large. [...] Once a poetics is codified it exerts a tremendous system-conforming influence on the further development of the system.“ Sama, 225.

¹³⁵ Sama, 232.

¹³⁶ „Codification of the poetics also leads to canonization of the output of certain writers whose work is seen as conforming most closely to the codified poetics. The work of those writers is then used as an example for future writers to follow, and it occupies a central position in the teaching of literature.“ Sama, 230-231.

Gagnrýnandi á fyrir sitt leyti ekki að gefa manni ábendingar og forða honum frá villu nema hann sjálfur vilji [...].¹³⁷

Starfi gagnrýnandans fylgja skyldur og siðareglur sem gera kleift að skilgreina það sem formleg viðbrögð bókmenntastofnunar fremur en persónuleg viðbrögð einstaklings. Aristóteles gefur starfinu til dæmis næstum vélrænan blæ er hann flokkar aðfinnslur vegna skáldskapar

í fimm atriði; „fyrir það, að eitthvað sé ógerlegt eða fjarstæðukennt eða skaðlegt eða mótsagnakennt eða sé ekki rétt í listrænum skilningi“. Hann leggur áherslu á að gagnrýni verði að vera sett fram að vel athuguðu máli og að taka verði með í reikninginn atriði eins og listrænan tilgang, samhengi, líkingamál og fleira.¹³⁸ Hér virðist ekkert rými fyrir persónulega duttlunga og viðmiðin virðast, eins og Lefevere segir, eilíf og óbreytanleg. Og reyndar hafa viðmið fornritanna reynst ótrúlega lífseig og hafa enn áhrif á það hvernig við hugsum um skáldskap.

Um leið og ritöld hófst á Íslandi fóru menn að leggja grunn að íslensku bókmenntasviði samkvæmt þessari klassísku fyrirmynd, en margir telja að íslensk skáldskaparfræði hafi þróast á sérstakan hátt þar sem snemma á miðöldum urðu á Íslandi „til blómlegar bókmenntir á móðurmálinu“.¹³⁹ Kristján Árnason, málvísindamaður og bragfræðingur, bendir til dæmis á að þótt „oft megi greina erlend áhrif“ og „tengsl við erlendan lærdóm“ séu „jafnan notuð íslensk dæmi“. Á Íslandi hafi því verið til „artekinn valkostur“ við klassíska latínumenningu sem hafi verið „fullboðlegur og jafngóður þeim klassíska suðurevrópska að mati heimamanna“.¹⁴⁰

Elsti vitnisburður um norræn skáldskaparfræði er Háttalykill hinn forni frá því um miðja 12. öld, „sem sýnir dæmi um fjölbreytileg bragform“, en merkustu ritin eru talin Snorra-Edda og fjórar málfræðiritgerðir¹⁴¹ sem skrifaðar eru á 12. til 14. öld. Sú fyrsta fjallar „fyrst og fremst um stafsetningu“ og „hafði að eigin sögn höfundar fyrst og fremst hagnýtan tilgang, sem sé að stuðla að því að ritun íslensks máls mætti þróast með sem bestum hætti“. Kristján Árnason dregur þá ályktun að hér hafi verið „þörf stöðlunar eða samræmingar á rithætti“. Önnur ritgerðin er „hrein-málfræðilegust af ritgerðunum fjórum“, en sú þriðja, sem er eftir Ólaf Þórðarson hvítaskáld, fjallar um „málskrúðsfræði, stílfræði og mælskulist, og notar íslensk dæmi um latnesk hugtök“ í „mælsku- og stílfræði“. Kristján segir þar sótt í

¹³⁷ Árni Sigurjónsson; *Bókmenntakenningar fyrri alda*, 88. Sjá einnig Hóras: „De Arte poetica Liber“, þýð. François Villeneuve, *Épîtres*, Paris, Société d'édition "Les Belles Lettres", 1978, 223-226.

¹³⁸ Aristoteles: *Um skáldskaparlistina*, 95.

¹³⁹ Kristján Árnason: *Stíll og bragur. Um form og formgerðir íslenskra texta*, Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafélag, 2013, 128.

¹⁴⁰ Sama, 128 og 133.

¹⁴¹ Sama, 128.

alþjóðlegan lærdóm, rit Priscianusar, *Institutiones grammaticae* og *Ars maior* eftir Dónatus. Markmiðið hafi verið að „flytja hin latnesku hugtök yfir á íslensku og skýra með íslenskum dæmum“ og ritgerðin sé „sem sé að sumu leyti í lærðum evrópskum anda“, enda „þótt notuð séu dæmi úr norrænum kveðskap til að sýna hin fjölbreytilegu meðul skáldskaparins“. Að mati Björns M. Ólsens gæti jafnframt í fjórðu málfræðiritgerðinni „áhrifa frá Doctrinale Alexanders frá Villadei og Graecismus eftir Ebrard frá Béthune“ og hljóti „þessi rit þá að hafa ratað til Íslands.“ Haldið sé þeim sið „að útskýra erlend fræðiheiti með dæmum úr íslenskum kveðskap en ritgerðarhöfundur yrki „sjálfur mörg af þeim dæmum sem notuð eru, þegar ekki finnast hentug dæmi úr eldri kveðskap“. ¹⁴² Snorra-Edda, sem er talin rituð á fyrri hluta 13. aldar, er ætluð „til fróðleiks ok skemmtunar“ ungum skáldum og lýsir Kristján henni sem „fræðiriti eða handbók um norrænan skáldskap og óðfræði“. Þar er einnig sótt í „mælskufræði evrópskra miðalda“ og um orðanotkun og skáldamál gilda reglur og venjur sem krefjast „oft talsvert mikils lærdóms eða þekkingar“. Kristján segir að ákveðnar formúlur hafi auðveldað „mönnum að rata um þennan heim“ og myndað „heildarkerfi sem minna á vissan hátt á málfræðileg mynstur eða orðmyndunarmynstur“. ¹⁴³ Hér hefur því snemma verið lagður grunnur að kóðun íslenskra skáldskaparfræða.

Evrópskur arfur

Þótt saga listgagnrýnninnar nái a.m.k. aftur til Platons og Aristótelesar er í þessari ritgerð markaður byrjunarreitur við fyrstu prentuðu íslensku fjölmiðlana; tímarit og dagblöð. Hins vegar hafði textategundin ritdómar öðlast nokkuð sterka hefð í nágrannalöndum okkar áður en fyrstu fjölmiðlarnir komu hér fram og sóttu Íslendingar beint í þá hefð. Áður en tekið er til við umræðu um íslenska ritdóma er því nauðsynlegt að líta út fyrir landsteinana og gera tilraun til þess að rekja þróun ritdómanna, eltast áfram við upphaf þeirra á ýmsum stöðum, og sú leit leiðir okkur víða um Evrópu.

Franska fræðikonan Pascale Casanova telur að við þurfum að enduruppgötva alþjóðlega vídd bókmennta sem hafi undanfarin tvö hundruð ár verið skorðaðar af pólitískum landamærum þjóða, sem og þeim sem markast af tungumálum:

¹⁴² Sama, 130-131.

¹⁴³ Sama, 134-177.

Tæki okkar til greiningar og mats eru þjóðleg. Reyndar er rannsókn á bókmenntum nær alls staðar í heiminum skipulögð út frá þjóðlegum forsendum. Þetta er ástæðan fyrir því að við erum blind fyrir ákveðnum þverþjóðlegum fyrirbærum sem hafa gert sérstökum bókmenntaheimi kleift að líta smám saman ljós á síðustu fjórum öldum eða svo.¹⁴⁴

Casanova talar í þessu samhengi um „alþjóðlegt bókmenntasvæði“ sem hún kallar „the world republic of letters“, eða alheimslýðveldi bókmenntanna, en hún nýtir sér m.a. kenningar Bourdieus um svið.

Til er „bókmennta-heimur“ sem er tiltölulega sjálfstæður frá hversdeginum og pólitískum flokkadráttum hans, sem hefur sín eigin mörk og virkni sem ekki er hægt að leggja að jöfnu við venjulegt pólitískt rými. Innan þessa *alþjóðlega bókmenntasvæðis* má finna valdatafl og ofbeldi af sérstöku tagi — *bókmenntaleg yfirráð* [sem ekki má rugla saman] við pólitísk yfirráðaform, jafnvel þó að þau geti að mörgu leyti verið háð þeim.¹⁴⁵

Bókmenntaheimurinn er skilgreindur sem nokkurs konar hliðstæður, alþjóðlegur heimur sem lýtur eigin lögmálum, tengist hinu stærra samfélagsrými og öðrum sviðum en yfirleitt á óbeinan hátt. Bourdieu talar einmitt um „autonomie relative“ eða „afstætt sjálfstæði“ sviða til að leggja áherslu á að þau séu bæði óháð og tengd ytri þáttum (sjá einnig bls. 12). Áhrif stéttarlegs bakgrunns, umhverfis eða samhengis á einstaklingshegðun innan sviðs eru aldrei bein, að mati Bourdieus.¹⁴⁶ Þannig hefur stétt listamanns ekki bein áhrif á listaverk hans en áhrif stéttarstöðunnar skarast við það mynstur sem mótast stigskiptingu og átök innan listasviðsins.¹⁴⁷ Ytri átök hafa samsvarandi óbein áhrif á átök innan sviða eins og bókmenntasviðsins.¹⁴⁸

Hugmyndir um sérstakan og sjálfstæðan bókmenntaheim eru síður en svo nýjar af nálinni en húanísk hugsjón um alþjóðlegt „lýðveldi menntanna“¹⁴⁹ mótast grunn þeirrar ritdómahefðar sem við þekkjum í dag. Fyrstu prentuðu tímaritin byggðu á húanískum hugmyndum um gildi menntunar og menntaðra samræðna en í umfjöllun um bókmenntaleg tímarit í lok 18. aldar rekur Isaac D'Israeli upphaf ritdóma til franska ritsins *Journal des*

¹⁴⁴ „Our instruments of analysis and evaluation are national. Indeed the study of literature almost everywhere in the world is organized along national lines. This is why we are blind to a certain number of transnational phenomena that have permitted a specifically literary world to gradually emerge over the past four centuries or so.“ Pascale Casanova: *The World Republic of Letters*, þýð. M. B. DeBevoise, Cambridge og London, Harvard University Press, 2004, xi.

¹⁴⁵ „There exists a “literature-world,” [...] relatively independent of the everyday world and its political divisions, whose boundaries and operational laws are not reducible to those of ordinary political space. Exerted within this *international literary space* are relations of force and a violence peculiar to them — in short, a *literary domination* [not to be confused] with the forms of political domination, even though it may in many respects be dependent upon them.“ Sama, xii-xiii.

¹⁴⁶ Swartz: *Culture and Power*, 119 og 126-128.

¹⁴⁷ Pierre Bourdieu: „Le champ littéraire: Préalables critiques et principes de méthode“, *Lendemains*, 36, 1984, 6.

¹⁴⁸ Pierre Bourdieu: „Le Champ littéraire“, *Actes de la recherche en sciences sociales*, september, 1991, 33.

¹⁴⁹ Íslenska hugtakið „lýðveldi menntanna“ er fengið frá Sigfúsi Daðasyni. Sjá Sigfús Daðason: „Eftirmáli og kveðjuorð“, *Tímarit Máls og menningar*, 4, 1976, 422. Ég þakka Hjalta Snæ Ægissyni ábendingu um þetta.

Sçavans sem Frakkinn Denis de Sallo hóf að gefa út árið 1665.¹⁵⁰ Og víst er að á 16. og 17. öld skapast í Evrópu forsendur fyrir ritdóma af þeirri gerð sem hér eru til umfjöllunar; þá verður til bókamarkaður, fjölmiðlar þróast sem hluti af nýjum almenningsvettvangi og aldagömul gagnrýnihefð finnur sér nýjan farveg í prentmiðlunum.

Journal des Sçavans kom út vikulega og efni þess voru vísindi, bókmenntir og listir. Markmið tímaritsins var að „að gera mönnum kunnugar þær nýjungar sem verða í Lýðveldi menntanna“, eins og kemur fram í bréfi ritstjórans til lesenda í fyrsta tölublaðinu.¹⁵¹ Hugtakið „Republique des lettres“ eða „respublica litteraria“ er hugtak sem sagt er koma frá ítalska húmanistanum Francesco Barbaro¹⁵² og átti þá, árið 1417, að lýsa samfélagi menntamanna. Síðar fór hugtakið að ná yfir mun stærra menntasamfélag sem var að þróast í Evrópu og átti rætur í sívaxandi og sífjölga háskólum:

Bréfaskeiptanet þar sem rætt var um fræðileg efnisatriði, vísindarannsóknir og nýjustu útgáfur lá þvers og kruss um Evrópu og [...] náði jafnvel út fyrir hana.¹⁵³

Þróun prentverksins gerði samskipti þessa alþjóðlega hóps menntamanna aðgengileg fyrir fleiri. Bréfaskeipti rötuðu í prentaðar bækur og fyrstu tímaritin komu fram.¹⁵⁴ Þar skiptust menntamenn á skoðunum í greinum, bókaumfjöllunum, opnum bréfum, minningargreinum og öðrum textum. Varð prentverkið því boðberi frjálsrar, gagnrýnnar umræðu en viðbragðið var oft auknir ritskoðunartilburðir.

Noel Malcolm lýsir hugmyndinni um samfélagið sem skapaðist meðal menntamanna þannig:

¹⁵⁰ Isaac D'Israeli: „Literary Journals“, *Curiosities of Literature*, London og New York, George Routledge and sons, 1867, 5.

¹⁵¹ „Le dessein de ce Journal estant de faire sçavoir ce qui se passe de nouveau dans la Republique des lettres [...]“ Denis De Sallo: „L'imprimeur au lecteur“, *Le Journal des Sçavans*, 1, 1665, 1.

¹⁵² Marc Fumaroli: „The Republic of Letters“, *Diogenes*, 36, 1988, 137.

¹⁵³ „Networks of correspondence, discussing points of scholarship, scientific research, and the latest publications, crisscrossed Europe and [...] even further afield.“ Noel Malcolm: „Private and Public Knowledge. Kircher, Esotericism, and the Republic of Letters“, *Athanasius Kircher: The Last Man Who Knew Everything*, ritstj. Paula Findlen, London, Routledge, 2004, 297.

¹⁵⁴ Guðjón Friðriksson segir að fyrsta prentaða blaðið í heiminum sem kom „út reglulega með nýju efni í hvert sinn og [var] í fastmótuðu sambandi eða samhengi við lesendur“ hafi verið *Nieuwe Tidjinghe* sem kom fyrst út í Antwerpen í maí 1605. Guðjón Friðriksson: *Nýjustu fréttir. Saga fjölmiðlunar á Íslandi frá upphafi til vorra daga*, Reykjavík, Iðunn, 2000, 10. Í *Encyclopædia Britannica* segir að fyrsta ritið sem kalla megi tímarit hafi verið *Erbauliche Monats-Unterredungen* sem Johann Rist stofnaði í Hamborg árið 1663, en fáum vikum eftir fyrstu útgáfu *Journal des Sçavans* árið 1665 hóf tímaritið *Philosophical Transactions* göngu sína í London og hafði það franska blaðið sem fyrirmynd. Ítalska tímaritið *Giornale de' letterati* kom út árið 1668 og árið 1682 kom svipað tímarit út í Þýskalandi, kallað *Acta eruditorum*, en ólíkt hinum tímaritunum var það skrifað á latínu en ekki tungu landsmanna. George Unwin: „History of publishing“, *Encyclopædia Britannica*, 28. maí 2014, sótt 4. febrúar 2015 af <http://www.britannica.com/EBchecked/topic/482597/history-of-publishing/28679/Magazine-publishing#ref398296>.

Ímynd „Lýðveldis menntanna“ sem við þekkjum í dag mótaðist á síðari hluta 17. aldar og í byrjun 18. aldar. Það er ímynd menntaðs svæðis sem er opið, byggt á samvinnu og umfram allt alþjóðlegt hvað umfang og metnað varðar. [...] Það sem gerðist í þessu „lýðveldi“ fór að hluta til fram á prenti og að hluta til í samræðum (í akademíum, salónum og á kaffihúsum); en bréfaskipti voru ef til vill sá samskiptamáti sem einkenndi það mest.¹⁵⁵

Þótt margt beri hér lýðræðislegt yfirbragð í nútímaskilningi varar Malcolm við því að gefa orðinu „*respublica*“ of mikla pólitíska merkingu eða tengja það of bókstaflega kenningum Jürgens Habermas um almenning: „Oft var það hreinlega samheiti fyrir *orbis literarius* (bókmenntaheiminn); og orðið *respublica*, sem við þýðum sem „lýðveldi“, var notað í hinni almennari merkingu *res publica* (almenn velferð) [...]“.¹⁵⁶ Um aldamótin 1700 dregur Frakkinn Noël Bonaventure d'Argonne fram, goðsagnablæ fyrirbærisins og segir að lýðveldi menntanna sé afar fornt, ummerki um það megi merkja á sögunum um súlurnar sem afkomendur Seths rituðu vísindabekkingu sína á¹⁵⁷ til að tryggja að hún lifði af Nóaflóðið.¹⁵⁸ Lýðveldi menntanna er hugsjón frekar en efnislegur veruleiki, en afar áhrifamikil hugsjón, ekki síst þar sem enginn, ekki einu sinni konur og börn, er útskúfaður úr þessu ríki er virðist svo útópískt í lýsingu d'Argonnes:

Aldrei hefur verið uppi stærra lýðveldi, né fjölmennara, né dýrðlegra. Það nær yfir alla jörðina og er samansett af fólki af öllum þjóðum, af öllum stigum, öllum aldri, öllu kyni, hvorki konur né börn eru útilokuð. Þar eru talaðar allar tungur, lifandi og dauðar.¹⁵⁹

Lýðveldi menntanna hefur sitt sjálfstæða gildismat, valdaátök og samskipti á grundvelli eigin leikreglna og gæti því allt eins kallast alþjóðlegt menningar- eða lærdómssvið, en líkt og sviðum Bourdieus (sjá bls. 11) er hægt að skipta því niður í mismunandi „undirsvið“ samkvæmt lýsingu d'Argonnes: „Öllu ríkinu er skipt niður milli Heimspekinga,

¹⁵⁵ „The image of a “Republic of Letters” which we have today was fashioned in the late seventeenth and early eighteenth centuries. It is the image of an intellectual realm, open, collaborative, and above all universal in its scope and its aspirations. [...] The activities of this “republic” were conducted partly in print, and partly in conversation var dæmigerðasti samskiptamáttinn bréfaskipti. (in academies, salons, and coffeehouses); but perhaps its most characteristic medium was correspondence.“ Malcolm: „Private and Public Knowledge“, 297.

¹⁵⁶ „[...] the term “Republic of Letters” was used in many ways, most of which were devoid of political implications. Often the phrase was merely a synonym for *orbis literarius* (the literary world); frequently the term *respublica*, which we translate as “republic,” was used in the more general sense of *res publica* (the common good) [...]“. Sama, 300.

¹⁵⁷ d'Argonne vísar til sagnaritarans Flavíusar Jósefusar sem var uppi á 1. öld eftir Krist og segir svo frá: „Moreover, to prevent their discoveries from being lost to mankind and perishing before they became known — Adam having predicted a destruction of the universe, at one time by a violent fire and another by a mighty deluge of water — they erected two pillars, one of brick and the other of stone, and inscribed these discoveries on both; [...]“ Flavíus Josefus: *Jewish Antiquities* IV, þýð. H. St. J. Thackeray, London, William Heinemann Ltd, 1930, 33.

¹⁵⁸ Malcolm: „Private and Public Knowledge“, 67-71.

¹⁵⁹ „Jamais République n'a été ni plus grande, ni plus peuplée, ni plus libre, ni plus glorieuse. Elle s'étend par toute la terre, & est composée de gens de toute nations, de toute condition, de tout âge, de tout sexe, les femmes non plus que les enfants n'en étant pas exclus. On y parle toute sorte de Langues vivantes & mortes. [...]“ Noël Bonaventure d'Argonne: *Mélanges d'histoire et de littérature, recueillis par M. DeVigneul-Marville. Nouvelle Edition, revûe, corrigée, & augmentée* II, Paris, Claude Prudhomme, 1713, 68.

Lækna, Guðfræðinga, Dómara, Stærðfræðinga, Mælskufræðinga, Málfræðinga og Skálda, sem hverjir hafa sín eigin lög.¹⁶⁰ Hinn táknræni auður sem tekist er á um á þessu hugmyndalega og listræna sviði, samkvæmt d'Argonne, er heiður og ódauðleiki. Bardagatækin eru sótt í tungumálið og rökræðuhefðina:

Pólítíkin í þessu ríki snýst meira um orð, um spakmæli og óræðar hugleiðingar, en gjörðir og árangur. Fólkið þar leggur alla sína krafta í mælsku og rök hugsun. Viðskiptin þar eru öll af andlegu tagi og auðæfin eru mjög lítilfjörleg. Þar teygja menn sig eftir frægð og ódauðleika í öllum eignum.¹⁶¹

Hagsmunirnir sem tekist er á um í þessu lýðveldi menntanna eru þó afar raunverulegir, en Pascale Casanova bendir á að alþjóðlegt bókmenntasvæði hafi myndast á 16. öld, einmitt þegar bókmenntir fóru að verða uppspretta samkeppni milli evrópsku ríkjanna. Bókmenntaheimurinn hafi í kjölfarið orðið að vígvelli þar sem einstaklingar, hópar og þjóðir tókust á,¹⁶² og ítrekað sé talað um sérstakt „hagkerfi“ í þessu samhengi:

Síðan á dögum Du Bellay hafa margir höfundar reynt að svipta hulunni af ofbeldisfullu eðli bókmenntasamkeppni — að sýna hvað er í raun og veru í húfi. Bókstafleg túlkun á textum þeirra leiðir í ljós óvæntan heim, þ.e. bókmenntaheiminn eins og hann virkar í raun og veru. En allri notkun á hugtökum úr viðskiptaheiminum, öllum yfirlýsingum um „markaðstorg orðanna“ og „ósýnileg stríð“ (Khlebnikov), öllu tali um „heimsmarkað vitsmunalegra gæða“ (Goethe), öllum vísunum til „óefnislegs auðs“ eða til menningar sem einnar tegundar „auðmagns“ (Valéry) er hafnað af gagnrýnendum sem fremur vilja myndræna og „ljóðræna“ túlkun.

Staðreyndin er eftir sem áður sú að á hinum ýmsu tímum og á ólíkum stöðum hafa margir af virtustu keppendum sem taka þátt í leikum bókmenntanna reynt að lýsa á raunsæjan hátt því sem Valéry kallaði „andlegan efnahag“ og liggur formgerð bókmenntaheimsins til grundvallar.¹⁶³

Hinum óáþreifanlegu en raunverulegu hagsmunum fylgja hins vegar ókostir og d'Argonne segir helstu lesti sviðsins vera „yfirlæti, hégómagimnd, dramb, afbrýði, illmælgí“. Þar geisi

¹⁶⁰ „Les sectes y sont en grand nombre [...] Tout l'Etat est divisé entre les Philosophes, les Médecins, les Théologiens, les Jurisconsultes, les Historiens, les Mathématiciens, les Orateurs, les Grammairiens & les Poètes, qui ont chacun leurs loix particulières.“ d'Argonne: *Mélanges d'histoire et de littérature*, 69.

¹⁶¹ „La Politique de cet Etat consiste plus en paroles, en maximes & réflexions vagues, qu'en actions & en effets. Le peuple y tire toute sa force de l'éloquence & du raisonnement. Son trafic est tout spirituel, & ses richesses sont très-médiocres. On y tend à la gloire & à l'immortalité, sur toutes choses.“ Sama, 68-69.

¹⁶² Casanova: *The World Republic of Letters*, 11.

¹⁶³ „Since Du Bellay, many authors have tried to expose the violent nature of literary competition — to show what is really at stake in it. A literal reading of their texts reveals the existence of an unsuspected world, which is to say the world of letters as it actually operates. But every use of terms drawn from the world of commerce, every assertion of the existence of „verbal marketplaces“ and „invisible wars“ (Khlebnikov), every invocation of a „world market of intellectual goods“ (Goethe), every reference to „immaterial wealth“ or to culture as a form of „capital“ (Valéry), is firmly denied and rejected by critics in favor of a metaphorical and „poetic“ interpretation.

The fact, remains, however, that at different times and in different places many of the most prestigious contestants in the game of letters have sought to realistically describe what Valéry called the „spiritual economy“ underlying the structure of the literary world.“ Sama, 9-10.

einnig „nær ólæknandi sjúkdómur, sem kallast Hungur, og veldur mikilli kvöl í landinu“.¹⁶⁴ Margvíslegur uppruni þátttakendanna gerir það að verkum að sumir leika óheiðarlega. Snákarnir í Paradís d'Argonnes eru til dæmis ritþjófar, falsarar, þeir sem tala án þess að hafa nokkuð að segja og letingjar sem vilja njóta alls sem ríkið hefur að bjóða án þess að leggja neitt til uppbyggingar þess. Heiðarleg þátttaka í Lýðveldinu krefst hins vegar fórna og er jafnvel hættuleg.¹⁶⁵

Þessar lýsingar á einkennum Lýðveldis menntanna koma á framfæri þeim skilmálum sem þátttakendur á bókmenntasviðinu gangast undir, en eins og fram hefur komið telur Bourdieu að á bókmenntasviðinu ríki sérstök tegund stigveldis sem séu að einhverju leyti andstæð ráðandi hugmyndum um velgengni sem efnislegum gróða, verðlaunum og stundarfræð eða stofnanabundnu menningarlegu yfirvaldi (sjá bls. 12). Árið 1737 segir enska leikskáldið Elizabeth Cooper að rithöfundar förnir „áþreifanleika lífsins í nútíðinni fyrir skugga framtíðarfræðar“.¹⁶⁶ Hún lætur þessi orð falla í inngangi að sýnisriti um enskar bókmenntir sem hún kallar „varnarmúr milli tímans og viðurkenningar“,¹⁶⁷ en árið 1759 bendir enski rithöfundurinn og gagnrýnandinn Samuel Johnson á að í bókmenntaheiminum gildi samkomulag um að viðhalda tálsýninni um varanleika alvöru bókmennta, þótt loforðin séu oft meiri en efnirnar að hans mati:

Fullvissanir um lærviðarsveiga sem sölna aldrei, og ódauðlegan orðstír, er viðtekin kurteisishefð innan vinahópa rithöfunda. Að reisa *minnisvarða sem endast lengur en eir og rísa herra en pýramíðarnir* hefur löngum verið sagt aðalsmerki bókmenntanna en meðal hinna óteljandi arkitekta sem reisa súlur í eigin nafni sjá langflestir, ýmist vegna skorts á endingargóðum efniviði eða listinni að raða honum niður, byggingar sínar hrynja einmitt þegar þær tróna næst fullkomnun, og þær fáu sem fá um stund náð fyrir augum mannkynsins hafa yfirleitt veikar stoðir og sökkva fljótt í fen tímans.¹⁶⁸

¹⁶⁴ „[...] la présomption, la vanité, l'orgueil, la jalousie, la médisance. Il y régne aussi une maladie presque incurable, qu'on appelle *la Faim*, laquelle désole tout le Païs“ d'Argonne: *Mélanges d'histoire et de littérature*, 70.

¹⁶⁵ Sama, 70-71.

¹⁶⁶ „[...] Authors have sacrific'd the *Substance* of present Life to the *Shadow* of future Fame.“ Elizabeth Cooper: „Preface to *The Muses Library*“, *Women Critics 1660-1820. An Anthology*, ritstj. Virginia Walcott Beauchamp, et al., Bloomington og Indianapolis, Indiana University Press, 1995, 73.

¹⁶⁷ „Bulwark between Time and Merit“. Sama, 77.

¹⁶⁸ „An assurance of unfading laurels, and immortal reputation, is the settled reciprocation of civility between amicable writers. To raise *monuments more durable than brass, and more conspicuous than pyramids*, has been long the common boast of literature; but among the innumerable architects that erect columns to themselves, far the greater part, either for want of durable materials, or of art to dispose them, see their edifices perish as they are towering to completion, and those few that for a while attract the eye of mankind, are generally weak in the foundation, and soon sink by the saps of time.“ Samuel Johnson: „[The Rambler] No. 106. Saturday, 23 March 1751“, *Selected Essays*, ritstj. David Womersley, London, New York, Victoria, Ontario, Panchsheel Park, Auckland og Rosebank, Penguin Books, 2003, 192.

Johnson vitnar hér í frægar línur Hórasar um bókmenntir sem varanlegasta minnisvarðann¹⁶⁹ en sú hugmynd hefur síðan á fornöld verið hluti af *illusio* eða tálsýn bókmenntasviðsins, sem samkvæmt Bourdieu er trúin á gildi þeirra athafna sem fram fara á sviðinu¹⁷⁰ og gerir það að verkum að þátttakendur telja sig eiga raunverulegra samfélagslegra hagsmuna að gæta. Tálsýnin er hluti af eins konar samfélagsáttmála er ákvarðar hvaða hagsmunir séu að veði, hluti af „sameiginlegri meðvitund“ sviðsins; því sem Bourdieu kallar *doxa* og vísar til fyrirframgefina forsenda sem ákvarða gjörðir innan sviðsins.¹⁷¹ Milli allra sem taka þátt ríkir þegjandi samkomulag um að það sé þess virði að takast á um auðlindir sviðsins og um grundvallarleikreglur. Menn geta sem sagt haft mismunandi skoðanir á því sem þeir deila um, en þeir eru sammála um að deila um ákveðin efni. Þessi sameiginlegi grundvöllur er hins vegar að einhverju leyti dulinn þátttakendum fyrir tilstilli þessara sömu átaka.¹⁷²

Umræður um þessar undirliggjandi forsendur sviðsins skjóta þó alltaf upp kollinum af og til, og þá fellur það að mestu leyti í skaut gagnrýnenda að færa þær í orð. Samuel Johnson er til dæmis mjög upptekinn af því að sumir rithöfundar og verk þeirra gleymast á meðan önnur verk lifa og að ekki er alltaf samhengi milli verðleika og langlífis. Í krafti ráðandi stöðu sinnar á bókmenntasviðinu tekur hann sér vald til að skilgreina að einhverju leyti reglurnar og eðli auðsins sem tekist er á um er hann lýsir jákvæðu hliðinni á því að góðir höfundar falli líka í gleymsku:

[...] ef við hefðum fengið nægan arf frá fornöld til að sjá hinum vinnusömu fyrir nægri vinnu og iðjuleysingjum fyrir nægri afþreyingu, veit ég ekki hvaða rými væri eftir fyrir nútíma snilligáfu eða nútíma iðju; nær hvert viðfangsefni væri upptekið og allar tegundir stíls ákveðnar af fordæmi sem fáir myndu hafa þorað að víkja frá. Hver höfundur myndi eiga sér keppinaut sem hefði þegar hlotið viðurkenningu fyrir yfirburði sína [...].¹⁷³

Samkvæmt kenningum Bourdieus snúast menningarverðmæti um að skapa sér sérstöðu, aðgreina sig frá öðrum og ekki síst forverunum.¹⁷⁴ Johnson bendir einmitt á nauðsyn þess að losna við hið gamla til að skapa rúm fyrir það nýja; samkeppni hins nýja við hið gamla komi á hreyfingu innan bókmenntasviðsins og stuðli að framþróun. Bókmenntasagan er oft þannig

¹⁶⁹ „Exegi monumentum aere perennius / Regalique situ pyramidum altius“. Hóras: „Carminum Liber III“, Ode XXX, *Oeuvres d'Horace. Odes, Épodes et Chant séculaire*, ritstj. Frédéric Plessis, P. Lejay og E. Galletier, Hildesheim, Georg Olms Verlagsbuchhandlung, 1966, 263.

¹⁷⁰ Swartz: *Culture and Power*, 125.

¹⁷¹ Benson og Neveu: „Introduction. Field Theory as a Work in Progress“, 3.

¹⁷² Swartz: *Culture and Power*, 232, neðanmáls.

¹⁷³ „[...] if we had inherited from Antiquity enough to afford employment for the laborious, and amusement for the idle, I know not what room would have been left for modern genius or modern industry; almost every subject would have been preoccupied, and every style would have been fixed by a precedent from which few would have ventured to depart. Every writer would have had a rival, whose superiority was already acknowledged[...].“ Johnson: „[The Idler] No. 66. Saturday, 21 July 1759“, 473.

¹⁷⁴ Bourdieu: „Myndbreyting smekksins“, 53.

skilgreind sem ofbeldisfull í eðli sínu; náttúrulögmál um hnignun, dauða og eilífa endurnýjun ráði ríkjum, sé forsenda framþróunar bókmennta og þar með siðmenningar. Goethe telur til dæmis, árið 1798, að þróun bókmenntaumræðunnar fylgi lögmálum um baráttu hinna sterku; „þegar fyrirbæri þrífast ekki samhliða, ýta þau hvert öðru til hliðar“.¹⁷⁵ Viðbrögð Williams Stanleys Braithwaites við „hugdjarfri“ notkun Amy Lowell á nýjum ljóðformum í upphafi 20. aldar eru einnig gott dæmi. Hann fagnar skilningi Lowell á því að þegar hún kynni nýtt afl til sögunnar verði hún að byrja á að „drepa, eða að minnsta kosti veita hefðinni áverka, jafnvel þótt sú hefð hafi eitt sinn búið yfir öllum dyggðunum“.¹⁷⁶ Að baki býr sú hugmynd að fyrst þegar hefðin liggja óvíg fyrir fótum okkar getum við fótumtroðið hana til að ná upp í næsta þrep framþróunarinnar. Þótt 20. aldar menn beini spjótum gegn hefðinni er hún því áfram sá grundvöllur sem Elizabeth Cooper lýsir árið 1737 er hún segir að viljum við ekki falla aftur í far „fáfræði og ómennsku fyrri tíma“¹⁷⁷ þurfi varðveislu hins besta, klassíkurinnar, stoðanna sem koma í veg fyrir að við gleymum öllu sem hefur áunnist. Þess vegna verður ferlið að velja og hafna að lykilatriði:

Það er rétt, að ekki framleiðir aðeins hver öld heldur hvert ár fjölda nýrra verka, og það væri ómögulegt að varðveita þau öll; né myndu þau öll verðskulda það. En ef við létum dómgreind og hlutleysi stjórna vali okkar yrði verkefnið auðvelt, og allir góðir höfundar myndu hagnast á því.¹⁷⁸

Þeir einstaklingar sem takast það á hendur að ákveða hvaða verkum skuli haldið til haga geta samkvæmt þessu stuðlað að framþróun menningar með því að byggja upp rétta eða ákjósanlega mynd af fortíð og nútíð og gagnkvæmum tengslum þeirra. Þetta verður eitt af mikilvægustu hlutverkum ritdómara.

Skóðanafrelsi eða hardstjórn?

Eitt meginhlutverk *Journal des Sçavans* í samfélagi menntafólks var að bjóða upp á umfjöllun um bækur.¹⁷⁹ Ritstjórinn lofar að birta lista yfir allar helstu bækur sem prentaðar eru í Evrópu, en ætlar ekki að láta staðar numið við hefðbundna bókalista, heldur að segja einnig frá því um hvað bækurnar fjalla og hvaða gagn sé hægt að hafa af þeim. Telur hann að tímaritið verði

¹⁷⁵ Johann Wolfgang von Goethe: „Einleitung Propyläen“, *literaturwelt.com*, sótt 3. nóvember 2009 af <http://www.literaturwelt.com/werke/goethe/einleitungpropylaen.html>.

¹⁷⁶ William Stanley Braithwate: „Amy Lowell Again Assails Tradition“, *Boston Evening Transcript*, 1916. Tilvitnun sótt í Adrienne Munich og Melissa Bradshaw: „Introduction“, *Amy Lowell, American modern*, ritstj. Adrienne Munich og Melissa Bradshaw/Rutgers University Press, 2004, xi.

¹⁷⁷ „[...] the Ignorance, and Inhumanity of former Times.“ Cooper: „Preface to *The Muses Library*“, 76.

¹⁷⁸ „Tis true, not only every Age, but every Year produces Numbers of new Pieces, and 't would be impossible to preserve them all; neither indeed, would all deserve it: But should we govern our Choice with Judgment, and Impartiality, the Task would be easy, and every good Author would receive the Benefit of it.“ Sama, 76-77.

¹⁷⁹ Auk fréttu af vísindalegum athugunum, dómum (kirkjulegum og veraldlegum) eða ákvörðunum háskóla og öðru merkilegu sem gæti vakið forvitni menntafólks. Sallo: „L'imprimeur au lecteur“, 1.

gagnlegt þeim sem kaupa reglulega bækur og jafnvel hinum líka, sem ekki hafa efni á því, þar sem þeir fá nú almennar upplýsingar um áhugaverðar bækur. Sú ákvörðun að gefa ritið út vikulega er studd þeim rökum að viðfangsefni þess eldist hraðar en svo að nóg sé að fjalla um það mánaðarlega, hvað þá einu sinni á ári. Þá eigi ritið að vera afþreying og tilbreyting frá löngum og oft gömlum ritum.¹⁸⁰ Tímaritið er því greinileg tilraun til að bregðast við nýjum veruleika þar sem prentaðar bækur eru orðnar að algengri og eftirsótttri markaðsvöru og þekking á því hvaða bækur eru mikilvægar og á innihaldi þeirra þykir nauðsynleg — ekki bara innan yfirstéttar eða forréttindahóps, heldur einnig meðal almennings.

Ritstjórinn kallar jafnframt eftir efni frá lesendum og telur að blaðið geti þannig verið vettvangur upplýsingaflæðis og skoðanaskipta; húmanísku dyggðanna er prýða hið útópíska lýðveldi menntanna. Vegna þess að höfundarnir verði margir muni viðhorfin sem birtast í blaðinu verða margvísleg. Ritstjórinn taki að sér að samræma efnið hvað varðar stíl og framsetningu en hvað varðar málefni eða skoðanir hljóti ákveðið „afskiptaleysi“ að teljast „nauðsynlegt, í riti sem verður að vera laust við allar tegundir fordóma, ástríður eða hlutdrægni“.¹⁸¹ Til að í blaðinu geti skapast margradda, gagnrýnin umræða þarf blaðið að vera fordómalaus vettvangur, engum vilhallt umfram annan og ekki litað af tilfinningum stjórnenda og umræðan sem verið er að skapa rými fyrir þarf frelsi sem ekki er alltaf til staðar í félagsheiminum; verndaðan vettvang, öruggan ramma sem, líkt og ritúal, gerir einstaklingum kleift að fara yfir hefðbundin mörk hins leyfilega.

D'Israeli bendir á að tímaritinu *Journal des Sçavans* hafi verið afar vel tekið, það þýtt á önnur tungumál og fjölmargir fylgt fordæminu. Hins vegar hafi beitt gagnrýni de Sallos oft valdið uppnámi og verið tilefni kvartana:

Ritstuldur hinna lærðu var dreginn fram í dagsljósið, og gáfur gáfumennanna dregnar í efa. [...] Aðrir mótmæltu harðlega þessari nýju tegund harðstjórnar, og þessari tilraun einstaklings til að stjórna almenningsálitinu.¹⁸²

Lýðveldi menntanna hefur samkvæmt þessu getið af sér nýja tegund harðstjórnar gagnrýnandans sem tekur sér vald til að dæma allt og alla. Með þessari hegðun sinni þykir hann fara yfir strikið og um leið vaknar óttinn við misnotkun á því stjórnlause valdi sem Mary Douglas segir leysast úr læðingi þegar farið er yfir hefðbundin mörk (sjá bls. 18).

¹⁸⁰ Sama, 1.

¹⁸¹ „Cette indifférence sans doute sera jugée nécessaire, dans un Ouvrage qui ne doit pas être moins libre de toute sorte de préjugés, qu'exempt de passion et de partialité.“ Sama, 2.

¹⁸² „The learned had their plagiarisms detected, and the wit had his claims disputed. [...] Others loudly declaimed against this new species of imperial tyranny, and this attempt to regulate the public opinion by that of an individual.“ D'Israeli: „Literary Journals“, 5.

Það er einmitt valdakerfið sem veldur vandræðum í lýðveldi menntanna, að mati d'Argonnes. Gallinn við lýðveldið er sá að lýðurinn er skammssýnn og dyntóttur er kemur að því að útteila verðlaunum sviðsins, heiðri og frægð, og telja margir þátttakendur sig hlunnfarna.¹⁸³ Að auki getur gagnrýnandinn, sem tekur að sér það hlutverk að leiðbeina við ákvarðanir um skiptingu auðlindanna, fremur reynst harðstjóri en réttlátur dómari; hann getur orðið yfirvald sem hindrar hin mikilvægu, frjálssu skoðanaskipti:

Réttlætinu þar er útteilt af gagnrýnendunum, oft með meiri þunga en dómgreind. Fólkið þarf mikið að líða af hálfu þessara aðila, sérstaklega þegar þeir eru smámunaseggir og hugsjónamenn. Þeir grísa, höggva í sundur eða bæta við eins og þá lystir og enginn höfundur getur varist örlögunum þegar hann er á annað borð fallinn í þeirra hendur. Til eru þeir sem farið er svo grimmilega með að þeir missa vit og dómgreind.¹⁸⁴

Frá upphafi fjölmiðlunar er því litið á ritdómara sem fulltrúa sama kúgunargangvirkis og þeir telja sig sjálfir berjast gegn í nafni málfrelsis. Það er stuttur vegur frá því að lýsa yfir sjálfstæði frá þrúgandi yfirvaldi í nafni lýðveldislegra jafnræðishugsjóna yfir í að einangrast í háseti elítunnar sem ætlar að varða veginn til frelsis, og ritdómari virðist um aldabil stíga línudans á þeim mörkum.

Óorðið sem fylgdi ritdómum dró hins vegar ekki úr vinsældum þeirra, og tímaritum sem fjölluðu um bækur fór ört fjölgandi. Enska tímaritið *The Tatler*, sem kom út þrisvar í viku á árunum 1709-1711, var eitt þeirra og fylgir húmanísku stefnunni að miklu leyti þótt áherslan á margradda umræðu sé minni en í *Journal des Sçavans* og predikunarstíllinn meiri. Í fyrsta tölublaðinu kemur fram að það sé gefið út til að vega upp á móti yfirborðslegri samræðuhefð og að markmiðið sé að allir geti fundið þar eitthvað forvitnilegt, óháð stöðu þeirra eða kyni.¹⁸⁵ Tilgangurinn er því frekar að opna augu fólks, betrumbæta og hreinsa til, en að eiga í skoðanaskiptum á jafnréttisgrundvelli. Richard Steele gaf tímaritið út, með aðstoð gamals vinar og skólabróður, Josephs Addisons, en þeir félagar stofnuðu tímaritið *The Spectator* þegar *The Tatler* leið undir lok og kom það út daglega í þrjú ár. Þessi tvö tímarit eru almennt talin hafa haft mikil áhrif á menningarumræðu og þróun fjölmiðlunar,¹⁸⁶ en þar var þróuð

¹⁸³ „Le Public y distribué la gloire; mais souvent avec beaucoup d'aveuglement & trop de précipitation: ce qui cause de grandes plaintes, & excite de fâcheux murmures dans la République.“ d'Argonne: *Mélanges d'histoire et de littérature*, 70.

¹⁸⁴ „La Justice y est administrée par les Critiques souvent avec plus de sévérité que de jugement. Le Peuple a bien à souffrir de ces gens-là, principalement quand ils sont vêtillieux & visionnaires. Ils coupent, tranchent, ou ajoutent comme il leur plaît; & nul Auteur ne peut répondre de sa destinée quand il est une fois tombé entre leurs mains. Il y en a qui en sortent si cruellement maltraitez & mutilez, qu'ils en perdent le sens & la raison.“ Sama, 69.

¹⁸⁵ Richard Steele: „Dedications“, *The Tatler* I, ritstj. Donald F. Bond, Oxford, Clarendon Press, 1987, 7.

¹⁸⁶ Sjá t.d. Terry Eagleton: *The Function of Criticism. From the Spectator to Post-Structuralism*, London, 1984, 17.

ákveðin tegund blaðamennsku þar sem viðfangsefnið var ekki fréttir heldur bókmenntir og lífsstíll sem fjallað var um í esseyjuformi.

Samuel Johnson notaði tímaritaesseyjur (e. *periodical essay*) í tímaritum sínum á síðari hluta 18. aldar og sagði þær eiga rætur að rekja til bóka er leggja fólki lífsreglurnar (e. *conduct books*), rita á borð við *Il Galathea* eftir Giovanni della Casa, *Il libro del cortegiano* eftir Castiglione og *Les caractères, ou les mœurs de ce siècle* eftir La Bruyère.¹⁸⁷ Að mati Johnsons var tilgangur þessa verka eftirfarandi:

Að kenna hina smágerðari háttprýði og hinar minniháttar skyldur, að stýra framgangi daglegra umræðna, að leiðréttá þá siðspillingu sem er kjánaleg fremur en glæpsamleg og koma í veg fyrir leiðindi sem, ef þau valda þá ekki varanlegum illindum, eru sífellt tilefni skaprauna [...].¹⁸⁸

Þetta segir Johnson að sé hægt að gera einstaklega vel með tíðri útgáfu stuttra ritgerða sem menn lesa ekki sem fræði heldur sér til skemmtunar. Þannig megi ná til alls almennings en ekki aðeins afmarkaðs hóps.¹⁸⁹

Esseyjuformið er yfirleitt rakið til Frakkans Michels de Montaigne sem skírði fyrsta rit sitt *Essais* árið 1597. Það hentaði vel til ritdóma og var hluti þeirrar frönsku gagnrýnihefðar sem ensk gagnrýni byggði að miklu leyti á¹⁹⁰ Henry Morley fullyrðir reyndar árið 1891 að undir lok sautjándu aldar, þegar Addison og Steele voru stúdentar við Oxford, hafi flestir enskir höfundar lotið hinum miklu hæfileikum Frakka til gagnrýni. Morley nefnir sérstaklega Frakkann Nicolas Boileau sem á 17. öld hafi verið „hinn mikli einvaldur bókmenntagagnrýnninnar“.¹⁹¹ Skáldið og bókmenntafræðingurinn A.F.B. Clark segir að Englendingar hafi strax farið að stæla formið sem Boileau notaði, „poetic treatise“ eða fræðiritgerð í ljóðaformi, en að fram að þeim tíma hafi ensk gagnrýni verið í formi inngangsorða að ljóðum eða leikritum og því alltaf tengd verkunum sem á eftir fylgdu. Fræðiritgerðin bjóði hins vegar upp á kenningasmíð (e. *theorizing „in vacuo“*) og áherslu á almenn undirliggjandi heimspekileg lögmál gagnrýnninnar.¹⁹²

¹⁸⁷ David Womersley: „Introduction“, í: Samuel Johnson: *Selected Essays*, ritstj. David Womersley, London, New York, Victoria, Ontario, Panchsheel Park, Auckland og Rosebank, Penguin Books, 2003, xiv.

¹⁸⁸ „To teach the minuter decencies and inferior duties, to regulate the practice of daily conversation, to correct those depravities which are rather ridiculous than criminal, and remove those grievances which, if they produce no lasting calamities, impress hourly vexation [...]“. Samuel Johnson: „Addison“, *Lives of the English Poets I*, London, Oxford University Press, 1959, 407.

¹⁸⁹ Sama, 408. Sjá einnig Womersley: „Introduction“, xiv.

¹⁹⁰ A.F.B. Clark segir að allt frá 1660 og fram á seinni helming 18. aldar komi nær allar kenningar og lögmál enskrar gagnrýni frá Frakklandi. A.F.B. Clark: *Boileau and the French Classical Critics in England (1660-1830)*, Genf, Slatkine Reprints, 1978, 233.

¹⁹¹ Henry Morley: „Introduction“, *The Spectator*, ritstj. Henry Morley, London, Glasgow, Manchester og New York, George Routledge and sons, 1891, viii-ix.

¹⁹² Clark: *Boileau and the French Classical Critics in England*, 388.

Áður en ritdómar komu fram sem sérstök textategund á Íslandi voru „dómar“ um bækur líka stundum settir fram í ljóðaformi en þá oft sem skop. Í *Íslenskri bókmenntasögu* segir til dæmis að Skíðaríma, sem sé „varla yngri en frá 15. öld“, sé skopstæling á kvæðagreininni og einni grein helgibókmennta, leiðslunum, en frá síðmiðöldum séu til svipaðar skopfærslur (travestíur) á rómönsukveðskap í Þýskalandi.¹⁹³ Nýlegra dæmi er frá upphafi 19. aldar, en þá skrifaði Jón Þorláksson „Rustasneið“, niðkvæði gegn sálmabók Magnúsar Stephensen, uppnefndri *Leirgerði*, sem kom út 1801. En þótt Jón tæpi þar á tæknilegum ágöllum í umræddu verki eins og skakksettum höfuðstöfum og að „[o]ftlega millum orða tveggja / opna hljóðstafir djúpa gjá“,¹⁹⁴ leggur hann mesta áherslu á gróteskar lýsingar¹⁹⁵ og lítið er að sjá af hinum heimspekilegu eiginleikum fræðiritgerðarinnar. Þessi tvö íslensku dæmi vísa hins vegar til enn dýpri róta sem ritdómaformið sækir mjög til: Satírunnar.

Boileau skrifaði satírir þar sem hann réðist á virta höfunda með skopstælingum á verkum þeirra og Clark telur að hann hafi verið frumkvöðull í satírisCRI gagnrýni:

Það höfðu áður komið fram [...] harkalegir „ritdómar“, sem miðuðu að því að gefa höfundinum orðspor fyrir hnyttni eða að ófrægja persónu fórnarlambinsins. Það hafði verið nóg um nöldur yfir því að höfundar virtu ekki reglurnar. En það hafði aldrei verið neitt í líkingu við réttláta reiði Boileaus í garð vondra bóka og leiðinlegra höfunda, yfir þeirri æðstu listrænu synd að vera áhrifalífill, óáhugaverður, aldrei neitt í líkingu við viðkvæma umhyggju hans fyrir góðu nafni, fyrir heiðri bókmenntanna, ef svo má að orði komast, og bræði hans gegn þeim sem reyndu að draga það í svaðið.¹⁹⁶

Boileau nýtti sér sem sagt satíruhefðina, sem hann tók sjálfur þátt í að móta, við að fjalla um bókmenntir og þá helst er hann fjallaði um samtímabókmenntir sem hann taldi einkennast af hnignun klassískra gilda. Satíran er tæki til að benda á meinsemdir í samfélaginu og tilgangurinn er að hreinsa til. Þetta gerir Boileau með vænum skerfi af heilagri reiði, eins og sést í dæmi sem Clark tekur úr „9. satíru“ er Boileau lýsir því hvernig satíran hafi opnað leiðina og örvað í honum hatrið gegn vöndum bókum:

¹⁹³ Vésteinn Ólason: „Kveðskapur frá síðmiðöldum“, *Íslensk bókmenntasaga* II, ritstj. Vésteinn Ólason, Reykjavík, Mál og menning, 2006, 347-348.

¹⁹⁴ Jón Þorláksson: „Rustasneið“, *Kvæði*, ritstj. Heimir Pálsson, Reykjavík, Rannsóknastofnun í bókmenntafræði og Menningarsjóður, 1976, 123-124.

¹⁹⁵ Ljóðið endar til dæmis þannig: „Súptu betur á Sigtýs legli / og sogaðu ekki í þig vind! / Það kann að gera rembings raun, / ropana meiri og illan daun!“ Sama, 124.

¹⁹⁶ „There had been before (as in the Elizabethan Nash) „reviewing“ of the slashing kind, intended to give the writer the reputation of smartness or to vilify the personal character of the victim. There had been plenty of carping criticism based on writers' failures to observe the rules. But there had never been anything like Boileau's righteous indignation against bad books and dull authors, against the supreme artistic sin of being ineffective, uninteresting, never anything like his sensitive sollicitude for the good name, the honour of literature, so to speak, and his fury against those who would do it outrage.“ Clark: *Boileau and the French Classical Critics in England*, 394.

Það er hún [satíran] sem opnar veginn sem ég verð að fylgja, sem í fimmtán ár hefur örvað í mér hatrið á heimskulegri bók.¹⁹⁷

Samkvæmt lýsingum Boileus er eins og satíruformið stýri viðhorfi gagnrýnandans, frekar en að vera aðeins tæki til að viðra það. Það er eins og formið móti þann sem notar það svo honum verður ómögulegt annað en að gagnrýna það sem slæmt er, líkt og gagnrýnandinn gangi inn í ritúal með fyrirfram mótuðum markmiðum.

Þótt í satírunni sé slegið á léttu strengi er hún áhrifamikil tæki til gagnrýni. Árið 1664 samdi Boileau til dæmis prósaverkið *Dialogue sur les héros de roman*, satíru um rómönsur þessa tíma og er verkið talið hafa átt þátt í að útrýma langlokum á borð við verk Madeleine de Scudéry¹⁹⁸ þótt bók Boileaus hafi ekki verið prentuð fyrr en árið 1713, m.a. af tillitssemi við Scudéry.¹⁹⁹ Í formála Boileaus að fyrstu prentuðu útgáfunni lýsir hann því hvernig hann hafi, eins og allir aðrir, dáðst að verkum Scudéry sem ungur maður en þegar hann þroskaðist og „hinn satíríski andi“ fór að verða ríkjandi í honum hafi hann ekki unnað sér hvíldar fyrr en hann hafði samið texta gegn þessum rómönnum í anda forna satíristans Lúkíanosar.²⁰⁰ Af lýsingunni að dæma mætti ætla að hann sé andsetinn af satíruforminu og ráðist í kjölfarið á verk Scudéry, *La Calprenède* og fleiri höfunda.²⁰¹

Eins og kemur fram í formála Boileaus höfðu Madeleine de Scudéry og bróðir hennar Georges notið mikillar virðingar í bókmenntasamfélaginu í París. Bæði stunduðu hinn fræga salón Catherine de Rambouillet og síðar stofnaði Madeleine de Scudéry sinn eigin salón sem varð áhrifamikill í menningarlífi Frakka. Frönsku salónarnir voru menningarlegar samkomur hefðarfólks og áttu mikinn þátt í þróun bókmenntaumræðunnar. Lise Busk-Jensen segir þá hafa verið nýja tegund opinbers vettvangs þar sem listamenn og listunnendur mættust á óformlegri hátt en við hirðina.²⁰² Í salónunum var lögð áhersla á fágun í hegðun og tali en einnig „hreina“ franska tungu frekar en latínuskotna og á snjalla orðaleiki eða upphafnar

¹⁹⁷ „C'est elle [la satire] qui, m'ouvrant le chemin qu'il faut suivre, / M'inspira dès quinze ans la haine d'un sot livre.“ Nicolas Boileau: „Discours sur le Dialogue suivant“, *Œuvres de Boileau*, ritstj. Georges Mongrédien, París, Garnier Frères, 1961, 66.

¹⁹⁸ Scudéry er aðallega þekkt fyrir gríðarlöng skáldverk sín, t.d. *Artamène ou le grand Cyrus*, sem kom út í tíu bindum á árunum 1649-1653, og *Clélie, histoire romaine* sem kom út á árunum 1654-1661. Á síðari árum birti hún einnig samtöl úr skáldsögum sínum sem sértexta (e. *conversations*).

¹⁹⁹ Boileau: „Discours sur le Dialogue suivant“, 285.

²⁰⁰ Sama, 285.

²⁰¹ „[...] où j'attaquais non-seulement leur peu de solidité, mais leur afféterie précieuse de langage, leurs conversations vagues et frivoles, les portraits avantageux faits à chaque bout de champ de personnes de très-médiocre beauté et quelquefois même laides par excès, et tout ce long verbiage d'amour qui n'a point de fin.“ Sama, 285.

²⁰² Lise Busk-Jensen: *Romantikens forfatterinder I*, Kaupmannahöfn, Gyldendal, 2009, 145.

kenningar.²⁰³ Konur skipulögðu og stýrðu salónunum en í formála sýnisbókar um kvengagnrýnendur þessa tíma segir að þrátt fyrir þessa þátttöku í gagnrýninni umræðu hafi hefðbundin tenging kvenna við einkasvæði samfélagsins gert inngöngu þeirra á þetta almenningssvæði tortryggilega og ótrygga. Dómgreind og gáfur tilheyrðu karlmönnum, samkvæmt hefð feðraveldisins.²⁰⁴ Salónarnir voru fljótlega tengdir teprulegum og uppskrúfuðum stíl, *préciosité*, sem skilgreindur var sem kvenlegur og vildu menn uppræta hann og greina sig frá honum, ekki síst með háði. Auk Boileaus beindi Molière spjótum sínum gegn verkum Scudéry, í leikritunum *Les Précieuses ridicules* (1659) og *Les Femmes savantes* (1672), og Antoine Fureti gerði slíkt hið sama í *Roman Bourgeois* (1666). Stéphanie-Félicité Ducrest, Comtesse de Genlis, bendir á það árið 1811 að sömu leikreglur hafi ekki gilt fyrir karla og konur:

Karlarnir sem ákveða virðingarstöður í bókmenntum — veita viðurkenningar og útteila stöðum og útiloka ávallt konur — upphefja oft hæfileika sem eru algjörlega í meðallagi. [...] Ef kona væri svo ógæfusöm að hafa samið megnið af Eftirmælum Akadémíumanna [eftir d'Alembert] myndi almenningur hafna henni sem „*précieuse ridicule*“.²⁰⁵

Umræðuhefð salónanna undirbýr þó, engu síður en satíruhefðin, jarðveginn fyrir Boileau og aðra gagnrýnendur 17. aldar. Morley lýsir því þannig að Boileau hafi verið skilgetið afkvæmi hefðarmeyjanna sem nefndar voru „*précieuses*“ og hefðarmannanna í Frönsku akademíunni en leitt landsmenn sína í nýja átt framfara.²⁰⁶ Morley vísar hér til Académie Française,²⁰⁷ þar sem einnig var lögð áhersla á fágun frönskunnar en á forsendum karllegrar stofnunar. Orð Morleys eru nokkuð góð áréttning á því að franska gagnrýnihefðin, sem sú enska sótti svo

²⁰³ Í *Grand Dictionnaire des Précieuses*, sem Antoine Baudeau de Somaize gaf út árið 1660, segir til dæmis að vanga eigi að nefna „hásæti hógvæðarinnar“ og augun heiti „speglar sálarinnar“. Antoine Baudeau de Somaize: *Le grand dictionnaire des précieuses ou la clef de la langue des ruelles*, 1660, sótt 21. nóvember 2013 af <http://www.miscellanees.com/s/somaize.htm>.

²⁰⁴ Virginia Walcott Beauchamp, Matthew Bray, Susan Green, Susan Sniader Lanser, Katherine Larsen, Judith Pascoe, Katharine M. Rogers, Ruth Salvaggio, Amy Cohen Simowitz og Tara Ghoshal Wallace: „Introduction“, *Women Critics 1660-1820. An Anthology*, ritstj. Virginia Walcott Beauchamp, et al., Bloomington og Indianapolis, Indiana University Press, 1995, xvi.

²⁰⁵ „The men who assign ranks in literature — dispensing honors and distributing places to authors, always excluding women — often give celebrity to talents which are quite mediocre. [...] A woman, if she had the unhappiness of having composed the majority of [d'Alembert's] academic eulogies, would be dismissed by the public as a „*précieuse ridicule*“.“ Stéphanie-Félicité Ducrest Comtesse de Genlis: „Preliminary Reflections to The Influence of Women on French Literature“, þýð. Matthew Bray og Amy Simowitz, *Women Critics 1660-1820. An Anthology*, ritstj. Virginia Walcott Beauchamp, et al., Bloomington og Indianapolis, Indiana University Press, 1995, 210.

²⁰⁶ Morley: „Introduction“, ix.

²⁰⁷ Académie Française var stofnuð árið 1635 í því skyni að varðveita æðstu málfræðilega og bókmenntalega eiginleika franskrar tungu. Genlis fjallar líka um togstreituna milli akademíunnar og kvenna en gefur lítið fyrir yfirburði hinnar karllegu akademíu og segir: „If there existed an academy of women, one ventures to guess that it could, without trouble, better conduct itself and judge more sanely.“ Genlis: „Preliminary Reflections“, 210.

mikið til, byggði að hluta til á samræðulistinni sem þróuð var í salónunum, þótt fáir hafi viljað kannast við það.

Í *L'Art poétique* leggur Boileau línurnar fyrir framtíðarljóðlist Frakka. Verkið á sér greinilega fyrirmynd í *Ars Poetica* eftir rómverska skáldið Hóras en það „er í hópi þeirra rita sem mest var vitnað til á miðöldum, og fjöldamörg kvæði voru síðar samin með það að fyrirmynd“.²⁰⁸ Efni *Ars Poetica* er að mestu heilræði til skálda. Mörg þeirra höfðu þegar birst í verkum grísku forveranna og margar ráðleggingar á mjög almennum nótum, eins og George Saintsbury bendir á.²⁰⁹ Hóras hvetur til dæmis skáld til að „vanda sig, endurskoða, leiðrétta og fága af þolinmæði“. Aðrar ráðleggingar eru nákvæmari, til dæmis tekur hann fram að „ekki skuli hafa of langan inngang“, betra sé að byrja „in medias res“. Menn eigi að byrja „skáldverk á einfaldan hátt“ og lofa „ekki of miklu fyrirfram“. Viðfangsefni eigi að vera „einfalt og eitt“, því „of sundurleit efni veki aðeins hlátur“. Þá varar hann „menn við að gera stíl sinn svo stuttur að hann verði óljós“ eða „svo háleitan að hann verði ofhlaðinn“.²¹⁰

Árni Sigurjónsson segir að seinni tíma menn hafi hneigst „til að líta á kenningu Hórasar um bókmenntategundir sem tæmandi lista“ og sumir jafnvel talið að hún „væri óbreytanlegt náttúrulögmál“.²¹¹ Saintsbury telur ástæðu þess að Hóras varð eitt áhrifamesta kennivaldið í bókmenntagagnrýni öldum saman einfaldlega þá að latínan þótti aðgengilegri en grísku ritin um bókmenntir.²¹² Víst er að Íslendingar í Bessastaðaskóla í byrjun 19. aldar, mennirnir sem komu íslenskri bókmenntaumræðu á koppinn, voru látnir lesa Hóras á latínu og Sveinbjörn Egilsson þýddi tvö vers úr *Ars Poetica* sem fjalla um að velja skuli sér yrkisefni við hæfi og ofmeta ekki getu sína:

Yrkisefni
skyli aldasyrnir
við sitt hæfi velja;
því at eigi var ein
orka lagin
ýtum í árdaga.

Hóflig byrði
at húsi kemst,
þótt vanknár vegi;
en afrendan hal
sá ek frá of stórum
steini móðan stíga.²¹³

²⁰⁸ Árni Sigurjónsson: *Bókmenntakenningar fyrri alda*, 85.

²⁰⁹ Saintsbury: *A History of English Criticism*, 15.

²¹⁰ Árni Sigurjónsson: *Bókmenntakenningar fyrri alda*, 85-89.

²¹¹ Sama, 88-89.

²¹² Saintsbury: *A History of English Criticism*, 13.

²¹³ Sveinbjörn Egilsson: „Ars Poët 38.-40.“, *Ljóðmæli Sveinbjarnar Egilssonar*, ritstj. Snorri Hjartarson, Reykjavík, Mál og menning, 1952, 169.

Þessi skilaboð enduróma svo í þýðingu Sveinbjarnar á ljóði Alexanders Popes frá 1701, *Essay on Criticism*, sem er gott dæmi um umfangsmikla „endurvinnslu“ nýklassisismans á fornritunum:

Farið ei dýpra,
en yður færi er;
gott er vörum að vera.
markið mið það,
hvar mætast bæði
heimska og hyggjuvit.

Nam náttúra
næm að setja
hlutum öllum hóf;
hún drambláts manns
dularviti
haglega skorður skóp.²¹⁴

Gagnrýnandinn Saintsbury, sem dæmir allt út frá forsendum rómantíkurinnar, telur reyndar að ástæðan fyrir því að rit Hórasar hafi höfðað svo til gagnrýnenda upplýsingartímans sé að í því kristallist „strangasta klassíska, nei, nýklassíska kreddan um skipulag, hömlur, jákvæða reglu“²¹⁵ með „aðgengilegu yfirbragði hins sjálfsgæða“.²¹⁶ Fornbókmenntir Grikkja og Rómverja voru hin óumdeilanlegu höfuðrit vestrænna bókmennta en Saintsbury bendir á að frumtextarnir hafi stundum verið illa þýddir og farið frjállega með efnið og úr þessu öllu saman rísi eftirfarandi „trúarjátning gagnrýninnar“:

Aristóteles er leiðsögumaður [í skáldskapnum], en merking hans er ekki alltaf augljós [...] og þarfnast stundum viðbótarskýringa. Skáldskapur er eftirlíking náttúrunnar, en þessi eftirlíking getur annað hvort falist í því að líkja eftir hinu náttúrulega eða í því að finna upp hluti sem eru í raun ekki til, og hafa aldrei verið til, en sem hegða sér samkvæmt lögmálum náttúrunnar og skynseminnar. Skáldið er ekki til almennrar óþurftar, öðru nær, en það verður samt sem áður bæði að vekja ánægju og miðla lærdómi.

[...] skáldið á fyrst og fremst að líta til hinna fornu verka. [...] á heildina litið hafa „fornskáldin“ séð fyrir nær allt, og í öllu sem þeir hafa séð fyrir staðið sig svo vel að bestu líkurnar á því að ná árangri felast í því að líkja einfaldlega eftir þeim. Nákvæmur útdráttur úr Hórasí mun aldrei verða vanmetinn. Og ef einhverju er bætt við, verður að bæta við einhverju í sama dúr.²¹⁷

²¹⁴ Sveinbjörn Egilsson: „Brot af Essay on Criticism eftir A. Pope“, *Ljóðmæli Sveinbjarnar Egilssonar*, Reykjavík, Mál og menning, 1952, 206.

²¹⁵ „[...] the strictest classic, nay, neo-classic, creed of order, restraint, positive rule [...]“ Saintsbury: *A History of English Criticism*, 16.

²¹⁶ „You wanted “rules,” and you had them here, in a form giving no trouble to the memory and attractive to the taste, put forth, not by a mere “preceptist” but by a craftsman of unsurpassed competence in more than one branch of poetry itself, with no insolent dictation or irritating pedantry, but in an easy take-for-granted manner [...]“ Sama, 15.

²¹⁷ „On the higher and more abstract question of poetry [...] Aristotle is the guide; but the meaning of Aristotle is not always self-evident [...] and it sometimes requires supplementing. Poetry is the imitation of nature: but this imitation may be carried on either by copying nature as it is or by inventing things which do not actually exist,

Saintsbury segir að í kringum aldamótin 1600 verði þetta að formúlu og um miðja 17. öld verði meginverkefni bókmenntagagnrýnninnar að slípa til ofangreinda „játningu“ og skilgreina frekar.²¹⁸ En í raun einkenndist 17. aldar gagnrýni af mikilli togstreitu klassisisma og skynsemishyggju og margir gagnrýnendur leituðu leiða til að samræma sjónarmiðin með vísun til náttúrulegra lögmála. Clark bendir á að í lok 17. aldar sé megináhersla gagnrýnninnar ekki lengur á hinar fornklassísku reglur heldur að koma á heimspekilegum grunni til að skilgreina hvað einkenni góð skrif. Frakkarnir Boileau, Rapin og Bouhours reyni að samræma hefðbundnar klassískar reglur og skynsemishyggju, með staðhæfingunni um að reglur séu kerfisbinding náttúrunnar (e. *nature methodized*).²¹⁹ Þar sem lögmál náttúrunnar má uppgötva með því að rannsaka hana og draga ályktanir var talið að það sama hlyti að gilda um list sem fylgir náttúrulegum lögmálum. Gagnrýnendur á borð við René Le Bossu, sem var sá franskir gagnrýnandi er hafði hvað mest áhrif á Englandi, grandskoðuðu því verk klassísku meistaranna, uppgötvuðu þar lögmál og settu í kjölfarið fram reglur fyrir komandi kynslóðir. Því fer þó fjarri að almenn sátt hafi verið um hverjar „reglurnar“ væru eða jafnvel gagnsemi þess að setja fram slíkar reglur.²²⁰ Sú umræða hélt áfram á 18. öld, en í inngangi að *Elements of Criticism* frá 1762 lýsir skoski dómarinn Henry Home, lávarður af Kames, þeim sem leifum frá óhefluðum tímum þar sem yfirvald vó þyngra en skynsemi. Hann telur að þótt menn séu farnir að nýta sér þau mannréttindi að hugsa sjálfstætt sé gagnrýnin enn undanskilin, því hún haldi áfram að vera þræslunduð og beygja sig undir yfirvald:

Það getur ekki verið að það sé skoðun [Bossus] að [Hómer og Virgill, studdir af kennivaldi Aristótelesar], hversu virtir sem þeir eru fyrir snilligáfu, hafi verið færir um að setja reglur fyrir allt mannkyn; og að ekkert sé þá eftir að gera nema fylgja geðþótta þeirra í blindni. Ef þeir fylgdu engum reglum í skrifum sínum, hvers vegna ættum við að líkja eftir þeim? Ef þeir rannsökuðu náttúruna og fylgdu skynsamlegum lögmálum, hvers vegna ættu þau lögmál að vera hulin okkur?²²¹

and have never actually existed, but which conduct themselves according to the laws of nature and reason. The poet is not a public nuisance, but quite the contrary. He must, however, both delight and instruct.

[...] the poet is to look first, midmost, and last to the practice of the ancients. [...] taking things on the whole, “the ancients” have anticipated almost everything, and in everything that they have anticipated have done so well that the best chance of success is simply to imitate them. The detailed precepts of Horace are never to be neglected; if supplemented, they must be supplemented in the same sense.“ Sama, 95.

²¹⁸ Sama, 96.

²¹⁹ Clark: *Boileau and the French Classical Critics in England*, 383-385 og 276-277. Sjá einnig Georges Mongrédien: „Préface“, í: Nicolas Boileau, *Oeuvres de Boileau*, ritstj. Georges Mongrédien, Paris, Garnier Frères, 1961, x-xii.

²²⁰ Sjá t.d. sama, 255.

²²¹ „It could not surely be [Bossu's] opinion, that [Homer and Virgil, supported by the authority of Aristotle], however eminent for genius, were entitled to give law to mankind; and that nothing now remains but blind obedience to their arbitrary will; if in writing they followed no rule, why should they be imitated? If they studied nature and were obsequious to rational principles, why should these be concealed from us?“ Henry Home: „Introduction“, *Elements of Criticism*, London, Elibron Classics, 2005, 14-15. Tilvitnun sótt í sama, 257.

Klassísku reglurnar þóttu því oftast en ekki þrúgandi og eitt viðbragðið við þeim var að draga upp neikvæða mynd af smásmugulegum gagnrýnendum sem harðstjórum í bókmenntaheimi sem í auknum mæli fór að litast af lýðræðislegum og þjóðernislegum áherslum.

Mýtan um lýðræðislega bókmenntaumræðu

19. aldar fræðimaðurinn Henry Morley beinir athyglinni að þróun gagnrýnihefðarinnar samhliða lýðræðisþróun á Englandi og endurspeglar hinar vaxandi þjóðlegu áherslur er hann segir að við lok 17. aldar hafi enska þjóðin upplifað byltingu, uppreisn gegn konungsveldinu, sem hafi „tryggt frelsi hennar“. Enska þjóðin sé þá nýlega byrjuð að „hugsa sjálfstætt“ og kalla eftir rithöfundum sem geti talað máli fólksins. Nýtt tímabil alþjóðlegra áhrifa á enskar bókmenntir hafi verið að hefjast og bestu hugsuðirnir hafi sveigt frá innfluttum, latneskum stíl sem lagaður var að smekk velgjörðarmanna.²²²

Sú skoðun að stjórnarfar geti haft bein áhrif á bókmenntir á sér langa hefð²²³ og Samuel Johnson sagði árið 1744 að enskt stjórnskipulag, sem gefi hverjum sem vilji rétt til að taka þátt í opinberri umræðu, hafi haft víðtæk áhrif á alla hugsun og öll skrif.²²⁴ Hugmyndir um yfirburði lýðræðissamfélagsins lita þannig sýn fólks á bókmenntasöguna. Skáldsagnahöfundurinn Germaine de Staël, sem nam sagnfræði, stjórnmal og bókmenntir, segir til dæmis árið 1800 að „andi lýðveldishyggju“ kalli „á byltingu í eðli bókmennta“, því þar sem lýðveldi dragi fram sterkari ástríður verði lýsingar að fara fram af meiri list og viðfangsefnið verði markverðara.²²⁵

Nútímahugmyndir um bókmenntaumræðu, þar á meðal ritdóma, eru þannig samofnar lýðræðislegum hugmyndum um málfrelsi, skoðanafrelsi og andstöðu gegn alræði. Afstaða 19. aldar gagnrýnenda til lýðræðis, eða réttara sagt „lýðsins“ sem átti samkvæmt kenningunni að

²²² Morley: „Introduction“, viii-ix.

²²³ Slíkar tengingar má sjá þegar á tímum Rómverja. Í *Brútsi* tengir Cicero hnignun mælskulistar við hnignun lýðræðis: „Því metnaður í ræðumennsku kemur hvorki fram þegar menn eru önnur kafnir við að mynda ríkisstjórn eða við stríðsrekstur né þegar þeir eru fjötraðir af konungsvaldi. Mælskan kemur til sem bandamaður þegar friður og kyrrð ríkja, hún er, ef svo má segja, afkvæmi trausts þjóðskipulags.“ Síðar „áttu Longinos og Quintilianus eftir að víkja að hnignun mælskulistarinnar, og virðist sú skoðun hafa verið útbreidd að lýðræði sé heppilegur jarðvegur fyrir mælskulist.“ Árni Sigurjónsson: *Bókmenntakenningar fyrri alda*, 81.

²²⁴ „Political or Religious Controversies are [not] the *only* Products of the *Liberty* of the *British Press*; the Mind once let loose to Enquiry, and suffered to operate without Restraint, necessarily deviates into peculiar Opinions, and wanders in new Tracks, where she is indeed sometimes lost in a Labyrinth [...] yet, sometimes, makes useful Discoveries, or finds out nearer Paths to Knowledge.“ Samuel Johnson: „Introduction' to the *Harleian Miscellany*“, *Selected Essays*, ritstj. David Womersley, London, New York, Victoria, Ontario, Panchsheel Park, Auckland og Rosebank, Penguin Books, 2003, 517 og 518.

²²⁵ „It is a truth generally received, that a spirit of republicanism requires a revolution in the character of literature. [...] The republic necessarily drawing forth stronger passions, the art of portraying must improve, while the subject becomes more exalted.“ Anne-Louise Germaine Necker de Staël: „From *On Literature*“, þýð. Vivian Folkenflik, *Women Critics 1660-1820. An Anthology*, ritstj. Virginia Walcott Beauchamp, et al., Bloomington og Indianapolis, Indiana University Press, 1995, 368.

ráða, var þó tvíþent. Eftir frönsku byltinguna óttuðust enskir gagnrýnendur til dæmis byltingarhugmyndir frá meginlandinu og Staël segir árið 1800 að nytsamlegt sé að gera sér grein fyrir göllum aðalskerfisins til að geta áttað sig á því hvaða viðurstyggilegu afleiðingar byltingin hafði stundum, bæði í bókmenntum og stjórnámálum. Hún setur fram ítarlega bókmennta- og stjórnmalasöguskýringu þar sem því er haldið fram að fyrir byltinguna hafði franska þjóðin verið of siðmenntuð á kostnað hins náttúrulega. Metnaðargirni og hræðsla við að móðga aðra hafi komið á ónáttúrulegri og ólýðræðislegri harðstjórn almenningsálitsins. Þarna hafi verið uppi krafa um þá tegund jafnræðis sem allir hæfileikaríkir menn telji óæskilegt, þar sem enginn skari fram úr og öllum sér gert að tala eða þegja nákvæmlega eins og allir aðrir. Hún víkur hins vegar nokkuð frá ríkjandi enskum áherslum er hún áréttar að hinar öfgarnar, að upphelja hið grófa og óheflaða á kostnað náttúrulegrar smekkvísi, séu jafnslæmar og harmar að tilhneigingin á Englandi hafi í fyrstu verið í þá átt að hampa grófleika í ýktu viðbragði gegn fágun aðalsins.²²⁶ Morley fagnar á hinn bóginn þeirri þjóðlegu og lýðræðislegu áherslubreytingu sem eigi sér stað um það leyti er Addison og Steele stíga fram á bókmenntasviðið, þrátt fyrir að Addison hafi verið of hallur undir yfirvöld fyrir hans smekk og undir helst til miklum áhrifum frá Frakklandi, þar sem réttur skilningur á fegurð bókmennta hafi einskorðast við hóp fátækra útvaldra sem hafði verið kennt hvað væri aðdáunarvert. Steele fór alþýðlegri leið en Addison, ályktar Morley, leið sem var einungis fýsileg huguðum frumkvöðlum, en tímarit þeirra, *Spectator*, hafi verið eitt besta birtingarform hinnar „heilsusamlegu“ byltingar sem hafi átt sér stað í enskum bókmenntum.²²⁷

Breski bókmenntafræðingurinn Terry Eagleton hefur tekist á við mýtuna sem skapast hefur um skrif Steeles og Addisons í tímaritunum *The Tatler* og *The Spectator*. Hann telur að þeir félagar hafi fremur verið hvatar í sköpun nýs ríkjandi menningarhóps í ensku samfélagi en fulltrúar alþýðlegrar menningarumræðu. Þeir hafi tekið þátt í að mennta kaupmannastéttina og hefja til virðingar. Blöð þeirra eru því til marks um um nýja tegund orðræðu og skörun stéttbundinna gilda, segir Eagleton í *The Function of Criticism*, þar sem hann heldur því fram að bókmenntagagnrýnendur hafi snemma á 18. öld gegnt lykilhlutverki í að sameina ríkjandi hópa í nafni menningar.²²⁸

Eagleton vísar til Peters Hohendahl sem telur að bókmenntir hafi verið tæki miðstéttarinnar til að öðlast sjálfstraust og orða kröfur sínar gegn alræði og stigskiptu samfélagi. Nútímahugmyndin um bókmenntagagnrýni tengist því náíð uppgangi frjálslynds,

²²⁶ Sama, 365-367.

²²⁷ Morley: „Introduction“, ix-xi og xv.

²²⁸ Eagleton: *The Function of Criticism*, 11 og 12.

borgaralegs almennings í uphafi 18. aldar. Bókmenntaumræða, sem hafði áður skapað nokkurs konar grunn hirðsamfélagsins og salóna aðalsstéttarinnar, hafi orðið að svæði sem gaf tækifæri til pólitískrar umræðu innan millistéttarinnar. Evrópsk nútímagagnrýni hafi þannig sprottið upp af baráttu gegn alræðisríkinu.²²⁹

[...] innan hins hálf gagnsæja svæðis almenningsins á það ekki lengur að vera samfélagslegt vald, forréttindi og hefð sem veita einstaklingum rétt til að tala og dæma, heldur það að hve miklu leyti þeir fá stöðu sem þegnar í umræðunni með því að taka undir samkomulag um almenna skynsemi [...].²³⁰

Eagleton áréttar strax í formála bókarinnar *The Function of Criticism* að hugtakið „hinn klassíski almenningur“ lýsi einhverju sem sé mitt á milli þess að vera „ídealískt líkan“ og „söguleg lýsing“:

„Almenningur“ er hugmynd sem erfitt er að hreinsa af nostalgískum, ídealískum merkingaraukum; eins og hið „lífræna samfélag“ virðist hún stundum hafa verið að leysast upp frá því hún fæddist.²³¹

Í hinum ídealíska „almenningi“ safnast einstaklingar saman til að taka þátt í umræðu og verða að nokkurs konar samhangandi heild.²³² Hinn klassíski almenningur er samkvæmt þessu húnmanísk Paradís einingar og samruna, eins konar lýðveldi menntanna og sæluríki sem gengur aftur eins og draugur í gegnum kenningar Eagletons en var alltaf þegar horfið.

Eins og Eagleton bendir á krefur ritstjórinn Richard Steele lesendur um efni, þátttaka lesenda er skilyrði fyrir útgáfunni þannig að landamæri bókmenntagreina, sem og höfunda og lesenda eða jafnvel raunverulegra og skáldaðra bréfitara verða óljós.²³³ Þetta viðhorf einskorðast ekki við England eða upphaf 18. aldar því de Sallo býður lesendum að senda inn efni í franskt tímarit sitt árið 1665 og í inngangi Goethes að fyrsta tölublaði þýska menningartímaritsins *Propyläen*, sem kom út árið 1798, eru mörkin milli listamanna, gagnrýnenda og lesenda óljós. Bókmenntaleg umfjöllun í prentuðum fjölmiðlum ber því alla tíð merki þess að grafið er undan „þeim vegg sem er á milli höfundar og lesanda“, þróunar sem þýski fræðimaðurinn Walter Benjamin tengir „umbyltingu bókmenntaforma“ í upphafi 20. aldar, en þá hafi verið varpað fyrir borð „hefðbundnum greinarmun á

²²⁹ Sama, 10.

²³⁰ „[...] within the translucent space of the public sphere it is supposedly no longer social power, privilege and tradition, which confer upon individuals the title to speak and judge, but the degree to which they are constituted as discoursing subjects by sharing in a consensus of universal reason.“ Sama, 9-10.

²³¹ „The ‘public sphere’ is a notion difficult to rid of nostalgic, idealizing connotations; like the ‘organic society’, it sometimes seems to have been disintegrating since its inception.“ Sama, 8.

²³² Sama, 4.

²³³ Sama, 19.

bókmenntategundum, á rithöfundi og skáldi, á vísindamanni og uppfræðara“.²³⁴ Benjamin tengir þessa þróun dagblaðaútgáfunni, vettvangi bókmenntalegrar ringulreiðar, en eftirfarandi lýsing hans gæti allt eins átt við um tímarit Goethes:

Lesandinn er jú hvenær sem er reiðubúinn til að verða höfundur, hvort sem hann segir frá eða fyrir verkum. Hann öðlast sem sérfræðingur, ekki í ákveðnu fagi, heldur í krafti starfsreynslu sinnar, rétt til höfundartitils. Vinnunni sjálfri er léð rödd. Hluti af hæfileikum manns til að vinna ákveðið verk er að geta lýst því í orðum. Nú byggist rétturinn til bókmenntalegrar tjáningar fremur á fjöltæknilegri þjálfun en bókmenntalegri sérhæfingu — hann er því allra eign. Það er m.ö.o. bókmenntatjáning lífsafstæðnanna sem sigrast á annars ósættanlegum andstæðum, og það er á vettvangi taumlausrar niðurlægingar orðsins — þ.e.a.s. í dagblaðinu — sem lögð eru drög að björgun þess.²³⁵

Goethe virðist gera ráð fyrir að svæðið sem hann er að skapa fyrir bókmenntaumræðu verði notað af fólki sem er listrænt og gagnrýnið í senn, les blaðið og skrifar í það, er bæði viðtakandi og framleiðandi efnis í vaxandi og framsækinni bókmenntaumræðu.²³⁶ Hann gerir lítinn greinarmun á þeim „almenningi“ sem hann skrifar fyrir (fólk með listrænt eðli, „vinir listarinnar“) og listamönnunum sem hann skrifar um. Í þessari idealísku sýn er gagnrýnandinn ekki miðill milli ólíkra samfélagshópa, hann stendur ekki á mörkum þessara hópa, í senn upphafinn og fyrirlitinn, heldur tekur þátt í umræðu meðal „jafningja“. Þetta jafningjasamfélag nær þó í raun alls ekki til alls lýðsins heldur er svæði ákveðins forréttindahóps, alþjóðlegt samfélag menntaðra listunnenda.

Jafningjasamfélagið er ídeal en ekki veruleiki, samruni sem talað er um með nostalgískri þrá þótt okkur hrylli um leið við möguleikanum á því að verða í raun og veru ógreinanlegur hluti af samloðandi heild þar sem hefðbundnar aðgreiningar eru ekki í gildi. Það viðhorf kemur vel fram í kveðjuorðum Sigfúsar Daðasonar árið 1976, eftir sautján ára ritstjórn *Tímarits Máls og menningar*. Hann minnst á „lýðveldi menntanna“ er hann fer yfir stefnu tímaritsins og segir það hafa „verið hugsað sem almennt tímarit í húnánistískum anda“.²³⁷ Vísar hann til 2. heftis 1. árgangs frá árinu 1938 þar sem segir að það sé „metnaðarmál að umræðuefni séu rædd á breiðum grundvelli, þó þannig, að allar þær skoðanir, sem fram koma, séu í lýðræðislegum anda, séu þrungnar einlægum menningaráhuga og styðji málstað alþýðu í landinu“. Sigfús segir að „ótvírætt virðist það að stofnun Máls og menningar og Tímaritsins [hafi verið] þáttur í uppreist íslenskrar alþýðu á áratugunum 1920-

²³⁴ Walter Benjamin: „Höfundurinn sem framleiðandi“, þýð. Árni Óskarsson, *Fagurfræði og miðlun*, ritstj. Ástráður Eysteinnsson, Reykjavík, Háskólaútgáfan og Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2008, 396-397

²³⁵ Sama, 397.

²³⁶ Goethe: „Einleitung Propyläen“.

²³⁷ Sigfús Daðason: „Eftirmáli og kveðjuorð“, 422.

1950“.²³⁸ Hins vegar eru jafnaðarhugsjóninni takmörk sett og Sigfús notar svipuð rök og Staël beitti árið 1800 (sjá bls. 56) um óeskilega tegund jafnræðis þar sem enginn skari fram úr og allir eigi að vera eins:

Nú upp á síðkastið er aftur farið að berja þá bumbu að í lýðræði framtíðarinnar, þessarar framtíðar sem byrji á morgun, eigi að ríkja jöfnuður milli framleiðenda andlegra afurða; að ekki beri að gera upp á milli meðallagsins og hins ágæta; þar að auki, ef út í það væri farið, skuli einfaldur meirihluti skera úr hvað ágætt sé. [...] Ekki veit ég nema þessi afstaða sé eitt af táknum tímanna; raunar má telja nærri óhjákvæmilegt að þesskonar jafnaðarmennska, eða jöfnun hins andlega og listræna, verði í för með þeirri þjóðnýtingu bókmenntanna sem nú er á dagskrá í nokkrum löndum, þar á meðal á Íslandi.

Því vík ég að þessu að fyrrgreind jafnaðarmennska hefur ævinlega verið fjarri Tímariti Máls og menningar. M.ö.o. Tímaritið hefur ekki gengið á vegum *pópúlismans* [...] sé það rétt, að hin húmanistíska arfleifð hafi verið aðalleiðarljós Tímarits Máls og menningar, þá er skiljanlegt að Tímaritið gat ekki verið að gera hosur sínar grænar fyrir pópúlisma og andlegri jöfnun. Tímaritið nennti ekki að dekra við lágkúruna, en bar traust til þeirrar upplýstu alþýðu sem það vonaði að það höfðaði til.²³⁹

Algert jafnræði er samkvæmt þessu ekki raunhæft eða fýsilegt í „lýðveldi menntanna“, heldur á það að byggja á andlegu stigveldi. Og það sama gildir um hinn nýja almenning 18. aldar, svæði gagnrýnandans, stað „húmanistísks“ lýðræðis samkvæmt skilgreiningu Eagletons. Þar ríkir áfram andlegt stigveldi en ekki raunverulegt veldi lýðsins þótt þar sé vísað til samkomulags um almenna skynsemi fremur en til samfélagsstöðu og hefðar. Í staðinn verður samkomulagið um það hvaða eiginleikar teljist til almennrar skynsemi og geri menn hæfa til að taka þátt í menningarumræðunni, og hugmyndin um að menningarauður frekar en efnahagsauður ákvarði stöðu manna innan almenningssvæðisins, að nýjum tækjum til aðgreiningar. Bandaríska fræðikonan Paula McDowell segir að á Englandi í lok 17. aldar hafi eitthvað í ætt við „almenningsálit“ orðið að pólitísku afli,²⁴⁰ en hún bendir á, líkt og Eagleton,²⁴¹ að í stað eins almennings hafi á þessum tíma verið um að ræða mörg almenningssvið sem sköruðust og þau voru ekki öll borgaraleg eða karlasvæði. Til að viðhalda ríkjandi reglu hafi þurft að loka einhverjum þeirra. Það að hemja klofningshópa af ýmsu tagi, t.d. pólitíska hópa kvenna, hafi ekki verið óbein afleiðing heldur mikilvægur þáttur í framsetningu hins nýja almennings.²⁴² Upphafnar hugmyndir um hinn borgaralega almenning hafi í raun gegnt því hlutverki að stjórna, halda í skefjum og takmarka umsvif

²³⁸ Sama, 423.

²³⁹ Sama, 423-424.

²⁴⁰ Paula McDowell: *The Women of Grub Street. Press, Politics, and Gender in the London Literary Marketplace 1678-1730*, Oxford, Clarendon Press, 1998, 7.

²⁴¹ Eagleton: *The Function of Criticism*, 36.

²⁴² „The containment of ‘factious’, sometimes female, religio-political groups was not a secondary consequence but a primary factor in the articulation of the new (bourgeois) public.“ McDowell: *The Women of Grub Street*, 285.

annarra umræðu- eða almenningssvæða og frjálshyggjumódel hins „eina sanna“ almenningssvæða hafi komið fram í Englandi sem viðbrögð elíttunnar við róttækni og klofningi sem blómstraði á tímum borgarastríðsins.²⁴³ Verið var að endurmóta stríðandi almenningssvæði í nýtt, upphafið „samfélag“ sem átti að draga úr hættunni á öðru borgarastríði í Englandi, segir McDowell:

Hinn „menntaði“ almenningur sem Habermas lýsti [...] virkaði þannig að hann hélt í skefjum öðrum almenningssvæðum sem voru opin ólíkum hópum kvenna (og karla) og byggðust á öðrum gildum. „Frjálshyggjumódel almenningssvæðis“ 18. aldar — með tengslum sínum við breytileg módel fjölskyldu og ríkis, þegnaskyldu og þegnaréttar, bókmennta- og menningargildi — lokaði á ný tækifæri fyrir suma á meðan það opnaði tækifæri fyrir aðra.²⁴⁴

Hinn nýi stjórnandi bresks samfélags hafi ekki reynt vera „almenningssálitið“ heldur þeir fáu einstaklingar sem gátu stjórnað hinum nýlega og mikilvæga umræðuvettvangi í prentmiðlum.²⁴⁵

Konur áttu stóran þátt í sköpun fjölmiðlavettvangsins, og gáfu meira að segja út eigin tímarit. *The Female Tatler*²⁴⁶ kom út á árunum 1709-1710 og *The Female Spectator*²⁴⁷ kom út á árunum 1744-1746. En næstu kynslóðir leggja ekki áherslu á að minnst á þessar konur í sögulegum yfirlitum, frekar en kvenrithöfundar almennt. Í *Lives of the Most Eminent English Poets* sem kom út árið 1779 tekur Samuel Johnson saman æviágrip 52 skálda sem flest eru samtíðarmenn hans, auk þess að setja fram gagnrýnið mat á þeim. Eagleton segir um þetta verk að eitt af afrekum Johnsons hafi verið að gera bókmenntagagnrýni, sem áður var helst tengd sparðatíningi og persónuárásam, að vinsælu lesefni hjá almenningi.²⁴⁸ Þetta, segir Eagleton, gat Johnson gert af því að hann höfðaði til almennrar skynsemi og gagnrýni hans

²⁴³ „Habermas suggested but did not expand on the possibility that, from its inception, the idealized concept of ‘the’ (bourgeois) public actually functioned to contain, control, or otherwise delimit the activities of various other contemporary publics or forums for discussion. David Zaret has suggested that ‘the liberal model of the public sphere emerged in England as an elite response to the radicalism and sectarianism that flourished during the [Civil War period], and my own investigation of middling and lower-class women’s political activity through print has yielded considerable evidence to support such an argument.“ Sama, 9.

²⁴⁴ „The ‘civilized’ public sphere Habermas described [...] functioned to contain other publics open to different female (and male) groups and constituted around different values. The eighteenth-century ‘liberal model of the public sphere’ — with its link to changing models of family and state, of political subjecthood and subjectivity, and of literary and cultural value — worked to shut down new opportunities for some even as it opened up opportunities for others.“ Sama, 10.

²⁴⁵ Sama, 3.

²⁴⁶ Allar greinarnar í *The Female Tatler* voru skrifaðar undir dulnefnum en talið er að ritstýran, Mrs. Crackenthorpe, hafi verið Delarivier Manley sem hafði skrifað alræmd verk á borð við *Secret Memoirs from the New Atlantis* og *Memoirs of Europe*. Hún skrifaði líka töluvert af pólitískum bæklingum. *The Female Tatler* var gefið út af nýjum höfundum eftir að Manley var handtekin að skipun stjórnarinnar fyrir ærumeiðingar og uppreisnaráróður en hún hafði skrifað satíru í *The New Atlantis* um marga háttsetta stjórnarliða.

²⁴⁷ Eliza Haywood ritstýrði því riti.

²⁴⁸ Reyndar hafði Elizabeth Cooper áður gefið út *The Muses Library*, úrval ljóða og æviágrip skálda frá Langland og Gower til Spensers og Daniels. Þar áður höfðu Edward Phillips, William Winstanly og Giles Jacob gefið út svipuð rit en Cooper sagðist hafa lagfært mistök þeirra, bætt við nýju efni og samið „one of the most valuable Collections, that ever was made publick“. Cooper: „Preface to *The Muses Library*“, 78.

spratt úr almennri hugmyndafræði.²⁴⁹ Þessi „almenna hugmyndafræði“ er greinilega karllæg því Johnson fjallar ekki um verk einnar einustu konu í æviágripum sínum og undanskilur til dæmis verk Öphru Behn sem Edward Bysse hafði þó notað sem dæmi í *Art of English Poetry* sem kom út á fyrstu árum 18. aldar.²⁵⁰ Hér er vert að hafa í huga að skrif Johnsons minna oft á siðapredikanir. Hann leggur t.d. áherslu á menntagildi bókmennta og fordæmir bækur með siðlausan boðskap. Það má því segja að hann taki þátt í tilraunum til að koma á siðferðislegri reglu með skrifum sínum. Og hann skrifar mikið um konur — þ.e. hvaða dyggðum þær þurfi að vera gæddar til að vera hentugar *eiginkonur*.²⁵¹ Með því að einblína á þetta hlutverk kvenna og hunsu öll önnur tekur hann þátt í að afmarka það sem hið eina rétta og ýta þeim út af fjölmiðla- og bókmenntasviðinu.

Því lítur saga gagnrýnnar oft út eins og saga karlgagnrýnenda þótt raunin hafi verið önnur. Konur stunduðu gagnrýni frá því að hún kom fram sem sérstök orðræða í Evrópu, segir í inngangi að sýnisbók bókmenntagagnrýni eftir konur en þar er fullyrt að um eitt hundrað enskar, franskar, þýskar og bandarískar konur hafi skrifað bókmenntagagnrýni á árunum 1660 til 1820. Skrif kvennanna voru að miklu leyti í hefðbundnu formi; formálar, tímaritagreinar og heilar bækur.²⁵² Konurnar skáru sig þó úr að því leyti að þær sýndu kvenrithöfundum umtalsvert meiri áhuga en karlgagnrýnendurnir. Stundum er sú athygli neikvæð²⁵³ en stundum verja gagnrýnendurnir kynsystur sínar gegn árásum karlgagnrýnenda. Jane Austen leggur til dæmis áherslu á kvenrithöfunda þegar hún ver skáldsöguformið²⁵⁴ og Stéphanie-Félicité Ducrest, Comtesse de Genlis, heldur því fram árið 1811 að enginn karl hafi bætt frammistöðu höfundanna Madame de Sévigné, Madame de Maintenon, Madame Riccoboni eða Madame Cotin.²⁵⁵ Konur vörðu líka stundum skáldsöguna, enda hneigðust karlgagnrýnendur bæði til

²⁴⁹ Eagleton: *The Function of Criticism*, 33.

²⁵⁰ Saintsbury: *A History of English Criticism*, 159.

²⁵¹ Sjá t.d. *The Rambler* nr. 18, 39, 45, 113 og 115. Samuel Johnson: *Selected Essays*, ritstj. David Womersley, London, New York, Victoria, Ontario, Panchsheel Park, Auckland og Rosebank, Penguin Books, 2003, 53-57, 107-110, 116-120, 200-204 og 209-214.

²⁵² Beauchamp, Bray, Green, Lanser, Larsen, Pascoe, Rogers, Salvaggio, Simowitz og Wallace: „Introduction“, xiii og xv.

²⁵³ Mary Wollstonecraft notaði gagnrýni Charlotte Lennox á „chivalric romance“ gegn hennar eigin verki, *Euphemia*. Isabelle de Charrière byrjaði skopstælingu á *Camilla* eftir Frances Burney með því að kynna til sögunnar kvenhetju sem var „as ugly as the night“ og var það andsvar við skáldsögum sem létu söguhetjur sínar vera „as lovely as the day“. Konur gerðu líka stundum grín að öðrum konum sem stunduðu gagnrýni: Í *David Simple* eftir Söruh Fielding fella kvengagnrýnendur dóma fulla af stétta- og kynþáttafordómum, í *The Old Manor House* eftir Charlotte Smith er gert grín að Hönnuh Cowley og í *The Wivings* eftir Burney segist lafði Smatter vera gagnrýnandi og fordæmir „villur“ hjá Shakespeare og Pope, þótt hún viðurkenni að hafa ekki lesið helming verka þeirra. Þá á Clara Reeve í svo illskeyttri ritdeilu við Anne Seward um verk Samuels Richardsons að hún segist ekki geta skilið að svo mikil illska og svo lítill næmleiki geti komið úr penna síns eigin kyns. Sama, xvii.

²⁵⁴ Jane Austen: „From *Northanger Abbey* (1818)“, *Women Critics 1660-1820. An Anthology*, ritstj. Virginia Walcott Beauchamp, et al., Bloomington og Indianapolis, Indiana University Press, 1995, 385-388.

²⁵⁵ Genlis: „Preliminary Reflections“, 208.

að tengja þær bókmenntir konum og gera lítið úr þeim.²⁵⁶ Í verki Clöru Reeve, *The Progress of Romance* frá árinu 1785, biður kvenpersónan Euphrasia hlustendur sína til dæmis um að afklæðast hefðbundnum fordómum gegn rómönnum (e. *romances*) og kvengagnrýnendum og reynir að sýna fram á sameiginlegar rætur epískra ljóða og rómána.²⁵⁷

Kvenhöfundar tóku eftir fordómum gagnrýnenda gegn verkum þeirra og Aphra Behn sakar gagnrýnendur um að beita verk hennar misrétti og krefst þess að þau séu metin með sömu mælistiku og verk karla:

Ég bið ekki um annað en þau forréttindi fyrir hinn karlmannlega hluta minn, skáldið í mér (ef þið fallist á að ég búi yfir slíku) að arka þá árangursríku slóð sem forverar mínir hafa svo lengi dafnað á, að fylgja því fordæmi bæði fornra og nútímahöfunda sem geðjaðist heiminum svo vel. Ef ég fæ ekki, vegna kyns míns, að njóta þess frelsis, og þið ætlið að gína yfir því öllu sjálfir, þá legg ég niður fjaðurpenna minn og þið munuð ekki heyra meira frá mér, ekki einu sinni til samanburðar, því ég mun vera ljúfari við starfsbræður mína en þeir hafa verið við varnarlausu konu; því mér nægir ekki að skrifa aðeins fyrir útborgunardaginn. Ég met frægðina jafn mikið og hefði ég fæðst hetja, og ef þið rænið mig henni, get ég dregið mig út úr hinum vanþakkláta heimi og hæðst að hviklyndi hans.²⁵⁸

Behn bendir á að háð sé notað markvisst gegn kvenrithöfundum²⁵⁹ en notar sjálf sömu brögð og grefur undan þeim sem gera lítið úr konum með því að sýna þeim yfirdrífna kurteisi og tillitssemi, um leið og hún sakar þá í hálfkæringi um skort á slíkri kurteisi. Behn krítar þó nokkuð liðugt er hún segist vera mildari við pennabræður sína en þeir við „varnarlausu konu“ því hún vandar gagnrýnendum verka sinna ekki kveðjurnar. Í formála að prentaðri útgáfu leikritsins *The Dutch Lover* segir hún til dæmis:

Fyrsta daginn sem það var leikið kom einmitt til mín í gryfjuna langur, fínlegur, svipbrigðalaus, fölur, óaðlaðandi, aumingjalegur spjátrungur [...], sorglegt dýr sem hafði ekkert annað til að skýla sér fyrir algjörri fyrirlitningu alls mannkyns en virðinguna sem við berum fyrir rottum og froskum, sem okkur tekst ekki vel að elska en álitum hluta af sköpunarverki Guðs. [...] Þetta

²⁵⁶ Beauchamp, Bray, Green, Lanser, Larsen, Pascoe, Rogers, Salvaggio, Simowitz og Wallace: „Introduction“, xviii-xix.

²⁵⁷ Clara Reeve: „From *The Progress of Romance*“, *Women Critics 1660-1820. An anthology*, ritstj. Virginia Walcott Beauchamp, et al., Bloomington og Indianapolis, Indiana University Press, 1995, 136.

²⁵⁸ „All I ask is the Priviledge for my Masculine Part the Poet in me, (if any such you will allow me) to tread in those successful Paths my Predecessors have so long thiv'd in, to take those measures that both the Ancient and Modern Writers have set me, and by which they have pleas'd the World so well. If I must not, because of my Sex, have this Freedom, but that you will usurp all to your selves; I lay down my Quill, and you shall hear no more of me, no not so much as to make Comparisons, because I will be kinder to my Brothers of the Pen, than they have been to a defenceless Woman; for I am not content to write for a Third day only. I value Fame as much as if I had been born a Hero; and if you rob me of that, I can retire from the ungrateful World, and scorn its fickle Favours.“ Aphra Behn: „Preface to *The Lucky Chance*“, *Women Critics 1660-1820. An Anthology*, ritstj. Virginia Walcott Beauchamp, et al., Bloomington og Indianapolis, Indiana University Press, 1995, 24-25.

²⁵⁹ Sama, 24.

fyrirbæri, get ég sagt ykkur, opnaði það sem þjónar honum sem munnur og út kom skarkali sem gaf í skyn að nærstaddir ættu að búast við skelfilegu leikriti [...] því það væri eftir konu.²⁶⁰

Behn nýtir sér til hins ítrasta neikvæða ímynd gagnrýnandans „sem starfar við að finna galla, eða hreinlega skapa þá með óhöndu og ógeðfelldu ímyndunarafl“²⁶¹ vantar sköpunarkraft og þrífst á verkum annarra,²⁶² til að streitast á móti því sem hún túlkar sem misnotkun valds hans í þágu feðraveldisins. Ásakanir um misnotkun hins ógnvænlega valds ritdóma virka því ekki aðeins í þágu ríkjandi kerfis, „eins og viðvörðun sem á að færa uppreisnargjarnar tilfinningar [...] á réttar brautir“ (sjá umfjöllun um kenningar Douglas, bls. 19), heldur eru þær líka notaðar gegn þjónum valdsins af þeim sem eru í óæðri stöðu. Skrif Öphru Behn bera þannig merki þess að vera hluti af bókmenntasviði sem Mary Douglas myndi lýsa sem flæðandi (e. *fluid*) valdakerfi, þar sem lögmætt vald getur verið aðgengilegt fyrir hvern sem leggur það á sig að öðlast það en erfitt er að ná því og jafn erfitt að viðhalda því, enda gera menn ráð fyrir því að valdið sé hægt að misnota og valdaöfl eiga alltaf á hættu að vera dregin niður úr upphafinni stöðu sinni.²⁶³

Frægðarsól Dicks Minims

Um leið og ritdómari prentuðu fjölmiðlanna varð til fæddist grótesk ímynd hans og hún fylgir honum enn í dag, sem andsvar við og afleiðing af hinni mögulega hættulegu stöðu hans á óljósum mörkum afþreyingar og fræða, lista og markaðar. Árið 1997 minnst Soffía Auður Birgisdóttir, bókmenntafræðingur og gagnrýnandi, á myndmálið „sem notað er til að lýsa gagnrýnendum og starfi þeirra“, í framhaldi af umfjöllun um norskt greinasafn um bókmenntagagnrýni sem ber titilinn *Samtale med et svin*. Soffía Auður bendir á að titillinn vísi „til frægra orða [bandaríska leikskáldsins] Edwards Albees, sem sagði [í leikritinu *Hver er hræddur við Virginíu Woolf?*] að það þyrfti svín til að leita uppi bestu jarðsveppina“. Hún rifjar einnig upp að leikskáldið John Osborne hafi líkt gagnrýnendum „við hunda sem míga utan í ljósastaura“ og oft sé „þeim líkt við nöðrur sem sæta færiss að höggva eiturtönnum sínum í höfunda og spýta í þá banvænu eitrunu“. Þá minnst hún á þá nýleg ummæli Ólafs Jóhanns Ólafssonar „þar sem hann líkir gagnrýnendum við ruslið sem hann neyðist til að

²⁶⁰ „Indeed that day ‘twas Acted first, there comes me into the Pit, a long, lither, phlegmatick, white, ill-favour’d, wretched Pop [...], a sorry Animal that has nought else to shield it from the uttermost contempt of all mankind, but that respect which we afford to Rats and Toads, which though we do not well allow to love, yet when considered as a part of Gods Creation, We made honourable mention of them. [...] This thing, I tell ye, opening that which serves it for a mouth, out issued such a noise as this to those that sate about it, that they were to expect a woful Play [...] for it was a womans. Sama, 20.

²⁶¹ „[...] whose Business is to find Fault, if not by a loose and gross Imagination to create them [...]“ Behn: „Preface to The Lucky Chance“, 23-24.

²⁶² Sama, 20.

²⁶³ Douglas: *Purity and Danger*, 108-109.

klofa yfir á ferð sinni um götur New York borgar“.²⁶⁴ Eins og sjá má er algengt að gagnrýnendum sé líkt við dýr sem þykja óhrein eða viðurstyggileg og gagnrýni er stundum tengd við ógeðfella líkamsstarfsemi. Eins og Mikhail Bakhtin hefur lýst er gróteska öflugt tæki til að draga valdhafa niður úr hásæti sínu, en hún felur í sér að draga hið háa, andlega, ídealska og abstrakt niður á efnislega sviðið, á svæði jarðar og líkama. Bakhtin telur að hið gróteska sé í grunninn fyrirbæri í miðri ummyndun, miðja vegu milli ólíkra póla, til dæmis hins gamla og nýja, dauða og fæðingar, og feli því í sér mótsagnakennda þætti.²⁶⁵ Staða ritdómarans á mörkum hinna ýmsu sviða býður því ef til vill upp á að hann sé útmálaður sem gróteskur. Þótt hið gróteska búi sannarlega yfir óhugnaði líkt og úrkastið, þá vekur það einnig hlátur, sem úrkastið gerir ekki. Hláturinn má nota sem karnívalískt „vopn“ gegn valdinu og má því túlka slík viðbrögð sem tilraun (höfunda og almennings) til að „ræna“ völdum ritdómarans og færa þau í eigin hendur, a.m.k. tímabundið.

Sjálfir gefa ritdómarar oft til kynna að þeir séu vel meðvitaðir um hina grótesku ímynd sem fylgir sæti gagnrýnandans. Samuel Johnson leikur sér til dæmis á írónískan hátt með staðalímyndir gagnrýnandans í *The Idler* árið 1759. Þar segir hann að gagnrýni sé „iðja þar sem menn geti vaxið til metorða og ógnvænleika með afar litlum tilkostnaði“,²⁶⁶ en bætir við að það sé ekki svo alvarlegt mál því „enginn snillingur hafi nokkurn tíma fallið fyrir blæstri gagnrýnenda“.²⁶⁷ Johnson rekur svo á kaldhæðinn hátt feril skáldaða gagnrýnandans Dicks Minims sem stígur fyrst fram á sögusviðið sem ungur lærlingur hjá ölgerðarmanni. Hann erfir auðæfi frænda síns og ákveður að nýta frelsið sem því fylgir til að verða leikhússgagnrýnandi. Johnson beinir því spjótum að eigin starfsvettvangi, en hann var orðinn kunnur höfundur margvíslegra ritsmíða þegar hann hóf útgáfu á *The Rambler* árið 1750 sem kom út tvisvar í viku til ársins 1752. Í kjölfarið fylgdu svo tímaritin *The Adventurer* og *The Idler*.

Á árunum 1750-1770 varð mikil aukning í útgáfu enskra bókmenntatímarita en Leslie Stephen er meðal þeirra sem telja að atvinnugagnrýnandinn komi fram á sjónarsviðið á Englandi á þessum tíma.²⁶⁸ Eagleton lýsir því þannig að persónulegar samræður milli

²⁶⁴ Soffía Auður Birgisdóttir: „Ástfangið svín“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 18. október 1997, 7. Þröstur Helgason hafði áður lýst ummælum Ólafs, sem hann segir að hafi fallið í viðtalsþætti á Stöð 2 í desember 1996, þannig að Ólafur hafi líkt „islenskum bókmenntagagnrýnendum, sem þá höfðu flestir gefið honum heldur slæma dóma fyrir nýjustu skáldsögu sína *Lávarð heims*, við öskutunnurnar og ruslið sem hann þyrfti að klofa yfir á göngu sinni um New York borg dag hvern“ en léti ekki „aftra sér í að ná takmarki sínu“. Þröstur Helgason: „Ólafur Jóhann og meint andúð gagnrýnenda“, *Morgunblaðið*, 16. september 1997, 34.

²⁶⁵ Mikhail Bakhtin: *Rabelais and his world*, þýð. Helene Iswolsky, Bloomington, Indiana University Press, 1984, 11, 19-20 og 24-25.

²⁶⁶ „[...] a study by which men grow important and formidable at very small expence [...]“ Johnson: „[The Idler] No. 60. Saturday, 9 June 1759“, 464.

²⁶⁷ „No genius was ever blasted by the breath of Criticks.“ Sama, 465.

²⁶⁸ Eagleton: *The Function of Criticism*, 30-31.

bóklærðra kaffihúsaspekúlanta víki smám saman fyrir skrifum atvinnugagnrýnandans sem fái það óöfundsverða verkefni að gera grein fyrir öllum nýjum bókum, en með Johnson sé tekið skref í átt að aðskilnaði bókmenntalegs lífs og samfélagsmótunar, aðskilnaði sem hafi í för með sér að gagnrýni á öðrum þræði eftir að þróast yfir í sérhæfða textategund.²⁶⁹ Virginia Woolf er sömu skoðunar og segir að í lok 18. aldar hafi gagnrýni klofnað í tvennt; milli gagnrýnenda sem „tókust á við fortíðina og grundvallarlögmál“²⁷⁰ og ritdómara sem „mátu nýjar bækur þar sem þær runnu úr prentsmiðjunni“.²⁷¹ Ritdómariinn í fjölmiðlum er almennt talinn bera skarðan hlut frá borði þegar verkaskiptingin eykst og Terry Eagleton lýsir þróuninni fremur kaldranalega þannig að viðmótsþýður áhugamannabragur sem hafi einkennt forvera Johnsons, Addison og Steele, sé tekinn að súrna og verða að nöldri vinnuþjakaðra atvinnupenna.²⁷²

Gagnrýni í fjölmiðlum verður eitt af viðfangsefnum nýrrar tegundar atvinnupenna sem skrifa fyrir ört vaxandi lesendahóp á sístækkandi prentmarkaði. Á 17. öld var bókamarkaðurinn í Englandi að taka á sig þá mynd sem við þekkjum í dag, segir Paula McDowell, en hún talar um hægfara breytingu í textaframléiðslu, frá handritahefð hirðsamfélaga til prentmarkaðskerfis nútímans. Úr þessari deiglu spratt m.a. fram jaðarmenning atvinnupenna, svokallaðra „hackers“, sem allt frá seinni hluta 17. aldar var kennd við götuna Grub Street í London.²⁷³ Johnson bjó sjálfur við Grub Street um tíma á fyrri hluta ferils síns og í orðabók sem hann gaf út árið 1755 skilgreinir hann orðið þannig:

Gru'bstreet. *n.s.* Upphaflega nafn á götu í Moorfields í London, þar sem búa margir höfundar lítilla frásagna, orðabóka, og nútímaljóða; þess vegna er öll óæðri framléiðsla kölluð *grubstreet*.²⁷⁴

Orðið Grub Street var notað til að lýsa skrifum fyrir markaðinn en á síðari hluta 17. aldar og fyrri hluta þeirrar 18. voru gefin út ógrynni bæklinga (e. *pamphlets*). „Fréttir“ og „sannar sögur“ seldust sem heitar lummur á götuhornum, þar sem sölumenn æptu hver í kapp við annan, en einnig ljóðabálkar og skopvísur. Joad Raymond bendir á að hið mikla flæði fréttatengdra rita hafi vakið áhyggjur af slæmum áhrifum þessara bæklinga og tímarita. Hinn

²⁶⁹ Sama, 34.

²⁷⁰ „[...] dealt with the past and with principles [...]“ Woolf: „Reviewing“, 205.

²⁷¹ „[...] took the measure of new books as they fell from the press [...]“ Sama, 205.

²⁷² Eagleton: *The Function of Criticism*, 33.

²⁷³ McDowell: *The Women of Grub Street*, 5.

²⁷⁴ „Gru'bstreet. *n.s.* Originally the name of a street in Moorfields in London, much inhabited by writers of small histories, dictionaries, and temporary poems; whence any mean production is called *grubstreet*.“ Samuel Johnson: *A Dictionary of the English Language*, London, J.F., et al., 1778, sótt 28. apríl 2009 af <http://www.archive.org/stream/dictionaryofengl01johnuoft#page/n5/mode/2up>.

mikli fjöldi ókresinna lesenda hafi ógnað hinum fáu menntuðu og öguðu. Og þótt gagnrýnendur ódýrra prentvara hafi ef til vill vanmetið eftirtektarsemi, sjálfsmeðvitund og gáfur lesendanna, hafi fréttamenningin að vissu leyti verið örökvís, óhagnýt og óarðbær. Hann varpar fram þeim möguleika að ef til vill hafi fréttamenningin, með sínum flóknu og ruglingslegu dægreinkennum, ekki virt landamæri, og að það hafi verið mesta áhyggjuefnið.²⁷⁵

Prent- og markaðsvæðing bókmennanna reyndi vissulega á landamæri hefðbundinna skilgreininga. Samkvæmt Bourdieu skiptir aðgreining meginmáli á menningarlegum sviðum og þessi aðgreining byggir á andstæðum á borð við hátt/lágt, létt/þungt, fágað/gróft, elíta/fjöldi og hámenning/lágmenning.²⁷⁶ Röskun á þessum andstæðum veldur því að nokkur óreiða skapast eins og á árunum 1680 til 1730 þegar mikil þensla var á enska útgáfumarkaðnum. Þetta er oft rakið til samfélagslegra breytinga sem áttu sér stað á seinni hluta 17. aldar, en þá átti hrun prenthafna, aukin lestrarkunnátta og tilkoma hins nýja almenningssvæðis stóran þátt í þeirri sprengingu sem varð í útgáfu prentaðra rita.²⁷⁷ „Á Englandi var „prentfrelsi“ afurð af uppgjöf yfirstjórnar ekki síður en afurð upplýsingar“, segir McDowell.²⁷⁸ Konur hafi verið meðal þeirra sem gripu tækifærið á sviði þar sem ekki var ytra regluverk til staðar til að útiloka þær, eða þar til aukin áhersla á stjórnun prentmarkaðarins, með tilheyrandi reglum og höftum, hafi stöðvað víðtæka jaðarstarfsemi á prentmarkaðnum, þar á meðal þátttöku kvenna.²⁷⁹

Grub Street pennarnir þrífust á þessari upplausn hefðbundinna mæra, og urðu því sjálfkrafa að úrkasti bókmenntaheimsins. Í þessu umhverfi hóf Samuel Johnson að gefa reglulega út tímarit sín (sjá bls. 64) með stuttum ritgerðum um hin ýmsu málefni, allt frá bókmenntum til ráðlegginga í hjúskaparmálum. Á ritgerðum Johnsons má sjá að þessi stuttu, reglulegu skrif fyrir almenning reyna nokkuð á þolrifin og hafa ekki endilega á sér mikinn virðingarbla. Í fyrsta tölublaði *The Rambler* lýsir Johnson til dæmis kostum ritgerðanna á írónískan hátt: Formið gefi tækifæri til að fá sem skjótasta frægð fyrir hæfileika sem maður

²⁷⁵ „In the increasingly commercialized marketplace of print the mass of injudicious readers threatened to engulf the studied and disciplined few.“ Joad Raymond: „Irrational, impractical and unprofitable“, *Reading, Society and Politics in Early Modern England*, ritstj. Kevin Sharpe og Steven N. Zwicker, New York, Cambridge University Press, 2003, 186. „Though the critics of cheap print may have underestimated the diligence, self-consciousness and savviness of its readers, news culture was, in a sense, irrational, impractical, and unprofitable. Or alternatively — and this would have been even more liable to provoke anxiety — the culture of news reading may have transgressed these boundaries with its complex, quotidian and messy character.“ Sama, 205.

²⁷⁶ Pierre Bourdieu: „The production of belief: Contribution to an economy of symbolic goods“, *Media, Culture and Society*, 2, 1980, 157. Sótt í Swartz: *Culture and Power*, 131.

²⁷⁷ McDowell: *The Women of Grub Street*, 28 og 4.

²⁷⁸ „[I]n England ‘freedom of press’ was as much a product of administrative exhaustion as of enlightenment.“ Sama, 31.

²⁷⁹ Sama, 5-7 og 30.

telji sig hafa því hægt verði að lesa með andakt á morgun það sem skrifað er í dag. Höfundurinn þurfi ekki að einbeita sér lengi að einu málefni heldur geti stanslaust snúið seglum eftir smekk almennings og fengið þannig eilífan meðbyr. Vegna þess að lengd ritgerðanna sé takmörkuð megi ekki flækja málin of mikið og það létti verkið heilmikið, auk þess að jafnvel þótt af litlu sé að taka í kollinum sé það aldrei of lítið fyrir svona ritgerð. Að auki þurfi höfundurinn aðeins að skrifa í nokkra daga til að sýna fram á lærdóm sinn og snelligáfu og ef annað hvort er takmarkað sé alltaf afsakanlegt að hafa ritverkið stutt í annan endann án þess að viðurkenna að eitthvað vanti upp á hjá höfundinum. Ef höfundurinn fái samt enga viðurkenningu fyrir verk sín sé alltaf auðvelt að hætta útgáfunni.²⁸⁰

Þegar á líður útgáfuna kemur þó annað hljóð í strokkinn og verður Johnson tíðrætt um kröfurnar sem hann þarf að uppfylla. Í síðasta tölublaði *The Rambler* segist hann hafa í tvö ár þraukað við þá taugatrekkjandi iðju að skrifa í tímarit án þess að hafa verið í miklu uppáhaldi hjá almenningi eða hlotið mikið lof fyrir.²⁸¹ Hann stærir sig af því að hafa aldrei sinnt dægurmálum en getur ekki ábyrgst að allar ritgerðirnar séu fullkomnar, því sá sem dæmi sig til að semja texta á fyrirfram ákveðnum degi komi oft að verkinu með dreifðri athygli, gloppóttu minni og ofhlöðnu ímyndunarafli, annars hugar af áhyggjum og sjúkur á líkama. Hann streitist við ófrjótt efni þar til of seint sé að breyta því eða hleypi hugsunum sínum í allar áttir í hita leiksins og yfirvofandi skilafrestur komi í veg fyrir að skynsamleg íhugun nái að draga nægilega úr villtu fjörinu.²⁸²

Í áðurnefndri sögu af Dick Minim (en nafn hans mætti útleggja á íslensku sem „lítill náungi“) tekur Johnson fyrir ímynd hins nýja fjölmiðlagagnrýnanda með því að rekja söguna af því hvernig ölgerðarlærlingurinn Dick Minim fær, eftir að hafa áskotnast arfur, svigrúm til að stunda kaffihúsin daglega í því skyni að verða þátttakandi á sviði leikhússgagnrýnnar. Hann hlustar með athygli á þá sem tala og alla frasana sem notaðir eru, þar til hann telur sig hafa öðlast nægan skilning á leiksviðinu til að geta talað um það sjálfur. Hér lýsir Johnson hringiðu almenningsvettvangsins eins og Jürgen Habermas átti eftir að lýsa honum síðar,²⁸³

²⁸⁰ Samuel Johnson: „[The Rambler] No. 208. Saturday, 14 March 1752“, *Selected Essays* ritstj. David Womersley, London, New York, Victoria, Ontario, Panchsheel Park, Auckland og Rosebank, Penguin Books, 2003, 6-7.

²⁸¹ Womersley segir að *The Rambler* hafi aldrei verið prentaður í meira en 500 eintökum. Johnson: *Selected Essays*, ritstj. Womersley, 552.

²⁸² „He that condemns himself to compose on a stated day, will often bring to his attention dissipated, a memory embarrassed, an imagination overwhelmed, a mind distracted with anxieties, a body languishing with disease: He will labour on a barren topic, till it is too late to change it; or in the ardour of invention, diffuse his thoughts into wild exuberance, which the pressing hour of publication cannot suffer judgment to examine or reduce.“ Johnson: „[The Idler] No. 61. Saturday, 16 June 1759“, 325.

²⁸³ Jürgen Habermas: *Strukturwandel der Öffentlichkeit. Untersuchungen zu einer Kategorie der bürgerlichen Gesellschaft*, Neuwied, Luchterhand, 1969.

vettvangi sem skapaðist ekki síður á kaffihúsum en í hinum nýju fjölmiðlum. Dick Minim lætur sér þó ekki nægja að hlusta á gasprið á kaffihúsunum. Hann sækir sér líka visku í bækur og leggur á minnið álit nokkurra valinna manna þannig að hann getur rakið í viðeigandi orðum staðhæfingar á borð við platonsku hugmyndina um að megingilgangur listarinnar sé að líkja eftir náttúrunni, að samkvæmt reglu Hórasar eigi að geyma öll verk í níu ár áður en þau eru birt,²⁸⁴ og að „fullkominn höfundur sé ekki til því að snilligáfu hnigni um leið og dómgreindin batni“.²⁸⁵ Hinn allsráðandi nýklassesismi, sem gerði það að verkum að forngrískir og latneskir höfundar áttu alltaf síðasta orðið hvað varðaði tilgang, eðli og reglur skáldskapar, er hér hæddur, enda höfðu margir gagnrýnt hina skilyrðislausu fornaldardýrkun og umræðan m.a. tekið á sig mynd baráttu milli fornaldar- og nútímahöfunda. Hin umdeilda „formúla“ (sjá bls. 53) sem ákvarðar hvað má og hvað ekki var þó oftast en ekki notuð til að meta ný og gömul verk. Einmitt í þeim anda fer Dick Minim að nota reglurnar sem hann hefur lært til að greina verk stóru höfundanna, með það sem útgangspunkt að þeir hafi allir bæði kosti og galla. Hann kemst að dæmigerðum, viðurkenndum niðurstöðum, eins og að Shakespeare hafi látið stjórnast algjörlega af náttúrulegum hvötum en skort agann sem lærdómur hefði gefið honum og að Addison sé meistari allegoríunnar og gálghámors en ekki virðingarverður sem gagnrýnandi.²⁸⁶

Minim vísar m.a. í þá útleggingu Alexanders Pope á ráðleggingum Hórasar, að mikil list sé listin að stroka út.²⁸⁷ Síðar í sögunni kemur einnig fram að Minim rannsakar leynda fegurð verka og gleðst þegar hann finnur staði þar sem „hljóðið endurómar merkinguna“,²⁸⁸ sem er líka vísun í áður nefnt ljóð eftir Pope, *Essay on Criticism*, sem kom út árið 1711. Þar dregur Pope saman flest viðurkennd viðhorf til bókmenntagagnrýni og heldur því m.a. fram að hljómfall ljóða eigi að enduróma merkingu þeirra.²⁸⁹ Gagnrýnendur voru oft taldir ganga nokkuð langt í viðleitni sinni til að fella ljóðlistina inn í ramma sem þeir töldu sig hafa uppgötvað og Minim holdgervir slíkar tilraunir þegar hann undrast sljóleika þeirra sem ekki hafa fundið fyrir því hvernig hljóðin ýta undir merkinguna, og nefnir nokkuð kómískt dæmi, ljóð eftir Butler, þar sem ekki sé hægt að lesa orð eins og „Bubble“ (kúla) án þess að belgja

²⁸⁴ Sjá Hóras: „De Arte poetica Liber“, 222.

²⁸⁵ „[...] a perfect writer is not to be expected, because genius decays as judgment increases[...]“ Johnson: „[The Idler] No. 60. Saturday, 9 June 1759“, 465.

²⁸⁶ Johnson: „[The Idler] No. 60. Saturday, 9 June 1759“, 465-466.

²⁸⁷ „[...] the great art is the art of blotting [...]“ Sama, 465. Í ljóðasafninu *Imitations of Horace* segir Pope: “But Otway fail'd to polish or refine, / And fluent Shakespear scarce effac'd a line. / Ev'n copious Dryden, wanted, or forgot, / The last and greatest Art, the Art to blot.“ Alexander Pope: „The First Epistle of the Second Book of Horace“, *Imitations of Horace*, ritstj. John Butt, London, Methuen & co., 1939, 219.

²⁸⁸ Johnson: „[The Idler] No. 60. Saturday, 9 June 1759“, 467.

²⁸⁹ „The sound must seem an Echo to the sense“. Alexander Pope: „Essay on Criticism“, *Poetical Works*, ritstj. Herbert Davis, Oxford, London og New York, Oxford University Press, 1978, 74.

fyrst kinnarnar út af lofti og hleypa því svo út með smelli, líkt og verið sé að blása sápukulur.²⁹⁰

Eins og gefur að skilja mótmæla fáir staðhæfingum Minims sem byggja á svo traustum grunni en ef einhverjar efasemdir koma upp þaggar meirihlutinn fljótlega niður í þeim. Sjálftraust hans eykst og hann fer að harma ástand nútíma leikritunar.²⁹¹ Hér dregur Johnson fram það sameiginlega markmið satírunnar og bókmenntagagnrýnninnar sem lýst var hér að framan; að hreinsa til (sjá bls. 50). Gagnrýni er beint gegn löstum og hún á að leiða bókmenntirnar úr öngstræti. Þess vegna er það, að sama hvar okkur ber niður sögulega séð, þá lýsa gagnrýnendur yfir hnignun og þörf á endurreisn, og Johnson lætur Minim vera fljótan að stökkva á þann vagn þegar tækifæri býðst.

Þegar hér er komið sögu hefur Minim fengið sitt eigið sæti á kaffihúsinu og hefur leiðandi áhrif í leikhúsinu. Þar sem hann er hégómlegur fremur en illa innrættur reynir hann yfirleitt, fremur en að vera til vandræða, að vekja hrifningu annarra áhorfenda á verkinu með því að klappa á vel völdum stöðum. Smám saman hefur hann fengið aðgang að æfingum og er jafnvel talinn hafa áhrif á skrif leikskáldanna. Minim er nú á hátindi ferils síns sem gagnrýnandi og allir þeir sem enga skoðun hafa sjálfir, en vilja þó rökræða og dæma, leita álits hans þannig að ekkert verk er talið lifa áfram nema það hafi fengið viðurkenningu Minims,²⁹² sem gengur þannig vandræðalaust inn í harðstjórahlutverk gagnrýnandans.

Þótt umdeilanlegt sé hversu mikil áhrif gagnrýnendur hafa í raun er þeim oft eignað mikið áhrifavald yfir almenningi og höfundum. Þessu valdi, hvort sem það er mýta eða ekki, fylgir svo krafan um að gagnrýnendur axli siðferðislega ábyrgð á áhrifunum sem þeir hafa, eins og rætt var í inngangskafli (sjá bls. 9). Sagan af Minim er hins vegar dæmisaga um gagnrýnanda sem axlar ekki ábyrgðina sem hlutverki hans fylgir, misnotar vald sitt og hefur engar áhyggjur af því hvort áhrif hans eru til góðs eða ills fyrir samfélagið. Jafnvel þegar hann byggir loftkastala um dýrðlega framtíð enskrar menningar er það fremur þjóðernislegur metingur en æðri metnaður sem ræður för. Minim vill koma á enskri Gagnrýni-akademíu í anda frönsku akademíunnar, stofnun sem setji einhvers konar viðmið fyrir smekk manna eða verði dómstóll sem hinir verðugu geti áfrýjað fordómafullum, illgirnilegum og dyntóttum niðurstöðum til. Þar eigi að lesa öll verk áður en þau eru prentuð og ákveða hvaða verk leikhúsin taki til sýninga og hvaða verkum skuli hafna. Slík stofnun myndi að mati Minims breiða hróður enskra bókmennta um Evrópu og gera London að heimsborg háttvísi og

²⁹⁰ Johnson: „[The Idler] No. 60. Saturday, 9 June 1759“, 467-468.

²⁹¹ Sama, 467.

²⁹² Johnson: „[The Idler] No. 61. Saturday, 16 June 1759“, 468.

siðfágunar.²⁹³ Johnson setti í tímaritagreinum út á nýlendustefnu og stríðsrekstur²⁹⁴ og því er ekki að undra að hann láti rindilinn Dick Minim vera einn af fulltrúum bókmenntalegrar heimsvaldastefnu, en hér kristallast ekki aðeins sú hugmynd að bókmenntir þjóða séu nokkurs konar „gjaldmiðill“ í alþjóðasamfélagi þar sem barist er um menningarlegt vald, heldur séu gagnrýnendur bókmenntanna einnig dýrmætur menningarauður.

Þar til Gagnrýni-akademían og enska menningarheimsveldið verður að veruleika verður Minim þó að setta sig við að ríkja fjögur kvöld í viku yfir félagi gagnrýnenda, þar sem hann velur félagana sjálfur, þar sem hlustað er á hann mótmælalaust og þar sem dómur hans falla og breiðast síðan út.²⁹⁵ Minim hefur því mikilla hagsmuna að gæta og hann dæmir varlega þegar kemur að virtum skáldum, nema almenningsálitið snúist gegn þeim, en hann hneigist til að dæma nýliða harkalega. Áður en ljóst er hvort verk slær í gegn eða ekki fjallar hann yfirleitt um það á almennan hátt, bendir bæði á kosti og galla.²⁹⁶ Það er því ljóst að Minim stenst ekki þá kröfu að gagnrýnendur misnoti ekki vald sitt í þágu eigin hagsmuna. Því verða dómur hans ekki endilega réttlátir.

Um mikilvægi réttláttra dóma má m.a. lesa í *Essay on Criticism*, en Sveinbjörn Egilsson þýddi brot úr þessu ljóði Alexanders Pope eins og fram hefur komið (sjá bls. 53), og birtist þýðingin í ljóðmælum Sveinbjarnar árið 1852. Hálfri öld áður hafði Jón Þorláksson á Bægisá þýtt „Tilraun um manninn“ eftir Pope²⁹⁷ og Benedikt Jónsson Gröndal hafði þýtt „Musteri mannorðsins“ árið 1789. Það er augljóst að lærðir menn könnuðust við verk Popes hér á landi, en bjartsýnishyggja Popes „fékk marga aðdáendur og á Norðurlöndum eignaðist hann nokkra lærisveina“ segir Heimir Pálsson.²⁹⁸ Ljóð Popes um gagnrýni er í Hórasarhætti og samanstendur af enskum tvíhendum með endarími. Þýðing Sveinbjarnar er hins vegar í ljóðahætti og hann fynrir málfarið töluvert. Ljóðaháttur er oft notaður til að setja fram lífsspeki eða heilræði og þýðing Sveinbjarnar fær vissulega á sig þann blæ; hann leggur „ritdómendum“ lífsreglurnar í nýklassískum anda. Knappt formið gerir það að verkum að hann setur fram í þremur erindum það sem Pope setur fram í einu:

Vant er að sjá,
hvort verður meiri
skortur vits hjá virðum,

²⁹³ Sama, 468-469.

²⁹⁴ Sjá t.d. Johnson: „Observations on the present State of Affairs“, 524. Einnig Johnson: „[The Rambler] No. 16. Saturday, 12 May 1750“, 477-479.

²⁹⁵ Johnson: „[The Idler] No. 61. Saturday, 16 June 1759“, 469.

²⁹⁶ Sama, 470.

²⁹⁷ Heimir Pálsson: „Inngangur“, í: Jón Þorláksson: „Kvæði: Frumort og þýdd“, ritstj. Njörður P. Njarðvík, Óskar Ó. Halldórsson og Vésteinn Ólason, Reykjavík, Rannsóknastofnun í bókmenntafræði og menningarsjóður, 1976, 26.

²⁹⁸ Sama, 28.

þeim er verka
vondan semja,
eða hinum, er dæma ránglega rit.

Er af tvennu
ávirðing sú
hættuminni höldum,
manns að þreyta
þolinmæði,
en vit í villu leiða.

Einstökum hitt
á kann að verða;
þessara mergð er mikil:
þar sem einn maður
illa ritar,
tú dálega dæma.²⁹⁹

Hér er því er lýst yfir að enn verra sé að leiða vit manna í villu með því að dæma ranglega heldur en að þreyta þolinmæði þeirra með því að semja vond skáldverk — og að auki séu yfirsjónir ritdómaranna tíu sinnum algengari en skáldanna. Það er ljóst að ábyrgð ritdómara er mikil, enda er gagnrýnigáfan ekki síður himnesk köllun en skáldskapargáfan:

Hljóta af himni
hvorirtveggju
sitt að leiða ljós;
þessum er ætlað
um að dæma,
hinum að rita rétt.³⁰⁰

Hæfileikinn til að dæma skáldverk er þannig að einhverju leyti talinn meðfæddur og jafnvel óskilgreinanlegur þótt kenna þurfi mönnum að þroska hann:

Kenni þeir öðrum,
er kunnu sjálfir
fram úr fyrðum skara;
dæmi þeir aðra
djarft, er verka
sjálfir sömdu vel.³⁰¹

Það er hins vegar ekki nóg að hlusta og lesa með áfergju eins og Mínim, gagnrýnendur þurfa að vita hversu langt náttúrulegir hæfileikar þeirra ná og ekki eru allir með hæfileika á sama sviði. Sumir skara fram úr sem gagnrýnendur og aðrir þurfa að læra að sætta sig við að það sé

²⁹⁹ Sveinbjörn Egilsson: „Ars Poët 38.-40.“, 204-206.

³⁰⁰ Sama, 204-206.

³⁰¹ Sama, 204-206.

einfaldlega náttúrulögmál. Minim breiðir hins vegar yfir vanþekkingu sína með klisjum, bækur sem hann hefur ekki lesið eða skilið segir hann ýmist „grófar“, „þurrar“, „stirðlegar“ eða „veigalitlar“;³⁰² stundum uppgötvar hann „stílnilld“ og stundum þykir honum „undarlega að orði kveðið“.³⁰³ Um síðustu aldamót varð íslenskum menntamönnum einnig tíðrætt um innihaldslausu klisjurnar sem þeim virtust meginuppistaðan í bókmenntagagnrýni nútímans. Kristján B. Jónasson, Hermann Stefánsson og Jón Kalman Stefánsson voru meðal þeirra sem skrifuðu greinar um slíkar klisjur og líkt og hjá Samuel Johnson er að einhverju leyti um sjálfsgagnrýni að ræða, t.d. þegar Hermann segist taka fyrir hugtök sem honum séu „hugleikin og töm og slær gjarnan um sig með í ritdómum“.³⁰⁴

„Að skrifa gagnrýni er eins og að láta vísa sér til sætis“, skrifar Hermann³⁰⁵ og má sjá fyrir sér að það að ganga inn í orðræðu ritdóma sé að svara ávarpi (e. *interpellation*) í skilningi Althusers og beygja sig sjálfviljugur undir lögmál hugmyndafræði sem maður er þegar hluti af.³⁰⁶ Eins og Hermann segir: „Það eru ekki stjórnendur fjölmíðla og jafnvel ekki hefðin sem vísar til sætis heldur tungumálið; formgerð gagnrýnnar segir: sestu, sittu kyrr, nei, ekki standa á fætur, sestu.“³⁰⁷ Enn er það formið sem stýrir gagnrýnandanum; tungutak ritdómanna er hluti af endurteknu ritúali, helgisiðum, en klisjurnar eru oft lesnar sem ákveðið hættumerki um að upprunalegur tilgangur ritúalsins hafi glatast og eftir sitji formið tómt.

Hættan er sú að helgisiðirnir verði aðeins að vélrænu ritúali þar sem aldrei er raunverulega reynt á landamæri, og að hið flæðandi valdakerfi, þar sem maður kemur í manns stað, verði að nokkurs konar gildru, mekanisma sem þjónar aðeins endalausum viðhaldi kerfisins. Johnson skilur einmitt við Minim þar sem hann er orðinn eftirsóttur lærifaðir ungra, tilvonandi gagnrýnenda sem drekka í sig visku hans til að geta síðar fetað í fótspor hans. Lesandinn situr eftir með þá tilfinningu að samfélag gagnrýnenda miði fyrst og fremst að því að tryggja hagsmuni innvígðra og að mekanisminn sé orðinn svo sterkur að kerfið haldi nær sjálfvirkt áfram að tryggja viðurvist sína. Þar sem hver sem er getur gengið inn í hlutverk

³⁰² Þ.e. „manly, dry, stiff eða flimzy“.

³⁰³ Johnson: „[The Idler] No. 61. Saturday, 16 June 1759“, 470.

³⁰⁴ Hermann Stefánsson: „Úr orðabók ríkjandi viðhorfa. Um hesta, hættuleg sæti og hringekjur“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 24. nóvember 2001, 6.

³⁰⁵ Sama, 7.

³⁰⁶ „[...] einstaklingurinn er ávarpaður sem (frjáls) sjálfsvera til þess að hann hlýði fyrirmælum Sjálfsverunnar, þ.e. til þess að hann fallist (á frjálsan hátt) á að gefa sig öðrum á vald, m.ö.o. til þess að hann vinni „einn og óstuddur“ þau verk og temji sér það látbragð sem undirokun hans krefst. *Engar sjálfsverur eru til nema í gegnum og undir eigin undirokun*. Þess vegna ganga þær „einar og óstuddar“. Louis Althusser: „Hugmyndafræði og hugmyndafræðileg stjórnþæki ríkisins“, þýð. Egill Arnarson, *Af Marxisma*, ritstj. Magnús Þór Snæbjörnsson og Viðar Þorsteinsson, Afbók, Reykjavík, Nýhil, 2009, 225.

³⁰⁷ Hermann Stefánsson: „Úr orðabók ríkjandi viðhorfa. Um hesta, hættuleg sæti og hringekjur“, 7.

gagnrýnandans mun gagnrýnivélin skrölta áfram í sínu afmarkaða hólfi sem hluti af menningariðnaði markaðstorgsins.

Þar sem Samuel Johnson virðist öðrum þræði vera að fjalla um eigið ævistarf á gagnrýnan hátt má draga þá ályktun af pistlum hans og sögunni um Dick Minim að hann telji sig vera allt í senn: leiksopp markaðsaflanna, fulltrúa lærðrar yfirstéttar og fulltrúa hugmyndarinnar um lýðræðislegan almenningsvettvang þar sem allir geta verið þátttakendur á jafnréttisgrundvelli (meira að segja konur þótt hann kjósi að líta fram hjá því) — þ.e.a.s. ef þeir hafa efni á því að verja tíma í það. Þótt Johnson segi í sögunni um Minim að hver sem er geti notað dómgreind sína til að meta verk annarra bætir hann kaldranalega við að þeir sem séu veikburða af náttúrunnar hendi og fákunnandi sökum iðjuleysis geti alltaf svalað metorðagirni sinni með titlinum gagnrýnandi.³⁰⁸ Þar með flettir hann ofan af þeim hættum sem hann telur stafa af því að prentsmiðjurnar standa opnar og hver sem er geti auðveldlega fundið leið til að koma snilligáfu sinni á framfæri, eins og hann hafði áður orðað það kaldhæðnislega í *The Rambler*.³⁰⁹ Dick Minim er fulltrúi hins óupplýsta fjölda sem fær skyndilega meira vægi á vélrænu markaðstorgi og ógnar aðgreiningunni sem Bourdieu bendir á að skiptir meginmáli á menningarsviðunum (sjá bls. 66). En þar sem Minim öðlast aðeins vald á forsendum fjöldans og markaðarins er það ekki raunverulegt og varanlegt vald að mati menningarpostulans Johnsons, sem telur til dæmis að þegar á allt sé litið muni Minim aldrei geta kæft sanna snilligáfu.³¹⁰ Johnson tekst því á við þversögnina sem er innbyggð í hlutverk gagnrýnenda í fjölmiðlum — að þeir eru vitringar á markaðstorgi. Söluvara þeirra er viska sem fjöldinn býr ekki yfir en hætta er á því að mekanismi markaðarins skapi þá forsendu að hver sem er geti tekið að sér fyrirfram hannaða dálkinn sem heitir „bókagagnrýni“. Ein leiðin til að vinna gegn því er að leggja áherslu á hinar siðferðislegu skyldur; dyggðir sem ekki eru innbyggðar í markaðskerfið heldur staðsetja gagnrýnandann ofar því.

³⁰⁸ Johnson: „[The Idler] No. 60. Saturday, 9 June 1759“, 464.

³⁰⁹ Johnson: „[The Rambler] No. 16. Saturday, 12 May 1750“, 44.

³¹⁰ „No genius was ever blasted by the breath of Criticks.“ Johnson: „[The Idler] No. 60. Saturday, 9 June 1759“, 465.

2 Fyrstu skrefin

Þegar prentuð tímarit komu fram í Evrópu á 17. öld urðu ritdómar strax mikilvægur hluti af þeim nýja almenningsvettvangi, sem mótaðist m.a. af lýðræðislegum hugsjónum og markaðsvæðingu. Þegar litið er til Íslands verður hins vegar ljóst að á 18. öld hafði ekki enn skapast jarðvegur fyrir hina öflugu evrópsku ritdómahefð sem lýst er hér að framan. Fyrstu íslensku tímaritin komu ekki fram fyrr en á síðari hluta 18. aldar en þótt þeir sem skrifa í fyrstu blöðin séu vel kunnugir ritdómaforminu í erlendum blöðum láta íslenskir ritdómar enn á sér standa í nokkra áratugi.

Vilhjálmur Þ. Gíslason bendir á að á upphafsárum íslenskra tímarita hafi Íslendingar fylgst vel með erlendri umræðu.

Þessir gömlu fjölfróðu áhugamenn, sem stóðu að elstu tímaritunum, voru í nánú sambandi við margt það, sem var frjósamast og nýjast í Evrópumeningu samtíma síns. Þeir lásu frönsku og ensku jöfnum höndum og latínu og dönsku, og áttu nýjar bækur á þessum málum.³¹¹

Auk þess hafi þeir sem skrifuðu fyrstu tímaritin lesið erlend tímarit, sem þeir notuðu sem fyrirmyndir. Á 18. öld verði fréttaritun „sjálfstæð grein íslenzkra ritstarfa“ og kenni þar „bæði enskra og franska áhrifa á frásagnarhátt og form“, til dæmis frá þeirri blaðamennsku sem „höfst með The Tatler og ekki sízt með The Spectator Addisons og Steels [svo] í byrjun 18. aldar“.³¹²

Nokkuð ljóst er þó að danskir fjölmiðlar hafa verið nærtækasta fyrirmynd íslenskra tímarita, sem í fyrstu voru flest skrifuð af Íslendingum í Kaupmannahöfn. Fyrsta íslenska tímaritið, *Islandske Maanedes Tidender*, sem Magnús Ketilsson sýslumaður hóf að gefa út 1773, var reyndar skrifað á dönsku og „er ætluð landkynning og útbreiðsla erlendis“ auk þess að bera Íslendingum erlendar fréttir. Helstu greinarnar eru um verslun, búnaðarmál og iðnað, en í ritinu má finna stuttar bókafragnir og smáauglýsingar um íslenskar útgáfubækur sem fást í dönskum bókaúðum. Þessar fragnir má finna innan um allar mögulegar aðrar fréttir, til

³¹¹ Vilhjálmur Þ. Gíslason: *Blöð og blaðamenn 1773-1944*, Reykjavík, Almenna bókafélagið, 1972, 22. Vilhjálmur á hér við þrjá „mikilsháttar menn“ sem „stóðu að upphafi íslenzkrar tímaritaútgáfu og blaðamennsku og voru allir fyrirmenn á öðrum sviðum og umsvifamiklir embættismenn“: Magnús Ketilsson, sýslumann í Dalasýslu, „sem í Hrapsey gaf út *Islandske Maanedes Tidender* frá 1773“, Jón Eiríksson konferensráð og aðalstjórnandi þess Íslenzka Lærdóms-Lista Félags í Kaupmannahöfn frá 1781 og Magnús Stephensen lögmann, „sem byrjaði í Leirárgörðum við Leirá 1796 útgáfu Minnisverðra Tíðinda „ásamt ágripi um þær nýjustu frönsku stjórnarbyltingar“.

³¹² Sama, 13, 22 og 41-42.

dæmis um „Ulykkelige Tilfælde“, „Artige Hændelser“, fréttir af „hafisum, hákarli og hreindýrum, af erlendum gestum, hjónaböndum og dauðsföllum, heyleysi og matarskort, veðráttu og verðlagi, þinghaldi, draumförum og dómsmálum“ og aðvaranir um útbreiðslu holdsveiki.³¹³

Vilhjálmur Þ. Gíslasyni þykir skemmtilegt að „sjá það nána samband, sem er frá upphafi milli íslenzkrar blaðamennsku, athafnalífs og bókmennta í landinu“,³¹⁴ en umfjöllun um bækur á mikilvægt erindi við almenning að mati forsprakka íslensku tímaritanna, því að bækur eru taldar gagnlegar. Ekki er síður athyglisvert að sjá að frá upphafi er, í samræmi við lögmál almennrar blaðamennsku, megináhersla lögð á fréttagildi bókaumfjöllunar. Þetta er í samræmi við þróun danskrar bókaumfjöllunar eins og danski bókmenntafræðingurinn John Chr. Jørgensen lýsir henni. Hann segir að fyrirrennarar eiginlegra bókadóma hafi verið almennar fréttir af nýjum bókum³¹⁵ og ljóst er að ritdómar mótast af áherslu prentmiðlanna á fréttaflutning. Því er eðlilegt að beina næst sjónum að því hvað einkenndi fréttaflutning um bækur á þeim tíma er fyrstu íslensku fjölmiðlarnir komu fram og hvernig áherslur almennrar blaðamennsku lita síðar ritdóma, til dæmis áhersla á nýjungagildi, upplýsingagildi og sannleiksgildi.

Bókafregnir

Jørgensen bendir á að í Danmörku í upphafi 18. aldar hafi „boganmeldelser“ ekki þurft að vera meira en tilkynningar um að bók hefði komið út. Á 18. öld færast merking orðsins þó frá því að vera aðeins tilkynning og til þess að vera greinargerð sem felur í sér mat á gildi verksins. Eftir því sem líður á 18. öldina sé meiri áhersla lögð á að dómar felist í umfjölluninni.³¹⁶

Samkvæmt Jørgensen fæddust ritdómar í dönskum fjölmiðlum með vikuritinu *Nye Tidender om lærde Sager*. Það hóf göngu sína árið 1720 og var menningarartímarit að franskrri fyrirmynd, en skipti margsinnis um nöfn á útgáfutíma sínum og hét m.a. *Lærde Efterrættninger* þegar Íslendingurinn Jón Eiríksson skrifaði í það á sjötta áratug 18. aldar (sjá bls. 77). Efni tímaritsins var fjölbreytt. Þótt bækur hafi alltaf verið meginviðfangsefnið og tímaritið ætlað menntuðum lesendum,³¹⁷ var megináherslan í upphafi á fréttamiðlun sem að mati Jørgensens felur í sér frækorn ritdómaformsins:

³¹³ Sama, 23.

³¹⁴ Sama, 23-27.

³¹⁵ Jørgensen: *Det danske anmelderis historie*, 17.

³¹⁶ Sama, 9-11.

³¹⁷ Sama, 16.

Bókmenntatímarit 18. aldar er afleggjari af pólitískum tímaritum 17. aldar og heldur sig líkt og þau í upphafi við *fréttamiðlunina*. Sjálfar *upplýsingarnar* um útgáfu bókar eru frækorn ritdómsins. Þar þarf ekki að standa meira en titill bókarinnar ásamt útgáfustað, ári og stærð [...]. Þegar plássið leyfir, fylgir með lýsing á innihaldi hinnar nýju bókar.³¹⁸

Bókartilkyrningar birtust frá upphafi í sérstökum dálki í *Nye Tidender om lærde Sager*, undir yfirskriftinni „Nye Bøger“ eða „Bøger“. Áhersla er lögð á innihald bókana og fréttagildi. Stundum er sagt frá formálsorðum höfundar, frá höfundi sjálfum eða honum jafnvel gefið orðið. Ekkert gildismat er lagt á verkin þótt lýsingarnar á þeim séu stundum langar og nákvæmar og allt tínt til sem athyglisvert getur talist.³¹⁹ Ritstjórinn er eins konar upplýsingamiðlari, tengiliður höfundanna og almennra lesenda, líkt og de Sallo, ritstjóri *Journal des Sçavans*, tæpri hálfri öld áður (sjá bls. 46).

De Sallo lagði áherslu á hlutleysi sitt sem ritstjóra og á sama hátt er ritstjórn *Nye Tidender om lærde Sager* sérlega varkár í ágreiningsefnum og lýsir því m.a. yfir að hún vilji ekki misbjóða óhlutdrægum, skynsömum lesendum með því að taka afstöðu. Hún gengur þó lengra en de Sallo, sem stundaði nógu beitta gagnrýni til að fá kvartanir, þegar hún lýsir því yfir að aðeins í „óyggjandi málum“ muni ritstjórnin hætta sér út í eiginlega gagnrýni. Ef dómar falla eru þeir óbeinir og jákvæðir, bók t.d. sögð „forvitnileg og nytsamleg“, og blaðið var frægt fyrir að hampa höfundum í samræmi við tign þeirra innan samfélagsins.³²⁰ Hlutleysi virðist hér þýða ósjálfstæði fjölmiðlasviðsins gagnvart öðrum sviðum, eins og efnahags- og stjórnmálasviðinu.

Fyrstu íslensku blöðin birtu ekki heldur eiginlega ritdóma. Hið íslenska lærdómslistafélag var stofnað árið 1779 í Kaupmannahöfn og gaf frá 1781 út rit sem oft eru nefnd *Félagsritin*. Þetta var „safn ritgerða og kvæða, án fréttu í blaðastíl“,³²¹ segir Vilhjálmur Þ. Gíslason og bendir á að Jón Eiríksson konferensráð „hafði blaðamannsreynslu áður en hann tók við forustu *Félagsritanna*, því að hann hafði verið einn af stofnendum *Lærde Efterretninger* og skrifað þar talsvert“.³²² Í *Æfisögu Jóns Eyríkssonar* kemur fram að árið 1756 hafi Jón, í bréfi til „biskupsins dr. Finns“ sagst „að mestu skrifa, „*Lærde Efterretninger*“, og hafa umráð þaryfir; en ekkert haldi sèr til þeirra yðna, nema sá applausus,

³¹⁸ „1700-tallets litterære avis er en aflægger af 1600-tallets politiske avis og ligesom denne holder den sig i begyndelsen til *nyhedsmeddelelsen*. Selve *oplysningen* om en bogs udgivelse er anmeldelsens kim. Der behøver ikke stå mere end den blotte titel efterfulgt af trykkested, år og format [...] Når pladsen tillader det, gengives hele indholdsfortegnelsen til den nye bog.“ Sama, 17.

³¹⁹ Sama, 17-18.

³²⁰ Sama, 21.

³²¹ Vilhjálmur Þ. Gíslason: *Blöð og blaðamenn 1773-1944*, 31.

³²² Sama, 32.

verkið hafi fengið hjá lærðum mönnum og alþýðu“.³²³ Umfjallanir í þeim árgangi *Efterretninger om Lærde Sager* eru ekki merktar og hvergi kemur fram hverjir skrifa í blaðið en í október-nóvember heftinu er gagnrýnin umfjöllun um útgáfu *Nokkurra margfróðra Söguþátta* og *Ágættra fornmanna-Sagna*, þar sem bókfræðilegu upplýsingarnar um verkin eru bæði á íslensku og dönsku.³²⁴ Aftast er einnig að finna fréttir af íslenskum fræðimönnum og ritum³²⁵ og leiða má að því líkur að þessar íslensku áherslur séu að einhverju leyti Jóni Eiríkssyni að þakka, jafnvel að hann hafi skrifað umfjöllunina.

Greinar *Félagsritanna* voru yfirleitt langar og birtust jafnvel sem framhaldsgreinar í nokkrum tölublöðum, en það var einnig algengt í fyrstu dönsku tímaritunum. Birtir voru útdrættir úr ritum og þýðingar á verkum en ekki umsagnir um þau eða mat á gæðum þeirra. Mikið pláss fór í langa lista af ýmsu tagi, t.d. skrá yfir íslensk heiti jurta, dýra, sjúkdóma eða lögfræðihugtaka. Áherslan var því fremur á að fræða en að skemmta lesendum. Helst er að einhvers konar gagnrýni birtist í utanaðkomandi athugasemdum við það sem birst hefur í blaðinu. Í 7. árgangi 1786 birtast til dæmis tæplega 60 blaðsíðna athugasemdir frá M.K. við grein eftir Skúla Magnússon sem birtist í 4. árgangi tímaritsins undir heitinu „Sveita-bóndinn“ og fjallar um það hvort „sveita bóndanum se þarfara og ábatasamara, at sækja sjó í vertíðum, enn at hirda sína jard-yrkju, og stunda bú sitt rettilega á medan“.³²⁶ Höfundur athugasemdana hefur mál sitt með því að réttlæta þá framhleypni að gagnrýna grein eftir svo háttsettan mann:

Optar enn einusinni hafda eg svo lesit Sveita-Bónða landfógeta Skúla Magnússonar, at eg treystiz eigi til hans at leggja né vid at fáz. En þá hra. Landfógetinn mælltiz til þess í einu brefi til mín, hefir eg á pappír sett þat, sem mér hefir hellzt þókt athugaverdt. En með því eg finn allstadar í þessum Sveita-Bónða eina sérliga og fágæta þekking á búskapar-háttum vorum, og náquæmann útreikning, og svo er þar fyri fleztu ráð giørt; þá mistryggi eg siálfann mig, at eg hafi rétt skilit, edr botnatn í því, sem eg kalla athugaverdt³²⁷

Hér má sjá vísað til persónulegrar gagnrýnihefðar handritatímans, en Paul Trolander og Zeynep Tenger, sem skrifuðu bók um enska gagnrýni á 17. og 18. öld, lýsa slíkri gagnrýni sem eins konar vinargreiða við höfundinn og hluta af persónulegum samskiptum³²⁸ þar sem

³²³ Sveinn Pálsson: *Æfisaga Jóns Eyríkssonar*, Kaupmannahöfn, Hið íslenska bókmenntafélag, 1828, 125.

³²⁴ „Samlinger af islandske historier“, *Efterretninger om Lærde Sager i Danmark*, október- nóvember, 1756, 932.

³²⁵ Sama, 976-979.

³²⁶ Skúli Magnússon: „Sveita-bóndi“, *Rit þess (konunglega) íslenska Lærdómslistafélags*, 1783, 137.

³²⁷ M.K.: „Athugasemdir við Sveita-Bóndann, í þess Íslenska Lærdómslista Félags Ritum, Fjórða Bindini 137-207 bls.“, *Rit þess íslenska lærdómslistafélags*, 1786, 65-66.

³²⁸ Þetta er ævagamalt viðhorf eins og sjá má af áherslu Hórasar á að gagnrýnandi megi ekki gefa ábendingar nema eftir því sé óskað og að þá megi menn ekki fyrstast við leiðsögn góðs vinar. Sjá framar í þessari ritgerð, bls. 36.

kurteisi, vinátta og persónulegar samskiptareglur gegndu stóru hlutverki. Skáldskapariðja og framsetning gagnrýni hafi fylgt samskiptahefðum lokaðra hópa, til dæmis innan fjölskyldna eða milli vina, nágretta eða kunningja.

Megináherslan var á félagsleg samskipti og sameiginleg menningarleg markmið. [...] meðlimir væntu þess að hagnast af sambandi sínu hver við annan en þeir voru ekki líklegir til að halda því til streitu og áttu til að vantreysta þeim sem áttu í ágreiningi við aðra eingöngu til að hagnast á því fjárhagslega, félagslega eða pólitískt.³²⁹

Í fyrstu hneigist prentuð gagnrýni til þess að fylgja sömu reglum, segja Trolander og Tenger,³³⁰ og í máli M.K. kristallast ein ástæða þess að ekki er mikla gagnrýni að finna í fyrstu íslensku tímaritunum, sem stundum hafa verið kölluð „embættismannablöðin“. Í þau skrifuðu háttsettir menn í samfélaginu sem höfðu lítinn áhuga á að hrófla við hefðarveldinu og fáir höfðu í senn bolmagn og vilja til að leggja til þeirra. M.K. leggur þó í það eftir að hafa baktryggt sig með formálanum sem vitnað er í hér að framan og á eftir fylgja um 50 blaðsíðna athugasemdir við útreikninga og forsendur Skúla. Í lokin grípur M.K. svo til þess vel þekktu bragðs að sýna hógværð sína með því að þykjast finna til fákunnáttu á sviði sem hann hefur þegar sýnt mikla þekkingu á.³³¹ Um leið vegur hann þó óbeint að hinum háttsetta landfógeta er hann viðrar áhyggjur sínar af því að ónákvæmar upplýsingar rati í fjölmiðla og jafnvel út fyrir landsteinana:

Um þat er eg hræddaztr, at fyrir utan margfallt kunnáttu- og þekkingar-leysi, hafi mátt íblandaz hjá mér oføtlun og ónærgætni, sem er svo háskaleg í øllum þeim skrifum, sem kunna at koma fyrir þeirra sjónir, hellzt utanlanz, sem hafa eigi rétt fullkomna og náqvæma þekking á þess íslenzka bónda ásigkomulagi. Vil eg því með þökkum taka, hvat sem adrir, eptir betri þekking og nærgætni vilia í þessu lagfæra; en hitt er og sannmæli: At svo er margt sellt og keypt at sitt lízt hvørium.³³²

³²⁹ „The rules that determined the expectations governing poetic production and circulation of criticism were similarly fashioned after the conventions of sociability that guided social groups organized as coterie, court-related groups, families, or loose clusters of friends, neighbors, and acquaintances. These networks prided themselves on their ethical, political, economic, and social commitments to individual members [...] Their primary concerns were with sociability and common cultural goals. [...] affiliates expected to benefit from their association with one another, but they were not likely to harp on the matter and tended to distrust those who contrasted with others solely for economic, social, or political gain.“ Paul Trolander og Zeynep Tenger: *Sociable Criticism in England, 1625-1725*, Newark, University of Delaware Press, 2007, 17-18.

³³⁰ Sama, 20.

³³¹ Gerard Genette bendir á að í mælskufræði var þetta bragð kallað „excusatio propter infirmitatem“ eða afsökun vegna andlegrar vangetu. Mælandinn byrji þá yfirleitt á að leggja áherslu á mikilvægi umfjöllunarefnisins, og ýkja það stundum fram úr öllu hófi, og lýsi síðan yfir vangetu sinni til að fjalla um það á fullnægjandi hátt þannig að almenningur verði að taka tillit til þess. Yfirlýsingin um vangetu hafi hins vegar fyrst og fremst verið besta leiðin fyrir höfund til að verjast gagnrýnendum og koma í veg fyrir gagnrýni með því að verða fyrri til að benda á mögulega galla í eigin rökfærslu. Gerard Genette: *Paratexts. Thresholds of Interpretation*, þýð. Jane E. Lewin, Cambridge og New York, Cambridge University Press, 1997, 207-208.

³³² M.K.: „Athugasemdir við Sveita-Bóndann“, 112.

Síðasta línan er endurtekning á síðustu línunni í grein Skúla og virðist öðrum þræði réttlætning á gagnrýninni; eins og Skúli hefur sjálfur sagt eru margar skoðanir uppi um málið og M.K. undirstrikar að hans rödd sé aðeins ein af mörgum er hann óskar eftir því að fleiri taki upp þráðinn og haldi gagnrýninni áfram, jafnvel þótt hún beinist að honum sjálfum. Hann setur því gagnrýni sína fram á þeim forsendum að lagfæringar séu ætíð nauðsynlegar svo þekkingin verði fullkomin og nákvæm. Gagnrýnin þjónar æðra tilgangi og hún er marggradda ferli sem ekki sér fyrir endann á.

Gagnrýni M.K. snýr öll að forsendum og útreikningum Skúla, en gagnrýni á þessum tíma snerist gjarnan um tæknileg atriði, til dæmis þýðingar og álitamál í þeim efnum, enda mikil gróska í þýðingum. Samkvæmt Lefevere eru þýðingar til vitnis um hversu opin bókmenntakerfi eru, því þær opni m.a. möguleikann til að brjótast undan ríkjandi hömlum á hverjum tíma og jafnvel breyta bókmenntakerfinu. Hins vegar geti þýðingar einar og sér ekki breytt eða umbylt bókmenntum, heldur verði einnig að koma til aðrar gerðir *endurritana*,³³³ en undir það falla m.a. ritdómar. Mikilvægar íslenskar þýðingar sem birtust á seinni hluta 18. aldar, og gagnrýnin umræða um þær gæti því verið vísbending um endurskipulagningu á bókmenntasviðinu. Í því ljósi er áhugavert að það sem kemst næst því að teljast bókmenntaumfjöllun í *Félagsritunum* eru þýðingar „J.J.“ (sem líklega stendur fyrir Jón Johnsonius) á „Addisons hugvekjum“ sem fylgja þýðingum Jóns Þorlákssonar á „Miltons Töpuðu Paradís“ í árgöngum 1792-1794.

Í þessum „hugleiðingum“, sem komu upphaflega út í *The Spectator* á árunum 1711-1712, vegur Joseph Addison og metur verk Miltons út frá hefðbundnum viðmiðum. Addison hefur umfjöllunina á því að segja að Milton fylgi „Hómers dómi og Hórats reglu“ er hann setji inntak ljóðsins fram í fyrstu 16 línunum sem séu „einfaldar og lítt fegraðar“³³⁴ og að þeir sem „þekkja Hómers og Virgils orðfæri, get[*i*] ekki annat enn giört sér ánægju af Miltons samlíkingum“.³³⁵ Í þessari bókarýni sem Íslendingum er boðið upp á undir lok 18. aldar notar Addison þannig klassísk grundvallarverk sem óumdeilanleg viðmið til að meta verk Miltons út frá, í anda nýklassisismans, en Páll Valsson hefur bent á að á 18. öld hafi upplýsingarmenn áfram verið „að mestu bundnir við svokallaðan klassisisma sem fyrirmynd“.³³⁶

Samkvæmt hinum klassísku „reglum“ eiga ljóð til dæmis ekki að vera of orðmörg eða á óskýru máli og Addison tekur fram að lýsing Miltons á Helvíti „gefr manni hræðilegra

³³³ Lefevere: „Why Waste our Time on Rewrites?“, 237-238.

³³⁴ Joseph Addison: „Addisons hugvekjur um fyrstu bókina“, útlagt af J.J., *Rit þess (konunglega) íslenska Lærdómslistafélags*, 1792, 280.

³³⁵ Sama, 284.

³³⁶ Páll Valsson: „Íslensk endurreisn“, *Íslensk bókmenntasaga III*, ritstj. Halldór Guðmundsson, Reykjavík, Mál og menning, 1996, 221.

hugargrip um þau, enn önnur miklu lengri afmálan mundi gjört hafa³³⁷. Í þriðju bók telur hann jafnframt að „sérlegazta þriði“ sé í því falin „að skáldit hefir með fám og skilvísiligum ordum framfært kristendómsins leindadóma og guddómlega leidslu á manneskjunni“. Þetta hafi Milton sett fram „merkiliga og með klókari ordum“ en aðrir og helst megi dást að því „hvörsu audskiljanlega hann hefir quedit um þetta efni, samt pridt þat hvervetna sem vid mátti koma meistarliga með ljódasnilli, sem þessir lærdómar þikja flestum lesurum þurligri.“³³⁸ Ein af meginreglum nýklassisismans var jafnframt að gæta þyrfti samræmis á öllum sviðum og þar ber þess fyrst að gæta að yrkisefni og háttur eða stíll eigi saman (sjá bls. 35) og séu í samræmi við hæfileika skáldsins. Þetta próf stenst Milton með þrýði, að mati Addisons, sem segir: „Þat er hverttveggia at andagift Miltons er yfritvel legur til hárra lióða, enda er og yrkisefni hans ed veglegazta, sem í hug nokkurs gat runnit.“³³⁹

Addison var vel kunnugur ritinu *Um hið háleita*, safni heilræða eftir óþekktan höfund sem kallaður er Longínos. Uppruni ritsins er á huldu en það er líklega frá fyrstu öldunum eftir Krist og frönsk þýðing Boileaus á því frá 1674 varð geysivinsæl. Longínos lítur svo á að „hið háleita sé ákveðin gæði í tjáningu“ sem miði að því að hrifa frekar en sannfæra. Hann fjallar m.a. um mikilvægi myndmáls og um nokkur stílblögð sem hafi mikið gildi í háleitum stíl, til dæmis ávarp.³⁴⁰ Addison tekur einmitt fram að ákall skáldsins í upphafi ljóðs Miltons eigi vel við guðdómlegt efnið og fjallar um göfuglegt orðfæri, veglega niðurröðun þankanna og fagurt og náttúrlegt mál,³⁴¹ en Longínos varar við því að menn tali á háleitun hátt um ómerkileg efni.³⁴² Formið og orðfærið þurfi að henta efninu. Slíkar leiðbeiningar koma einnig fram hjá Aristótelesi sem segir í *Mælskufræðinni* að ræða verði um viðfangsefni og persónugerð á viðeigandi hátt; ekki má „tala gálauslega um alvarlegt málefni né tala af alvörubunga um titlingaskít, ekki heldur bæta skrautlegum einkunnum við alvanalega orðaleppa. Sé frá þessu brugðið verður orðfærið hlægilegt“.³⁴³ Samkvæmt klassísku reglunum eiga persónur einnig að vera samkvæmar sjálfum sér frá byrjun til enda og ekki framkvæma eða segja eitthvað sem er í þversögn við eðli þeirra. Enda tekur Addison fram að í ljóði Miltons fylgi hugsunarháttur Satans „öllu hans eiginlegu skapferdi“, ³⁴⁴ að Guðs sjón sé þar látin vera „alvitsku hans miög

³³⁷ Joseph Addison: „Addisons hugvekjur um aðra bókina“, útlagt af J.J., *Rit þess (konunglega) íslenska Lærdómslistafélags*, 1793, 314.

³³⁸ Joseph Addison: „Addisons hugvekjur um þriðju bókina“, útlagt af J.J., *Rit þess (konunglega) íslenska Lærdómslistafélags*, 1794, 271-272.

³³⁹ Sama, 271.

³⁴⁰ Árni Sigurjónsson: *Bókmenntakenningar fyrri alda*, 95-97.

³⁴¹ Addison: „Addisons hugvekjur um fyrstu bókina“, 281.

³⁴² Árni Sigurjónsson: *Bókmenntakenningar fyrri alda*, 95.

³⁴³ Sama, 56. Sjá einnig Aristoteles: *The "Art" of Rhetoric*, þýð. John Henry Freese, London og Cambridge, William Heineman og Harvard University Press, 1939, 376-379.

³⁴⁴ Addison: „Addisons hugvekjur um fyrstu bókina“, 281-282.

sambodin³⁴⁵ og að persónur „audsýna allavega slíka þánka og framferdi, er samstemmir þeirra serlegu sinnislagi“.³⁴⁶

Addison notar þó ekki bara nýklassísk viðmið þar sem valdar reglur fornritanna eru til leiðbeiningar. Hann upphefur snilligáfu Miltons og hans miklu og frjósömu „uppfýndingu“.³⁴⁷ Fyrir vikið ávann Addison sér síðar nokkra velþóknun þeirra er aðhylltust rómantíkina, til dæmis Saintsbury, sem þó telur of mikið látið með áherslu Addisons á ímyndunaraflið.³⁴⁸ Sú áhersla er hins vegar greinileg í hugvekjunum sem birtast í *Félagsritunum*; Addison leitar uppi atburði sem „upplýpta og ógna Lesarans ímyndunar-krapti“.³⁴⁹ Fjölmörg „atvik“ sýni „þá háleitu andagipt, sem höfundinum var svo mjög eiginleg“. Samlíkingar séu veglegar og kostulegar ímyndir megni að upptendra sinnið og skemmta því með „svo veglegum hætti sem einum drápu-dikt hæfir“.³⁵⁰ Forspáin um sköpun mannkynsins sé „snillileg, og lögud til at verka uppá Lesarans ímyndunarkrapt“. Flug Satans milli hnatta og lýsing sólarinnar sé ekki einungis „útlístat af ímindunarinnar stædztu gnægt“ heldur bendi Satan „so nákvæmliga til jardar vorrar, at valla gétr hjá því farit, at lesarinn ei ímindi sér, at hann sjálfr horfi á þat sem skáldit afmálar“.³⁵¹ Skáldskapur Miltons kemur sem sagt ímyndunaraflí lesandans á flug. Í því samhengi er athyglisvert að togstreitan milli hinna tveggja jákvæðu eiginleika er Addison telur sig merkja hjá Milton, ímyndunaraflsins og klassísks innra samræmis verksins, er orsök eina agnúans sem hann nefnir á þessum þremur fyrstu bókum. Skáldið hefur að mati Addisons látið undan hræðslunni við að ímyndunarafl hans henti ekki hinu háleitasta efni:

Hafi Miltons hátign nokkurstadar brugdiz hönun, þá er þat þar, sem hann lætr þær guddómligu persónur tala; audséd er, at hann með nokkurskonar ótta og hrædslu útlístar þánka ens almáttuga, hann dyrfiz ekki at sleppa lausum sínum hugsmíðum, heldr brúkar þau ein ordatiltæki sem í heilagri ritning finnaz og strángir gudvísir brúka. Í ræðum þessum má þarfyrir ekki ætlaz til at finna skáldasnílli; þær eru hæfari til at uppvekja blífuga enn háa þánka, þaret tilgánger þeirra er at uppörva til gudsóttu og elsku.³⁵²

Hér er engu líkara en Addison sé að lýsa togstreitu og samspili forrómantískra og nýklassískra viðhorfa, samspili sem enn er greinilegt þegar „fyrsti“ íslenski ritdómurinn birtist á prenti (sjá 3. kafla).

³⁴⁵ Addison: „Addisons hugvekjur um þriðju bókina“, 272.

³⁴⁶ Addison: „Addisons hugvekjur um aðra bókina“, 311.

³⁴⁷ Addison: „Addisons hugvekjur um fyrstu bókina“, 281.

³⁴⁸ Saintsbury: *A History of English Criticism*, 115.

³⁴⁹ Addison: „Addisons hugvekjur um fyrstu bókina“, 282.

³⁵⁰ Sama, 284.

³⁵¹ Addison: „Addisons hugvekjur um þriðju bókina“, 273-274.

³⁵² Sama, 271.

Þegar kemur að fegurstu línunum ljóðsins virðist Addison skorta orð til að lýsa því í hverju sú fegurð felst og lætur sér nægja að vísa óbeint til almenns samþykkis um það. Addison segir til dæmis „óþarft at nefna“ hve fagarar seinustu línurnar eru í tali persónunnar Syndar.³⁵³ Að sama skapi finnst honum varla þurfa að benda til „þess yndisliga atridis hvar Skáldit lætr allann einglaherinn fletta í þøgn; í augum uppi liggr ordsøkin til þessarar almennu þagnar.“³⁵⁴ Þó er sumt „allt of höfðinglegt til at þegja þar um“, til dæmis „afmálanir“ sem eru „harla sterkar og hátt upplýptar“.³⁵⁵ Ferð Satans um geiminn sé „Náttúrlig og stórgerð“ og „sømuleidiz fær reik Satans um endimørk ens skapada á ímyndan vora so sem nokkur mikilfeingt og óstjórmligt.“³⁵⁶ Hið „mikilfenglega“ og „stórfenglega“ er hafið upp sem eftirsóknarverður eiginleiki í skáldskap, sem þannig fær það félagslega, jafnvel pólitíska, hlutverk að hampa hinu mikilvæga á kostnað hins léttvæga. Þetta félagslega og pólitíska hlutverk bókmenntanna fær einmitt mikið vægi í íslenskum ritdómum á 19. öld þegar bókmenntaumræða verður að lið í sjálfstæðisbaráttunni og miðar að því að staðfesta mikilfengleik íslenskrar menningar, þar á meðal skáldskapar. Sú staðfesting hefur í för með sér að skýra þarf mörkin milli þess sem telst léttvægt og þess sem telst mikilvægt og þar nýtist til dæmis vel hin klassíska flokkun í kvenlega, óæðri eiginleika og karlmannlega, æðri eiginleika (sjá 4. kafla).

Þótt enn sé langt þar til eiginlegir ritdómar fara að birtast í íslenskum tímaritum má því þegar sjá ákveðinn grundvöll lagðan. Þýðingin á „Addisons hugvekjum“ sýnir til dæmis að þeir sem skrifuðu í fyrstu íslensku tímaritin telja það að einhverju leyti hlutverk sitt að flytja orðræðu evrópskrar bókmenntagagnrýni inn í íslenskan mál- og menningarheim, ekki síður en stórvirkin sem sú gagnrýni skipar í yfirburðastöðu innan hefðarveldis heimsbókmennta. Og að sú orðræða á ekki rætur í einhverri einni bókmenntastefnu, heldur er hún hluti af aldagömlu hugmyndakerfi sem haldist hefur nokkuð stöðugt að því leyti að sömu hugmyndirnar ganga þar sífellt aftur þótt þær séu í stanslausri endurmótun. En að auki felur hún í sér ákveðna skörun við hina nýlegri orðræðu fjölmiðlasviðsins. Þótt hinn fagurfræðilegi grundvöllur sé mikilvægur þarf því ekki síður að líta til þess sem er að gerast á hinu nýja fjölmiðlasviði sem var að verða til á Íslandi, en þar gegnir umfjöllun um bækur fyrst og fremst þjónustu- og upplýsingarhlutverki.

³⁵³ Addison: „Addisons hugvekjur um aðra bókina“, 316.

³⁵⁴ Addison: „Addisons hugvekjur um þriðju bókina“, 272.

³⁵⁵ Addison: „Addisons hugvekjur um aðra bókina“, 315-316.

³⁵⁶ Addison: „Addisons hugvekjur um þriðju bókina“, 272-273.

Tilkynningar og auglýsingar

Fyrstu tímaritin voru gefin út af félögum eða prentsmiðjum sem höfðu það m.a. að markmiði að koma íslenskum ritum í prentun. Í blöðunum eru því oft fregnir af bókum og öðrum ritum sem eru í vinnslu.³⁵⁷ Eiga tilkynningarnar að sýna félagsmönnum að áskriftargjald þeirra ber ríkulegan ávöxt. Stundum er tilgangur tilkynninga að safna áskriftum að ritunum fyrirfram, en þannig virðist bóksala helst hafa farið fram. Einnig birtast auglýsingar á ritum sem þegar eru komin í sölu.³⁵⁸ Stöku sinnum eru jafnvel auglýstar bækur sem eru óviðkomandi útgefanda tímaritsins. Í 3. árgangi *Skírnis* er til dæmis stutt áskriftarauglýsing fyrir *Ármann á Alþingi*,³⁵⁹ heilsíðuauglýsing um væntanlega útgáfu *Færeyinga Sögu* og tveggja blaðsíðna auglýsing um fyrirhugaða prentun á *Fornaldar Sögum Norðrlanda*.³⁶⁰ Í auglýsingunum eru oft lýsingar á verkunum. Aftast í 6. deild *Íslenzkra sagnablaða* er til dæmis, auk tilkynninga um tvær bækur, að finna auglýsingu á fyrri parti þýddrar bókar „sem árið 1820 útkom á dönsku og að verðugleikum geðjaðist sérhvörum hreinskilnum Guðsdýrkara og sönnnum biblíuvini, sem hana las í Danmörku“.³⁶¹

Árið 1796 hóf Magnús Stephensen útgáfu *Minnisverðra tíðinda*, sem komu út „óreglulega til 1806“ og sem hann lýsti sem veikri tilraun „til að gefa litla vitneskju um tilburði og byltingar samtímans“. Þarna voru frásagnir frá öðrum löndum, auk innlendra fréttu „um veðráttu, atvinnu og afkomu, stjórnsýslu, löggjöf, embættaveitingar, bækur, einkennileg fyrirbæri og auk þess ýmsar nytsamlegar leiðbeiningar fyrir daglegt líf, eftirmæli, auglýsingar og kvæði“.³⁶² Fregnir af bókum í *Minnisverðum tíðindum* eru að mestu leyti auglýsingar á vegum Landsuppfræðingarfélagsins, sem Magnús stýrði, og á bókum frá Leirárprensmiðju, sem Magnús rak. Leirárprensmiðjan var að auki eina prentsmiðjan í landinu og því var lítill hvati og veikar forsendur fyrir gagnrýninni umræðu um ritin sem auglýst voru.

Magnús Stephensen var virkur í tímarita- og bókaútgáfu um langt skeið. Vilhjálmur Þ. Gíslason telur þó aðeins *Minnisverð tíðindi* og *Klausturpóstinn*, sem kom út frá 1818, hafa verið tímarit eða blöð í strangasta skilningi.³⁶³ *Klausturpósturinn* hafi verið „sannkallað

³⁵⁷ Í ávarpi formanns Hins íslenska bókmenntafélags sem ætíð var prentað í *Íslenzkum sagnablöðum* er þannig yfirleitt fjallað um „Atgjörðir vorar, til íslenskra ritgjörða samnings og prentunar“. Um fyrirhugaðar útgáfur félagsins má yfirleitt lesa í föstum þætti er nefnist „Félagsins ástand og athafnir“.

³⁵⁸ Í 6. árgangi *Skírnis* er til til dæmis listi yfir 12 bækur félagsins sem eru til sölu hjá umboðsmönnum. „Fylgjandi bækur, úttefnar að tilhlutan ens íslenska Bókmenntafélags, fást til kaups hjá Félagsins Umboðsmönnum á Íslandi og í Kaupmannahöfn“, *Skírnir*, 1832, 125.

³⁵⁹ „Auglýsing“, *Skírnir*, 1829, 121.

³⁶⁰ „Auglýsing“, *Skírnir*, 1829, 122-124.

³⁶¹ Gunnlaugur Oddsen, Þorgeir Guðmundsson og Þorsteinn E. Hjalmarsen, [Auglýsing], *Íslenzk sagnablöð*, 1821, 84.

³⁶² Vilhjálmur Þ. Gíslason: *Blöð og blaðamenn 1773-1944*, 34 og 37.

³⁶³ Sama, 35.

fréttablað og ætti eiginlega að teljast fyrsta blaðið á Íslandi að efni til“, blaðasniðið sýni „það lestrarefni, sem talið er bæði vinsælt og nytsamlegt eða uppbyggilegt“. Efnid var allt frá stuttum fréttum „um árferði, brauðaveitingar, taxta, jarðakaup og uppboð, lagasetningar, landskjálfta, skipakomur, skipreka og slysfarir, skólafregnir og bókafragnir“, til lengri hugvekja og endursagðra erlendra frásagna. Einnig eru þarna greinar um búskap, heilbrigðismál, lög og reglugerðir, þýdd og frumsamin ljóð. Magnús Stephensen sótti margt í danska tímaritið *Minerva*, „en einnig þekkti hann og notaði ensk rit“, segir Vilhjálmur.³⁶⁴

Bókafregnir eru í formi lista yfir nýlega prentaðar bækur, oft með bókfræðilegum upplýsingum og verði. Í 2. tbl. *Klausturpóstsins* 1818 eru taldar upp bókfræðilegar upplýsingar um nokkur rit og gefin upp verð, undir titlinum „Útkomin prentuð Rit, frá Beitistaða Prentverki, 1817“. Um eitt þeirra, „Nýtt Les-Rím, sem kennir að útreikna ársins aðskiljanlegu Tíðir, Túnglkomur og annað“, eftir Odd Hjaltalín landlækni, segir: „Fallegt rit og auðveldt“. Þá kemur fram að í Kaupmannahöfn hafi Hið íslenska bókmenntafélag látið prenta þrjá þætti af *Sturlungasögu*, og *Íslensk sagnablöð*, samin af prófessor Finni Magnússyni.³⁶⁵ Í 7. tbl. 1818 eru aftur settar fram upplýsingar um „Ný-útkomin prentuð Rit“ og er þar fyrst tínt til að frá „Beitistaða Prentverki“ hafi komið hugvekjur skráðar af Markúsi Magnússyni. „Undir Pressunni“ sé svo annað hefti *Gamans og Alvöru*, „innihaldandi — sem hið fyrra — Safn margsháttar efnis smárita og ljóðmæla frá ýmsum Lærdóms mönnum.“³⁶⁶ Á eftir fylgir klausa sem sýnir að mörkin milli fréttatilkynninga um bækur og auglýsinga voru afar óljós:

Sá, sem útvegar kaupendur til 9 stykkja þess, fær hið 10da í ómakslaun, sendi hann útgefara þessa blaðs þarum ávísun innan nærstkomandi veturnáttu. Þrísinn verður hjer um 1 rdl eða 96 skild. í vörum, eptir nú gengu verði, eða í gylðandi peningum.³⁶⁷

Að lokum er þess getið að í Kaupmannahöfn hafi Hið íslenska bókmenntafélag gefið út síðari deild fyrra bindis *Sturlungasögu* og *Íslensk sagnablöð*: „Er þanninn merkilegasta Saga Íslendinga, Sturlunga, með yðn og framqvæmd þessa loflega fjelags, nú vel á veg komin“, segir í *Klausturpóstinum*.³⁶⁸ Slíkar vísanir til *Íslenskra sagnablaða* og Hins íslenska bókmenntafélags voru algengar.

³⁶⁴ Sama, 38-39.

³⁶⁵ [Magnús Stephensen]: „Útkomin prentuð Rit, frá Beitistaða Prentverki, 1817“, *Klausturpósturinn*, 2, 1818 31-32.

³⁶⁶ [Magnús Stephensen]: „Ný-útkomin prentuð Rit“, *Klausturpósturinn*, 7, 1818, 110.

³⁶⁷ Sama, 110-111.

³⁶⁸ Sama, 111.

Hið íslenska bókmenntafélag var stofnað 1816 í Kaupmannahöfn og fór að gefa út *Íslenzk sagnablöð* sama ár undir ritstjórn Finns Magnússonar. *Íslenzk sagnablöð* var fréttablað sem átti að koma í stað *Minnisverðra tíðinda* en þegar *Klausturpósturinn* kom fram „var íslenzkum fréttum í Sagnablöðunum hætt“.³⁶⁹ Blöðin vísa því gjarnan hvert í annað og skipta með sér verkum í fréttaflutningi, frekar en að um beina samkeppni sé að ræða.³⁷⁰ Slík verkaskipting var regla fremur en undantekning á þessum fyrstu árum íslenskrar fjölmiðlunar, enda framboð miðla takmarkað og áhersla lögð á notagildi og þjónustu við lesendur.

Samskipti þessara tveggja blaða verða þó að teljast einstaklega vinaleg. Í 7. tbl. *Klausturpóstsins* 1818 er vísað til umfjöllunar Finns Magnússonar, sem er kallaður „vor hálærði og óþreytanlegi prófessor“, um „blómgun lærdóms-efna Íslendinga í Kaupmannahöfn, síðan stríðinu lauk, og útgáfu norrænna fornfræða á seinni tímum“ í „hans merkilega parti Sagnablaðanna 1818“. Magnús Stephensen ákveður að nefna þrjú af þessum ritum, „þeim til fróðleiks, er ekki ega Sagnablöðin“; annan part *Sæmundar Eddu* en Finnur Magnússon hafi „viðar átt álitlegan þátt í þessu mikla verki“, útgáfu Nervegs Gulapingslaga „með skiringargreinum af vorum tignaða og hálærða landsmann, hra. Etatsráði“ og „Prófessor Rasks margfróða Rit á dönsku um uppruna íslenskrar tungu“. Að auki er því spáð að von sé á „jafnmerkilegu verki, frá hra. Prófessor Finns Magnússonar yðjusama, fornra Trúarbragða uppruna og sambönd, í fjærlægustu áttum og öldum, granskoðandi anda, álíka heiðruðu“ auk þess sem „Klausturpósturinn nú getur þess, er egin siðsemi hins, á Sagnablaðanna bls. 101, nú bannaði: að sjálfur er hra. Prófess. F. Magnússon sá, sem í 3 undanfarna vetur, hefir haldið í Khöfn opinbera fyrirlestra yfir norræn fornfræði, einkum Edduqvæði og átrúnað forfeðra vorra, á hvörja margir hálærðir nefndar menn girntust þar að hlýða.“³⁷¹ Finnur og Magnús sýna hvor öðrum svo mikla virðingu að tilkynningar um rit verða að eins konar gagnkvæmu skjalli og því er varla hægt að tala um gagnrýni þegar segir í *Íslenzkum sagnablöðum* um skráningu Magnúsar Stephensens á *Jónsbók* upp úr „skinnbókum“ og danska þýðingu hans á

³⁶⁹ Vilhjálmur Þ. Gíslason: *Blöð og blaðamenn 1773-1944*, 39-40.

³⁷⁰ Í 3. árgangi *Íslenzkra sagnablaða* segir að frá bókmenntum frá Íslandi sé það að fréttastofur komi út og *Gaman og alvara* auk þess sem sagt er frá 12 „hins íslenzka evangeliska Smábóka-félagsritum“ sem komu út í Danmörku. [Finnur Magnússon], *Íslenzk sagnablöð*, 1818, 9 og 23. Í 6. árgangi er í fréttayfirliti frá Danmörku greint frá ritum sem gefin hafa verið út í Kaupmannahöfn „viðvíkjandi norrænum fornfræðum“ en hvað varðar þau „mörgu smárit er nú og fyrr prentuð voru um þennan tíma með og mót fornfræðum vorum“ er vísað í upptalningu „Herra Conferenzráðs Dr. M. Stephensens klaustrpósti fyrir Martii mánuð þá“. [Finnur Magnússon], *Íslenzk sagnablöð*, 1821, 51. Í 9. árgangi er vísað í *Klausturpóst* Magnúsar Stephensens um fregnir af ritgerðum sem komið hafa út á Íslandi. [Finnur Magnússon], *Íslenzk sagnablöð*, 1824, 60. Vilhjálmur Þ. Gíslason bendir einnig á að Magnús víki stundum að því í bréfum til Finns „að óþarfi sé að þeir fari báðir í sama farið um fréttir“. Vilhjálmur Þ. Gíslason: *Blöð og blaðamenn 1773-1944*, 40.

³⁷¹ [Magnús Stephensen]: „Ný-útkomin prentuð Rit“, 112.

verkinu: „Hans aðgjörðir og aðferðarmáti í þessu tilliti hafa hlotið besta álit hlutaðegandi lögspekinga, og væri því mjög óskandi að hentugleikar leifðu að verk það á prent útgengi.“³⁷²

Hafa ber í huga að fyrstu íslensku tímaritin koma fram í Kaupmannahöfn, hinni fjarlægðu menningarmiðju Íslands. Þangað fóru synir heldri manna, og þeir sem fengu fjárhagsaðstoð heldri manna, í háskólanám. Við það fengu þeir stöðu menntamanna í íslensku samfélagi. Samkvæmt skilgreiningu Gramscis eru allir menn mögulega „menntamenn“ en ekki er mögulegt að allir menn gegni hlutverki menntamanna í samfélaginu.³⁷³ Skilgreining á því hlutverki er söguleg afurð, auk þess sem sífelld togstreita er um valdið til að skilgreina hverjir eru menntamenn og hvert hlutverk þeirra er. Þó má segja að á 18. og 19. öld hafi ríkt nokkuð almennt samþykki um það hverjir gegndu hlutverki íslenskra menntamanna þar sem aðgengi að formlegri menntun var takmarkað. Þeir sem áttu nógu efnaða aðstandendur komust í skólanám og urðu þar með menntamenn. Þeir fáu sem komust í enn dýrara nám til Kaupmannahafnar fengu við það enn æðri stöðu sem menntamenn og það tryggði þeim alla jafnan embættisstörf heima eða jafnvel í Kaupmannahöfn. Beint samband var því milli stéttarstöðu og hlutverks menntamanna; menntamenn voru hluti af ríkjandi stétt og viðhéldu völdum hennar. Konur voru jafnframt algjörlega útilokaðar frá hlutverki menntamanna, því þeim bauðst ekki að læra við æðri menntastofnanir.

Í Kaupmannahöfn urðu æðstu menntamenn Íslands til og störfuðu þar jafnvel áfram eftir nám, oft í embættum sem tengdust Íslandi á einhvern hátt. Auk þess að eiga skoðanaskipti bréfléiðis við menntamennina sem snéru aftur heim höfðu embættismenn og stúdentar erlendis því sín áhrif á samskiptin við herraþjóðina Danmörku og á ímynd Íslands út á við. Þannig höfðu þeir óbein áhrif á framvindu mála á Íslandi og á íslenska menningu.

Við tilkomu fyrstu íslensku tímaritanna færast þessi áhrif í aukana. Tímaritin berast víða, hið prentaða orð hefur formlegra yfirbragð en persónuleg sendibréf eða samræður (sjá nánar bls. 105), og skilaboðin sem koma beint frá menningarmiðjunni hafa jafnvel meiri þunga en þau sem eiga uppruna sinn heima. Íslendingarnir sem skrifa í tímaritin í Kaupmannahöfn verða kennivald í menningarmálum og taka að sér að uppfærða landsmenn og leiðbeina þeim.

Finnur Magnússon og Magnús Stephensen gegna báðir hlutverki menntamanna í íslensku samfélagi en samskipti þeirra einkennast af því að Finnur er staddur í menningarmiðjunni Kaupmannahöfn á meðan Magnús skrifar í blöð sín á Íslandi. Samskipti þeirra eru því ekki einföld samskipti tveggja menntamanna heldur endurspegla þau og

³⁷² [Finnur Magnússon], *Íslensk sagnablöð*, 1825, 39-40.

³⁷³ Antonio Gramsci: „Menntamenn“, þýð. Steinar Örn Atlason, *Ritið*, 2-3, 2009, 147.

viðhalda flóknum valdastrúktúr nýlendukerfis³⁷⁴ þar sem menningarlegt forræði kemur, beint eða óbeint, frá herrapjóðinni.

Finnur fellir bókaumfjöllun *Íslenzkra sagnablaða* inn í almennan frétttaflutning og einskorðast hún því vitanlega við það sem frétt næmt getur talist. Árið 1817 kemur listi yfir útkomnar bækur frá prentsmiðju „hinns konúngliga íslenzka Landsuppfræðingar Félags, edur, hinnar konúngligu íslenzku Vísinda-stiptunar“, meðal fréttta er nefnast „Frá Vísinda og Bókmenta ástandi á Íslandi“. Einnig er sagt frá sex smáum ritgjörðum „þess evangelíska Smábóka Félags“ og ferðabókum sem Hooker og McKenzie skrifuðu um ferðir sínar á Íslandi. Þá er sagt frá því að Kaupmannarhafnardeild Hins íslenska bókmenntafélags hafi gefið út *Sturlungasögu* og *Íslenzk sagnablöð*.³⁷⁵ Árið 1818 er sagt frá því að íslenskar sögur og fornkvæði hafi verið mikið prentuð og lesin og endurnýtt af erlendum skáldum og rithöfundum, auk þess sem fræðiritgerðir hafi verið skrifaðar um þau.³⁷⁶ Slíkar fréttir af framgangi norrænna fornfræða³⁷⁷ og ritdeilum um gildi þeirra³⁷⁸ eru áfram áberandi í *Íslenzkum sagnablöðum* og einnig fregnir af bókum tengdum Íslandi, t.d. ferðabókum.³⁷⁹

Í fregnum af bókum og rithöfundum má þannig finna hefðbundnar áherslur í almennum frétttaflutningi fyrstu íslensku fjölmiðlanna. Skiljanlega er áhersla lögð á allt það er tengist Íslandi og í 5. árgangi *Íslenzkra sagnablaða* lýsir Finnur nýtingu erlendra höfunda á íslenskum sögum og edduritum:

[...] hefr hið nafnkénda danska þjóðskáld Hra. Lector B.S. Ingemann á næstliðnu ári samið fagur sorgarspil út af kristniþöðinu á Íslandi er nefniz Kampen for Valhall. Einnig hefr eitt hið frægasta og lærðasta skáld í öllum heimi nú á dögum, Baronet Sir Walter Scott í Skotlandi, notað sér á líkan hátt af norrænum fornfræðum í ný-útkominni snillilegri skémtunar-sögu hans um Hjaltlendinga og Orkneyinga, nefndri the Pirate (víkingurinn edr sjóreifarinn). Á jóladaginn 1821 kom hún út í Edinborg; í miðjum Janúaríó voru þrjú ýmisleg skoðunarspil, hvartil efnið

³⁷⁴ Þótt Ísland hafi barist fyrir því að vera flokkað sem hjálenda af pólitískum ástæðum einkenndist samband Íslands og Danmerkur af valdastrúktúr nýlendukerfisins. Um skilgreiningarnar „nýlenda“ og „hjálenda“ og mikilvægi þeirra í sagnfræðilegu tilliti, sjá: Íris Ellenberger: „Somewhere Between “Self” and “Other”. Colonialism in Icelandic Historical Research“, *Nordic Perspectives on Encountering Foreignness*, ritstj. Anne Folke Henningsen, Leila Koivunen og Taina Syrjämaa, *Histories I*, Turku, University of Turku, 2009, 99-114.

³⁷⁵ Árni Helgason og Bjarni Þorsteinsson, *Íslenzk sagnablöð*, 1817, 47, 49 og 51.

³⁷⁶ [Finnur Magnússon], *Íslenzk sagnablöð*, 1818, 98-100.

³⁷⁷ Í 9. árgangi *Íslenzkra sagnablaða* segir t.d.: „Í útlöndum hefir Íslands og þess fornfræða eldsti og trúfastasti vinr, sá nafnfrægi Gräter (Gretir eða Grettir) útgéfið tvö fyrstu bindini af nýu safni ritlínga sinna, með titlinum: Sundurdreifð blöð (Zerftreute Blätter) og ættartal norrænnra Goða og Jötna í eikar mind (edur svö kölluðu Ættartré)“. Þá hafi Theodor Gliemann gefið út á þýsku rit um „Íslands ástand og bygðarlög“ og „Framhald nockuð hinna eldri sjáfarkorta yfir Íslands strendur útkom einnig á sama ári hér í Kaupmannahöfn“. [Finnur Magnússon], *Íslenzk sagnablöð*, 1824, 60-61.

³⁷⁸ Í 5. árgangi 1820 segir í fréttayfirliti frá Danmörku: „Nordr álfunnar fornfræði og Íslendinga gömlu rit hlutu einnig á þessu ári nýan frama og góða viðtöku í Danmörku; þótt tveir náskildir rithöfundar hafi leitaz við að smána og hindra slíkt með ritlingum sínum [...]“ [Finnur Magnússon], *Íslenzk sagnablöð*, 1820, 38.

³⁷⁹ Í *Íslenzkum sagnablöðum* frá 1818 segir frá íslenskri ferðabók eftir Henderson. [Finnur Magnússon], *Íslenzk sagnablöð*, 1818, 23.

var tekið úr henni, sýnd í gleðileika-húsum í Lundúnum, og þegar fyrir mánaðartíma er fyrsti partur útkominn af fjórum prentuðum útlekkingum á þýdsku af fyrrgreindri sögu. Ádr hefr Sir W. Scott útlagt mikin hluta af Eyrbyggjasögu (líklega eptir Etatsráðs og Riddara Thorkelins latínsku útlekkingu) á engelsku, og þar með ljóslega sýnt það góða álit er hann hefur á vorum fornmannasögum.³⁸⁰

Í fréttayfirliti frá Danmörku árið 1822 er svipuð upptalning á „útkomnum ritum viðvíkjandi norrænum fornfræðum“.³⁸¹ Fylgja stundum ýmsar upplýsingar um ritin, umfjöllunarefni þeirra og höfundar. Engir beinir dómur falla um þýðingarnar eða útgáfurnar en stundum er efni þeirra endursagt:

Í Norvegi er 1823 útkomin merkileg Ferdabók Kapteins (edur stríðsmanna höfundsmanns) Klyvers, er reist hefur um kring í Þrándheimi og víðar norðanfjalls til uppgötvunar merkilegra fornleifa, af hvörjum hann fann, útlistaði og uppmálaði mikin fjölda; þar á meðal ymsar rúnaskriftir úr heiðnum dómi og ýngri, ásamt mörgum múkaskriftum, hvarum nockrir fróðleiksmenn í Danmörku hafa látið álit sitt í ljósi eptir rithöfundisins tilmælum.³⁸²

Eins og sjá má af notkuninni á lýsingarorðinu „merkileg“ felast þó oft óbeinir dómur um gildi bókaanna í lýsingunum. Stundum er gagnsemi rita einnig tunduð. Þannig er sagt frá því að Páll Árnason hafi „mikið og mikilvægt verk fyrir stafni“, sé með gríska og danska orðabók í smíðum, sem muni án efa íslenskum skólapiltum og „lærdóms-ydkurum til nota koma á sínum tíma“. Einnig kemur fram að Steingrímur Jónsson láti nú þrykkja ævisögu Jóns Terkelsens: „Rétt er það og Íslendingum eginlegt að minningu góðra og þarfra merkis manna sé á lopt haldið, þeim til heiðurs og öðrum til eptirbreitis“.³⁸³ Allt frá upphafi eru fregnir úr bókaheiminum því tengdar stöðu Íslands og Íslendinga í alþjóðlegu samhengi og gagnsemi rita metin út frá því hversu líkleg þau eru til að auka sæmd landsins.

Fleiri einkenni almennra fréttar haldast í umfjöllun um bækur. Árið 1822 eru til dæmis sagðar framhaldsfréttir af stríðsrekstri í bókaheimum í *Íslenskum sagnablöðum*:

Það pennastríð, sem hér hefur gengið, um hæfileika norrænnrar goðafræðis [svø] í téðu tilliti, hefur nú útbreidt sig til Þýdskalandis, og þrjú af þeim hellstu því viðvíkjandi dönsku ritum eru þessvegna þar útlögð og prentuð á þýdsku.³⁸⁴

Ritdeilur eru spennandi og í 10. deild er sagt frá tveimur „sérlegum þrætuefnum“ rithöfunda. Annað var dómssmál N.S.F. Grundtvigs gegn H.N. Caufen fyrir „villulærdóm í bók hans er

³⁸⁰ [Finnur Magnússon], *Íslensk sagnablöð*, 1820, 52.

³⁸¹ [Finnur Magnússon], *Íslensk sagnablöð*, 1822, 45.

³⁸² Sama, 46.

³⁸³ [Finnur Magnússon], *Íslensk sagnablöð*, 1824, 59-60.

³⁸⁴ [Finnur Magnússon], *Íslensk sagnablöð*, 1822, 47.

nefniz Katholicisme og Protestantisme (eðr pápsk og evangelisk trúarbrögð)“. Hið síðara var um frumvarp um nýjan, danskan „réttitunarmáta“.³⁸⁵ Fregnir úr bókaheimum eru hins vegar ekki bundnar við átök, fremur en almennar fréttir, þótt stríðsfréttir hafi alltaf verið fyrirferðarmiklar. Viðurkenningar af ýmsu tagi eru tíundaðar, allt frá samkvæmum til heiðurs höfundum³⁸⁶ til verðlaunaveitinga. Undir lok ársins 1818 segir *Klausturpósturinn* til dæmis frá því að í *Dansk Literatur Tidende* hafi birst dómur hins konunglega danska vísindafélags um verðlaunartigerð eftir Finn Magnússon. Ágrip af dómi félagsins um bókina fylgir með á íslensku.³⁸⁷ Jafnvel hinar fyrirferðamiklu fréttir af „fræga fólkinu“, konungum og öðrum aðli, sem raktar eru samviskusamlega í fréttayfirlitum, enduróma í fréttum af frægum höfundum og fræðingum. Í *Íslenzkum sagnablöðum* frá 1825 er til dæmis minnst á væntanlega prentun *Laxdælasögu* „með latínskri útleggingu hins nýorðna annars bókavardar við lögvitringanna bókasafn í Skotlands höfuðstað Edinborg, Herra Þorleifs Guðmundssonar Repp, (við hvörn margir landa vorra, og fleiri vinir hans, minnstuz með skilnadarskál á þartil höldnum samfundi þann 8da Febrúarí þ.á.)“.³⁸⁸ Stundum falla dómar um verk sem minnst er á, en þeir eru aukaatriði, eins og þegar þýðing Þorleifs er sögð „snotur“ og með „góðum skíringargreinum“, eða þýsk drápa kölluð „Ísland“ eftir de la Motte Fouqué er sögð „til mikils sóma og virðaz hardla snoturlega queðin“.³⁸⁹ Þótt dómar um gildi verka slæðist þannig stundum með í lýsingum á þeim hverfist umfjöllunin um hið fréttmæma og oftár en ekki er vísað í dóma annarra. Verk „teljast“ góð en sjaldan er fjallað um verk er teljast slæm; áherslan er á að benda á hið markverða og gagnlega. Hins vegar er augljóst að íslenskir blaðamenn fylgdust með bókaumfjöllun í dönskum tímaritum og að ritdómaformið var þeim vel kunnugt, enda má sjá þess merki að þeir hafa nýtt sér erlenda ritdóma sem heimildir, þótt þeir hafi ekki enn nýtt sér þetta form sjálfir.

Frá bókalistum til umsagna

Klausturpósturinn og *Sagnablöðin* komu í síðasta sinn út árið 1826 og hóf Bókmenntafélagið þá útgáfu *Skírnis*, árið 1827, undir ritstjórn Finns Magnússonar. Efníð var erlendar fréttir „og

³⁸⁵ [Finnur Magnússon]: *Íslenzk sagnablöð*, 1825, 37.

³⁸⁶ Í 8. árgangi eru, í fréttum frá Danmörku, fregnir af heimkomu Rasks, samkvæmi honum til heiðurs og sagt að hann hafi „framhaldið sínum lærðu ritgjörðum af hvörjum ný spönsk málfræði (Spansk Sproglære efter en ny Plan) þegar eru, nú í ár, á prent útgengin“. [Finnur Magnússon], *Íslenzk sagnablöð*, 1823, 49.

³⁸⁷ [Magnús Stephensen]: „Útlendar merkilegar fréttir“, *Klausturpósturinn*, 12, 1818, 189-191.

³⁸⁸ [Finnur Magnússon]: *Íslenzk sagnablöð*, 10, 1825, 38. Einnig kemur fram í erlendum fréttum að um sumarið hafi „Sviaríkis nafnfrægustu þjóðskáld“, Biskup Tegnér og Lector Atterbom ásamt fleiri vísindamönnum dvalist í Kaupmannahöfn: „Herra Tegnér hafði þá nýlega prenta látið snoturt kappaqvæði, stælt eptir Friðþjófs Sögu vorri og berandi hennar nafn.“ Sama, 31-32.

³⁸⁹ [Finnur Magnússon]: *Íslenzk sagnablöð*, 5, 1820, 75.

oft bókafrægir“.³⁹⁰ „Félagið réð sérstakan ritstjóra — og stundum raunar tvo — til að skrifa fréttayfirlitið ár hvert“, segir í yfirliti Einars Sigurðssonar um sögu *Skírnis*.³⁹¹ Þetta leiðir til þess að áherslurnar eru ekki alltaf þær sömu frá ári til árs. Strax í fyrsta árgangi eru þó taldar upp „Hinar helztu bækur, útkomnar í Kaupmannahöfn árið 1826“ og helst sú hefð allan útgáfutímamann. Þessi fyrsti listi er yfir danskar bækur, sem er skipt niður í þrjá flokka; guðfræði, lögfræði og bækur „í hinum öðrum Visindagreinum“. ³⁹² Í hverjum flokki eru tíundaðir tugir bóka. Fyrir aftan listann er sagt frá því að tveir „útlendir nafnfrægir rithöfundar hafa skrifat skemtunarsögur á ensku, sem útleggjast á flestöll nafnkend tungumál, og lesast almennt nú á dögum til dægrastyttingar.“ Eru svo taldar upp bækur eftir „Cooper, sem er ameríkansk“ og „Sir Walter Scott, enskum af ætt“. Þá kemur fram að „Mörg ný skodunarspil eru einnig rituð eda útlögð á dönsku og leikin á því konúngl. Sjónarplázi“ og þannig hafi t.d. P.A. Heiberg „innleidd hér nýja sjónarleika tegund, er nefnist á frönsku Vaudeville (þ.e. kvædaspil)“.³⁹³

Þorgeir Guðmundsson, guðfræðingur og kennari, sér um listann fyrstu árin. Þorgeir var félagi í Hafnardeild Bókmenntafélagsins frá 1821, umboðsmaður félagsins, bókavörður og síðar forseti Hafnardeildarinnar árið 1831. Hann vann mikið við bókaútgáfu og kortagerð Bókmenntafélagsins, var einn af stofnendum Fornfræðafélagsins og vann við útgáfur þess, auk þess að starfa að bókaútgáfu á eigin vegum.³⁹⁴ Hann útskýrir í lok fyrsta bókalistans að eftir að ákveðið hafi verið að gefa *Íslenskum sagnablöðum* „annað form, þótti tilhlýdilegt að gera ársrit þetta, er nú hefir hlotið nafnið *Skírnir*, svo nytsamt og skemtilegt fyrir landa vora, sem kostr var á“:

Eg vildi ekki láta minn hlut eptirliggja til að frama þetta ágæta augnamid, og samdi því í mesta flaustri (því tíminn var naumr) lista þenna yfir þær merkilegustu bækur í öllum vísindagreinum, sem árið 1826 komu hér út, eptir þeim leidarvísir sem *Litteratúr-tíðindin* gáfu mér, fulltrúa um að mínum ástkæru landsmönnum mundi þykja gaman og nytsemi að slíku. Verð sérhvörrar bókar er ogsvo tilgreint [...]. Ad þetta smídi sé nú eigi í öllu tilliti svo vel af hendi leyst, sem vera ætti, finnr enginn betr enn eg sjálf, sem eg bid og vona mínir heidrudu landsmenn gódfúslega afsaki, en eg hefi góða von um að ári, ef gud lofar (því þessu skal nú árlega framhalda) að geta leyst þetta betr af hendi [...].³⁹⁵

Bókalistarnir eru hugsaðir sem einföld þjónusta við lesendur og upplýsingaveita. Þorgeir sækir sér upplýsingar í *Dansk Litteratur-Tidende* og hér má strax sjá meðvitundina um

³⁹⁰ Vilhjálmur Þ. Gíslason: *Blöð og blaðamenn 1773-1944*, 40.

³⁹¹ Einar Sigurðsson: „Formáli I“, *Skrá um efni í Skírní – Tímariti Hins íslenska bókmenntafélags 1967-2001*, 12.

³⁹² Þorgeir Guðmundsson: „Hinar helztu bækur, útkomnar í Kaupmannahöfn árið 1826“, *Skírnir*, 1827, 85-96.

³⁹³ Sama, 96-97.

³⁹⁴ Aðalgeir Kristjánsson: „Þorgeir í lundinum góða“, *Ritmennt*, 4, 1999, 33.

³⁹⁵ Þorgeir Guðmundsson: „Hinar helztu bækur, útkomnar í Kaupmannahöfn árið 1826“, 97-98.

takmarkanirnar sem miðillinn setur umfjölluninni. Tímarit krefjast skjótra viðbragða og umsjónarmaður bókalistans kvartar undan tímaleysi.

Í 2. og 3. árgangi er fyrirsögnin sú sama og taldir eru upp tugir bóka í sömu flokkum. Í 2. árgangi ber það hins vegar við að „skemtunarsögur“ á borð við „Den sidste Mohicaner“, „skuespil“ og rit tengd Íslandi, þ.e. fyrrnefnd *Laxdæla* með latneskri þýðingu Þorleifs Guðmundssonar og lögfræðirit Magnúsar Stephensens, *Island og dets Justitarius*, eru talin upp með „hinum öðrum vísindagreinum“ þar sem finna má allt frá ritum um það hvernig velja skuli eiginkonu til fræðirita um jurtir og ekki er að sjá að ritin séu talin upp í neinni sérstakri röð. Undir lokin eru svo talin upp „Fréttablöð og mánaðarit“, og verður það að föstum liði, en aftast er sagt frá því að Finnur Magnússon hafi lokið við útgáfu af „Sæmundar-eddu með lat. útlekkingu og orðaregistrum, sem getið var um í fyrra“ og að ný útgáfa af Vídalíns-postillu sé „nú að lyktum leidd“. ³⁹⁶ Þá bók gaf Þorgeir reyndar út sjálfur en útgáfustörf hans gera það að verkum að hann situr oftast en einu sinni báðum megin borðsins við gerð bókalistanna, getur um eigin útgáfur og kemur þeim á framfæri. Hér gildir það sama og um verkaskiptingu tímaritanna; augljósa ástæða er að finna í hinu íslenska fámenni. Ekki eru einungis gefnar út fáar bækur heldur er það fámennur hópur menntaðra karla sem gefur í senn út bækur og tímarit og sami hópur skrifar svo um bækurnar í tímaritin.

Bókalistarnir í *Skírni* eru langir og ná oft yfir 13-14 blaðsíður. Flestar bækurnar í 3. árgangi eru á dönsku en einnig eru nokkrar á latínu og þýsku, auk þess sem þarna má sjá „Miltons paradísarmissir, snúinn á íslenzku af sál. Síra Jóni Þorlákssyni, þjóðskáldi Íslendinga“, en Þorgeir kom að útgáfu hennar. Þarna er líka *Edda Sæmundar* hins fróða á latínu og *Prisæ Veterum Borealiæ Mytholoiaæ Lexicon* eftir „Finno Magnusen“. Aftan við listann í 3. árgangi, sem áfram er merktur Þ. Guðmundssyni, er svo þessi klausa: „Þetta eru þær merkiligustu bækur, sem útkomnar eru hér árið 1828; með vilja hefi eg í þessum lista útilátið ein og önnur ómerkilig smárit, stríðsrit og kvæði, sem eg veit að löndum mínum muni vera hvörki gagn né gleði í að lesa eða þekkja“. ³⁹⁷ Hér er skýrt tekið fram að dómur er felldur yfir ritum með því að velja þau til umfjöllunar og að jafnvel þótt bókar sé einungis getið eða fluttar af henni fréttir felur það í sér gæðastimpil. Þorgeir kemur jafnframt fram sem persónulegt yfirvald, staðsettur í menningarmiðjunni Kaupmannahöfn, með sérstakt umboð til að ákveða hvaða bækur henta til umsagnar.

³⁹⁶ „Hinar helztu bækur, útkomnar í Kaupmannahöfn árið 1827“, *Skírni*, 1828, 61-71.

³⁹⁷ Þ. Guðmundsson: „Hinar helstu bækur, útkomnar í Kaupmannahöfn árið 1828“, *Skírni*, 1829, 106.

Þorgeir eykur mikilvægi þessara gæðadóma í lista sínum í 4. árgangi og ber örlítið breytt fyrirsögn merki áherslubreytinga. Nú er talað um „Hinar markverðustu bækr“.³⁹⁸ Að auki fylgja nú umsagnir flestum ritum í flokkinum „Guðvísi“. Umfang bókalistans eykst enn við þessar breytingar og alls fara nú tæpar 18 blaðsíður í þennan þátt í ritinu, sem í heildina telur 126 blaðsíður. Stundum er um einfaldar lýsingar á ritunum að ræða. Til dæmis segir um *For Husandagt* eftir „Pastor Gad“:

Tilgánger höfundssins með riti þessu er, að vekja og hvetja menn til guðrækiligs lestrs í heimahúsum á helgum dögum, þegar annaðhvort sjúkdómur eða veðr banna mönnum að sækja kyrkju; og í því skyni lætur hann á hvörri viku prenta eina prédíkun af arkar stærð, er hann sem optast snýr á dönsku af nafnkendra guðfræðismanna ræðum í framanli löndum.³⁹⁹

Þorgeir tekur meiri afstöðu til ritsins *Om det videnskabelige Liv* eftir Chr. Lütken. Eftir að hafa lýst „höfudefni þessarar snotru og hjartnæmi ræðu“⁴⁰⁰ í nokkrum línunum fer hann að meta verkið og byrjar á kostunum:

Þetta er sýnt og útlistað í kröptugum og hjartnæmum orðum, og þánkagánger ræðunnar er svo reglubundinn og samanhángandi, að sérhvað virðist að fylgja af öðru: er það vottr þess, að höfundrinn hefir vel yfirvegað sitt efni og verið innilega sannfærður um hvað hann hefir sagt, því hann talar frá hjartanu [...].⁴⁰¹

Textinn ber einkenni hefðbundins ritdóms í nútímaskilningi því næst snýr Þorgeir sér að galla sem hann finnur á bókinni, þótt hann geri það á varfærnislegan hátt.

[...] á einum stað þykir samt, sem hann hafi krafizt ofmikils, er hann leyfir vísinda-iðkaranum enga aðra hvíld eða frítíma enn þá, sem sálin, nær hún er þreytt, neyðir hann til; en þessi orð mega heldr ekki í einni ræðu takast í þeirri straungustu meiningu, og þarhjá staðfestir reynslan þat, að flestir leyfa sér heldr ofmikla en oflitla hvíld (hvorttveggja er skaðligt); þessvegna virðist slík vareygð [svø] hyggilig, einkum fyrir þá úngu.⁴⁰²

Að lokum kveður hann upp úrskurð sinn, sem hann hefur lagt grundvöllinn að með því að vege og meta fyrst kosti og galla, og má segja að með því komist enn meiri ritdómabragur á textann:

³⁹⁸ Þorgeir Guðmundsson: „Hinar markverðustu bækr, sem útkomu í Kaupmannahöfn árið 1829“, *Skírnir*, 1830, 90.

³⁹⁹ Sama, 90.

⁴⁰⁰ Sama, 90.

⁴⁰¹ Sama, 91.

⁴⁰² Sama, 91.

Í stuttu máli ber ræða þessi vitni bæði um höfundsins lærdóm og djúpsæra þánkagang, og líka um hans kristiliga hugarfar og ávaxtarriku lífsreynslu, svo sérhvörr lesari getr eigi annat enn haft sannarligt gagn og ánægju af lestri hennar.⁴⁰³

Næsta umsögn, um *Veiledning i Christendommen til Lettelse for Confirmander* eftir „Pastor Holst“, er alls ekki jafn varfærnisleg og gagnrýnin mun neikvæðari. Það er næstum eins og ritdómarinn hafi safnað kjarki og taki nú af skarið á ákveðnari hátt eða hafi byggt umfjöllun sína þannig upp að ákveðin stigmögnun verði og lesandinn því betur undirbúinn harðari dómi. Í fyrri umfjölluninni var megináhersla lögð á innihaldið en ekki búning eða málfar en nú fá stíllinn og uppbyggingin yfirhalningu:

Þessi litla bók drepr að vísu á þá helztu höfuðlærdóma þeirra kristiligu trúarbragða, og hnýtir þarvið nokkrum ritningarorðum og sálmaversum, en þetta er svo stutt og þurt, að það getr ekki kallazt annað enn vegleiðsla fyrir þann mest fákunnanda eða tornæma úngling. Höfundurinn fylgir ekki heldr kapitularöðinni í lærdómsbókinni, því hann lætr kapítulann *um eylift líf gánga* á undan þeim um náðar meðölin. Yfirhöfuð er höfundrinn of gagnorðr, einkum um þá lærdóma, er þurfa frekari útskýring, og sem únglingrinn enganveginn getr annars skilit, t.d. um trúna og mannanna syndumspilltu náttúru; sumstaðar eru hans orðatiltæki óljós, sumstaðar líka raung, t.d. *skilningr* fyrir *skynsemi*. Samt sem áðr hefr prestrinn með bókarkorni þessu sýnt, hve mikit hönum hefr legit á hjarta guðrækilig barna uppfræðing.⁴⁰⁴

Miðað við hvað Íslendingar eru í raun langt á eftir Dönnum hvað ritdómahefðina varðar virðist þróunin hröð þegar þeir komast loks á skrið því hér hefur Þorgeir, í þremur umsögnum í röð, stiklað yfir helstu þróunarskref 18. aldar ritdóma í Danmörku, eins og þeim er lýst af John Chr. Jørgensen,⁴⁰⁵ og fært sig frá einföldum upplýsingum um bækurnar til rökstuddra og stundum harðorðra dómsúrskurða. Að auki virðist Þorgeir vera fyrstur íslenskra fjölmiðlamanna til að skilgreina tilgang bókaumfjallana af þessu tagi:

Eptir félagsstjórnarinnar og fleiri landa minna ósk, hefi eg, í stað þess þurra bókalista, hvaraf meiri hlutinn var ómerkiligur, í ár lýst þeim helztu bókum, ok drepið á innihald þeirra, er mér þóktu hvað merkiligastar, svo að þeir af löndum mínum, er vildu eignast þessa eðr hina af þeim fyrirfram gætu þekkt nokkuð til þeirra, eða, þó þeir ekki keyptu þær, gætu samt fræðst í mörgu tilliti, betr enn af tónum bókalanum.⁴⁰⁶

Þorgeir vísar til kröfu lesenda um meiri tilþrif í umfjölluninni og gagnsemi. Í umfjöllunum sínum bregst hann við þessari kröfu og sýnir margskonar tilþrif sem einkenna munu íslenska ritdóma næstu áratugina og eiga sér greinilega fyrirmyndir í erlendum ritdómum.

⁴⁰³ Sama, 91.

⁴⁰⁴ Sama, 91-92.

⁴⁰⁵ Jørgensen: *Det danske anmelderis historie*, 9-11.

⁴⁰⁶ Þorgeir Guðmundsson: „Hinar markverðustu bæk, sem útkomu í Kaupmannahöfn árið 1829“, 107-108.

Þorgeir gefur til dæmis dómi sínum um J.P. Mynster aukið vægi er hann miðlar fróðleik um höfundinn og umhverfið sem rit hans sprettur úr og segir að Mynster hafi ætíð þrætt meðalveg milli „þeirra *fríari* og *strángari* í trúarbragða meiningum [...] hvörra orðklíð og þræta í fleiri undanfarin ár hefr truflað kyrkjufriðinn og sturlað marga guðhrædda menn hér“.⁴⁰⁷ Þekking hans á höfundinum er ítrekuð þegar hann segir:

Allar ræður þessa kenniföðurs bera vott bæði djúpsærrar þekkingar í heimspekinnar lærdómum, og athugasamrar hugleiðingar um manneskjunnar og hennar útvortis og invortis náttúrliga ástand, og lýsa líka höfundins kristiliga hugarfari og inniligu sannfæringu um trúarbragðanna höfuðlærdóma og leyndardóma.⁴⁰⁸

Þetta leiðir hann að þeirri niðurstöðu að höfundurinn „álízt því með réttu sem þat munstr, er allir hinir ýngri guðsorðs prédikarar eigi að semja sig eptir, þar hann bæði hvað lærdóm og lifnað snertir, er sönn prýði þeirrar kennimannligu stéttar.“⁴⁰⁹

Í umsögnunum er oft að finna margvíslegar upplýsingar, um höfunda, umhverfið sem þeir skrifa í⁴¹⁰ og bóklegt samhengi og er líklegt að Þorgeir hafi aflað sér upplýsinga í erlendum tímaritum. Lýsingarnar eru stundum hreinar endursagnir á efni ritanna, hann endursegir til dæmis hluta af *Frihed, Hellighed og Usyndhighed*, en eins og áður kom fram fela lýsingar á verkum og höfundum oft í sér mat á gæðum þeirra. Þorgeir segir til dæmis *Nyt theologisk Bibliothek* hafa sannað ágæti sitt með langlífi sínu, auk „útgefarans ástundan og athugasama umhyggju fyrir sinna lesara þörfum, og greind í vali ritgjörða“. Hann segir í ritsafninu „margar lærdómsríkar og fróðligar ritgjörðir“ en grundvöllur velgengni þess sé „þessi hógværi og kristiligi andi“. Ein ræðan sé „snotr og hjartnæm“ og endi „með fögrum, kröptugum og hjartnæmum orðum, er allir tilheyrendr og lesarar mega verða klökkir við.“⁴¹¹

Mjög misjafnt er hversu mikið er sagt um hverja bók. Stundum er ekkert sagt, annars staðar er ein setning látin nægja en umfjallanir um sum rit ná yfir heila blaðsíðu eða meira. Afar misjafnt er einnig hvort áhersla er lögð á upplýsingar um innihald verksins, höfund, samfélagslegt eða bókmenntalegt samhengi eða gæði verksins. Hvert rit virðist fá meðferð sem talin er hæfa því eða lesendum. *Supplement til Haandbogen for Præster* og rit tengt biblíuþýðingum fá til dæmis stutta umsögn frá íslensku sjónarhorni.⁴¹² Þorgeir hefur þó

⁴⁰⁷ Sama, 93.

⁴⁰⁸ Sama, 93.

⁴⁰⁹ Sama, 93.

⁴¹⁰ Í ritgerðinni *Frihed, Hellighed og Usyndhighed* er t.d. sagt „litið til þess stríðs, sem fyrir fáum árum var um það hér hjá oss milli sál. Prof. Hóvitz og annara lærðra manna“ en að „hérumbil um sama leiti“ hafi einnig geisad „stríð um sama efni í Þýzkalandi og Fránkaríki“. Sama, 95.

⁴¹¹ Sama, 93-95.

⁴¹² Sama, 92.

greinilega ekki alltaf lesið verkin, eins og hann bendir samviskusamlega á í eftirmála við listann: „Ég hefi lesið flestallar þær bækur í guðfræðinni, um hvörjar dómr er felldr, utan 2 eða 3, hvar eg hefi fylgt annara dómum og álitum.“ Umsagnir byggðar á orðspori er þó aðallega að finna í flokkinum „Lögvísi“: Tvær lögbækur eru sagðar „fá mikið hrós“ en *Register til Stempelpapirs-Forordning* eftir Törslev er sögð fá „strángan og slæman dóm, og álit sem óbrúkanligt“ en rit um sama efni eftir Unsgaard „kvað vera samið með mikilli orðu ok þekkingu, svo að maðr getr óhult reidt sig þar“⁴¹³. Í flokkinum „í hinum öðrum vísindagreinum“, þar sem skáldskapur og bókmenntir rúmast, er aðeins ein umsögn, þar sem sagt er að rit um „den betændelsesagtige Feber“ hróssist mikið.⁴¹³ Þorgeir leggur þannig aðaláherslu á guðfræðiritin, enda var hann aðstoðarprestur við Brimarhólmskirkju og síðar varð hann prestur á Lálandi.⁴¹⁴ Í lokin útskýrir Þorgeir og ver þessa áherslu sína:

Að eg hefi látið guðfræðibækurnar sitja í fyrirúmi, má eg játa hefir komið bæði af því, að eg held að flestir lesendr Skírnis séu prestar, hvörjum þessvegna slík grenslun mun yfrið kærkomin, líka af því, að mér var hvað hægast og geðfeldast að lýsa þeim; en þær merkiligustu bækur, sem útkoma í lögvísi, ímynda eg mér að þeir flestu veraldligu embættismenn kaupí, mér er líka ómöguligt að fella dóm um þær, utan þar, er aðrir áðr hafa rudt veginn.⁴¹⁵

Hér er ekki einungis lögð áhersla á að þjónusta lesendur með því vinsa úr helstu ritin, fræða lesendur um innihald þeirra, uppbyggingu, samhengi, höfunda og/eða gildi ritanna heldur útskýrir Þorgeir forsendur sínar við umfjöllunina.

Einar Sigurðsson heldur því fram að ritdómar hafi ekki birst í *Skírni* fyrir 1905, „nema ef telja skyldi að árið 1830 segir Þorgeir Guðmundsson nokkur deili á sumum þeirra bóka sem hann tilfærir í bókaskránni“.⁴¹⁶ Þetta er þó helst til stuttaraleg lýsing á þeim tilraunum með ritdómaformið sem gerðar voru í *Skírni*, ekki bara í 4. árgangi heldur einnig næstu tvö árin. Í 5. árgangi er umfjöllunin nefnilega sett upp á sama hátt en allt púðrið fer nú í að lýsa ritum í „guðvísi“ og ekkert rit í „lögvísi“ eða „hinum vísindagreinum“ fær umsögn. Í 6. árgangi verður hins vegar veruleg breyting á. Þátturinn hefur sömu fyrirsögn og árin á undan en er ómerktur og hefst á pistli þar sem nýtt fyrirkomulag er kynnt til sögunnar. Fyrst er frá því greint að *Skírnir* hafi „frá byrjun vega sinna gefið skírslu um hinar markverðustu bækur, er jafnsíðis honum útkomið hafa í ríkinu, til að upplýsa og auka fréttirnar“. Þetta er sagt vel til fallið „því ekkert getr gefið áreiðanligri þekkingu um tíðarandann, er *Skírnir* fyrst og fremst leitast við að sýna, og hvaðan öll umbrot í þjóðalífínu hafa sín upptök, enn einmiðt bæknar“.

⁴¹³ Sama, 104 og 107-108.

⁴¹⁴ Aðalgeir Kristjánsson: „Þorgeir í lundinum góða“, 33.

⁴¹⁵ Þorgeir Guðmundsson: „Hinar markverðustu bækur, sem útkomu í Kaupmannahöfn árið 1829“, 107-108.

⁴¹⁶ Einar Sigurðsson: „Formáli I“, 13.

Þar sem bækur leiði til „þekkingar á sínum orsökum“ og verði „orsakir til ótöluligra verkana“ hafi þær svo mikla þýðingu að „þær með fullum rétti eiga skilið að umtalast í fréttablaði“. Á meðan Ísland hafi ekkert „rit bókfræði viðkomandi“ sé það einnig „hagaligt fyrir bókelskararn“ að fá á einum stað yfirlit helstu „þjóðrita og lærdómsverka eðr vísirita, er hann kynni til skemtunar að girnast eðr til brúkunar að þarfnast, og sem hann annars ei fær nema á stángli, og með því að halda dýr, bókfræða tíðarit.“⁴¹⁷ Þarnaest er því lýst yfir að öllum bókum megi skipta í flokka „þjóðrita“ annars vegar og „vísi-rita“ hins vegar:

Þjóðritin, eru alþýðligri, og lesast því á meðal allra stétta, lærðra sem leikra, þau sýna einkum þeirra þjóða og einstöku höfunda sérlega þeinkingarhátt, hvaðan þau eru komin, og heyra til hinna fögru menta; hértíl reiknast öll skáldskaparverk, svosem: mannsaugvar, kappakvæði, sjónarspil, gamansögur, líka alþýðligar frásögur, ræður, og svo frv. Af því þau hafa flesta lesendr, eru þau opt útlögð úr einu máli á annað [...] Hinn flokkurinn: *vísi-ritin*, útheimtir meiri upplýsingu og hefir því færri lesendr; hann á sérílagi heima í hinum lærðu og þjóð-skólunum [...] þessi vísindi bera miklu minni keim af föðurlandi eðr höfundu, enn hinn fyrri flokkurinn, því þeir lærðu, hvar sem eru, hafa einsog þegjandi tekið sig saman um, að leita hins sanna og rétta og láta engin hjálparmeðöl til upplýsingar þarum ónotuð [...] slíkar bækur eru og sjaldnar útlagðar, því flestir, er þær að öðru leiti brúkað geta, skilja ogsvo þau mál hvarí þær eru skráðar.⁴¹⁸

Enn eru dómar helst felldir með því að velja úr bestu bækurnar og aðeins þær bækur tilgreindar „er eiguverðar þykja, svo enginn bókavinur fari með öllu varhluta“.⁴¹⁹ Nú eru flokkarnir hins vegar nútímalegri. Fjallað er um rit í „hinum fögru mentum“ (skáldverk og rit tengd skáldverkum), í „hinum almennu vísindum“ (sem öllum eru sameiginleg) og í „hinum séríligu vísindum“ (t.d. læknisfræði, lögfræði og guðfræði). Í flokki hinna fögru mennta er m.a. fjallað um *Gjengangerbreve* eða *poetiske Epistler fra Paradis* og fram kemur að þau hafi verið „svo vel meðtekin af alþýðu, að fyrsta upplagið strax varð útseldt“. Síðan fylgir þessi lýsing:

Þau eru ný *Ars poetica* í liprum versum, og tala heldr ófeilið um flest nú lifandi dönsk skáld, sumum til ángrs, öðrum til gleði; er helzt að þeim fundið, að þau bindi skáldin um of til hins útvertis í skáldskapnum, eðr, myndarinnar, þareð þó efnid er eginliga sálin, án hvörrar orð og rím ekki fá aðgjört.⁴²⁰

Hér er vísað til athyglisverðrar fagurfræðilegrar afstöðu til sambands „myndar“ og „efnis“; þar sem efniviðurinn er sagður hin eiginlega uppistaða skáldverks, kjarninn, og mikilvægari en ytri umbúnaður. Jafnframt er áhugavert að hér er kynnt til sögunnar rit sem er „ófeilið“ um

⁴¹⁷ „Hinar markverðustu bækur, er útkomu í Danmörku og erlendis árið 1831“, *Skírnir*, 1832, 98.

⁴¹⁸ Sama, 98-99.

⁴¹⁹ Sama, 100.

⁴²⁰ Sama, 100.

samtímaskáld. Lesendur og ritendur *Skírnis* ættu því að vera meðvitaðir um að slíkar umfjallanir tíðkast erlendis; það má teljast nauðsynlegur aðdragandi að því að kynna slík skrif til sögunnar á Íslandi.⁴²¹ Ekkert annað rit í þessum flokki fær umsögn og ekkert í umsögninni sýnir fram á að ritarinn hafi lesið verkið sjálf en ekki aðeins umsagnir annarra um verkið. Í flokki almennra vísinda fær hins vegar *Maanedsskrift for Litteratur* umsögn og sagt að þetta „ágæta rit“ gefi ekki aðeins „upplýsingu um allar bækur, er í ríkinu útkoma, og fellir áreiðanligan dóm um þær helztu af þeim, heldr sýnir þaraðauki hvaða kröfur í vorum tíðum gjöra eigi til bóka í sérhvörri vísindagrein, og hvörja afvegi bókaritarar eigi að varast, og er því hvörjum þeim, sem fylgja vill tíðanna bókmentagangi öldúngis ómissandi leiðtogi.“⁴²² Aftur er bent á gagnrýnin skrif um bækur, nú í formi ritdóma í virtu dönsku tímariti og gagnsemi slíkra skrifa áréttuð. Í fylgjandi umsögnum er einnig greinilegt að höfundurinn nýtir sér erlenda ritdóma. *Um Danmarks Riges Historie* segir: „Falla dómarnir um bók þessa misjafnt út, og þykir svo sem ekki muni hún taka fram því, er áðr ritað er hérum [...] þareð höfundrinn sýnir hlutdrægning og kappgírni í að halda fram sínum egin meiningum.“⁴²³ Margt bendir líka til þess að höfundurinn stæli fremur staðlað orðalag og stíl. Um tólf fyrirlestra eftir Molbech segir: „Skemtilig og fróðlig bók, einsog allt, sem kemr frá þeirri hendi“ og á undan upptalningu á þremur verkum eftir Krauses, Krugs og Hegels stendur: „Sá sem annars vill fá þekkingu á heimspekinnar núveranda ástandi yfirhöfuð, hann ætti að eiga þessi höfuðverk.“⁴²⁴

Af „Hinum sérligu vísindum“⁴²⁵ fær guðfræðin enn veglegasta plássíð og ástæðan er enn sú að guðfræðibækur muni vera „sá flokkurinn, er flestir af *Skírnis* lesendum fest augu á“. Nú eru einnig teknar fyrir þýskar guðfræðibækur þar sem svo fáar danskar guðfræðibækur komi út á hverju ári og Þýskaland sé „guðfræðinnar og yfirhöfuð ennar dýpri speki föðurland“. Er það sagt „óskandi að þvílíkar [bækur], sem hafa flýtt þessari vísindagrein svo

⁴²¹ Hér er líka vert að geta þess að dómur um íslensk rit birtust stundum í dönskum tímaritum. Þorgeir Guðmundsson hraktist frá Fornfræðafélaginu þetta ár, 1831, eftir deilur við C.C. Rafn „út af ritdómi í *Maanedsskrift for Litteratur* sem birtist í árslok 1830 þar sem þýðing C.C. Rafns á *Jómsvíkinga sögu* og *Knytlinga sögu* var gagnrýnd“ og lá Þorgeir, ásamt öðrum, undir grun „um að hafa átt hlutdeild í ritdóminum með einum eða öðrum hætti“. Í grein sem Aðalgeir Kristjánsson ritaði um Þorgeir kemur einnig fram að útgáfa Þorgeirs á *Vidalínspostillu* „hlaut yfirleitt góða dóma“. Aðalgeir Kristjánsson: „Þorgeir í lundinum góða“, 39 og 42.

⁴²² „Hinar markverðustu bækur, er útkomu í Danmörku og erlendis árið 1831“, 102.

⁴²³ Sama, 103.

⁴²⁴ Sama, 104 og 105.

⁴²⁵ Í „Læknisfræði“ eru þrjár bækur nefndar og fá allar örstuttar umsagnir. Sagt er um *Samlinger til Kundskab om Cholera*: „Um þetta efni eru annars í sumar sem leið útkomnir ótal ritlingar, er varla mun ómaksverdt að þekkja.“ Um *Paris, Dr. Medicinae, Diætik* segir: „Þykir góð og nytsöm fyrir hvörm mann“ og um *Encyclopædie der medicinischen Wissenschaften* segir: „Á að vera uppá 10 þvílík bindi eptir stafrofsröð, en inniheldr þá líka allt hvað nöfnum tjáir að nefna læknisfræði viðkomandi.“ Í „Lögvísi“ fá fæstar bókanna umsögn en Um *Prof. Kolderup-Rosevinges Grundrids af den danske Retshistorie* segir að meginbreyting frá fyrri útgáfu ritsins sé að uppröðun og uppsetningu efnisþátta hafi verið breytt „væntanliga mest til hægðar fyrir tilheyrendr sína“. Sama, 105-107.

stórum til síns fjarlæga takmarks, smátt og smátt ogsvo nálægðu sig Íslandi.⁴²⁶ Hér er markmiðið með umfjölluninni orðið að færa menningarstrauma og framfarir frá útlöndum til Íslands, í anda upplýsingarinnar. Enn er afar misjafnt hversu mikið kemur fram um hverja bók. Fyrstu tveimur þýsku bókunum fylgir lýsing í einni setningu án þess að nokkur dómur falli þar um gæðin. Um predikanir L. Schjödte segir einfaldlega: „Eru kallaðar góðar.“ Annað rit er sagt „alþýðligr og talar til hjartans“.⁴²⁷ Hér virðist því aðeins meira lagt upp úr mati á gæðum bóka en áður, án þess þó að það mat sé alltaf rökstutt. Helsta ástæða þess er væntanlega sú að verið er að vísa í dóma annarra um ritin, dóma sem hafa þegar verið rökstuddir af þeim sem fella þá auk þess að bera viðurkenningarstimpil menningarmiðjunnar í Kaupmannahöfn. Þess er ekki getið *hverjir* fella dómana eða í hvaða ritum þeir falla og með því er gefið í skyn að þetta séu ekki geðþóttadómar einstakra aðila heldur fegurðardómar sem um ríkir almennt samþykki. Um leið verða þessir dómur hluti af þeirri vísindalegu orðræðu sem Foucault telur að hafi þróast á 17. og 18. öld og tengdist „kerfisbundnu hugtakaneti“ sem ábyrgðist hana „án vísunar til einstaklingsins sem framleiddi hana“, orðræðu þar sem „nafnleysi sannleikans bjó til nýtt stig framsetninga“.⁴²⁸ Þegar kemur að gæðamati á verkunum sem um ræðir er það hins vegar sterklega tengt höfundarnöfnum. J. Hornsyld er til dæmis kallaður „Hinn æruverðugi öldúngr“ og sagður „laungum fyrir ræður sínar nafnkunnr“. Matið á fyrsta riti hans á prenti, *Betræginger over Bibelen*, er í samræmi við þessa stöðu höfundarins, það er sagt innihalda „snotrar alþýðligr athugasemdir“ og vera „mikið uppbyggilig að lesa fyrir hvörn mann“. Á sama hátt er matið á *Om Begrebet af den kristeliga Dogmatik* tengt fyrri verkum höfundar: „Sama djúpsæra og kristiliga andriki, sem i öðrum þessa lærða höfundsmáritum [...] að verðugleikum er hrósað, lætr sig hér ogsvo í ljósi.“⁴²⁹

Samanburður af þessu tagi staðfestir ágæti verka eða höfunda eða er notaður til að ákveða hvaða verk standist ekki gæðapróf, í samræmi við kenningar menntamanna á borð við David Hume, sem lýsti því yfir árið 1757 að ógerlegt væri að „iðka ihugun fegurðar“ án þess að gera samanburð „á hinum ýmsu tegundum ágætra verka og meta hlutföllin milli þeirra“. Hume bendir á að með „því einu að bera saman ákveðum við umsagnirnar lof eða last og lærum að úthluta tilhlýðilegum skammti af hvoru fyrir sig“⁴³⁰ og þessi tilhneiging er greinileg í *Skírni. Betræginger over Bibelen* er líkt við leiðarvísa Möllers og er sagt hætta til, eins og þeim, „að gjöra lítið úr og gánga fram hjá þeim mörgu sannindum, er enir nýari fordómslausir

⁴²⁶ Sama, 109.

⁴²⁷ Sama, 109 og 110.

⁴²⁸ Foucault: „Hvað er höfundur?“, 82.

⁴²⁹ „Hinar markverðustu bækr, er útkomu í Danmörku og erlendis árið 1831“, 108-109.

⁴³⁰ David Hume: „Um mælikvarðann á smekk“, þýð. Gunnar Ragnarsson, *Hugur*, 2006, 35.

guðvitringar hafa uppgötvað⁴³¹. Þá er einn „guðvitringr“ er sagður gefa „sinni egin heimspeki heldr mikið ráðrúm“ en annar kann „að feta hinn gullvæga meðalveg, og gefa skynsemi og opinberan hvörri sitt“⁴³². Samanburðurinn undirstrikar að niðurröðun eftir gæðum skiptir máli, lesendur þurfa að vita hvaða verk eru best. Ein þýsk bók er sögð hafa til að bera „undireins þær beztu og ódýrustu lærðu athugasemdir yfir hið g. Testamenti“ og önnur „[i]nniheldr útval af þeim beztu ræðum, er á Þýzku eru skrifaðar.“ Erfiðara er að gera upp á milli *Dr. C.H. Sach christiche Apologetik* sem þykir „taka öllu fram sem ádr er ritað um þetta efni“ og *Handbuch der christiche Sittenlehre* og *Vorlesungen über die christliche Sittenlehre*: „Hvört af verkum þessum betra sé, er örðugt að segja, þegar bæði eru bezt. Reinhards nafnfræga verk er alþýðligra, og þessvegna í útvortis niðurröðun ekki eins fullkomið.“⁴³³ Flokkun bóka eftir virðingarröð er formálalaust orðin eitt meginatriði umsagnanna, enda slíkt flokkunarkerfi ein meginforsenda fagurfræðilegra dóma og á sér langa sögu. Árni Sigurjónsson bendir til dæmis á að skáldskapurinn var íþrótt hjá Forn-Grikkjum og skáld kepptu opinberlega hvert við annað um lærviðarsveig en hann telur að ef til vill megi sjá „upphaf samanburðaraðferðar í bókmenntafræði“ hjá Diónýsiosi frá Halikarnassos sem beitti þeirri aðferð að bera saman tvo höfunda.⁴³⁴

Umsagnirnar í *Skírni* eru einnig orðnar mun styttri og greinilegt að aðallega er notast við upplýsingar annars staðar frá, líklega úr erlendum tímaritum og jafnvel einna helst *Maanedsskrift for Literatur*. Ekki er úr vegi að álykta sem svo að þarna hafi menn verið að undirbúa jarðveginn fyrir íslenska ritdóma að erlendri fyrirmynd en raunin verður sú að í 7. árgangi 1833 er stigið skref til baka og horfið aftur í upprunalegt form. Yfirskriftin er nú aftur „Hinar helztu bækur útkomnar í Kaupmannahöfn“ sem flokkaðar eru niður í guðfræði, lögvísi, læknisfræði, aðrar vísindagreinar og mánaðarrit og dagblöð. Höfundur listans er nú Kristján Kristjánsson, sem skrifar undir sem „Chr. Christiansson“, en um þetta leyti nam hann lögfræði við Hafnarháskóla. Taldir eru upp tugir rita án umsagna eða athugasemda. Í lokin segir Kristján:

Eg hefi þannig getið þeirra flestu bóka, sem út eru komnar nærstliðið ár 1832, án þess að fella nokkurn dóm um þeirra verð eðr vansmiði; þókti mér dómr sá ómerkr, þar eg þekki bækur þessar, að einstökum undanteknum, aðeins af titlinum, og vona því að þér, heiðruðu landar! séuð á einu máli með mér í þessu efni.⁴³⁵

⁴³¹ „Hinar markverðustu bækur, er útkomu í Danmörku og erlendis árið 1831“, 108.

⁴³² Sama, 110-111.

⁴³³ Sama, 110-111.

⁴³⁴ Árni Sigurjónsson: *Bókmenntakenningar fyrri alda*, 16 og 84.

⁴³⁵ Chr. Christiansson: „Hinar helztu bækur útkomnar í Kaupmannahöfn, árið 1832“, *Skírnir*, 7 1833, 88.

Í 8. árgangi er einnig, undir sömu fyrisögn, listi yfir bækur í sömu flokkum, án umsagna, og undir skrifar „Chr. Christjánsson“. Í 9. árgangi er engin breyting nema hvað þá skrifar Magnús Eiríksson guðfræðinemi undir sem „M. Eiríkson“. Í 10. árgangi er allt við það sama en enginn skrifar undir. Engar skýringar eru gefnar á breytingunum en helst má draga þá ályktun að nýju fólki hafi fylgt nýjar áherslur eftir að Þorgeir Guðmundsson hættir að skrifa listana og að ritstjóra *Skírnis* á árunum 1831-1835, Þórði Jónassen, hafi ekki þótt ástæða til að leggja mikið upp úr bókaumsögnum, hvað þá mati á gæðum bókanna, öðru en því að velja bækur til að nefna. Hér er hins vegar athyglisvert að þeir sem taka við af Þórði og ritstýra 10. árgangi *Skírnis* eru Jónas Hallgrímsson og Konráð Gíslason en ári síðar skrifar Jónas fræga umsögn í *Fjölni* um rímur Sigurðar Breiðfjörðs sem nefndur hefur verið fyrsti íslenski ritdómurinn. Hvað veldur því að Jónas og Konráð tengja ekki bókalistana í *Skírni* við ritdóma, frekar en Einar Sigurðsson (sjá bls. 96)? Ein skýringin gæti verið sú að *Fjölnir* er settur fram sem róttækari og gagnrýnni fjölmiðill en *Skírni*.

Í bókinni *Det danske anmelderis historie* lýsir John Chr. Jørgensen nokkrum af skilyrðunum sem gátu af sér ritdóma á tímum upplýsingarinnar þannig:

Tilurð borgaralegs lesendahóps með ríka bókmenningu, þróun arðbærar tímaritaútgáfu sem byggði á ídealískum hugmyndum um samfélagslegt notagildi frjálsrar gagnrýni, og frelsi fagurfræðinnar undan guðfræðinni [...].⁴³⁶

Jørgensen leggur áherslu á að ritdómahefðin þróist í takt við breytingar á blaðamennsku og fjölmiðlum. Kenning hans er að „*sérstök tegund tímarita eða dagblaða dregur fram sérstaka tegund ritdóma*“.⁴³⁷ Það er þó ekki nóg að tímaritin séu til staðar, fólkið sem skrifar í þau og les þau þarf að telja gagnrýni mikilvæga. Fyrstu íslensku ritin eru skrifuð af embættismönnum, handhöfum valdsins, og þó þau boði eflaust róttæka upplýsingastefnu að mati forsvarsmanna sinna eru þau fíaldssöm pólitískt séð og ekki byggð á hugmyndum um „samfélagslegt notagildi frjálsrar gagnrýni“. Umbæturnar eiga að koma ofan frá og það „lýðveldi menntanna“ sem tímaritin eiga að stuðla að er lýðveldi aðalsins sem hefur betrubættandi áhrif á alþýðuna.

⁴³⁶ „Fremkomsten af et borgerligt læsepublikum med en rig bogkultur, udviklingen af en profitabel tidsskriftspresse funderet på ideale forestillinger om den sociale nytte af fri kritik, og frigørelsen af æstetikken som en videnskab adskilt fra teologien [...]“ Jørgensen: *Det danske anmelderis historie*, 45.

⁴³⁷ „[...] en bestemt type tidsskrift eller avis fremmer en bestemt type anmelderi [...]“ Sama, 305. Skáletrun úr upphaflega textanum.

Að leiðbeina, skemmta og fræða

Alþýðufræðsla var reyndar einnig einn megintilgangur útgáfu *Fjölnis*.⁴³⁸ Í boðsbréfi til söfnunar áskrifendum segja Fjölnismenn að fróðleiksfús almenningur hafi ekki tók á að kaupa dýrar bækur en vilji gjarna fylgjast með: „Þessvegna höfum við í hyggju, að nota hérveru okkar og allann þann bóka fjölda sem ekki verður bundið við neitt nema það sem skynsamlegt er og skemtilegt.“⁴³⁹ Sú aðferð að flétta saman skemmtun og fræðslu hafði lengi verið talin heillavænlegust til uppfærslu almúgans⁴⁴⁰ og áhersluna á að vekja áhuga hins almenna lesanda má merkja frá upphafi fjölmiðlunar á Íslandi. *Félagsritin* gömlu áttu að vera „fræða- og listarit til þess að bæta bókmenntasmekk Íslendinga“⁴⁴¹ en í *Íslenskri bókmenntasögu* er staðhæft að þau hafi náð „skammt út fyrir raðir mennta- og embættismanna“ og sumt beri vitni um „allmikinn þekkingarþótta“.⁴⁴² Vilhjálmur Þ. Gíslason vill þó meina að þrátt fyrir að greinarnar þar hafi verið „sérfræðilegar“ og „ekki einlægt sérlega skemmtilegar“ hafi þær verið „í alþýðlegum stíl“.⁴⁴³ Stíll er semsagt stéttbundinn og bókmenntaumuræðan stigskipt en þar sem fjölmiðlarnir eru tæki efri stétta til að ná til neðri stétta er mikilvægt að stíllinn sé ekki of háfleygur. „Tala skal í einföldu máli við einfalda menn“ segir Sókrates í *Fædrosi* Platons,⁴⁴⁴ og alþýðlegur stíll er auðskilinn, þ.e. „viðhafnarlaus, óflókinn og altélegur; en hreinn, auðveldur og þægilegur“, samkvæmt lýsingu Hannesar Finnssonar í formála *Kvöldvagnanna 1794*.⁴⁴⁵

Það, sem mér hefir veitt torveldast í þessu litla verki, var að útvelja hvað mátulega hátt eða lágt, auðveldt eða þungskilið, eg mætti bjóða lesendum mínum. Aldrei kom mér til hugar, að skrifa handa einum lærðu meðal landa minna, þeir þurfa þess ei við; ég sá ei heldur mér fært að samantaka neitt handa þeim allra einföldustu, heldur hafði eg einkum auga á skíru almúga-fólki, sem er mest megnis fjöldi lesenda minna.⁴⁴⁶

⁴³⁸ Páll Valsson: *Jónas Hallgrímsson. Ævisaga*, Reykjavík, Mál og menning, 1999, 112.

⁴³⁹ Sama, 103.

⁴⁴⁰ Samkvæmt Hórasí nær sá „bestum árangri sem blandar saman gagni og gamni, og skemmtir lesandanum og fræðir hann um leið“. Hóras: „De Arte poetica Liber“, 220. Tilvitnun sótt í Árne Sigurjónsson: *Bókmenntakenningar fyrri alda*, 87.

⁴⁴¹ Vilhjálmur Þ. Gíslason: *Blöð og blaðamenn 1773-1944*, 31-33.

⁴⁴² Matthías Viðar Sæmundsson: „Upplýsingaröld 1750-1840“, *Íslensk bókmenntasaga* III, ritstj. Halldór Guðmundsson, Reykjavík, Mál og menning, 1996, 86 og 87.

⁴⁴³ Vilhjálmur Þ. Gíslason: *Blöð og blaðamenn 1773-1944*, 31-33.

⁴⁴⁴ Árne Sigurjónsson: *Bókmenntakenningar fyrri alda*, 28. Sjá einnig Platon: „Phaedrus“, þýð. R. Hackforth, *The Collected Dialogues of Plato Including the Letters*, ritstj. Edith Hamilton og Huntington Cairns, Princeton, Princeton University Press, 1961, 523.

⁴⁴⁵ Hannes Finnsson: „Til Lesenda og Heyrenda Bókarinnar“, *Qvöldvøkurnar 1794* I, Leirárgörðum, 1796, xvi. Tilvitnun sótt í Ingi Sigurðsson: *Hugmyndaheimur Magnúsar Stephensens*, Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafélag, 1996, 144.

⁴⁴⁶ Hannes Finnsson: „Til Lesenda og Heyrenda Bókarinnar“, xii.

Hannes segist vona að stíllinn „ei virðist lesendum að lakari fyrir það“, því auðskilinn stíll sé hvorki merki um vankunnáttu né endilega auðvirðilegur. „Gömul úreitt orð og framandi túngna ósmekks-keim í orðum og talsháttum“ hafi hann viljað forðast „en samt ei viljað kasta stýlsins sómasemi þar fyrir burt“. ⁴⁴⁷ Fyrstu blaðamennirnir virðast almennt hafa haft slíkar áherslur í huga. Í formála *Skemmtilegrar vinagleði* árið 1797 segist Magnús Stephensen leitast við að hafa stíllinn auðskilinn en þó í samræmi við viðurkenndar reglur um málnotkun. Hann vilji rata meðalveg á milli „heimskulegs en almenns grautarblands af mörögum túngum með íslenskum mál-leysum, og þurrs, stirðs, ónáttúrlægs gamal-setta ný-smíðis sumra Sérvitringa“. Segist hann ætíð hafa stundað það „að gjöra sérhvörjum auðskilið“ sitt „ræðuform“ og að „laga orðavalsins mátt og liðugleika samstemmandi viðurkendum sannrar málsnillis reglum snjallra þjóða“. ⁴⁴⁸ Orðalagið er þó kaldhæðnislegur vitnisburður um hið gagnstæða; hversu þunglamalegur stíll hans gat í raun verið. Setningarnar verða oft óþarflega flóknar og orðaröðin undarleg. Það breytir því þó ekki að útgáfa Magnúsar átti að efla alþýðufræðslu og bendir Ingi Sigurðsson á að skrif hans hafi mótast af áherslu upplýsingarinnar á áhrif umhverfis, t.d. uppeldis og fræðslu, á mótun einstaklinga. Magnús hafi viljað ala íslensku þjóðina upp og hafi haft skýrar fyrirmyndir í dönskum og þýskum bókum er hann fræddi almenning með stuttum þáttum um margvísleg efni. ⁴⁴⁹

Í *Skemmtilegri vinagleði* beitir Magnús til dæmis samtalsformi, sem Ingi segir réttilega að sé „gömul aðferð til að gera efni sem aðgengilegast fyrir lesendur“. ⁴⁵⁰ Sem dæmi má nefna að flest rita Platons eru í samræðuformi. Magnús gagnrýnir einnig fyrnsku í máli og í *Island i det Attende Aarhundrede* tekur hann dæmi um tvö verk þar sem fyrnskan keyri fram úr hófi: *Greinilega vegleiðslu til talnalistarinnar* eftir Ólaf Olavius og kvæðið „Íslandsvöku“ eftir Jón Johnsonius. Magnús segir: „Mögulega telja slík skáld, að í svo ógengilegu myrkri sleppi jafnvel hugsana- og smekklusasasta vitleysa án sakfellingar“. ⁴⁵¹ Kaldhæðnin minnir á satíruhöfundinn Nicolas Boileau, enda talar Baldvin Einarsson, í bréfi til Bjarna Þorsteinssonar, um þann „lengi illa upptekna, stephensenska, allt of satiriska bitandi, upplýsingar anda“. Hann sakar Stephensen jafnframt um að setja sig á háan hest, hann tali jafnan um „hærri vísindi“, skammi bændur og alla aðra fyrir að vera ekki vel heima í þeim og

⁴⁴⁷ Sama, xvi.

⁴⁴⁸ Magnús Stephensen: „Til lesaranna“, *Skemmtileg Vina-Gleði*, 1, 1797, viii.

⁴⁴⁹ Ingi Sigurðsson: *Hugmyndaheimur Magnúsar Stephensens*, 101, 111-112 og 114.

⁴⁵⁰ Sama, 144.

⁴⁵¹ „Mueligen indsee saadanne Digtere, at i et saa uigjennemtrængeligt Mørke, gaae selv de tanke- og smagløseste Nonsens aldeles skuldfrie [...]“. Magnús Stephensen: *Island i det Attende Aarhundrede. Historisk-politisk skildret*, Kaupmannahöfn, Gyldendal, 1808, 184. Tilvitnun sótt í Ingi Sigurðsson: *Hugmyndaheimur Magnúsar Stephensens*, 148.

dragu af löndum sínum það sem þeir eiga.⁴⁵² Minnir þetta á skammir yfir hinum franska de Sallo, sem var sakaður um að vilja koma á harðstjórn yfir almenningsálitinu (sjá bls. 46) og undirstríkar mótsögnina í því að ætla sér það vald að stýra almenningi og leiða í rétta átt að útópísku lýðveldi menntanna.

Terry Eagleton hefur bent á íróniuna sem felst í því að bókmenntagagnrýni er notuð í nafni frelsisbaráttu almennings en er samt í eðli sínu viðbragð sem bælir niður það sem fer út fyrir mörk hins leyfilega.⁴⁵³ John Christian Jørgensen heldur því fram að ritdómar séu frá upphafi bundnir ákveðinni nytsamlegri virkni, og virknin sem hann lýsir endurspeglar þá undirliggjandi togstreitu sem hér hefur verið lýst. Jørgensen segir að ritdómarinn hafi ákveðið verkefni; að segja lesandanum að út sé komin ný bók og hvort hún er þess virði að eyða í hana tíma og peningum. Háleitari markmið geti verið með í spiliinu, en þetta sé ritdómsins *raison d'être*.⁴⁵⁴ Þetta grundvallarverkefni ákvarði svo form ritdóma:

*Fréttatilkynningin ásamt matinu eru kjarni ritdómsins eða grunninnihald hans; þau grundvalla ritdóminn sem grein. Auk þessara grunnefna getur ritdómur innihaldið ýmsa þætti sem dýpka hann eða lengja*⁴⁵⁵

Fyrirnefndi ákvarðandi þátturinn, fréttá- og upplýsingamiðlun, byggir að einhverju leyti á húmanískum hugsjónum endurreisnarinnar um miðlun og frjálst streymi upplýsinga milli lærðra einstaklinga. Fyrstu evrópsku tímaritin voru nokkurs konar framhald og þróun víðtækra bréfastípta og bendir Vilhjálmur Þ. Gíslason á að sendibréf séu „í eðli sínu skyldust því formi, sem seinna kom fram í blaðamennsku“. Björn Jónsson, stofnandi *Ísafoldar*, hafi lýst því þannig árið 1874 að blöðin væru „eins konar opin brjef, ekki frá kanselliinu, heldur frá þjóðinni og til þjóðarinnar, „frá öllum til allra““.⁴⁵⁶ Í anda „lýðveldis menntanna“ eiga blöðin að vera frjáls umræðuvettvangur. Hins vegar er nokkuð ljóst að í blöðunum var „tekinn upp nokkuð nýr frásagnarháttur, sérstakur blaðastíll, þannig að halda skyldi vissu

⁴⁵² „Bréf frá Baldvini Einarssyni til Bjarna amtmanns Thorsteinssonar“, Þorleifur H. Bjarnason bjó til prentunar, *Andvari*, 1914, 83. Tilvitnun sótt í Ingi Sigurðsson: *Hugmyndaheimur Magnúsar Stephensen*, 148.

⁴⁵³ Eagleton tengir þessa frelsisbaráttu mun afmarkaðra sögulegu augnabliki en hér er gert: „Criticism is a reformatory apparatus, scourging deviation and repressing the transgressive; yet this juridical technology is deployed in the name of a certain historical emancipation. The classical public sphere involves a discursive reorganization of social power, redrawing the boundaries between social classes as divisions between those who engage in rational argument, and those who do not.“ Eagleton: *The Function of Criticism*, 12.

⁴⁵⁴ Jørgensen: *Det danske anmelderis historie*, 303.

⁴⁵⁵ „*Nyhedsmeddelelsen* i kombination med *vurderingen* er anmeldelsens kerne eller faste ingredienser; de *konstituerer* anmeldelsen som genre. Foruden disse *konstituent*er kan anmeldelsen indeholde uddybende eller „forlængende“ elementer [...]“ Sama, 46. Jørgensen skiptir efninu sem dýpkar og lengir í „einfalt efni“ eins og tilvísanir og/eða einkenni, t.d. með tilliti til bókmenntategunda, og „flókið efni“ eins og rökstudda greining á verkinu með tilvitnunum, samlíkingar við aðrar bækur, ævisögulegar upplýsingar, samfélagslegt samhengi, almennar hugleiðingar um skáldskap og gagnrýni.

⁴⁵⁶ *Ísafold*, 19. september 1874, 1. Sjá Vilhjálmur Þ. Gíslason: *Blöð og blaðamenn 1773-1944*, 10.

ópersónulegu hlutleysi“⁴⁵⁷, andstætt við bréfaskriftir, og sjá má af bók Inga Sigurðssonar, *Hugmyndaheimur Magnúsar Stephensens*, að Magnús tjáir sig meira um persónulegar skoðanir í sendibréfum en í tímaritunum eða prentuðum ritum, þar sem hann heldur aftur af sér.⁴⁵⁸

Dagblöð og tímarit birta enn í dag sendibréf, sem skýtur stöðum undir yfirlýsingar Marshalls McLuhan, sem telur að inntak nýrra miðla sé alltaf gamla tæknin. En þrátt fyrir þetta og þótt fólk sé ómeðvitað um áhrif nýja miðilsins, breytir öll ný tækni þó umhverfi mannsins, segir McLuhan.⁴⁵⁹ Hann lýsir þróuninni svo að í upphafi hafi maðurinn verið í „náttúrulegu“ umhverfi og taugakerfi hans starfað sem ein heild. Ekkert truflaði samskipti ólíkra skilningarvita, maðurinn skynjaði heiminn með öllum líkamanum. Öll tækni sé svo framlenging á einhverjum eiginleika manna og stafrófið hafi gert sjónina mikilvægari en önnur skilningarvit. Með prentinu hafi sjónnám þekkingar orðið ríkjandi, sem valdi klofningi í vitundar- og skynlífi mannsins og riðli hlutföllum í taugakerfi mannsins. Línuleg og rökleg framsetning prentsins hafi leitt til aukinnar rök- og skynsemishyggju og markað upphaf vélvæðingar, þekking hafi breiðst hraðar út, vísindi eflst, áhersla á móðurmál sem samræmda heild aukið þjóðernishyggju, möguleikinn á einum gjaldmiðli á stóru svæði gert það kleift að skapa afmörkuð markaðssvæði, lestur bóka sem einstaklingsathöfn og nútímaskilningur á hugtakinu höfundur stuðlað að einstaklingshyggju, en ákveðnir leshópar urðu líka til og aukin einsleitni. Nýja umhverfið kallaði McLuhan „Stjórnuþoku Gutenbergs“.⁴⁶⁰ Í riti Trolanders og Tengens um „sociable criticism“ eru færð rök fyrir því að prenttæknin hafi einmitt breytt eðli og áferð gagnrýnnar bókmenntaumræðu, sem hafi þróast frá nánu og persónulegu félagsneti handritatímans yfir í opinberar yfirlýsingar prentmiðlanna.⁴⁶¹ Samræður um gildi verka breytast í dóma um gildi þeirra, en samkvæmt Jørgensen er gildismatið forsenda þess að við teljum að um ritdóm sé að ræða. „Frækorn ritdómsins er *bókafréttin*“, segir Jørgensen. En til að „fræið geti spírað og orðið að ritdómi þurfum við gagnrýnið andartak, *gildismat*“.⁴⁶²

Út frá kenningum McLuhans sem og Trolanders og Tengens mætti álykta að sérstök einkenni prentmiðilsins komi fram í þessum síðari ákvarðandi þætti ritdóma: Að

⁴⁵⁷ Vilhjálmur Þ. Gíslason: *Blöð og blaðamenn 1773-1944*, 45.

⁴⁵⁸ Í bréfi til Finns Magnússonar 1829 komi fram að Magnúsi hafi lítið verið um útgáfu Hins konunglega norræna fornfræðafélags gefið. Ingi Sigurðsson: *Hugmyndaheimur Magnúsar Stephensens*, 135. Í tímaritu getur hann þó útgáfuverka og verkefna félagsins án nokkurra fyrirvara.

⁴⁵⁹ Þröstur Helgason: „McLuhan er merkingin“, *Miðill - Áhrif - Merking*, ritstj. Þröstur Helgason, Reykjavík, ReykjavíkurAkademían, 2005, 19.

⁴⁶⁰ Sama, 14-16.

⁴⁶¹ Trolander og Tenger: *Sociable Criticism in England, 1625-1725*.

⁴⁶² „Anmeldelsens kim er *bognyheldsmeddelelsen* [...] For at kimet kan udvikle sig til den form, vi her kalder en *anmeldelse*, kræves et moment af kritik, en *vurdering*.“ Jørgensen: *Det danske anmelderis historie*, 287.

ópersónulegur, „hlutlaus“ tónn prentaðra orða geri gagnrýni að *dómi*. Þótt tímarit reyni að endurskapa samskipti bréfaformsins er blær prentmiðla formlegri, varanlegri og yfirvaldslegri. Þetta vekur ótta við valdníðslu þeirra er greiðan aðgang hafa að miðlum. „Satt er best, og sé það í nokkru, þá í því, sem koma skal á prenti fyrir sjónir almennings“, segir Jón Jónsson frá Neðraási í aðsendri grein í 2. árgangi *Minnisverðra tíðinda*.⁴⁶³ Íslenskir lesendur gerðu sér grein fyrir því, engu síður en íslenskir blaðamenn, að nýir miðlar kalla á nýjar leikreglur. Eins og Eagleton bendir á, er um að ræða orðræðulega endurskipulagningu samfélagsvalds þar sem dregnar eru nýjar markalínur milli samfélagsstétta, aðgreiningu þeirra sem taka þátt í rökræðum og annarra.⁴⁶⁴ Þetta má marka af andstöðu íslensku yfirstéttarinnar: „Sumum höfðingjum heima á Íslandi, t.d. Hannesi biskupi [...] gazt [...] ekki að því, að ungir Hafnarstúdentar ættu að meta verk þeirra eldri [í *Gömlu félagsritunum*]“, bendir Vilhjálmur Þ. Gíslason á.⁴⁶⁵ Flestir virðast því sammála um nauðsyn þess að setja orðræðunni reglur, hemja hana, svo hún verði ekki misnotuð.

Íslenskir bókagagnrýnendur stigu varlega til jarðar í fyrstu, eins og fram hefur komið. Að sama skapi var lítið um neikvæða gagnrýni í dönskum blöðum á 18. öld, enda viðhöfðu stjórnvöld mikla ritskoðun og gagnrýnin umfjöllun af öllu tagi gat verið hættuleg. Enn var dómaravaldið sem gagnrýnandinn tók sér talið „óviðeigandi inngríp í einkafrelsið og færði óþolandi harðstjórn inn í lýðveldi menntanna“.⁴⁶⁶ Á 18. öldinni, segir Jørgensen, var bókaútgáfa einkamál og lítið var á gagnrýni á útgefnaðar bækur sem ærumeiðandi árás á persónu höfundarins.⁴⁶⁷ Enn eimir eftir af þessu viðhorfi. Sem dæmi má nefna að árið 2003 vitnar Jakob F. Ásgeirsson í eftirfarandi ljóðlínur er hann mótmælir meðferð sjónvarpsgagnrýnenda á margra ára starfi rithöfunda: „Og aldrei varst þú seinn til svifa, / ef særa þurfti góðan dreng“.⁴⁶⁸ Rithöfundar, líkt og gagnrýnendur, starfa á mörkum hins persónulega og hins opinbera, í raun er gjarnan lítið svo á að þeir starfi beinlínis við það að gera hið persónulega opinbert og oftast en ekki sitt eigið líf. Af því leiðir að gagnrýni á verk þeirra er oft talin jafngilda árás á þá sjálfa og í átökum gagnrýnenda og rithöfunda virðast mörk hins persónulega og hins opinbera stundum hverfa algjörlega. Sandra Berg Cepero lýsir því svo árið 2002 að það geti „verið flókið fyrir bæði gagnrýnanda og listamann að mætast

⁴⁶³ Jón Jónsson, [Aðsend grein], *Minnisverð tíðindi*, 1, 1799, 152.

⁴⁶⁴ Eagleton: *The Function of Criticism*, 12.

⁴⁶⁵ Vilhjálmur Þ. Gíslason: *Blöð og blaðamenn 1773-1944*, 30.

⁴⁶⁶ „[...] den Dommermyndighed, Kritikeren tiltog sig, gjorde et utilbørligt Indgreb i den Privates Frihed og indførte et utaaeligt Tyranni i den lærde Republik“. Peter Matthias Stolpe: *Dagspressen i Danmark. Dens Vilkaar og Personer indtil midten af det attende Aarhundrede IV*, Kaupmannahöfn, Samfundet til den danske literatur fremme, 1881, 117. Tilvitnun sótt í Jørgensen: *Det danske anmelderis historie*, 21.

⁴⁶⁷ Jørgensen: *Det danske anmelderis historie*, 21.

⁴⁶⁸ Jakob F. Ásgeirsson: „Af ritdómurum og kaldastríðsstimpli“, *Viðskiptablaðið*, 30. desember 2003, 15.

óforvarindis í ávaxtadeild Hagkaupa sama dag og illvígur dómur eftir þann fyrrnefnda hefur birst í Morgunblaðinu um nýjasta verk þess síðarnefnda⁴⁶⁹. Orð ýmissa gagnrýnenda styðja þetta. Halldór Björn Runólfsson, listfræðingur og fyrrverandi myndlistargagnrýnandi á Morgunblaðinu, segir að drukknir listamenn hafi vakið sig upp á nóttunni til að spyrja „hvað væri að [s]ér“, og Silja Aðalsteinsdóttir, fyrrverandi menningarritstjóri DV, rifjar upp að það hafi verið hellt yfir hana á skemmtistöðum. Kolbrún Bergþórsdóttir segir að hún hafi verið kölluð „skítakaracter“ og sumir höfundar hafi ekki viljað tala við hana eftir að hún birti ritdóm um verk þeirra.⁴⁷⁰ Páll Baldvin Baldvinsson segist einnig hafa sem leiklistargagnrýnandi fundið fyrir „kulda, óttablandinni virðingu eða fyrirlitningu“ og hafa reynslu af því að hafa verið „laminn í einkasamkvæmum“ og að hent væri í hann glösum á börum og í boðum.⁴⁷¹

Að sama skapi geta ritdómar litast af persónulegri andúð ritdómarans á höfundinum og/eða verkum hans. Þessi persónulega hlið bókagagnrýninnar grefur undan ópersónulegum blæ prentaðrar bókaumfjöllunar og færir hana yfir á svæði úrkastsins sem ekki virðir hefðbundin mörk. Óvæginn gagnrýni á bækur getur því valdið óróa. Meira að segja Ludvig Holberg, sem fékkst við að kanna hið „viðtekna“ á gagnrýninn hátt, segir Jørgensen, vildi um miðja 18. öld stíga á bremsuna og taldi að umfjallanir ættu að vera einfaldar tilkynningar, sem væru nytsamlegar fróðleiksfúsum lesendum: „Ég óska ekki eftir öðru en að herra *blaðamenn* haldi sig innan sinna landamæra og reyni ekki að *gagnrýna* öll rit, enda er það ofar hæfileikum þeirra og getu.“⁴⁷² Holberg er ekki á móti gagnrýni, ályktar Jørgensen, heldur á móti því sem hann telur vera misnotkun gagnrýni.⁴⁷³ Starfsaðstæður dagblaðanna geri málefnalega gagnrýni ómögulega, enda taki Holberg fram að gagnrýnendur í dagblöðum séu oft ungir, hálf lærðir menn sem eru háðir hagsmunum útgefendanna eða eigin ástríðum. En jafnvel þótt þeir væru hæfir hefðu þeir ekki tíma til að rannsaka nægilega tíundahluta þeirra bóka sem þeir dæma. Í öðrum pistli hæðist Holberg að nútíma „gervi-alfraðingi“ sem með hjálp lærðra tímarita og útdráttá hefur öðlast færni í að fjalla um allskyns fræði sem hann skilur ekki og gagnrýna bækur sem hann hefur ekki lesið.⁴⁷⁴ Minnir þessi ádeila á dæmisögu

⁴⁶⁹ Sandra Berg Cepero: „Gagnrýni í hnotskurn“, *Mannlíf*, 10, 2002, 102.

⁴⁷⁰ Sama, 102-103.

⁴⁷¹ Jakob Bjarnar Grétarsson: „Fjandvínir í leikhúsunum“, *Helgarpósturinn*, 9. janúar 1995, 21-22.

⁴⁷² „Jeg ønsker ikkun, at de Herrer *Journalister* vilde holde sig inden deres Grænser, og ikke foretage sig at *criticere* alle Skrifter, hvilket overgaaer deres Ævne og Kræfter.“ Ludvig Holberg: „Epistola CDXIII“, *Epistler IV*, rittstj. F.J. Billeskov Jansen, Kaupmannahöfn, H. Hagerup, 1947, 296. Tilvitnun sótt í Jørgensen: *Det danske anmelderis historie*, 22.

⁴⁷³ Jørgensen: *Det danske anmelderis historie*, 22.

⁴⁷⁴ Ludvig Holberg: „Epistola CCCII“, *Epistler IV*, rittstj. F.J. Billeskov Jansen, Kaupmannahöfn, H. Hagerup, 1947, 10-11. Sótt í Jørgensen: *Det danske anmelderis historie*, 22.

Samuels Johnsons um Dick Minim (sjá bls. 72). Holberg hafði reyndar nokkuð til síns máls; í upphafi var dönsk umfjöllun um bækur oft byggð á endursögnum úr þýskum blöðum og blaðamaðurinn hafði oft aldrei séð bókina sjálfa. Þó er nokkuð írónið, segir Jørgensen, að Holberg dæmdi sjálfur oft verk sem hann hafði aðeins kynnst í gegnum blaðaumfjallanir.⁴⁷⁵

Holberg vísar m.a. í *Les Caractères ou les mœurs de ce siècle* eftir Jean de La Bruyère frá 1688 um að skylda blaðamannsins sé að upplýsa að bók sé komin út, hjá hverjum, í hvernig bandi, hvað hún kosti og hvar hún fáist. „Það er galli ef hann skiptir sér af öðru og reynir að *gagnrýna* bókina.“⁴⁷⁶ Holberg hikar við að fullyrða að þetta eigi við um nútímabókaumfjöllun en „hann er skekinn vegna tilhneigingarinnar sem hann hefur séð til að reisa „dómstóla“ út um „allar byggðir og bæi“ og að „fólk um hvippinn og hvappinn“ taki að sér að „ritskoða“ öll rit sem komi út“.⁴⁷⁷

Enn kemur fram að ekki er talið mögulegt né æskilegt að almenningur geti sjálfur fellt dóma nema í útóþískri framtíð sem sífellt er skotið á frest. Orðræða um góðar bókmenntir og góðan smekk verður pólitískt afl sem aðgreinir hina smekkvísu frá lýðnum og það sem er í húfi, samkvæmt Eagleton, er samþjöppun nýs, ríkjandi menningarhóps.⁴⁷⁸ Þversögnin verður sú að það sem sagt er styður hefðarveldi byggt á mismunun og stéttaskiptingu en talathöfnin sjálf, athöfnin að tjá sig opinberlega, afhjúpar „alþjóðlegt kerfi röklegra samræðna“⁴⁷⁹ sem ógnar hinu stéttbundna kerfi sem talað er um. Samkvæmt Eagleton kemur það í hlut gagnrýnandans að vinna gegn þessari ógn með því að setja talathöfninni mörk sem tryggja ákveðna (ábyrga) tegund (mál)fræslis:

Hinn sanni frjálsi markaður er markaður menningarlegrar orðræðu, vitanlega innan ákveðinna normatífra marka; hlutverk gagnrýnandans er að stýra þessu normi, og hafna bæði alræði og anarkíu.⁴⁸⁰

⁴⁷⁵ Jørgensen: *Det danske anmelderis historie*, 22.

⁴⁷⁶ „Det er en Daarlighed, hvis han bemænger sig med andet, og foretager sig at *criticere* Bogen.“ Holberg: „Epistola CDXIII“, 298. Tilvitnun sótt í Jørgensen: *Det danske anmelderis historie*, 23.

⁴⁷⁷ „Men han er rystet over den tendens, han ser til, at „Dom-Stole“ oprettes „udi alle Stæder og Landsbyer“, og „Folk udi Fleng“ påtager sig at „censurere“ alle udkomne skrifter.“ Holberg: „Epistola CDXIII“, 297. Tilvitnun sótt í Jørgensen: *Det danske anmelderis historie*, 23.

⁴⁷⁸ Eagleton: *The Function of Criticism*, 14.

⁴⁷⁹ „What is spoken or written, within this rational space, pays due deference to the niceties of class and rank; but the speech act itself, the *énonciation* as opposed to the *énoncé*, figures in its very form an equality, autonomy and reciprocity at odds with its class-bound content. The very act of utterance discloses a quasi-transcendental community of subjects, a universal model of rational exchange, which threatens to contradict the hierarchies and exclusions of which it speaks.“ Sama, 14-15.

⁴⁸⁰ „The truly free market is that of cultural discourse itself, within, of course, certain normative regulations; the role of the critic is to administer those norms, in a double refusal of absolutism and anarchy.“ Sama, 15.

Starf gagnrýnandans verður því línudans milli þess að koma reglu á óreiðuna og að veita stýrandi öflum gagnrýnið viðnám. Undir vökulu auga hans veltur lögmæti þess sem sagt er á hinu nýja almenningssvæði hvorki á skilaboðunum eða samfélagstitli þess sem talar heldur á því hvort staðhæfingin samræmist ímynd röklegar talathafnar, eins og Eagleton orðar það.⁴⁸¹ Þekking á reglum orðræðusamfélagsins og færni í að fylgja þeim eftir eru skilyrði fyrir því að eiga þar rödd og komast í áhrifastöðu. Í anda lýðræðis menntanna hafa allir *möguleika* á að tileinka sér þessa færni. Til að alþýðan geti sjálf farið að dæma út frá „almennum viðmiðum“ þarf hins vegar einhver að skilgreina viðmiðin. Hlutverk gagnrýnandans er að orða reglurnar sem stýra menningarorðræðunni og sjá til þess að fólk fylgi þeim, þótt í þeim efnum þurfi þeir vissulega að byggja á hugmynd um „almennt samþykki“, eins og nánar verður komið að síðar (sjá bls. 113 og 152). Hér eru því miklir hagsmunir í húfi og sífelld togstreita um hvað skuli teljast „lögmæt“ afstaða til menningar og listaverka, eins og Bourdieu bendir á.⁴⁸²

Allar gagnrýnar yfirlýsingar fela annars vegar í sér í sér viðurkenningu á gildi verksins sem fjallað er um, sem er þar með tilnefnt sem verðugt viðfangsefni lögmætrar orðræðu [...] og hins vegar viðurkenningu eigin lögmætis. Hver gagnrýnandi kveður ekki aðeins upp sinn eigin dóm yfir verkinu heldur lýsir einnig yfir rétti sínum til að fjalla um það og dæma það. Í stuttu máli tekur hann þátt í togstreitunni um einokunina á lögmætri orðræðu um listaverkið, og þar af leiðandi tekur hann þátt í framleiðslu á gildi listaverksins.⁴⁸³

Bókmenntaumuræðan í fyrstu íslensku tímaritunum á 18. öld, og umræðan um þessa miðla, eins og henni hefur verið lýst hér að framan, ber merki slíkrar togstreitu á forsendum upplýsingarinnar. En íslenskir ritdómar taka ekki á sig fasta mynd fyrr en á 19. öld, á tímum rómantikur og þjóðernishyggju, þótt formið eigi rætur í upplýsingatímanum, og fyrstu ritdómarnir sem lýsa afdráttarlaust yfir rétti sínum til að fella dóma um gildi bóka gerðu það í krafti þess að þeir væru, með tilstilli *smekksins*, verjendur fegurðarinnar og frelsisins.

Fagurfræðilegir dómar

Í þeirri íslensku bókaumfjöllun sem þegar hefur verið fjallað um er fagurfræði ekki til umræðu og ef mat er lagt á gæði bóka er það yfirleitt á öðrum forsendum, til dæmis með tilliti til nytsemi þeirra. Matthías Viðar Sæmundsson telur þó að í *Félagsritunum*, sem áttu að „efla

⁴⁸¹ Sama, 15.

⁴⁸² Pierre Bourdieu: „Aðgreining. Félagleg gagnrýni smekkvissinnar“, þýð. Gunnar Harðarson, *Almenningsálitid er ekki til*, ritstj. Davíð Kristinnsson, Atvik 11, Reykjavík, Omdúrman og ReykjavíkurAkademían, 2007, 35.

⁴⁸³ „Every critical affirmation contains, on the one hand, a recognition of the value of the work which occasions it, which is thus designated as worthy object of legitimate discourse [...] and on the other hand a affirmation of its own legitimacy. Every critic declares not only his judgement of the work but also his claim to the right to talk about it and judge it. In short, he takes part in a struggle for the monopoly of legitimate discourse about the work of art, and consequently in the production of the value of the work of art.“ Bourdieu: „The Field of Cultural Production“, 317.

andlega menningu landsmanna, til dæmis með málvernd og málvöndun“, hafi verið „rekinn skipulegur áróður fyrir nýrri fagurfræði, bæði með ritgerðum og þýðingum“,⁴⁸⁴ enda hafi yfirlýstur tilgangur þeirra m.a. verið að „leggja drög til at sem fljótast útbreiðist hinn hreini skáldskapar smekkr á Íslandi“. ⁴⁸⁵ Undir lok 18. aldar er smekkur að verða höfuðatriði í íslenskri bókmenntaumfjöllun, en samkvæmt John Chr. Jørgensen varð „smagen“, hugtak sem lýsa átti „hæfileikanum til að þekkja hið fallega“, lykilhugtak í fagurfræðiumræðum í Danmörku upp úr 1750.⁴⁸⁶ Dansk fræðimaðurinn Flemming Conrad segir hugtakið jafnframt hafa gegnt lykilhlutverki í þeirri þróun bókmenntasögunnar á 18. öld að færast frá því að vera skráning ýmissa mennta í víðri merkingu yfir í að vera saga „góðra“ bókmennta.⁴⁸⁷

Í byrjun 18. aldar komu fram nýjar skilgreiningar á skáldskap. Í *Eptirmæli Átjándu Aldar* fjallar Magnús Stephensen um „snotur vísindi“ og Ingi Sigurðsson bendir á að það sé þýðing á danska hugtakinu „de skønne Videnskaber“ þótt Magnús noti það á sama hátt og nú er talað um fagurbókmenntir.⁴⁸⁸ Conrad segir að hugtakið „Schöne Wissenschaften“ hafi náð fótfestu í Þýskalandi eftir 1720 og leyst af hugtakið „artes liberales“ og „litterae“. Um miðja 18. öld hafi hugtakið „fögur vísindi“ verið yfirhugtak fyrir skáldskap, skáldskaparfræði, mælsku og mælskufræði. En í Þýskalandi og Danmörku hafi orðið „æstetik“ eða „fagurfræði“ leyst það af hólmi undir lok aldarinnar og vísað sérstaklega til skáldskapar og annarra listgreina. Conrad segir þá þróun merki þess að skáldskapur hafi í æ meira mæli fest sig í sessi sem sérstakt og sjálfstætt svið sem aðgreindi sig frá mælskulistinni með því að leggja áherslu á upplifun lesandans en ekki á textann sem endanlega afurð sköpunarferlis.⁴⁸⁹ Á Íslandi voru þó enn ekki mörg merki um sjálfstæði skáldskaparsviðsins. Eins og fram kom hér að framan (sjá bls. 97 og 100) var í 6. árgangi *Skírnis* stigið skref í þá átt að fjalla sérstaklega um ritverk í „hinum fögru mentum“, sem voru „skáldskaparverk“ og rit tengd skáldverkum, en í næsta tölublaði var stigið til baka og ekkert minnst á fagrar menntir.

Ingi Sigurðsson bendir á að „langt fram eftir upplýsingaröld voru íslenzkar fagurbókmenntir að miklu leyti í gömlu fari. Sálmar og rímur voru sem fyrr helztu bókmenntagreinar, þótt veraldlegur kveðskapur gerðist nú fjölbreyttari.“ Skáldsagna- og leikritagerð hafi verið skammt á veg komin og „Íslendingar lítt sett fram kenningar um bókmenntir“. Ingi nefnir þó dæmi um fagurfræðilegar kröfur sem gerðar voru til skáldskapar á

⁴⁸⁴ Matthías Viðar Sæmundsson: „Upplýsingaröld 1750-1840“, 87.

⁴⁸⁵ „Formáli“, *Rit þess (konunglega) íslenska Lærdómslistafélags*, 1788, xviii.

⁴⁸⁶ „[...] evnen til at erkende det skønne [...]“ Jørgensen: *Det danske anmelderis historie*, 36.

⁴⁸⁷ Flemming Conrad: *Smagen og det nationale. Studier i dansk litteraturhistorieskrivning 1800-1861*, Kaupmannahöfn, Museum Tusulanums Forlag, 1996, 29.

⁴⁸⁸ Ingi Sigurðsson: *Hugmyndaheimur Magnúsar Stephensens*, 130.

⁴⁸⁹ Conrad: *Smagen og det nationale*, 30.

þessum tíma. Eggert Ólafsson telji að skáld þurfi „þessar höfuðgáfur til að bera: *hagmælsku*, *andríki* og *smekk*“ og í formála Benedikts Jónssonar Gröndals að þýðingu á „Musteri mannorðsins“ eftir Alexander Pope, sem og í umsögn um þýðinguna, sé áhersla lögð á einfalda og glögga framsetningu í ljóði.⁴⁹⁰ Fyrri hluti þýðingar Benedikts birtist í *Félagsritunum* árið 1798 og í kynningu á efni blaðsins er henni talið það til hróss að hún sé „auðskilin“ og „nettorð“.⁴⁹¹ Í formála að þýðingunni segir Benedikt sjálfur:

[...] þá hefi eg fyrst valit mér þann hátt [fornyrðislag], er minnst þvingadi mig til at brúka vand-skilin ord, og adra kraplausa hor-tittu (svo kalla eg þær slaufur sem þúngir bragarhættir neyda menn til at skjóta inn í adal-efnit, einúngis til uppfyllingar, hvert sem þær heyra þar nokkut til edr eigi), og máské þess væri óskandi, að þessi háttur, og adrir sem honum eru líkir, væri af ádræðum orsökum, meira tídkadir í íslenskum qvedskap, enn raunar skédr. Eg hefi kappkostat eptir skylldu minni, at vera í þessari útleggingu svo ljós og audskilinn sem eg kunni best, og at hitta medalveginn millum afgangals ordaprjáls, og allt-of-lítilfjörligra alþýdu talshátta, er hvergi skarta vel, einna síst, þá qvedit er undir fornum lögum.⁴⁹²

Páll Valsson segir að á kvæðum Benedikts megi merkja að hann „var klassísisti að upplagi og fagaði kvæði sín, en gerði sér jafnframt far um að gera þau ljós og auðskilin að hætti upplýsingarmanna, sem er greinilegt fráhrarf frá þeirri fyrningu í máli og stíl sem annars var alls ráðandi á hans dögum. Stíll hans þræðir eins konar milliveg fyrnsku og einfaldleika“.⁴⁹³ Áhersluna á „að skrifa *ljóst*, nota *rétt mál* og að skrifa á *viðeigandi hátt*“ er reyndar hægt að rekja alla leið til Aristótelesar⁴⁹⁴ en kenningar hans enduróma til dæmis í ritum Hórasar og síðar Popes, sem hefur greinilega verið áhrifavaldur í íslenskum bókmenntaheimi í kringum aldamótin 1800 (sjá einnig bls. 53 og 70).

Í 3. árgangi *Klausturpóstsins* árið 1820 fjallar Magnús Stephensen um erfiljóð, sem oft var beðið um að birtust í blaðinu, og segir að ákveðnar kröfur til skáldskapar eigi jafnt við erfiljóð og önnur. Góð skáldmæli einkennist af „kjarnamiklum, snotrum og samantegðum þaunkum, opt sem fóstrum vídförullar, stundum flughárrar og djúpsærrar hugmindunar hofundsins, efninu ætíð sambodnu“.⁴⁹⁵ Þetta rímar nokkuð vel við áherslu Addisons á hugmyndaflugið í hugleiðingunum um *Paradísarmissi* Miltons (sjá bls. 82) og líkt og Addison sækir Magnús einnig óspart í klassísku reglurnar, eins og þegar hann segir að orðfærið megi hvorki vera „daglegt mælgj hjal“, of einfalt, né heldur of myrkt:

⁴⁹⁰ Ingi Sigurðsson: *Hugmyndaheimur Magnúsar Stephensens*, 131 og 133.

⁴⁹¹ „Formáli“, *Rit þess (konunglega) íslenska Lærdómslistafélags*, 1789, xiv.

⁴⁹² Benedikt Gröndal: „Musteri mannorðsins. Formáli þýðandans“, *Rit þess (konunglega) íslenska Lærdómslistafélags*, 1789, 286-287.

⁴⁹³ Páll Valsson: „Íslensk endurreisn“, 236.

⁴⁹⁴ Árni Sigurjónsson: *Bókmenntakenningar fyrri alda*, 56. Sjá Aristoteles: *The "Art" of Rhetoric*, 350.

⁴⁹⁵ Magnús Stephensen: „Um Sníll í Grafminningum og Skáldmælum, og um ýmsar Auglýsingar í og með Klaustur-pósti“, *Klausturpósturinn*, 4, 1820, 65.

[...] heldur svo að skáldleg, nett, ímyndunar- og innfalla-rík seu, svo þau optar lesin gjedgist vitrum vel, og að þeir finni þá jafna og nýja snilld við þau, engu óþörfu ofaukið, eckert ofstutt átæpt, óglöggt edur óáreidanlegt um merkisefni, því ella ber þeim ecki skáldskapar nafn, heldur daufs sundurlauss hjals í samstæðum.⁴⁹⁶

Magnús byggir því á klassískum, evrópskum grunni er hann leggur sitt af mörkum til grundvallar íslensku sviði „fagurra mennta“; bókmenntasviðinu. Hann gerir lesendur að félögum í þessu nýja sviði og vill ekki „styggja“ þá, eins og hann orðar það sjálfur, með því að „óprýða Bladid með þeim [ljóðum], er vitna mega um daufann smeck á snotrum vísindum“.⁴⁹⁷ Því þetta svið byggir á kerfi mismunar og mismununar á grundvelli smekks. Matthías Viðar Sæmundsson hefur í öðru samhengi fjallað um „óformlegt sálufélag“ skálda og rithöfunda⁴⁹⁸ „sem hefur ótrúlega mikil áhrif til útilokunar þótt ekki sé það einstökum meðlimum meðvitað“. Útilokunarvaldið „kemur ekki fram í harkalegri ritskoðun“, heldur „óbeinni ritskoðun sem leggur flauelsviðjar á menn“, þ.e. „útbreiðslu ákveðinna sjónarmiða og vinnubragða. Á hverjum tíma er óþægilegum textum ýtt til hliðar með velvild og lagni eða kaldri þögn“.⁴⁹⁹ Hins vegar er þetta „óformlega sálufélag“ skálda og rithöfunda aðeins hluti af virkni bókmenntasviðsins, mun fleiri aðilar koma að úrvalinu sem þar fer fram. Matthías Viðar fjallar ekki um hlutverk gagnrýnenda en ljóst má vera að þeir gegna nokkurs konar varðstöðu í þessu samhengi, ritskoða bæði beint og óbeint en ekki þó síður með hörku en „velvild og lagni eða kaldri þögn“. Matthías Viðar tekur fram að til að komast í hóp viðurkenndra skálda og rithöfunda þurfi höfundur að „samsama sig ákveðnum reglum“.⁵⁰⁰ Það kemur í hlut gagnrýnandans að *orða* kröfurnar sem gerðar eru, skilgreina þær, um leið og hann velur úr þá sem lúta reglunum og hleypir þeim inn fyrir, líkt og Magnús Stephensen gerir í orðsendingunni um erfiljóð. Gagnrýnendur verða þannig fulltrúar regluverks sviðsins, sem óformlega sálufélagið bregst gegn að einhverju leyti um leið og það tekur auðvitað einnig þátt í að móta „útbreiðslu ákveðinna sjónarmiða og vinnubragða“. Hér er því um að ræða samningaviðræður og jafnvel samvinnu milli hópa er takast á um menningarlegt forræði yfir fjöldanum. Samkvæmt kenningum Gramscis koma ríkjandi hópar hins vegar á menningarlegu forræði og viðhalda því með málamiðlunum við þá lægra settu hópa sem forræðið á að

⁴⁹⁶ Magnús Stephensen: „Um Snilld í Grafminningum og Skáldmælum“, 65.

⁴⁹⁷ Sama, 64.

⁴⁹⁸ „Með hugtakinu er ekki átt við félagslegt bandalag heldur sameiginlegan anda eða hugarfar. Félagið nær til afmarkaðs hóps sem nýtur aðstöðu, öryggis og athygli umfram aðra, hóps sem er „inni“ í tíðarandanum og bókmenntaumræðunni. Þetta félag er reist á sjálfsupphafningu sem er vernduð, varin og varðveitt með ýmsu móti. Þannig er reynt að efla fyrrgreinda trú á leyndarmál og sannleika: Að rithöfundurinn búi yfir dulinni þekkingu eða reynslu sem geri hann frábrugðinn öðrum mönnum.“ Matthías Viðar Sæmundsson: „Markaður, ríki, bókmenntir“, *Myndir á sandi. Greinar um bókmenntir og menningarástand*, Reykjavík, Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 1991, 29.

⁴⁹⁹ Sama, 29.

⁵⁰⁰ Sama, 29.

stýra⁵⁰¹ og þá áherslu má m.a. merkja í fyrrnefndum tilraunum Magnúsar Stephensen til að koma til móts við alþýðuna (sjá bls. 103).

Magnús tekur þannig að sér að orða reglur bókmenntasviðs í mótun er hann velur úr þeim erfiljóðum sem honum berast. Og eins og þeir ritdómarar sem síðar lýstu afráttarlaust yfir rétti sínum til að fella dóma um gildi bóka gerir hann það í krafti þroskaðs fegurðarsmekks.

[...] en eg finn færri enn fleiri af þeim, er bjóða fyrrgreindar Grafminningar og ýmisleg ljódmæli hafa vel dýrkadann smeck til ad bera, þar sem hverjum finnst fullnóg, hángi þetta í einhverju hljódstafa, eða samstæða formi, þó annars dauft, efnis- og andagiftar-lítid se, og mest falid í marklitlum æfipulum, sem máskje nánustu ættmenn, en fáir adrir hirda um ad lesa.⁵⁰²

„Vel dýrkaður smekkur“ er hér forsenda þess að semja og þekkja góðan skáldskap og skilur milli feigs og ófeigs í bókmenntaheiminum. Flemming Conrad segir að frá 1800 til 1830 hafi fagurfræði smekksins tekið völdin í Danmörku⁵⁰³ og íslensku fjölmiðlarnir bera þess merki. Árið 1836, sextán árum eftir að Magnús Stephensen tilkynnir um kröfur sínar til erfiljóða, birta Skírnismenn svipaða tilkynningu um að hér eftir muni nefnd ákveða hvort erfiljóð séu hæf til prentunar í *Skírni* þar sem það sé „mikils umvarðandi, að kvæði þessi og ljódmæli séu fögur og lipur og vel gjörð“ en félagið hafi undanfarin ár fengið send mörg ljóð sem „verið hafa of einfaldlig, smekklítill og miðr vönduð, sem engin þryði hefir verið að fyrir Skírnir“.⁵⁰⁴ Mikilvægi þess að velja úr er hér áréttað en Conrad telur að hugmyndin um „góðan smekk“ hafi ekki einungis verið viðmið til að meta bókmenntalegra frammistöðu heldur einnig gert það kleift að rekja bókmenntasöguna sem sögu framfara og heillavænlegrar þróunar í átt til samtíðar söguritarans, sem hafi náð fagurfræðilegri fullkomnun. Hefðbundnar frásagnir sem taka mið af ævisögu og höfundarverki hafi fallið illa að þessari söguaðferð og bókmenntasöguritarinn Christian Molbech gagnrýni til dæmis kollega sína Rasmus Nyerup og Knud Lyne Rahbek fyrir að lofa lesendum sögu ljóðlistar en framleiða sögu af skáldum.⁵⁰⁵ Báðar aðferðir, sú ævisögulega og sú er fókuserar á fagurfræðilegar framfarir, ganga þó út frá sömu grundvallarforsendum; því að velja þurfi á fagurfræðilegum forsendum ákveðin verk eða ákveðna höfunda sem skari fram úr, og mynda þannig kanón til grundvallar bókmenntasögunni. Annars óttast menn að bókmenntasagan verði merkingarlaus,

⁵⁰¹ Antonio Gramsci: *Selections from the Prison Notebooks of Antonio Gramsci*, þýð. og ritstj. Quintin Hoare og Geoffrey Nowell Smith, New York, International Publishers, 1971, 161.

⁵⁰² Magnús Stephensen: „Um Sníld í Grafminningum og Skáldmælum“, 64.

⁵⁰³ Conrad: *Smagen og det nationale*, 324.

⁵⁰⁴ [Auglýsing], *Skírnir*, 1836, 107.

⁵⁰⁵ Conrad: *Smagen og det nationale*, 324-325.

óreiðukennu upptalning og lýsing á bókum, í stað þess að vera heildstæð frásögn af eða kerfisbundin rannsókn á skýrt afmörkuðu textasvæði. Slíkri óreiðu hafa fræðimenn allt frá Molbech til 20. aldar bókmenntafræðingsins Renés Welleks hafnað með hryllingi. „Heimurinn er ef til vill myrkur og leyndardómsfullur, en hann er væntanlega ekki algjörlega óskiljanlegur“, segir Wellek.⁵⁰⁶ Flestir þeir sem haldið hafa uppi vörnum fyrir störf bókmenntagagnrýndans telja starf hans mikilvægan þátt í því að viðhalda reglu í heiminum, með því að velja úr það sem skiptir máli og hafna öðru:

Margar tilraunir hafa verið gerðar til að komast undan [...] hinu nauðsynlega vali, sem og því að dæma, en þær hafa aldrei tekist og eru, að mínu mati, dæmdar til að mistakast, nema við viljum smætta bókmenntarannsóknir niður í einfalda upptalningu bóka, í annála eða aldarfarslýsingar. Ekkert getur aflétt nauðsyninni á gagnrýnum dómi, nauðsyninni á fagurfræðilegum viðmiðum, rétt eins og ekkert getur aflétt nauðsyninni á siðferðislegum eða röklegum viðmiðum.⁵⁰⁷

Ef smekkur er hæfileikinn til að þekkja hið fagra er hann rétta tækið til að leggja mat á fagurbókmenntir, til að velja og hafna og efla kerfi byggt á mismun og mismunun. Að sama skapi getur hæfileiki höfundar til að fella sköpun sína að ríkjandi viðmiðum, ríkjandi hugmyndum um „góðan smekk“, tryggt þeim virðingarsess á bókmenntasviðinu en öðrum hættir til að hverfa sjónum. Matthías Viðar Sæmundsson orðar það þannig að staða höfundar „í og gagnvart tískunni hverju sinni“ skipti höfuðmáli. Jafnvel róttækustu höfundar dragist „smám saman inn að miðju sálufélagsins“ en þessi miðja felist „öðru fremur í „réttum smekk““ sem ákvarðast af „óljósum mælikvarða sálufélagsins. [...] Sá sem þrjóskast við hættir einhvern veginn að vera til; hann þurrkast út úr bókmenntaumræðunni.“⁵⁰⁸

Í grein Davids Hume, „Um mælikvarðann á smekk“, sem kom fyrst út árið 1757, kemur berlega fram að náttúrulegur jöfnuður smekks, sá möguleiki að mat Jóns og séra Jóns sé jafn mikils virði, er ekki fýsilegur í raun, aðeins sem „grundvallarregla“:

Hver sá sem mundi staðhæfa að Ogilby og Milton eða Bunyan og Addison væru jafnir að snilli og glæsibrag yrði talinn verja engu minni ýkjur en hefði hann haldið því fram að moldvörpuhaugur væri jafn hár og Tenerife eða tjörn jafn víðáttumikil og úthafið. Enda þótt til kunnir að vera einstaklingar sem taka hina fyrrnefndu höfunda fram yfir, þá tekur enginn mark á slíkum smekk; og við lýsum því hiklaust yfir að viðhorf þessara gagnrýnenda sem svo eigi að

⁵⁰⁶ „The world may be dark and mysterious, but it is surely not completely unintelligible.“ Renè Wellek: „Literary theory, criticism, and history“, *20th Century Literary Criticism*, ritstj. David Lodge, London, Longman, 1972, 559.

⁵⁰⁷ „Many attempts have been made to [...] avoid the necessity not only of selection but of judgment, but all have failed and must, I think, fail, unless we want to reduce literary study to a mere listing of books, to annals or a chronicle. There is nothing which can obviate the necessity of critical judgment, the need of aesthetical standards, just as there is nothing which can obviate the need of ethical or logical standards.“ Sama, 559.

⁵⁰⁸ Matthías Viðar Sæmundsson: „Markaður, ríki, bókmenntir“, 29-30.

heita sé fráleitt og hlægilegt. Reglan um náttúrlegan jöfnuð smekks er þá gleymd með öllu [...].⁵⁰⁹

Þótt markmið fyrstu íslensku tímaritanna hafi m.a. verið að bæta smekk fólks⁵¹⁰ er jafnræði að sama skapi alltaf utan seilingar. Áhyggjur Magnúsar Stephensens og Skírnismanna af gæðum erfiljóða fela í sér þá forsendu að smekkur almennings sé verri en hinna fáu útvöldu; menntaðrar yfirstéttar. Magnús vill til dæmis að dómstóll „upplýstra og góðra“ manna dæmi hans eigin verk en segir aðra óhæfa og ómerka sem „dómendur lærdómsverka“.⁵¹¹ Jafnvel marxistinn Antonio Gramsci telur á 20. öld að berjast þurfi „gegn hinum melódramatíska smekk ítalskra alþýðumanna sem kemur fram í mati þeirra á bókmenntum og sér í lagi á skáldskap“. Gegn þessum alþýðusmekk megi berjast „með tvennu móti: með því að gagnrýna hann vægðarlaust og einnig með því að útbreiða skáldverk, sem eru rituð eða þýdd á „óakademíska“ tungu“ og hafa ekki óæskilega eiginleika til að bera.⁵¹²

Þrátt fyrir að Gramsci gefi sér að alþýðusmekkurinn sé vanþróaður gerir hann ráð fyrir að smekk lesenda megi þroska. Þannig togast á hugmyndir um gildi almennrar uppfræðslu og áhersla á meðfædda og nær yfirsíkvitlega hæfileika, en sú togstreita á sér djúpar rætur og tengist hinni fornu deilu „um hvort vegi þyngra, uppeldi manna eða eðli“.⁵¹³ Árni Sigurjónsson bendir á að það klassíska viðhorf að skáldskapur byggji á innblæstri feli í sér að erfitt sé „að læra að semja skáldskap; mönnum verður að vera hann að einhverju leyti í blóð borinn.“⁵¹⁴ Sú hugmynd er notuð til að koma á og viðhalda „náttúrulegu“ stigveldi meðal höfunda en einnig gagnrýnenda, þeirra sem eiga að hafa sérstakt næmi á góðan skáldskap, og hugmyndin um mikilvægi þess að uppfræða lýðinn er að mörgu leyti aðlöguð að henni. Um gagnrýnendur jafnt sem höfunda eru því talin gilda þau orð Hórasar að hvorugt „geti án hins verið, snilldin án þjálfunar, né stoði að mennta meðfædda heimsku“.⁵¹⁵ Slíkt viðhorf kemur til dæmis fram í formála Benedikts Gröndals að *Musteri mannorðsins* árið 1789 er hann kveður, líkt og Magnús Stephensen, upp úr um það hverjir séu hæfir til að úrskurða um gæði þýðingar sinnar:

⁵⁰⁹ Hume: „Um mælikvarðann á smekk“, 30.

⁵¹⁰ Vilhjálmur Þ. Gíslason: *Blöð og blaðamenn 1773-1944*, 42-43.

⁵¹¹ Magnús Stephensen: „Til lesaranna“, v.

⁵¹² Antonio Gramsci: „Um bókmenntir og gagnrýni“, [þýð. Sigfús Daðason], *Tímarit Máls og menningar*, 2, 1961, 139.

⁵¹³ Árni Sigurjónsson: *Bókmenntakenningar fyrri alda*, 16.

⁵¹⁴ Sama, 25.

⁵¹⁵ Sjá Hóras: „De Arte poetica Liber“, 223. Tilvitnun sótt í Árni Sigurjónsson: *Bókmenntakenningar fyrri alda*, 88.

Hvernig mér hefir tekiz þetta og annat, þat legg eg á skynugra manna dóm, einkum þeirra er náttúrugáfur hafa til skáldskapar, edr dýrkadann smekk á fögrum vísindum, því slíkum er trúandi til að rétta mínar yfirsjónir, og réttingar þeirra tek eg med stærstu þökkum, og skal nota mér síðar ef eg lifi.⁵¹⁶

Benedikt Gröndal tekur aðeins mark á dómum þeirra sem eru gæddir náttúrulegum hæfileikum á skáldskaparsviðinu eða menntaðir á því sviði. Bókmenntagagnrýnandinn, sem fær það lykilhlutverk að meta bæði náttúrulega og áunna hæfileika skálda verður sem sagt að vera gæddur þessum sömu hæfileikum. Aðeins þannig verður hann marktækur dómari sem getur fellt úrskurði á borð við þann sem birtist í *Félagsritunum*, þar sem fram kemur að Benedikt Gröndal standist prófið:

Svo langt er frá því að oss mislíki þó hr. Gröndahl hafi ei bundit sig til studla edr dýrs bragarháts, at vér þvert ímót óskum, at vor tilkomandi Skáld vildu, í stadinn fyrir at kjefta meining og andakraft í gautsku klingklangi af einshljóðandi ítrekudum adqvædum, slíta af sér øll dárilig, edr óþarflig bönd, er midaldursins vísnaðsmidir hafa á sig lagt, svo at segja til upbótar fyrir þat þeir vildu hafa sig undan því er náttúrliga heimtaz má af einu Skáldi: er yrkja med andagipt og ordheppni.⁵¹⁷

„Meining“ og „andagift“ er hér talin mikilvægari reglum miðalda, sem er lýst sem flóttu undan kröfum um náttúrulega hæfileika skálda og fullyrt að í þýðing Benedikts beri, andstætt hinum ónáttúrulegu ljóðum miðalda, merki um „medfædda skáldskapar gáfu“.⁵¹⁸

Í bókmenntastofnun sem byggir á mismunun mætir mýtan um mögulega þróun í átt til andlegs jafnræðis rótgrónum hugmyndum um meðfædda og óskilgreinanlega hæfileika sem gera suma smekkvísari en aðra frá náttúrunnar hendi og því náttúrulega leiðtoga. David Hume rekur til þess að sumir hafi fagaðri smekk en aðrir til þess að hjá hverri skepnu sé „heilbriggt og gallað ástand“. Innbyggðir gallar á „hinum innri líffærum“ manna komi í veg fyrir eða veiki áhrif hinna almennu lögmála sem vekja tilfinningu fyrir fegurð eða ljótleika. Ein augljós orsök þess að margir finni ekki fyrir „hinni réttu fegurðarkennd“ sé til dæmis „skortur á því *næmi* ímyndunaraflsins sem er nauðsynlegt til að miðla skynjun á þessum fagaðri geðshræringum“. Auk þess varpi ákveðin atvik og aðstæður annaðhvort „fölsku ljósi á hlutina eða koma í veg fyrir að hið sanna ljós beri ímyndunaraflinu hina réttu kennd og skynjun“.⁵¹⁹

Líkt og klassískir forverar hans leggur Hume því áherslu á samspil meðfæddra og lærðra eiginleika listamanna og gagnrýnenda. Hann tekur fram að þótt mikill munur sé á „einstaklingum með tilliti til næmis stuðli ekkert frekar að því að auka og bæta þennan

⁵¹⁶ Benedikt Gröndal: „Musteri mannorðsins. Formáli þýðandans“, 287.

⁵¹⁷ „Formáli“, *Rit þess (konunglega) íslenszka Lærdómslistafélags*, 1789, xvi.

⁵¹⁸ Sama, xvi.

⁵¹⁹ Hume: „Um mælikvarðann á smekk“, 31.

hæfileika en *þjálfun* í ákveðinni list og tíð skoðun eða íhugun ákveðinnar tegundar fegurðar“. Þegar einstaklingur mæti í fyrsta sinn listaverki geti smekkurinn „ekki greint allar hinar sérstöku bragðtegundir mitt í óreiðunni sem þær koma fyrir í“. ⁵²⁰ Það sé hér sem „almennar fagurfræðireglur“ komi að notum, reynslan af því sem almennt telst góð list geri listdómaranum kleift að kveða upp dóm um listaverk á grundvelli samanburðar.

Aðeins sá sem er vanur að sjá, rannsaka og ígrunda hin margvíslegu verk sem hafa verið dáð á ólíkum tímum og hjá ólíkum þjóðum getur metið kosti verks sem honum er sýnt og fundið því réttan stað meðal snilldarverka. ⁵²¹

Niðurstaða Humes er sú að þótt „meginreglur smekks séu almennar og næstum, þó ekki alfarið, hinar sömu hjá öllum mönnum, þá séu samt fáir hæfir til að fella dóm um hvaða listaverk sem er eða fá sína eigin skoðun viðurkennda sem mælikvarða á fegurð.“ Þorri manna líði fyrir annmarka af einhverju tagi. ⁵²²

Matthías Viðar Sæmundsson hefur bent á að upplýsingaforkólfar á borð við Magnús Stephensen bjóði í raun fólki að „lúta nýrri handleiðslu“. ⁵²³ Þessi nýja handleiðsla mótast á bókmenntasviðinu að einhverju leyti af fornum reglum um skáldskap en með mikilvægum áherslubreytingum. Páll Valsson telur að þrátt fyrir að kveðskapur upplýsingarmanna hafi verið „undir sterkum áhrifum frá strangri formfestu klassisismans“ þar sem „óheft tjáning tilfinninga og agalaus frumleiki voru talin óæskileg einkenni á bókmenntum og fremur lítið fór fyrir skapandi ljóðrænum skáldskap“ séu „ýmsar grundvallarhugmyndir upplýsingarstefnunnar augljós undanfari rómantíkur“ og tekur Eggert Ólafsson sem dæmi. Eggert hafi til dæmis verið þjóðernislegur í hugsun og gerst „einna fyrstur málhreinsunarmaður hérlendis“. Páll telur að í gamankvæðum hans með ádeilutóni megi greina „áhrif frá Ludvig Holberg“, þeim er blöskraði vinnubrögð og framganga danskra gagnrýnenda (sjá bls. 107), og bendir á að Eggert muni „á árum sínum í Kaupmannahöfn hafa fylgst nokkuð vel með í menningarlegum efnum“. ⁵²⁴ Þetta á við um ýmsa þá Íslendinga sem skrifuðu um bókmenntir í kringum aldamótin 1800 og því er ekki úr vegi að beina sjónum næst að þeirri þýsku heimspeki sem hafði mikil áhrif á danska bókmenntagagnrýni og vakti athygli Íslendinga jafnt sem annarra.

⁵²⁰ Sama, 34.

⁵²¹ Sama, 35.

⁵²² Sama, 37.

⁵²³ Matthías Viðar Sæmundsson: „Menning í deiglu“, *Íslensk Bókmenntasaga* III, ritstj. Halldór Guðmundsson, Reykjavík, Mál og menning, 1996, 41.

⁵²⁴ Páll Valsson: „Íslensk endurreisn“, 231, 222-225 og 228.

John Chr. Jørgensen segir að Jacob Baden, ritstjóri *Den Kritiske Journal* á síðari hluta 18. aldar, hafi fyrstur Dana varpað fram heildstæðri forskrift fyrir gagnrýni fagurbókmennta. Tímarit hans fjallaði fyrst og fremst um danskar bækur og „fagurbókmenntir“, en Baden, sem skrifaði flesta ritdómanna sjálfur, hafði stundað nám í tungumálum, fagurfræði og heimspeki í Þýskalandi og sækir augljóslega í þýska fagurfræði. Jørgensen nefnir að um miðja 18. öld hafði hinn þýski Alexander Gottlieb Baumgarten gefið út verkið *Aestetica I-II* og rutt leiðina fyrir hugleiðingar um sjálfstæði og gildi listarinnar og listupplifunarinnar. Baumgarten hafi frelsað fagurfræðina undan boðskapnum, rökhugsuninni og grundvallarreglum.⁵²⁵

Menningarfræðingurinn Walter Benjamin telur að undir lok 18. aldar hafi hugtakið „krítík“ eða „gagnrýni“ gegnt lykilhugtaki í þessari „frelsun fagurfræðinnar“ sem fór fram undir merkjum rómantísku stefnunnar. Listheimspekilegu verkefni snemmrómantíkeranna megi lýsa með því að segja að þeir hafi leitast við að sýna fram á gagnrýnanleika listaverka. Að tilstuðlan Kants hafi hugtakið gagnrýni þegar haft á sér nánast töfrablæ í hugum ungu kynslóðarinnar og ekki aðeins vísað til rannsakandi en ófrjósams hugarástands heldur fengið merkingarauka. Gagnrýnin hugsun hafi nú verið talin frjósöm á hlutlægan hátt, spretta sem skapandi afl upp af vandlegri ígrundun. Að hugsa á gagnrýninn hátt hafi þýtt að hefja hugsunina svo hátt yfir allar hömlur að þekking á sannleikanum sprytti fram eins og fyrir töfra.⁵²⁶

Benjamin bendir á að hin rómantíska kenning um listaverk sé kenning um listform⁵²⁷ en í þýsku fagurfræðinni fólst uppreisn gegn tortryggninni sem lengi hafði gætt í garð of mikillar áherslu á „fegurð“ eða formið (sjá bls. 97). Tómas Sæmundsson orðar það þannig að ef „hin útvortis lögun“ ritverks væri „ekki samkvæm fegurðarinnar kröfum“ gæti maður ekki verið ánægður „jafnvel með hið nytsamligasta, hið bezta verk“.⁵²⁸ Tómas fléttar saman hugmyndir um samspil efnis og innihalds annars vegar og meðfædda og lærða eiginleika skáldsins hins vegar. Samkvæmt honum er snilldin, skapandi ímyndunarkrafturinn sem skáld verða að búa yfir, meðfædd en til að hún þagni ekki eða deyi verði að færa hana í „útvortis búning“ samkvæmt lærðum „reglum sem almennt viðteknar eru fyrir því falliga“.⁵²⁹

Susan Sontag skýrir hina „undarlegu sýn“, þar sem form er aðgreint frá innihaldi og innihaldið er í öndvegi en formið hjálpartæki,⁵³⁰ með því að öll vitund og hugleiðing um list á

⁵²⁵ Jørgensen: *Det danske anmelderis historie*, 34-35.

⁵²⁶ Benjamin: „The Concept of Criticism“, 179 og 143.

⁵²⁷ Sama, 155.

⁵²⁸ Tómas Sæmundsson: *Ferðabók*, ritstj. Jakob Benediktsson, Reykjavík, Félagsprentsmiðjan, 1947, 331.

⁵²⁹ Sama, 337.

⁵³⁰ Árni Sigurjónsson segir að sú skoðun að form „sé hlutlaust gagnvart innihaldinu“ hafi verið allsráðandi frá dögum Platons „fram á daga rússnesku formalistanna um 1920“. Árni Sigurjónsson: *Bókmenntakenningar fyrri*

Vesturlöndum hafi haldið sig innan ramma kenningar Platons um listina sem eftirlíkingu, en bendir á að fyrir tilstilli þeirrar kenningar verður listin „vandkvæðum bundin, þarfnast réttlætningar.“⁵³¹ Kenningin um *mimesis*, að listin sé eftirlíking af eftirlíkingu og skáldskapurinn lygar,⁵³² feli í sér þá áskorun til listarinnar að hún réttlæti sjálfa sig, þar sem gildi hennar sé vafasamt. Aristóteles réttlætir listina til dæmis með þerapísku hlutverki hennar, kaþarsis eða hreinsun.⁵³³ Hóras leggur áherslu á að skáldskapur eigi að veita gagn og/eða ánægju⁵³⁴ og áhersla á nytsemi þess að njóta skáldskapar varð nokkuð áberandi á 16. og 17. öld. Hana má m.a. sjá hjá Philip Sidney í *Apology for Poetry* árið 1595, hjá Samuel Daniel í *Defence of Rhyme* og hjá Dryden árið 1672 í *Defence of an Essay of Dramatic Poesy*.⁵³⁵

Addison lagði einnig áherslu á gildi hins ánægjulega í listum, eins og Saintsbury bendir á. Hann telji uppsprettur ánægjunnar vera þrjár, mikilfengleik, fágæti og fegurð, og greini ástæður þess að skáldlegar lýsingar vekja með okkur ánægju; brennisteinn sé til dæmis ekki jafn frískandi fyrir ímyndunina og blómabreiður og okkur líki hlutir því þeir komi ólgu á hugi okkar, annað hvort beint eða óbeint, en lýsingar á pyntingum, sárum og dauða geti vakið með okkur feginleika vegna samanburðarins.⁵³⁶ Fagurfræðingar 18. aldar reyndu á þennan hátt að kortleggja hughrifin sem skáldskapur vekur hjá okkur og sýna fram á gildi þeirra fyrir samfélagið. Lykilspurningin varð sú hvort smekkur okkar fyrir list væri eitthvað meira en tilviljanakennd og algjörlega einstaklingsbundin reynsla. Árið 1748 staðsetti David Hume til dæmis fagurfræðilega upplifun á sviði tilfinninganna, líkt og Aristóteles, Addison og fleiri, og skilgreindi vanda fagurfræðilegra dóma þannig:

Siðfræði og gagnrýni eru viðfangsefni smekkvísi og næmi fremur en skilningsgáfunnar. Fegurð, hvort heldur hún er siðferðileg eða náttúrleg, er fremur eitthvað sem vér höfum tilfinningu fyrir en eitthvað sem vér skynjum. Ef vér reynum að rökleiða um hana og fastsetja einhvern mælikvarða, þá höfum vér hliðsjón af annarri staðreynd, nefnilega almennum smekk fólks eða einhverju slíku sem hægt er að rannsaka og rökleiða um.⁵³⁷

alda, 27 og 188. Walter Benjamin gaf ritgerð sína um listina sem íhugunarmiðil einmitt út árið 1920 en hann rekur breyttar hugmyndir um form til þýskra 18. aldar rómantíkera. „Íhugunarmiðillinn og listin — listin sem íhugunarmiðill“. Þýð. Magnús Diðrik Baldursson. *Fagurfræði og miðlun*. Ritstj. Ástráður Eysteinnsson. Reykjavík: Háskólaútgáfan og Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands. 2008.

⁵³¹ Susan Sontag: „Gegn túlkun“, þýð. Hermann Stefánsson, *Að sjá meira*, ritstj. Hjálmar Sveinsson, Reykjavík, ReykjavíkúAkademían, 2005, 21.

⁵³² Sjá t.d. Platon: *Ríkið II*, þýð. Eyjólfur Kjalar Emilsson og Kristján Árnason, Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafélag, 1997, 326-341.

⁵³³ Sjá Aristoteles: *Um skáldskaparlistina*, 53.

⁵³⁴ Hóras: „De Arte poetica Liber“, 219.

⁵³⁵ Saintsbury: *A History of English Criticism*, 53-54, 74 og 113-114.

⁵³⁶ Sama, 177-178 og 180.

⁵³⁷ David Hume: *Rannsókn á skilningsgáfunni*, þýð. Atli Harðarson, Lærdómsrit Bókmenntafélagsins, Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafélag, 1988, 268.

Vandinn liggur í því að ólíkt úrskurðum skilningsins, sem Hume segir vísa til ytri staðreynda sem hægt sé að nota sem mælikvarða á gildi þeirra, er öll tilfinning „sönn vegna þess að tilfinning vísar ekki til neins út fyrir sjálfa sig, og er alltaf raunveruleg hvar sem maður er sér meðvitandi um hana.“ Tilfinningar okkar standa aldrei „fyrir það sem er í raun og veru í hlutum“ og fegurð „er ekki eiginleiki hlutanna sjálfra“, segir Hume. „Hún er aðeins til í huganum sem virðir þá fyrir sér, og sérhver hugur skynjar mismunandi fegurð.“ Að leita að hinni raunverulegu fegurð eða hinum raunverulega ljótleika sé því „árangurslaus rannsókn“.⁵³⁸ Þrátt fyrir þetta telur Hume „eðlilegt að við svipumst um eftir *mælikvarða á smekk*, reglu sem nota má til að samræma hin margvíslegu viðhorf manna, alltént til að kveða upp úrskurð sem staðfestir eitt viðhorf en fordæmir annað“. Mitt í allri „fjölbreytni og duttlungum smekks séu viss almenn lögmál um lof og last og get[i] nákvæmt auga greint þau í öllum aðgerðum hugans.“ Allar „almennar listarreglur“ byggist á reynslu, eins og öll hagnýt vísindi, og „athugun á sameiginlegum kenndum mannlegs eðlis“ (athugunum á því sem hefur „almennt reynst vera fólki til ánægju í öllum löndum og á öllum tímum“).⁵³⁹ Ralph Cohen telur mikilvægasta þáttinn í ritgerð Humes vera þessi áhersla á aðferðafræði, á að nýta hugmyndir um staðreyndir og reynslu í glímunni við smekksvandann. Ritgerðin hafi verið heildstæðasta tilraun til að setja fram aðferðafræði til að ígrunda og dæma listaverk sem birst hafði fram að þessu þótt margar hugmyndir sem komi fram í henni hafi þegar verið margþvældar tuggur á átjándu öld.⁵⁴⁰

Prússneski heimspekingurinn Immanuel Kant hélt áfram með þetta verkefni Humes, er hann gerði tilraun til að flokka eiginleika mannlegrar hugsunar í kerfi „hugkvía“ (þ. *Kategorien*). Gildi fegurðardóma vafðist þó ekki síður fyrir Kant en Hume og í neðanmálsgrein í „Transzendente Ästhetik“, fyrsta hluta *Gagnrýni hreinnar skynsemi*, frá 1781, segir hann að tilgangslaust sé að reyna að sveigja gagnrýna dóma um fegurð undir lögmál skynseminnar og gera þá þannig að vísindum, í anda Baumgartens.⁵⁴¹ Í ritinu *Gagnrýni dómgreindarinnar*, frá 1790, leggur hann svo upp með að kanna hvort dómgreindin (þ. *Urteilskraft*) hafi sín eigin lögmál, sem milliliður milli skilnings (þ. *Verstand*) og skynsemi (þ. *Vernunft*), þótt hann viðurkenni að það verði ætíð erfitt að festa hendur á þeim lögmálum því þau sé ekki hægt að sannreyna og séu því ekki hlutlægar reglur.⁵⁴²

⁵³⁸ Hume: „Um mælikvarðann á smekk“, 30.

⁵³⁹ Sama, 30-32.

⁵⁴⁰ Ralph Cohen: „David Hume's Experimental Method and the Theory of Taste“, *ELH*, 25, 1958, 270.

⁵⁴¹ Immanuel Kant: *Kritik der reinen Vernunft*, Hamburg, Verlag von Felix Meiner, 1956, 64-65.

⁵⁴² Immanuel Kant: *Kritik der Urteilskraft*, Hamburg, Verlag von Felix Meiner, 1954, 2-3.

Samkvæmt Kant eru skilningurinn, dómgreindin og skynsemin þrjár tegundir vitsmunanna (þ. *Erkenntnisvermögen*), en vitsmunirnir eru aðeins einn af þremur andlegum eiginleikum (þ. *Seelenvermögen*) mannsins, hinir eru tilfinningin um ánægju eða óánægju (þ. *das Gefühl der Lust und Unlust*) og langanir (þ. *Begehrungsvermögen*). Ef við viljum skera úr um það hvort eitthvað sé fallett vísunum við til þess hvort það vekir ánægjutilfinningu, en sú tilfinning sé einnig nokkurs konar milliliður, standi á milli vitsmuna og langana. Smekksdómur sé því ekki hreinn vitsmunalegur dómur og grundvöllur hans sé huglægur.⁵⁴³ En hann sé heldur ekki algjörlega persónulegur eins og þeir dómar sem byggja á löngunum okkar. Kant leggur þannig sífellt áherslu á að fegurðardómar tefli saman eiginleikum sem annars eru taldir ósamrýmanlegir og aðskildir í flokkunarkerfum okkar og að í því felist sérstaða þeirra.

Kant segir til dæmis að hið *viðkunnanlega* (það sem skynfærum okkar fellur vel), hið *fallega* og hið *góða* feli í sér þrjár mismunandi tengingar við tilfinninguna um ánægju eða óánægju. Hið viðkunnanlega svarar fýsnum, hið fallega vekur einfaldlega ánægju og hið góða er það sem er talið einhvers virði.⁵⁴⁴ Til að dæma eitthvað gott verðum við alltaf að vita hvers konar hlutur það á að vera, hafa gefna skilgreiningu (þ. *Begriff*) á honum. Hið viðkunnanlega hvílir hins vegar algjörlega á persónulegri skynjun. Velþóknun (þ. *Wohlgefallen*) á hinu fallega falli þarna mitt á milli, milli dýrslegra fýsna og hreinnar vitsmunalegrar nálgunar, og sé, ólíkt velþóknun á hinu viðkunnanlega og góða, óbundin þeim hagsmunatengda áhuga sem við tengjum raunveruleika hluta. Sá sem dæmi um smekksatriði megi ekki vera að neinu leyti hlynntur raunverulegri tilvist hlutar heldur verði að sýna algjört áhugaleysi (þ. *Gleichgültigkeit*) er hann metur hlut eða birtingarmynd hlutar gegnum velþóknun eða andúð. Dómur um fegurð sem feli í sér hina minnstu hagsmuni sé mjög hlutdrægur og ekki hreinn smekksdómur.⁵⁴⁵

Vandi Kants felst m.a. í því að sýna fram á að fegurðardómar, sem byggja á ánægjutilfinningu og séu ekki sannanlegir með vísunum til fyrirfram gefinna lögmála eða skilgreininga heldur séu huglægir, hafi eitthvert almennt gildi. Fegurðardómar byggja á upplifun okkar af einstökum hlut sem við yfirfærum á slíka hluti almennt (þessi rauða rós er falleg, rauðar rósir eru fallegar), en samkvæmt Kant er dómgreind einmitt eiginleikinn að skipa hinu einstaka undir hið altæka (þ. *Allgemeine*). Ef hið altæka (regla, lögmál, lög) er

⁵⁴³ Sama, 13-15 og 39.

⁵⁴⁴ Kant segir að út frá ánægjutilfinningunni megi einnig meta hlut *súblíman* en þótt hann telji að hið súblíma eigi flest sameiginlegt með hinu fagra hafi það þá sérstöðu að fela í sér óendanleika, sérstöðu sem ekki er tilefni til að fara nánar í hér. Sjá sama, 90-203.

⁵⁴⁵ Sama, 40-41, 44-47 og 50.

gefin stærð þá er dómur sem fellir hið einstaka undir það ákvarðandi. En ef aðeins hið einstaka er gefið og það á eftir að finna hið altæka sem það fellur undir þá er dómurinn aðeins íhugandi (þ. *reflektierend*).⁵⁴⁶

Kant telur hins vegar fegurðardóma hafa þá sérstöðu að vera bæði huglægir og ákvarðandi í senn, en þann eiginleika kallar hann huglægt algildi (þ. *subjektive Allgemeinheit*). Þó að fegurðardóma vanti lögmál og þeir geti ekki vísað út fyrir sig til staðfestingar sé hið fallega sett fram sem viðfang altækrar velþóknunar. Ef eitthvað sé aðeins ánægjulegt á persónulegum grundvelli sé ekki hægt að kalla það fallegt — orðið fegurð krefjist þess að aðrir upplifi sömu ánægju. Sá sem dæmir um fegurð dæmi því ekki aðeins fyrir sjálfan sig heldur fyrir alla menn, og reiði sig ekki á það að öðrum finnist það sama heldur krefjist þess að aðrir séu sammála. Því sé ekki í boði að segja: Hver hefur sinn smekk. Það myndi jafngilda því að segja að smekkur sé ekki til, þ.e. að ekki sé til fagurfræðileg dómgreind fær um að krefjast lögmæts samþykkis allra manna.⁵⁴⁷

Heimspekingurinn Arnór Hannibalsson telur augljóst að sú viðleitni Kants „að flytja smekksdóma út úr afstæði sálarlífsins upp á svið almennra gilda“ eigi að „bæta úr fyrir Hume“ sem hafi í raun mistekist „að gera grein fyrir því, hvernig smekksdómur getur gilt fyrir annan en þann sem ber hann fram“.⁵⁴⁸ Svar Kants felst í hagsmuna- og áhugaleysinu. Hægt sé að gera ráð fyrir því að dómur um fegurð gildi fyrir alla menn vegna þess að áhugalaus velþóknun hljóti að hvíla á einhverjum grundvallareiginleika hugans sem okkur er öllum sameiginlegur. Ef dómgreindin sé hrein og frjáls undan öðrum áhrifaþáttum geti því smekksdómari (svo lengi sem hann geri ekki mistök) yfirfært ánægju sína af hlut á alla aðra. Þetta þýðir að ekki munu allir samþykkja slíka dóma heldur ættu allir að gera það; huglægt algildi þeirra þýðir að fegurðardómar geta krafist altæks samþykkis eins og hlutlægt lögmál.⁵⁴⁹

Smekksdómar byggja því á þeirri forsendu að til sé almenn, sammannleg skynsemi (þ. *Gemeinsinn* eða lat. *sensus communis*) og Kant telur að við getum réttilega gert ráð fyrir að hana megi finna í öllum mönnum, því að annars myndu menn vera ófærir um að tjá það sem birtist þeim eða jafnvel þekkingu sína. Skilyrði ánægjutilfinningarinnar sem við byggjum fegurðardóma á séu huglæg skilyrði vitsmunastarfsemi almennt. Það að beita þessari dómgreind á birtingarmynd ákveðins hlutar krefst hins vegar enn og aftur samspils tveggja

⁵⁴⁶ Sama, 53 og 15-16.

⁵⁴⁷ Sama, 48-50.

⁵⁴⁸ Arnór Hannibalsson: „Kant“, Fyrirlestrar við Háskóla Íslands, *Þættir um fagurfræði*, haustmisseri 1999, sótt 7. desember 2009 af <http://www3.hi.is/~arnorh/fagurfr/IV.htm>.

⁵⁴⁹ Kant: *Kritik der Urteilskraft*, 48-49, 53-54, 81-82, 141 og 143-144.

afla, ímyndunarinnar og skilningsins.⁵⁵⁰ Kant orðar það svo að frjálst ímyndunaraflíð þurfi að hreyfa við skilningnum og skilningurinn að koma ímyndunaraflinu í reglubundinn leik.⁵⁵¹ Almenna skynsemin sem Kant vísar til er því ekki ytri veruleiki heldur afleiðing af frjálsum leik vitsmunaafllanna,⁵⁵² og það er þessi frjálsi leikur, íhugunin, sem Walter Benjamin telur verða lykilatriði í hugmyndum rómantíkurrinnar um gagnrýni.

Hin frjálsa fagurfræði

Í þessum kafla hefur verið sýnt fram á að áður en „fyrsti íslenski ritdómurinn“ birtist þekktu Íslendingar ritdóma úr erlendum tímaritum og gerðu tilraunir með ritdómaformið. Þróunin var svipuð þeirri sem John Chr. Jørgensen lýsir í Danmörku (sjá bls. 104); í fyrstu eru bókaumfjallanir nær eingöngu fréttatilkynningar og auglýsingar um nýlegar bækur, en smám saman bætast við umsagnir um efni þeirra og gæði.

Áhrif prentaðra fjölmiðla á eðli samfélagsumræðunnar, þ.e. ópersónulegur og „hlutlaus“ tónn yfirvaldsins, vakti hér á landi sem annars staðar ótta og ásakanir um valdníðslu þeirra er greiðan aðgang hafa að prentmiðlunum. En íslenskir ritdómar taka ekki á sig fasta mynd fyrr en á tímum rómantíkur og þjóðernishyggju, þótt formið eigi rætur í upplýsingartímanum, og fyrstu ritdómaramarnir sem lýsa afdráttarlaust yfir rétti sínum til að fella dóma um gildi bóka gera það í krafti ákveðinna fagurfræðilegra grundvallaráherslna sem höfðu fest sig í sessi í evrópskri ritdómahefð. Á nýju sviði fagurbókmennta skildi fagaður smekkur milli feigs og ófeigs. Grundvallarforsenda fegurðardóma var sú sannfæring eða trú að til væri eins konar sammannlegt fegurðarskyn en Kant lýsir því skyni þannig að þar mætist annars aðskildar andstæður í eðli okkar, til dæmis skynsemi og tilfinningar. Fagurfræðileg dómgreind var því talin hafa sérstöðu innan flokkunarkerfisins sem notað er til að henda reiður á heiminum; hún var talin tilheyra sérstöku svæði á mörkum hefðbundinna andstæðna og lúta um leið þversagnakenndum lögmálum.

Hér á landi lögðu menn á borð við Magnús Stephensen grundvöll að íslensku sviði „fagurra mennta“, byggt á kerfi mismunar og mismununar þar sem jöfnuður smekks þykir ekki fýsilegur í raun, aðeins sem „grundvallarregla“, svo vitnað sé í David Hume (sjá bls. 115). Í rómantíkinni fékk gagnrýnandinn aukið mikilvægi, að mati Walters Benjamins, og víst er að ritdómar eru kynntir til sögunnar hér á landi þegar rómantíkin verður að ráðandi stefnu í skáldskapnum. Í hugum snemmrómantikera var markmið gagnrýnnar „íhugun í algjörleika

⁵⁵⁰ Sama, 79-80, 137, 141 og 143-144.

⁵⁵¹ Sama, 147.

⁵⁵² Sama, 80.

listarinnar“,⁵⁵³ segir Walter Benjamin, en íhugun er í þessu samhengi æðsta form hugsunar, hugsun um hugsun, heimspekileg hugsun. Og „hið algjöra“ felur í sér samræmi innri og ytri veruleika; það er það sem Tómas Sæmundsson kallar trúarbrögð eða „hið innst innrætta í mannligri náttúru“, það sem viðvikur „hinu ósýniliga, já því óskiljanligasta af öllu, því hæsta og mikilvægasta, því guðliga sem hið mannliga aldrei getur gripið“.⁵⁵⁴ Þetta skrifar Tómas er hann tekst á við ýmsar kenningar þýskra heimspekinga í *Ferðabók* sinni sem hann skrifaði eftir ferðalag sitt um Evrópu á árunum 1832-1834. Þar nefnir hann m.a. *Gagnrýni hreinnar skynsemi* eftir Kant, og kenningar Schlegels, Fichtes, Schellings og Hegels, og skilgreinir listina sem sjálfstæða grein sem „fylgir alleina skynseminnar reglum um það hvað falligt sé og hins sem verka megi þægiliga eður óþægiliga á smekktílfinnunina“.⁵⁵⁵

Ferðabók Tómasar einkennist af þeirri „sláandi torræðu, jafnvel dulúðugu, orðræðu“ sem Benjamin segir einkenna kenningar snemmrómantikera, en Benjamin bendir á að þeir hafi samt sem áður hugsað á „kerfisbundinn hátt“.⁵⁵⁶ Það má einnig sjá í skrifum Tómasar. Hann afmarkar listamönnum svæði sem tekur „að nokkru leyti við þar sem handverksmenn hætta og enda[r] þar sem vísindamenn byrja“.⁵⁵⁷ Þar taka þá væntanlega gagnrýnendurnir við, samanber þau orð Benjamins að verkefni gagnrýnninnar hafi í snemmrómantikinni átt að vera að svipta hulunni af hinu „skipulega og reglulega samhengi“⁵⁵⁸ og orða það innan algjörleika listarinnar.⁵⁵⁹ Og Tómas telur jafnframt að „vísindaligur andi“ felist í því að leita sannleikans „fyrir sína eigin skuld í sannleikans anda sjálfs“ en ekki fyrir „nytsemis sakir“,⁵⁶⁰ og gerir þannig ráð fyrir að vísindasviðið eigi að vera jafn sjálfstætt og listasviðið.

Samkvæmt Benjamin verður gagnrýni einmitt frjálst og óháð kenningakerfi í snemmrómantikinni. Það sem hann telur að geri þetta kleift er uppbygging nýrra viðmiða fyrir listaverk,⁵⁶¹ hugmyndin um list sem íhugunarmiðil og verkið sem íhugunarmiðju. Íhugun er í þessu samhengi eins konar hugsun hugsunarinnar og hið algjöra er „íhugunarmiðill“. Novalis lýsir þessari „einingu íhugunar og miðlunar“ með orðinu „sjálfsgagntekning“, sem Benjamin segir að eigi að lýsa þeim möguleika allrar heimspeki „að vitsmunirnir snerti við sjálfum sér og komist þannig á hreyfingu, þ.e. verði sjálfstæð athöfn, sem lýtur sínum eigin lögmálum“. Í

⁵⁵³ Benjamin: „Íhugunarmiðillinn og listin“, 177.

⁵⁵⁴ Tómas Sæmundsson: *Ferðabók*, 137.

⁵⁵⁵ Sama, 130-133.

⁵⁵⁶ Benjamin: „The Concept of Criticism“, 135 og 138.

⁵⁵⁷ Þórir Óskarsson: „Hið fagra, góða og sanna er eitt“, *Andvari*, 2003, 330 og 333.

⁵⁵⁸ Benjamin: „Íhugunarmiðillinn og listin“, 174.

⁵⁵⁹ Benjamin: „The Concept of Criticism“, 153-154.

⁵⁶⁰ Tómas Sæmundsson: *Ferðabók*, 139 og 125.

⁵⁶¹ Benjamin: „The Concept of Criticism“, 158.

„snemmrómantískum skilningi er listin miðpunktur íhugunarinnar“, segir Benjamin. Listgagnrýnin er svo „hlutþekking í þessum íhugunarmiðli“. ⁵⁶² Gagnrýni sé því eins og tilraun um listaverkið sem vekur upp íhugun þess og komi því til vitundar og þekkingar um sjálft sig, dragi fram hreinan kjarna listaverks, ekki hið eiginlega listaverk heldur ímynd hins fullkomna listaverks. Listgagnrýnin eigi því að uppgötva undirliggjandi tilhneigingu verksins sjálfs, uppfylla hulin markmið þess. Gagnrýni sé samkvæmt þessu hluti af merkingu verksins, hlutverk hennar sé að ganga lengra en verkið sjálft og fullkomna það með því að tengja það hinu algjöra sem einstök listaverk geta aldrei orðið hluti af nema með þessari tengingu gagnrýnandans. Í meðförum rómantikera verði gagnrýni þannig frekar að aðferð til að fullkomna verk en dómi yfir því og í þessum skilningi hafi fylgismenn rómantíkunnar kallað eftir ljóðrænni gagnrýni; hafnað muninum á gagnrýni og skáldskap. ⁵⁶³

Þótt það sé vissulega rétt að viðhorf rómantíkunnar hafi haft mikil áhrif á mótun sjálfstæðs bókmenntasviðs þar sem gagnrýni gegndi mikilvægu hlutverki, tel ég, eins og fram hefur komið (sjá bls. 4 og 85), varhugavert að tengja ákveðin grundvallareinkenni gagnrýninnar of afdráttarlaust við einhverja eina bókmenntastefnu. Aukið sjálfstæði bókmenntasviðsins hefur til dæmis verið tengt rómantísku viðbragði við aukinni markaðsvæðingu listarinnar. ⁵⁶⁴ Sjálfstætt svið fagurbókmennta sem lýtur eigin lögmálum gefur vissulega svigrúm til uppreisnar gegn þeim lögmálum og gildum sem ríkja á öðrum sviðum samfélagsins og því getur það sem Bourdieu myndi kalla „sérstaka rökvisi“ bókmenntasviðsins (sjá bls. 11) virkað sem andóf gegn markaðsvæðingu. Peter Bürger hafnar því þó að hægt sé að benda á markaðslögmálin sem hinn eina orsakavald þess að kerfisbundin fagurfræði kemur fram sem sjálfstæð heimspekigrein samfara myndun borgaralegs þjóðfélags á 18. öld og pólitískri valdatöku borgarastéttar sem öðlast hefur aukin efnahagsleg ítök. ⁵⁶⁵ Og ljóst er að aðstæður voru þannig á Íslandi að bókmenntir og önnur list var enn langt frá því að vera vara á markaðstorgi þegar hugmyndin um hina frjálsu og sjálfstæðu list, sem og frjáls vísindi, var samt sem áður hluti af stærri frelsishugsjón Fjölnismanna og því pólitísk í meira lagi. Og þar gegndu tímaritin stóru hlutverki.

Árið 1778 lýsir danska tímaritið *Efterretninger om Lærde Sager* ritstjórnarstefnu sinni þannig að það sé blaðamönnum þess „heilög skylda að segja sannleikann eins og við þekkjum

⁵⁶² Benjamin: „Íhugunarmiðillinn og listin“, 174-178.

⁵⁶³ Benjamin: „The Concept of Criticism“, 153-154.

⁵⁶⁴ Sjá t.d. Þórir Óskarsson: *Undarleg tákni á tímans bárum. Ljóð og fagurfræði Benedikts Gröndals*, Studia Islandica 45, ritstj. Sveinn Skorri Höskuldsson, Reykjavík, Bókauktáfgá Menningarsjóðs og Bókmenntafræðistofnun, 1987, 30.

⁵⁶⁵ Hér vísar Bürger til kenninga B. Hinz, Boris Arvatovs og M. Müllers. Peter Bürger: „Sjálfstæði listarinnar og vandi þess innan borgaralegs samfélags“, þýð. Benedikt Hjartarson, *Ritið. Tímarit Hugvísindastofnunar*, 1, 2006, 229.

hann, án hins minnsta fals vegna mögulegrar greiðasemi eða haturs“.⁵⁶⁶ Jørgensen bendir á að ritdómar eru á þessum tíma orðnir kerfisbundið sannleiksleitandi og gagnrýnir,⁵⁶⁷ en það sama á við um allt annað efni tímarita og síðar dagblaða. Hlutverk fjölmiðlanna var skilgreint þannig að þeir ættu að segja sannleikann á hlutlausan hátt, og er þetta undirstrikað með nákvæmum lýsingum, ópersónulegum stíl (sjá bls. 105-106) og vísunum í heimildir. Hlutleysið fólst m.a. í því að greina frá ólíkum flötum þess sem fjallað var um og mismunandi sjónarmiðum svo lesendur gætu dregið upplýstar ályktanir. Gengið var út frá því að almenningur krefðist þessarar tegundar umfjöllunar; að hin gagnrýna sannleiksleit væri þjónusta við almenning.

Ritstjórn *Efterretninger om Lærde Sager* sér fram á að einhverjir muni mótmæla niðurstöðum ritdómara sinna en hefur svar á reiðum höndum. Allir hafa lýðræðislegan andmælarétt, og höfundar geta mótmælt dómum, en almenningur er æðsti dómari.⁵⁶⁸ Tæpum sextíu árum síðar heyrast íslenskur endurómur af þessum yfirlýsingum.

Við höfum fastlega ásett að fara því einu fram, sem við höldum rétt vera og ætíð reyna af bezta megni að leita sannleikans [...] þó hann kynni að baka okkur mótmæli og óvináttu sumra manna [...].⁵⁶⁹

Svo segir í fyrsta hefti *Fjölnis* sem hóf göngu sína árið 1834 undir ritstjórn Jónasar Hallgrímssonar, Konráðs Gíslasonar, Brynjólfs Péturssonar og Tómasar Sæmundssonar. Fegurð, nytsemi, sannleikur og það sem er gott og siðsamlegt áttu að vera leiðarstef tímaritsins.⁵⁷⁰ Allt þetta má heimfæra upp á almennar áherslur fréttaskrifa í fyrstu íslensku tímaritunum, nema einna helst fegurðina, sem Fjölnismenn segja að sé: „svo ágæt að allir menn eiga að girnast hana sjálfrar hennar vegna“.⁵⁷¹

⁵⁶⁶ „[...] at sigte Sandheden saaledes, som vi kiende den, uden at holde den i mindste Maade til Fals for Gunst eller Had, er og skal være os en hellig Pligt.“ *Kiøbenhavnske Nye Efterretninger om lærde Sager*, 1. janúar 1778. Sótt í Jørgensen: *Det danske anmelderis historie*, 43.

⁵⁶⁷ Jørgensen: *Det danske anmelderis historie*, 43.

⁵⁶⁸ „Skulde nogen Forfatter troe sig fornærmet ved vore Recensioner, saa haver han jo samme Ret til at forsvare sit Skrift, som vi til at bedømme det, og Publikum er Dommer over os begge.“ *Kiøbenhavnske Nye Efterretninger om lærde Sager*, 1. janúar 1778. Sótt í Jørgensen: *Det danske anmelderis historie*, 43.

⁵⁶⁹ Brynjólfur Pétursson, Jónas Hallgrímsson, Konráð Gíslason og Tómas Sæmundsson: „Ávarp“, *Fjölnir*, 1, 1835, 12.

⁵⁷⁰ Þórir Óskarsson hefur bent á að þetta séu síður en svo nýjar áherslur á þessum tíma. Hið góða, fagra og sanna hafi verið klassísk fagurfræðileg þrenning sem hafi átt upptök í hughyggju Platons en náð hátindi sínum „í þýskri klassík um aldamótin 1800, einkum í verkum Goethes og Schillers“. Þórir Óskarsson: „Hið fagra, góða og sanna er eitt“, 104-106.

⁵⁷¹ Brynjólfur Pétursson: „Ávarp“, 11.

Þórir Óskarsson bendir á að þótt rómantísk fagurfræði hafi haft áhrif á efni, efnistöð og útlit blaðsins,⁵⁷² og Fjölnismenn hafi viljað „hefja sig upp yfir hið hversdagslega og almenna í íslenskri menningu“, hafi ritið einnig átt að vera söluvænlegt og kaupendum hafi verið boðið „mikið lesefni fyrir lítið fé“. Fjölnismenn hafi allir verið á móti smekkleysum og dönskuslettum, en Tómas Sæmundsson hafi varað Jónas Hallgrímsson við „að fina svo orðatiltækin, að almenningur ekki skilji þau“, að svipta textann „öllu populariteti“. Hann skrifar Jónasi: „Tímarit eru, held ég, óvída klassísk að orðfæri, því þau mega ekki við miklu seinlæti; eftir því sem mentunin vex hjá hverri þjóð sem er, lagast málið sjálfkrafa“.⁵⁷³ Orð hans endurspeglar áherslur blaðamenskunnar á að flytja *fréttir*, segja frá því nýjasta á sem skjótastan hátt og þá staðreynd að stúltilþrif sem þykja við hæfi í skáldlegum skrifum eiga á hættu að vera túlkuð sem óþarfa tilgerð í blaðaskrifum.⁵⁷⁴ Þótt bókmenntaumfjöllun sé að einhverju leyti undantekning, og leyfist að fylgja lögmálum listasviðsins ekki síður en fréttastarfsins, er mikilvægt að hafa í huga að áherslur blaðamenskunnar fléttast þannig saman við áherslur rómantísku stefnunnar: Miðillinn hefur áhrif, engu síður en hin fagurfræðilega stefna, og mótar bæði efni og framsetningu ritdóma. Þórir segir það ríkjandi skilning að útgefendur hafi leitast við að „flétta saman þáttum úr upplýsingu og rómantik“⁵⁷⁵ en allt eins mætti segja að tímaritahefðin (sem vissulega á sterkar rætur í upplýsingunni) krefjist þess að nytsamlegar og fræðandi upplýsingar séu settar fram á sem aðgengilegastan hátt og vegi þannig upp á móti áherslum rómantikurinnar sem *Fjölnismenn* gera að sinni fagurfræðilegu stefnu.

Páll Valsson bendir á að Fjölnismenn taki sér augljóslega stöðu „við hlið hinna róttæku afla sem í ýmsum löndum Evrópu börðust fyrir auknu lýðfrelsi og lýðréttindum, og ekki hvað síst þjóðfrelsi“⁵⁷⁶ en í fyrsta tölublaðinu er mikilvægi tímarita í frelisisbaráttu áréttað, þau séu „hentugri enn flestar bækur aðrar til þess að vekja lífið í þjóðunum og halda því vakandi, og til að efla frelsi þeirra, heill og menntun“.⁵⁷⁷ Sem dæmi um hversu „ómissandi síðuðum þjóðum“ tímaritin eru orðin er nefnt að þegar Frakkakonungur hafi bannað tímarit sem honum þóttu sér mótdræg hafi öll stræti borgarinnar verið „þakin dauðra manna búkum“ innan

⁵⁷² Þórir segir að þótt Fjölnir hafi aldrei komist „í hálfkvisti við þau erlendu tímarit 19. aldar sem lögðu mesta rækt við fagrar leturgerðir og myndskreytingar“ hafi ytra útlitið „borið með sér nýjar og framandi hugmyndir um smekkvísi“ rétt eins og textinn, þ.e. orðaval og stíll. Þórir Óskarsson: „Hið fagra, góða og sanna er eitt“, 94.

⁵⁷³ Sama, 94-95.

⁵⁷⁴ Sjá t.d. Jay Newman: *The Journalist in Plato's Cave*, London, Associated University Presses, 1989, 36.

⁵⁷⁵ Þórir Óskarsson: „Hið fagra, góða og sanna er eitt“, 96.

⁵⁷⁶ Páll Valsson: *Jónas Hallgrímsson*, 99.

⁵⁷⁷ „Ávarp“, *Fjölnir*, 1834, 4 og 5.

þriggja daga og konungur gerður útlægur.⁵⁷⁸ Í þessum orðum er fólgin nokkur uppreisn því í upphafi 19. aldar var Danmörk einveldi og ströng ritskoðunarlæg í gildi:

Fríðrik 6. var [...] mjög á nálum vegna sífellt háværara tals um frelsi og frjálsslyndi, og þar sem á þessum árum fóru að koma út í Kaupmannahöfn blöð eins og *Fædrelandet*, málgagn frjálsslyndra sem hóf göngu sína 1843 og bent hefur verið á sem fyrirmynd *Fjölnis*, *Corsaren* og *Berlingske Tidende*, sem öll höfðu innanborðs menn sem tilheyrðu flokki frjálsslyndra [...].⁵⁷⁹

Ritstjórnarfyrirkomulag *Fjölnis* átti sér m.a. fyrirmynd í tímaritinu *Maanedsskrift for Litteratur* (1828-1838). Í ritstjórn þess sátu fjórtán menn og áður en hægt var að prenta grein í blaðinu þurfti að lesa hana upp og viðurkenna á ritstjórnarfundi. *Fjölnir* var einnig byggður á slíkum grunni: „Efnið, sem þeim barst, var lesið og rætt á félagsfundi og þremur mönnum síðan falin endurskoðun þess, og ef einhverju var breytt var það rætt á öðrum fundi.“⁵⁸⁰ Jørgensen telur að slíkt ferli hafi tryggt „samstöðu í samræmi við þann ídealíska húnánisma og þá akademíska frjálshyggju sem var hugmyndafræðilegur grundvöllur [*Maanedsskrift for Litteratur*]“.⁵⁸¹ *Fjölnir* kemur fram á sjónarsviðið undir þessum sömu merkjum og því riti birtist ritdómur Jónasar Hallgrímssonar um rímur Sigurðar Breiðfjörðs og markar tímamót.

Dapri trúðurinn

Hér að framan hefur verið fjallað um rætur evrópskrar bókmenntagagnrýni, en á tímum Forn-Grikkja er lagður grundvöllur bókmenntasviðs, þar sem valdamiðjan, „bókmenntastofnunin“, byggir á hefðarveldi (kanón) eða stigveldi bókmenntaverka og höfunda. Bókmenntagagnrýnendur eru ætíð að einhverju leyti fulltrúar bókmenntastofnunarinnar, hversu óstöðugt og breytilegt sem vald þeirra kann að vera, og því fylgja ákveðnar skyldur og siðareglur. Hins vegar á bókmenntagagnrýnin sér einnig rætur í satíruhefðinni sem einkennist af vilja til að „hreinsa til“ í kerfinu. Á tímum endurreisnarinnar þróaðist bókmenntagagnrýni áfram í akademískum stofnunum og víðtæku samskiptaneti evrópskra menntamanna. Hún mótaðist af hugsjónum um „lýðveldi menntanna“, sem og siða- og samskiptareglum menntaðra bréfaskipta og seinna fágúðum samtölum innan franskra salóna. Sú textategund sem við þekkjum sem ritdóma kom svo fram með tilkomu prentaðra tímarita á 17. öld og er hluti af mótun nýs almenningssvæðis og markaðsvæðingu bókmenntanna. Í kringum ritdómanna mótuðust nýjar átakalínur, þar sem hugmyndum gagnrýnenda um sársaukafullt en

⁵⁷⁸ Sama, 4.

⁵⁷⁹ Páll Valsson: *Jónas Hallgrímsson*, 107.

⁵⁸⁰ Vilhjálmur Þ. Gíslason: *Blöð og blaðamenn 1773-1944*, 59.

⁵⁸¹ „Proceduren sikrede et vist fælles fodslag inden for den idealistiske humanisme og akademiske liberalisme, som var bladets idegrundlag.“ Jørgensen: *Det danske anmelderis historie*, 56.

þarft og göfugt þjónustustarf í þágu almennings var mætt með ásökunum um misbeitingu þessa nýja afls á bókmenntasviðinu. Ritdómariinn hefur því alla tíð mátt sitja undir því að vera lýst sem tækifærissinna er nýtir sér ógnvænlega stöðu sína á mörkum annars skýrt aðgreinda samfélagssviða til að taka sér vald sem hann á ekki skilið og ræður ekki við — sem sníkjudýri, harðstjóra og loddara.

Eagleton leggur til dæmis áherslu á að upphafið hlutverk ritdómarans sem vitrings sé aðeins til þess fallið að draga dulur á þá staðreynd að hann sé handbendi markaðsafla og pólitískt tæki nýrrar yfirstéttar. Einmitt þegar gagnrýni fer að gefa sig út fyrir að vera „hlutlaus“ verður hún hlutdræg, segir Eagleton, gagnrýnandinn fær hið óverjandi hlutverk að „tjá“ almenningsálit sem hann stýrir leynt og ljóst.⁵⁸² Eini valkosturinn við hömlulausa hagsmunabaráttu, segir Eagleton, virðist vera falskt hagsmunaleyti,⁵⁸³ en fals er eitt af einkennum úrkastsins, samkvæmt Kristevu, sem lýsir því sem „siðlausu, skuggalegu og undirförlu: skelfingu á fölskum forsendum, hatri sem brosir [...] vini sem stingur þig í bakið“.⁵⁸⁴

Eins og fram hefur komið sprettur grótesk ímynd gagnrýnandans m.a. af stöðu hans á óljósum mörkum afþreyingar og fræða, lista og markaðar (sjá bls. 64). Sú þversögn sem er innbyggð í hlutverk ritdómara í fjölmiðlum, að þeir eru vitringar á markaðstorgi, selja visku sína almenningi, visku sem stafar af því að vera hafinn yfir lögmál markaðstorgsins og almenning, gerir þá að óskilgreinanlegu fyrirbæri, mögulega valdamiklu og mögulega hættulegu. Johnson gerir sér grein fyrir því að slíkri jaðarstöðu fylgir hættan á að lenda í hlutverki úrkastsins eða fá á sig gróteska ímynd og dregur upp kaldhæðna mynd af því hlutskipti sínu. En togstreitan sem Johnson tókst á við var ekki ný af nálinni, eins og sést á eftirfarandi orðum sem Richard Steele hafði áður látið falla:

Einu hef ég tekið eftir [...] að af öllum dauðlegum er gagnrýnandinn sá kjánalegasti; með því að taka að sér að rannsaka alla hluti, hvort sem þeir skipta máli eða ekki [...] með það markmið að fella dóm yfir því; sem þýðir að hann er aldrei félagi en alltaf ritskoðandi [...]. Nákvæmur gagnrýnandi er nokkurs konar púrítani í hinum menntaða heimi [...].⁵⁸⁵

⁵⁸² Eagleton: *The Function of Criticism*, 39.

⁵⁸³ „[...] a bogus ‘disinterestedness’ [...]“ Sama, 41.

⁵⁸⁴ „[...] immoral, sinister, scheming, and shady: a terror that dissembles, a hatred that smiles [...] a friend who stabs you [...]“ Kristeva: *The Powers of Horror*, 4.

⁵⁸⁵ „It is a particular Observation I have always made [...] That of all Mortals, a Critick is the silliest; for by inuring himself to examine all Things, whether they are of Consequence or not, [...] with a Design of passing Sentence upon it; by which means, he is never a Companion, but always a Censor [...] A thorough Critick is a Sort of Puritan in the polite World [...]“ Richard Steele: „No. 29 Thursday, June 16, 1709“, *The Tatler*, ritstj. Donald F. Bond, Oxford, Clarendon Press, 1987, 219-220. Tilvitnun sótt í Eagleton: *The Function of Criticism*, 20.

Steele bendir hér á að gagnrýnandinn dæmi sjálfan sig til að standa að einhverju leyti utan samfélagsins og þetta geri hann kjánalegan en jafnframt eins konar hreintrúarmann. Enn í dag hlæjum við að gagnrýnendum og þeir að sjálfum sér, yfirleitt þó með döprum undirtóni, eins og þegar fyrrum sjónvarpsgagnrýnandinn Guðni Elísson harmar að ímynd gagnrýnandans sem viðrinis hamli „marktækri miðlun fræða“ og dragi úr trúverðugleika hans:

En þær táknmyndir gagnrýnandans sem sterkastar eru í þjóðarvitundinni og þær sem með sönnu má kalla viðburð sem hefur skemmtigildi í sjálfu sér, eru oft mótaðar af hugmyndinni um gagnrýnandann sem fræðatrúð. [...] stór hluti vinsælda sjónvarpsgagnrýnandans felist í upplifun á honum sem hreinni grótesku.⁵⁸⁶

Allt frá Richard Steele til Guðna Elíssonar má því sjá tilhneigingu gagnrýnandans til að beina athyglinni að hlutverki sínu sem aðhláturfefni, og þótt Guðni einbeiti sér að stöðu gagnrýnandans í sjónvarpsmiðlinum, má segja að afþreyingarkrafan herji einnig á Samuel Johnson. Enda minna lýsingar Guðna á eiginleikum sjónvarpsins, þar sem bannað er að flækja málín eða útskýra of mikið,⁵⁸⁷ allnokkuð á lýsingar Johnsons hér að framan á eiginleikum stuttu tímaritapistlanna. Eins og Guðni bendir á mun ímynd gagnrýnandans í afþreyingarmiðuðu umhverfi alltaf tengjast skemmtigildi hans og hlutskipti hans þar, sem fulltrúa „gagnrýninnar hugsunar“ og „fræðilegrar neikvæðni“ er að vera „annarlega í sveit settur“.⁵⁸⁸

Þeir sem eiga í hagsmunatogstreitu við gagnrýnendur nýta sér gjarnan gróteska ímynd gagnrýnandans sem „fræðatrúðs“ eða „púrítana“ á markaðstorgi til að grafa undan ógnvænlegu valdi hans. Gagnrýnandinn er svín sem rótar í ruslinu í leit að einhverju ætilegu, tilkynnti leikarinn og leikstjórinn Benedikt Erlingsson er hann tók við menningarverðlaunum DV úr hendi gagnrýnandans Jóns Viðars Jónssonar í mars 2010, og vísaði þar til áður nefndra orða Edwards Albees (sjá bls. 63). Þá hafði Benedikt þegar lýst því yfir að honum væri það þvert um geð að taka við verðlaunum úr hendi gagnrýnanda og viðurkenna þannig vald hans til að dæma verk sín.⁵⁸⁹ Bókmenntagagnrýnandinn Soffía Auður Birgisdóttir hafði hins vegar áður sagt að sín vegna megi „vel líkja gagnrýnandanum við svín, hund eða nöðru“. Hún „geri bara þá einu kröfu að svínið sem rótar í ruslinu geri það af áhuga og ástríðu, þá [sé] til

⁵⁸⁶ Guðni Elísson: „Þrjátíu mínútur í sjónvarpssúpunni. „Fjölmiðlun“ fræða og ímynd gagnrýnandans“, *Milli himins og jarðar. Maður, guð og menning í hnotskurn hugvísinda. Erindi flutt á hugvísindapíngi guðfræðideildar og heimspekideildar 18. og 19. okt. 1996*, ritstj. Anna Agnarsdóttir, Pétur Pétursson og Torfi H. Tulinius, Reykjavík, Háskólaútgáfan, 1997, 54.

⁵⁸⁷ Sama, 47.

⁵⁸⁸ Sama, 51-52.

⁵⁸⁹ Benedikt Erlingsson, ávarp við afhendingu Menningarverðlauna DV, Reykjavík, Iðnó, 10. mars 2010.

einhvers unnið“.⁵⁹⁰ Hin gróteska ímynd gerir gagnrýnandann vissulega hlægilegan — en ef litið er til kenninga Mary Douglas (sjá bls. 18) má segja að vald gagnrýnandans sé einmitt fólgið í því að hann er hið heilaga fífl sem dansar á mörkum andstæðna sem við teljum ósættanlegar. Við hlæjum að honum og hann hlær að sjálfum sér en hlátur er óttablandið viðbragð og við skelfumst vald gagnrýnandans til að afhjúpa höggstað okkar; óskilgreinanlegt og því óhnekkjanlegt vald hans. Við bregðumst því við honum með háði og gróteskum lýsingum um leið og við tökum við verðlaunum úr hendi hans eða reiðumst „árásam“ hans en þannig aukum við einnig annarlegt vald hans, staðfestum ógn hans. Hann er hið heilaga fífl; vitringur sem fórnar virðingu sinni til að geta ráðist að meinsemdum samfélagsins og staða hans sem aðhlátursefni gerir hann ósnertanlegan.

⁵⁹⁰ Soffía Auður Birgisdóttir: „Ástfangið svín“, 7.

3 Fyrsti eiginlegi ritdómurinn

„Eins og rímur (á Íslandi) eru kveðnar, og hafa verið kveðnar allt að þessu, þá eru þær flestallar þjóðinni til minningar“, fullyrðir Jónas Hallgrímsson í ritdómi í *Fjölni* árið 1837. Hann sér þó ljósgætu í myrkrinu, von til þess að hægt sé að snúa óheillaþróuninni við og beina henni í rétta átt: „Enn því er betur, það er eins og menn sjeu farnir að vakna við. Það eru farnar að rísa upp raddir móti þessum ósóma.“⁵⁹¹ Páll Valsson kallar þessa umfjöllun Jónasar um *Rímur af Tistrani og Indíönu* eftir Sigurð Breiðfjörð fyrsta eiginlega ritdóminn í nútímaskilningi á íslensku,⁵⁹² og ríkir almennt samþykki um að svo sé.⁵⁹³ Áður höfðu þó birst umsagnir um bækur í íslenskum tímaritum, oft í formi fréttu, tilkynninga eða auglýsinga, og í *Skírni* höfðu verið gerðar tilraunir með ritdómaformið (sjá 2. kafla). Jónas var ekki einu sinni fyrstur til að fordæma rímurnar, í umfjöllun sinni segir hann sjálfur að *Sunnanpóstinum* hafi „tekjst vonum betur“ í gagnrýni sinni á rímur þótt *Sunnanpósturinn* slái úr í miðju kafi og sé of meinlaus að mati Jónasar.⁵⁹⁴

Páll rökstyður að ritdómur Jónasar sé fyrsti eiginlegi ritdómurinn með því að „vikið er að skáldskaparlegum forsendum heillar bókmenntagreinar, þ.e. rímnanna og síðan farið mjög nákvæmlega í saumana á skáldamálinu og bent með ítarlegu dæmasafni á skakkar kenningar og aðrar sem særa fegurðarsmekk ritdómarans“.⁵⁹⁵ Páll telur sem sagt rökstutt mat á gæðum verks út frá fagurfræðilegri hugmyndafræði marka ritdómaformið. Þó er ekki síður mikilvægt að skrif sem telja má „fyrstu eiginlegu ritdómanna“ í Danmörku (sjá bls. 136), á Englandi (sjá bls. 140) og Íslandi eru neikvæð ef ekki beinlínis harkaleg. Þetta bendir til þess að viðleitni til að benda á það sem miður hefur farið sé einn mikilvægasti eiginleiki ritdóma.

Vissulega skiptir mótuð fagurfræðileg stefna máli. „Fyrsti danski ritdómurinn“, birtist, líkt og „fyrsti íslenski ritdómurinn“, í tímariti sem hefur fegurðina í forgangi.⁵⁹⁶ En ritdómarnir virðast vilja marka skýr skil; gefa þau skilaboð að hér verði engin miskunn sýnd. Eins virðast þeir sem skrifa bókmenntasöguna leita uppi slík skil til að marka upphaf gagnrýnnar hugsunar í bókmenntaumfjöllun á almannavettvangi. Mýtan sem skapast er sú að menn vakni við.

⁵⁹¹ Jónas Hallgrímsson: „Rímur af Tistrani og Indíönu“, 18.

⁵⁹² Páll Valsson: *Jónas Hallgrímsson*, 160.

⁵⁹³ Sjá t.d. Þröstur Helgason: „Jónas og rímurnar“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 28. febrúar 1998, 6.

⁵⁹⁴ Jónas Hallgrímsson: „Rímur af Tistrani og Indíönu“, 19.

⁵⁹⁵ Páll Valsson: *Jónas Hallgrímsson*, 162.

⁵⁹⁶ Í *Nye Tidender om lærde og curieuse Sager*, 13. október 1741.

Vilhjálmur Þ. Gíslason bendir á að heildarsvipurinn á efni *Fjölnis* sé „talsvert annar en á Gömlu félagsritunum og Klausturpóstinum“. *Fjölnir* flytji „aðallega humanistiskt efni, bókmenntir og fræði“ og telst Vilhjálmi til að í þremur fyrstu árgöngunum séu bókmenntir um þriðjungur umfjöllunarefnisins en reyndar fléttist bókmenntaþættirnir við annað efni.⁵⁹⁷ Strax í fyrsta árgangi *Fjölnis*, árið 1835, er liður sem heitir „Bóka-fregn“, en undir þeirri fyrirsögn er sagt frá bók sem fjallar um efnahag og fólksfjölda á Íslandi. Fram kemur að fyrir utan töflur um fólksfjölda og fjárhag á Íslandi sé ekki sé mikið á bókinni að græða, niðurstöður höfundar eru dregnar í efa og vísað til orða Benedikts Schevings í danska dagblaðinu *Kjöbenhavnsposten* í því samhengi.⁵⁹⁸ Umfjöllunin er ómerkt. Í þriðja árgangi kemur svo dómur Jónasar Hallgrímssonar um rímur Sigurðar Breiðfjörðs af Tistrani og Indíönu, og er af öðrum toga. Þar lýsir Jónas yfir stríði á hendur rímnakveðskap og skáldum sem stunda hann. Ástæðuna segi hann vera þá að rímur komi „töluverðu illu til leiðar“, þ.e. þær eyði og spilli „tilfinningunni á því, sem fagurt er og skáldlegt og sómir sjer vel í góðum kveðskap“. ⁵⁹⁹ Þetta kallar Vilhjálmur Þ. Gíslason „listkenningu“ Jónasar,⁶⁰⁰ en hún er nokkuð svipuð þeirri sem Magnús Stephensen setur fram í *Skemmtilegri vinagleði* árið 1797 þegar hann segir að ljóðmælin þar séu ætluð „til útbreiðslu betri skáldskapar-smecks en þess, er mest drottinnar nú hér í landi“ og nefnir þar til að „bögur og rímur velli af marklausu þvættings bulli, stagli, meiningarlausum hor-tittum og heimsku kenningum“. ⁶⁰¹ Árni Sigurjónsson hefur bent á að ritgerð Magnúsar „Um snilld í grafminningum og skáldmælum“ vísi einnig á ýmsan hátt fram til skrifa Jónasar Hallgrímssonar um bókmenntaleg efni. ⁶⁰² Þröstur Helgason telur að Magnús Stephensen hafi, í skjóli einokunar hans á hinu prentaða orði á Íslandi⁶⁰³ og menntunarlegra yfirburða „mótað nýjan orðræðuhátt, eða umræðugrundvöll, sem rómantíkerarnir tóku upp eftir honum“. Orðið hafi til „samfélag menntamanna“ sem „tók að sér það boðunar- eða kennarahlutverk sem eingöngu klerkastéttin hafði gegnt áður“. Um leið „breyttist bæði háttur skrifanna og inntak“. Hlutirnir hafi verið „settir í veraldlegt og sögulegt samhengi og skoðaðir undir gagnrýnu ljósi skynseminnar“. ⁶⁰⁴

⁵⁹⁷ Vilhjálmur Þ. Gíslason: *Blöð og blaðamenn 1773-1944*, 59-60.

⁵⁹⁸ „Bóka-fregn“, ritdómur um *Om Islands Folkemængde og oeconomiske Tilstand siden Aarene 1801 og 1821 til Udgangen af Aaret 1833* eftir Bjarna Thorsteinson, *Fjölnir*, 1835, 95-96.

⁵⁹⁹ Jónas Hallgrímsson: „Rímur af Tistrani og Indíönu“, 18.

⁶⁰⁰ Vilhjálmur Þ. Gíslason: *Blöð og blaðamenn 1773-1944*, 58.

⁶⁰¹ Magnús Stephensen: „Til lesaranna“, ix.

⁶⁰² Árni Sigurjónsson: *Bókmenntakenningar fyrri alda*, 364-366.

⁶⁰³ „[...] hann stýrði einu prentsmiðjunni á landinu, Viðeyjarprenti, allt frá árinu 1795 til 1833 er hann lést [...]“

Þröstur Helgason: „Jónas og rímurnar“, 6.

⁶⁰⁴ Sama, 6.

Inga Sigurðssyni finnst eftirtektarvert að Magnús Stephensen hafi lagt „meira kapp á að gagnrýna það, sem honum þótti miður fara í efni og formi bókmennta, en að setja fram nákvæmar hugmyndir um það, hvernig góð bókmenntaverk ættu að vera.“⁶⁰⁵ Viðhorf Magnúsar til bókmennta felist „m.a. í gagnrýni á léttvægt og jafnvel siðspillandi lestrarefni alþýðu“. Magnús var ekki einn um þá áherslu en í skrifum Jónasar og annarra Fjölmannanna má merkja einhverjar breytingar á því hvað telst léttvægt og siðspillandi. Hannes Finnsson og Jón Espólín töldu til dæmis að ævintýri, riddarasögur, tröllasögur og rímur væru ekki hentugar til uppfræðslu barna,⁶⁰⁶ en þótt Jónas gagnrýni rímurnar taka Fjölsmenn upp hanskan fyrir ævintýrin í anda rómantísku stefnunnar. Og þótt taka megi undir það að Jónas og aðrir Fjölsmenn gangi inn í þá gagnrýnu orðræðuhefð sem Magnús Stephensen hefur skapað má segja að hjá þeim búi að baki samfélagsleg róttækni sem ekki var fyrir að fara hjá Magnúsi. Menntun hafði lengi verið forréttindi valdhafa og samfélag menntamanna því órjúfanlega tengt valdastéttinni. Þegar Jónas ritar dóm sinn hefur einokun Magnúsar á hinu prentaða orði verið aflétt. Rými og vilji skapast til að setja fram heiftarlega gagnrýni á yfirvald af ýmsum toga,⁶⁰⁷ í þágu umbreytinga af þeim þunga og með því formlega yfirbragði sem fylgir tímaritaforminu (sjá bls. 105).

Jónas Hallgrímsson lætur svo sannarlega í ljós vilja til þess að rífa niður í þágu umbóta. Hann dregur ekkert undan í ritdómi sínum og segir rímur Sigurðar Breiðfjörðs „sannast að seigja [...] í mesta máta vesælar“.⁶⁰⁸ Páll Valsson segir hér mörkuð tímamót í íslenski bókmenntasögu: „Í fyrsta sinn er vegið að fagurfræðilegum forsendum rímna, vinsælustu bókmenntagreinar á Íslandi og helsti fulltrúi hennar tekinn í gegn og léttvægur fundinn.“⁶⁰⁹ Aldrei fyrr hafi „kveðskapur nafngreinds skálds verið svo undir smásjá opinberlega eða mátt

⁶⁰⁵ Ingi Sigurðsson: *Hugmyndaheimur Magnúsar Stephensens*, 131.

⁶⁰⁶ Sama, 138.

⁶⁰⁷ Árið 1849 lýsir Sveinbjörn Hallgrímsson slíkum vilja þannig: „Tímaritin eiga að benda á brestina bæði í þjóðfélaginu yfir höfuð og líka á annmarkana á einstökum sviðum.“ Sveinbjörn Hallgrímsson: „Dagblöðin eru daglegt brauð 2“, *Þjóðólfrur*, 1849, 72. Rými til slíkrar gagnrýni er forsenda og einkenni nútímablaðamennsku, eða öllu heldur ídealskrar nútímablaðamennsku sem ritstjórinn Björn Þorláksson lýsir svo: „Blaðamenn þurfa á öllu tímum að standa í lappirnar. Burtséð frá vinstri/hægri, burtséð frá því hvaða einstaklingar eða líkur fara með stjórn landsins á hverju tíma, ýmist á landsvísu eða í héraði. Ef blaðamenn standa ekki sjálfstætt í lappirnar hafa þeir brugðist. Deig blaðamennska, blaðamennska hliðholl valdhöfum, grefur undan því grunnildi að blaðamennska sé æskilegt mótvægi raunverulegra valda.“ Björn Þorláksson: *Mannorðsmorðingjar? Faglegar og persónulegar þælingar um stöðu fjölmiðlunar á Íslandi*, Reykjavík, Salka, 2015, 28. Hér er vert að hafa í huga að þótt það sé vissulega rétt að í „rímnadómnum [sé] menntamaðurinn að ráðast að alþýðumanninum og skáldskaparhefð hans í skjóli stöðu sinnar og nýs sannleika um bókmenntirnar“, eins og Þröstur Helgason bendir á í greininni „Jónas og rímurnar“, 6, þá lítur Jónas á þetta alþýðuskáld sem nokkurs konar útsendara embættismannastéttarinnar (sjá bls. 157 í þessari ritgerð).

⁶⁰⁸ Jónas Hallgrímsson: „Rímur af Tistrani og Indíönu“, 19.

⁶⁰⁹ Páll Valsson: *Jónas Hallgrímsson*, 166-167.

þola að rýnt væri í hann af viðlíka miskunnarleysi.⁶¹⁰ Jónas hefur hins vegar langa, evrópska hefð að styðjast við.

Í þessum kafla verður kannað hvernig Jónas nýtir sér þá hefð til að skapa sér kennivald sem ritdómari og til að skapa „öruggt“ og „óháð“ svæði fyrir gagnrýna umræðu — en gefur um leið tóninn fyrir það hvernig nota skuli þetta svæði á pólitískan hátt.

Frjálsir og beittir gagnrýnendur

Fyrstu íslensku ritdómarnir byggja á nokkuð þróaðri, danskri hefð, en tæpum hundrað árum áður en Jónas Hallgrímsson skrifar hinn fræga ritdóm sinn, eða árið 1741, skrifar Thomas Christensen Clitau, kennari, skáld, blaðamaður og ritstjóri á *Nye Tidender om lærde og curieuse Sager* umsögn um stafsetningarkver eftir Niels von Haven, og kallar John Chr. Jørgensen þetta „fyrsta gagnrýna danska ritdóminn“. Þarna komi jafnframt fram fyrsta danska stefnuyfirlýsingin fyrir gagnrýna bókaumfjöllun í fjölmiðlum. Eftir að Clitau hefur talið upp hinar hefðbundnu upplýsingar um bókina gerist nefnilega nokkuð nýtt, segir Jørgensen. Gagnrýnandinn skapi „rökkræðurými fyrir gagnrýni“⁶¹¹ en hann segir:

Þegar áður nefndur bókprentari Groth sendi inn þessa bók, með beiðni um að titill hennar yrði nefndur í þessu tímariti, ásamt lýsingu á innihaldi hennar, verður að gera það ærlega, án þess að blekkja hin námfúsu ungmenni, sem bókina er ætluð, með því að hrósa því sem ekkert hrós á skilið.⁶¹²

Gagnrýnandinn telur að ritdómarnir gæti hagsmuna lesenda og beri því skylda til að koma sannleikanum um bókina á framfæri. Þetta er mjög í anda almennrar blaðamennsku en Fjölismenn gefa svipaða yfirlýsingu í 7. árgangi tímaritsins. Þá hafa þeir augljóslega fengið nokkuð hörð viðbrögð við bókagagnrýni sinni en segjast telja nytsemi gagnrýninnar það mikla að þeir hafi ákveðið að halda áfram að fjalla um rit „beinlínis ætluð Íslendingum“:

Um sum af þeim segjum vjer nokkur orð; og kvíðum vjer ekki því, að höfundar þeirra og hlutaðeigendur meti það til fjandskapar víð sig eða óvildar, sízt ef þeir sjá, að vjer leitum hins rjetta, hvort sem oss tekst að finna það alstaðar eða ekki.⁶¹³

⁶¹⁰ Sama, 165.

⁶¹¹ „[...] argumentationsrum for kritik“. Jørgensen: *Det danske anmelderis historie*, 24.

⁶¹² „Da førstbemældte Bogtrykker GROTH har indstykket denne Bog, med Begiæring, at man vilde indtrykke dens Titel i dette JOURNAL, og tillige med tale om dens Indhold: Saa skal sligt ogsaa oprigtigen skee, uden at bedrage den kiære studerende Ungdom, til hvilken den er stilet, med uforsvarliga at rose det, som er ingen Roes værd.“ Thomas Christensen Clitau, ritdómur um *Et lidet Orthografisk Lexikon* eftir Niels von Haven, *Nye Tidender om lærde og curieuse Sager*, 13. október 1741. Tilvitnun sótt í Jørgensen: *Det danske anmelderis historie*, 24.

⁶¹³ „Bókafregn“, *Fjölur*, 1844, 74.

Fjölismenn telja það hlutverk bókagagnrýnandans að draga óttalaust fram „hið rétta“ um bækurnar og í þeim anda eru harkalegir ritdómar í næsta árgangi tímaritsins. Þar varar til dæmis H.F., sem líklega er Halldór Kr. Friðriksson, lesendur *Fjölnis* við íslensku stafrófskveri⁶¹⁴ eftir Pétur Guðjohnsen á svipaðan hátt og Clitau gerði rúmunum 100 árum fyrr. Textinn er reyndar sláandi líkur texta Clitau, þótt Halldór gangi nokkuð lengra í lokin, eins og sjá má af þessum dæmum:

Nú mun ég láta staðar numið; því ef ég héldi svona áfram frá upphafi til enda myndu athugasemdirnar verða umfangsmeiri en bókinn sjálf. Ég vil einungis ráðleggja stúderandi ungmennum að hunsa réttitunarkennslu þessarar bókar [...].⁶¹⁵

Jeg vonast til, að menn geti nú ráðið í, hvernig kverið er, og óþarfi sje að skýra nákvæmara frá því, til þess menn sannfærast um, að það getur ekkert gert nema illt eitt; það eru því tilmæli mín við alla landa mína, að þeir varist að láta þetta kver komast í hendur á börnum sínum; en þá, sem hafa glæpzt á að kaupa það, vildi jeg biðja að stinga því sem fljótast í eldinn.⁶¹⁶

Líkt og Clitau setur Halldór harkalegan áfellingisdom sinn yfir ritinu fram með þeim formerkjum að hann sé að veita lesendum nauðsynlega þjónustu. Hér er að verða aukin afmörkun á hlutverki ritdómarans, með skýrari skilgreiningum á kröfunum sem gerðar eru til hans, hæfninni sem krafist er og skyldunum sem hann þarf að gegna til að geta tekið sér valdastöðu. Þeirri stöðu fylgja hins vegar óljós hlunnindi; þau virðast öðru fremur felast í virðingarstöðunni sem hlutverkinu fylgir; táknrænum auði sem hefur mikið gildi innan bókmenntasviðsins og fjölmiðlasviðsins en minna gildi utan þeirra. Skyldurnar snúa, eins og fram hefur komið, fyrst og fremst að lesendum fjölmiðilsins, en í tilviki Jónasar Hallgrímssonar má sjá að hann telur sig ekki síður þurfa að uppfylla skyldur gagnvart höfundum og menningarlífinu almennt.

Árið 1768 lýsti danski ritstjórinn Jacob Baden því yfir að viðbrögð frjálsra og beittra gagnrýnenda væru eina leiðin til að reisa víggarða um smekkin og ákvarða verðleika höfundanna. Í lýsingum hans á æskilegum eiginleikum gagnrýnenda má sjá þá fyrirmynd sem hefur fest sig í sessi er Jónas mundar pennann gegn rímum Sigurðar Breiðfjörðs. Fyrirmyndargagnrýnandi Badens er málefnalegur og einbeittir sér að verkinu sjálfu frekar en

⁶¹⁴ Það er engin tilviljun að svo heiftúðug gagnrýni beinist að stafsetningarkveri því málræktarpólitík er eitt af hjartans málum Fjölismanna og stór þáttur í sjálfstæðisbaráttunni sem litar alla blaðamennsku Íslendinga á 18. og 19. öld og þar með ritdóma. Málræktaráhuginn er þannig samofinn frelsishugsjóninni sem *Fjölirnir* á að þjóna.

⁶¹⁵ „Nu vil jeg her bryde af; Thi der som jeg saaledes vilde fare fort fra det første til det sidste, vilde Anmærkningerne blive vidtløfigere end Bogen selv. Jeg vil alleneste raade den studerende Ungdom, at den lader denne Bogs Retskrivelse fare [...].“ Clitau, ritdómur um *Et lidet Orthografisk Lexikon*. Tilvitnun sótt í Jørgensen: *Det danske anmelderis historie*, 25.

⁶¹⁶ H.F.: „Bókafregn“, ritdómur um *Stafrófskver handa börnum* eftir Pétur Guðjohnsen, *Fjölirnir*, 1845, 76.

höfundinum eða ferli hans og frægð. Hann er einnig óháður bókmenntalegum flokkadráttum samtímans. Hann á ekki einu sinni að umgangast rithöfunda og hann á rétt á að skrifa undir nafnleynd.⁶¹⁷ Þannig samtvinnast krafan um frjálst og óháð menningarsvið kröfunni um frjálsa og óháða einstaklinga innan sviðsins; frelsi undan stjórnvaldi og markaði sem fer saman við frelsi undan persónulegum hagsmunum verður frelsi sem kalla má „fagmennsku“.

Rétt ritdómarans til að dæma segir Baden fyrst og fremst vera rétt almenns lesanda.⁶¹⁸ Allir lesendur eru þannig *mögulega* dómarar, þótt aðeins hluti þeirra sé *lögmætir* dómarar, en Jørgensen segir að samkvæmt Baden velti vald gagnrýnandans eingöngu á því sem hann skrifar, ekki hver hann er.⁶¹⁹ Þetta rímar við greiningu Terrys Eagletons á enskum 18. aldar gagnrýnendum þar sem lögmæti þess sem sagt er veltur hvorki á skilaboðunum né samfélagstitli þess sem talar heldur á „formlegu eðli orðræðunnar“ (sjá bls. 108).⁶²⁰ Baden skilgreinir gagnrýnandann sem ákveðið stig málsmeðferðar (d. *instans*), ekki opinbera persónu, segir Jørgensen, enda sé það ekki fyrr en eftir ritstjórnartíð hans sem undirskriftir fara að fylgja ritdómunum.⁶²¹ Nafnlausir ritdómar í ritstjórnartíð Badens bera, samkvæmt þessari túlkun Jørgensens, þá blekkingu í sér að í þeim sé talað fyrir hönd bókmenntastofnunar og að sú bókmenntastofnun sé átakalaus heild. Vísindaleg orðræða hennar tengist „nafnleysi sannleikans“ (sjá bls. 99), því sem Foucault kallar kerfisbundið hugakanet sem ábyrgist orðræðuna „án vísunar til einstaklingsins sem framleiddi hana“. Foucault telur reyndar að á sama tíma hafi „bókmenntaleg“ orðræða orðið „því aðeins meðtækileg að henni fylgdi höfundarvirkni“ og að hugmyndin um höfundinn marki „upphaf einstaklingshyggjunnar í sögu hugmynda, þekkingar og bókmennta, svo og í sögu heimspeki og vísinda“. Textar geta fengið ákveðinn sess innan samfélags séu þeir merktir með nafni höfundar, þótt slík „virkni höfundar“ sé breytileg. Í vísindalegri orðræðu getur höfundarnafn til dæmis ekki aðeins verið „vísbending um höfund“ og „ábending um upptökin heldur einnig ákveðinn vísir um „áreiðanleika“ þeirrar tækni og viðfangsefna sem notuð eru á tilteknum tíma“. Í höfundarnafni birtist „ákveðnir hópar orðræðna og vísbending um stöðu þessarar orðræðu innan samfélagsins og menningarinnar“.⁶²² Þá breytingu að setja einkennisstafi eða

⁶¹⁷ Jørgensen: *Det danske anmelderis historie*, 36-37. Nafnleyndin verndaði einnig gagnrýnendurna en hið nýja ritdómaform vakti stundum það mikla reiði að höfundar í hefndarhug reyndu að leita gagnrýnendurna uppi.

⁶¹⁸ „Man skriver for at læses, og ingen Skribent bør fortryde paa at finde dømmende Læsere“, segir í formálanum. Strax og höfundur ákveður að verða rithöfundur ljóstri hann því upp að hann „har tiltroet sig meer end almindelige Indsigter, hvorover han gjør enhver Læser til Dommer ved at gjøre dem offentlig bekiende.“ „Til Læseren“, *Kongelig privilegerede Adressecontoirs Kritiske Journal om Bøger og Skrifter*, 1. janúar 1768, 6 og 10-11. Sótt í Jørgensen: *Det danske anmelderis historie*, 37.

⁶¹⁹ Jørgensen: *Det danske anmelderis historie*, 37.

⁶²⁰ „[...] the formal character of one's discourse [...]“ Eagleton: *The Function of Criticism*, 15.

⁶²¹ Jørgensen: *Det danske anmelderis historie*, 37.

⁶²² Foucault: „Hvað er höfundur?“, 72, 79, 80-83 og 85.

nafn undir ritdóma mætti túlka sem merki um meiri áherslu á höfundarnafn ritdómarans og um leið viðurkenningu á togstreitu milli ólíkra hópa og orðræðna innan bókmenntasviðsins, þ.e. hinni hlið ritdómastarfsins sem felur í sér vilja til að hreinsa til í kerfinu, jafnvel þótt það feli í sér uppreisn gegn valdastofnunum eða valdamiklum einstaklingum. Flöktið með undirskriftir ritdóma eða nafnleysi, sem mátti m.a. lengi sjá í íslenskum fjölmiðlum og fjölmörg dæmi eru um í þessari ritgerð, er ein birtingarmynd þess að form höfundarvirkni „ekki algilt eða stöðugt í öllum orðræðum“ og að það eru „ekki alltaf sömu textarnir sem krafist er að léð sé eignarhald“.⁶²³ Það er eins og ákveðin óvissa ríki um það hvort og þá hvernig höfundarvirkni ritdómar ættu að hafa, þrátt fyrir að raunin sé sú að sífellt meiri áhersla er lögð á höfundarnafn ritdómarans og persónulega afstöðu hans.

Nafnleysi ritdómara og kröfuna um frjálsa fagmennsku (sjá bls. 138) má að einhverju leyti túlka sem viðbrögð við óvissunni um það hvar mörkin séu milli persónulegra tilfinninga einstaklingsins sem gegnir hlutverki gagnrýnanda og opinberrar afstöðu bókmenntastofnunarinnar. Eins og fram hefur komið (sjá bls. 119) telur David Hume að fagurfræðileg upplifun tilheyrir sviði tilfinninganna, sé „viðfangsefni smekkvísi og næmi fremur en skilningsgáfunnar“. Fegurð sé „fremur eitthvað sem vér höfum tilfinningu fyrir en eitthvað sem vér skynjum“. Þó sé hægt að rökleiða um hana og fastsetja einhvern mælikvarða með hliðsjón af „almennum smekk fólks eða einhverju slíku sem hægt er að rannsaka og rökleiða um“.⁶²⁴ *Smekkur*, helsta tækið sem notað er til flokkunar og úrskurða, byggir á hugmyndinni um sammannlega tilfinningu fyrir fegurð sem hægt er að nálgast í gegnum persónulegar tilfinningar. Pierre Bourdieu lýsir því svo að þegar listaverk mæti neytanda sínum skapist möguleiki á því að neytandinn finni eitthvað sem hann vissi ekki að hann væri að leita að, uppgötvu eitthvað sem er þegar til staðar, „eitthvað sem maður hefur smekk fyrir“. Það þýði að listamaðurinn verði „sérfræðingur í að hlutgera smekk og raungera þannig hið mögulega“.⁶²⁵ Á sama hátt mætti segja að ritdómarinn verði sérfræðingur í því að uppgötva það sem hann hefur smekk fyrir sem fulltrúi bókmenntastofnunarinnar. Því þarf ritdómarinn að nota persónulega upplifun sína af listaverki sem grundvöll dómanna sem hann setur fram. Hann þarf þó að velja úr þær tilfinningar sem um ætti að ríkja almennt samþykki, sbr. áherslu Kants á að hið fagra sé viðfang altækrar velþóknunar (sjá bls. 122). Hæfni hans til að meta hvaða tilfinningar, sem vakna andspænis listaverki, séu góðar og gildar ætti þannig að liggja til grundvallar úrskurðum hans.

⁶²³ Sama, 81.

⁶²⁴ Hume: *Rannsókn á skilningsgáfunni*, 268.

⁶²⁵ Bourdieu: „Myndbreyting smekksins“, 47.

„Fyrsta boðorð gagnrýnanda er að taka afstöðu. Annað er að rökstyðja hana“, segir Jón Kalman Stefánsson árið 1990 í ársriti bókmenntafræðinema við Háskóla Íslands.⁶²⁶ Þetta viðhorf er síður en svo nýtt af nálinni, en Jørgensen telur megináherslu danskra ritdóma 18. aldar færast frá almennum upplýsingum til úrskurðar ritdómarans. Sífellt meiri áhersla er lögð á þá skyldu gagnrýnanda að taka persónulega afstöðu til listaverka, eins og sjá má á því að um aldamótin 1900 segir Saintsbury, talsmaður rómantíkurinnar, að 17. aldar gagnrýnandinn Boileau hafi nú einungis sögulegt gildi en samtíðarmaður hans Dryden verði ætíð fyrirmynd, vegna þess að Dryden hafi haft vit til að spyrja spurningarinnar „finnst mér þetta gott eða slæmt?“ og gáfur til að svara, í stað þess að spyrja og svara spurningunni „er þetta gott eða slæmt samkvæmt þessu eða hinu kerfi og forskrift?“⁶²⁷ Samkvæmt þessari söguskýringu Saintsbury's færist áherslan af klassísku „reglunum“ yfir á persónulega afstöðu gagnrýnandans.⁶²⁸ Og það sem liggur til grundvallar hinn persónulegu afstöðu eru tilfinningarnar sem vakna andspænis listaverki, lestraránægja (eða óánægja) í tilviki bókagagnrýnandans.

Saintsbury virðist þeirrar skoðunar að gagnrýnanda beri fyrst og fremst að taka afstöðu, úrskurða um gæði verks út frá lestrarreynslu sinni.⁶²⁹ Og líkt og íslenskir fræðimenn, sem marka upphafspunkt við ritdóm Jónasar Hallgrímssonar um rímur Sigurðar Breiðfjörðs, hafa Englendingar markað þáttaskil við sérlega óvægna umfjöllun, en fyrsti eiginlegi bókmenntaritdómurinn á ensku hefur oft verið sagður *Remarks on Prince Arthur* sem John Dennis birti árið 1696 og fjallar um epíska ljóðið *Prince Arthur* eftir Richard Blackmore.⁶³⁰ Trolander og Tenger telja til dæmis að dómur Dennis marki ákveðna þróun gagnrýninnar frá því að vera samræða milli jafningja yfir í gagnrýni prentmiðlanna sem hefur á sér yfirbragð yfirvalds. Gagnrýni 17. aldar hafi enn verið athöfn sem vinir eða litlir hópar tóku þátt í, annað hvort með sköpun og dreifingu bókmenntatexta eða með því að lesa texta og ræða um þá. Slík gagnrýni hafi verið mikilvæg menningarstofnun sem gat miðlað milli handritakerfisins og

⁶²⁶ Jón Stefánsson: „Um ljóðagagnrýni í dagblöðum: Gagnrýnendur gagnrýndir“, *Ársrit Torfhildar*, 4 1990, 3.

⁶²⁷ Saintsbury: *A History of English Criticism*, 130.

⁶²⁸ Saintsbury telur til dæmis einn helsta gallann á bókmenntagagnrýni Aristotelesar vera þá staðreynd að hann gefi aldrei til kynna velþóknun sína á ákveðnum bókum eða höfundum, gefi aldrei upp raunverulegt gagnrýnið mat sitt. Þetta eigi við um alla formaldargagnrýni, að undanskildum verkum Dionysiusar frá Halicarnassus, Quintilians og Longinusar. Sama, 130.

⁶²⁹ Sjá t.d. þau ummæli hans að undirtitill bókarinnar *History of Criticism* eftir Samuel Johnson, „as it relates to *Judging of Authours*“, vísi til mikilvægasta hluta bókarinnar, ef ekki aðalmarkmiðs bókmenntagagnrýninnna. Sama, 6-7.

⁶³⁰ H. G. Paul, Richard G. Terry og Harry M. Solomon eru meðal þeirra sem hafa það eftir Edmund Gosse að þetta sé „the first modern review“ eða „the first English review of a book in a modern sense“. Sjá H. G. Paul: *John Dennis. His Life and Criticism*, New York, The Columbia University Press, 1911, 29. Richard G. Terry: *Mock-heroic from Butler to Cowper: An English Genre and Discourse*, Aldershot, Ashgate Publishing, 2005, 60. Harry M. Solomon: *Sir Richard Blackmore*, Boston, Twayne Publishers, 1980, 46.

prentkerfisins. Gagnrýni sem hverfðist í kringum handrit hafi verið álitin gagnvirk samvinnuferli félaga sem miðaði að því að velja úr, skrá, safna og bæta handrit áður en þau fóru í dreifingu. Einstaklingar sem höfðu aflað sér orðspors sem dómamar og færir gagnrýnendur voru eftirsóttir af höfundum og lesendum, sem álitsgjafar, og um meðmæli í einhverju formi (sem gátu verið allt frá því að koma handriti áfram í fleiri hendur yfir í að skrifa formála að safni verka eða mæla með þeim bréfleiðis) hafi gilt viðtekin viðmið um félagsleg samskipti. Dómar hafi orðið nokkurs konar „söluvara“ menningarheimsins; vinveittir gagnrýnendur tóku þátt í framleiðslu bókmenntaverks og öðluðust þannig hlutdeild í menningarauðnum sem skapaðist kringum verkið þegar því var dreift. Menningarlegar athafnir og vinsamleg orðræða innan afmarkaðra hópa hafi markað svæði gagnrýnna dóma. Þar gátu einstaklingar felld dóma og gefið umsagnir en ákveðin tegund gagnrýni, til dæmis óumbeðin gagnrýni eða opinberar aðfinnslur, taldist brjóta í bága við góða mannsiði; brjóta gegn viðurkenndum samskiptalögmálum. Til að forðast slíkar ásakanir þurfti gagnrýni að virðast eiga uppruna sinn í þeim persónulegu samskiptum sem talin voru hæfa gagnrýninni umræðu.⁶³¹

[...] jafnvel opinber gagnrýni — sem var þá oftast prentuð gagnrýni — var yfirleitt ekki byggð upp að fordæmi ríkisritskoðunar heldur sem ráðleggingar vinar sem vildi leiðrétta eða hrósa viðkomandi höfundi. Jafnvel satíriskar aðfinnslur voru réttlættar með persónulegri tengingu við viðkomandi höfund eða með því að um væri að ræða álit lítils hóps sem vildi draga athygli breiðari hóps að alvarlegu vandamáli.⁶³²

Með hliðsjón af kenningum McLuhans (sjá bls. 105) má segja að inntak nýja miðilsins, prentsins, sé í upphafi gömlu miðlarnir, sendibréfin og samtölin, og að tortryggni ríki í garð nýrra eiginleika prentmiðlanna. Trolander og Tenger benda til dæmis á að á fyrri hluta ferils sín leitist John Dennis við að tengja gagnrýni sem birtist á almannavettvangi hugmyndum um gagnkvæm samskipti í lokuðum hópum. Þetta megi til dæmis sjá í *Letters* frá 1696, þar sem formið sjálft, bréfasamskipti, endurspeglir hvernig þeim sem tóku þátt í gagnrýninni umræðu af alvöru þótti nauðsynlegt að setja skrif sín fram sem afurð vinalegra samskipta í afmörkuðum hópi fremur en vörur á prentmarkaði.⁶³³ Samtalsformið sem Dennis notar í *The Impartial Critick* frá 1693, segi sömu sögu, en það verk er nokkurs konar fræðiritgerð um

⁶³¹ Trolander og Tenger: *Sociable Criticism in England, 1625-1725*, 11, 16, 19-20, 32-33 og 37-38.

⁶³² „[...] even public criticism — for the most part print criticism — was most often modeled not after the example of the state censor but that of the friend who sought to correct or to praise the author or work in question. Even satiric modes of censure sought to justify themselves as though they were sanctioned by some personal connection to the author in question or as the work of a small group that hoped to bring some larger problem before a wider public.“ Sama, 15.

⁶³³ Sama, 139.

gagnrýni þar sem ímyndaðar persónur, Beaumont og Freeman, ræða um hlutverk gagnrýnandans og gefa vinalegar ábendingar um það sem betur mætti fara. Öllum samskiptum þeirra er ætlað að vera gagnkvæm og báðir eiga á hættu að sett verði ofan í við þá.⁶³⁴

Þegar samskiptin eru komin á prent er hins vegar meiri hætta á yfirbragði „bókmenntalegrar harðstjórnar“ eins og sjá mátti þegar í tilviki de Sallos, sem þó reyndi að nota prentmiðilinn sem vettvang umræðna (sjá bls. 46). Sögupersónan Beaumont er látin tíunda ýmsa vankanta sem einkenna prentaða ritdóma; hann kvartar yfir því að „gagnrýnandaþekking“ Freemans hafi lyft smekk hans svo hátt yfir samtímamenn hans að dómur hans séu ekki lengur gagnlegir og höfði ekki til almennra lesenda og höfunda. Beaumont varar Freeman jafnframt við því að gagnrýni hans á einstaka höfunda geti virst spretta af öfund. Freeman ætti að láta galla mikilfenglegra höfunda liggja milli hluta af virðingu við snilld þeirra, annars eigi hann á hættu að vera kallaður smásmugulegur og ófær um að njóta þess sem fullkomið er. Ef ekki væri fyrir siðareglur ákveðins hóps um samskipti sín á milli og vinalegar ábendingar félagans, segja Trolander og Tenger, væri Freeman líklegur til að ógna vingjarnlegum tóni samfélagsumræðunnar með hvassri gagnrýni um lítilvæga hluti — en jafnframt myndi hann skapa heillandi form gagnrýni, ætlaða almannavettvangi, þar sem gallar Freemans sem féлага yrðu að dyggðum dómurans. Freeman tali til dæmis oft sem dómari eða löggjafi sem beinir orðum sínum að lesendum og höfundum prentmiðla frekar en félagi sem gagnrýnir á persónulegum nótum. Gagnrýnin sýni skynsemi og dómgreind gagnrýnandans og spretti af meginreglum og lögmálum frekar en persónulegum samskiptum. Sem réttlátur *dómari* skáldskapar, er kveði upp úrskurði um útgefin rit fremur en að ráðleggja vini um verk í smíðum, sé æðsta skylda gagnrýnandans að þjóna reglum skáldskaparins en ekki einstaklingum. Skylda slíks gagnrýnanda sé að bæta skáldskaparlistina almennt og með því að benda á galla í verkum skálda megi forða öðrum höfundum frá því að falla í sömu gryfju, m.a. af ótta við að gallarnir verði afhjúpaðir á almannavettvangi.⁶³⁵

Sögupersónan Freeman telur að eini rétti stíllinn fyrir gagnrýni sé fræðandi (e. *Didactic*) stíll sem búi yfir alvörubunga (e. *Gravity*) og ljái því gagnrýninni yfirbragð kennivaldsins (e. *Authority*), auk þess að höfða til skynseminnar. Formið skilur þannig á milli gagnrýni og persónulegra, gagnkvæmra skoðanaskipta í lokuðum hópum en alvörubringinn fræðastíll höfðar til skynseminnar, að mati Freemans, sem telur að ef gagnrýni sé ekki alvarleg, hlutlaus, skynsamleg og laus við flærð, eiginhagsmuni og illgirni sé hún ekki sönn

⁶³⁴ Sama, 144.

⁶³⁵ Sama, 144-146.

gagnrýni. Trolander og Tenger benda á að prentuð gagnrýni hafi oft vakið hörð viðbrögð og margir gagnrýnendur sem skorti tryggt bakland hafi því kosið að gagnrýna undir nafnleynd.⁶³⁶ Dennis tekur í raun þátt í tilraunum til að gera formið sjálft, stíllinn, að yfirvaldi í sjálfu sér og skapa viðurkennda orðræðuhefð fyrir nýja tegund prentgagnrýni; orðræðuhefð sem veitir sjálfstæði frá hinu félagslega regluverki, gefur öruggan ramma þar sem fara má yfir mörk þess regluverks.

Enginn ákveður að þessi einstaklingur eða hinn muni vera ábyrgur fyrir að gera upp á milli texta. Því verður stíllinn að miðla endanleika niðurstöðu gagnrýnandans, að mat gagnrýnandans beri með sér merki um æðra félagslegt vald sem tryggi gildi þess. Gagnrýni textinn er nú aðskilinn frá öðrum félagslegum samskiptum. Bókmenntaleg lög gagnrýnandans, gerandinn sem texti hans ásakar eða ber í bætifláka fyrir, lesandi hins gagnrýna texta — eiga allir rætur í röklegri orðræðu þar sem hver þeirra hefur ákveðna virkni og hlutverk og þar sem dómar eru endanlegir.⁶³⁷

Dennis notar ekki lengur samtalsform í *Remarks on Prince Arthur*, heldur setur gagnrýnina fram í formi fræðilegrar ritsmíðar, og Trolander og Tenger telja að þessi ritdómur Dennis sé hluti af tilraun til að móta einhliða og reglufast form sem gefi gagnrýnandanum stöðu á almannavettvangi. Hann verði hálfgerður embættismaður sem þjálfar lesendur í að refsa slæmum höfundum og tryggir í sessi viðurkennda úrskurði og lög sem komi reglu á skáldskapinn. Síðar hafi Dennis reyndar orðið svo óánægður með viðtökur verka sinna og mistúlkanir á þeim að hann hafi aftur farið að aðhyllast gagnrýniform lokaðra hópa, líkt og honum hafi mistekist að skapa gagnrýni á almannavettvangi lögmætt hlutverk.⁶³⁸

Þó átti Dennis stóran þátt í að móta nýja orðræðuhefð að mati Clarks, sem bendir á að Dennis hafi með ritdóminum um *Prince Arthur* sett fordæmi sem ritdómarar 18. aldar fylgdu samvikusamlega, í viðleitni til að „færa bókmenntagagnrýni úr andleysi almennra fagurfræðilegra kenninga og í frjósamt samband við raunveruleg skapandi bókmenntaverk“.⁶³⁹ Sú orðræðuhefð liggur til grundvallar þegar Jónas Hallgrímsson setur sig í faglegar stellingar sem hlutlaust yfirvald í ritdóminum um rímur Sigurðar Breiðfjörðs.

⁶³⁶ Sama, 15.

⁶³⁷ „No one decides that this individual or that will have the responsibility for making discriminations between texts. In such a case, the style itself must communicate the finality of the critic's judgment, that the evaluations made by the critic carry with it the signs of higher social authority that ensure its wisdom. The critical text is now divorced from any connection to social forms. The critic's literary laws, the perpetrator his text arraigns or exonerates, the reader of the critical text — all are embedded in a rational discourse where each has a particular function and role to play and where judgments are final.“ Sama, 147.

⁶³⁸ Sama, 138-139.

⁶³⁹ „[...] contributed to bring literary criticism out of the „vast inane“ of general aesthetic theorizing into fruitful contact with actual works of creative literature.“ Clark: *Boileau and the French Classical Critics in England*, 249.

Jónas byggir ritdóm sinn upp á skipulegan hátt sem fræðilega ritgerð og lætur í það skína að hann fylgi viðteknum reglum í því sambandi. Hann byrjar á fagurfræðilegri yfirlýsingu um að íslenskar rímur séu flestallar þjóðinni til skammar og spilli fegurðar- og skáldskapartilfinningu manna. Svo snýr hann sér að rímum Sigurðar og gefur til kynna að að hægt sé að skipta umfjöllunarefninu niður í flokka, er hann segir að fyrst sé að „minnst á efnið í fám orðum“.⁶⁴⁰ Jónas lætur svo lesandann vita í hvert sinn sem hann snýr sér að nýjum þætti verksins og einnig áréttar hann hvernig hann velur dæmin. Vinnubrögðin hafa því á sér faglegt yfirbragð, en Matthías Viðar Sæmundsson hefur bent á að slíkt skipulag og flokkun einkenndi íslensk náttúruvísindi 18. aldar. Náttúran „varð að efnislegu fyrirbæri er laut vélrænum reglum sem unnt var að nafngreina og flokka með vissu kerfi“. Matthías Viðar vísar til Foucaults í þessu samhengi: Verkefni vísindamannsins hafi verið „að sýna reglu sem þegar var til staðar, búa til kerfi nafna um fyrirbæri reynslunnar“. Hins vegar hafi afstaða upplýsingarmanna iðulega einkennst „af djúpstæðum tvískinnungi, óvissu og mótsögnum þrátt fyrir yfirlýsta vísindahyggju“. Eitt þekkingarform á borð við vísindahyggju útiloki ekki endilega annað á borð við dulhyggju eða trúarlega nauðhyggju.⁶⁴¹ Á sama hátt má segja að hjá fulltrúum rómantikurinnar, til dæmis Fjölnismönnum, megi sjá samþættingu margra „þekkingarforma“ á borð við dulhyggju, vísindahyggju, rómantik og nýklassísisma.

Jónas gefur þó enga óvissu í skyn er hann fléttar þetta allt saman og tekur fyrir fyrsta mál á dagskrá, efni Tistransrímnanna, sem hann segir að sé „einhver ligisaga“ og „auðsjáanlega so einskjisverð og heimskulega ljót og illa samin að hennar vegna stendur á litlu, hvurnig með hana er farið“.⁶⁴² Höfundurinn sé þannig sekur um að velja efni sem lýsi „frábærlegu „smekkleisi“ og tilfinningarleisi á því, hvað skáldlegt sje“.⁶⁴³ Hér má sjá klassíska áherslu á að fjallað sé um göfug efni í alvöru skáldskap. Jónas vísar einnig til aldagamallar áherslu á að skáld þurfi bæði að hafa náttúrulega hæfileika og þjálfun (sjá bls. 115) þegar hann segir að þetta smekkleysi vekir grun um að höfundurinn „sje ekkji gjæddur neinum verulegum skáldskaparanda, eða þá, að minnsta kosti, að öbl sálarinnar sjeu of illa vanin, og vitið of lítið, til að kannast við þennann anda og stjórna honum rjettilega“.⁶⁴⁴ Sjálfur telur hann sig hins vegar greinilega búa yfir hvoru tveggja sem ritdómari, er hann segir að þeir

⁶⁴⁰ Jónas Hallgrímsson: „Rímur af Tistrani og Indíönu“, 19.

⁶⁴¹ Matthías Viðar Sæmundsson: „Menning í deiglu“, 51-52, 55-56 og 61-62.

⁶⁴² Jónas Hallgrímsson: „Rímur af Tistrani og Indíönu“, 19-20.

⁶⁴³ Sama, 22.

⁶⁴⁴ Sama, 22.

„sem vit hafa á, gjeti ekki kallað þess konar rímur skáldskap, eða þá menn skáld, sem hnoða þeim saman“.⁶⁴⁵

Við ásökunina um smekkleysið bætist krafa um gagnsemi bókmennta, sem er klassísk en líka gjarnan tengd upplýsingunni. Jónas segir að af Tistranssögu sé ekkert að læra og hún sé ekki til neins „nema til að kvelja lesandann, og láta hann finna til, hvursu það er viðbjóðslegt, að hlíða á bull og vitleísu.“⁶⁴⁶ Hann afgreiðir efnið þannig sem léttvægt og óhentugt til alvöru skáldskapar, en viðurkennir þó að góðu skáldi geti „orðið nokkuð úr vesælu efni, ef hann fer með það eins og skáld, og lagar það í hendi sinni eptir því sem bezt á við“.⁶⁴⁷ Hér snýr Jónas sér að „fráganginum“ og segir að rímnaskáldin eigi „að koma sem beztri skjipun á efnið, og gjeta síðan létt það í ljós í fagurlegri og algjörðri mind; ella verða rímurnar tómar *rímur*, enn aldrei neitt listaverk.“⁶⁴⁸ Þetta telur Páll Valsson „nýstárlega boðun Jónasar sem veldur tímamótum“. Jónas boði „fagurfræðilegar hugmyndir rómantíkur um ímyndunarafl og skáldlegt hugarflug, andagift“. Listaverk sé í hans huga „skapandi bókmenntaverk, en forsenda slíks sé aukinn metnaður (og lærdómur) höfunda.“⁶⁴⁹ Þórir Óskarsson hefur þó bent á að „trúin á skáld innblástursins“ og hugmyndin „um skáldverkið sem miðil er birta sýn listamannsins til yfirskilvitlegs heims“, sem hafi á ný vaknað í tengslum við áhersluna á hreinleika listarinnar, sé í raun aldagömul kenning sem rekja megi aftur til Hómers, Platons, Hórasar og Shakespeares.⁶⁵⁰ Ingi Sigurðsson bendir jafnframt á að þó að „á tveimur síðari þriðjungum 19. aldar gæti hjá fleiri skáldum tilhneigingar til að vanda ytri búning kvæða en áður hafði verið“, til dæmis hjá Jónasi Hallgrímssyni, hafi ekki verið „um mjög róttæka breytingu að ræða að þessu leyti“.⁶⁵¹ Hér verður því hins vegar haldið fram að hinn afdráttarlausí dómur yfir höfundu Tistransrímnna sem hefur „látið sjer linda, að koma vesælu efni í hendíngar“, marki nokkuð róttæk skil hvað viðhorf og aðferðafræði gagnrýnandans snertir.

Satírískt viðhorf og vísindalegar aðferðir

Aðferðafræði sína sækir Jónas að einhverju leyti til vísindanna, eins og fram hefur komið, en viðhorf hans mætti að ósekju kalla satírískt. Áhyggjurnar sem hann viðrar af því að rímur séu skaðlegar ljóðasmekk manna minna um margt á áherslur Magnúsar Stephensens (sjá bls. 111-113 og 134-135), en Ingi Sigurðsson segir að Magnús hafi viljað „breyta smekk landsmanna á

⁶⁴⁵ Sama, 22.

⁶⁴⁶ Sama, 19-20.

⁶⁴⁷ Sama, 22.

⁶⁴⁸ Sama, 22.

⁶⁴⁹ Páll Valsson: *Jónas Hallgrímsson*, 163.

⁶⁵⁰ Þórir Óskarsson: *Undarleg tákni á tímans bárum*, 30-31.

⁶⁵¹ Ingi Sigurðsson: *Hugmyndaheimur Magnúsar Stephensens*, 139.

lestrarefni og skemmtiefni yfirleitt, hefja til vegs gagnlegt efni í anda upplýsingarinnar og útrýma því, sem hann taldi ómerkilegt og skaðlegt⁶⁵². Slíkt hlutverk taka ritdómarar gjarnan að sér en það á sér rætur í samfélagsgagnrýni og ádeilu satíruhefðarinnar; hugmyndinni um að reyta þurfi upp illgresið og skilja kjarnann frá hisminu. Enda má sjá mörg einkenni satíruhefðarinnar í ritdómi Jónasar. Hann er miskunnarlaus og dregur upp háðslega mynd af verkinu sem um ræðir og höfundi þess um leið og hann gerir lesandann að skoðanafélaga; saman standa ritdómari og lesandi ofar verkinu og höfundi þess og sameinast í ódulinni fyrirlitningu á þeim. Jónas segist til dæmis ekki geta fengið af sér að segja frá efninu enda vænti hann þess af skynsemi flestra þeirra sem hafi heyrt eða lesið rímurnar að þeir sjái „hvað sannast er í þessu efni“⁶⁵³. Á öðrum stað segist Jónas kinoka sér við að „hafa það eptir, sem verst er“ og hann láti sér því lynda að geta þess að „það sem skáldskapurinn hefði gjetað verið mestur í [...] er einna vesælast í allri sögunni“. Á því megi marka „hvursu mikjið skáld hann [Sigurður Breiðfjörð] sje; því honum hefir furðanlega vel tekjist, að óníta með þessu móti efnið, þar sem helzt var að hugsa til, það irði notað“⁶⁵⁴.

Það er því ekki nóg með að Jónas ráðist að rímum Sigurðar einmitt vegna þess að *Sunnanpósturinn* telji þær með betri rímum, með það markmið að sýna almenningi „hvað mikjið honum sje ábótavant, þessum *kveðskap*, og hvursu það sje fjarstætt, að hann gjeti heitið *skáldskapur*“⁶⁵⁵. Á sama hátt og hann grefur undan heilli bókmenntagrein með því að rífa niður ljóðið sem á að vera best á sviðinu hamrar Jónas á því að jafnvel allt það sem *ætti* að vera best í ljóðinu sjálfu, samkvæmt forsendum rímnaformsins, verði slæmt vegna vanhæfni skáldsins. Þröstur Helgason er einn þeirra sem bent hefur á að „tveimur árum áður en ritdómur Jónasar birtist hafði Sigurður lýst svipuðum skáldskaparviðhorfum í formála að Númerímum“:

Þar tekur hann undir gagnrýni á rímurnar sem bókmenntagrein og leggur áherslu á frumleika. Rétt eins og Jónas talar hann um að rímnaskáld þurfi ekki að „þrælbinda ljóð sín við bókstafi sögunnar“. Skáldið á hins vegar að prýða rímurnar með „sjálfsmíðuðum samlíkingum, snillilegum Eddu greinum og snotrum þönkum yfir tilburði sögunnar.“ Er sumt í þessum formála svo sláandi líkt því sem Jónas segir í dómnum að maður fær það á tilfinninguna að Jónas hljóti að hafa lesið hann og jafnvel haft hann til hliðsjónar við ritun dómsins.⁶⁵⁶

Niðurstaðan af dómi Jónasar hlýtur því að verða sú að jafnvel miðað við forsendur skáldsins sjálfs hafi því mistekist. Stundum segir Jónas reyndar að ætla megi að höfundurinn kannist

⁶⁵² Sama, 133.

⁶⁵³ Jónas Hallgrímsson: „Rímur af Tistrani og Indíönu“, 20.

⁶⁵⁴ Sama, 21.

⁶⁵⁵ Sama, 19.

⁶⁵⁶ Þröstur Helgason: „Jónas og rímurnar“, 7.

sjálfur við að hann sé að gera rangt, „enn hafi ekkji kunnáttu til að forðast það, þegar bragarhátturinn fer að kreppa að honum; og ætti þá bæði hann og aðrir, sem hættir til að ifirsjást í þessu efni, að ætla sjer dálítið af, og kveða ekkji dírra, enn þeir orka.“⁶⁵⁷

„Farið ei dýpra / en yður færi er“, hafði Alexander Pope eftir Hórasí (sjá bls. 53) og segja má að Jónas taki hér undir það. En hann er ekki einn um að nota forsendur höfundarins sjálfs til að dæma ljóðið — og úrskurða það misheppnað. Jørgensen bendir á að Clitau geri þetta einnig í „fyrsta danska ritdóminum“, þ.e. beiti því sem kallað hefur verið ætlunargagnrýni (d. *intentional kritik*), þar sem hann dæmir bókina á hennar eigin forsendum. Von Haven, höfundur bókarinnar, lýsi því yfir að bókina sé ætluð ungu fólki en Clitau segi ekki nóg að fyrirætlanir höfundar hafi verið góðar, betra sé að láta vera að skrifa um hluti sé það ekki gert rétt, sérstaklega þar sem bókina sé ætluð ungu fólki.⁶⁵⁸ Verkið er þannig ekki einungis ófullkomið samkvæmt reglum sem gagnrýnandinn aðhyllist heldur samkvæmt forsendunum sem liggja því til grundvallar og það felur í sér mun þyngrí áfellsdóm en ef aðeins hefði verið vísað til viðmiða gagnrýnandans.

Jónas notar einnig þætti úr verkinu sjálfu til að daga dár að því og snýr þeim upp á skáldið, sem er afar satíriskt bragð:⁶⁵⁹

[...] og þó firirverður maðurinn sig ekkji, að grobba af því í einum mansaungnum [...] að nú hafi lanzfólkjið feingjið betra skjín á því, sem fagurt sje og ljótt, eður gott og íllt, — „nær med kjærum sannleiks síd Sagan kom í letur“. (Þetta: „med kjærum sannleiks síd“ sómir sjer ekkji illa á þessum stað, hvurt sem það á heldur að vera hortittur, eða það er lítilfjórlegt sínishorn af vits-munum skálzins).⁶⁶⁰

Að sama skapi er dýr sem kemur fyrir í rímunum og „sem höfundinum hefir þóknast að skapa“ notað sem lýsing á rímunum sjálfum.

Þetta dír er ekkji ósvipað rímunum sjálfum: það er með merarhálsi og hvalshöfði, og hræðilega apturmjótt, með hala-korni, og allt saman þakjið skjeljum. Búknun þikjir so fallega líst, að höfundinum er vorkjennandi, þó fætumir hafi óvart orðið fjórir, enda þótt það sínist eiga betur við á slíku díri, að þeir hefðu staðið á stöku.⁶⁶¹

⁶⁵⁷ Jónas Hallgrímsson: „Rímur af Tistrani og Indíönu“, 27.

⁶⁵⁸ Jørgensen: *Det danske anmelderis historie*, 25.

⁶⁵⁹ Clitau beitir svipuðu bragði er hann segist óttast að sú sýn á stafsetningu sem höfundur verksins setji fram muni valda óánægju meðal allra unnenda danskrar tungu og verða ungunum lærdómsmönnum til ógagns, og snýr þannig upp á þennan undirtitil stafsetningakversins: „Alle Elskere af det Danske Sprog til Fornøyelse, og den studerende Ungdom til Nytte.“ Clitau, ritdómur um *Et lidet Orthografisk Lexikon*. Sótt í Jørgensen: *Det danske anmelderis historie*, 24.

⁶⁶⁰ Jónas Hallgrímsson: „Rímur af Tistrani og Indíönu“, 21.

⁶⁶¹ Sama, 21-22.

Hér sækir Jónas í langa hefð þess að líkja skáldverki við lifandi veru — og vondu skáldverki við vanskapaðan blending lífvera. Aristóteles segir að hið fagra „hvort sem um lífveru eða einhvern samsettan hlut er að ræða, þarf ekki aðeins að vera skipulegt, heldur að hafa ákveðna stærð“⁶⁶² og í *Fædrosi* Platons kemur fram að ræða verði „að hanga saman eins og lifandi vera sem hefur eigin líkama þar sem hvorki má vanta höfuð né fót, og hún verður að hafa miðju og útlími sem hæfa hverjir öðrum og koma fram sem hlutar af heild“.⁶⁶³ Frægust er þó eflaust lýsing Hórasar, sem spyr lesendur sína hvort þeir gætu varist hlátri ef málari kysi að festa mannshöfuð á hrossháls og dreifa marglitum fjöðrum yfir limi héðan og þaðan, á bók þar sem efri hlutinn væri fögur kona en neðri hlutinn svartur og ljótur fiskur.⁶⁶⁴ Hér á landi hafði Jón Þorláksson, í níðkvæðinu „Rustasneið“ (sjá bls. 49), sótt í þessa sömu hefð er hann skopstældi stíl sálmabókarinnar sem uppnefnd var „Leirgerður“ og sagði að sálmur um bókina væri „nettast sunginn svona“:

*Sjá, hvörsu angra eyminn fer!
Hún sökk — var kátlega sköpt kona —
harð-kjaftur þeg! Slíkt undrast gjör!
Allt framstykkið var aftan á!
Datt öfugt — ó, tjón — hryggjumst! Dó!*⁶⁶⁵

Slík níðkvæði fóru vissulega víða og mótuðu álit manna, og „Leirgerður“ átti sér líklega ekki viðreisnar von eftir þessa og fleiri dembur. Jónas gefur hins vegar satírískri ádeilu sinni ákveðinn virðingarblæ og áhersluþunga, sem níðkvæði hafa ekki, er hann setur hana fram í prentuðum fjölmiðli sem fræðilega ritgerð þar sem stuðst er við vísindaleg vinnubrögð. Hann fer kerfisbundið yfir það hvernig Sigurði Breiðfjörð hefur tekist til við verkefni sitt og bendir á ótal atriði sem miður hafa farið. Hann telur upp málleysur, bögumæli og hortitti (sem Magnús Stephensen hafði áður skilgreint og fordæmt)⁶⁶⁶ og fjallar um kenningar, sem eru „eins og lög gjera ráð fyrir, töluvert mirkar og reknar saman, hvor annarri vitlausari, og sumar so óviðfeldnar og voðalegar meðferðar, að hvor maður ætti að vara sig á, að nefna þær, so hann brjóti ekkji úr sjer tennurnar í slíku hraungríti“. Orðfærið segir hann einnig vera „ofur abllaust og tuddalegt“. Næst leitar Jónas að frumleika, í anda Addisona, en telur að frumleikinn láti aðeins á sér kræla á tveimur stöðum þar sem „höfundurinn hefir ráðist í, að

⁶⁶² Aristóteles: *Um skáldskaparlistina*, 57.

⁶⁶³ Árni Sigurjónsson: *Bókmenntakenningar fyrri alda*, 27. Sjá Platon: „Phaedrus“, 510.

⁶⁶⁴ „Humano capiti ceruicem pictor equinam / iungere si uelit et uarias inducere plumas / undique conlatis membris, ut turpiter atrum / desina tin piscem mulier formosa superne, / spectatum admissi risum teneatis, amici? / Credite, Pisones, isti tabulae fore librum/persimilem, cuius, uelut aegri somnia, uanae / fingentur speicies, ut nec pes nec caput uni/reddatur formae.“ Hóras: „De Arte poetica Liber“, 202.

⁶⁶⁵ Jón Þorláksson: „Rustasneið“, 124.

⁶⁶⁶ Magnús Stephensen: „Um Snilld í Grafminningum og Skáldmælum“, 66.

ifirgjefta söguna, og fara að skapa eitthvað sjálfur af hugviti sínu“. Á öðrum staðnum takist það vonum framfar en hitt sé „óþverri og viðbjóður“. Jónas kemst að lokum að þeirri niðurstöðu að í heild sinni séu ljóðin ekki einasta léleg heldur skaðleg ljóðasmekki manna, skálda jafnt sem alþýðu.⁶⁶⁷

Harkan í dómi Jónasar er sláandi, en líta verður til þess að hann hefur væntanlega danska ritdóma sem fyrirmynd og að í Danmörku bjuggust lesendur nú við og kröfðust óvæginnar gagnrýni. Ritdómurinn, afurð prentmiðlanna, hafði slegið í gegn, þrátt fyrir að hann vekti oft hörð viðbrögð, og litið var á það sem skyldu ritdómarans að halda fram eigin sannfæringu af fullri einurð og hreinskilni. Sem dæmi má nefna að árið 1748, þegar ákveðið er að leyfa lesendabréf í *Kiøbenhavnske Nye Tidender om lærde og curieuse Sager*, er fyrsta bréfið kvörtun yfir bitlausri bókaumfjöllun. Lesandinn segir að hann hafi vænst gagnrýni á verkið og höfundinn en hafi aðeins fengið lofsöngva um höfund og þýðanda: „Gefið okkur í staðinn góða gagnrýni; gagnrýnið verk og þreitið ekki eyrun með allt of mörgum endursögnum [...]“.⁶⁶⁸ Hér krefjast lesendurnir þess afdráttarlaust af ritdómurum að þeir sýni enga vægð og gagnrýni bækurnar en á hinum vængnum kvarta aðstandendur bóka, til dæmis höfundar og útgefendur, sáran yfir ósanngjörnum árásum sem höfði til lægstu hvata lesenda með það að markmiði að gera blöð og tímarit söluvænlegri en ekki með framgang menningarinnar í huga. Þýðandi bókarinnar sem um ræðir, F.C. Eilschow, blandar sér til dæmis í málið og segir í andsvari að höfundur lesendabréfsins sé aðeins öfundsjúkur yfir öllu hrósinu. Síðan skopstælir hann þá tegund niðs sem hann telur lesandann sækjast eftir: „Stíll hans einkennist af þrælsóttu, hugmyndir hans eru smáar, hugsun hans svo silaleg að það er líkt og hann sofni með pennann í hendi.“⁶⁶⁹

Ritstjórnin bregst einnig við. Hún segir að það sé skylda blaðamannsins, eftir að hafa fjallað um verk, að segja óháða skoðun sína á því.⁶⁷⁰ Ritdómar eru þarna, um miðbik 18. aldar, að mótast sem textategund, segir Jørgensen. Í stað þess að þýlja upp innihald bóka gefur ritdómurinn „leiðbeinandi niðurstöðu um listfengi verks, ásamt mati á starfi höfundarins“, ⁶⁷¹ reyndar með mun lengri dæmum úr verkinu en nútímalesandi á að venjast, og í lokin dregur

⁶⁶⁷ Jónas Hallgrímsson: „Rímur af Tistrani og Indíönu“, 29.

⁶⁶⁸ „[...] være sparsommelig med Lofsange; i den Sted give os gode RECENSIONER; CRITISERE et Verk, og ikke besvære vore Øren med alt for mange verbale Oversættelser [...]“ *Kiøbenhavnske Nye Tidender om lærde og curieuse Sager*, 23. janúar 1749. Tilvitnun sótt í Jørgensen: *Det danske anmelderis historie*, 29.

⁶⁶⁹ „Hans Stil er krybende, hans Tanker gemeene, hans Indfald saa dorske, at det lader, han falder i Søvn med Pennen i Haanden.“ *Kiøbenhavnske Nye Tidender om lærde og curieuse Sager*, 7, 13. febrúar 1749. Tilvitnun sótt í Jørgensen: *Det danske anmelderis historie*, 29.

⁶⁷⁰ *Kiøbenhavnske Nye Tidender om lærde og curieuse Sager*, 20. mars 1749. Sótt í Jørgensen: *Det danske anmelderis historie*, 29.

⁶⁷¹ „[...] en overordnet bestemmelse af værkets art koblet sammen med en vurdering af forfatterskabet [...]“ Jørgensen: *Det danske anmelderis historie*, 29.

hann niðurstöðu sína saman; einkenni verksins, mat á því og ýmsar upplýsingar eða sjónarhorn á það. Smám saman verði það að dyggð að vera harður gagnrýnandi og á árunum 1765-1799 fari ritdómar að hafa bein áhrif á velgengni bóka.⁶⁷² Á fyrri hluta 19. aldar verði svo „gullaldargagnrýnendurnir“ Christian Molbech og J.N. Madvig, frægir fyrir strangleika sinn. Þeir skrifuðu í *Maanedsskrift for Litteratur* (1828-38), sem var „sannkallað prófessoratímarit, ritað af leiðandi fræðimönnum samtímans og ætlað menningarelítu landsins“.⁶⁷³ Stíll Molbechs er áberandi akademískur, segir Jørgensen, og ber yfirbragð yfirvaldsins. Hann hefji ritdóma sína yfirleitt á almennum nótum, til dæmis hugleiðingum sem verkið hefur vakið um fagurfræðileg grundvallaratriði. Verkið er svo tekið fyrir í framhaldinu og er einskona dæmi í rökfærslu um kenninguna sem sett hefur verið fram. Markmiðið sé að gera ritdóminn að ritgerð með sjálfstætt gildi.⁶⁷⁴ Í gagnrýni Molbechs fer mest fyrir nákvæmri fræðilegri nálgun, segir Jørgensen, en vegna hinnar ítarlegu gagnrýni hafi hann verið hataður af höfundum. Ritdómur Molbechs um *Digte* eftir H.C. Andersen⁶⁷⁵ hafi t.d. lýst Andersen sem ungskáldi sem ætti margt ólært og endað á upptalningu á málfræðilegum villum og stafsetningarvillum. Þessi hlið á gagnrýni Molbechs, segir Jørgensen, líktist helst leiðréttingum á dönskum skólastíl eða athugasemdum í einkunnabók. Tilgangurinn hafi auðvitað verið að festa í sessi ímynd gagnrýnandans sem nákvæms yfirvalds.⁶⁷⁶

Á sama tíma átti Johan Ludvig Heiberg einnig stóran þátt í því, að mati Jørgensens, að leggja grunninn að danskri bókmenntagagnrýni sem krefjandi, fræðilegri ritgerð þar sem gagnrýnandinn átti að gera kröfur til skáldanna en einnig til sjálfs sín.⁶⁷⁷ Líkt og Frakkinn Nicolas Boileau (sjá bls. 49) átti Heiberg rætur í satírunni, hafði t.d. samið gamanleikina *Julespøg og Nytaarsløjer* árið 1817, en hann var líka lærður í bókmenntum. Árið 1827 stofnaði hann tímarit, *Kjøbenhavns Flyvende Post*, þar sem hann útskýrði fagurfræðilega afstöðu sína og stundaði gagnrýni í samræmi við hana. Tónn blaðsins er léttur og írónískur en þyngsti tónninn er í ítarlegri gagnrýni ritstjórans þar sem Heiberg setti „ný viðmið fyrir greiningu á fagurfræði verkanna og til að grundvalla dóma sem um þau féllu“ og jók sjálfsmeðvitund greinarinnar, segir Jørgensen.⁶⁷⁸

Ritdómar Heibergs eru ritgerðir með akademísku yfirbragði. Þeir gátu verið gríðarlega langir, jafnvel framhaldsgreinar í mörgum tölublöðum, enda er ritdómarinn „í og með að

⁶⁷² Sama, 30.

⁶⁷³ Sama, 55-56.

⁶⁷⁴ Sama, 57-58.

⁶⁷⁵ Ritdómurinn birtist í *Maanedsskrift for Litteratur* árið 1830.

⁶⁷⁶ Jørgensen: *Det danske anmelderis historie*, 56-59.

⁶⁷⁷ Sama, 61.

⁶⁷⁸ „[...] ny standard for at analysere værkerne æstetisk og begrunde de fældede domme [...]“ Sama, 66-68. Skáletrun úr upphaflega textanum.

leggja fram heila skáldskaparkenningu“, segir Jørgensen.⁶⁷⁹ Heiberg byrji yfirleitt á að setja fram þau fagurfræðilegu grundvallaratriði sem verða til umfjöllunar, og í öllu því sem hann skrifi felist bókmenntapólitískur þáttur, sem, þegar við bætist hið hlutlausa yfirbragð, hafi verið það sem gerði dóma hans svo ógnvænlega. Ritdómar hans einkennist af ógrynni erlendra orða, neðanmálgreina og tilvísana, auk óþýddra grískra tilvitnana, og hafi því höfðað til þröngs hóp innan menningarkreðsunnar.⁶⁸⁰ Þetta má að einhverju leyti heimfæra upp á dóm Jónasar sem hefst á latneskri tilvitnun í Hóras og býður upp á blaðsíðu eftir blaðsíðu af dæmum um ranga málnotkun.⁶⁸¹ Hin fjölmörgu dæmi sem Jónas nefnir gefa ritdómnum fræðilegt yfirbragð og niðurstaðan verður afar sannfærandi fordæming á verkinu sem dæmt er og á rímnakveðskap almennt. Páll Valsson telur jafnframt, þrátt fyrir áður nefndar yfirlýsingar Jónasar um vitsmuni rímnahöfundarins (sjá bls. 147), að í dómnum forðist Jónas návígi við vinsæla „persónu Sigurðar Breiðfjörðs“, að því leyti að hann „nefnir [Sigurð] ekki á nafn“ nema „í blálokinn“:

Þetta er lævíst stílbragð, með því eykur hann tilfinningu lesanda fyrir hlutlægni, að Jónas einbeiti sér í greininni að faglegum athugunum á efni og formi rímnanna sjálfra.⁶⁸²

Þótt það sé álitamál hversu vel Jónasi takist að forðast návígi við persónu höfundarins er vissulega rétt að slík fjarlægð getur verið eins konar trygging gegn harkalegum viðbrögðum lesenda og aukið á það yfirbragð akademískrar fagmennsku sem hér hefur verið fjallað um. Er það dæmi um það hvernig orðræðuhefð, form og stíll getur virkað sem yfirvald í sjálfu sér (sjá bls. 143) og skapað ákveðinn „ramma“ sem gerir ritdómaranum kleift að reyna á ýmis hefðbundin landamæri.

Jónas virðist þó ekki telja fræðilega orðræðuhefð evrópskra ritdóma nógu sterka til að nægja eina og sér, því ólíkt Molbech og Heiberg leggur hann einnig áherslu á „alþýðleika“, í anda annarra íslenskra blaðamanna, og ætlar dóminn greinilega alþýðu ekki síður en menntamönnum og skáldum. Hann leggur til dæmis töluvert upp úr því að mynda tengingu við lesandann, eins konar bandalag þeirra sem betur vita, gegn leirskáldunum. Ein leið til að mynda slíka tengingu er að ávarpa lesandann beint eða gefa til kynna að hann sé í fyrirrúmi eins og eftirfarandi dæmi sýna:

⁶⁷⁹ „[...] den indebærer nemlig, at anmelderen undervejs fremlægger en hel poetik [...]“ Sama, 67.

⁶⁸⁰ Sama, 70-71 og 78.

⁶⁸¹ Í fyrrnefndum dómi Clitau er einnig nýu blaðsíðna upptalning á mistökum höfundar og slæmri ráðgjöf þar sem tekin eru ótal dæmi.

⁶⁸² Páll Valsson: *Jónas Hallgrímsson*, 161.

[...] læt mjer linda, að hrifsa það mesta ofan af, so sem til smekks handa góðfúsum lesara.⁶⁸³

Jeg hefi tínt saman dálítið af þessu móði úr Tistransrímunum, ef lesandanum þókknaðist að virða það fyrir sjer. [...] Hjer eru þá, til að minda, lesari góður! fáeinar *málleisur og bögunæli*.⁶⁸⁴

Jeg ætla nú, að sína lesandanum nokkur orð úr hvurjum þessara flokka, út af fyrir sig, og benda síðan til, hvurnig farið er að brúka þau.⁶⁸⁵

Jónas ætlast til þess að hinn almenni lesandi taki afstöðu með honum hvað varðar fagurfræðilegt mat á Tistransrímunum. Að einhverju leyti eru þessar tengingar hans við lesendur samningaumleitaniir við almenning um það menningarlega forræði sem hann tekur sér með því að rita dóminn og viðurkenning á því að það forræði byggir á samþykki almennings. Slíkar „samningaumleitaniir“ myndi Kant kalla hagsmunatengingu, en hann viðurkennir að þótt smekksdómar megi ekki hafa hagsmuni sem grundvöll geti hagsmunir tengst þeim, óbeint. Kant nefnir í því samhengi að þótt fegurðardómar geti ekki verið grundvallaðir á almennu samþykki, aðeins krafist almenns samþykkis, verði empírískur áhugi á hinu fallega aðeins til í samfélagi (þ. *Gesellschaft*). Ef við viðurkennum að félagsleg virkni sé nauðsynleg mannum, sé óhjákvæmilegt að við lítum einnig á smekk í ljósi hæfileikans til að tjá tilfinningar okkar. Maður sem hluti af samfélagi hafi þörf fyrir að deila ánægjutilfinningunni sem fagur hlutur vekur. Kant telur að áherslan á slíka tjáningu aukist í hlutfalli við siðmenntun samfélaga; þau siðmenntuðustu leggi mesta áherslu á hana og gæði upplifunar séu jafnvel metin eftir því á hversu almennum grundvelli hægt er að tjá hana.⁶⁸⁶

Í viðleitni sinni til að tryggja sér menningarlegt forræði sem gagnrýnandi á íslenska bókmenntasviðinu leggur Jónas mikla áherslu á slíka miðlun ánægju- en þó sérstaklega óánægjutilfinningar og hann nálgast verkefni sitt í raun á mun persónulegri hátt en til dæmis hinn strangi, danski kollegi hans, Christian Molbech, sem talar um sjálfan sig í þriðju persónu, sem „mann“, „gagnr.“ og „hann“.⁶⁸⁷ Jónas gefur þvert á móti í skyn að um persónulega krossferð sé að ræða. Þetta gæti verið merki um áherslubreytingu frá ópersónulegu yfirvaldi til persónulegrar afstöðu ritdómarans. Íslenskir ritdómar fara fyrst að birtast á tímum rómantísku stefnunnar og þótt þeir sækji í aldalanga evrópska hefð verða áherslurnar óhjákvæmilega aðrar en þegar fyrstu ritdómarnir birtust í Englandi og Danmörku. Jónas og fleiri Fjölnismenn leggja vissulega mikið upp úr því að leiðrétta villur og sýna þannig fram á

⁶⁸³ Jónas Hallgrímsson: „Rimur af Tistrani og Indíönu“, 23.

⁶⁸⁴ Sama, 23.

⁶⁸⁵ Sama, 24.

⁶⁸⁶ Kant: *Kritik der Urteilskraft*, 147-149.

⁶⁸⁷ Jørgensen: *Det danske anmelderis historie*, 58.

fagmennsku sína og yfirvald. En eitt það merkilegasta við dóm Jónasar Hallgrímssonar um Tistransrímur er þó að hann hefur einnig „fagurfræðilegt“ gildi í sjálfum sér. Auk þess að gefa ritdómnum yfirbragð fræðiritgerðar og frásagnar með ítarlegum dæmum og skipulegri uppsetningu beitir Jónas skáldlegum líkingum og stílbrögðum sem gefa ritdómnum skemmtigildi og verða liður í því að vinna lesendur á band ritdómarans. Walter Benjamin bendir einmitt á að í snemmrómantískri fagurfræði eigi gagnrýni að fullkomna verkið og hafi því þurft að vera skapandi, ljóðræn, í sjálfu sér (sjá bls. 124). Friedrich Schlegel lýsti því reyndar yfir að aðeins væri hægt að gagnrýna skáldskap með skáldskap. Fagurfræðilegur dómur sem ekki væri listaverk í sjálfu sér hefði engan þegnrétt í ríki listarinnar. Ljóðræn gagnrýni myndi uppfylla verkið, endurnýja það og móta að nýju.⁶⁸⁸ Að auki virðist sem áhersla á persónulega afstöðu ritdómarans sé meiri frá upphafi í íslensku samhengi og krafan um hlutleysi minni, en þar skiptir eflaust máli að menningarumræða íslensku tímaritanna þjónar fyrst og fremst pólitískum tilgangi, verður liður í sjálfstæðisbaráttunni. Ritdómar koma fram á sjónarsviðið, sem stríðsyfirlýsing, á sama tíma og fagurfræði verður að mikilvægu pólitísku vopni, og þeir verða vettvangur mikilla pólitískra átaka næstu áratugi.

Grótesk skylda

Ljóst er að þau skrif sem kölluð hafa verið „fyrstu ritdómarnir“ á Íslandi, í Danmörku og á Englandi einkenndust öll af harkalegum ákúrum í garð verks og höfundar. Hér að framan hafa rök verið leidd að því að ástæður þess að ritdómar komu svo seint fram á sjónarsviðið á Íslandi séu fyrst og fremst þær að ekki skapaðist vilji meðal menntamanna hér á landi fyrir raunverulega, róttæka gagnrýni á hinum formlega vettvangi tímaritanna, né rými til að tjá þar slíka gagnrýni, fyrr en um miðja 19. öld. Guðjón Friðriksson segir til dæmis að *Þjóðólfur*, sem byrjaði að koma út 1848, hafi verið „fyrst íslenskra blaða til að gegna einhvers konar aðhaldshlutverki gagnvart stjórnvöldum“.⁶⁸⁹ Fyrir þann tíma voru íslenskir menntamenn þó vel kunnugir harkalegri gagnrýni í erlendum fjölmiðlum og fleiri en Fjölnismenn stigu fram til að taka þátt í gagnrýninni menningarumræðu. Árið 1840 leggur Grímur Thomsen til dæmis í „fyrstu opinberu átökin“ sín á dönskum menningarvettvangi, aðeins tvítugur að aldri. Í bæklingi sem hann gefur út sjálfur ræðst hann „gegn einu vinsælasta ungskáldi Dana á þeim tíma“, sakar hann um ritstuld og segir að upplýsa þurfi danska lesendur um „þá ósvinnu“.⁶⁹⁰

⁶⁸⁸ Benjamin: „The Concept of Criticism“, 153-154.

⁶⁸⁹ Guðjón Friðriksson: *Nýjustu fréttir*, 272.

⁶⁹⁰ Kristján Jóhann Jónsson: *Grímur Thomsen. Þjóðerni, skáldskapur, þversagnir og vald*, Reykjavík, Bókmennta- og listfræðastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan, 2014, 137 og 139.

Þar beitir Grímur m.a. grótesku myndmáli⁶⁹¹ og sýnir „sterka tilhneigingu til þess að deila á smekk manna og móta hann, afhjúpa óverðuga sem kalla sig skáld og beina athygli manna að þeim sem máli skipta“.⁶⁹²

Ritdómur Jónasar er merki um að á íslenska bókmenntasviðinu sé einnig að skapast svigrúm til að gagnrýna valdaöfl, eins konar flæðandi valdakerfi í skilningi Mary Douglas (sjá bls. 63). Í slíku kerfi gera menn ráð fyrir því að valdið sé hægt að misnota og valdaöfl eiga alltaf á hættu að vera dregin niður úr upphafinni stöðu sinni. Í raun er ekki aðeins möguleikinn til staðar, heldur er jafnvel búist við því að manni í opinberu embætti muni ekki takast að uppfylla skyldur sínar.⁶⁹³ Flæðandi valdakerfi er þannig ein af forsendum ritdóma, og mótar einnig leikreglur ritdómaranna, sem sífellt þurfa að kljást við efasemdir um lögmæti dóma sinna. Þrátt fyrir ýmsar tilraunir til að réttlæta hörkuna og gefa ritdómunum vægi yfirvalds vöktu óvægnar árásir „fyrstu ritdómanna“ hörð viðbrögð. Hinn danski Clitau upplýsti síðar⁶⁹⁴ að eftir að ritdómur hans birtist hafi hann fengið heimsókn frá manni sem var með bókina í umboðssölu. Sá hafi látið hann fá það óþvegið og m.a. sagt að ekki væri á gagnrýninni að sjá að gagnrýnandinn væri lærður maður. Clitau segist hins vegar ekki hafa skrifað dóminn til að sýna fram á lærdóm sinn, það nægi honum að skilaboðin hafi komist skýrt til skila og á sannfærandi hátt. „Á svo frökkum og algjörlega nýjum nótum lýkur þeim gagnrýnisögulega viðburði“,⁶⁹⁵ segir Jørgensen, en hann telur Clitau vera upphafsmannt danskrar bókagagnrýni í fjölmiðlum sem „meðvitaðrar, kerfisbundinnar athafnar“.⁶⁹⁶

Clitau hvetur höfund bókarinnar til að senda inn mótsvar við grein sinni því hann vilji ekki sýna honum neitt óréttlæti. Hann áskilur sér hins vegar rétt til að halda fram eigin sannfæringu: „En þegar ég var beðinn að tala um þessa bók, gat ég ómögulega fengið það af mér að hrósa henni, þegar ég taldi það hrós ekki eiga rétt á sér.“⁶⁹⁷ Líkt og Fjölismenn síðar, setur Clitau skylduna að koma hreint til dyra í samhengi við það sem hann telur markmið

⁶⁹¹ „Saadanne Laan ... vise tydeligst han(s) aandelige eller poetiska Sygelighed; de vise hans daarlige aandelige Fordøjelse, som ikke kan taale de kraftige aandelige Spiser man byder den ... men (sit venia verbo) leverer den tilbage ikke alene ufordøjet, men i Regelen fordærvet og forqvaklet, dog saaledes at man deraf tydeligt kan see hvad den Syge har spist“. Grímur Thomsen: *H.P. Holst: Et Bidrag til Den nyere danske Litteratur-historie af Leonhard Groth, Kaupmannahöfn, 1840. Tilvitnun sótt í Kristján Jóhann Jónsson: Grímur Thomsen, 141.*

⁶⁹² Kristján Jóhann Jónsson: *Grímur Thomsen, 141-142.*

⁶⁹³ Douglas: *Purity and Danger, 108-109.*

⁶⁹⁴ Í *Nye Tidender om lærde og curieuse Sager, 27. október 1741.*

⁶⁹⁵ „I en så fræk og aldeles ny tone slutter dette kritiskhistoriske dokument.“ Jørgensen: *Det danske anmelderis historie, 25.*

⁶⁹⁶ „[...] bevidst formuleret praksis.“ Sama, 27.

⁶⁹⁷ „Men da det blev forlangt af mig, at jeg vilde tale noget om denne Bog, kunde jeg umueligen bringe det over mit Sind, at jeg skulde rose det, som jeg holdt for ikke at være ret.“ Thomas Christensen Clitau, *Nye Tidender om lærde og curieuse Sager, 27. október, 1741. Tilvitnun sótt í Jørgensen: Det danske anmelderis historie, 25.*

fjölmiðlanna: að kynna lesendum sannleikann, hvort sem það felur í sér óþægindi eða ekki.⁶⁹⁸ Það er því augljóst að hlutverk ritdómara er öðrum þræði hlutverk blaðamannsins og skyldurnar eru í grunnatriðum þær sömu. Ritdómarar standa frammi fyrir þeirri kröfu, líkt og aðrir fjölmiðlamenn, að þeir segi sannleikann, en þar sem þeir eiga að segja sannleikann um listaverk og sá sannleikur er talinn felast innra með okkur, í þeim tilfinningum sem vakna við upplifun á þessu listaverki, hljóðar krafan svo að þeir verði að vera heiðarlegir, *hreinskilnir*, hvað varðar tilfinningarnar sem vakna hjá þeim og fjalla um hið persónulega á opinskáan hátt.

Líkt og í almennri blaðamennsku eru því málfrelsi og viðleitni til að segja sannleikann bæði grundvöllur og réttlætning ritdóma, eins og kemur fram í þessum orðum Clitau:

Ég hef því notfært mér sama frelsi og blaðamenn í Þýskalandi, Frakklandi, Englandi og Hollandi, já í öllum löndum Evrópu, að kalla það hvítt sem er hvítt og svart sem er svart; og þannig á það einnig að vera, því annars duga tímaritin ekki hið minnsta, ef þeir sem skrifa þau eiga að vera skyldugir til að skrifa nákvæmlega á þann hátt sem þeir sem framleiða bækurnar vilja að þeir skrifi og hrósa því sem á að lasta.⁶⁹⁹

Skyldur ritdómarans og blaðamannsins eru að miklu leyti *siðferðislegar* (og þar með stundum óljósar, a.m.k. óskrifaðar). Eftirlitið með því að siðareglum blaðamanna sé framfylgt felst í aðhaldi lesenda og annarra blaðamanna, auk þess sem gert er ráð fyrir að þetta eftirlit sé að einhverju leyti innbyggt í blaðamennina sjálfa. Hinar siðferðislegu skyldur sem lagðar eru á þá geta jafnvel verið í andstöðu við hagsmuni vinnuveitenda þeirra; ritstjóra og eigenda blaða. Hver og einn blaðamaður verður að axla persónulega ábyrgð á því að framfylgja þeim og jafnvel veita ritstjórninni andstöðu brjóti stefna hennar í bága við siðareglurnar.⁷⁰⁰ Í þessu ljósi er áhugavert að Clitau sér ástæðu til að taka fram að það sem knýi hann til gagnrýnnar sé ást á bókmenntum, að hætti hins franska forvera síns, Boileaus:

Ég er alls ekki óvinur höfundarins. Þvert á móti elska ég hann af öllu hjarta, rétt eins og ég elska innilega öll góð fræði og alla þá sem það sama gildir um.⁷⁰¹

⁶⁹⁸ Jørgensen: *Det danske anmelderis historie*, 26.

⁶⁹⁹ „Jeg haver deerfor betient mig af samme Frihed, som JOURNAListerne i Tydskland, Frankrig, Engelland og Holland, ja i alle Lande i Europa betienne sig af, at de nemlig kalde hvidt hvad der er hvidt, og sort hvad der er sort; og saaledes bør det ogsaa være. Thi ellers due JOURNALerne ikke det ringeste, i fald de, sem skrive dem, skal være forbundne til at skrive, lige som de, der have gjort Bøgerne, vil have det, og at rose det, som bør at lastes.“ Thomas Christensen Clitau: *Nye Tidender om lærde og curieuse Sager*, 27. október 1741. Tilvitnun sótt í Jørgensen: *Det danske anmelderis historie*, 25.

⁷⁰⁰ Á Íslandi gilda til dæmis sérstakar siðareglur sem Blaðamannafélagið hefur eftirlit með að sé framfylgt. Þær siðareglur voru reyndar ekki settar fyrir en árið 1965, þótt Blaðamannafélag Íslands hafi verið stofnað þegar árið 1897. Guðjón Friðriksson: *Nýjustu fréttir*, 102 og 276.

⁷⁰¹ „I det øvrige er jeg ikke Forfatterens Uven, men tvært imod jeg elsker ham af Hiærtet: Ligesom jeg ogsaa for uden dette er en inderlig Elskere af alle gode Videnskaber, og af alle dem, som besidde samme.“ Thomas Christensen Clitau: *Nye Tidender om lærde og curieuse Sager*, 27. október 1741. Tilvitnun sótt í Jørgensen: *Det danske anmelderis historie*, 25.

Það er ekki nóg að búa yfir þekkingu á umfjöllunarefnum og færni til að skrifa um það. Ritdómarnir þarf að sýna fram á að aðfinnslur hans eigi rætur í knýjandi sannleiksþörf sem spretti af ást á bókmenntunum; að siðferðisleg afstaða hans sé í grunninn rétt og því sé hann í fullum rétti til að setja skoðanir sínar frjálst fram á opinberum vettvangi — rétt eins og höfundurinn er í fullum rétti til að andmæla þeim og setja sínar skoðanir fram. Það er svo lesenda og starfsfélaga að skera úr um það hvort þeir mæli af heilindum, byggi á siðferðislega réttum grunni og tali í raun máli sannleikans.

Í *Fjölni* má sjá þessa þörf fyrir réttlætingu á ritdómum blaðsins og þar er einnig bent á gildi frjálstrar umræðu, þ.e. einlægra og hreinskilinna skoðanaskipta þar sem frumskylda ritdómans sé að þjóna sannleikanum í þágu bókmenntanna. Í *Fjölni* er þessi skylda að auki alltaf tengd þjóðlegum áherslum, ást á íslenskri tungu og menningu, eins og sést í 6. árgangi þar sem umfjöllun um íslenskar bækur er greinilega talin skipta máli í víðara samhengi:

Það er einkjennilegt um ástand vort í bóklegum efnum, að Skjárnir, eina tímaritið sem kjemur nokkurnveigjinn stöðugt á prent, hefir eins og gjört sjer að skjildu, að telja upp á ári hvorju danskar bækur illar og góðar, þar sem hinna íslenzku er hvurgji gjetid. [...] Íslenzkar bækur eru að sönnu opt og einatt næstum eins torskjildar og þær væri tóm danska; enn þær eru þó ætlaðar Íslendingum, og hvor er líka sjálfum sjer næstur. Fjölnir telur því ekkji eptir sjer að nefna þessar fáu hræður, sem koma í ljós á íslenzku í Viðei og Kaupmannahöfn að því leiti sem vjer höfum fregnir af [...].⁷⁰²

Hin þjóðlega áhersla beinist ekki síst að tungumálinu; upphafningu íslenskunnar og áherslu á varðveislu hennar. Í *Fjölni* eru því málfræðileg atriði mjög í fyrirrúmi í ritdómum,⁷⁰³ eins og í dómi um *Ágrip af merkis atburðum Mannkyns Sögunnar* eftir Pál Melsted þar sem heilar tíu blaðsíður eru lagðar undir málfræðilegar umvandanir en sagt að meðferð efnisins „ætlum vjer öldungis að leiða hjá oss“.⁷⁰⁴ Gagnrýnandinn gerir sér þó vel grein fyrir því að hann er að skapa sér ímynd smásmugulegs nöldrara og finnur sig knúinn til að réttlæta áherslur sínar:

Vera kann að mörgum þyki aðfindni vor heldur smásmugleg, en ekki kvíðum vjer því samt af þeim, sem mestan á hlutinn að, heldur þykjumst vjer vita fyrir víst, að hann muni hafa það af bindingum vorum, sem honum skilst vera nokkru nýtt, ef það kemur fyrir hann að láta prenta

⁷⁰² „Bókafregn“, *Fjölnir*, 1843, 59.

⁷⁰³ Málfræðipólitík var einnig hluti af uppreisn Fjölnismanna gegn yfirvaldinu heima því Konráð Gíslason barðist mjög fyrir nýrri tegund stafsetningar, byggðri á framburði, sem fór óstjórnlega fyrir brjóstid á flestum öðrum Íslendingum og náði engri fótfestu. Fór í það mikil orka hjá Fjölnismönnum að berjast, árangurslaust, fyrir þessari nýju stafsetningu og aflaði það þeim mikilla óvinsælda. Sjá t.d. Páll Valsson: *Jónas Hallgrímsson*, 153 og 192.

⁷⁰⁴ H.F.: „Bókafregn“, 71.

bókina í annað sinn, og sljetta yfir ójöfnur þær, sem á kunna að vera, og fyrir þá sök þykir oss mein að, er vjer megum ekki færa það allt til, sem oss finnst að lagfæra þyrfti.⁷⁰⁵

Slíkar réttlætningar gefa til kynna að *Fjölnismenn* hafi rekið sig á andstöðu gegn nýju affli prentmiðilsins og vilji reyna að koma í veg fyrir ásakanir um valdníðslu. Slíkar ásakanir byggja ekki síst á þeirri staðreynd að ritdómurinn er ekki aðeins staddur miðja vegu milli fræðasviðsins, fjölmiðlasviðsins og listasviðsins heldur ríkir einnig óvissa um mörk persónulegra tilfinninga einstaklingsins sem gegnir hlutverki gagnrýnanda og opinberrar afstöðu bókmenntastofnunarinnar. Hin gróteska ímynd gagnrýnandans verður ekki umflúin en ein leið til að kljást við hana er að skilgreina hana sem nokkurs konar fórnarkostnað í þágu æðri málstaðar. Enda stillir Jónas Hallgrímsson „hlutunum þannig upp að hann gangi tregur til leiks“, þegar hann ritar fyrsta íslenska ritdóminn, „hann vinnur þetta leiðinda langverk fyrir þjóðina og íslenskar bókmenntir. Hann gerir sjálfan sig að eins konar píslarvotti“, eins og Páll Valsson orðar það.⁷⁰⁶ Málstaðurinn sem hann fórnar sér fyrir er skáldskaparlistin og um leið land og þjóð:

Þetta mun þikja nóg komið af so góðu, og vildí jeg óska, það, sern hjer er sagt, gjæti orðið einhvurjum til viðvörunar, sem feingjíst við rímna-kveðskap eptirleíðis. [...] Þetta má ekkji sobúið standa. Leirskáldunum á ekkji að vera vært; og þeim mun varla verða það úr þessu, nema þau fari að taka sjer fram, og hætti med öllu, eða irkji betur. Höfundur þessara orða, skal að minnsta kosti heita á hvurn, sem firstur verður til, að láta prenta níar rímur, sona illa kveðnar, að taka þær, ef hann lifir, og hlífa heím ekkji, heldur leitast við, að sína almenníngji einskjísvirði þeirra, og hefna so lanzins og þjóðarinnar, firir alla þá skömm, sem hún verður firir af slíkum mönnum.⁷⁰⁷

Ritfærni Jónasar bjargar honum frá þeim örlögum Molbechs að vera einkum minnst fyrir smámunasemi og frá örlögum J.N. Madvigs, starfsfélaga hans, sem Jørgensen segir helst minnst fyrir galla sína; „þröngsýna höfnun á ósæmilegum skrifum og nær ólæsilegar, latínuskotnar setningar“.⁷⁰⁸ Mörgum þótti þó „árás Fjölnis ganga persónulega of nærri vinsælu skáldi eins og Sigurði Breiðfjörð“.⁷⁰⁹ Beitt gagnrýni getur aldrei falið í sér nærgætni. Georges Mongrédien segir, eftir að hafa varpað fram þeirri spurningu hvort franskri gagnrýnandinn Nicolas Boileau hafi verið grimmur, ekki hægt að neita því að hjá Boileau megi merkja að

⁷⁰⁵ Sama, 60.

⁷⁰⁶ Páll Valsson: *Jónas Hallgrímsson*, 162.

⁷⁰⁷ Jónas Hallgrímsson: „Rímur af Tistrani og Indíönu“, 29.

⁷⁰⁸ „[...] bornerte afvisninger af sanselighed og den næsten ulæselige latinsk prægede syntaks.“ Jørgensen: *Det danske anmelderis historie*, 59. Jørgensen segir að alræmt sé móralskt uppbot hans, aðallega fyrir kvenna hönd, vegna ósæmilegra ástarsagna eftir Blicher, í „uhyre grundige, mere end 5.000 ord lange, recension“. Sama, 59-61.

⁷⁰⁹ Vilhjálmur Þ. Gíslason: *Blöð og blaðamenn 1773-1944*, 57.

hann njóti þess, svo það „örlar fyrir hans sataníska brosi“, ⁷¹⁰ að ráðast með hömluleysi satírunnar gegn höfundum vondra bóka. ⁷¹¹ Gagnrýnendur eru því sífellt í vörn vegna ásakana um grimmd og Boileau segir sjálfur í inngangi að verkum sínum árið 1701:

Éf menn ásaka mig enn um illmælg, veit ég ekki um neinn lesanda sem ekki væri hægt að ásaka á sama hátt, þar sem meðal þeirra er enginn sem gefur ekki frjáltslega álit sitt á ritum sem prentuð eru, og sem ekki telur sig í fullum rétti til þess, með samþykki jafnvel þeirra sem birta þau. Hvað er í raun að birta rit? Er það ekki að segja á vissan hátt við almenning: Dæmið mig? Af hverju finnst okkur þá slæmt að vera dæmd? ⁷¹²

Samkvæmt þessu er það sem kallað er „grimmd“ aðeins óhjákvæmilegur fylgifiskur þess frelsis sem almennir lesendur hafa til að segja álit sitt á bókum, réttar sem höfundar og útgefendur veita þeim með því að birta ritin opinberlega. Boileau tekur hins vegar ekki með í reikninginn áhrifamátt hins prentaða orðs í samanburði við persónulegar samræður, en þessi áhrifamáttur á auðvitað sinn þátt í hinum hörðu viðbrögðum. Dómar Boileaus eru svo sannarlega ekki dómar óbreytts lesanda heldur bera þeir stimpla yfirvaldsins, jafnt í höfundarnafni ritdómarans og í prentmiðlinum sem það birtist í. Dómar Fjölnismanna mæta sömu andstöðu en vald þeirra er þó ekki jafntryggt í sessi og hins ægilega Boileaus og andstaðan virðist þeim því erfiðari eins og fram kemur í 7. árgangi:

Í síðasta Fjölni gátum vjer íslenzkra rita, sem birzt höfðu á prenti frá því Fjölnir hafði komið út næst á undan, og ljætum þar fylgja fáein orð um sum þeirra. Nú er hætt við, að þessi fáeinu orð hafi ekki fallið öllum í geð, og — ef til vill, alls engum. Vjer viljum ekki reyna til að breiða yfir það, hvorki fyrir sjálfum oss nje öðrum, og þykir oss helzt, að segja svo hverja sögu sem hún gengur. En úr því nú svo er á statt, má það virðast áhorfsmál, hvort rjettara sje, að hætta við svo búíð, eða reyna til eptir megni, að halda hinu sama áfram, meðan kostur er. Það væri bæði fyrirhafnarminna og kæmi sjer betur, að hætta við svo búíð, og vera kann, að margir þeir, sem vilja oss vel, eða riti voru, kysu heldur þann kost oss til handa. ⁷¹³

Fjölnismenn telja hins vegar nytsemi gagnrýninnar það mikla að þeir ákveða að láta ekki deigan síga, þótt hætt sé við því „að þeim, sem vilja vanda orðfæri sitt á annað borð, þyki of smásmuglega í farið“ ⁷¹⁴ Þrátt fyrir að vera meðvitaðir um þá ímynd sem það skapar þeim

⁷¹⁰ „[...] la trace de son sourire satanique.“ Mongrédién: „Préface“, xiii.

⁷¹¹ Sama, xiii-xiv.

⁷¹² „Si on m'accuse encore de médisance, je ne sais point de lecteur qui n'en doive aussi être accusé, puisqu'il n'y en a point qui ne dise librement son avis des écrits qu'on fait imprimer, et qui ne se croie en plein droit de le faire, du consentement même de ceux qui les mettent au jour. En effet, qu'est-ce que mettre un ouvrage au jour? N'est-ce pas en quelque sorte dire au public: Jugez-moi? Pourquoi donc trouver mauvais qu'on nous juge?“ Nicolas Boileau: „Préface VI“, *Oeuvres de Boileau*, ritstj. Georges Mongrédién, París, Garnier Frères, 1961, 14.

⁷¹³ „Bókafregn“, *Fjölnir*, 1844, 71.

⁷¹⁴ Sama, 74.

leggja Fjölnismenn því áfram til atlögu við „skrípi“ og „ófreskjur“ á borð við þær sem Jónas finnur í rímum Sigurðar Breiðfjörðs og lýsir á svo magnaðan hátt:

Slíkur óþverri og viðbjóður! Það eru fádæmi, að nokkur maður skuli gjeta verið að velta öðru eins í huga sjer, og búa það til. Imindunar-ablið hlítur að vera allt saman gjörsamlega spillt og saurgað, áður enn það gjeti farið að skapa þvílíkar ófreskjur.⁷¹⁵

En í miðri glímunni við þessi grótesku skrímsli hætta ritdómarar á að verða sjálfir að ófreskjum bókmenntasviðsins. Eins og fram hefur komið skiptir meginmáli hvort ritdómar eru túlkaðir sem afurð velvilja og hreinnar ástar á bókmenntum (sjá t.d. bls. 157) og séu þar með lögmæt notkun á valdi í þágu samfélagsins eða hvort þeir eru túlkaðir sem afurð óhreins huga og annarlegra hvata og þar með stjórnlaust, hættulegt vald sem útskúfa verði sem úrkasti (sjá bls. 19). Því eitt einkenni hreinsunarathafna, samkvæmt kenningum Mary Douglas — og hér er því haldið fram að ritdómar hafi virkni slíkra athafna innan bókmenntasviðsins — er að oft er ytri athöfn ekki talin nægja heldur er mikið lagt upp úr samræmi innra lífs (hjarta og hugar) við hina opinberu gjörð. Sjáist misræmi þar á milli getur hreinsunarathöfnin af sér eitthvað óhreint; úrkast.⁷¹⁶

„Sá sem bjargar lífi annars manns gegn vilja hans er engu betri en morðingi“,⁷¹⁷ fullyrðir Hóras og þótt 18. og 19. aldar ritdómarar stígi fram sem eins konar sjálfskipaðir eftirlitsmenn bókmenntaheimsins er þeim oftast en ekki tekið sem glæpamönnum í síðuðu samfélagi; þeir eru dónar sem brjóta kurteisreglurnar er halda samfélaginu saman, eins og Trolander og Tenger benda á (sjá bls. 141). Það sem verra er, þeir gera það undir yfirskyni sjálfsfórnar en undir niðri glittir í hina skuggalegu og ósiðlegu eiginleika úrkastsins, sem samkvæmt kenningum Kristevu er „skuggalegt, undirförlt; skelfing á fölskum forsendum, hatur sem brosir [...] vinur sem stingur þig í bakið“.⁷¹⁸ Hinn „hlutlaus“ gagnrýnandi virðist, að minnsta kosti að mati Terrys Eagletons, vera hið fullkomna úrkast bókmenntaheimsins; falsari sem dylur undirliggjandi hagsmuni með grímu hagsmunaleysis (sjá bls. 129). Í því ljósi er athyglisvert að líta á baksögu „fyrsta íslenska ritdómsins“ en hún stangast á við hlutleysislegt yfirbragð hinnar fræðilegu ritgerðar. Jónas Hallgrímsson er að „taka í gegn leirskáld Íslands, rímnaskáldin vondu og bókmenntagrein þeirra“ segir Páll Valsson og bendir

⁷¹⁵ Jónas Hallgrímsson: „Rímur af Tistrani og Indíönu“, 28.

⁷¹⁶ „The contradiction between external behaviour and secret emotions is a frequent source of anxiety and of expected misfortune. This is a new contradiction which can arise from the act of purification itself. We should therefore recognise it as an autonomous pollution in its own right.“ Douglas: *Purity and Danger*, 136.

⁷¹⁷ Hóras: „De Arte poetica Liber“, 226. Tilvitnun sótt í Árne Sigurjónsson: *Bókmenntakenningar fyrri alda*, 88.

⁷¹⁸ Kristeva: *The Powers of Horror*, 6.

á að stundum gefi Jónas í skyn að það sé tilviljun að Sigurður Breiðfjörð verði fyrir valinu.⁷¹⁹ Hins vegar verði að hafa í huga „persónulegar forsendur sem örugglega hafa skipt máli“. Sigurður Breiðfjörð átti í harðvítugum deilum við *Fjölni* fyrir og eftir að ritdómur Jónasar birtist og segir Páll að í þeim deilum hafi Sigurður notið stuðnings „þorra alþýðu sem og flestra valdamanna sunnanlands sem stóð stuggur af hroka hinna ungu og kjaftforu Fjölnismanna.“⁷²⁰

Sigurði Breiðfjörð var „hampað í *Sunnanpóstinum*“⁷²¹ sem hóf göngu sína nokkrum mánuðum á undan *Fjölni*, árið 1835. *Sunnanpósturinn* var stofnaður af helstu valda- og embættismönnum á Suðurlandi og var gefinn út og ritstýrt af séra Árna Helgasyni, stiftprófasti í Görðum, og Þórði Sveinbjörnssyni, dómstjóra í Reykjavík. *Fjölnir* var hins vegar „málgagn vígreifra, ungra og sjálfsörugggra menntamanna sem innblásnir af þjóðernishugmyndum rómantísku stefnunnar krefjast aukinnar sjálfstjórnar Íslandi til handa“.⁷²² Og milli forsvarsmanna þessara tveggja blaða fer lítið fyrir háttvísinni sem einkenndi á sínum tíma samskipti *Klausturpóstsins* og *Íslenskra sagnablaða* (sjá bls. 86). *Sunnanpósturinn* hefur til dæmis skáldskap Jónasar Hallgrímssonar „í flimtingum“⁷²³ og í grein um stafsetningu í *Fjölni* árið 1837 er hörd gagnrýni um „leiðarvísir til að kjenna börnum að lesa“ eftir ritstjóra *Sunnanpóstsins*, Árna Helgason.⁷²⁴ Dómur Jónasar Hallgrímssonar um rímur Sigurðar Breiðfjörðs er þó frægastur.

Páll Valsson segir að á vissan hátt persónugerist togstreitan milli *Fjölnis* og *Sunnanpóstsins* í Sigurði Breiðfjörð, „hinum ókrýnda konungi rímnanna og vinsælasta skáldi Íslands á þessum tíma“. Sigurður hafi strax snúist gegn *Fjölni*, „að líkindum vegna tengsla við útgefendur Sunnanpóstsins“ en hann yrki m.a. niðkvæðið „Fjölnirs rjómi“. Í öllum dómi Jónasar blandist „fagleg gagnrýni sem byggist á skýrum rómantískum forsendum saman við persónulegan ofsa og hvöt til þess að koma höggi á höfundinn og jábræður hans“. Páll telur Jónas flétta *Sunnanpóstinum* „inn í ætlunarverk sitt með lævíslegum hætti, þannig að högg hans hæfi báða andstæðingana“ og þannig fullnægi hann „þörf til að ná sér niðri á Sunnanpóstinum og skáldinu Sigurði Breiðfjörð“ um leið og hann fullnægi þörf fyrir að sýna Íslendingum hve lítils virði rímurnar séu sem bókmenntagreinar og búi í haginn fyrir

⁷¹⁹ Páll Valsson: *Jónas Hallgrímsson*, 165.

⁷²⁰ Páll Valsson, „Íslensk endurreisn“, 244-245.

⁷²¹ Páll Valsson: *Jónas Hallgrímsson*, 154.

⁷²² Sama, 127.

⁷²³ Sama, 159. Hér er vísað til þess að Eiríkur Sverrisson sagði um kvæðið „Ísland“ að „eftir þess innihaldi virðist að vera réttnefnd *Grafskrift yfir Ísland*“. „Sendibréf Borgfúrdingsins, Sunnanpósturinn, 1, 1836, 28. Tilvitnun sótt í Páll Valsson: *Jónas Hallgrímsson*, 123.

⁷²⁴ Sjá „Þáttur umm stafsetning“, *Fjölnir*, 1836, 6-8 og „Þáttur um stafsetning. 2. Svar til Árna-bjarnar“, *Fjölnir*, 1837.

„rómantískan skáldskap nýs tíma; skáldskaps hans sjálfs.“⁷²⁵ Eftir að dómur Jónasar birtist yrkir Sigurður svo „hvert niðkvæðið af öðru um Fjölni og vikur illu að honum í mansöngvum rímna sinna. Þá ritar hann m.a. grein um ritdóm Jónasar sem farið hefur víða, ef marka má fjölda uppskrifta á Landsbókasafni, þótt ekki hafi hún verið prentuð á þeim tíma.“⁷²⁶

Árið 1941, í umfjöllun um íslenska ritdóma, gefur Stefán Einarsson þessum persónulegu átökum jafn mikið vægi og fagurfræðilegum ágreiningi, en hann segir:

Það er ekki, víst að [ritdómur Jónasar] hefði verið saminn, ef Sigurður hefði ekki látið kaupa sig, fátækur eins og hann var, til að yrkja flím um *Fjölni*. Jónas reiðist og skrifar dauðadóm rímanna út frá sínu eigin form-elska listamannseðli.⁷²⁷

Árið 1999 telur Páll Valsson hins vegar persónulegu forsendurnar „skipta okkur litlu máli nú miðað við hinar fagurfræðilegu niðurstöður“.⁷²⁸ Þær varpa þó ljósi á hluta þeirrar hagsmunatogstreitu sem bjó undir yfirborði hinnar fræðilegu ritgerðar. Hér voru persónulegir og stéttbundnir hagsmunir að veði ekki síður en menningarlegir og þjóðernispólitískir. Og öll þessi hagsmunatogstreita fer fram undir formerkjum faglegrar fræðimennsku í þágu fegurðarinnar og sannleikans.

Stefán Einarsson hikar ekki við að benda á ýmsar persónulegar og hagsmunatengdar hliðar ritdóma, eins og skoðanamun, fyrri deilur ritdómara og höfunda, samkeppni á markaði og pólitík. En hann gerir minna úr mikilvægi þeirra þegar kemur að Sigurði Nordal, sem var enn nokkuð óskorað yfirvald á íslenska bókmenntasviðinu á þeim tíma er Stefán skrifar grein sína. Stefán vill ekki taka undir það sem „sumir hafi viljað meina“, að Sigurður hafi rofið áralanga þögn sína um Halldór Laxness vegna sinnaskipta í pólitík, þ.e. vegna þess að „hann „væri orðinn ánetjaður í snörum þeirra kommúnistanna““. Stefán telur að í því tilviki sé skýringin meðfædd hófsemi Sigurðar Nordals og tryggð við fornþómenntirnar „ásamt fullri viðurkenningu á snild Laxness“. Þá sé saga Ólafs Kárasonar Ljósvíkings „ljóðrænasta bók Laxness, á köflum hrein og skær fegurð“ og „[s]líka list“ hafi Sigurður Nordal „þunt móðureyra fyrir“.⁷²⁹

Áhersla Stefáns á hreina og skæra fegurð og afneitun hans á pólitískum hagsmunum hjá Sigurði Nordal undirstrikar það hversu eldfim hagsmunahlið bókmenntanna getur verið. Sé hún afhjúpuð hrikir í stoðum bókmenntasviðs sem byggir sjálfstæði sitt á hugmyndum um

⁷²⁵ Páll Valsson: *Jónas Hallgrímsson*, 154 og 160-163.

⁷²⁶ Páll Valsson: „Íslensk endurreisn“, 245.

⁷²⁷ Stefán Einarsson: „Um ritdóma og rithöfunda“, 20.

⁷²⁸ Páll Valsson: *Jónas Hallgrímsson*, 160.

⁷²⁹ Stefán Einarsson: „Um ritdóma og rithöfunda“, 25-26.

hreina og hagsmunalaus nálgun gagnrýnenda, mýtu sem enski 19. aldar gagnrýnandinn Matthew Arnold átti stóran þátt í að festa í sessi, tæpum þremur áratugum eftir að Jónas geystist fram gegn Sigurði Breiðfjörð.

Matthew Arnold, stundum kallaður „faðir nútímagagnrýni“ (líklega frekar vegna þeirra gríðarlegu áhrifa sem kenningar hans höfðu á komandi kynslóðir gagnrýnanda en vegna frumleika þeirra), tókst á við það verkefni að kveða niður draug gagnrýnandans sem sérhagsmunaseggs og hélt því fram að *raunverulegir* gagnrýnendur kvæðu upp réttláta dóma um fegurð listaverka. Í greininni „The Function of Criticism at the Present Time“ frá 1864 tekur Arnold m.a. fyrir neikvæða ímynd gagnrýnandans og þótt hann samsinni því almenna viðhorfi að gagnrýni sé í eðli sínu lægra sett en skapandi framtak er hann ekki sammála því viðhorfi að hún sé lágkúrleg og skaðleg iðja.⁷³⁰ Arnold leitar svara við því að hvaða gagni gagnrýni geti verið, fyrir hug og anda gagnrýnandans og annarra. Svar hans felst í því að hún geti orðið til að efla forvitni og frjálssa sköpun. Slík hugmynd um frjálssa notkun hugans, sem á sér m.a. rætur í kenningum Kants (sjá bls. 123), varð óaðskiljanleg hugmyndum um listsköpun á tímum rómantíkurinnar, sbr. orð Tómasar Sæmundssonar sem segir í *Ferðabók* sinni á þriðja áratug 19. aldar að listin sé „sjálfráður leikur ímyndunarkraftarins“.⁷³¹ Arnold segir að „frjálss leikur hugans“ sé eftirsóknarverð ánægja í sjálfu sér⁷³² og sér fyrir sér að gagnrýnin skapi leikvöllinn sem sköpunarkrafturinn getur nýtt sér, undirbúi jarðveginn með því að skapa hugmyndir sem koma af stað grósku og hreyfingu svo sífellt spretti upp nýtt skapandi tímabil í bókmenntum.⁷³³ Hann taldi að skapandi gróskutímabil gæti verið að hefjast í Englandi á seinni hluta 19. aldar. Til að búa í haginn væri mikilvægt að ensk gagnrýni mótaði sér skýra stefnu sem ætti að markast af einu hugtaki: „disinterestedness“, eða hagsmunaleysi.⁷³⁴

Arnold útfærir þannig í grein sinni hugmyndir sem höfðu þegar fest sig í sessi. Kant sagði til dæmis að velþóknunin sem stýri dómi smekkvísinnar væri ótengd öllum hagsmunum (sjá bls. 121), en áður hafði Hume staðhæft að gagnrýnandi yrði að „bægja öllum fordómum frá huga sínum og ekki leyfa neinu að blandast inn í athugun sína nema sjálfum hlutum sem hann fær til rannsóknar.“ Hann verði líta á sig sem „mann almennt“, gleyma einstaklingstilveru sinni og sérstökum kringumstæðum. Sé þetta ekki gert víki „smekkur hans

⁷³⁰ Arnold: „The Function of Criticism at the Present Time“, *Essays by Matthew Arnold*, London, Oxford University Press, 1936, 10.

⁷³¹ Tómas Sæmundsson: *Ferðabók*, 333.

⁷³² Arnold: „The Function of Criticism at the Present Time“, 19.

⁷³³ Sama, 12.

⁷³⁴ Sama, 20-21.

frá hinum rétta mælikvarða“ og glati „þar af leiðandi öllu trausti og myndugleika“. ⁷³⁵ Listgagnrýnandinn þarf, samkvæmt þessu, að standa utan við tímabundna hagsmunabaráttu og vera fulltrúi eilífra, algildra og sammannlegra viðmiða.

Flokkun hinna smekkvísu

„Annars vegar er heimur hugmynda og hins vegar heimur framkvæmda“, segir Arnold ⁷³⁶ og staðsetur gagnrýnina á fyrrnefnda sviðinu. Skil milli listar og lífshátta verða „mikilvægasta einkenni sjálfstæðisins í borgaralegri listsköpun“, að mati Peters Bürgers ⁷³⁷ og krafan um hagsmunaleysið verður jafnframt mikilvægasta einkenni borgaralegrar listgagnrýni — og sú sem er mestum vandkvæðum bundin. „Aðeins þeir sem eiga hagsmuna að gæta geta verið hagsmunalausir,“ staðhæfir Eagleton. ⁷³⁸ Írónían sem blasir við er sú að ákveðin forréttindastaða er forsenda þess að hægt sé að segjast taka afstöðu án tillits til hagsmuna. Schiller segir til dæmis á síðasta áratug 18. aldar að fyrst þegar grundvallarþörfum hafi verið fullnægt og búið sé að uppræta skort og neyð geti maðurinn þroskast til fulls í frjálsum leik. ⁷³⁹ Um svipað leyti segir Kant að aðeins þegar menn hafi allt sem þeir þurfa skapist rými fyrir frjálst val og við getum sagt til um það hverjir meðal þeirra hafa smekk. ⁷⁴⁰ Rómri hálfri öld síðar bendir Matthew Arnold líka á að efnislegar forsendur, langvarandi friður og efnahagslegt öryggi, gefi aukið svigrúm til andlegra hugðarefna. ⁷⁴¹ Bourdieu orðar það svo þannig á 20. öldinni að aðeins þeir sem eigi meira en lífsnauðsynjar geti gert lífsnauðsynjar að list. ⁷⁴²

Ákveðnar forréttindaaðstæður, sem óþarfi er að tengja um of hinu sögulega augnabliki sem Bürger fjallar um, þ.e. tilkomu borgarastéttarinnar, gera einnig hópum kleift að líta á sín gildi sem altæk og óháð átökum. Hefðbundin bókmenntaumræða byggir allt frá tímum Platons og Aristótelesar á hugmynd um algild viðmið og Hume sagði að þegar tilfinningar manna yrðu fyrir truflunum og fylgdu því ekki hinum almennu listreglum, mætti miða við hina varanlegu aðdáun „sem fylgir þeim verkum sem hafa staðist alla duttlunga stíls og tísku, öll mistök fávæsi og öfundar“. Þegar stundaráhrif séu liðin hjá sýni „fegurðareigindirnar, sem eru náttúrulega til þess fallnar að vekja ánægjulegar kenndir, áhrifamátt sinn og meðan heimur

⁷³⁵ Hume: „Um mælikvarðann á smekk“, 35 og 36.

⁷³⁶ „There is the world of ideas and there is the world of practice.“ Arnold: „The Function of Criticism at the Present Time“, 16.

⁷³⁷ Bürger: „Sjálfstæði listarinnar og vandi þess innan borgaralegs samfélags“, 244.

⁷³⁸ „Only those with an interest can be disinterested.“ Eagleton: *The Function of Criticism*, 26.

⁷³⁹ Friedrich Schiller: *Um fagurfræðilegt uppeldi mannsins*, þýð. Arthúr Björgvin Bollason og Þröstur Ásmundsson, Lærdómsrit Bókmenntafélagsins, Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafélag, 2006, 50.

⁷⁴⁰ Kant: *Kritik der Urteilskraft*, 48.

⁷⁴¹ Arnold: „The Function of Criticism at the Present Time“, 20.

⁷⁴² Bourdieu: „Aðgreining. Félagssleg gagnrýni smekkvísinnar“, 40-41.

stendur halda þær áhrifavaldi sínu yfir hugum manna.⁷⁴³ Að sama skapi fullyrðir Arnold rúmum hundrað árum síðar að einu réttu viðmiðin séu algild, örugg og varanleg.⁷⁴⁴ Hann telur nauðsynlegt að vera meðvitaður um þá bókmenntahefð sem skáld byggja á og komi með framlag til, en gagnrýni eigi alltaf að byggja á gildum sem séu óháð sögunni; hreinu formunum, fullkomleika hins klassíska listaverks.⁷⁴⁵ Slíkt kallar Bürger tregablandna áherslu á altækt gildi hins fagurfræðilega dóms.⁷⁴⁶ Enda byggir hún á þrá eftir hinu ómögulega.

Walter Benjamin telur reyndar að rómantíkin hafi lagt grunninn að algjörlega nýrri tegund gagnrýni sem snúist ekki um dóma og hafi ekki þungamiðju í gildismati á einstaka verkum heldur í því að sýna fram á tengsl þeirra við öll önnur verk, og, á endanum, tengsl þeirra við hugmyndina um list. Um sé að ræða fullkomnandi, jákvæða gagnrýni sem setji fram hreina, fullkomnaða eiginleika listaverks, ímynd hins fullkomna listaverks.⁷⁴⁷ Dómar falli hins vegar óbeint og felist í því hvaða verk eru talin gera gagnrýni mögulega. Slíkt gildismat hafi enga mælikvarða handtæka. Ef hægt sé að gagnrýna verk þá sé það listaverk, annars ekki.

Samkvæmt nútíma hugmyndum er gagnrýni byggð upp af hlutlægi þekkingu og mati á verki, en auðkennandi þátturinn í rómantísku hugmyndinni um gagnrýni liggur í frelsinu frá sérstöku huglægu mati á verkinu með smekksdómi. Gildismat er innfalið í hlutlægi rannsókn og þekkingu á verkinu. Gagnrýnandinn dæmir ekki verkið; heldur dæmir listin sjálf, annað hvort með því að taka verkið upp í gagnrýnimiðlinum eða með því að hafna því og þannig meta það sem neðar allri gagnrýni. Gagnrýni ætti, með valinu á því sem til meðferðar er tekið, að leiða okkur til besta úrvals listaverka.⁷⁴⁸

Sjónarhorn rómantísku gagnrýnendanna mætti kalla *írónískt*, bendir Benjamin á, því það er meðvitað um skort á föstum grunni í fyrirbærinu sem verið er að íhuga.⁷⁴⁹ Hann telur að þessi snemmrómantíska hugmynd um gagnrýni sé andstæð nútímaskilningi á eðli hennar.⁷⁵⁰ Ef til vill mætti frekar segja að eitt meginverkefni bókmenntagagnrýnninnar frá upphafi sé einmitt að bæta upp þennan skort á föstum grunni með einhvers konar viðmiðum. Kant áréttar til dæmis

⁷⁴³ Hume: „Um mælikvarðann á smekk“, 31-32.

⁷⁴⁴ Arnold: „The Function of Criticism at the Present Time“, 15.

⁷⁴⁵ Matthew Arnold: „The Study of Poetry“, *The Norton Anthology of English Literature* 2, New York, Norton, 1962, 1452.

⁷⁴⁶ Bürger: „Sjálftæði listarinnar og vandi þess innan borgaralegs samfélags“, 237-238.

⁷⁴⁷ Benjamin: „The Concept of Criticism“, 154.

⁷⁴⁸ „Whereas in contemporary conceptions criticism is compounded of objective knowledge and the evaluation of the work, the distinctive element of the Romantic concept of criticism lies in its freedom from any special subjective estimation of the work in a judgment of taste. Valuation is immanent to the objective investigation and knowledge of the work. The critic does not pass judgment on the work; rather, art itself passes judgment, either by taking up the work in the medium of criticism or by rejecting it and thereby appraising it as beneath all criticism. Criticism should, by the choice of what it treats, arrive at the finest selection among works.“ Sama, 160-161.

⁷⁴⁹ „That is, it observes in its object nothing singular, nothing determinate. [...] It can rightly be called ironic, therefore, because in its not knowing [...] observation knows better, being identical with the object.“ Sama, 148.

⁷⁵⁰ Sjá til dæmis sama, 152-155.

að þótt snilligáfa virki í listaverkum „kraftinn í frelsi frá hömlum reglna“⁷⁵¹ verði fagrar listir samt sem áður að vera eitthvað sem hægt er að skilja og fylgja eftir í hlýðni við reglur, annars myndi framleiðslan ekki teljast list heldur afurð tilviljunar.⁷⁵² Grundvöllur gagnrýninnar er viljinn til að trúa því „að réttur og ótvíræður mælikvarði sé til einhvers staðar, nefnilega raunveruleg tilvera og staðreynd“,⁷⁵³ eins og Hume orðar það, og Kant telur að meðfædd snilligáfa, náttúrulegur listhæfileiki, sé nokkurs konar verkfæri náttúrunnar til að ljá listinni reglur í gegnum klassísk verk.⁷⁵⁴ En þær reglur sé ekki hægt að setja fram í formúlu eða nota sem forskrift, heldur aðeins leiða þær út frá listaverkinu. Því séu fagrar fyrirmyndir eina leiðin til að miðla klassískri list til komandi kynslóða, ekki sé hægt að gera það með lýsingum.⁷⁵⁵ Þetta leiðir til hringraka, því klassísku verkin færa okkur reglurnar sem við notum til að skilgreina þau sem klassísk.

Matthew Arnold vill nota línur úr klassískum meistaraverkum sem mælikvarða á gæði annarra verka.⁷⁵⁶ Klassísku verkin gefa þannig fastan grundvöll sem kemur í veg fyrir að frjáls leikur gagnrýnenda gangi of langt, verði of íronískur, grafi undan samfélagsskipaninni. Áhersla Arnolds á klassískan kanón er því vissulega að einhverju leyti afturhvarf frá hugmyndum snemmrómantíkeranna eins og Benjamin lýsir þeim; frá því að líta á listina sem fhugunarmiðil og hreyfanlegt, skammvinnnt augnablik í lífandi, forskilvitlegu formi (e. *transcendental form*). Benjamin segir að snemmrómantíkerar hafi litið á listaverkið sem hluta af algjörleika listarinnar en aldrei algjört í sjálfu sér.⁷⁵⁷ Þeir hafi deilt harkalega á kenningar Goethes um kanónískt gildi grískra verka og ekki viðurkennt frummyndir, sjálfstæð verk fullkomin í sjálfu sér, heldur verið meðvitaðir um, eins og Novalis lýsi því, að klassíkin hafi aldrei verið „þegar til staðar“ heldur seinni tíma „framleiðsla“ gegnum „ákafa og andríka rannsókn á fornritunum“.⁷⁵⁸

Matthew Arnold reynir hins vegar að styrkja hefðarveldið, kanóninn, sem mikilvægan grundvöll gagnrýninnar. Meginmarkmið hans er að sýna fram á að klassísk meistaraverk séu í sjálfu sér sönnun á gildi bókmennta, stigveldi bókmenntaheimsins og bókmenntagagnrýni. Arnold telur yfirleitt best að dómar falli sem eins konar „aukaverkun“ af

⁷⁵¹ Kant: *Kritik der Urteilskraft*, 163 og 173.

⁷⁵² Sama, 164.

⁷⁵³ Hume: „Um mælikvarðann á smekk“, 37.

⁷⁵⁴ Kant: *Kritik der Urteilskraft*, 160.

⁷⁵⁵ Sama, 132, 163-164 og 173.

⁷⁵⁶ Arnold: „The Study of Poetry“, 1444-1445.

⁷⁵⁷ Benjamin: „The Concept of Criticism“, 180-182.

⁷⁵⁸ Novalis segir: „It is the same with classical literature as with antiquity. It is not actually given to us — it is not already there; rather, it must first be produced by us. A classical literature arises for us only through diligent and spirited study of the ancients — a classical literature such as the ancients themselves did not possess.“ Sama, 182-183.

bókmenntaumfjöllun, en séu ekki settir fram sem lögmál. En hann bætir því við að dómur sé stundum nauðsynlegur til að ákvarða stöðu höfundar innan bókmenntanna og „stöðu hans hvað varðar miðlæg viðmið“. Ef þetta er ekki gert, spyr hann, „hvernig eigum við að nálgast hið *besta í heiminum*?“⁷⁵⁹ Stigveldi kanónsins er samkvæmt þessu nauðsynlegt og gagnlegt, því það gerir okkur kleift að (læra að) njóta góðs skáldskapar, sem Arnold lýsir sem lífsnauðsynlegum; hann hafi „afl til að móta, viðhalda og veita okkur gleði, eins og ekkert annað getur gert“.⁷⁶⁰ Til að gegna svo háleitu hlutverki þarf skáldskapur að vera í hágæðaflokki, segir Arnold, og við verðum að „venja okkur við há viðmið og stranga dóma“,⁷⁶¹ leggja skáldskapinn á mælistiku og meta hið raunverulega gildi hans.⁷⁶² Það að mæla þannig gildi höfundar eða verks telur Arnold þó að sé í raun aukaverkefni og komi líkt og af sjálfu sér þegar búið er að staðfesta hvaða verk eru klassísk.⁷⁶³ Mikilvægara sé að örva nýjungar og sköpun, því stigveldið sé hreinlega hluti af náttúrulegu fyrirkomulagi og þar með óhjákvæmilegt: „Mikilvægi og yfirburðir eru tryggð, ekki vegna meðvitaðrar ákvörðunar heimsins heldur vegna einhvers miklu djúpstæðara — vegna eðlishvatar mannkynsins til sjálfsviðhalds.“⁷⁶⁴

Þetta er bæði sterkur og veikur grunnur bókmenntagagnrýnnar, því hann byggir enn á hringrökum. Ef við búum yfir smekkvísi (e. *tact*) finnum við réttu línurnar í meistaraverkunum, segir Arnold. Þá sé hægt að raða verkum niður í náttúrulega og nauðsynlega stigskipan af hreinni „eðlishvöt“.⁷⁶⁵ Þeir smekkvísu bera sem sagt kennsl á raunverulega fegurð í listaverki en raunveruleg fegurð er það sem þeir smekkvísu finna í listaverki. Ef einhver ber ekki kennsl á raunverulega fegurðina í klassísku listaverki er ástæðan sú að hann skortir smekkvísi og slíkur skortur dæmir hann um leið úr leik í umræðunni. Enda viðurkennir Arnold, í fyrirlestri sem hann hélt um þýðingu á verkum Hómers, að aldrei verði hægt að rökstyðja slíkan grundvöll gagnrýnnar, því hann byggi á *trú*:

⁷⁵⁹ „Sometimes, no doubt, for the sake of establishing an author's place in literature, and his relation to a central standard (and if this is not done, how are we to get at our *best in the world?*), criticism may have to deal with a subject-matter so familiar that fresh knowledge is out of the question, and then it must be all judgment [...]“ Arnold: „The Function of Criticism at the Present Time“, 34.

⁷⁶⁰ „[...] a power of forming, sustaining, and delighting us, as nothing else can.“ Arnold: „The Study of Poetry“, 1442.

⁷⁶¹ „We must accustom ourselves to a high standard and to a strict judgment.“ Sama, 1442.

⁷⁶² Sama, 1451.

⁷⁶³ Arnold: „The Function of Criticism at the Present Time“, 34.

⁷⁶⁴ „Currency and supremacy are insured to it, not indeed by the world's deliberate and conscious choice, but by something far deeper — by the instinct of self-preservation in humanity.“ Arnold: „The Study of Poetry“, 1453.

⁷⁶⁵ The Study of Poetry, 1444 og 1447.

Um [mikilfenglegan stíl] er hægt að segja það sama og um trú: „Maður verður að finna fyrir honum til að vita hvað hann er.“ En, eins og með trúna, má einnig segja um göfgi, um hinn mikilfenglega stíl: „Vei þeim sem þekkja hann ekki!“ Sú yfirlýsing hefur þó, þrátt fyrir að vera óskilgreinanleg, sinn sjarma; maður verður betri af því að hugleiða hana; *bonum est, nos hic esse*; nei, maður nýtur þess að útskýra, þótt maður viti að maður hljóti að gera það á ófullkominn hátt. Fyrir þá sem spyrja spurningarinnar — Hvað er mikilfenglegur stíl? — mun ég því af einlægni reyna að koma með svar, hversu ófullkomið sem það kann að vera. Fyrir þá sem spyrja háðslega hef ég ekkert svar, nema að endurtaka við þá, með samúðarfullri sorg, orð fagnaðarerindisins: *Moriemini in peccatis vestris* — munið þér deyja í syndum yðar.⁷⁶⁶

Það að ganga út frá fyrirframgefnu viðmiði sem hægt er að meta öll önnur listaverk út frá krefst alltaf einhvers konar „trúar“ á viðmiðið sem ekki er hægt að útskýra því viðmiðið útskýrir allt. „Eðli hágæða skáldskapar [...] skilst betur þegar hægt er að finna hann í ljóði meistarans, en þegar hann er rannsakaður í texta gagnrýnandans“, segir Arnold.⁷⁶⁷ Hlutverk gagnrýnandans samkvæmt þessu er ekki að *ákveða* hvað sé góð list þótt hann taki stundum að sér að færa það í orð til að aðrir geti notað réttar fyrirmyndir og mælt árangur sinn með rétta kvarðanum. Gagnrýnendur skapa þar með jarðveg fyrir ný meistaraverk. Kant lýsir því þannig að listaverk sem spretti af hugarafli snillings geti aðrir notað sem mælikvarða á sína eigin hæfileika, sem fyrirmynd, en ekki til að *líkja eftir* heldur til að *fylgja*.⁷⁶⁸ Og það er náttúruleg smekkvísi sem er talin gera gagnrýnendum kleift að halda rétta kvarðanum á lofti. Hume segir til dæmis að sameiginlegur dómur manna sem hafa skarpa dómgreind, sameinaða næmri tilfinningu, þroskaða með æfingu, fullkomnaða með samanburði og hreinsaða af öllum fordómum, sé „hinn rétti mælikvarði á smekk og feegurð“.⁷⁶⁹ Smekkvísinn er þannig, líkt og snilligáfan, talin leið náttúrunnar til að koma reglum sínum á framfæri, og að einhverju leyti innbyggð í manninn, en ólíkt snilligáfunni telja menn að þjálfar og þroska megi náttúrulega smekkvísi með menntun og reynslu og þá einna helst með návígi við meistaraverk, sem kenna mönnum að þekkja önnur meistaraverk. Samkvæmt skilgreiningu Arnolds er smekkvísinn nokkurs konar sjötta (skáldskapar) skilningarvitið „sem gerir okkur kleift, sama hvaða

⁷⁶⁶ „One may say of [the grand style] as is said of faith: ‘One must feel it in order to know what it is.’ But, as of faith, so too one may say of nobleness, of the grand style: ‘Woe to those who know it not!’ Yet this expression, though indefinable, has a charm; one is the better for considering it; *bonum est, nos hic esse*; nay, one loves to try to explain it, though one knows that one must speak imperfectly. For those, then, who ask the question,—What is the grand style?—with sincerity, I will try to make some answer, inadequate as it must be. For those who ask it mockingly I have no answer, except to repeat to them, with compassionate sorrow, the Gospel words: *Moriemini in peccatis vestris*.—Ye shall die in your sins.“ Matthew Arnold: *On Translating Homer. Last Words: A Lecture Given at Oxford*, London, Smith, Elder & co, 1896, 31.

⁷⁶⁷ „The characters of a high quality of poetry [...] are far better recognized by being felt in the verse of the master, than being perused in the prose of the critic.“ Arnold: „The Study of Poetry“, 1446.

⁷⁶⁸ Kant: *Kritik der Urteilskraft*, 163 og 173.

⁷⁶⁹ Hume: „Um mælikvarðann á smekk“, 37.

skáldskapur er lagður fyrir okkur, að finna hversu mikið af hágæða skáldskap er þar eða vantar þar.⁷⁷⁰ Og við getum öll verið sammála um niðurstöðuna.⁷⁷¹

Þegar Arnold notar orðið „við“ er hann þó ekki að tala um allan almenning, heldur vísar hann óbeint til ákveðins hóps sem hann skilgreinir ekki nákvæmlega; líkt og klassíska meistaraverkið þarfnast hann ekki frekari útskýringa. Hann er ríkjandi stétt bókmenntagagnrýnninnar sem skilgreinist af andstæðu sinni, fjöldanum, hinum almenna lesanda:

Fjöldinn mun aldrei brenna af ákafa til að sjá hlutina eins og þeir eru; mjög ófullkomnar hugmyndir munu alltaf nægja honum [...] hver sem leitast við að sjá hlutina eins og þeir eru mun verða hluti af þröngum hóp; en það er aðeins vegna þess að þessi þröngi hópur vinnur einarðlega að eigin verkefnum sem viðunandi hugmyndir komast nokkurn tímann í umræðuna.⁷⁷²

Góður smekkur er því í raun ríkjandi smekkur sem stýrt er af tiltölulega fámennum hópi fólks. Þeir sem hafa í hendi sér að skilgreina hvað einkenni meistaraverk eru í lykilstöðu, stöðu sem ritdómarinn yfirtekur á sífellt formlegri hátt, en Saintsbury bendir á að á 16. öld hafi gagnrýnendur ýmist verið menn sem ná ekki alveg (svo tekið sé vægt til orða) efsta klassa sem bókmenntamenn, eða menn sem veiti viðfangsefninu nauma athygli. Á 17. öldinni fari þetta að breytast og á 18. öld hafi orðið umbylting. Addison, Johnson og Pope verði allir eins konar einræðisherrar bókmenntanna og frægð þeirra ná langt út fyrir landsteinanna. Og þeir séu allir gagnrýnendur.⁷⁷³ Þetta samræmist þeirri þróun sem Jørgensen tekur eftir í Danmörku; árið 1827 segi Heiberg að gagnrýnandinn verði að láta almenning sjálfan um að melta verk góðra skálda en árið 1842 segi hann að hinn sanni gagnrýnandi standi „ofar almenningi“.⁷⁷⁴ Hér má merkja ákveðna afstöðubreytingu sem færir valdið frá „almennum smekk“ til *þroskaðs* smekks gagnrýnandans.

⁷⁷⁰ „If we are thoroughly penetrated by their power, we shall find that we have acquired a sense enabling us, whatever poetry may be laid before us, to feel the degree in which a high poetical quality is present or wanting there.“ Arnold: „The Study of Poetry“, 1446.

⁷⁷¹ Sama, 1450.

⁷⁷² „The mass of mankind will never have any ardent zeal for seeing things as they are; very inadequate ideas will always satisfy them [...] whoever sets himself to see things as they are will find himself one of a very small circle; but it is only by this small circle resolutely doing its own work that adequate ideas will ever get current at all.“ Arnold: „The Function of Criticism at the Present Time“, 25.

⁷⁷³ Saintsbury: *A History of English Criticism*, 235.

⁷⁷⁴ *Kjøbenhavns flyvende Post*, 90-101, 1827 og *Intelligensblade*, 2, 1842. Sótt í Jørgensen: *Det danske anmelderis historie*, 61-66.

Arnold gerir greinarmun á almenningi og þeim sem hafa þroskaðri smekk er hann segir að gildir fegurðardómar „mótist *næstum því* af sjálfu sér í réttlátum og tærum huga“,⁷⁷⁵ þ.e. þegar öllum hagsmunum hefur verið bægt frá. Enn er talinn fjarlægur sá möguleiki að *allir* geti fellt gilda fagurfræðilega dóma, því til að vera færir um að fella slíka dóma þurfa gagnrýnendur ekki bara að vera óháðir, þeir þurfa einnig að búa yfir smekkvísi, færni til að vege og meta kosti og galla listaverka. Smekkvísi er að hluta til öllum meðfædd og að hluta til þjálfuð upp, með umgengni við sönn listaverk.⁷⁷⁶

Hume viðurkennir að óþægileg óvissa ríki um það hvar góða gagnrýnendur sé að finna, en veit þó að þá einkennir „skörp dómgreind, sameinuð næmri tilfinningu, þroskuð með æfingu, fullkomnuð með samanburði og hreinsuð af öllum fordómum“. Ljóst er af grein hans að þá sé til dæmis ekki að finna meðal „bænda eða indíána“⁷⁷⁷ heldur í áhrifastöðum innan samfélagsins, stöðum sem eru sönnun þess að þeir sem gegna þeim hafa yfirburði yfir aðra og tryggja að þeirra viðmið verða ríkjandi viðmið innan samfélagsins:

Þótt smekkvísir menn séu fátíðir er auðvelt að þekkja þá í samfélaginu á því hve skilningsgáfa þeirra er heilbrigð og á því hve hæfileikar þeirra bera af öllum öðrum. Áhrifastaðan sem þeir ná stuðlar að útbreiðslu þess líflega hróss sem þeir taka á móti snilldarverkum með og gerir það almennt ríkjandi.⁷⁷⁸

Hér hefur smekkurinn það hlutverk að flokka, „ekki síst þann sem flokkar“ og „list og listneysla [hefur] viljandi eða óviljandi, vitandi eða óafvitandi, tilhneigingu til að gegna því félagslega hlutverki að réttlæta félagslegan mismun“, eins og Bourdieu orðar það,⁷⁷⁹ en Hume telur einmitt einn kost „listarreglna“ vera að þær skapi aðgreiningu á menningarsviðinu; þær geri það mögulegt að þagga niður í lélegum gagnrýnendum,⁷⁸⁰ þ.e.a.s. gagnrýnendum sem eru ekki í áhrifastöðum og eiga ekki að komast í þær.

Pólitík hinnar hreinu fagurfræði

Í fyrstu þremur köflum þessarar ritgerðar hefur verið fjallað nokkuð ítarlega um sögulegar rætur ritdóma og þær sögulegu aðstæður og hugmyndir sem mótuðu fyrstu skref íslenskra ritdómara. Í þeirri yfirferð hafa komið fram helstu einkenni þessarar textategundar og lögð áhersla á það hvernig staða ritdóma á mörkum ýmissa ólíkra sviða mótir virkni þeirra. Í seinni

⁷⁷⁵ „[...] almost insensibly forms itself in a fair and clear mind [...]“. Arnold: „The Function of Criticism at the Present Time“, 34.

⁷⁷⁶ Arnold vísar til dæmis til þess að gagnrýnandi þurfi ákveðna tegund reynslu til að þróa með sér smekkvísi; reynslu af sannri list. Arnold: „The Study of Poetry“, 1444-1445.

⁷⁷⁷ Hume: „Um mælikvarðann á smekk“, 37.

⁷⁷⁸ Sama, 38.

⁷⁷⁹ Bourdieu: „Aðgreining. Félagsleg gagnrýni smekkvísinnar“, 41 og 43.

⁷⁸⁰ Hume: „Um mælikvarðann á smekk“, 33.

hluta ritgerðarinnar verður áfram litið á virkni ritdóma í sögulegu samhengi, allt fram á okkar daga, en á „þematengdari“ hátt, þ.e. litið verður á fræðilegar, markaðstengdar og, í næsta kafla, pólitískar hliðar þeirra.

Gagnrýni byggir í senn á kröfu um samfélagslega gagnsemi og á hugmyndum um hreina og hagsmunalaus nálgun gagnrýnenda. Hume telur til dæmis góða gagnrýnendur samfélagslega dýrmæta⁷⁸¹ og „fyrsti íslenski ritdómurinn“ þjónaði ákveðnum þjóðernispólitískum hagsmunum, eins og Guðmundur Hálfðanarson hefur m.a. bent á. Hann telur ritdóm Jónasar Hallgrímssonar að einhverju leyti endurspeglar að hluti af íslenskri skáldskaparhefð, rímurnar, féllu, „líkt og afþreyingarbókmenntir nútímans [...] ekki að fegurðarsmekk bókmenntaelítunnar“ og „hæfðu ekki þjóð sem vildi láta taka sig alvarlega, því að þær þóttu stríða gegn þeirri fagurfræði sem ríkti á alþjóðlegum menningarmarkaði“.⁷⁸²

Ritdómur Jónasar er gott dæmi um það hvernig hugmyndin um hreina og hagsmunalaus fegurðardóma er notuð í þágu menningarpólitískra hagsmuna og endurspeglar vanda gagnrýni sem byggir í senn á kröfu um samfélagslega gagnsemi og á hugmyndum um frelsi frá öllum hagsmunum. Eigi gagnrýni ekki að hverfast írónísk um skort á föstum grunni og vinna þar með gegn kerfinu og eiga á hættu að verða flokkuð sem ólögmet valdbeiting verður hún að tengjast einhvers konar samfélagslegum tilgangi. Sá tilgangur verður fyrst og fremst að viðhalda stigveldi bókmenntasviðsins, stigveldi sem menn telja nauðsynlegt siðmenningunni og framtíð hennar.

Hér er vert að hafa í huga orð Winfrieds Flucks um Matthew Arnold; að áhersla hans á hæstu viðmiðin og á nauðsyn þess að byggja á hinu besta sem þekkest spretti ekki af því að hann sé ólýðræðislegur snobbari heldur af þeirri sýn sem hann hefur á þróun nútímaþjóðfélaga.⁷⁸³ Í fyrsta kafla *Culture and Anarchy* lýsir Arnold menningu sem beitingu mannlegra krafta andspænis óheillavænlegri þróun þar sem vélrænir og efnislegir eiginleikar eru að taka yfir siðmenninguna.⁷⁸⁴ Á 19. öldinni var nútíminn ekki aðeins skref í framfarasögu heldur einnig möguleg uppspretta mannlegrar sjálfsfíringar, segir Fluck:

⁷⁸¹ Sama, 37.

⁷⁸² Guðmundur Hálfðanarson: „Leirskáldunum á ekkji að vera vært“, *Skírnir*, haust, 2007, 335.

⁷⁸³ Winfried Fluck: „Resistance! Cultural Studies and the Question of Cultural Change“, *Yearbook of Research in English and American Literature*, 20, 2005, 12.

⁷⁸⁴ „But above all in our own country has culture a weighty part to perform, because here that mechanical character, which civilisation tends to take everywhere, is shown in the most eminent degree. [...] The idea of perfection as an *inward* condition of the mind and spirit is at variance with the mechanical and material civilisation [...]“ Matthew Arnold: *Culture and Anarchy. An Essay in Political and Social Criticism*, ritstj. Ian Gregor, Indianapolis og New York, Bobbs-Merrill Company, 1971, 38.

Ástæðan fyrir því að hámenning og hábókmenntir léku svo stórt hlutverk hjá menntamönnum og menningargagnrýnendum á 19. öld [...] var ekki sú að þessir menntamenn væru í eðli sínu elítistar — margir þeirra voru það ekki — og notuðu því hámenningu og hábókmenntir til stéttaaðgreiningar. Meginástæðan er sú að menning, á grundvelli ákveðinnar greiningar á nútímanum, birtist sem meginuppspretta viðnáms gegn því sem Max Weber átti seinna eftir að kalla járnúr rökvisinnar og Max Horkheimer, Theodor W. Adorno og aðrir menningargagnrýnendur Frankfurtarskólans eins og Herbert Marcuse áttu eftir að fjalla um sem skynsemi hagkvæmninnar.⁷⁸⁵

Kenningar Matthews Arnolds eru hluti af tilraunum til að efla sjálfstæði bókmenntasviðsins og sjálfstæði bókmenntagagnrýnninnar. Og að einhverju leyti hefur það tekist. Van Rees bendir á að bókmenntagagnrýni geri ráð fyrir mun meira sjálfstæði en telja mætti tilefni til miðað við aðferðafræðilegar og þekkingarfræðilegar forsendur hennar. Að auki beri virðingin sem borin er fyrir niðurstöðum gagnrýnenda vitni um það að þetta sjálfstæði sé almennt viðurkennt er þeir ákveða hvaða textar af þeim sem koma til þeirra kasta teljist lögmæt bókmenntaform, hvar í stigveldi bókmenntaverka textarnir eigi heima og hvaða yfirlýsingar um þessa texta teljist viðeigandi.⁷⁸⁶ Viðurkenning samfélagsins á orðræðu gagnrýnandans sem trúverðugri greinargerð um eðli og gæði bókmenntatexta velti þó á ýmsum stofnanatengdum þáttum, til dæmis færni gagnrýnandans í að fella orðræðu sína að stöðlum starfssviðsins sem og þeim skilgreiningum sem eigi rætur sínar í ríkjandi hugmyndum um bókmenntir meðal kollega hans.⁷⁸⁷ Að mati Arnolds veltur trúverðugleikinn hins vegar fyrst og fremst á því að finna „nógu saklaust tungumál“; að „flecklaus hreinleiki markmiða okkar“ sé gefinn nógu skýrt til kynna.⁷⁸⁸ Líkt og Hume, sem telur næman smekk á fyndni og fegurð vera uppsprettu „allra fágúðustu og saklausustu nautna sem mannlegt eðli er móttækilegt fyrir“,⁷⁸⁹ vísar Arnold því til hreins uppruna þeirra tilfinninga sem taldar eru vakna við upplifun sannra listaverka.

Hinn virðulegi danski 19. aldar gagnrýnandi Johan Ludvig Heiberg (sjá bls. 148-151 og 168) virðist uppfylla öll skilyrði Arnolds um „hrein markmið“ þar sem hann berst fyrir því að gera gagnrýnina að fræðum. Árið 1828 segist hann vilja byggja smám saman upp „fræðin um hið fagra, þannig að þau geti borið nafn fræða með rentu, en þá hlýtur allt handahófskennt að

⁷⁸⁵ „The reason why high culture and high literature played such a crucial role for intellectuals and cultural critics of the 19th century [...] is not that these intellectuals were inherently elitist — many of them were not — and therefore drew on high culture and high literature as a welcome means of class distinction. The main reason is that, on the basis of a particular analysis of modernity, culture emerged as the main resource of resistance against what Max Weber would later call the iron cage of rationality and Max Horkheimer, Theodor W. Adorno, and other Frankfurt School cultural critics such as Herbert Marcuse would discuss as instrumental reason.“ Fluck: „Resistance!“, 15-16.

⁷⁸⁶ Van Rees: „How a Literary Work Becomes a Masterpiece“, 402.

⁷⁸⁷ Sama, 397.

⁷⁸⁸ „[...] language innocent enough [...] the spotless purity of our intentions [...].“ Arnold: „The Function of Criticism at the Present Time“, 26.

⁷⁸⁹ Hume: „Um mælikvarðann á smekk“, 34.

hverfa úr gagnrýnum forsendum og auðvelt verður að leiðrétta innbyrðis ósamræmi milli ólíkra dóma⁷⁹⁰. Jørgensen telur að metnaðarfyllri áætlun hafi varla sést fyrr eða síðar í danskri menningargagnrýni: „Því að hún snýst ekki um neitt minna en að koma á hlutlausum og óumdeilanlegum grundvelli fyrir gildismat listdóma.“⁷⁹¹ Það hafi hins vegar orðið sögulegt hlutskipti Heibergs að sýna fram á í eitt skipti fyrir öll að slíkt verkefni er „fantasískt, útópískt, ómögulegt, já, heimskulegt“.⁷⁹² Ritdómar sem fylgi þessari forskrift endurspegli það á gróteskan hátt. Niðurstaða heibergskrar gagnrýni verði yfirleitt tilraun til að koma verkunum fyrir í fyrirfram tilreiddum bókmenntagreinakössum. Ef þau passi ekki í kassana lýsi Heiberg því yfir að eitthvað sé að verkunum, en í raun hafi hann verið að skapa röklegan grunn til að upphefja eigin skáldverk.⁷⁹³ Jørgensen flettir þannig ofan af persónulegum hagsmunum Heibergs og útnefnir hann jafnvel forsprakka nýrrar undirgreinar ritdómanna í Danmörku, „sjálfritdóma“, sem í reynd eru nokkurs konar fals-ritdómar þar sem úrkastið berar tennurnar:

Bíræfnasti leikurinn hans var ritdómur sem hann skrifaði undir merkinu „delta“ (skrifað með gríska bókstafnum) í mars 1827. Í þremur tölublöðum ritdæmdi hann — af alvöru og á jákvæðan hátt — sína eigin revíu, „Recensenten og Dyret“!⁷⁹⁴

Að sama skapi má greina, bak við faglegt yfirborð ritdóms Jónasar Hallgrímssonar, að persónulegir og aðstöðubundnir hagsmunir voru að veði ekki síður en menningarlegir og þjóðernispólitískir. Fagurfræði Jónasar er langt frá því að vera „hrein“ og laus við persónulega eða pólitíska hagsmuni, og sem skáld hampar hann vitanlega sínum eigin skáldskaparáherslum. En fyrst og fremst er ritdómurinn framlag til bókmenntasviðs sem talið var að ætti að gegna mikilvægu þjóðernispólitísku hlutverki. Nauðsynlegt var talið að það bókmenntasvið byggði á klassísku stigveldi og hugmyndin um „hreina fagurfræði“ — sótt í evrópska skáldskaparhefð og listheimspeki — var notuð til að viðhalda því stigveldi.

⁷⁹⁰ „Videnskaben om the Skjønne, saaledes at den virkelig kan fortjene Navn af Videnskab, hvorved da al Vilkaarlighed i den kritiske Betragtning maa forsvinde, og den indbyrdes Afgivelse af de forskjellige Domme vil blive let at berigtige.“ Jørgensen: *Det danske anmelderis historie*, 66.

⁷⁹¹ „Det handler jo om intet mindre end etableringen af et objektivt, indiskutabelt værdigrundlag for kunstdomme.“ Sama, 66.

⁷⁹² „[...] fantastisk, utopisk, umuligt, ja, naragtigt [...].“ Sama, 66.

⁷⁹³ Sama, 66-67.

⁷⁹⁴ „Hans dristigste nummer var den anmeldelse, han skrev under mærket „delta“ (angivet ved det græske bogstav) i marts 1827. Over tre udgaver af bladet recenserede han — seriøst og positivt — sin egen vaudeville Recensenten og Dyret“! Det er, så vidt vides, den danske kritikhistories første eksempel på genren selvanmeldelse.“ Sama, 63.

4 Skáldskapur og pólitík

Íslenskir ritdómar fóru að gegna lykilhlutverki í íslensku bókmenntalandslagi á síðustu áratugum 19. aldar og fyrstu áratugum 20. aldar, á blómaskeiði prentmiðlanna og um það leyti sem bækur urðu að markaðsvöru hér á landi. Á svipuðum tíma náði síðrómantísk orðræða sjálfstæðisbaráttunnar hámarki, og það eru engin stór tíðindi að ritdómar þessa tíma endurspegli þjóðernislegar áherslur. Sú orðræða togast á við og blandast hinni nýju raunsæisstefnu sem barst hingað í bland við alþjóðlegar sósíalískar kenningar.

Flemming Conrad segir að um miðbik 19. aldar, um það leyti sem Jónas skrifar „fyrsta íslenska ritdómmin“, fari hugmyndir um þjóðareinkenni að fá það vægi í danska bókmenntaheiminum sem „góður smekkur“ hafði haft. „Smekksmenn“ hafi áður mælt hvernig danskur skáldskapur kæmi út samkvæmt (og þroskaðist í átt að) evrópskum fagurfræðistöðlum.⁷⁹⁵ Eins og fram kom í síðasta kafla voru þessir staðlar réttlættir með vísunum í klassískar rætur; forn-grískar og latneskar fyrirmyndir sem áttu að hafa sammannleg gildi, óháð tíma og rúmi. Conrad segir að „þjóðernismenn“ hafi hins vegar lagt áherslu á náttúrulega þróun þjóðlegra sérkenna og á kenningar Friedrichs Schlegels um nán tengsl þjóðernis og þjóðtöngu, þar sem bókmenntir eru verðmætasti birtingarmáti tungunnar og uppspretta að andans sögu þjóðarinnar. Þessi áherslubreyting hafi haft áhrif á ákvarðanir um það hvaða bókmenntir væru þessi virði að fjallað væri um þær, á dómama um þær og á það hvað taldist verðmætt yfirleitt í bókmenntaheiminum. Þó að fagurfræðileg einkunnarorð á borð við „hreinleiki“, „kraftur“, „fágun“ og „lytaleyfi“ hafi áfram verið notuð, hafi þau verið aðlöguð hinu nýja viðmiði og oftast ekki talin þjóðleg einkenni.⁷⁹⁶ Að sama skapi má segja að hugmyndir um „kvenlega“ og „karllega“ eiginleika, sem voru um aldabil notaðar til að skilja á milli hins góða og slæma í bókmenntaheiminum, hafi fengið nýja, þjóðlega vídd.

Kvenfrelsi var meðal „sósíalískra“ baráttumála í nýja raunsæisskáldskapnum, en eins og Inga Dóra Björnsdóttir hefur bent á varð kynjapólitík meira en bara angi af samfélagshræringum og einkennum raunsæisskáldskapar. Aðgreining hins kvenlega og karllega varð nokkurs konar grundvöllur sjálfstæðisbaráttunnar, og skilgreiningin á því hvað teldist íslenskt byggði á rómantískri upphafningu kvenkenndra þátta á borð við náttúru,

⁷⁹⁵ Conrad: *Smagen og det nationale*, 315-324.

⁷⁹⁶ Sama, 315-324.

menningu og tungu.⁷⁹⁷ Í þessum kafla verður fjallað um þessi þjóðernislegu og karllægu viðmið, pólitík hinnar ríkjandi fagurfræði á þeim tíma þegar íslenskri ritdómar mótast sem textaform og verða einn af grundvallarþáttum í valdakerfi íslenska bókmenntasviðsins.

Menntunartrappa þjóðar

Fyrir Íslendinga var það ekki bara spurning um heiður að vera fremstir í alþjóðlegu menningarkapphlaupi, heldur var það liður í sjálfstæðisbaráttunni að sýna fram á að íslensk menning, og þá sérstaklega bókmenntirnar, hefðu styrka stöðu í alþjóðlegu samhengi. Í *Ferðabók* sinni leggur Tómas Sæmundsson áherslu á stöðu þjóða í „menntunartröppum“ og telur „bóklegan verknað“ einn mælikvarða þar á.⁷⁹⁸ En til að hægt sé að meta menningarlega stöðu þjóðar þarf alþjóðlegan mælikvarða. Jón Sigurðsson segir í stefnuskrá *Nýrra félagsrita* árið 1841 að þjóðir geti aðeins „til fulls þekt sig sjálfar, að þær þekki einnig aðrar þjóðir, gefi nákvæman gaum að öllu lífi þeirra og framförum, og taki dæmi þeirra og reynslu sér til eptirdæmis og viðvörunar“. Hann bætir því við að „þegar eptirtekt þjóðanna á sjálfum þeim hefir verið um hríð í dái“ verði „hún ekki vakin mjög hastarlega“ heldur þurfi til þess „lángan tíma og margvíslegar tilraunir“.⁷⁹⁹ Vilhjálmur Þ. Gíslason bendir á að um öll blaðaskrif á fyrri hluta 19. aldar gangi „eins og rauður þráður [...] að rekja saman íslenzkt þjóðerni og fornt frelsi og hinn nýja frelsisanda umheimsins“,⁸⁰⁰ en þessi hugmynd um vakningu sem kemur að utan og verður til að vekja þjóð til meðvitundar um eigin sérstöðu verður þar áberandi. Í ávarpi til lesenda í fyrsta tölublaði *Þjóðólfs*, sem hóf göngu sína sjö árum síðar er til dæmis sagt að lengi hafi „verið svo að orði kveðið um oss Íslendinga, að vjer svæfum og þyrftum endilega að vakna“ og borist hafi hingað „þjóðvekjandi raddir“ að utan, til dæmis í *Ármani á alþingi* og *Fjölni*, sem hafai „eins og haft það mark og mið, að vekja oss af þessum svefni“.⁸⁰¹ Í þessu samhengi er athyglisvert að íslenska orðið gagnrýni kemur ekki til sögunnar fyrr en Valtýr Guðmundsson kynnir hugtakið fyrir landsmönnum í *Eimreiðinni* árið 1896 — og einmitt undir þeim formerkjum að þar sé um að ræða erlendan hugsunarhátt sem sé Íslendingum enn framandi, og einn „tilfinnanlegastur skortur á“, en að hann gæti orðið til gagns hér á landi.⁸⁰² Þeir sem hampa gagnrýnni hugsun líta þannig oft á sig sem kynningarfulltrúa „utanaðkomandi“ afla. Matthew Arnold leggur til dæmis áherslu á að hugmyndir hans um hlutverk gagnrýnnar (sjá bls. 162-171) séu sóttar í áralanga hefð á

⁷⁹⁷ Sjá Inga Dóra Björnsdóttir: „„Þeir áttu sér móður“: Kvenkenndir þættir í mótun íslenskrar þjóðernisvitundar“, *Fléttur*, ritstj. Ragnhildur Richter og Þórunn Sigurðardóttir, Reykjavík, Háskólaútgáfan, 1994.

⁷⁹⁸ Tómas Sæmundsson: *Ferðabók*, 105.

⁷⁹⁹ „[formáli]“, *Ný félagsrit*, 1, 1841, iii.

⁸⁰⁰ Vilhjálmur Þ. Gíslason: *Blöð og blaðamenn 1773-1944*, 49-50, 64 og 70.

⁸⁰¹ [Sveinbjörn Hallgrímsson]: *Þjóðólfrur*, 5. nóvember 1848, 1-2.

⁸⁰² Valtýr Guðmundsson: „Gagnrýni“, 161.

meginlandi Evrópu, og nefnir sérstaklega Frakkland og Þýskaland. Enskir gagnrýnendur verði að sækja mikið í erlenda hugsun.⁸⁰³ Markmiðið er fremur að vinna að sterku sambandi evrópskra þjóða en að enskum sérhagsmunum.⁸⁰⁴ Oscar Wilde hampar svipaðri hugmynd rúmum 30 árum síðar er hann segir að gagnrýni geri okkur alþjóðleg í hugsun. Hvorki samúðartilfinning né hagnaðarvon nái því marki heldur yfirveguð hugsun sem leiði óhjákvæmilega í ljós að við eigum meira sameiginlegt með öðrum þjóðum en við höldum — og að aðrar þjóðir búa mögulega yfir eiginleikum sem við getum tileinkað okkur.

Ef okkur finnst freistandi að hefja stríð gegn annarri þjóð, skulum við muna að við erum að leitast eftir að eyða einum þætti af okkar eigin menningu, og mögulega mikilvægasta þætti hennar. [...] Breytingin verður vitaskuld hægfara og fólk verður ekki meðvitað um hana. Það mun ekki segja „Við ætlum ekki í stríð gegn Frökkum vegna þess að prósin þeirra er fullkominn“, en vegna þess að franski prósin er fullkominn mun það ekki hata landið. Skynsamleg gagnrýni mun tengja Evrópu saman með sterkari böndum en þeim sem hönnuð eru af sölumönnum eða af tilfinningasemi. Hún mun færa okkur þann frið sem sprettur af skilningi.⁸⁰⁵

Evrópsk bókmenntaumuræða 19. aldar einkennist af togstreitu og samspili milli slíkrar áherslu á sammannlega reynslu sem grundvöll fyrir gæðamati á bókmenntum og áherslu á náttúrulega sérstöðu sem vopn í þjóðernislegrri menningarpólitík. Hins vegar er nokkuð ljóst að þjóðernisleg sérstaða verður ofan á sem gæðaviðmið í íslenskri menningarumræðu. Þetta verður m.a. áberandi í umfjöllunum um bækur Jóns Trausta í upphafi 20. aldar. Í einni segir til dæmis að menn ættu að „vera það þjóðræknir, að lesa fremur sögur Jóns Trausta en útlent sögurusl, sem nú er á boðstólum“⁸⁰⁶ en í annarri er áminning um að þar sem útlendingar þýði rit hans á aðrar tungu gerði hann „vel í því að reyna að þræða sem réttast og sannsögulegast allar siðvenjur og staðhætti þjóðar sinnar“.⁸⁰⁷

Þjóðernishyggjan, sem mótaði íslenska menningarstefnu og hugmyndir um hlutverk menntamanna, byggir á hugmynd um endurreisn stórbrotinnar fortíðar, sem m.a. er möguleg

⁸⁰³ Arnold: „The Function of Criticism at the Present Time“, 9 og 33.

⁸⁰⁴ „But, after all, the criticism I am really concerned with [...] is a criticism which regards Europe as being [...] one great confederation, bound to a joint nation and working to a common result [...]. Special, local, and temporary advantages being put out of account.“ Sama, 35.

⁸⁰⁵ „If we are tempted to make war upon another nation, we shall remember that we are seeking to destroy an element of our own culture, and possibly the most important element of it. As long as war is regarded as wicked, it will always have its fascination. When it is looked upon as vulgar, it will cease to be popular. The change will, of course, be slow, and people will not be conscious of it. They will not say ‘We will not war against France because her prose is perfect,’ but because the prose of France is perfect they will not hate the land. Intellectual criticism will bind Europe together in bonds far closer than those that can be forged by shopman or sentimentalist. It will give us the peace that springs from understanding.“ Wilde: „The Critic as Artist“, *The Artist as Critic. Critical Writings of Oscar Wilde*, rittstj. Richard Ellmann, London, W.H. Allen, 1970, 405.

⁸⁰⁶ H.: „Bókmentir“, ritdómur um *Heiðarbylið* eftir Jón Trausta, *Dvöl*, mars 1910, 10.

⁸⁰⁷ „Nýjar bækur“, ritdómur um *Fylgsnið* eftir Jón Trausta, *Dvöl*, mars 1911, 10.

vegna aldalangrar einangrunar. Hér er grundvallaratriði að litið sé á áhrif utan frá sem „mengun“, því sú hugmynd að íslensk menning sé upprunalegasta norræna menningin veitir tækifæri til að staðsetja íslenska klassík ofar öðrum í virðingarstiga Norðurlandanna og styður kröfur um sjálfstæði landsins. Upphefð sem kemur að utan þarf því að vera á réttum forsendum. Vei þeim sem upphefur sjálfan sig með því að svíkja íslensk grundvallargildi. Þeir sem eru trúir uppruna sínum, sama hvað gengur á, fá hins vegar klapp á bakið. Í eftirmælum um hina vesturíslensku Fridu Sharpe, sem skrifaði greinar í erlend tímarit (sjá neðanmálgrein á bls. 186), kemur til dæmis fram að hún hafi lagt „mesta rækt við hinar skandinavisku bókmentir“ og lögð er áhersla á að „þekking hennar á bókmentum þeirra og tungum var svo fullkomin sem orðið gat undir kringumstæðunum, þar sem hún ól aldur sinn fjarri þessum þjóðum og aðal bókmentalindum þeirra“.⁸⁰⁸ Langt fram eftir 20. öld var gildi íslensk-ættaðra höfunda metið út frá því hversu vel þeim hefði tekist að vera trúir íslenskum uppruna sínum. Árið 1959 eyðir Þóroddur Guðmundsson frá Sandi til dæmis miklu púðri í að reka það orð af rithöfundinum Gunnari Gunnarssyni að það hafi verið „óþjóðlegt“ af honum að rita bækur sínar á erlendu máli. Þóroddur færir rök fyrir því að ekki hafi íslenskur maður „skrifað þjóðlegri bækur en sögu Ugga Greipssonar, né reist alþýðufólki þessa lands fegurri minnisvarða“. Þá segir hann að *Fjallkirkjan* sé „þrungin svo ríkri ættjarðarást, að undrum sætir, að höfundinum skyldi nokkurn tíma hafa verið álasað fyrir að vera óþjóðlegur“.⁸⁰⁹ Niðurstaðan er sú að kjarninn í list Gunnars sé rammíslenskur:

Sögur hans eru allar af íslenzku fólki og íslenzkri náttúru. Þess vegna er Gunnar Gunnarson fyrst og fremst íslenzkt skáld. Við skrifborðið hefur hann alltaf verið með hugann á Íslandi. Þar átti hann alltaf heima í raun og sannleika [...].⁸¹⁰

Við lok 6. áratugar síðustu aldar virðist þjóðrækni því enn tiltækur mælikvarði á gildi bókmennta, líkt og hún var snemma á öldinni, þegar Gunnar hóf að birta verk sín.

Árið 1916 viðurkenndi reyndar J.H. (líklega Jón Helgason), í ritdómi um *Livets Strand* eftir Gunnar Gunnarsson, að Íslendingar gætu þótt fremur aftarlega á merinni, þar sem þeir hafi enn ekki lært „að mæla gildi þess, sem ritað er, á vog einnar saman stílslistarinnar“. Þeir séu enn svo „gamaldags“ að spyrja fyrst og fremst um „efnið sjálft, myndirnar úr lífinu, sem þar eru dregnar upp“, lyndiseinkunnir sögupersóna og „hina staðarlegu umgerð sögunnar,

⁸⁰⁸ „Mrs. Frida Sharpe“, *Heimskringla*, 13. janúar 1899, 4.

⁸⁰⁹ Þóroddur Guðmundsson: „Gunnar Gunnarsson“, *Eimreiðin*, 3, 1959, 173.

⁸¹⁰ Sama, 177.

umhverfið“ og meta gildi sögunnar eftir því. Jón bendir á að þetta hugsi hins vegar „margin skáldsagnahöfundar síðari tíma næsta lítið um“.

Þeir láta hugsjónina, sem fyrir þeim vakir, skapa umhverfið — ef þeir þá ekki beinlínis láta sér alveg standa á sama um það. Svo er að sumu leyti farið Gunnari Gunnarssyni. Fyrir honum er auðsjáanlega hugsjónin alt. Um virkileikann er miklu minna hirt.⁸¹¹

Þessu virðast þó íslenskir lesendur ekki vanir af sínum höfundum, því Jón bendir á að Gunnar leyfi sér ýmislegt sem komi „afaróþægilega við tilfinningar íslenzkra lesenda“:

Þegar eg fyrir nokkurum árum las „Ormarr Örlygsson“, þá leið mér beint illa. Mér fanst sagan í heild sinni svo einstaklega ósönn og ósennileg, mennirnir flestir svo óeðlilegir og umhverfinu öllu ranghvert [*svø*]. Og þegar eg svo ári síðar las „Dönsku frúna frá Hofi“, varð eg að hafa mig allan við til að komast bókina á enda. Svo mikið fanst mér kveða að ónáttúru þeirrar skáldsögu. Mér fanst blátt áfram, að eg hefði ekki í annað sinn séð syndgað öllu grimmilegar á móti öllum virkileika. Og mér fanst það ófyrirgefanlegt að leggja fram fyrir útlendinga, sem ekkert þekkja til Íslands, lýsingar, sem gæfu jafn ramskakkar hugmyndir um líf og hugsunarhátt manna hér úti á Íslandi og þessar lífslýsingar höfundarins.⁸¹²

Ritdómur Jóns Helgasonar einkennist af írónískri meðvitund um afstæði hinna þjóðlegu viðmiða. Gunnar er virtur metsöluhöfundur í Danmörku⁸¹³ og félli líklega að öðru leyti í kramið heima ef hann særði ekki svo þjóðerniskennd Íslendinga. En það segir sitt um ægivald hins þjóðlega mælikvarða að niðurstaða Jóns er, þrátt fyrir allt, sú að þótt það dyljist „ekki eitt augnablik“ að Gunnar Gunnarsson sé skáld sem mikils megi vænta af sé hann „orðinn of ókunnugur lífi og hugsunarhætti manna hér á landi til þess að geta gefið sannar lýsingar á því“ — og að löndum höfundarins „ætti ekki að vera það láandi“ að þeim geti ekki „á sama staðið um það, hvort útlendingar fá réttar eða rangar hugmyndir um lífið, sem hér er lífað“.⁸¹⁴

⁸¹¹ J.H.: „Ritfregni“, ritdómur um *Livets strand* eftir Gunnar Gunnarsson, *Skírnir*, 3, 1916, 313.

⁸¹² Sama, 313.

⁸¹³ Jón Yngvi Jóhannsson hefur bent á að þjóðernisleg viðmið urðu einnig ofan á í danski bókmenntaumfjöllun um verk Gunnars Gunnarssonar og annarra „dansk-íslenskra“ höfunda. Jón Yngvi telur að á öðrum áratug 20. aldar hafi mótast „ákveðin mynstur í því hvernig danskir gagnrýnendur túlka dansk-íslenskar bókmenntir“. Ritdómar snúist „nær eingöngu um það að bera kennsl á hið íslenska í verkunum og skilgreina það í andstöðu við, eða sem hliðstæðu við, hið danska“. Krafan „um að sögur Gunnars séu fyrst og fremst upplýsandi“ hafi t.d. verið áberandi og gildi verka hans aðallega talið „fólgið í lýsingu á íslenskum aðstæðum“. Lítið sé á verkin „sem vitnisburð um Ísland og Íslendinga“ og sögur Gunnars lesnar sem hrein þjóðhátt- og landfræðilýsing“ frekar en að hann sé „tekinn alvarlega sem skáldsagnahöfundur“ eða talinn hafa eitthvert mikilvægi „í umræðu um gildi og fagurfræði“. Jón Yngvi Jóhannsson: „„Jøklens Storm svaledede den kulturtrætte Danmarks Pande““, *Skírnir*, vor, 2001, 40, 43, 50-51 og 61.

⁸¹⁴ J.H.: „Ritfregni“, 315.

Uppgangur íslenskra prentmiðla

Þjóðernishyggjan náði hámarki um svipað leyti og íslensk blaðaútgáfa blómstraði sem mest, eða á síðari hluta 19. aldar og fyrstu áratugum 20. aldar, og það eru engin stór tíðindi að ritdómar þessa tíma endurspegli deilufni sjálfstæðisbaráttunnar og þjóðernislegar áherslur.

Loftur Guttormsson hefur fjallað um framleiðslu og dreifingu ritaðs máls á tímabilinu 1830-1930 og segir að áratugurinn 1861 til 1870 marki „nokkur skil í bókmenningu Íslendinga“. Þá hafi framboð á bókum aukist verulega, sérstaklega fagurbókmenntum, auk þess sem sífellt meiri áhersla á menntun og alþýðufræðslu og fleiri frístundir hafi stuðlað að auknum bóklestri almennt.⁸¹⁵ Bókaútgáfa hafi vaxið hægt framan af en farið stigvaxandi eftir 1870 og á tímabilinu 1830-1930 hafi árlegur fjöldi útgefinna bókartitla liðlega tólfaldast. Þetta sé meiri hlutfallsleg aukning en á sama tíma í Evrópulöndum á borð við England og Frakkland, enda hafi þau verið „komin miklu lengra áleiðis í bókvaðingu og ritmenningu en Ísland“.⁸¹⁶ Verð á bókum varð líka smátt og smátt viðráðanlegra fyrir almenning, þótt bókaútgáfa virðist alla tíð hafa verið basl á Íslandi.⁸¹⁷

Á árunum 1880 til 1920 fimfaldaðist jafnframt fjöldi íslenskra blaða og upplag einstakra blaða jókst. Auglýsingatekjur jukust og fyrstu lífvænlegu dagblöðin komu til sögunnar á öðrum áratug síðustu aldar; *Vísir*, *Morgunblaðið* og *Alþýðublaðið*.⁸¹⁸ Upp úr 1880 virðist því hafa þróast raunverulegur fjölmiðlamarkaður, en Loftur Guttormsson bendir á að „blaðabylting“ hafi verið „nokkurn veginn samferða bókabyltingu 19. aldar og í upphafi hinnar tuttugustu“.⁸¹⁹ Það má líklega að einhverju leyti rekja til þess að fram til 1849 var ritskoðun við lýði í Danmörku og fram til 1886 þurfti leyfi til stofnunar og starfrækslu prentsmiðju hér á landi.⁸²⁰ Þetta er raunar margþætt þróun og Loftur hefur til dæmis bent á að umbætur í samgöngumálum og póstburðarmálum hafi verið mikilvæg forsenda greiðrar blaðadreifingar. Fyrsta bókabúðin var stofnuð í Reykjavík árið 1872, en í kringum 1880 segir

⁸¹⁵ Loftur Guttormsson: „Lestrarhættir og bókmenning“, *Alþýðumenning á Íslandi 1830-1930. Ritað mál, menntun og félagshreyfingar*, ritstj. Ingi Sigurðsson og Loftur Guttormsson, Reykjavík, Háskólaútgáfan, 2003, 204 og 208-212.

⁸¹⁶ Loftur Guttormsson: „Framleiðsla og dreifing ritaðs máls“, *Alþýðumenning á Íslandi 1830-1930. Ritað mál, menntun og félagshreyfingar*, ritstj. Ingi Sigurðsson og Loftur Guttormsson, Reykjavík, Háskólaútgáfan, 2003, 39.

⁸¹⁷ Árið 1927 segir t.d. Kristján Albertsson: „Síðustu áratugi hefir þjóð vor haft meira fé handa í milli en nokkru sinni fyr. Framtakið hefir vaxið á öllum sviðum verzlunar og framleiðslu — nema einu: Bókaútgefendur eru næstum úr sögunni. Í höfuðstað landsins er ekkert bókaforlag til. Einstaka bóksalar gefa út eina og eina bók, aðallega þó kennslubækur handa skólum. Enginn þeirra biður nokkurn rithöfund að skrifa bók fyrir sig. Íslenzkir höfundar verða nú yfirleitt sjálfir að sjá um útgáfu bóka sinna. Þeir fá kunningja sína til þess að ganga með áskriftalista og biðja menn að skuldbinda sig til þess að kaupa bók, sem út verði gefin, — sem þeir vita ekkert um, hafa ekki heyrt eða lesið neinn dóm um. Þeir, sem ekki kunna við þessa útgáfuáferð, geta ekki skrifað fyrir íslenzku þjóðina.“ Kristján Albertsson: „Andlegt líf á Íslandi“, *Vaka*, 4, 1927, 362.

⁸¹⁸ Þorbjörn Broddason: *Ritlist, prentlist, nýmiðlar*, Reykjavík, Háskólaútgáfan, 2005, 53.

⁸¹⁹ Loftur Guttormsson: „Framleiðsla og dreifing ritaðs máls“, 44 og 50.

⁸²⁰ Þorbjörn Broddason: *Ritlist, prentlist, nýmiðlar*, 53.

Loftur að hafi skapast í fyrsta skipti „reglulegar samkeppnisaðstæður í íslenskum prentiðnaði og blaðaútgáfu“, fyrst og fremst með tilkomu fleiri og betri prentvéla, og „var óðum að byggjast upp öflugur bóka- og blaðamarkaður í landinu“ sem pólitískir flokkadrættir ýttu undir.⁸²¹ Tímarit og dagblöð spruttu upp eins og gorkúlur, gengu kaupum og solum en fóru oftast en ekki fljótt á hausinn. Óreiða og stjórnleysi ríkti skyndilega á blaðamarkaði, þar sem yfirstéttin hafði áður haldið þétt um stjórnartaumana. Og eins og í Englandi á 17. og 18. öld (sjá bls. 66) sáu áður útilokaðir hópar, konur og alþýðufólk, tækifæri í óreiðunni og nýttu sér það.

Bjarki Valtýsson segir að íslenskur almannavettvangur⁸²² hafi mótast á 18. og 19. öld.⁸²³ Það er þó líklega ekki fyrr en á seinni hluta 19. aldar sem almannavettvangur tekur á sig þá lýðræðislegu mynd sem Eagleton leggur áherslu á er hann talar um almannavettvanginn sem þróast á meginlandi Evrópu á 18. öld, þar sem skilyrði fyrir virkri þátttöku á opinberum vettvangi er ekki lengur samfélagsleg staða heldur færni í samræðu- og ritlistinni — í orði að minnsta kosti ef ekki á borði (sjá bls. 106-109). Vilhjálmur Þ. Gíslason bendir til dæmis á að blaðamennska hafi í meðvitund fólks verið orðin „sjálfstæð grein íslenzkra bókmennta“ upp úr miðri 19. öld og laðað að sér „ritfærustu menn“ sem fengust oft jöfnum höndum við stjórnsmál, skáldskap, eða fræðimennsku. Nefnir Vilhjálmur menn eins og Jón Sigurðsson, Pétur Pétursson, Gísli Brynjúlfsson, Eiríkr Magnússon og Grím Thomsen.⁸²⁴

Blaðamennska Jóns Ólafssonar er gott dæmi um óróleikann og togstreituna sem skapaðist á þessum nýja almannavettvangi. Á árunum 1867 til 1913 stofnaði hann og starfaði við fjölda blaða, m.a. *Göngu-Hrólf*, þar sem hann segir tilganginn „að segja sannleikann, nær sem þörf gerist, hver sem í hlut á og hvort sem hlutaðeigendum líkar betr eða ver“ og að hann ætli að „berjast við ófrelsi, ranglæti, heimsku og fáfræði“.⁸²⁵ Einnig stofnaði hann blaðið *Skuld* og tók síðar við *Þjóðólfi*, sem hann sagði „fyrsta íslenska blaðið, sem ekki var gefið út af embættismönnum, enda hafi ekki skort ofsóknir og banatilræði við þetta fyrsta frjálslega og þjóðlega blað“.⁸²⁶ Jón hafði þá sjálfur oft lent í rimmum við yfirvöld vegna gagnrýninna skrifa og tvisvar flúið land.⁸²⁷ Viðbrögðin voru þó hvað hörðust framan af. Stiftisyfirvöld

⁸²¹ Loftur Guttormsson: „Framleiðsla og dreifing ritaðs máls“, 39, 50 og 47-48.

⁸²² Bjarki talar reyndar um „almannasvið“ en ljóst er að hann á við „Öffentlichkeit“ í skilningi Habermas. Sjá sama, 78.

⁸²³ Bjarki Valtýsson: *Íslensk menningarpólitík*, Reykjavík, Nýhil, 2011, 77.

⁸²⁴ Vilhjálmur Þ. Gíslason: *Blöð og blaðamenn 1773-1944*, 122.

⁸²⁵ Jón Ólafsson: „Til lesaranna!“, *Göngu-Hrólfur*, 24. desember 1872, 2. Skáletrun úr upphaflega textanum.

⁸²⁶ Vilhjálmur Þ. Gíslason: *Blöð og blaðamenn 1773-1944*, 150-151. Prentun Þjóðólfs hafði t.d. verið bönnuð árið 1850, er hann var undir ritstjórn Sveinbjarnar Hallgrímssonar. Um það má m.a. lesa hjá Steingrími Jónssyni: „Upphaf Þjóðólfs 1848“, *Ritmennt*, 3, 1998, 70-74.

⁸²⁷ Sjá Gils Guðmundsson: *Ævintýramaður. Jón Ólafsson, ritstjóri*, Reykjavík, Vaka-Helgafell, 1987, 8-10, 66-68 og 89.

stefndu honum árið 1870 vegna kvæðisins *Íslendingabrag*s sem birtist í *Baldri*, fyrir uppreisn eða móðgun gegn konungi og árás á ríkisþing. Það segir sína sögu um hinar nýju leikreglur sem fylgdu sterku fjölmiðlalandslagi að „ekki var unnt að gera blaðið upptækt, eins og ætlað var, því að það var komið út um allt land og meira að segja nótur með kvæðinu“. Vilhjálmur Þ. Gíslason segir allan þennan málarekstur „um málfrelsi og ritbann“ hafa haft „bein og óbein áhrif, aðallega á stjórn málaumræður og á almenningsálit“. Athygli manna hafi verið vakin á gildi prentfrelsis og nauðsyn heiðvirðrar blaðamennsku, „þar sem blaðamenn geri sér einnig grein fyrir takmörkum frelsisins og geri sér ljósa persónulega ábyrgð sína, trúnað við heimildir og tillit til öryggis borgaranna.“⁸²⁸

Jón Ólafsson beindi athygli manna vissulega bæði beint og óbeint að ábyrgð og skyldum blaðamanna. Árið 1870 segir hann til dæmis mikla siðferðislega ábyrgð fylgja annars háleitri og fagurri köllun blaðamannsins:

Hann verður að fylgja þeirri stefnu, sem honum þykir rjett, þannig, að hann sje í öllum atriðum óbifanlega samkvæmur sjálfum sjer. [...] Hann má aldrei tala þvert um huga sjer, og eigi láta hræða sig frá sannfæring sinni [...]. Hann má því eigi láta það aprta sjer, þótt alþýðuhylli hans liggja við, því sannleikurinn er meira verður; hann má eigi óttast það, þótt hann sjái, að sannleiksást hans gjöri vini hans að óvinum hans, og eigi óttast óvild manna, því sannleikurinn er meira verður; hann má eigi þegja yfir sannleikanum, eða gjöra móti betri vitund til að geðjast öðrum, hvort sem þeir eru háir eða lágir, því sannleikurinn er meira verður.⁸²⁹

Þetta er í samræmi við þau einkenni blaðamennsku sem þegar hefur verið minnst á, þar sem hver og einn blaðamaður verður að axla persónulega ábyrgð á því að framfylgja siðferðislegum skyldum (sjá bls. 155) og hlutverk fjölmiðlanna er skilgreint þannig að þeir eigi að segja sannleikann. Sá sannleikur er í skrifum Jóns hins vegar ekki tengdur því yfirbragði ópersónulegs hlutleysis sem einkenndi oft fyrri blaðaskrif (sjá t.d. bls. 105-105 og 126). Þvert á móti segir Jón að þeir tímar séu „nú komnir, að ritstjórar blaða geta nú eigi verið hlutlausir um þau mál, er þeir ræða“. Sú „gullöld“ sé liðin, enda „hlutleysið“ („óhlutrægnin“, *upartiskhed*) eigi vert þess lofs, er það svo lengi hlaut“ og spretti annað hvort af hræsni eða fákænsku. Það sé heldur ekki skylda blaðamanns að „vera rödd almenningsálitsins“ ef „það er rangt“, heldur verði hann „að fylgja því, er hann ætlar sannast og réttast“ og vera „*ráðgjafi lýðsins*“.⁸³⁰

Þessar yfirlýsingar um nýjar áherslur í blaðamennsku eru í samræmi við það sem hefur verið haldið fram hér að framan, um að upphaf ritdómahefðarinnar hér á landi sé ólík upphafi

⁸²⁸ Vilhjálmur Þ. Gíslason: *Blöð og blaðamenn 1773-1944*, 121.

⁸²⁹ Jón Ólafsson: „Ávarp til kaupendanna“, *Baldur*, 2. febrúar 1870, 2.

⁸³⁰ Sama, 1. Skáletrun úr upphaflega textanum.

hennar á meginlandi Evrópu að því leyti að áhersla á persónulega afstöðu ritdómarans sé meiri og krafan um hlutleysi minni, enda gegni ritdómar mjög pólitísku hlutverki (sjá bls. 153). Ritdómar Jóns einkennast hreint ekki af ópersónulegum og hlutlausum tóni. Í dómi um kvæði Gríms Thomsens, sem var einn þeirra manna er Jón lenti í harðvítugum ritdeilum við,⁸³¹ beinir Jón þvert á móti athyglinni að því að hann eigi ekki aðeins hagsmuna að gæta sem skáld, heldur sé að setjast í dómarsæti yfir persónulegum óvini sínum:

Það eru engir assessorar í yfirrétti Skuldar. Eg er þar aleinn yfirdómari. En ég hey mína dóma í heyranda hljóði; og sá, sem eigi unir við minn dóm, getr skotið honum fyrir æðstarétt almennings. Eg stíg þá í dómarsætið. Hvað er þetta? - Mér heyrir einhver þyr einhverstaðar í horni. Ef nokkur hefir eitthvað fram að færa, þá skal því sinna. Nú, ekki annað! — Exception á móti mér — ég sé ekki óvilhallr í dómara-sæti — ég yrki sjálf, og eitt skáld fái sjaldan unnað öðu sannmælis — þar að auk liggi ég í berum fjandskap við höfundinn — ég sé því í þessu máli blindr á báðum augum og eigi að víkja sæti. En herra trúr, doktor! Hvar er nú lærdómrinn? „Blindr á báðum augum“ — það er einmitt það, sem ég á að vera, svo ég sjái ekki doktorinn á Bessastöðum; en heyrnina hefi ég óskerða, eins og vera ber, svo ég heyri hveminn hljóð er í strengjunum, þegar harpan er slegin á Alftanesinu. — Skáld! Já ég er einmitt nógu mikið skáld, til að geta notið þess, sem fagrt er, hvaðan sem það kemr — og einmitt nógu smátt skáld til þess, að ég kemst alstaðar fyrir í henni veröld án þess að þurfa að olboga öðrum úr vegi. [...] Ég sé því enga orsök til fyrir mig að víkja úr dómarsætinu og ætla því að sitja kyrr á skákinni, úr því ég hefi nú einu sinni tylt mér niðr á hana á annað borð.⁸³²

Jón snýr þannig hinum mögulegu hagsmunum sínum upp í röksemdir fyrir færni sinni til að dæma verkið en svarar í raun ekki eigin ásökun um að hann sé óvinveittur skáldinu þótt í kjölfarið finni hann bók Gríms flest til foráttu. Tónninn er sleginn strax í upphafi er hann segir: „Það fyrsta, sem manni dettr í hug, er maðr sér þetta litla kver og minnst þess, að höfundr þess er farinn að nálgast grafarbakann, er það, að þetta er vaxtasmár árangr af heilu lífi. [...] og — með tilliti til lítulleikans — furðanlega blendinn, misjafn!“⁸³³

Jón Ólafsson hafði marga eiginleika sem hentuðu vel hinu vaxandi fjölmiðlasviði, ekki síst þann að vera reiðubúinn til að tjá sig um hin fjölbreyttustu málefni og óhræddur við að gagnrýna hvern þann er honum sýndist, ekki síst þá sem valdið höfðu. Sjálfur sagðist hann fullgjarn til að bíta frá sér „og það stundum nokkuð ófyrirleitid og óþyrmilega, ef að mér er beinst“, en þá hætti sér „við að vera of örörður“.⁸³⁴ Sú lýsing er síst orðum aukin, auk þess sem Jón átti það svo sannarlega einnig til að ráðast að fyrra bragði gegn mönnum og málefnum.

⁸³¹ Sjá Gils Guðmundsson: *Ævintýramaður. Jón Ólafsson, ritstjóri*, 132-137.

⁸³² Jón Ólafsson: „Bókmentir“, ritdómur um Ljóðmæli eftir Grím Thomsen, *Skuld*, 12. mars 1881, 334-335.

⁸³³ Sama, 335.

⁸³⁴ Jón Ólafsson: „Ávarp til kaupendanna“, 2. Sótt í Gils Guðmundsson: *Ævintýramaður. Jón Ólafsson, ritstjóri*, 63.

Gils Guðmundsson segir að Jóni hafi tekist „fremur en flestum að gera blöð sín skemmtileg“ og að ekki hafi verið „nein hætta á því, þar sem Jón Ólafsson átti hlut að máli, að eftirlætislesefni margra, skammirnar, vantaði.“ Ritdómar hans voru þar engin undantekning, en Gils segir að ritdómar hafi verið „gildur þáttur allra blaða, sem Jón Ólafsson stýrði, frá hinu fyrsta til hins síðasta“ og telur að fullyrða megi að Jón hafi í *Skuld* tekið „fyrstur íslenskra manna upp bókmenntagagnrýni svo að um munaði og að staðaldri“. Ritdómar hans hafi verið „nokkur nýjung hér á landi“. Talar Gils í því samhengi um „stranga gagnrýni og vægðarlausu húðfletting[u] lélegra rithöfunda og rita“. Jón hafi stöðugt verið „með refsivöndinn á lofti yfir leirskáldunum“ og ekki veigrað sér „við að nota stór orð og taka munninn fullan“ en jafnframt verið „skarpur ritdómari“ og yfirleitt látið jafnvel svarna andstæðinga njóta „fulls sannmælis, þegar hann dæmdi þá sem skáld“.⁸³⁵

Þessir eiginleikar fela þó ekki í sér algjörar nýjungar. Þarna fetar Jón í fótspor Jónasar Hallgrímssonar og Fjölismanna og leggur þar með sitt af mörkum til að viðhalda áherslum þeirra. Enda segir hann sjálfur að fyrstu ritin sem hann hafi lesið sem barn, kvæði Jóns Þorlákssonar, *Fjölnir* og kvæði Stefáns Ólafssonar, hafi ef til vill vakið hjá sér „hæfileikann til að verða dálítið meinyrtur og kýmínn“ og vakið smekk hans „fyrir fögru máli“.⁸³⁶ Áhrifin frá *Fjölni* má ekki síst sjá í dómi Jóns um *Smámuni* II eftir Símon Bjarnason „Dalaskáld“. Hann segir þar kaldhæðinn að ljóðum þeirrar bókar sé „skár hnoðað saman en það sem áður hefur prentað verið eftir sama höfund“, en snýr sér svo að þeirri alvöru málsins að efnið sé „öllu argara en fyrr hefir sést á prenti í bundnum stíl“, það sé „svívirðing þjóðinni“ að hún kaupi líklega „slíkt rugl og skammir“ og skylda ritdómarans að refsa skáldunum fyrir að afvegaleiða þannig fólk:

Menn hafa tukthús, steglugur og járn firir morðingja og bófa; en firir þá, sem miðða smekkvísi heillar þjóðar, hafa menn engin hirtingameðöl, nema það ópakkláta verk, sem ég hér með framkvæmi á Símoni garminum, nl. í andlegum skilningi að leggja á þá hrísið og setja þá í gapastokkinn!⁸³⁷

Nýmælin við ritdóma Jóns felast fremur í þeirri allsérstöku blöndu af brennandi samfélagsáhuga, galgopaskap, pólitískum hugsjónum, blaðamenskuhugsjónum, persónulegu yfirlæti og skaphita sem einkennir öll blaðaskrif Jóns almennt — blöndu sem virðist hafa gengið upp á þessum vettvangi og hafði væntanlega sín áhrif á þróun blaðamenskunnar hér á

⁸³⁵ Gils Guðmundsson: *Ævintýramaður. Jón Ólafsson, ritstjóri*, 83, 127 og 150.

⁸³⁶ Jón Ólafsson: „Úr endurminningum ævintýramanns“, *Iðunn*, 1, 1915, 60. Tilvitnun sótt í Gils Guðmundsson: *Ævintýramaður. Jón Ólafsson, ritstjóri*, 20.

⁸³⁷ Jón Ólafsson: „Ritfregnir“, ritdómur um *Smámuni* II eftir Símon Bjarnason, *Göngu-Hrólfur*, 1. febrúar 1873, 36.

landi. Skáldskaparstefnan sem Jón aðhylltist, raunsæið, fellur vel að áðurnefndum blaðamenskuhugsjónum svo það verður ákveðið samræmi í þeim kröfum sem hann gerir til sjálfs síns og annarra á ritvellingum; að menn þegi ekki yfir sannleikanum. En það er fleira sem heillar við raunsæisstefnuna, viðurkennir Jón: „Og svo — það er kann ske veikleiki — svo unnum vjer alltaf því, sem ungt er.“⁸³⁸ Sú yfirlýsing gefur fyrirheit um komandi áherslu „dægurmiðlanna“ á nýjungagildi þegar kemur að skáldskap.

Vitanlega voru ekki allir hrifnir af gassaganginum í blaðamennsku Jóns, og allra síst þeir sem spjótin beindust að hverju sinni. Benedikt Gröndal bregst til dæmis við nafnlausum ritdómi í *Baldri* þar sem mikið er gert úr göllum á „búningi“ ljóða hans. Í ritdómnum (sem Jón Ólafsson gekkst síðar við)⁸³⁹ segir m.a. að rímið sé „viða skeytingarlaust, skakksettir stuðlar og höfuðstafir, málið óhreint [...] málvillur og vitleysur [...] nógar“, málfræðin „alltaf laust rugl“ og málið „„spennt“ þ.e. íburðarmikið“ þótt það sé viða „fagurt og lipurt“. Ritdómurinn byrjar reyndar á að segja ljóðin „ágætis-fögur“ og bætir því við í lokin að bókin sé samt sem áður „meistaraverk að vorri skoðun; stærstu snilldarverk hafa oft stórgalla“.⁸⁴⁰ Gröndal tekur aðfinnslurnar engu að síður óstinnt upp og segir að dómurinn í *Baldri* hafi „einmitt þá sömu galla, sem [sér séu] bornir á brýn“; hann sé „fullr af vitleysum, smekkleysum, málvillum og skeytingarleysi; höfundr hans les[i] án efa bær líkt og sagt er að andskotinn lesi biblíuna og [sé] líklega eitthvað geggjaðr, eða þá einhverr strákr, eða hrafnúsungi sem er að gutla fyrir innan eggskurnið“.⁸⁴¹ Þótt Benedikt Gröndal taki nokkuð djúpt í árinna er hann segir: „Allir þeir ritdómar, sem eg hefí lesið í *Baldri*, eru sleggjudómar, og einkis verðir“,⁸⁴² þá hefur hann nokkuð til síns máls, enda lýsti Jón því sjálfur yfir seinna að þegar hann hafi látið sem mest í sér heyra í *Baldri* hafi hann sýnt „gorgeirs-hroka og strákskap, sem hálfmentuðum, kjaftforum 17 ára strák, ekki illa orð-högum getr orðið að gera sig sekan í sérstaklega í ábyrgðarleysi nafnleysisins“.⁸⁴³

Það er nokkuð lýsandi fyrir hið nýja fjölmiðlaumhverfi að skólastrákur náði ekki aðeins að gefa út blað og ritstýra því, heldur móðga marga merkismenn og gagnrýna yfirvöld ítrekað og af miklu kappi. Eitt merki um að blöðin og tímaritin báru með sér möguleika til að raska valdajafnvæginu var einmitt að alþýðuskáld á borð við Þorstein Erlingsson gátu orðið ritstjórar og tókust á við „stórskáld“ úr yfirstétt á borð við Einar Benediktsson, að því er

⁸³⁸ J.Ó.: „Bókmentir [„Verðandi“ — Niðurlag]“, ritdómur um *Verðandi* eftir Bertel E. Ó. Þorleifsson, Einar Hjörleifsson, Gest Pálsson og Hannes Hafstein, *Skuld*, 22. júlí 1882, 70. Tilvitnun sótt í Gils Guðmundsson: *Ævintýramaður. Jón Ólafsson, ritstjóri*, 153.

⁸³⁹ J.Ó.: „Fyrir 30 árum. (9. d. Janúar-mánaðar 1868) [Niðrlag]“, *Nýja öldin*, 15. janúar 1898, 83.

⁸⁴⁰ I—s—n: „Bókafregni“, ritdómur um *Ragnarökku* eftir Benedikt Gröndal, *Baldur*, 4. júní 1868, 35.

⁸⁴¹ Benedikt Gröndal: „Athugasemd um dóm Ragnarökks (í *Baldri* 4. Júní)“, *Þjóðólfur*, 2. september 1868, 161.

⁸⁴² Sama, 162.

⁸⁴³ J.Ó.: „Fyrir 30 árum“, 83.

virðist á jafnréttisgrundvelli. Þorsteinn var þó enginn venjulegur alþýðumaður, heldur hafði hann hlotið aðstoð ýmissa heldri manna til að komast til náms. Annað dæmi er hinn sjálfmenntaði ritstjóri *Fjallkonunnar*, Valdimar Ásmundsson, og einnig má nefna málfræðinginn og bókmenntafræðinginn, Finn Jónsson, sem skrifaði m.a. ritdóma í íslensk tímarit, en eins og fram kemur í bókinni *Elskulega móðir mín, systir, bróðir, faðir og sonur* var hann sonur alþýðufólks sem hafði mikinn metnað til að bæta stöðu fjölskyldunnar „í stéttskiptu þjóðfélagi 19. aldar“ og þá einna helst með því að koma sonum sínum til mennta, einna helst í nám til Kaupmannahafnar. Þetta tókst Finni, og bræðrum hans að einhverju leyti líka, þrátt fyrir „andstöðu meðal betri borgara í Reykjavík“.⁸⁴⁴ Það er þó ljóst að áfram ríkti yfirstétt þótt skilgreiningin á henni hafi eitthvað riðlast. Sú staðreynd að hinn nýi almannavettvangur var alltaf (fyrirfram) afmarkað forréttindahópi kristallast ekki hvað síst í því að þótt konur tækju virkan þátt þurftu þær að skapa sér sérstakt svæði á jaðri fjölmiðlasviðsins, eins og fjallað er nánar um hér aftar (sjá bls. 186-205).

Bein tengsl hafa ætíð verið milli blaðaútgáfu og valdastöðu. Valdhafar nota fjölmiðla í sína þágu og reyna að hindra að þeir séu notaðir til andófs gegn þeim. Ritskoðun er augljósasta form slíkra átaka en þau birtast líka sem togstreita um það hver sé marktækur í umræðunni og hver ekki. Áherslan sem lögð er á að skilgreina það verður meiri eftir því sem fleiri komast að, eins og sjá mátti m.a. í upphafi 21. aldar. Þegar „allir“ höfðu tækifæri til að viðra skoðanir sínar á Netinu, án nokkurrar ritstjórnar, þótti mörgum umræðan færast á lægra stig. Til að vinna gegn slíkri jöfnun allra sjónarmiða voru stofnuð svæði á borð við *Eyjuna* þar sem „úrvalsbloggurum“ var boðið að tjá sig.

Sama viðleitni liggur að einhverju leyti að baki aðgreiningu kvenna- og karlablaða undir lok 19. aldar. Tímabilið einkennist af áköfum tilraunum til að koma á stöðugu valdakerfi að nýju; hemja óreiðuna. Blaðamennska var svæði átaka og pólitíkur, hvort sem um var að ræða rekstur þeirra eða ritstjórn. Var þetta í raun talið æðsta hlutverk þeirra fram undir miðja 20. öld, eins og kemur fram í orðum Steindórs Steindórssonar sem segir árið 1936 að „[þ]jark, þref og stagl um stjórn málaerjur“ hafi ekki verið að finna í blöðum Matthíasar Jochumssonar en „einnmitt þess vegna“ sé „hætt við, að áhrif þeirra hafi minni orðið en hann hefði óskað og æskilegt hefði verið, jafn-glæsilega og þar var stýrt og stefnt“. Vísar hann í ljóð Matthíasar sem ort er í orðastað *Þjóðólfs* á 50 ára afmæli blaðsins: „Um daga hans var mig minna að marka, / Matthías kunni aldrei að þjarka“.⁸⁴⁵

⁸⁴⁴ Sigrún Sigurðardóttir: *Elskulega móðir mín, systir, bróðir, faðir og sonur*, Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar, ritstj. Kári Bjarnason og Sigurður Gylfi Magnússon, Reykjavík, Háskólaútgáfan, 1999, 20-21.

⁸⁴⁵ Steindór Steindórsson: „Blaðamenska Matth. Jochumssonar“, *Eimreiðin*, 2, 1936, 168.

Í umfjöllun um dægurmál, menningarmál eða landsmál tókust stöðugt á ólíkar stjórnmalastefnur, hugmyndir um kynjahlutverk og fagurfræðileg afstaða. Alþýðan krafðist aukinna valda, kvenfólk krafðist meiri réttinda, Ísland krafðist sjálfstæðis og listin krafðist frelsis. Allt fléttast þetta saman í tilraunum til að skilgreina og endurskilgreina grundvallargildi; hvað er gott og hvað er fallett — hvað er list. Sú viðleitni nær eins konar hápunkti í ímynd fjallkonunnar, eins og Inga Dóra Björnsdóttir hefur bent á,⁸⁴⁶ tilraun til að meitla (bókstaflega) í stein þjóðleg gildi, kynjahlutverk, fagurfræðileg viðmið og stjórnmalastefnu. Niðurstaðan er sú að karlar draga upp kvenlega mynd af landinu og hefja á stall. Það sem er fallett er það sem er þjóðlegt og kvenlegt en mótað af körlum á rómantískan og ljóðrænan hátt. Áherslan á sjálfstæði og þjóðernislega sérstöðu hvílir jafnframt á vísun til þjóðararfs og hefðar og allt sem er „nýtt“ og „utanaðkomandi“ er litið tortryggnum augum.

Í ritdómum eru fagurfræðilegar línur lagðar og tekist á um þau menningarlegu gildi sem grundvalla eigi samfélagið á. Í kringum aldamótin 1900 voru þeir sem ritstýrðu blöðum og rituðu greinar í tímarit yfirleitt lærðir menn sem gegndu jafnframt hlutverki fræðimanna, stórskálda, embættismanna og/eða stjórnmalamanna. Helstu ritdómarar þessa tíma, t.d. Guðmundur Finnbogason, Finnur Jónsson, Matthías Jochumsson, Valtýr Guðmundsson, Jónas Guðlaugsson, Þorsteinn Erlingsson, Einar Benediktsson, Jón Ólafsson og fleiri, höfðu ákveðna virðingarstöðu í samfélaginu og töluðu til almennings eins og þeir sem valdið og þekkinguna hafa. Aðgengi þessara manna að fjölmiðlum veitti þeim möguleika til að hafa áhrif á samfélagsstöðu sína og annarra með skrifum sínum, en einnig á pólitíkina og menningarleg viðmið almennt. Sú umræða var hins vegar bundin við karla undir lok 19. aldar og kvenfólk komst þar hvorki að með sitt álit né bar þær yfirleitt á góma nema þá helst í greinum sem fjalla sérstaklega um réttindakröfur þeirra.

Í Evrópu skrifuðu konur nokkuð mikið í tímarit og dagblöð á 17. og 18. öld þegar uppgangur þeirra miðla var sem mestur og á meðan hefðir voru ómótaðar (sjá bls. 66). Um leið og ramminn varð skýrari þrengdi hins vegar að konum og þeim var ýtt út á jaðarinn.⁸⁴⁷ Hér á Íslandi var slíkur uppgangstími á tímarita- og dagblaðamarkaði á árunum 1880 til 1920, á sama tíma og konur fara að láta að sér kveða með blaðaskrifum. Þær náðu hins vegar aldrei að komast almennilega að í karlatímaritum og -dagblöðum hér á landi. Til að geta látið að sér kveða þurftu þær að skapa sinn eigin vettvang í kvenablöðunum.

⁸⁴⁶ Inga Dóra Björnsdóttir: „„Peir áttu sér móður“: Kvenkenndir þættir í mótun íslenskrar þjóðernisvitundar“. Sjá nánar um kenningar Ingu Dóru hér aftar, bls. 227.

⁸⁴⁷ McDowell: *The Women of Grub Street*, 30.

Konur skapa sér vettvang

Fyrstu hundrað ár fjölmiðlunar á Íslandi eru konur nær ósýnilegar á síðum íslenskra tímarita og dagblaða, en í kringum 1885 sjást fyrstu augljósu merki þess að þær láti að sér kveða í íslenskum fjölmiðlum. Líklegt er þó að einhverjar hafi áður skrifað í tímarit og dagblöð, nafnlaust eða undir dulnefni, og einhverjar skrifuðu í erlenda miðla.⁸⁴⁸

Eins og fyrstu blaðakarlarirnir voru fyrstu íslensku blaðakonurnar menntaðar konur sem dvalið höfðu erlendis um lengri eða skemmri tíma og kynnst þar blaðamennsku. Torfhildur Hólm byrjaði að skrifa í *Framfara* á meðan hún dvaldist í Vesturheimi á árunum 1876 til 1889 og hún varð síðar fyrst íslenskra kvenna til að ritstýra tímariti er hún hóf útgáfu á *Draupni* sem kom út á árunum 1891 til 1908. Efnið var frumsaminn og þýddur skáldskapur og þar birti Torfhildur sögur eftir sjálfa sig. Hún byrjaði einnig að gefa út barnablaðið *Tíbrá* árið 1892 en það „heppnaðist ekki“.⁸⁴⁹ Torfhildur ritstýrði *Dvöl* frá 1901 til 1917, en efni blaðsins var m.a. hannyrðir, fræðandi greinar, sögur og merkilegar frásagnir.

Það er greinilegt af *Dvöl* að Torfhildur þarf að prófa sig áfram, hvað virkar sem blaðafni og hvað ekki, en í byrjun lítur hún á blöð sín sem einhvers konar framhald af og vettvang fyrir skáldverk sín, þýðingar og leiðsögn í hannyrðum.⁸⁵⁰ Hún byrjar til dæmis á því að birta fyrst og fremst langar, þýddar framhaldsgreinar en viðurkennir svo fyrir lesendum að „sitt sýnist hvorum“ um það fyrirkomulag.

[...] ýmsum geðjast ekki að Varnarræðu Sókratesar en aðrir æskja eftir henni, sumir vilja ekki hafa „ýmislegt“, þ.e. drauma, fyrirburði og þess konar, en aðrir biðja um það. Allflestum geðjast vel að „Áframhaldi af greininni Kraftur viljans“. Samt eru þeir til sem hafa sagt blaðinu upp vegna hennar, og til þess að gera sem flestum til hæfis, þá mun eg hafa nokkuð af öllu þessu við og við, en ekki svo mikið að nokkur fái leiði [svo] á neinu sérstöku.⁸⁵¹

Torfhildur talar opinskátt um ástæðurnar að baki blaðaútgáfu sinni, aðstæðurnar sem *Dvöl* er gefin út við og viðtökurnar. Lesandi blaðanna getur þannig fylgst með íslenskri blaðamennsku þróast en Torfhildur var að mörgu leyti frumkvöðull í þeim efnum. „Blaðamennska hennar

⁸⁴⁸ Vestur-Íslendingurinn Frida Sharpe (áður Hólmfríður Þorvaldsdóttir), sem m.a. skrifaði leikritið *Sálin hans Jóns míns*, skrifaði „allmargar greinar“ í bandarísk tímarit, samkvæmt eftirmælum um hana, sem birtust í *Skandinaven* 12. nóvember 1898 og voru þýdd í aukablaði *Heimskringlu* 13. janúar 1899. Þar er hún sögð hafa helgað bókmenntum „alla sína bestu krafta“ og unnið að „útbreiðslu Norðurlanda bókmenta í Ameríku“. Sjá „Mrs. Frida Sharpe“, 4. Sem dæmi er nefnd grein eftir hana um August Strindberg, sem birtist í blaðinu *The Critic* þann 12. febrúar árið 1898. Líflegur inngangur þeirrar greinar ber með sér að höfundurinn hefur gott vald á því að skrifa í blaðagreinastíl og fjalla um menningarleg og samfélagsleg efni á aðgengilegan og grípandi hátt. Sjá Frida Sharpe: „August Strindberg“, *The Critic*, 12. febrúar 1898, 103.

⁸⁴⁹ Vilhjálmur Þ. Gíslason: *Blöð og blaðamenn 1773-1944*, 23.

⁸⁵⁰ Sjá t.d. formálsorð að fyrsta tölublaði *Dvalar*. Torfhildur Þorsteinsdóttir Hólm: [Án titils], *Dvöl*, janúar 1901, 1.

⁸⁵¹ Torfhildur Þorsteinsdóttir Hólm: [Án titils], *Dvöl*, janúar 1903, 1.

var ekki þáttur í þjóðmálum samtímans, heldur þjóðlegur fróðleikur og alþýðleg dægradvöl, auk boðskapar um siðgæði og trú“, segir Vilhjálmur en bætir því við að einhver „vinsælustu almenningsrit tímabilsins“ hafi verið í þessum dúr, eða „léttum og mjúkum alþýðustíl, með fjölbreyttu fróðleikssmælki, sögulegu og hagfræðilegu, og fallegum eða hetjulegum dýrasögum“. ⁸⁵²

Samkvæmt bókinni *Strá í hreiðrið* birtist hins vegar fyrsta íslenska blaðagreinin eftir konu þann 6. júní 1885 í *Fjallkonunni*, blaði Valdimars Ásmundssonar. Hann átti seinna eftir að kvænast greinarhöfundinum, Bríeti Bjarnhéðinsdóttur. Bríet segist í bréfi snúa sér til hans því stefna *Fjallkonunnar* gefi til kynna að hann sé frjálslyndur og menntaður framfaramaður og vísar til langrar forsíðugreinar um kvenfrelsi í öðrum árgangi *Fjallkonunnar*. ⁸⁵³ Fimm dögum síðar birtist fyrri hluti greinarinnar „Nokkur orð um menntun og réttindi kvenna (eftir unga stúlku í Reykjavík)“ á forsíðu *Fjallkonunnar* og niðurlagið í næsta tölublaði, með undirskriftinni „Æsa“. Um viðtökurnar segir í bókinni *Strá í hreiðrið*:

Eitthvað hlýtur þó að hafa kvisast út hver höfundurinn væri því í [bréfi frá Bríeti] til Elísabetar [Sveinsdóttur] stendur á spássíu: „Ekki held eg að eg nenni að rita í blöðin í vetur. Eg er ekki „upplögð“ til þess og fékk líka nærri óbeit á hinni greininni því það var eins og allir undruðust að eg væri með öllu viti.“ Viðtökurnar hafa sem sagt ekki verið beinlínis hvetjandi. ⁸⁵⁴

Bríet lætur þetta þó ekki aftra sér frá því að halda opinberan fyrirlestur fyrst kvenna þann 28. desember 1887, um hagi og réttindi kvenna, og þá virðast viðbrögðin jákvæðari. *Ísafold* lofar frammistöðu hennar ⁸⁵⁵ og Matthías Jochumsson þakkar fyrirlesturinn í *Fjallkonunni* árið 1888. ⁸⁵⁶ Bríet og Valdimar giftast en heimili þeirra var „líka skrifstofa og afgreiðsla Fjallkonunnar“. ⁸⁵⁷ Það á eflaust sinn þátt í því að árið 1895 ræðst Bríet í að gefa út sitt eigið tímarit, *Kvennablaðið*. Á sama tíma hefja mæðgurnar Sigríður Þorsteinsdóttir og Ingibjörg Skaptadóttir á Seyðisfirði útgáfu á tímaritinu *Framsókn*. ⁸⁵⁸ Líkt og Bríet var Sigríður gift ritstjóra, Skapta Jósefssyni. Björg Einarsdóttir, sem rannsakaði ævi og störf íslenskra kvenna,

⁸⁵² Vilhjálmur Þ. Gíslason: *Blöð og blaðamenn 1773-1944*, 233-234.

⁸⁵³ Bríet Héðinsdóttir: *Strá í hreiðrið. Bók um Bríeti Bjarnhéðinsdóttur byggð á bréfum hennar*. Reykjavík, Svart á hvítu, 1988, 38-40.

⁸⁵⁴ Sama, 43.

⁸⁵⁵ „Fyrirlesturinn var skipulega saminn, orðfæri hreint og fjörugt, og framburður skýr og áheyrilegur. Munu fæstir hafa búizt við jafn góðri frammistöðu af sjálfmenntuðum kvennmanni, í fyrsta sinn, sem hún ber þess konar við, og í fyrsta sinn sem nokkur kvennaður hjer á landi ræðst í slíkt.“ „Fyrirlestur kvennmans um kvennfrelsi“, *Ísafold*, 4. janúar 1888, 2.

⁸⁵⁶ Matthías Jochumsson: „Um réttindi kvenna“, *Fjallkonan*, 8. ágúst 1888, 90.

⁸⁵⁷ Bríet Héðinsdóttir: *Strá í hreiðrið*, 48.

⁸⁵⁸ Hið íslenska kvenfélag hóf einnig útgáfu ársrits þetta sama ár og var það gefið út í fjögur ár. Þar voru aðallega greinar um kvenréttindi. Erla Hulda Halldórsdóttir: „Fræðslu- og menntaviðleitni kvenfélaga“, *Alþýðumenning á Íslandi 1830-1930. Ritad mál, menntun og félagsshreyfingar*, ritstj. Ingi Sigurðsson og Loftur Guttormsson, Reykjavík, Háskólaútgáfan, 2003, 285.

segir beinast liggja við að álykta að Bríet og Sigríður „hafi orðið öðrum konum á sinni tíð innvígðari í heim blaða og útgáfumála“.⁸⁵⁹ Nefnir hún einnig að Ingibjörg Skaptadóttir muni „hafa starfað með föður sínum og síðar Þorsteini bróður sínum við *Austra* [sem kom út frá 1891] að allri venjulegri blaðamennsku og einnig ritstörfum“.⁸⁶⁰ Hér voru því á ferð konur sem voru þaukunnugar fjölmiðlaútgáfu og -skrifum. Þær höfðu að auki fyrirmynd í kvennatímaritum á öðrum Norðurlöndum og Englandi, en bæði *Kvennablaðið* og *Framsókn* þýddu reglulega efni úr erlendum tímaritum.

Eitt af því sem vekur mesta athygli við fyrstu kvennablöðin er að ritstýrnar og aðrar konur sem leggja til greinar eru greinilega vel pennafærar og hljóta að hafa skrifað töluvert áður en þær réðust í útgáfu. Í fyrsta *Kvennablaðinu* voru engar greinar merktar og Bríet Bjarnhéðinsdóttir ein skrifuð fyrir blaðinu. Greinarnar í *Framsókn* eru margar ómerktar (eins og nokkuð algengt var á þessum tíma) eða aðeins með upphafsstöfum svo erfitt getur verið að ráða í það hver höfundurinn hefur verið. Líklegt er að Sigríður og Ingibjörg hafi skrifað mest af efninu sjálfar og þýtt framhaldssögurnar. Í *Framsókn* verður efni eftir Jarþrúði Jónsdóttur og Ólafu Jóhannsdóttur þó smám saman áberandi og á endanum taka þær við ritstjórninni.

„Þjer eruð ein af örfáum konum, sem sýna Kvbl. þá rækt að skrifa í það“, segir Bríet í bréfi til Þóru Pétursdóttur Thoroddsen þann 7. desember 1897.⁸⁶¹ Í ævisögu Þóru eftir Sigrúnu Pálsdóttur kemur fram að konur á borð við hana voru ekki aðeins vel menntaðar heldur stunduðu lífleg bréfaskrif og æfðu þar pennafimi sína.⁸⁶² Erla Hulda Halldórsdóttir hefur fjallað um bréfaskrifir kvenna á 19. öld og þar kemur m.a. fram að skriftarkunnátta jókst mikið upp úr miðri öldinni og hætti að vera talin einkum fyrir „gáfaða karlmenn“ eins og Þorkell Bjarnason orðaði það árið 1892.⁸⁶³ „Almenn andúð á menntun kvenna“ hafi þó lengi valdið því að þær þurftu oft að hafa meira fyrir því að öðlast skriftarkunnáttu. Í grein Erlu Huldu kemur greinilega fram að sendibréf gegndu í raun hlutverki fjölmiðla áður en prentmiðlarnir tóku við; þau voru samskiptatæki en einnig „mikilvægur þáttur í útbreiðslu þekkingar og upplýsinga“, tæki til að „segja fréttir og fá fréttir“⁸⁶⁴ en þó með persónulegum blæ sem breytist í prentmiðlum (sjá bls. 105).

Þóra skrifaði fyrst grein í *Kvennablaðið* um kvennasýninguna í Kaupmannahöfn „þar sem hún sjálf átti verk“ og sumarið 1897 grein um dönsku skáldkonuna Johanne Schörring

⁸⁵⁹ Björg Einarisdóttir: „Blaðaútgefendur á öldinni sem leið“, *Úr ævi og starfi íslenskra kvenna II. Erindi flutt í Ríkisútlit 1984-1985*, Reykjavík, Bókrún, 1986, 207.

⁸⁶⁰ Sama, 214.

⁸⁶¹ Sigrún Pálsdóttir: *Þóra biskups og raunir íslenskrar embættismannastéttar*, Reykjavík, JPV, 2010, 186.

⁸⁶² Sama.

⁸⁶³ Þorkell Bjarnason: „Fyrir 40 árum“, *Tímarit hins íslenska bókmenntafélags*, 1892, 223. Tilvitnun sótt í Erla Hulda Halldórsdóttir: „Fræðslu- og menntaviðleitni kvenfélaga“, 251.

⁸⁶⁴ Erla Hulda Halldórsdóttir: „Fræðslu- og menntaviðleitni kvenfélaga“, 257 og 264.

sem hún þekkti persónulega „í gegnum ýmis kvenfélagsstörf í Kaupmannahöfn“. Í ævisögu Þóru segir að Schörring hafi þótt „höfða til hinnar lesandi alþýðu fremur en gagnrýnenda, svolítið eins og Torfhildur Hólm“. Sögur Schörring fjalli „um konur sem unna hlutverki sínu sem mæður og eiginkonur“ og séu „lausar við glæpi og ruddaskap“ enda sé grein Þóru „þrúðmannlega skrifuð: framsetningin allt að því bæld og hinn líflegi stíll“, sem sést í bréfaskrifum hennar, víðsfjarri. Textinn falli vel „að anda *Kvennablaðsins*, eins og hann er þá“ og sé „í fullkomnu samræmi við þá staðreynd að konur eru árið 1897 bara kurteisir gestir á opinberum vettvangi“.⁸⁶⁵ Þessar stíllegu áherslubreytingar mætti þó einnig skilja sem merki um það að fyrstu blaðakonurnar eru vel meðvitaðar um sérstaka eiginleika prentmiðlanna (sjá bls. 106) og fullfærar um að laga stíl sinn að blaðagreinaforminu. Þóra virðist til dæmis hafa haft hæfileika jafnt til líflegra og formlegra skrifa, og reynt að laga sig að þeim miðlum sem hún skrifaði í, en hún skrifaði m.a. grein um íslenskan handiðnað í ritið *Vort Hjem* og í *Kvindernes Blad* árið 1904 og sama ár bað Valtýr Guðmundsson hana að skrifa um „Husflid (paa Island)“ í tímaritið *Atlanten*.⁸⁶⁶

Það eru þó ekki bara heldri konur og menntaðar sem tjá sig í fyrstu kvennablöðunum. *Framsókn* hvetur fólk, og þá sérstaklega konur, til að senda inn greinar „um þau mál er þeim þykir mestu um varða.“ Þannig megi hrekja nýleg ummæli á prenti um að íslenskar konur séu „naudalítið hugsandi“.⁸⁶⁷ Smám saman fara konur og karlar að senda blaðinu bréf. Í fyrstu aðallega undir dulnefni og má stundum sjá að það hefur krafist nokkurs hugrekksis. „G.“ segist árið 1898 hafa verið „góðvina“ blaðsins frá byrjun en feimin við að senda því bréf:

[...] enn meir dró það úr mjer kjark að jeg þekkti margar stúlkur og konur sem eru mjer miklu færari að skrifa í blað, en þær þögðu allar, svo mjer fannst þetta mundi vera fjarskalegur vandi, en eptir því sem jeg kynntist þjer betur fann jeg að þú ert svo alþjóðleg og hugljúf að einginn þarf að óttast að tala við þig.⁸⁶⁸

„R.“ segist nokkrum árum fyrr aldrei hafa tekið sér „penna í hönd til að rita í dagblöð“ en treystir sér til að senda „þjer, kæra Framsókn, örfáar línur“ þar sem skorað er á íslenskar konur að taka alþýðumenntun og kvennaskóla til umfjöllunar „í blöðum vorum“.⁸⁶⁹ Greinilegt er að konur (og karlar) nýta sér í sífellt meira mæli þennan vettvang til að skrifa og æ oft

⁸⁶⁵ Sigrún Pálsdóttir: *Þóra biskups*, 180.

⁸⁶⁶ Sama, 198.

⁸⁶⁷ Ingibjörg Skaptadóttir og Sigríður Þorsteinsdóttir: „Framsókn“, *Framsókn*, 8. janúar 1895, 1-3.

⁸⁶⁸ G.: [Aðsend grein], *Framsókn*, ágúst 1898, 32.

⁸⁶⁹ R.: [Aðsend grein], *Framsókn*, 1. júní 1895, 22-23.

undir réttum nöfnum.⁸⁷⁰ Stundum kalla bréfin á svar og ritdeilur skapast, til að mynda eru ekki allir lesendur *Framsóknar* sammála um það hversu ófrjálsar giftar konur séu.⁸⁷¹

Aðsendu bréfin eru vel skrifuð og lýsa yfirleitt yfirveguðum og rökstuddum skoðunum. Verið getur að ritstýrnar hafi haft þar hönd í bagga en þó stendur eftir að fjölmargar konur höfðu á valdi sínu að skrifa efni í blaðagreinastíl og höfðu svo sannarlega áhuga á að tjá sig þegar tækifærið gafst.

Áður en fyrstu greinarnar eftir konur fóru að birtast í fjölmiðlum höfðu ýmsir karlar bryddað upp á umræðu um réttindi kvenna, enda fyrsta bylgja femínisma í hámarki úti í heimi. Ári eftir að Bríet birti grein sína um réttindi kvenna birtist greinin „Um hag kvenna“ með undirskriftinni „r“ í *Þjóðviljanum*, blaði sem hafið hafði göngu sína á Ísafirði tveimur mánuðum fyrr. Ritstjóri var Skúli Thoroddsen, eiginmaður Theodóru Thoroddsen, sem átti heldur betur eftir að láta til sín taka á ritvellingum og skrifa t.d. tímaritagreinar um bókmenntir. Á stefnuskrá *Þjóðviljans* var m.a. að „karlar og konur séu jafn sett að lögum“.⁸⁷² Skúli var reyndar aðeins einn af mörgum ritstjórum sem giftir voru kvenréttindasinnuðum blaðakonum og ritstýrum og má velta því fyrir sér hversu mikil áhrif eiginkonurnar höfðu á stefnu blaða undir stjórn Skúla Thoroddsen, Valdimars Ásmundssonar, Skapta Jósefssonar og Hannesar Þorsteinssonar, eiginmanns Jarþrúðar Jónsdóttur.

Að mörgu leyti eru blöð Bríetar og Valdimars, *Kvennablaðið* og *Fjallkonan*, eins og tveir aðilar í hjónabandi. Það er hjónasvipur með þeim en þau taka að sér aðskilin hlutverk hins kvenlega og hins karllega. Slík aðgreining krefst nokkuð góðrar skilgreiningar á því hvað teljist kvenlegt áhugasvið og Bríet setur markvisst fram skilgreiningar á því í fyrstu árgöngum *Kvennablaðsins*. Fyrst og fremst er samasemmerki milli konu og heimilis, þótt konunni sé frjálst að stíga út fyrir það ríki sitt að vild:

Engin okkar neitar vist því, að flestar af okkur bæði ríki og kjósi helzt að ríka á heimilunum, án þess þó við könnumst við að okkur sje ekki leyfilegt að líta út fyrir bæjardyrnar, eða að við höfum ekki rjett eða hæfileika til að gegna fleiri störfum.⁸⁷³

Í blaðinu eru jafnan greinar um hannyrðir og heimilisiðnað, þýddar framhaldssögur sem bera oftast en ekki boðskap um göfugt hlutverk húsmæðra, greinar um uppeldismál og matreiðslu, uppskriftir, húsráð og skrítlur. Í *Kvennablaðinu* kemur m.a. fram að kvenfólk þyki „hafa meiri fegurðartilfinningu enn karlmennirnir“ og að á þeim hvíli „sú skylda, að lífga heimilið og

⁸⁷⁰ Í 1. tbl. 1898 eru til dæmis þrjár veigamiklar greinar eftir nafngreindar konur; Elínu Eggertsdóttur, Þuríði Jakobsdóttur og Ingibjörgu Skaptadóttur.

⁸⁷¹ Sjá P.: „(Aðsent)“, *Framsókn*, 2. apríl 1895, 14-16. Einnig Kona: [Aðsend grein], *Framsókn*, 2. ágúst 1895.

⁸⁷² „Stefna Þjóðviljans“, *Þjóðviljinn*, 30. október 1886, 2.

⁸⁷³ Bríet Bjarnhéðinsdóttir: „Háttvirtu kaupendur!“, *Kvennablaðið*, 21. febrúar 1895, 1.

prýða.⁸⁷⁴ Af „jarðræktarstörfum“ sé „garðyrkja bezt fallin til að vera stunduð af konum“, sem og matjurtagarðar.⁸⁷⁵ *Kvennablaðið* er einnig upptekið af dýravernd, sem ætti að teljast meðal baráttumála kvenna, að mati Bríetar, og vísar hún í að svo sé erlendis.⁸⁷⁶

Hinar stopulu og stuttu bókaumfjallanir blaðsins bera þessum áherslum merki. Undir fyrirsögninni „Bækur sendar Kvennablaðinu“ er í 7. tbl. árið 1897 sagt í einni setningu frá ritum gefnum út af Hinu íslenska Þjóðvinafjelagi, eins og *Andvara*, *Almanaki* og *Árbók Íslands*. Tímaritið *Dýravínurinn* fær einu eiginlegu umfjöllunina, hann er sagður „mjög þörf bók, sem ætti að komast inn á hvert einasta heimili“.

Hana ætti hver einasta móðir að kaupa handa börnum sínum, ekki einungis þeim til gamans að skoða myndirnar, heldur einkum til að vekja hjá þeim innilega velvild og hluttekning í kjörum skepnanna, og innræta þeim snemma djúpan viðbjóð við illri og harðýðgislegri meðferð á þeim.⁸⁷⁷

Bókaumfjöllun gegnir hér því hlutverki að benda á það sem þykir verðugt athygli kvenna, í samræmi við ríkjandi viðhorf um hlutverk kvenna, en ekkert ber á gagnrýni á eitthvað sem betur mætti fara í þeim ritum sem bent er á.

Þrátt fyrir að þýddar sögur og frumsamin ljóð séu áberandi fer heldur ekki mikið fyrir bókmenntaumfjöllun í fyrstu árgöngum *Framsóknar*.⁸⁷⁸ Í 1. tbl. 1896 er umfjöllun sem titluð er „ritdómur“ í efnisyfirliti og skrifað undir með stafnum „d.“. Fjallað er um íslenska þýðingu Björns Jónssonar á dönskum ritlingi um áfengismál, en bindindismál er sérstakt baráttuefni *Framsóknar* frá upphafi. Í umfjölluninni segir m.a. að efnið sé „mjög siðbætandi“ og ritið bæði fróðlegt og skemmtilegt.

Finnst oss sjálfsgagt að gengið sje ríkt eptir því að hver þetta, eða að minnsta kosti ágríp af því, verði notað við alla barnaskóla, samkvæmt ákvörðun alþingis, því það er mjög áriðandi fyrir hinn uppvaxandi æskulýð að fá í tíma vitneskju um skaðvæni alls áfengis fyrir sál og líkama mannsins [...] Þjer mæður og systur! Náið sem fyrst í þennan ágæta ritling til þess að gefa hann hinum ungu sonum yðar og bræðrum, og munuð þjer sanna að aldrei hefur lítið frækorn borið meiri og blessunarríkari ávöxt.⁸⁷⁹

⁸⁷⁴ „Garðrækt“, *Kvennablaðið*, 21. mars 1895, 10.

⁸⁷⁵ Bríet Bjarnhéðinsdóttir: „Háttvirtu kaupendur!“, 1.

⁸⁷⁶ „Bækur sendar Kvennablaðinu“, *Kvennablaðið*, 7, 1897, 54.

⁸⁷⁷ Sama, 54.

⁸⁷⁸ Í 4. tbl. 1895 er minnst á tvö rit í efnisþættinum „Utan úr heimi“. Sagt er frá því í fréttatilkynningastíl að í Kaupmannahöfn sé komið út nýtt hefti af „biografísk-Leksikon“ og þar séu æviágríp tveggja „núlifandi Íslendinga“, Matthíasar Jochumssonar og Eiríks Jónssonar. Þá kemur fram að Gladstone sé að „búa undir prentun sálmabók“ með skýringum. „Utan úr heimi“, *Framsókn*, 2. apríl 1895, 16. Í 1. tbl. 1897 er grein um „Gömlu skáldin“ eftir „r.“. Þar er sagt að íslenska þjóðin sé ekki nógu trygglynd heldur of breytingagjörn og ginkeypt fyrir hinu nýja þannig að gömlu skáldin, Gröndal, Steingrímur og Matthías, séu að kalla má „horfnir úr sögunni“ þótt þeir séu enn ljóslifandi. Endar höfundur (sem virðist karl) á að skora á fyrrnefnd skáld að gefa öll ljóð sín út á prenti meðan þeir enn eru lífs. r.: „Gömlu skáldin“, *Framsókn*, janúar 1897, 2.

⁸⁷⁹ G.: [Aðsend grein], *Framsókn*, ágúst 1898, 32.

Eins og í *Kvennablaðinu* virðist bókmenntaumfjöllun í *Framsókn* framan af yfirleitt vera auglýsing á ritum sem endurspeglar baráttumál blaðsins en ekki raunveruleg gagnrýni. Og oft virðast blöðin tvö sammála um það hvaða rit ættu að höfða til kvenna í lesendahópnum. Bæði blöðin sýna til dæmis ritum Garðyrkjufélagsins mikinn áhuga og segja frá þeim á jákvæðan hátt, telja þau „góð og gagnleg“.⁸⁸⁰ Börn og uppeldi er annað sameiginlegt áhersluatriði og í 2. tbl. 1898 beinir *Framsókn* sjónum að barnablaðinu *Æskunni*, sem stórstúka Íslands gaf út. Í þeirri umsögn kemur fram að það sé „nauðsynlegt og gott verk“ að mæta lestrar- og fróðleikslöngun greindra barna með hollu lesefni. *Framsókn* gefi *Æskunni* „sín beztu meðmæli“, því hún fylgi „í fleztu sömu stefnu og Framsókn“. Að „efla trú, siðgæði, mannkærleika og bindindi“ sé „mark og mið beggja blaðanna“ en auk þess veiti *Æskan* börnunum „saklausa skemmtun“.⁸⁸¹

Sjaldan er hefðbundnum fullyrðingum um eiginleika og hlutverk kvenna mótmælt í fyrstu árgöngum *Kvennablaðsins*. Haldið er á lofti dyggðum eins og vinnusemi, hreinlæti, heilsurækt og öðru „nytsamlegu“. Áherslan er á uppfræðslu og siðaboðskap. Í 1. árgangi er til dæmis mælt með *Dameitidende* frá Kaupmannahöfn sem sé „langhentugasta uppdráttarblað fyrir ungar stúlkur, sem leggja stund á útsaum, ef þær annars kaupa útlend hannyrðablöð“. Kemur þar líka fram vísbending um dæmigerða þjóðernislega afturhaldssemi, þegar tekið er fram að reyndar sé „ekkert í blaðinu um kvennbúninga eða tízku, sem kvennfólk hjer á landi þarf heldur ekki á að halda“.⁸⁸²

Pólítísk átök

Í grein frá 1954 um blaða- og tímaritaútgáfu íslenskra kvenna, sem líklega er eftir Björgu Einarsdóttur, kemur fram að *Kvennablaðið* „gaf sig einkun að menningarmálum kvenna, og þá sér í lagi málefnum heimilanna“ en beitti sér „í fyrstu ekki að neinu ráði fyrir réttindamálum kvenna“.⁸⁸³ Það gerði hins vegar *Framsókn* sem hóf fyrsta tölublað sitt á því að segjast „leitast við að styðja lítilmagnann, rjetta hlut þeirra sem ofurlíði eru bornir, hvetja hina óframfærnu til einurðar, ryðja braut kúguðum en frjálsbornum anda fram til starfs og menningar“.⁸⁸⁴ Eins og sjá má hér að framan má þar finna svipaða tilhneigingu og hjá *Kvennablaðinu* til þess að afmarka ákveðin kvenleg málefni út frá hefðbundnum viðmiðum. Aðaltilgangurinn var þó „að hlynnu að menntun og sjálfstæði íslenskra kvenna, og að

⁸⁸⁰ r.: „Gömlu skáldin“, 2. Sjá einnig [Án titils], *Framsókn*, maí 1898, 20.

⁸⁸¹ „Barnablaðið „Æskan“, *Framsókn*, febrúar 1898, 6.

⁸⁸² [Án titils], *Kvennablaðið*, október 1895, 79.

⁸⁸³ [Björg Einarsdóttir]: „Blaða- og tímaritaútgáfa íslenskra kvenna (Útvarpserindi nokkuð styt)“, 19. júní, 1954, 23.

⁸⁸⁴ Ingibjörg Skaptadóttir og Sigríður Þorsteinsdóttir: „Framsókn“, 1.

undirbúa þær til að girnast og nota þau réttindi er aldirnar kunna þeim að geyma“.⁸⁸⁵ Konur áttu „sjálfar að frambera sínar kröfur“ en „ekki bíða eptir því að karlmennirnir sjálfkrafa rjetti þeim allt upp í hendurnar“.⁸⁸⁶ Tónninn er því allt annar og herskárri en í *Kvennablaðinu*.

Uppsetning og skipulag *Framsóknar* fylgir hefðbundnum línunum þessa tíma; byrjað er á lengri greinum sem yfirleitt eru um samfélagsleg málefni sem eru ofarlega á baugi og þar sem blaðið fylgir ákveðnum pólitískum línunum. Í kjölfarið fylgja aðsendar greinar og ýmsar fréttir og í lokin er smælki; tilkynningar, brandarar og þýddar smáfréttir. Femínísk afstaða litar hins vegar bæði efnistöð og efnisval og *Framsókn* setur fram nokkuð róttækar kröfur í nafni kvenfrelsis, jafnvel á nútímamælikvarða, þótt aðrar áherslur séu nokkuð íhaldssamar.⁸⁸⁷ Einnig má finna tengingu við sósíalískar hugsjónir.⁸⁸⁸

Framsókn og blaðakonur hennar hika ekki við að rífa kjaft við karlablöðin, til dæmis *Fjallkonuna* þegar Valdimar Ásmundsson hefur látið að því liggja að útgefendur *Framsóknar* hafi stolið hugmynd Bríetar, eiginkonu hans, um kvennablað, auk þess sem efnið í *Framsókn* sé nauðalíkt því sem áður hafi birst eftir Bríeti.⁸⁸⁹ Ólafía Jóhannsdóttir tekur upp hanskann fyrir *Framsókn* og segir í grein í *Þjóðólfi* að blöðin séu „ólík að stefnu, anda og orðfæri, eins og hver getur sannfærzt um við að lesa þau bæði“.⁸⁹⁰ Valdimar bregst við með grein þar sem hann áréttar að í *Framsókn* séu „setningar, sem eru að kalla orðréttar hinar sömu“ og í fyrirlestur konu sinnar þótt hann segi jafnframt að sér detti „alls ekki í hug, að höf. að greinum í „Framsókn“ hafi beinlínis tekið setningar upp úr fyrirlestur“ hennar. Hann talar af mikilli kaldhæðni um Ólafíu, gerir lítið úr vitsmunum hennar og ýjar margsinnis að vanhæfni hennar á ritvellingum með yfirlýsingum eins og: „Ég skil nú ekki jungfrúna“ og „Stúdíósus Ólafía veit ekki hvað menningarsaga er“. Þá grípur hann til hefðbundinna vopna karlveldisins gegn konum er hann gefur í skyn að framkoma Ólafíu sé óviðeigandi og kraftar hennar betur nýttir annars staðar en í opinberri umræðu. Hann segir til dæmis að þótt hún finni „sig sjálfkjörna til að ganga í mál annara manna ótilkvödd og halda uppi svörum fyrir þá

⁸⁸⁵ Sama, 1.

⁸⁸⁶ Sama, 3.

⁸⁸⁷ Til dæmis telja ritstýrnar ekki aðeins að skoða verði drengi og stúlkur sem jafningja og veita þeim „jafna fræðslu og jafnt frelsi“, heldur hvetja mæður til að nota stöðu sína sem uppalendur til að móta unga drengi sem stúlkur og segja að þeir sem ala upp börnin þurfi að „reyna að uppræta úr hjörtum drengjanna“ alla kvenfyrirlitningu sem samfélagið elur á allt frá barnsaldri og „innræta stúlkunum sjálfstæðari hugsunarhátt, svo þær þurfi ekki að vera komnar uppá náð karlmanna“.⁸⁸⁸ „Drengir og stúlkur“, *Framsókn*, 5. desember 1895, 45. Sem dæmi um íhaldssamar áherslur má nefna að í fyrsta tölublaði *Framsóknar* er lítil pistill þar sem predikað er gegn því að lestrarfélög eigi „siðspillandi“ bækur. R.: „Vaxandi menntun“, *Framsókn*, 8. janúar 1895, 4.

⁸⁸⁸ Í einu blaði birtist lítil smágrein um konungsdóttur í Þýskalandi sem gekk í hjónaband með manni af óbreyttum borgaralegum ættum og lagði konungstignina á hilluna: „Hún hefur aðstoðað mann sinn á allan hátt, hjúkrað sjúklingum og látið sjer annt um fátæklinga, og nú síðast hefur hún frá ræðupalli sósíalista talað fyrir jafnrjetti og bróðurkærleika.“ „Konungsdóttir í flokki sósíalista“, *Framsókn*, mars 1896, 12.

⁸⁸⁹ „Nýjasta blaðamenska“, *Fjallkonan*, 26. febrúar 1895, 36.

⁸⁹⁰ Ólafía Jóhannsdóttir: „„Fjallkonan“ og „Framsókn““, *Þjóðólfi*, 1. mars 1895, 38.

sem einum kemr málið við og þekkja það til hlítar“ hefði „sjálfsagt enginn tekið til þess, þótt hún hefði þagað í þetta sinn“ því útgefendur *Framsóknar* séu færir um að svara fyrir sig sjálfir. Þótt Ólafía hafi sjálfsagt ætlað „að eyða sundrlyndi og deilum“ kunni sumum að finnast skrif hennar „fremr lýsa framhleyfni og óþarfa hlutsemi“. Hún sé að skipta sér af nægum málefnum nú þegar „þótt hún trani sér ekki fram í málefni, sem blaðamenn eiga einir sín á milli“.⁸⁹¹ Eins og Matthías Jochumsson hafði bent á í áðurnefndri umsögn um fyrirlestur Bríetar Bjarnhéðinsdóttur (sjá bls. 187), var kvenfrelsiskonum einmitt oft „borið á brýn, að andi þeirra eða ritblær hafi verið of æstr; að orðfæri þeirra og allr stíll hafi orðið ósanngjarn, illkvittinn, *ókvenlegr*“, þó allir játi að öðru leyti „að þetta alheimslega frelsis- og framfaramál hafi verið sótt með miklum skörungskap, elju og andríki, ekki einungis af ýmsum ágætismönnum meðal karla, heldr engu síðr af konunum sjálfum“. Matthías, sem lýsir yfir eindregnum stuðningi við kvenréttindabaráttuna, lofar því sérstaklega „hinn stíla og skynsamlega *blæ*“ á fyrirlestri Bríetar.⁸⁹²

Ólafía svarar Valdimar fullum hálsi með greininni „Maðurinn konunnar sinnar“ þar sem hún segir Valdimar hafa runnið svo í skap við grein hennar um kvennablöðin, „sem flestum mun hafa fundizt ofur hógvær“ og hann „orðið svo utan við sig“, að hann skilji „ekki mælt mál“ heldur svari með útúrsnúningum og rangfærslum; lesi grein sína „eins og sagt er að fj..... lesi biblíuna“. Hún snýr kaldhæðni Valdimars gegn honum sjálfum og segir hann ef til vill hafa „fundið hjá sér „köllun“ til að gera „það heyrum kunnugt og lýðum ljóst“, hvað kærleiksríkt hjarta hans væri til konunnar hans“, og láta menn vita, að sér væri að mæta, væri nokkur svo djarfur að bera kvennablöðin saman“. Að lokum segist hún óska þess að þurfa ekki framar „að eiga orðastað við ritstj. „Fjallk.“, því þrátt fyrir hans góðu hæfilegleika“ finnist henni „hann það vesalmenni að það gangi minnkun næst að skipta orðum við hann“.⁸⁹³ Valdimar bætir heldur í er hann svarar aftur og segir að ekki batni „gangrinn í stúdíósus Ólafíu, þar sem skepnan er enn að valhoppa í „Þjóðólfi“ en nú verði „erfitt fyrir hana að afsaka sletturuskapinn og vitleysurnar“. Kallar hann Ólafíu predikandi „pilzapotula“ og skítkastið verður ansi persónulegt er hann segir undir lokin að hafi Ólafía verið í bindindisfélagi hafi hún „líklega verið drekkandi meðlimr“.⁸⁹⁴

Ritdeila Ólafíu og Valdimars er ekkert einsdæmi á þessum tíma og nokkuð lýsandi fyrir þann herskáa anda sem einkenndi oft samskipti manna í tímaritum. Björg Einarsdóttir tekur

⁸⁹¹ Valdimar Ásmundsson: „Jfr. Ólafía og „Framsókn“, *Fjallkonan*, 5. mars 1895, 39-40.

⁸⁹² Matthías Jochumsson: „Um réttindi kvenna“, 90. Skáletrun úr upphaflega textanum.

⁸⁹³ Ólafía Jóhannsdóttir: „Maðurinn konunnar sinnar“, *Þjóðólfur*, 8. mars 1895, 42.

⁸⁹⁴ Valdimar Ásmundsson: „Til stúdíósus Ólafíu“, *Fjallkonan*, 12. mars 1895, 43.

fremur vægt til orða er hún segir á að ekki muni hafa „gengið alveg hljóðalaus fyrir sig hjá útgefendum kvennablaðanna að rýma hver með öðrum á hinum almenna blaðamarkaði“.

Að vonum hefur þeim fundist þeir vera að sækja á sömu mið og urðu í fyrstu einhverjar orðahnippingar og blaðaskrif á milli. En sá ágreiningur jafnaðist, blöðin komu sér saman um ákveðna málaflokka en sameinuðust í jafnréttisbaráttunni.⁸⁹⁵

Deilur Valdimars og Ólafíu rata reyndar ekki beint á síður kvennablaðanna sjálfra,⁸⁹⁶ sem fylgja vissulega þeirri íslensku hefð að blöð skipti með sér verkum frekar en að þau séu í beinni samkeppni — hefð sem sprettur af fámenni og takmörkuðum efnum. „Mitt blað átti að fást aðallega við menntamál kvenna, uppeldismál, alþýðufræðslu, húsmæðraskóla og ýmis socialmál og yfir höfuð réttindi kvenna til sömu starfa og launa og karlar“, segir í æviágripi Bríetar Bjarnhéðinsdóttur. „Hitt blaðið átti aðallega að hafa meðferðis bindindismál og ýmis pólitísk mál, þar á meðal kvenréttindamál ýmis konar.“⁸⁹⁷

Eimreiðin hóf göngu sína 1895, sama ár og *Framsókn* og *Kvennablaðið*, undir ritstjórn Valtýs Guðmundssonar. Blaðið var gefið út í Kaupmannahöfn og birti fræðigreinar og bókmenntatengt efni. Í fyrsta árgang skrifa, auk Valtýs, Þorsteinn Erlingsson, Steingrímur Thorsteinsson, Jón Jónsson, Bogi Th. Melsteð, V.J., Guðmundur Magnússon, G. Br., Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Finnur Jónsson, Stefán Stefánsson, Helgi Pjetursson, Helgi Jónsson, Bjarni Jónsson, Þorsteinn Gíslason, Guðmundur Friðjónsson, Matthías Jochumsson, Páll Melsteð, N.R., Kl. Jónsson, Einar Hjörleifsson, Valdimar Briem, Jón Stefánsson, Þorsteinn Jónsson, og Jón Stefánsson. Þótt hér skrifi nokkuð breiður hópur karla virðist augljóst hvers vegna konur finna þörf hjá sér til að stofna eigin tímarit. Þær komast ekki á blað í öðrum ritum. Þá má gera því skóna að viðhorf eins og koma fram grein Jóns Ólafssonar, þáverandi ritstjóra *Skuldar*, frá árinu 1881 hafi átt sinn þátt í að konur hikuðu við að skrifa í karlablöðin og létu ritdóma nær alveg vera. Grein Jóns er andsvar við ritdómi um söguna „Hvorn eiðinn á jeg að rjúfa“ eftir Einar Hjörleifsson Kvaran, þar sem sagan er m.a. sögð misheppnuð „frá sálarfræðislegu sjónarmiði“ og gefið í skyn að af henni geti orðið „siðaspilling“.⁸⁹⁸ Jóni stendur málið nokkuð nærri því sagan hafði komið út með *Skuld* og hann fer þá leið að gera stólpagrín að ritdómaramum. Hann byrjar grein sína á því að gera ráð

⁸⁹⁵ Björg Einarisdóttir: „Blaðaútgefendur á öldinni sem leið“, 207-208.

⁸⁹⁶ Í 5. tbl. 1895 þakka ritstýrurnar Sigríður og Ingibjörg Ólafíu Jóhannsdóttur fyrir að hafa „ótilkvödd borið hönd fyrir höfuð okkur í blaðinu Þjóðólfi 10. tbl. þ.á., er hún fann að virðingu okkar var misboðið með ósönnun og miður góðgjörnum tilgátum um útgáfu blaðs okkar, Framsóknar.“ Ingibjörg Skaptadóttir og Sigríður Þorsteinsdóttir: „Fágætt drenglyndi“, *Framsókn*, 2. maí 1895, 19.

⁸⁹⁷ Bríet Héðinsdóttir: *Strá í hreiðrið*, 51.

⁸⁹⁸ abc, ritdómur um „Hvorn eiðinn á jeg að rjúfa?“ eftir Einar Hjörleifsson Kvaran, *Norðanfari*, 22. febrúar 1881, 34.

fyrir að ritdómari sé einhver „unglingur“ sem „hefir gjörzt listafræðislegur ritdómari“⁸⁹⁹ en tekur svo enn dýpra í árinna og kvenkennir ritdómari:

En ég gjöri sjálfsagt karlkyninu rangt með því, að karlkenna ungling þennan. Það má nefnilega af greininni ráða, að höf. hennar hafi einhverja nasasjón af einhverju ofrlitlu námi [...] og svo hefir hann numið svo mikið í dönsku, að hann kann ekki lengr að hugsa né tala á íslenzku. [...] Það er líka auðheyrt á því, hve ókunnugur hann er stúdentalífinu, að hann hefir aldrei umgengizt stúdenta að minsta kosti ekki sem jafningi þeirra [...]. Ég vil ætla að [ritdómari] sé einhver af inum yngri lærimeyjum á einhverjum kvennaskóla landsins, kornung jómfú, sem hefir lesið einn eða tvo miðlungi holla rómana danska, eða í danskri þýðing, og hefir við það numið nokkur útlend orð, sem henni er mjög óljóst hvað þýði, en sem hún heldr sé mikilmannlegt að slá um sig með.⁹⁰⁰

Kvenkenningin gegnir hér því hlutverki að ræna ritdómari öllum trúverðugleika, enda kvenkynið tengt á skorti á tveimur þáttum er Jón telur ritdómurum nauðsynlega: alvöru menntun og alvöru reynslu. Og Jón hnykkir á því að þessi alvöru reynsla, sem hann býi sjálfur yfir, sé kynferðislegs eðlis er hann tekur þriðja skrefið til að niðurlægja ritdómari og bætir ávarpinu „jómfú góð“ við fyrri ályktanir um ungan aldur og kvenkyn. Hann segir að hið „elskulega einfeldnis bernskusnið og sakleysissvip“ ritdómsins bendi til þess að ritdómari sé „jómfú enn þá“ og þekki „enn ekki eðli og lögmál ástarinnar milli karls og konu“. Að mati Jóns hefur hann sjálfur, sem karlmaður „milli þrítugs og fertugs“, hins vegar stúderað nægilega „lífsins bók“ (bæði lengi og í „ýmsum löndum“) til að dæma betur en jómfú um „mannlega sál“ þá er birtist í sögunni og m.a. um það hvort lýsingar höfundar á sálarlífi kvenna séu trúverðugar. Eftir frekari glósur um jómfúr sem skemma hugarfar sitt á lestri danskra rómana og „fanga“ þannig „flugur“ annarra, kemur loks stuttur kafli með fagurfræðilegum rökum fyrir gildi sögunnar sem um ræðir. Þar heldur Jón pistil um muninn á huglífis-skáldum (idealistum), sem læri „sína sálarfræði af skóla-fyrirlestrum og prentuðum bókum annara manna“ og veruleiks-skáldum (realistum) sem læri sína „í lífsins skóla“. Jón er augljóslega á bandi þeirra síðarnefndu og segir höfund umræddrar sögu hafa „óvanalega glögt auga á mannlegri sál og gott lag á að sýna í trúrrí mynd það, sem hann sá sjálfr“.⁹⁰¹ Til að styðja þetta fagurfræðilega mat sitt vitnar hann í álit eins virtasta yfirvaldsins í bókmenntaheiminum, Matthíasar Jochumssonar. Þar með skipar hann sér í lið með hinu viðurkennda yfirvaldi Matthíasasi á meðan ritdómari hefur ekki aðeins verið dæmdur unglingur, kvenkyns og jómfú heldur er algjörlega nafnlaus:

⁸⁹⁹ Jón Ólafsson, [Án titils], *Skuld*, 21. maí 1881, 343.

⁹⁰⁰ Sama, 344-345.

⁹⁰¹ Sama, 345-349.

Menn segja nú, að nöfn sanni ekkert, og það er oftast satt; en um skáldrit dæma menn eftir smekki, en smekkrinn fer eftir gáfu og mentun, meðal annars. Nú er saga þessi fordæmd af höfundum, sem ekki færir neina aðra ástæðu, en að hann álítr að saga þessi votti, að höf. hennar skilji ekkert í mannlegri sál. Þetta álit hans styðst ekki við annað, en hans lífsreynslu, smekki og mentun, sem enginn veit neitt um, meðan hann nefnir sig ekki öðru nafni en „a b c“. Þó að við séra Matthías höfum nú, ef til vill, ekki mikið vit á skáldskap, þá vona ég að dómr okkar um, að sagan væri verð prentunar, vegi eins mikið á meðal almennings, eins og dómrinn í Norðanfara, um að bókin sé „óalandi og óferjandi“, meðan sá dómr styðst ekki við annað, en sálarþekking þess manns, er enginn þekkir, þó hann kalli sig bæði a og b og c og bæti s og s og t eða hverjum öðrum þremr stafrófs-stöfum við.⁹⁰²

Áhersla Jóns á höfundarnafn ritdómara er athyglisverð í ljósi þess að á þessum tíma, og langt fram eftir 20. öldinni, var lítil regla á því hvort ritdómar voru skrifaðir undir nafni eða ekki – og að hann sjálfur hafði skrifað nafnlausu ritdóma þótt hann virtist sjá eftir því síðar (sjá bls. 183). Framar í þessari ritgerð var flöktið með „undirskriftir“ ritdómara túlkuð sem óvissa um höfundarvirkni þeirra (sjá bls. 139). Fyrirlitningin sem Jón sýnir hér vegna nafnleysis ritdómarans virðist fyrst og fremst handhægt vopn gegn honum. Hún gefur þó líka til kynna að þær áherslur sem Jón talaði fyrir í blaðamennsku, þ.e. yfirlýsingar hans um að gullöld hlutleysisins sé liðin (sjá bls. 181), gefi persónulegri afstöðu ritdómara meira mikilvægi en „nafnlausri“, vísindalegri orðræðu, en þegar hefur verið bent á það í þessari ritgerð að slíkar áherslur hafi mótað upphaf íslenskrar ritdómahefðar (sjá bls. 153). Sú staðreynd að Jón telur það happavænlegt að vísa í álit Matthíasar Jochumssonar beinir jafnframt athyglinni að því að áherslan á persónulega afstöðu gefur höfundarnafni ritdómarans mikið vægi og að með því að skapa sér höfundarnafn geta einstaklingar tryggt sér ákveðna valdastöðu innan bókmenntasviðsins. Traust Jóns á yfirvaldið sem felst í höfundarnafni eldri karlmanns, prestsins, þjóðskáldsins og ritstjórans Matthíasar, sýnir enn fremur að gildi höfundarnafns byggir ekki hvað síst á samfélagslegri stöðu höfundarins (til dæmis aldri, kyni, menntun og embætti). Og hvað varðar samfélagslega stöðu eiga konur undir högg að sækja.

Hér má m.a. nefna að Margjet J. Benedictsson, sem gaf út vesturíslenska kvennatímaritið *Freyju* á árunum 1898 til 1910 og kallaði ritstýrur *Framsóknar* „systur vorar heima á fátæka Íslandi“,⁹⁰³ skrifaði mest af efni *Freyju* sjálf og var ekki vön að vera með óþarfa hógværd yfir þátttöku sinni í umræðu á almannavettvangi⁹⁰⁴ en stígur mjög afsakandi inn í stöðu ritdómara árið 1903. Þá höfðu þegar um árabíl birst nafnlausar umsagnir um bækur í *Freyju* en þegar

⁹⁰² Sama, 349.

⁹⁰³ [Án titils], *Freyja*, október 1899, 6.

⁹⁰⁴ Margrjet birti m.a. þýðingu á grein um konur sem skrifa í fjölmiðla þar sem segir: „Einmitt þarna er starf konunnar. Hún á að rita í blöðin, ef ekki sín eigin blöð, þá í annara blöð. Greinar ritaðar af konum, fyrir konur, eru vanalega vel lesnar. Og nú eru margar konur, sem rita afbragðs vel, frjálshugsandi konur, sem geta lagt, og leggja stóran skerf til að göfga og betra mannkynið.“ Myra Pepper: „Konurnar og blöðin“, *Freyja*, ágúst 1903, 3.

Margrjet skrifar í fyrsta sinn nafn sitt fullum fetum undir bókaumfjöllun, sem að auki er mun ítarlegri en áður, finnst henni greinilega þurfa formála að þeim skrifum þar sem hún í raun hafnar því að um raunverulega ritdóma sé að ræða. Hún segist hafa fengið nokkrar aðsendar bækur og „að samkvæmt reglum þessara tíma“ skuldi hún „útgeföndum þessara bóka meira en fáein þakkarorð og lesöndum blaðs míns sömuleiðis“.

En að fullnægja þeirri skyldu, er kröftum mínum ofvaxið. Og þó ég væri því vaxin að rita ritdóma um þessar bækur væri mer óljúft og óeðlilegt að setja mig í dómara sæti og dæma þær. Hvað mundi líka skáldið Matthías græða, eða hverju getað tapað á ritdómi frá mér.⁹⁰⁵

Í kjölfarið fylgja þó dæmigerðir ritdómar þar sem Margrjet lofar eða lastar frágang rita, lýsir efninu, leggur mat á það og tekur afstöðu til ýmissa skoðana sem fram koma í ritunum. Áður hafði komið fram í *Freyju*, í fyrsta ritdómnum sem þar birtist, ákveðin hugmynd um það hverju ritdómari hafi „rétt til að finna að“, „því sem er óeðlilegt, þjóðernislega rangt, málfræðislega rangt, fagurfræðislega rangt og hugsanfræðislega rangt“.⁹⁰⁶ Margrjet tekur vissulega stundum fyrir „ytri búning“ verka en í ritdómum sínum leggur hún hins vegar megináherslu á siðferðislegt hlutverk bóka, eins og hún bendir sjálf á:

Hvernig líkar þer bókina? er spurningin sem gengur frá manni til manns. Hið fyrsta atriði í vorum augum verður þetta: Er bókina siðferðislegs efnis?⁹⁰⁷

Í ritdómum kvenna má oft sjá nokkra togstreitu milli þess að ganga hreinlega inn í karllega hefð sviðsins, taka undir karllæg sjónarmið⁹⁰⁸ og auka þannig líkurnar á að vera teknar alvarlega, og þess að spyrna gegn karllægum viðmiðum með kvenlégari áherslum. Það virðist a.m.k. vera nokkurt átak fyrir konur að ganga í hina hefðbundnu stöðu sem dómara á listasviðinu, enda gefa hæðnisleg orð Valdimars Ásmundssonar, í áðurnefndri ritdeilu við Ólafíu Jóhannsdóttur, til kynna að slíkt sé ekki talið á færi hvers sem er:

⁹⁰⁵ Margrjet J. Benedictsson: „Ritstjórnarpistlar. Aðsendar bækur“, ritdómar um *Dægradvöl* eftir Guðmund Stefánsson, *Ljóðmæli* eftir Matthías Jochumsson, *Knowledge is my god or Ignorance my curse* eftir C. Eymundsson og *Aldamót í 12 ár* í útgáfu Friðriks J. Bergmanns, *Freyja*, júlí 1903, 201.

⁹⁰⁶ „Bókafregni“, ritdómur um *Valið* eftir Snæ Snæland, *Freyja*, desember 1898, 5.

⁹⁰⁷ „Bókafregni“, ritdómur um *Ljóðmæli* eftir Jóhann Magnús Bjarnason, *Freyja*, mars-apríl 1899, 8.

⁹⁰⁸ Hér má nefna þau orð Jarþrúðar Jónsdóttur um skáldkonuna Huldu að hún verði að gæta þess að ofmetnast ekki, þrátt fyrir hæfileika sína, en þau minna nokkuð á andúð Valdimars á „slettarekuskap“ og „framhleygni“ Ólafíu Jóhannsdóttur og á varnaðarorð Matthíasar Jochumssonar um of æstan og ókvenlegan ritblæ ýmissa kvenréttindakvenna (sjá bls. 191-192 í þessari ritgerð). J.: „Þrjú smákvæði“, *Framsókn*, nóvember 1901, 41.

Það má nærri geta að almenningi muni ekki þykja það lítils vert, að mega nú ef til vill eiga von á því að stúdíósus Ólafía, þetta stóra „autoritet“, ætli að gerast ritdómari. Fara þá að lagast missmíðin á bókmentunum.⁹⁰⁹

Stuttar og ómerktar umfjallanir um bækur og tímarit sem fara að birtast í *Kvennablaðinu* upp úr aldamótunum 1900 einkennast í fyrstu af hálfgerðu hiki við að taka sér þetta „stóra „autoritet““ og þar með tregðu til að taka gagngera afstöðu; oft er sagt eitthvað á þá leið að önnur blöð hafi þegar fjallað um verkið og lofað það og því sé óþarfi að dæma það hér líka. Stundum sést þó vísað til þess að verið er að skrifa fyrir ákveðinn lesendahóp, til dæmis bent á að umrætt rit eigi erindi við konur.

Í *Kvennablaðinu* birtust hins vegar reglulega ítarlegar umfjallanir um leiksýningar í Reykjavík, þar sem efni leikrita er rakið og lagður dómur á val á verkum, gæði þeirra, uppsetningu, leikstjórn og frammistöðu leikaranna, auk þess sem verk eru sett í samhengi við fyrri verk sem sett höfðu verið upp. Umfjallanirnar eru ómerktar en líklegt er að hér hafi Bríet Bjarnhéðinsdóttir verið að verki.

Leikdómar Bríetar eru hluti af uppsveiflu í leiklistarlífi Íslendinga, en eitt af séreinkennum íslenskrar ritdómasögu er skorturinn á leiklistarhefð um það leyti sem þessi textategund lítur ljós í fjölmiðlum. Í Englandi og Danmörku var mikil áhersla lögð á leikdóma um það leyti sem fyrstu ritdómarnir komu fram og hefur það eflaust haft sín áhrif á þróun ritdómanna þar. Nokkru síðar, eða undir lok 19. aldar er hins vegar gróska í íslenskri leiklist og leiklistargagnrýni, og leikhúsfraeðingurinn Sveinn Einarsson undrast það „á hve háu plani“ sú leiklistargagnrýni var.⁹¹⁰ Dómar Bríetar eru einmitt faglega unnir og augljóst að hún er vel kunnug leikhúsheiminum og fylgist náð með íslensku senunni. Hún fylgist með þróun leikferils hjá einstaka leikurum, og hefur skoðanir á leikritavali og stefnu leikhúsanna. Auk þess er femínískum áherslum leyft að skína í gegn, til dæmis er sagt frá því ef í þeim má finna málsvara „hinna helgustu kvenréttinda, þeirra réttinda, að konan megi ráða sér sjálf“.⁹¹¹ Ekki er þó beinlínis hægt að sjá að slíkt hafi úrslitaáhrif þegar hún dæmir um gæði verka.

Árið 1912 dregur svo til tíðinda í bókaumfjöllun *Kvennablaðsins*, þegar bókin *Nokkur orð um siðferðisástandið á Íslandi* eftir Ingibjörgu Ólafsson kemur út. Bríet skrifar umfjöllun og byrjar á því að segja bókina viðvaningslega ritaða, sem væri kannski saklaust ef efniviðurinn væri ekki Stóridómur yfir íslenskri þjóð í heild sinni. Í kjölfarið er efni bókarinnar rakið ítarlega, í hæðnistóni og með kaldhæðnislegum athugasemdum um einstaka atriði:

⁹⁰⁹ Valdimar Ásmundsson: „Til stúdíósus Ólafíu“, 43.

⁹¹⁰ Sveinn Einarsson: „Leiklistin festir rætur í Reykjavík“, 285-299, *Reykjavík í 1100 ár*, ritstj. Helgi Þorláksson, Safn til sögu Reykjavíkur, Reykjavík, Sögufélagið, 1974, 297. Sveinn nefnir Einar H. Kvaran. Bjarna frá Vogu, Þorstein Gíslason og Þorstein Erlingsson sem dæmi um höfunda leiklistargagnrýni.

⁹¹¹ „Sjónleikar“, *Kvennablaðið*, 1902, 28.

Heiðnu karlmennina kveður [Ingibjörg Ólafsson] hafa staðið á miklu lægra siðmenningarstigi en konurnar, en tíðarandinn hafi verið orsök þess. — Konurnar virðast því hafa verið undanþegnar áhrifum tíðarandans. Þær hafa líklega eftir því, verið börn annara tíma.⁹¹²

Þessu er haldið áfram í löngu máli og Bríet bendir m.a. á að höfundurinn geri harðari kröfur til kvenna en karla hvað siðferði varðar. Í lok greinarinnar kemur svo í ljós að þetta er bara forsmekkurinn að því sem koma skal. Bríet endar á þeim ógnvænlegu orðum að nú hafi aðaldrættir ritsins verið raktir. Í næsta tölublaði verði „tekið til athugunar, við hvaða rök þessar ákærur eiga að styðjast“.⁹¹³ Þar lætur svo Bríet til skarar skriða af fullum þunga og rekur galla á rökfærslum Ingibjargar í löngu máli þar til hún kemst að þessari niðurstöðu:

Nei, *þetta kver* bætir engan mann. En það sýnir að *höf.* þarf margt enn þá að læra, til þess að geta staðið vel í þeirri stöðu sem *hún* hefir tekið að sér: að leiða syndarana á réttan veg aftur. Hún þarf fyrst og fremst að eignast meiri kærleika til manna og dýpri þekkingu á þeim.⁹¹⁴

Bríet skrifar svo fullt nafn sitt undir eins og til að áréttu alvöru málsins.

Í ljósi þess að textar sem kallað hafa verið „fyrstu ritdómarnir“ í Danmörku, á Englandi og Íslandi hafa yfirleitt einkennst af miskunnarlausu og kerfisbundnu niðurrifi á verkinu sem fjallað er um (sjá bls. 153) er áhugavert að sjá að Jónas Hallgrímsson og Bríet eiga það sameiginlegt sem ritdómarar að sækja í gamla hefð satírunnar og nota kaldhæðni óspart. Það má velta því fyrir sér hvort í þeim skilningi sé hér á ferð fyrsti „alvöru“ ritdómurinn eftir íslenska konu — eða að minnsta kosti fyrsti alvöru ritdómurinn í *Kvennablaðinu*. Munurinn er helst sá að áfellingdómur Jónasar beindist fyrst og fremst að fagurfræðilegum atriðum (þótt efnisval og boðskapur séu vissulega álitin hluti af fagurfræðinni). Bríet er hins vegar fyrst og fremst að bregðast við árás sem hún telur kyn sitt verða fyrir. Þjóðerniskennnd gegnir stóru hlutverki í báðum tilvikum en hjá Bríeti er kynjapólítíkin í fyrirrúmi. Það er hún hins vegar ekki í ritdómi um sömu bók í *Dvöl* Torfhildar Hólm. Þar er siðferðisboðskapurinn látinn vega þyngst og sagt að þótt djúpt sé tekið í árinna sé nokkuð til í ábendingum Ingibjargar.⁹¹⁵

Fram kemur í dómi Bríetar að bókin og ritdómurinn eru innlegg í stærri umræðu sem farið hefur fram í fjölmiðlum um slæmt siðferðisástand kvenna, og má ætla að frelsiskröfur kvenna hafi að einhverju leyti vakið upp þá umræðu. Þrátt fyrir að *Kvennablaðið* virðist á fyrstu árum sínum flytja nokkuð hefðbundinn boðskapur um göfugt hlutverk kvenna bregst Bríet ókvæða við, enda hefur hún þegar þarna er komið sögu tekið við róttæku hlutverki

⁹¹² Bríet Bjarnhéðinsdóttir: „Bækur I“, *Kvennablaðið*, 31. maí 1912, 27.

⁹¹³ Sama, 29.

⁹¹⁴ Bríet Bjarnhéðinsdóttir: „Bækur II“, *Kvennablaðið*, 20. júní 1912, 38.

⁹¹⁵ „Nokkur orð um siðferðisástandið á Íslandi“, *Dvöl*, september, 1912, 33-34.

Framsóknar sem lagt hafði upp laupana (sjá bls. 205). Í maðblaðinu 1912 má til dæmis líka finna grein, undirritaða af „Ragnheiði“, sem heldur á lofti rétti reykvískra kvenna til að njóta þess að vera til og daðra svolítið við strákana.⁹¹⁶ Er það svar við annarri grein þar sem hneykslast er á því viðhorfi *Kvennablaðsins* að ekki þyki tiltökumál „þó ungar stúlkur „reyki og drekki á dansleikjum og í samkvæmum, sitji inni eða gangi úti með ungum mönnum fram á nætur“.⁹¹⁷ Tepruskapur og tvískinnungur í siðgæðismálum á ekki upp á pallborðið hjá *Kvennablaðinu* eins og sjá mátti í leikdómi um leikritið *Lavender* mörgum árum fyrr, árið 1903. Þar er kvartað undan tepruskap íslenskra karlleikara í ástarsenum. Stúlkurnar séu eðlilegri og feimnislausari í leik sínum en karlarnir sem snerti þær „með einum eða tveimur fingrum“ og ef þeir hætti sér í að „kyssa einhversstaðar utan á [þær], þá er eins og þeir brenni sig á glóandi eldi.“ Telur ritdómarinn, sem líklega er Bríet, þetta „fullmikið af „skikkianlegheitum“ og „nær virkileikanum, að kyssa stúlkuna ærlega á munninn og skammast sín ekki vitund fyrir“.⁹¹⁸ Undirliggjandi boðskapur virðist vera: Slakið nú svolítið á, leyfið stelpunum að lifa aðeins og reynið sjálfir að vera ekki svona stífir.

Í karlablöðunum fara kvengagnrýnendur að skjóta upp kollinum á 2. áratug 20. aldar, um það leyti sem Bríet tekur fyrir verk Ingibjargar Ólafsson, en eru þó afar sjaldséðir þar langt fram eftir 20. öld. Ritdóma eftir konur er helst að finna í sérstökum kvennablaðum, en þeir skera sig yfirleitt ekki frá skrifum karlanna nema þegar kemur að kynjapólitíkinni. Konur halda til dæmis að einhverju leyti áfram að beina athyglinni að verkum annarra kvenna eða taka upp hanskan fyrir kvenrithöfundum sem þeim finnst ekki njóta sannmælis og koma öðru hverju með andsvör við hinum ýmsu staðhæfingum karla um kvennaskrif (sjá t.d. bls. 230). Eitt megininnlegg kvennablaðanna í kvennabaráttuna er að ljá konum vettvang og gera þær sýnilegar í samfélagsumræðunni.⁹¹⁹ Þar fá íslenskar skáldkonur til dæmis vettvang til að birta ljóð sín. Árið 1901 eru til dæmis kvæði eftir þrjár nafngreindar konur í *Framsókn*; Birgittu Tómasdóttur, Dýrólinu Jónsdóttur og Elínborgu Pétursdóttur. Sama ár er í blaðinu grein um Torfhildi Hólmu, þar sem fram kemur að hún sé eina íslenska konan sem samið hafi langar skáldsögur (rómana). Hún hafi líka samið barnasögur o.fl. og sé „orðin kunn um land allt af bókum sínum“. Sagt er frá uppruna Torfhildar og ritstörfum hennar og flestar sögur hennar sagðar „vinsælar og við alþýðuhæfi“. Tvær skari fram úr; *Brynjólfur Sveinsson biskup* og *Jón biskup Vídalín*, „einkum hin síðari; þar eru mörg skáldleg tilþrif og margir kaflar ágætlega samdir, lyndiseinkunnir einnig réttar og vel skýrðar“. Ekki hafi heldur lítið þótt koma til Brynjólfs þegar hann birtist á prenti „enda er hann að mörgu leyti vel saminn“ en menn hafi

⁹¹⁶ Ragnheiður: „Svar til Hríslu“, *Kvennablaðið*, 31. maí, 1912, 26-27.

⁹¹⁷ Hrísla: „Athugasemd“, *Kvennablaðið*, 19. mars, 1912, 4.

⁹¹⁸ „Sjónleikar“, *Kvennablaðið*, 30. nóvember 1903, 85.

⁹¹⁹ Sjá Auður Aðalsteinsdóttir, „Á réttri hillu. Fyrstu íslensku blaðakonurnar“, *Spássían*, vor 2011.

varla ætlað að trúa því að þarna væri fyrsta skáldsagan eftir íslenska konu. „Báðar þessar bækur eru sómi íslenzkum bókmenntum“, segir í greininni. *Elding* hafi átt minni vinsældum að fagna hér á landi en útlendingar hafi hrósað henni. Í lokin er sagt að Torfhildur verðskuldi meiri skáldastyrk en Alþingi veiti henni nú þegar og klykkt út með þessari staðhæfingu: „Ættu konur almennt að ákveða styrkinn, mundu þær ekki skera hann svona við neglur sér, því að íslenzkar konur meta svo siðgæðisanda þann, er gengur eins og rauður þráður gegnum allar hennar bækur.“⁹²⁰ Pólítískur undirtóninn er augljós: Greinin er innlegg í umræðu sem átt hefur sér stað í fjölmiðlum og þingsölum, um það hvort Torfhildur geti fengið skáldastyrk og þá hversu mikinn.⁹²¹

Áhugavert er að bera þennan texta saman við ritdóm um skáldsögu Torfhildar, *Brynjólf Sveinsson*, sem birtist nú árum áður í *Skuld*. Sá ritdómur er ekki merktur en blaðinu var ritstýrt af Jóni Ólafssyni. Þar er það m.a. talinn ljóður á verkum hennar að í þeim megi sjá menjar „úr þeim útlöndu rómönnum sem hún hefur lesið“.⁹²² Rómanar voru gjarnan taldir til ómerkilegra kvennabókmennta með tortryggilegar, útlendar rætur og andstætt *Framsókn*, er lýsir Torfhildi sem brautryðjanda á nýju skáldskaparsviði, lítur *Skuld* á tilraunir hennar sem hálfgerða „mengun“ skáldskaparins.

Barátta fyrir hagsmunum skáldkvenna er þó alls ekki eina framlag kvenna til bókmenntaumræðunnar og þegar fjallað er um kynjapólítískan undirtón bókmenntaumfjöllunar í fyrstu kvennablöðunum er vert að hafa í huga að pólítískir ritdómar voru líka daglegt brauð í öllum öðrum fjölmiðlum landsins. Pólítísk og bókmenntaleg umræða voru samofnar á vettvangi karlmannlegrar valdabaráttu, en eins og fram hefur komið voru það fyrst og fremst lærðir karlar í valdastöðum sem höfðu aðgengi að fjölmiðlum og þar með þátttökurétt í umræðunni (sjá bls. 87). Einar Benediktsson er dæmi um slíkan mann, en hann var sonur Benedikts Sveinssonar sýslumanns og stundaði lögfræðinám í Kaupmannahöfn. Einar átti þátt í að stofna tímaritið *Sunnanfara* árið 1891 og sama ár birti hann í fyrsta sinn frumort kvæði undir fullu nafni. Næstu ár birti hann fleiri frumsamin og þýdd ljóð í tímaritum, setti upp revíu og starfaði við sýslumannsembættið í Þingeyjarsýslu. Frá 1896 gaf hann út blaðið *Dagskrá*, birti þar nokkur kvæði eftir sjálfan sig og skrifaði greinar um íslensk skáld, þeirra á meðal Matthías Jochumsson, Jón Ólafsson og Þorstein Erlingsson. Þeir skrifuðu svo allir ritdóma um fyrstu bók Einars, *Sögur og kvæði*, sem kom á markað árið 1898.

⁹²⁰ „Íslenzk skáldkona“, *Framsókn*, maí 1901, 17-18.

⁹²¹ Torfhildur fékk skáldastyrk fyrst kvenna árið 1891 en andstaðan við það var svo mikil að eftir tvö ár var styrkurinn lækkaður og kallaður eknastyrkur. Sjá Soffía Auður Birgisdóttir: „Hver var Torfhildur Hólm?“, *TMM*, 9. október 2007, sótt 16. desember 2013 af <http://tmm.forlagid.is/?p=286>. Um skáldastyrki er einnig fjallað í MA-ritgerð minni, sjá Auður Aðalsteinsdóttir: „*Jeg held það enga skepnu skilja ...*“.

⁹²² „Bókmentir“, ritdómur um *Brynjólf Sveinsson* eftir Torfhildi Hólmi, *Skuld*, 26. september 1882, 92.

Gils Guðmundsson hefur lýst því hvernig dómar Einars Benediktssonar og Jóns Ólafssonar um ljóð hvors annars urðu liður í harðvítugum ritdeilum, sem stöfuðu m.a. af stjórn málaágreiningi og blaðasamkeppni, og hvernig andstaða Einars við „valtýskuna“ svokölluðu varð uppspretta að svipuðum deilum við Þorstein Gíslason, sem var meðritstjóri *Dagskrár* frá 1894.⁹²³ Árið 1897 stofnaði Þorsteinn sitt eigið blað, *Ísland*, og þeir kunningjar deildu um stjórn mála í blöðunum og um það hvort blaðið væri stærra. Einar kallar Þorstein m.a. „ritstjóra „sorptíðinda““ og segir að þessi „ósiðaði uppskafningur“ sé rættinn og „þéttheimskur að upplagi“. Sorpslettur auðkenni þennan „fiflakóng“.⁹²⁴ Þorsteinn skrifar svo ritdóm um *Sögur og kvæði* Einars í *Ísland* og segir hugmyndir höfundarins margar góðar en höfundur eigi örðugt með formið: „Og margt er það í kvæðunum sem mætti kalla „hnoð“ [...] mörg af kvæðunum eru myrk og torskilin.“ Þorsteinn tekur jafnframt undir gagnrýni Jóns á pólitísk afskipti Einars og dregur ekki af:

Það er rétt sem Þjóðólfr bendir Einari á, að hann ætti að gefa sig allan við skáldskapnum, en hætta sínum pólitísku rassaköstum. Þar getur hann aldrei unnið nokkurt gagn, verður þar aldrei annað en skúrta og skoffín. [...] Þó er hann ekkert stórskáld, ekki einu sinni þótt miðað sé aðeins við íslensk skáld. Og það sem eftir hann liggur nú, hálfertugan, er mjög lítið að vöxtunum.⁹²⁵

Tengingarnar milli pólitíkur og skáldskaparumfjöllunar eru oft augljósar, sem og hagsmunir ritdómaranna, er skrifa um þá sem veita þeim samkeppni sem skáld og stjórn málamenn.

Svokallaðir „kunningjadómar“, sem oft er minnst á í umræðu um ritdóma langt fram eftir 20. öld, þar sem menn mæra verk kunningja sína og bandamanna, eru hin hliðin á þessum peningi og þá má m.a. finna í kvennablöðunum. Greinum Ólafíu Jóhannsdóttur í ársriti kvenfélagsins er til dæmis hampað mjög í *Framsókn*, þar sem hún skrifar sjálf greinar og þar sem hún verður á endanum ritstjóri.⁹²⁶ Kvennablöðin eru því nokkurs konar mótvægi við karlablöðin en fylgja í grunninn sömu forsendum; konur hampa öðrum konum sem þeim eru þóknanlegar af margvíslegum, og oft pólitískum, ástæðum. Eitt besta dæmið um það hvernig kvenfrelispólitík, og jafnvel persónulegir hagsmunir, lita bókmenntaumfjöllunina í *Framsókn* er ómerkt umsögn frá árinu 1900 um þýðingu á bókinni *Kúgun kvenna*. Bókin var gefin út af hinu íslenska kvenfélagi, sem Ólafía Jóhannsdóttir, ritstýra *Framsóknar*, hafði átt

⁹²³ Gils Guðmundsson: *Ævintýramaður. Jón Ólafsson, ritstjóri*, 237-242 og Gils Guðmundsson: *Væringinn mikli. Ævi og örlög Einars Benediktssonar*, Reykjavík, Íðunn, 1990, t.d. 123-129 og 231-242.

⁹²⁴ Einar Benediktsson: „Valtýskan og Þ.G.“, *Dagskrár*, 7. september 1897, 221 og 222.

⁹²⁵ Þorsteinn Gíslason: „Sögur og kvæði. Ritdómur“, ritdómur um *Sögur og kvæði* eftir Einar Benediktsson, *Ísland*, 18. apríl 1898, 62.

⁹²⁶ Sjá „Ársrit kvennfélagsins“, *Framsókn*, apríl 1896, 16. Einnig „Ársrit hins íslenska kvennfélags“, *Framsókn*, mars 1897, 9.

þátt í að stofna, og aftast í blaðinu er einnig auglýsing um ritið. Í umsögninni er vísað til sigurgöngu bókarinnar í Englandi og Danmörku og þá sérstaklega til þess að Georg Brandes hafi lokið miklu lofsorði á hana, enda hljóti allir að gera það „er lesa hana með góðri dómgreind og unna frelsi og jafnrétti manna“. Höfundurinn, John Stuart Mill, er titlaður frelsisvinur og heimspekingur, „einhver mesti merkismaður samtíðar sinnar“ og „ritsnillingur“. Kvenfélagið er sagt eiga „miklar þakkir skilið“ fyrir að hafa komið bókinni á prent því að hverri konu sé „afar nauðsynlegt að kynna sér hana, til þess að fá réttar hugmyndir um frelsi sitt og réttindi sín skýrðar með skörpum og skynsamlegum rökum“. Þótt viðurkennt sé að „sumum kunnri að þykja málið á henni strembið“ er það afsakað með því „að þess konar rit eru á öllum tungumálum ekki eins auðveld og alþýðubækur“. Þýðingin er sögð „svo af hendi leyst að vel má við una“ og m.a. höfðað til þjóðerniskenndarinnar þegar bætt er við að íslenskum konum sé „eins vel trúandi til að skilja það, sem þær lesa, og erlendum konum“.⁹²⁷

En þrátt fyrir hina heitu kvenfrelsinhugsjón, sem er drifkraftur kvennablaðanna, er hin napra staðreynd sú að blöðin undirstrikuðu um leið þann skarpa mun sem gerður var á heimi kvenna og karla og sem lá til grundvallar mismunun kynjanna. „Kvennaskrif“ eru einangruð og aðskilin frá almennum skrifum (sem eru aldrei skilgreind sem karlaskrif). Skrif karla eru viðmiðið en kvennablöðin til hliðar og hafa haldist þar í íslenskri fjölmiðlasögu allt fram á okkar daga. Að auki var umfjöllunarefni kvennatímaritanna skilgreint á mjög afgerandi hátt. Það má m.a. sjá á efni *Hlínar*, ársriti Sambandsfjelags norðlenskra kvenna sem kom út frá árinu 1917, en ritstjóri var Halldóra Bjarnadóttir. Fremst í blaðinu eru yfirleitt ljóð eftir skáldkonur en annars er meira um hagnýtar greinar, t.d. um handavinnu, garðyrkju, hjúkrun og menntamál kvenna. Pólitísk umræða einskorðast við réttindamál kvenna og áhugamálin sem haldið er að konum eru þau sömu og í fyrstu árgöngum *Kvennablaðsins*. Sama ár kom blaðið *19. júní* fyrst út, í tilefni þess að þennan dag árið 1915 fengu konur kosningarétt. Ritstjóri og eigandi var Inga Lára Lárusadóttir. *19. júní* kom út í 12 ár, til ársloka 1929⁹²⁸ og segir Erla Hulda Halldórsadóttir að það hafi verið „mun eindregnara en *Hlín* í stuðningi sínum við kvenréttindi“ og látið sig varða „ýmis hagsmunamál kvenna“.⁹²⁹ Efni kvennablaða er því áfram í meginatriðum af tvennum toga; annars vegar umfjöllun um hugðarefni sem hefðin hefur skilgreint sem kvenleg, svo sem barnaupveldi, eldamennsku og handavinnu, og hins vegar kvenréttindabarátta. Hið fyrrnefnda á sinn þátt í að viðhalda ríkjandi hugmyndum um

⁹²⁷ „Kúgun kvenna“, *Framsókn*, desember 1900, 47.

⁹²⁸ [Björg Einarsadóttir]: „Blaða- og tímaritaútgáfa íslenskra kvenna“, 24.

⁹²⁹ Erla Hulda Halldórsadóttir: „Fræðslu- og menntaviðleitni kvenfélaga“, 286-287.

stöðluð kynjahlutverk. Það síðarnefnda gæti mögulega ógnað ríkjandi hugmyndafræði — og á því alltaf undir högg að sækja.

Ári eftir að *Kvennablaðið* hefur göngu sína státar það af því að hafa „nú um 2500 kaupendur“, sem sýni „að kvenþjóðin er ekki lakari til liðveizlunnar enn karlmennirnir, því ekkert hinna blaðanna“ hafi enn „náð slíkri útbreiðslu.“⁹³⁰ *Kvennablaðið* virðist hafa verið markaðslega rétt hugsað, enda stríddi það ekki gegn viðtekinni hugmyndafræði og hélt baráttu fyrir réttindum kvenna á lofti á hógværan og siðsamlegan hátt. Hin róttæka *Framsókn* barðist hins vegar í bökum og lagði upp laupana áramótin 1901-1902, „og er það mál manna að pólitíkin hafi orðið því blaði að fjörtjóni“, segir Bríet Héðinsdóttir.⁹³¹ *Kvennablaðið* tók upp baráttuna í réttindamálum kvenna eftir að *Framsókn* leið undir lok og eftir að Hið íslenska kvenréttindafélag var stofnað varð *Kvennablaðið* nokkurs konar „málgagn hreyfingarinnar“, segir Bríet jafnframt. „Enda hrynja af því kaupendurnir.“⁹³² Bríeti Bjarnhéðinsdóttur tókst þó að halda blaðinu úti í alls 25 ár, til ársloka 1919.

Áhersla kvennablaðanna á hefðbundin hugðarmál kvenna borgar sig markaðslega en útilokar um leið að þau séu talin marktæk í hinni almennu umræðu. Blöð karlanna eru alltaf viðmiðið. Því var nokkuð ljóst að vildu greinahöfundar kvennablaðanna láta taka sig alvarlega, til dæmis á vettvangi bókmenntanna, þurftu þeir að nálgast viðfangsefnið út frá forsendum karlablaðanna; út frá forsendum hinnar karllegu bókmenntahefðar sem vísað er til sem „hreinna fagurfræðilegra viðmiða“.

Hreina fagurfræðin

Af seinni ritstjórum *Framsóknar* virðist Jarþrúður Jónsdóttir hafa haft meiri bókmenntaáhuga, enda ljóðskáld með meiru. Ólafía Jóhannsdóttir skrifar frekar um samfélagsmál, til dæmis heilbrigðis- og uppeldismál og rit tengd þeim, og leggur yfirleitt áherslu á að efnið ætti að höfða sérstaklega til kvenna. Í 3. tbl. 1899 mælir hún t.d. með því að konur lesi með athygli *Eir*, mánaðarrit handa alþýðu um heilbrigðismál. Það sé skylda hvers einstaklings að afla sér þekkingar um „lög mál heilbrigðinnar“ en ekki síst „skylda mæðranna að gera allt sem í þeirra valdi stendur, til þess að börnin þeirra megi taka heilbrigðina í arf og læra að varðveita hana“.⁹³³

Jarþrúður þýðir umfjallanir um erlenda rithöfunda, ásamt útdráttum úr ritum þeirra og skrifar ritdóma um íslensk verk. Þar ætlar hún greinilega að taka þátt í

⁹³⁰ Bríet Bjarnhéðinsdóttir: „Til kaupenda“, *Kvennablaðið*, janúar 1896, 1.

⁹³¹ Bríet Héðinsdóttir: *Strá í hreiðrið*, 68.

⁹³² Sama, 68-72.

⁹³³ Ólafía Jóhannsdóttir: „Eir“, mánaðarrit handa alþýðu um heilbrigðismál“, *Framsókn*, mars 1899, 12.

„alvöru“ bókmenntaumræðu og nálgast viðfangsefnið út frá „hreinum“ fagurfræðilegum forsendum. Í löngum og lofsamlegum dómi um kvæði Benedikts Gröndals, sem birtist í *Framsókn* árið 1900, setur hún til dæmis ákveðna fyrirvara við þá mögulega kynjapólítísku afstöðu sína að „hin fögru einkennilegu erfiljóð eftir þær systur skáldsins Valborgu og Guðlaugu og Jóhönnu Kúld systurdóttur hans“ myndu fremur „hafa prýtt bókina en lýtt“, því hún viðurkennir að um þetta séu „auðvitað skiftar skoðanir“.⁹³⁴ Framtíð landsins var hins vegar talin velta á að þau þjóðlegu viðmið sem tryggðu íslenskum verkum sess meðal sjálfstæðra þjóða væru álitin hlutlaus, ópólítísk og óumdeilanleg, enda hikas Jarþrúður ekki þegar kemur að „Íslandskvæðum“ Benedikts; segir ákveðin kvæði fegurst og virðist ekki gera ráð fyrir að um það kunni að vera skiptar skoðanir. Þótt vettvangurinn, sú staðreynd að Jarþrúður skrifaði í kvennablöð, virðist hafa valdið því að framlag hennar til bókmenntaumræðunnar hefur fengið litla athygli, endurspegla skrif hennar því vel hvaða áherslur voru lagðar á þessum mikilvægu árum, þegar ritdómar voru að fá á sig fastmótaða mynd í íslenskum fjölmiðlum.

Jørgensen segir að á árunum 1848 til 1905 hafi bókmenntaritdómar orðið að fullkomlega sjálfstæðri textagerð og lesefni í dönskum dagblöðum. Frá 1880 birtu stóru dagblöðin reglubundið ritdóma um nýjar, danskar bækur, oft á forsiðum. Á þessu tímabili megi sjá hvernig dagblaðaritdómar hristi af sér akademíska stílinn og helstu frumkvöðlarnir séu höfundar fagurbókmennta sem ekki hafi gengið í háskóla. Fram komi eins konar ídealform bókmenntaritdómsins sem hafi kennivald akademíunnar, slagkraft blaðamenskunnar og upplifunargildi skáldskaparins.⁹³⁵ Allt þetta má einnig sjá í skrifum Jarþrúðar.

Jarþrúður leggur mikla áherslu á hið persónulega í dómum sínum; upplifun af verkunum og lestrarreynsluna sjálfa. Í kynningarorðum um finnska skáldið Zakarías Topelíus, sem ætla má að hún hafi skrifað, segir m.a. að það sé „eins og að kynnast góðum og elskulegum manni, sem auðgar og göfgar meðvitund manns, að lesa sögur hans“.⁹³⁶ Og í ómerktum dómi um ljóð Guðmundar Magnússonar í *Framsókn* árið 1899, sem ber mjög keim af áherslum Jarþrúðar, segir að hann ætti „að lofa löndum sínum að heyra dýpri brjósttóna, því að gleði sú, er þeir nú hafa af ljóðum hans, gæti þá ef til vill breytt í unað“.⁹³⁷

⁹³⁴ Jarþrúður Jónsdóttir: „Kvæði eftir Benedikt Gröndal“, ritdómur um *Kvæði Benedikts Gröndals*, *Framsókn*, október 1900, 37.

⁹³⁵ Jørgensen: *Det danske anmelderis historie*, 263-265.

⁹³⁶ „Útsýn“, *Framsókn*, mars 1899, 11.

⁹³⁷ „Heima og erlendis, nokkur ljóðmæli“, ritdómur um *Heima og erlendis* eftir Guðmund Magnússon, *Framsókn*, júní 1899, 23.

Þótt Jarþrúður greini ekki hvað búi að baki þessum áherslum má sjá almenna tilhneigingu í þessa átt undir lok 19. aldar, eins konar síðrómantíska áherslu á sjálfið sem útgangspunkt. Má þar nefna að níu árum fyrir lét breska skáldið og gagnrýnandinn Oscar Wilde sögupersónu sína halda því fram að túlkandi og skapandi gagnrýni, æðsta form gagnrýnnar, spretti upp af persónuleika gagnrýnandans þegar hann mætir listaverki sem sprottið er upp af persónuleika höfundarins (sjá nánar bls. 270). Í umfjöllun *Framsóknar* um ljóð Guðmundar Magnússonar kemur fram svipuð hugmynd um að í gagnrýni eigi að geta átt sér stað einhvers konar samtal sálna:

Mannúðarandi gengur eins og rauður þráður gegnum kvæðin, en nánar þekktist ekki sálarlíf skáldsins af þeim, því að þar er meira að segja enginn undirölduhljómur, er geti leiðbeint lesaranum í þá átt.⁹³⁸

Jarþrúður er sjálf skáld, enda áberandi viðhorf langt fram á miðja 20. öld að skáld hefðu bestan skilning (meðfæddan og áunninn) til að geta dæmt á marktækan hátt um gildi skáldverka. Hjá henni sjást einnig merki um aukna áherslu á að ritdómarnir séu listform í sjálfu sér — nokkuð sem Jónas Hallgrímsson lagði grunninn að. Ritdómar eru að þróast sem sjálfstæð textategund sem bera bæði einkenni skáldskapar og blaðamennsku; eru til dæmis blanda af hlutlægum lýsingum og skáldlegum tilþrifum, persónulegri upplifun og hlutlausu mati. Jarþrúður nýtir sér því ljóðræna hæfileika sína og leggur jafn mikla áherslu á að fanga andrúmsloft verks og á að rekja efni þess. Hún segir til dæmis að sögur Topelúsar séu „hreinar og angurbliðar eins og endurminningar bernskunnar, ljúfar eins og „þúsund vatna landið“, sem hann unni heitast“.⁹³⁹ Lestur bókaumfjöllunarinnar á greinilega að vekja ánægju í sjálfu sér og þótt dæmi úr textanum sem fjallað er um séu nefnd til rökstuðnings niðurstöðunni, að akademískri fyrirmynd, eru þau ekki hryggjarstykki dómsins eins hjá Jónasi Hallgrímssyni.

Ritdómar í *Framsókn* fylgja fremur íhaldssömum stöðlum um innihald og forsendur, eins og sjá má á yfirlýsingum á borð við að „engin smekklaus og siðspillandi kvæði [séu] í ljóðmælum þessum“.⁹⁴⁰ Það er fremur stíllinn, sambland persónulegrar nálgunar og yfirbragðs hlutlausrar fagmennsku, sem Jarþrúður Jónsdóttir tekur þátt í að þróa. Í dóminum um kvæði Benedikts Gröndals rekur hún hvernig kvæði hans hafa fylgt Íslendingum og henni sjálfri um árabíl og minnir á að hann hafi komið á undan Steingrími Thorsteinssyni og Matthíasi

⁹³⁸ Sama, 22.

⁹³⁹ „Útsýn“, 11.

⁹⁴⁰ „Heima og erlendis, nokkur ljóðmæli“, 23.

Jochumssyni. Þar með tekur hún þátt í að finna honum réttan stað innan íslenskrar bókmenntahefðar, í hefðarveldi karlskálda. Enda vitnar hún í almennt samkomulag er hún bendir á að hann sé „talinn eitt af stórskáldum vorum“ og kallar sum kvæði hans gimsteina. En hún markar honum líka stað í liðnum tíma: Hjá norrænu goðunum og í fornöld og náttúru lands síns sé „hans hugmyndaheimur, en hugsjónir nýja tímans haf[i] ekki haft mikil áhrif á hann“.⁹⁴¹

Fjölda Íslandskvæða í bókinni segir Jarþrúður vera merki um að skáldið unni Íslandi, „enda bera þau það með sér, og ást Gröndals til ættjarðar hans er ekki af þeirri tegund, sem að eins birtist í kvæðum hans, heldur er hún hrein og fólksvalaus“.⁹⁴² Hér er vísað til þjóðlegra og þjóðrækinna einkenna ljóðanna, og skáldsins, sem tryggja þeim ákveðinn gæðastimpil hvað sem öðru líður. En Jarþrúður lætur ekki þar við sitja, heldur leggst í ítarlega greiningu á einkennum ljóðanna, sem hún segir helst vera „eldfjórið og málskrúðið og jafnframt einkennilega skáldlegur blær“. Hjartnæmi eigi Gröndal hins vegar „ekki að sama skapi“:

Það er enginn dimmur þunglyndisblær yfir hinum fjörugu ljóðum hans. Hann leiðir ekki tár fram í augu lesarans og gerir honum þungt í skapi, en hann hrífur anda hans með sér létt og hratt um geiminn og kemur víða við, en einkum heldur hann þangað, sem gott er og hressandi að koma, og því verða ljóð hans svo tilbreytingasöm og skemmtileg.⁹⁴³

Jarþrúður nefnir ýmis dæmi máli sínu til stuðnings. Gefur það dómi hennar akademískt yfirbragð og trúverðugleika kennivaldsins, þótt hún beiti á sama tíma skáldlegum tilþrifum til að viðhalda athygli og ánægju lesandans:

Hann er stundum gáskafullur, lætur allt fjúka og kærir sig kollóttan, hendir sér stundum hátt úr heiðbláum skýjum niður í skrölt og skarkala heimsins, en allt sem hann yrkir er frumlegt og engin stæling, nema kvæðið um kvinnuna í Lissabon, sem á að vera stældur stíll og sú stæling er góð.⁹⁴⁴

Í slíkum tilþrifum felst einmitt helsti styrkur ritdóma Jarþrúðar, en þessi samfléttun fræðilegrar og skáldlegrar orðræðu, sem og tilraunin til að koma á samkennd ritdómara og almenns lesanda, til dæmis með því að vísa í lestrarreynsluna, verður algengt einkenni á íslenskum ritdómum á 20. öld. Bókmenntaumfjöllun Jarþrúðar er jafnframt sett fram eins og hún fylgi forsendum „hreinna fagurfræðilegra viðmiða“, og hún leggur áherslu á hið persónulega fremur en hið samfélagslega, en eitt helsta þrætueplið í bókmenntaumræðu 20.

⁹⁴¹ Jarþrúður Jónsdóttir: „Kvæði eftir Benedikt Gröndal“, 38.

⁹⁴² Sama, 37.

⁹⁴³ Sama, 37.

⁹⁴⁴ Sama, 38.

aldar varð samband samfélagsumræðu og pólitíkur annars vegar og skáldskapar hins vegar. Árið 1936 má til dæmis sjá að Ingibjörgu Benediktsdóttur þykir að hið „smáa“ og persónulega sé ekki metið jafn mikilvægt og „stærri“ samfélagslegir viðburðir þegar hún segir:

Á þessum stríðs- og styrjaldartímum, sem nú ganga yfir heiminn, þykir það enginn stór viðburður, þó út komi lítil ljóðabók eftir sjúka konu á heilsuhæli. En það er víðar háð hörð barátta en í hinum æðisgengna hildarleik í Abessiníu eða Spáni. Það er víðar en þar varpað niður hræðilegum sprengjum að ósekju. Við, sem þekkjum Elínu Sigurðardóttur, vitum, að í sjúkrastofunni hennar, bæði á Vífilstöðum og í Kópavogi, hefir verið háð löng og hörð barátta.⁹⁴⁵

Ingibjörg telur greinilega sjálfsagt að fjalla um ljóð Elínar Sigurðardóttur á afskaplega persónulegum forsendum. Hún setur samasemmerki milli sálarlífs skálds og verka þess⁹⁴⁶ og byggir dóm sinn um gæði þeirra m.a. á persónulegum kynnum sínum af skáldinu.⁹⁴⁷ Áherslan á persónuleg tengsl lesenda, þar á meðal ritdómara, við verkið og höfundinn að baki verkinu lifir því áfram þrátt fyrir að bókmenntaumræðan litist sífellt meir af samfélagslegum átökum vinstri og hægri afla. Og þótt Kristinn E. Andrésson tilkynni í fyrsta heftinu af *Rauðum pennum* árið 1935 að nú viðurkenni „menn, að skáldin og ljóðin eigi jarðlegan uppruna og komi fram í sambandi við ákveðnar hræringar þjóðfélagsaflanna“,⁹⁴⁸ voru menn alls ekki á eitt sáttir um það hvernig takast ætti á við þær hræringar. „Það er mér harla torskilín kenning að skáldið eigi að velja á milli lífs og listar“, segir Magnús Kjartansson til dæmis árið 1946 í umsögn um *Sól tér sortna* eftir Jóhannes úr Kötlum, en hann neitar að samþykkja að stjórn mála- og menningarbarátta höfundarins og sú staðreynd að hann hafi helgað sósíalískum „þjóðfélagshugsjónum sínum mikinn hluta kvæða sinna“ þurfi „að brjóta í bága við „fegurð listarinnar““ með eftirfarandi rökum:

Hlutverk hans er að sameina líf og list, nota vopn listarinnar til eflingar hugsjónum sínum; takist honum það ekki, gengur hann ekki heill til baráttu. Í stað þess að velja á milli lífs og listar, verður hann að velja hvorttveggja, annað er svik bæði við lífið og listina.⁹⁴⁹

⁹⁴⁵ Ingibjörg Benediktsdóttir: „Bækur“, ritdómur um *Kvæði* eftir Elínu Sigurðardóttur, *Íðunn*, 3-4, 1936, 375.

⁹⁴⁶ „Enginn, sem les þessi kvæði, efast um, að sálarstyrkur og sálarró gáfaðrar, göfugar konu sé hér að vinna fullan sigur.“ Sama, 378.

⁹⁴⁷ „Mér verður lengi hugstætt frá viðræðum hennar, hve oft hún hefir, ótilkvödd, sett sig í mín og annara spor, dæmt um menn og málefni, ekki eins og við eigum oft að venjast, með málamyndarrausi og upphrópunum, heldur svo næmri athugun og djúptækum skilningi, að ég hefi hlustað undrandi og hrifin. Þessi eiginleiki skáldkonunnar kemur einkum fram í mörgum tækifæriskvæðum hennar og erfiljóðum.“ Sama, 376. „Eg er viss um, að öllum þeim mörgu, sem þekkjja Elínu Sigurðardóttur af afspurn eða viðkynningu, þykir vænt um, að þessi kvæði hennar eru komin út.“ Sama, 377.

⁹⁴⁸ Kristinn E. Andrésson: „Ný bókmenntastefna“, *Rauðir pennar*, 1, 1936, 15.

⁹⁴⁹ Magnús Kjartansson: „Umsagnir um bækur“, ritdómur um *Sól tér sortna* eftir Jóhannes úr Kötlum, *Tímarit Máls og menningar*, 1, 1946, 64.

Átökin um hin stóru hugmyndafræðilegu kerfi 20. aldarinnar, þar á meðal kommúnisma, sósíalisma, hægri frjálshyggju og kapítalisma, höfðu vitanlega áhrif á bókmenntirnar og bókmenntaumræðuna og ekki aðeins hvað varðar boðskap verka, túlkanir á honum og jafnvel andstöðu gegn boðskap yfirleitt, heldur einnig stíl og formgerð verka. Róttækir menntamenn reyndu til dæmis að „skilgreina hlutverk *ismanna* innan byltingarorðræðu sósíalismans á þriðja áratugnum“, segir Benedikt Hjartarson og bendir á grein eftir Einar Olgeirsson frá árinu 1926 sem dæmi. Þar sé „sett fram harkaleg gagnrýni á viðtekna hugmyndir um „þjóðlega menningu“ og varðveislu hennar“ sem stillt er andspænis þróttmikilli íslenskri nútímamenningu „er tileinki sér það besta úr evrópskum samtíma“, en Einar nefni þar sem dæmi „Futurisma, Expressionisma, Surrealisma“.⁹⁵⁰ Bókmenntafræðingurinn og gagnrýnandinn Örn Ólafsson bendir hins vegar á að nútímaljóða gæti „lítt eftir 1930, nema hvað þá ber nokkuð á frjálsum ljóðformi með einföldum, röklegum textum, til að orka á lesendur með boðskap“. Eftir miðjan 4. áratuginn verði „æ útbreiddara“, jafnvel „í röðum róttæklinga“ að hafna „slíkum bókmenntanýjungum, og boða skáldum að halda sig við hefðina til þess að ná til alþýðunnar og orka á hana til baráttu“.⁹⁵¹ Slíka áherslu má m.a. sjá hjá Halldóri Laxness árið 1935 er hann flokkar bókmenntir eftir stéttapólitík og stillir höfundum borgaralegra nútímabókmennta upp sem andstæðum þeirra sem skrifa bækur „um fólkið, almenning, hinn vinnandi lýð, á grundvelli áhugaefna hans og velferðarmála“.⁹⁵²

Þetta er þá athvarf borgarans í nútímabókmenntunum: Draga sig út úr hinu lifanda lífi og setjast í bölmóði í eitthvert „skemmtiskip“ (eða tæringarhæli, eða stásstofu), stara niður á naflann á sér og fíra yfir haldleysi alls og allra; og bíða eftir að skipið farist. Öll tengsl við líf fólksins eru slitin, og horfinn um leið allur siðferðilegur lífsgrundvöllur. Eftir er sár lífsleiði, sem leiðir til lífshatars.⁹⁵³

Þótt mótsagnakennt megi virðast, stuðla því róttækar vinstri hugsjónir engu síður en þjóðernislega áherslan að því að setja tilraunastarfsemi í skáldskap einhver mörk. Skáldin mega ekki týna sér í einangruðum heimi óhlutbundinna hugmynda og formæfinga heldur eiga þau að ná til fjöldans og miðla til hans heilsteyptri hugsjón (þjóðlegri og/eða marxískri) sem göfgar íslenskt samfélag. Þetta verða verkin að endurspegla bæði að formi og innihaldi. Þannig lýsir Kristinn E. Andrésson því yfir í ritdómi um bókina *Rauður loginn brann* eftir Stein Steinarr að tími sé til kominn fyrir íslensk ljóðskáld „að losna úr gömlu mótunum“ hvað

⁹⁵⁰ Einar Olgeirsson: „Erlendir menningarstraumar og Íslendingar“, *Réttur*, 1-2, 1926, 9. Tilvitnun sótt í Benedikt Hjartarson: „Af úrkynjun, brautryðjendum, vanskapnaði, vitum og sjáendum. Um upphaf framúrsteftu á Íslandi“, *Ritið*, 1, 2006, 103.

⁹⁵¹ Örn Ólafsson: „Missagnir um móðernisma“, *Morgunblaðið*, 3. janúar 1997, 41.

⁹⁵² Halldór Laxness: „Borgaralegar nútímabókmenntir. Nokkrir aðaldrættir“, *Rauðir pennar*, 1, 1935, 266.

⁹⁵³ Sama, 276.

varðar „bygging kvæðanna og heildarsvip“ en setur um leið formæfingum þau mörk að þær megi ekki ógna heilsteyptri byggingu verkanna:

Í *Gönguljóðum*, einu djarfasta kvæðinu, er hrynjandinn oft rofin, ósamræmi milli máls og efnis og byggingin þannig laus. Og svo er um fleiri kvæðin. Stundum vantar ekki nema herzlumuninn, dálítið sterkara átak, til þess þau séu heilsteyptr.⁹⁵⁴

Kristinn tengir sterklega milli forms, innihalds og persónuleika skáldsins og segir leit skáldsins að formi vera „ytri mynd leitar þess að fastri lífsskoðun“. Steinn Steinarr sé „viðkvæmt afsprengi hins síðborgaralega þjóðfélags“, sem „tímarnir, aðstaða hans í lífinu og meðfædd sannleiksþrá“ hafi hrint „til kynningar á stéttabaráttu og marxisma“. Af því leiði að „mót borgarans verður honum of þröngt og sú nýmyndun skáldsins fer fram, sem birtist hið ytra í leit að nýju formi“.

Í Rauður loginn brann situr enn mikið eftir af borgaranum í Steini, og honum hefir ekki tekizt nema til hálfis að tileinka sér sjónarmið marxismans. Í lífsskoðun hans er enginn heilleiki, og því ekki heldur í bygging ljóðanna.⁹⁵⁵

Kristinn dæmir ljóð Steins Steinarrs út frá viðmiðum þeirrar marxísku sannfæringar að í „fyrsta skipti í sögunni“ hafi „listin eignazt markvísan, alþjóðlegan tilgang“: að breyta heiminum.⁹⁵⁶ Að sama skapi vill hann árið 1953 endurmeta skáldið Einar Benediktsson, „hugmyndir hans og gildi hugmynda hans í íslenskri samtímasögu“ í ljósi þess að hugsjónir Einars hafi beðið gjaldþrot vegna mótsagna auðskipulagsins.⁹⁵⁷ Stéttapólitík setur því sinn svip á bókmenntaumræðu 20. aldar en tenging hennar við fagurfræðilega afstöðu og dóma er ekki einhlít. Kristinn telur samt sem áður að „stórhugur [Einars], máttur skynjunar hans, list hans og snilldareðli [sáu] framvegis tindar sem ber við himin“.⁹⁵⁸ Hann telur jafnframt að ádeila skáldsins Snorra Hjartarsonar á auðstéttina, sem hafi svikið landið, sé „bitur, skörp og sönn“ en leggur áherslu á að það sé „form máls og hugmynda“ sem geri ljóð hans að „varanlegri list“. Þar virðist skipta sköpum að Snorri „varast að láta ljóð sín renna í farvegi annarra, leitar þeim að eigin formi og hefur þar jöfnum höndum hliðsjón af nýtízku aðferðum og háttum fornkvæða, vill hvorki brjóta um of erfðavenjuna né vera bundinn af henni“.⁹⁵⁹

⁹⁵⁴ Kristinn E. Andr sson: „Steinn Steinarr: Rauður loginn brann“, *R ttur*, 4, 1935, 115.

⁹⁵⁵ Sama, 115-116.

⁹⁵⁶ Kristinn E. Andr sson: „Ný b kmenntastefna“, 44 og 47.

⁹⁵⁷ Kristinn E. Andr sson: „Umsagnir um b kur“, ritd mur um *Laust m l I-II* eftir Einar Benediktsson, *T marit M ls og menningar*, 1, 1953, 112.

⁹⁵⁸ Sama, 112.

⁹⁵⁹ Sama, 108 og 110.

Í skrifum fólks á borð við Torfhildi Hólm, Jarprúði Jónsdóttur, Sigurð Nordal, Kristján Albertsson og Kristinn E. Andrésson togast á upphafning nýjunga eða framþróunar í bókmenntasögunni og áhyggjur af því að of róttækt rof frá hefðinni geti haft niðurbrjótandi áhrif; leitt til hnignunar í stað framfara. Kristinn lýsir því yfir í fyrsta tölublaði *Rauðra penna* að með verkalýðshreyfingunni sé komin fram „ný tegund skálda og ný bókmenntastefna“ sem móti „allt á nýjan hátt“.⁹⁶⁰ Í næsta tölublaði bendir hann fólki hins vegar á að takmark sósíalismsans sé „að vinna úr öllum menningararfi kynslóðanna“; að endurlífga öll „verðmæti sögunnar, er gildi hafa fyrir nútíð og framtíð“ og gera „að eign alþjóðar“.⁹⁶¹ Megináherslan er ekki á að umbreyta menningu þjóðarinnar heldur varðveita hana og nýta á uppbyggjandi hátt:

Svo hjartfólginn er okkur menningararfur þjóðarinnar, list þeirra Jónasar og Bjarna, Þorsteins, Matthíasar, Stephans G. Stephanssonar, allra þeirra stórmenna, sem heitast hafa þráð frelsi og menningu þjóðarinnar, að við viljum ekki láta misnota þennan arf, viljum t. d. ekki heyra þjóðsönginn okkar sunginn yfir gröf frelsisins á Íslandi. Þá borgaralegu menningu, sem skapazt hefir á öldinni, viljum við heldur ekki láta glatast. Við viljum halda öllu því frelsi sem er í skóla- og upveldismálum, við viljum engar nýjar miðaldir yfir þjóðina. En við vitum, að öll íslensk menning er í veði, jafnt hin borgaralega og verklýðssinnaða, ef fasisminn kæmist á.⁹⁶²

Kristinn endurtekur stefið um hjartfólgna sögu þjóðarinnar og menningararf í lofræðu um Sigurð Nordal í næsta hefti *Rauðra penna*, þar sem hann segir að í „vörzlum slíkra manna [sé] íslenskum þjóðararfi vel borgið“.⁹⁶³ Það er því ljóst að jafnvel í röðum róttækra menntamanna var ekki vilji fyrir því að láta nýjungarnar ganga svo langt að í því felist algjört rof við hefðina eða jafn óumdeilanlegt kennivald á bókmenntasviðinu og Sigurð Nordal.

Pierre Bourdieu telur að andóf menntamanna eigi sér oft fremur rætur í samkeppni um pólitíska og vitsmunalega viðurkenningu en í breiðari hagsmunum hópanna sem þeir standa fyrir, til dæmis stéttahagsmunum. Merkimiðinn „menntamaður“ sé ein tegund auðs, í sjálfu sér verðmæti og ástæða átaka. Menningarauður sé hins vegar talinn óæðri efnahagsauði í samfélagi okkar og menntamenn því í þeirri tvíbentu stöðu að vera í senn ríkjandi (þeir njóta menningarlegs valds og forréttinda sem fylgja því) og að vera undirsátar í samskiptum við handhafa pólitísku eða efnahagslegs valds. Þetta skýri vilja margra menntamanna til að styðja undirokaða hópa. Þó menntamenn telji það yfirleitt hlutverk sitt að vera í andófi gegn ríkjandi stétt, mótist afstaða þeirra frekar af forréttindastöðu og sértækum faglegum hagsmunum en

⁹⁶⁰ Kristinn E. Andrésson: „Ný bókmenntastefna“, 23 og 46.

⁹⁶¹ Kristinn E. Andrésson: „Er menningin í hættu?“, *Rauðir pennar*, 1, 1936, 219-220.

⁹⁶² Sama, 238.

⁹⁶³ Kristinn E. Andrésson: „Sigurður Nordal“, *Rauðir pennar*, 1, 1936, 183.

sannri samstöðu með verkalyðnum. Staða menntamanna sé í reynd grunnur margræðs og brothættis bandalags við lægra setta samfélagshópa.⁹⁶⁴

Guðni Elísson hefur fjallað um þær kenningar Zygmunts Baumans að eftir því sem leið á 19. öldina hafi menntamaðurinn fjarlægst þá einstaklinga sem héldu um stjórnartaumana, ekki lengur verið málþípa ráðandi afla og jafnframt tapað löggjafarlegu forræði sínu.

Umbunin var sú að hann þurfti ekki lengur að svara til stjórnvalda fyrir skoðanir sínar og hann fékk undir sín yfirráð menninguna sem hafði verið leyst úr tengslum við stjórnmalavaldið. Nýtt hlutverk hans var að halda utan um og varðveita menningu samfélagsins.⁹⁶⁵

Hlutverk íslenskra menntamanna var þó allt fram á 20. öld augljóslega samofið hagsmunum valdastéttarinnar, enda var menntun nær einungis á færi þeirra efnuðu, eða þeirra sem hlutu styrk frá hinum efnuðu. Með Fjölnismönnum varð þó áherslubreyting. Undir áhrifum róttækari hugmyndafræði ögra þeir að vissu leyti viðteknu hlutverki menntamanna sem þjónum ríkjandi stéttar (sjá bls. 135). Voru skrif þeirra til merkis um að menntamenn litu öðrum þræði á sig sem sérflokk sem stæði utan við hefðbundna stéttaskiptingu og jafnvel sem almennt andófsafl, þ.e. að hlutverk þeirra væri að fletta ofan af samfélagsskipaninni og standa utan hennar. Þeir kröfðust jafnframt frelsis til að gagnrýna á eigin forsendum; forsendum fegurðarinnar, en einnig vísindanna. Áherslur Fjölnismanna eru gott dæmi um að bókmenntagagnrýni hér á landi þróaðist ekki aðeins sem hluti af og viðbragð við íslenskum samfélagsaðstæðum, heldur átti einnig rætur sínar í ytri hræringum og meðvitund menntamanna um að þeir væru hluti af alþjóðlegu mennta- og vísindasamfélagi.

Menntamenn hafa oft skipað sér í tvær sveitir með eða á móti þátttöku í pólitískum og samfélagslegum hreyfingum, en í marxískum fræðum er algengt að líta á hugmyndina um „hlutleysi“ menntamanna sem nátengda meintu hlutverki þeirra sem fulltrúa ráðandi stétta. Árið 1928 lýsir Árne Pálsson því viðhorfi rússneskra kommúnista að „hefðbundnir“ menntamenn séu tengdir ráðandi hópum innan samfélagsins og í gegnum þá viðhaldi ráðandi stétt forræði sínu yfir öðrum hópum samfélagsins. Vísar Árne m.a. í orð Leníns um að það loforð gömlu skólanna um að „gagnmennta unglíngana, miðla þeim hlutlausri, víðtækri þekkingu“ hafi verið „hin mesta lygi“ og kemur með beina tilvitnun í Lenín: „Hvert orð sem talað var í þessum skólum var miðað við hagsmuni borgaranna“.⁹⁶⁶ Árne segir að Bolsjevíkar ætli ekki aðeins „að steypa hinu gamla þjóðfélagi [...] í

⁹⁶⁴ Swartz: *Culture and Power*, 222-224, 234, 237-238 og 240.

⁹⁶⁵ Guðni Elísson: „Þrjátíu mínútur í sjónvarpssúpunni“, 52.

⁹⁶⁶ Árne vísar í sænska þýðingu á riti Leníns, *Kommunistisk Bildning och uppfostran*, frá 1925. Árne Pálsson: „Menntamál Sovjet-Rússlands“, *Skírnir*, 1928, 203.

rústir“ heldur eigi sömu leiðina að fara „öll „borgaraleg“ menning, listir, vísindi, trúarbrögð, náms-efni og náms-tilhögun í skólum“ og nú hyggist þeir „koma sér upp nýrri menntastétt“, stúdenta er nefnast *Rabfaks*, „sem þeir geti treyst til fulls“ og séu allir „af verkamanna-ættum“. ⁹⁶⁷

Guðjón Friðriksson segir að þegar með stofnun *Alþýðublaðsins* (eldra) árið 1906, en það „átti að berjast fyrir stofnun verkalýðsfélaga undir kjörorði frönsku byltinarinnar „Frelsi, jafnrétti, bræðralag“, hafi nýr „tónn stéttabaráttunnar“ komið inn í íslenska blaðamennsku og átt „eftir að verða allt að því hatrammur, er tímar liðu, og setja mikinn svip á alla blaðamennsku í landinu“. Árið 1916 hafi orðið „uppstokkun á íslenska flokkakerfinu með stofnun Alþýðuflokksins og Framsóknarflokksins“. Afleiðingarnar hefi m.a. orðið þær að „brátt urðu öll íslensk blöð [...] rammflokkspólitísk“ og það hafi ekki farið að breytast aftur fyrir en á sjöunda áratug aldarinnar. ⁹⁶⁸ Eftir rússnesku byltinguna 1917 færðist harka í umræður um sósíalisma, kommúnisma og marxisma hér á landi sem annars staðar og verkalýðnum var í vaxandi mæli stillt upp andspænis valdastéttinni. Þótt orðið menntamenn hafi oft verið notað á fremur hlutlausan hátt yfir unga, skólagengna menn, sem væru opnir fyrir nýjungum og fullir af krafti en stundum nokkuð róstarsamir, má í blaðgreinum frá 2. áratug 20. aldar sjá talað um íslenska bændur og menntamenn sem tvær andstæðar stéttir ⁹⁶⁹ en embættismenn eru frekar spyrtilir saman við menntamenn. ⁹⁷⁰ Þeir eru því tengdir yfirstéttinni í hugum manna nokkru áður en Árni Pálsson lætur falla tilvitnuð ummæli. Árið 1928 rekur Árni í annarri grein efni kommúnistaávarps Marx og Engels og fjallar um þá hugmynd að verkalýðnum vaxi fiskur um hrygg, enda hverfi „nú fjöldi manna úr hinni drottandi stétt undir merki hans, einkum menntamenn“. ⁹⁷¹ Togstreita róttækra vinstristefnu og íhaldssamari afla hélt áfram að magnast í íslenskri menningarumræðu og skrif Kristjáns Albertssonar um Halldórs Laxness, allt frá 3. til 7. áratugar 20. aldar (sjá bls. 215-217 og 296-301), sýna að á þeim tíma litast bókmenntaumræðan af hatrömmum átökum vinstri og hægri afla í pólitík. Þau endurspeglu einnig að mörgu leyti togstreituna og samspiði milli pólitíkur og fagurfræðilegrar afstöðu á 20. öldinni. Kristján tengdist hinum auðuga Ólafi Thors fjölskylduböndum. Hann fékk m.a. fjárstyrk úr þeirri átt til að mennta sig og studdi Ólaf sem

⁹⁶⁷ Árni Pálsson: „Menntamál Sovjet-Rússlands“, 188 og 205.

⁹⁶⁸ Guðjón Friðriksson: *Nýjustu fréttir*, 128, 274 og 276.

⁹⁶⁹ Eitt dæmi eru þessi orð úr *Fréttum*: „Það eru ekki bændur eða aðrir alþýðumenn, sem spilla íslenskunni, heldur hinir svo kölluðu menntamenn, og aðrir uppskafningar.“ A. B. D.: „Málvarnarfjelag“, *Fréttir*, 24. nóvember 1915, 222.

⁹⁷⁰ Sbr. þau orð Jóns Jónssonar á Hvanná „að rétt sé, að við bændur göngum í flokk með þeim embættismönnum og menntamönnum, sem eru okkur sammála um aðal velferðarmál þjóðarinnar.“ Jón Jónsson: „Flokkar og stefnur“, *Austri*, 14. mars 1914, 35.

⁹⁷¹ Árni Pálsson: „Um bylting Bolsjevika. Alræðisvald öreiganna og takmark þeirra“, *Vaka*, 1, 1928, 62.

stjórnmalamann og flokk hans, Íhaldsflokkinn sem seinna rann inn í Sjálfstæðisflokk. Kristján tók árið 1924 við ritstjórn vikublaðsins *Varðar*, mál gagns Íhaldsflokksins, nýkominn frá útlöndum en hann hafði stundað háskólanám í Kaupmannahöfn, Frakklandi og Þýskalandi.⁹⁷² Guðjón Friðriksson bendir á að hann hafi viljað hefja siðbót í íslenskri blaðamennsku og gagnrýnt „hið strákslega og skrílslega orðbragð“ blaðamanna, þótt hann hafi fljótlega fallið í þá gryfju sjálfur.⁹⁷³ Nokkuð ljóst er að Kristján taldi það hlutverk sitt að nýta menntun sína að utan til að hafa jákvæð áhrif á íslenska menningu, en hann segir til dæmis í blaðagrein að „[nálega] alt það sem þjóðin hefir unnið sjer til ágætis í bókmentum, listum og vísindum, frá því að Jónas Hallgrímsson kom fram og til vorra daga, væri óhugsandi [...] ef íslenskir andans menn hefðu ekki mentast í erlendum borgum og orðið fyrir margvíslegum áhrifum frá forvígisþjóðum evrópskrar menningar.“⁹⁷⁴ Persónuleg tengsl Kristjáns við valdastéttina virðast líka aukaatriði árið 1927 er hann hefur langan dóm sinn um mórernískt tilraunaverk róttæka skáldsins Halldórs Laxness, *Vefarann mikla frá Kasmír*, á orðunum „Loksins, loksins“,⁹⁷⁵ á meðan Guðmundur Finnbogason hefur aðeins tvö orð að segja um þetta verk sem striddi svo gegn ríkjandi fagurfræði að það gat varla talist list: „Vélstrokkað tilberasmjör“.⁹⁷⁶

Sú ákvörðun ritstjórnar *Varðar* að birta þessa tvo dóma saman gefur til kynna að tímaritið, sem kom út á árunum 1923-1929, hafi verið hugsað sem vettvangur óháðrar fræðilegrar umræðu, þar sem birtust fleiri en ein hlið á einstaka málefnum, en í það skrifuðu margir af virtustu menntamönnum Íslands. Í ritdómi sínum kemur Kristján fram sem víðsýnn og nútímalegur menntamaður 20. aldarinnar, jafn mikill boðberi nýjunga og höfundur *Vefarans*, og með skilning á alþjóðlegum straumum. Hann telur sig til dæmis geta skorið úr um það að „[þ]róun tímaborins íslenzks sögustíls“ taki „hálfra aldar stökk með þessari bók“ og að Halldór Laxness hafi „orðið fyrir sterkum áhrifum frá stíl og lífsskoðunum margra höfuðskálda Evrópu á síðari tímum“. Og þótt honum finnist stíllinn „víða gallaður“ virðist hann ekki telja það draga úr gildi verksins, enda séu „tilþrífir fágæt og glæsileg“ og stíllinn

⁹⁷² „Nám mitt fylgdi ekki neinni áætlun sem stefndi að prófi heldur las ég það sem mér fannst vera menntandi og áhugavert“, segir Kristján um nám sitt í Kaupmannahöfn í ævisögu sinni. Jakob F. Ásgeirsson: *Margs er að minnst*, Reykjavík, Almenna bókafélagið, 1986, 52.

⁹⁷³ Guðjón Friðriksson: *Nýjustu fréttir*, 274.

⁹⁷⁴ Kristján Albertsson: „Andsvör. Fjórða brjef til Jónasar Jónssonar frá Hríflu“, *Vörður*, 27. nóvember 1924, 1. Tilvitnun sótt í Sigríður Matthíasdóttir: *Hinn sanni Íslendingur. Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900-1930*, Reykjavík, Háskólaútgáfan, 2004, 133.

⁹⁷⁵ Kristján Albertsson: „Ritfregnir“, ritdómur um *Vefarann mikla frá Kasmír* eftir Halldór Laxness, *Vaka*, 3, 1927, 306.

⁹⁷⁶ Guðmundur Finnbogason: „Ritfregnir“, ritdómur um *Vefarann mikla frá Kasmír* eftir Halldór Laxness, *Vaka*, 3, 1927, 316.

„yfirleitt kjarnmeiri, blóðríkari, andríkari, meira lifandi, hressandi, viltur og sannur og æskusterkur en hjá nokkrum öðrum íslenskum skáldsagnahöfundum“.⁹⁷⁷

Í þeim yfirlýsingum Kristjáns Albertssonar að *Vefarinn mikli frá Kasmír* rísi eins og „hamraborg upp úr flatneskju íslenzkrar ljóða- og sagnagerðar síðustu ára“, Ísland hafi „eignazt nýtt stórskáld“⁹⁷⁸ og að Halldór hafi skotist af villtum krafti upp á hæsta tind leynast hins vegar hefðbundnir þjóðernispólitískir undirtónar. Til að vera samkeppnishæft í nútímaheimi þarf hvert land að geta teflt fram sínu eigin nútímalega stórskáldi og meistaraverkum þess. Kristján skipar djarfur Halldóri Laxness í það hlutverk. Engin samstaða náðist þó um þá niðurstöðu fyrr en eftir að Halldór fékk Nóbelsverðlaunin árið 1955 og þar, eins og annars staðar, skiptust menn helst í lið út frá því hvort þeir voru til vinstri eða hægri á pólitíska kvarðanum.

Jákvæðni Kristjáns gagnvart nýjungum og umbyltingum í formi nær enda ekki til vinstrisinnaðrar hugmyndafræði Halldórs. Til að sporna gegn sósíalískum og kommúnískum boðskap í skáldskap tefldu menn gjarnan fram hugmyndinni um að listin ætti að vera sjálfstæð gagnvart samfélagslegum og pólitískum umbrotum; fást við hreina fagurfræði. Áhersla á form fremur en boðskap gat því þjónað þeim tilgangi að innlima framúrstefnulega og hugsanlega samfélagslega róttæka list í borgaralega hugmyndafræði, skera á tengsl hennar við pólitíska umræðu. Færa má rök fyrir því að eftir því sem Halldór þótti gerast róttækari í pólitík hafi Kristján stigið fastar á bremsuna og beint athyglinni í meira mæli að þeim þáttum í verkum Halldórs sem hann taldi „óviðeigandi“ í alvöru list (sjá bls. 299-301).

Krafan um almennt velsæmi í skáldskap er ekki hvað síst krafa um að gangast við ríkjandi hugmyndafræði; bera virðingu fyrir samfélagsskipaninni og yfirvöldum, en Kristján ber Þórberg Þórðarson og Halldór Laxness saman við Sigurð Nordal, sem stendur Kristjáni nær í pólitík og tengslum við íslenska valdastétt. Mikilvægara er þó að hann spilar samkvæmt reglum hefðbundinnar fagurfræði:

„Hel“ Sigurðar Nordal var skrifuð af fegurri ritsnild, dýpri skáldgáfu, finni smekk, meiri þroska og menningu en báðar þær bækur sem ég nefni. En það er enginn pólitískur gauragangur, engin klúyrði, enginn líkamsdaunn, engir „hrökkálar“, engir „himneskir hrákar“ — að eins hrein, faguð list, alvarleg og skáldleg hugsun um mannlegt líf [...].⁹⁷⁹

Kristján Albertsson notar hugmyndina um hreina og upphafna fagurfræði, lausa undan pólitískum áróðri og hafna yfir sora mannlífsins til varnar ríkjandi hugmyndafræði og

⁹⁷⁷ Kristján Albertsson: „Ritfregnir“, ritdómur um *Vefarinn mikla frá Kasmír* eftir Halldóri Laxness, 306 og 307.

⁹⁷⁸ Sama, 306.

⁹⁷⁹ Kristján Albertsson: „Andlegt líf á Íslandi“, 364.

stundum beinlínis til varnar Íhaldsflokknum.⁹⁸⁰ Dónaskapur og kommúnískur áróður eru að mati Kristjáns helstu gallar Halldórs Laxness. Þrátt fyrir að hann segi árið 1932 að hvorki sé til „íslensk saga nje íslenskur sjónleikur, þar sem vjer komumst í eins náin og fullkomin kynni við manneskjur og í *Sölku Völku*“ finnst honum að augljóst „auðvaldshatur höfundarins“ geri það að verkum að sagan missi „alment gildi sem hlutlaus, sannorð og alvarleg lýsing á íslensku sjávarþorpi“. Halldór væri „enn meira skáld [...] ef hann hefði manndóm í sér til þess að vera í skáldsögum sínum ekkert nema skáld, eins og hann er alls staðar þar sem saga hans er fegurst og áhrifamest“.⁹⁸¹ Um *Atómstöðina* segir Kristján m.a. að þar taki höfundurinn sér „hvíld frá alvarlegum ritstörfum“. Hann láti stjórnast af þeim „síbernsku-kvilla“ að vilja hneyksla heiðvirða borgara og hinni pólitísku „heift minnihlutamanns, með málstað [kommúnismans], sem mjög á í vök að verjast“ en „hin pólitíska ádeila bókarinnar“ sé „ólistræn, [...] gróf og vitleysisleg — og þess vegna algerlega máttlaus“.⁹⁸² Það kemur því ekki á óvart að þegar *Brekkukotsannáll* kemur út árið 1957, þar sem Kristján sér hvergi „þess minnsta vott að kenningar Marx og Lenins séu hafðar bak við eyrað“, telur hann Halldór ekkert hafa „skrifað af meiri list“ — enda er þar enginn „ruddaskapur, engin klúryrði — engar kommúnistískar rokur, né önnur ósiðsemi“.⁹⁸³

Afstaða Kristjáns er ekkert einsdæmi. Um miðbik 20. aldar hneigðust margir hægri menn til að nota orðin „pólitískur“ og „kommúnískur“ sem samheiti yfir óviðeigandi áróðursboðskap í bókmenntaverki. *Morgunblaðið* birti til dæmis árið 1953 ágríp af grein bandaríska bókmenntafræðingsins og rithöfundarins Malcolms Cowleys úr *Harper's Magazine* þar sem segir að „áróðursbókmenntir“ hafi „lítið gildi“. Tilheyri það „gömlu skáldskaparstefnunni“ að bækur séu „natúralistískar“ og hafi á sér „pólistískan blæ“.

Rithöfundar þeir sem verið hafa boðberar þeirrar stefnu sem nú er að ganga sér til húðar eru flestir komnir á sextugs aldurinn; þeir voru á sínum tíma margir hverjir ákveðnir stuðningsmenn hins alþjóðlega kommúnisma og skrifuðu bækur sínar í áróðursskyni, sem orðið hefur til þess eins að rýra til muna bókmennta- og fagurfræðilegt gildi þeirra. Áróðurinn — boðskapur kommúnismans — var látinn skipa öndvegi, listin látin víkja.⁹⁸⁴

⁹⁸⁰ Það kemur berlega fram í einkabréfi Kristjáns til Halldórs frá 2. júní 1948, þar sem hann segist ekki hafa getað annað en birt harkalegan dóm um *Atómstöðina* því hann geti ekki setið hjá þegar sá maður sem honum hafi þótt vænst um, Ólafur Thors, sé „beittur þeim tókum sem hér eru notuð“, þ.e. að almennur lesandi geti dregið þá ályktun að hann sé „ráðherraskrípi“ í sögunni. Kristján Albertsson: „Þrjú bréf“, *Í gróandanum. Greinar og ræður*, Reykjavík, Helgafell, 1955, 92. Einnig í grein um *Atómstöðina*, þar sem miklu plássi er varið í að mótmæla árásum á Ólaf Thors og flokk hans. Sjá Kristján Albertsson: „Skítugur leir. Hugleiðing um síðustu bók Laxness“, *Morgunblaðið*, 12. júní 1948, 9-10.

⁹⁸¹ Kristján Albertsson: „Hin nýja skáldsaga Halldórs K. Laxness“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 25. september 1932, 297.

⁹⁸² Kristján Albertsson: „Skítugur leir“, 9.

⁹⁸³ Kristján Albertsson: „Um Brekkukotsannáll og sitthvað fleira“, *Morgunblaðið*, 30. apríl 1957, 10.

⁹⁸⁴ „Ungu rithöfundarnir eru hlutlausir í list sinni“, *Morgunblaðið*, 8. október 1953, 7.

Þeir höfundar sem séu fulltrúar nýs tímabils séu hins vegar „ekki kommúnistar“ heldur „hlutlausir í list sinni“ og reki „ekki áróður fyrir neina stjórnmalastefnu“.⁹⁸⁵ Fullyrðingin um ópólítískt eðli þessara verka virkar nokkuð undarleg þegar lesið er lengra og greinarhöfundur fer að færa rök fyrir því að þessir skáldskaparhöfundar séu þrátt fyrir þetta í „tengslum við samtíðina“:

[...] þó að ungu skáldin minnst lítið sem ekki á mikilvæg atriði nútíma þjóðfélags, s.s. kjarnorkusprengrur, einræði kommúnismans þverrandi persónufrelsi o. þ. l., þá hefur þetta allt haft veigamikil áhrif á skoðun þeirra og efnisval; þessir þættir í sögu okkar tíma, já, harmsögu okkar tíma, laða þau ekki að sér, heldur fæla þau frá sér, þau snúast til andúðar á hinn miskunnarlausu þjóðernisstefnu kommúnismans, sem dulbúizt hefur alþjóðahyggju og bræðalagi [svo] og snúa sér að hinu persónulega, einstaklingnum. [...] Þau hafa ekki forkastað trúnni, heldur hafa mörg þeirra þvert á móti leitað huggunar [svo] í fagnaðarerindinu, beðið ásjár við altari kristinnar kirkju.⁹⁸⁶

Ópólítískur bandarískur skáldskapur byggir samkvæmt þessu á einstaklingshyggju og kristilegri hugmyndafræði; það er hlutlaust norm á meðan kommúnismi er pólítískt frávik. Á Íslandi var að sama skapi unnið að því út 20. öldina að festa í sessi ákveðna fagurfræði sem algilda og ópólítíska. Deilurnar um hver sú fagurfræði skyldi vera voru svo pólítískar að árið 1955 var Almenna bókafélagið stofnað af Bjarna Benediktssyni, þáverandi menntamálaráðherra, Gunnari Gunnarssyni rithöfundu, Guðmundi G. Hagalín, Tómasi Guðmundssyni, Jóhannesi Nordal, Kristmanni Guðmundssyni og fleirum. Var því stefnt gegn „kommúnistiskum áhrifum á menningarlíf Íslendinga“,⁹⁸⁷ þá einna helst útgáfufélagi Máls og menningar undir forystu Kristins Andrésónar. Yfirlýst fagurfræðileg stefna félagsins var að „að hjálpa Íslendingum til að gæta arfsins og ávaxta hann“⁹⁸⁸ með því að gefa út valdar bækur, kosnar „úr öllum þeim kynstrum, sem fyrir liggja“⁹⁸⁹ og vinna þannig gegn spillingaráhrifum nútímans.⁹⁹⁰ Almenna bókafélagið gaf einnig út tímaritið *Félagsbréf* og í fyrsta tölublaðinu segir að í félaginu eigi að sameina sem flesta „hinna fremstu rithöfunda og skálds, þeirra, sem aðhyllast lýðræðislega og frjálslýnda stefnu í menningarmálum og

⁹⁸⁵ Sama, 7.

⁹⁸⁶ Sama, 7.

⁹⁸⁷ Í öðru tölublaði *Félagsbréfa* segir Eyjólfur Konráð Jónsson að sumir vilji „rekja hinn versnandi hag útgáfufélags kommúnista til starfa Bókafélagsins“ og að ekki muni sagan „saka forystumenn þess, þó að störf þeirra yrðu til að eyða kommúnistiskum áhrifum á menningarlíf Íslendinga“. Eyjólfur Konráð Jónsson: „Fyrsta ár Bókafélagsins“, *Félagsbréf*, 2, 1955, 28.

⁹⁸⁸ Karl Kristjánsson: „Beta er berfættum en bókarlausum að vera“, *Félagsbréf*, 2, 1956, 6.

⁹⁸⁹ Gunnar Gunnarsson: „Lagt upp í langferð“, *Félagsbréf*, 1, 1955, 3.

⁹⁹⁰ „Tímarnir eru breyttir og nýir hættir sækja fast á með miklar skemmtanir, ómenningarbækur og blöð af sama toga.“ Karl Kristjánsson: „Beta er berfættum en bókarlausum að vera“, 6.

þjóðmálum“.⁹⁹¹ Sömu karlar endurvöktu einnig Íslandsdeild PEN-rithöfundasamtakanna, sem börðust fyrir rithöfundum, og stofnuðu félagið Frjálsa menningu árið 1957.⁹⁹² Þessi hægri öfl bókmenntaheimsins styðja sig sem sagt við hugmyndir um tjáningarfrelsi og frjálsa hugsun en bendla vinstri öflin við skoðanakúgun sem andstæð sé vísindalegu hlutleysi, og hættuleg þjóðmenningunni, eins og fram kemur í máli Bjarna Benediktssonar:

Nú eru uppi hér á landi aðfluttar kenningar þess efnis, að á fyrstu árum vísindalegra rannsókna hafi fundizt algild lögmál í þjóðfélagsfræðum. Þeir, sem þessum kenningum fylgja, þykjast einir vita allt og telja sjálfsgagt, að aðrir séu sviptir skoðana- og rannsóknarfrelsi. Slík einokun og stöðvun sannleiksleitarrinnar er andstæð meginstöðum íslenzkrar menningar frá öndverðu.⁹⁹³

Menn á borð við Indriða G. Þorsteinsson vara við „þjóðnýtingarpólitík“ vinstri manna þar sem rithöfundum sé gert „að hafa einhverja þjóðholla stefnu að megin sjónarmiði“. Slík stefna slétti „úr þjóðfélaginu, eins og risavaxinn þúfnabani hafi ætt yfir það“; geri einstaklinga sviplausa og rithöfunda að litlu öðru en málpípu „einhverrar stjórnmalastefnu“. Þetta hafi sín áhrif á bókmenntalífið.

En með auknum afskiptum ríkisvaldsins og skipulagningu, hefur skipulagsýkillinn komizt í listirnar og sett sitt dauðamark á þær. Að erlendri fyrirmynd er búið að skipa þeim í stefnur og form, sem síðan berjast í gegnum málssvara sína innbyrðis og listamaðurinn hættir brátt að hugsa eins og frjáls maður og fer að tala í stefnum og formum.⁹⁹⁴

Að sama skapi eru hægri öflin sökuð um að reyna að sölsa undir sig öll yfirráð á menningarsviðinu og einoka það, eins og fram kemur í grein eftir Thor Vilhjálmsson um Almenna bókafélagið og Íslandsdeild PEN, þessa „nýstárlegu menningarkeðju sem einangrunarsinnar innan Sjálfstæðisflokksins hafa smíðað“, en þeir hafi „komið sér upp fleiri fyrirtækjum á sama sviði“, að „hætti stórra veltuhringa auðmagnsins í Bandaríkjunum og víðar“.⁹⁹⁵

⁹⁹¹ Eyjólfur Konráð Jónsson: „Almenna bókafélagið, skipulag og störf“, *Félagsbréf*, 1, 1955, 28.

⁹⁹² Eyjólfur Konráð Jónsson: „Félagið Frjálsa menning“, *Félagsbréf*, 4, 1957.

⁹⁹³ Bjarni Benediktsson: „Ávarpsorð“, *Félagsbréf*, 1, 1955, 2.

⁹⁹⁴ Indriði G. Þorsteinsson: „Hver eru helztu vandamál ungs rithöfundar á Íslandi í dag?“, *Félagsbréf*, 5, 1957, 94.

⁹⁹⁵ Thor Vilhjálmsson: „Syrpa“, *Birtingur*, 4, 1957, 22. Thor var eitt af þeim skáldum er skrifuðu í tímaritið *Birtingur*, sem átti að „vera svo frjálslýndur og víðsýnn sem auðið er“ og „forðast að láta menn njóta eða gjalda pólitískra skoðana“. Einar Bragi Sigurðsson: „Fylgt úr hlaði“, *Birtingur*, 1, 1953, 3. Þröstur Helgason telur að „pólitísk rottækni *Birtings* manna komi ekki síst fram í andpólitískri viðleitni þeirra“; *Birtingi* sé „stefnt gegn pólitískri metun menningarumræðunnar, þar sem listamenn eru dæmdir á (flokks)pólitískum forsendum og sú krafa er hávær að listamenn verði að taka afstöðu“. Þröstur Helgason: *Tímaritið Birtingur og íslenskur móðernismi. Lítil tímarit, landfræði, menningarsaga*, doktorsritgerð í almennri bókmenntafræði, Reykjavík, Hugvísindasvið Háskóla Íslands, 2015, 106. Birtingsmenn beindu spjótum sínum gegn „skilningsleysi og nennuskorti“ í garð brautryðjenda á skáldskaparsviðinu og segja að þar hafi vinstri sinnaðir „línutrúir flokkspálar

Í þessum gagnkvæmu, kaldastríðslituðu ásökunum um einokunartilburði og skoðanakúgun vísa bæði hægri og vinstri öfl til skaðlegra áhrifa markaðsvæðingar og erlendar fjöldaframleiðslu og hafa áhyggjur af því að óhefluð fjöldamenning sökkvi alvöru menningu. Áherslumunurinn er sá að hægrimmenn líta á fjöldamenninguna sem afurð stjórnláusrar og óheflaðrar alþýðu en vinstrimmenn líta á hana sem framleiðslu stórfyrirtækja er kúgi alþýðuna. Báðar hliðar halda þó jafn öflugt fram nauðsyninni á andlegri leiðsögn og vísa jafn reiðum höndum til skaðlegra áhrifa markaðsvæðingar og erlendar fjöldaframleiðslu. „Ég kom á Þjóðviljann [árið 1962] með þau áform efst á blaði að boða fagnaðarerindi bókmenntanna“, segir Árni Bergmann í endurminningum sínum. „Ég var útópisti [...]: ég taldi víst að merkilegar bókmenntir gerðu hvern mann betri og skynsamari sem las þær með opnum huga og fegruðu sambýli hans við aðra menn um leið.“⁹⁹⁶

Fagurfræðin sem haldið er á lofti er jafnframt í mörgum atriðum sú sama. Eins og víða kemur fram í þessari ritgerð ríkti nokkuð almenn sátt um að góð list væri í grundvallaratriðum þjóðleg, karlmannleg og mannbætandi — og stuðlaði þar með að samfélagslegum framförum. Einnig var það talið eitt einkenni sannrar listar að í henni væri táknað dýpt, eitthvað sem gefið er í skyn,⁹⁹⁷ eitthvað sem þarfnast túlkunar. Hannes Pétursson telur til dæmis helsta gallann á fyrstu ljóðabók Dags Sigurðarsonar frá 1958, *Hlutabréf í sólarlaginu*, vera þann „að of lítið liggur falið milli ljóðlínanna víðast hvar“. Skáldið láti „allt flakka, sem í hugann kemur“, en það sé „andstætt góðri ljóðlist“. Því tróndi torræð list oft efst í virðingarstiga bókmenntasviðsins (sjá bls. 225) með þeim formerkjum að leiðsagnar væri þörf til að hægt væri að njóta hennar til fulls. Margrét Gunnarsdóttir hefur bent á að slíkar áherslur feli í sér það viðhorf að aðeins „hinn útvaldi lesandi“ geti leyst ráðgátu listarinnar, sem sé „óræð þvæla þar til vitsmunir sérfræðingsins“ hafa komið til bjargar.⁹⁹⁹

og pétur [...] sent geira sína af engu minni heift og fákænsku [...] heldur en aurasjúkir íhaldsmenn“. Einar Bragi Sigurðsson, Geir Kristjánsson, Hannes Sigfússon, Hörður Ágústsson, Jón Óskar og Thor Vilhjálmsson: „Ávarp“, *Birtingur*, 1, 1955, 1. Það er þó langt í frá að í *Birtingi* birtist algjört pólitískt hlutleysi. Þröstur Helgason segir tímaritið tilkomið vegna klofnings meðal vinstrianna menntamanna, þar sem *Birtingur* varð vettvangur þeirra vinstrianna er aðhylltust móðernisma og oft í mikilli andstöðu við sjónarmið Kristins Andréssonar og *Tímarit Máls og menningar*. Thor sjálfur hafi þó lítið haft sig í frammi gegn Máli og menningu. Þröstur Helgason: *Tímaritið Birtingur og íslenskur móðernismi*, t.d. 100, 103 og 106. Tónninn í orðum Thors er líka allt annar er hann fjallar um bókaútgáfu Máls og menningar en þegar hann talar um Almenna bókafélagið. Hann kallar Mál og menningu fyrirtæki alþýðunnar í landinu og segir varla of mikla áherslu lagða „á nauðsyn þess að styðja öfluglega Kristin Andrésson í menningarstarfi hans með því að afla Máli og menningu nýrra félagsmanna“. Thor Vilhjálmsson: „Þankar um eitt og annað sem úfar mættu af risa“, *Birtingur*, 1, 1955, 21.

⁹⁹⁶ Árni Bergmann: *Eitt á ég samt. Endurminningar*, Reykjavík, Mál og menning, 2015, 259.

⁹⁹⁷ Sjá til dæmis Sigurður A. Magnússon: „Ljóðagerð yngri skáldanna“, 19.

⁹⁹⁸ Hannes Pétursson: „Um ljóðabækur ársins 1958“, *Andvari*, 1, 1959, 78.

⁹⁹⁹ Margrét Gunnarsdóttir: „Bókmenntir sem leiðarljós“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 23. maí 1992, 2.

Í þessu ljósi er áhugavert að líta á þær kröfur sem gerðar voru til þjóðfélagslegu skáldsögunnar sem tók við af ljóðinu sem ríkjandi skáldskaparform¹⁰⁰⁰ þegar nálgadist miðbik 20. aldar. Hún átti að vera heildstæð í efni og formi, en fyrst og fremst var þó gerð sú krafa að slík skáldsaga hefði eitthvað að segja um stöðu Íslendinga í fortíð og samtíð og þjónaði uppbyggilegum tilgangi fyrir íslenskt þjóðlíf — án þess þó að „pólitík“ bæri „fagurfræði“ ofurliði. Uppbyggilega pólitíska afstöðu á að vera hægt að lesa úr bókmenntatexta, með rétttri túlkun, en verði slík pólitík of augljós breytist textinn samkvæmt ríkjandi flokkunarkerfi í eitthvað annað en skáldskap; til dæmis í siðapredikun eða áróðursgrein. Þyki einhverjum vanta upp á samfélagslegu víddina getur skáldskapurinn hins vegar verið dæmdur of léttvægur.

Verk Halldórs Laxness féllu vel að þessum áherslum en Ástráður Eysteinnsson hefur bent á að ferill hans hafi orðið að nokkurs konar „forriti“ eða viðmiði í miðju formgerðar bókmenntasögunnar, með áherslu á jafnvægi og þjóðlega samfellu.¹⁰⁰¹ Slík hefð þurfi hins vegar „að búa við allmikla samheldni og heildarhyggju og í bókmenntakerfinu m[egi] ekki bera um of á skáldskaparöflum sem andæfa ráðandi fagurfræði“.¹⁰⁰²

Raunsæisstefnan, með öllum sínum blendingi af rómantík, þjóðernishneigð og samfélagsgagnrýni, var ráðandi í íslenskri sagnagerð fram á miðjan sjöunda áratuginn, stundum með sálfræðilegum áherslum, stundum með sterkum tónum íslenskrar sveitameningar.¹⁰⁰³

Ástráður segir að þetta hafi verið „allstrangur samfélagslegur sáttmáli“¹⁰⁰⁴ og áhrif hans gátu vissulega verið hamlandi eins og sést á grein Ragnars Jóhannessonar, rithöfundar og gagnrýnanda, um íslenska sagnaritun árið 1956. Þar fagnar hann því að Jökull Jakobsson hafi „ekki brennt sig á sama soði og ýmsir ungir stallbræður hans á síðari áratugum, sem gerzt hafa svo miklir sporgöngumenn Laxness í stíl og frásagnarhætti, að list þeirra hefur beðið stórhnekki við“,¹⁰⁰⁵ en staðfestir um leið yfirburðastöðu Halldórs Laxness þegar hann segir að „mestur ljóminn“ fari af *Íslenzkum pennum*, sýnishorni íslenskra smásagna á tuttugustu öld, þegar „litið [sé] á höfundarskrána“ og í ljós komi að þar sé engin saga eftir Halldór Kiljan Laxness, Gunnar Gunnarsson og Sigurð Nordal. Fullyrðir hann að „engin leið“ sé „að dæma

¹⁰⁰⁰ Dæmi um ríkjandi stöðu skáldsögunnar á 20. öld er sú ályktun Ragnars Jóhannessonar árið 1958 að þar sem Jökull Jakobsson sé „í framför sem rithöfundur“ hljóti „að líða að því, að hann leggi nóvelluna, „löngu smásöguna“, á hilluna um tíma og snúi sér að löngu skáldsögunni sinni“. Ragnar Jóhannesson: „Bækur“, ritdómur um *Fjallið* eftir Jökul Jakobsson, *Félagsbréf*, 10, 1958, 60-61.

¹⁰⁰¹ Ástráður Eysteinnsson: „Halldór Laxness og aðrir höfundar“, 15-16.

¹⁰⁰² Ástráður Eysteinnsson: „Fyrsta nútímaskáldsagan og móðernisminn“, *Umbrot*, Reykjavík, Háskólaútgáfan, 1999, 59.

¹⁰⁰³ Ástráður Eysteinnsson: „Halldór Laxness og aðrir höfundar“, 20.

¹⁰⁰⁴ Sama, 25.

¹⁰⁰⁵ Ragnar Jóhannesson: „Íslenzk sagnaritun árið 1956“, *Félagsbréf*, 5, 1957, 19.

slíkt smásagnasafn fullnægjandi án þessara manna“.¹⁰⁰⁶ Ef viðmiðið, „miðlægu aflstöðina“, vantar eru engar forsendur fyrir hendi til að dæma verk. Sveinn Skorri Höskuldsson hefur hins vegar þetta viðmið er hann ber skáldsöguna *Virkisvetur* eftir Björn Th. Björnsson saman við *Íslandsklukku* Halldórs Laxness og finnst sú fyrrnefnda blikna í samanburðinum; vera eins og raust „unglingsins í mútum, sem líkir eftir tóni hetjusöngvarans“. Sveinn Skorri getur þó ekki varist þeirri tilhugsun að „hin raunsæja skáldsöguhefð“, sem gnæfi „enn eins og múr á þessum vettvangi“ sé „núttímahöfundum fjötur um fót“.¹⁰⁰⁷

Haukur Ingvarsson hefur bent á að það hafi þó aldrei ríkt eining um það „fyrir hvað höfundurinn [Halldór Laxness] standi eða eigi að standa“.¹⁰⁰⁸ Og jafnvel þótt Halldór hafi sjálfur tekið þátt í þeim átökum verður sjónarmið hans ekki alltaf ráðandi. Pólitískar túlkanir á rithöfundarverki Halldórs verða oft að nokkurs konar þroskasögu, eins og Haukur bendir á, þar sem menn skiptast í tvær fylkingar sem aldrei nái sáttum, önnur les það svo að Halldór stefni „áfram í átt að réttum skoðunum eftir því sem árin liða“ en hin að „hann hverfi frá réttum skoðunum og fari út af sporinu um miðjan aldur“, enda tilheyri hann þá „öðrum hópi menntamanna en áður“, og myndi fremur „teljast borgaralegur en róttækur“.¹⁰⁰⁹ Sigurður A. Magnússon telur til dæmis að Halldór „hafi kosið auðveldari leiðina, afsalað sér hinu erfiða hlutverki nýskaparans og brautryðjandans í íslenskum bókmenntum“.¹⁰¹⁰

Höfundurinn Halldór er því talinn „lögmál ákveðinnar einingar“ skrifa sinna og „allur mismunur í þeim er smættaður í lögmál þróunar, þroska eða áhrifa“, svo vísað sé í kenningar Foucaults um að nafn höfundarins gegni „hlutverki flokkunarfræðilegrar bendingar innan orðræðunnar og leyfir sem slík að tilteknir textar séu settir saman í hóp og þar með að þeim sé stillt andspænis öðrum og þannig útilokaðir frá þeim“.¹⁰¹¹ Ákveðnir þættir í verkum Halldórs eru skýrðir „með umbreytingu þeirra, afbökun og margvíslegum breytingum“, til dæmis með ævisögulegri greiningu á félagslegri eða stéttarlegri stöðu hans.¹⁰¹² Slíka tilhneigingu má sjá víðar, m.a. í þeim orðum Ólafs Jónssonar að bókin *Skrýtlur úr kirkjugarði* virðist „hliðarspor á ferli Guðmundar [Böðvarssonar], frávik í list hans, og alveg laus við að skipta máli“,¹⁰¹³ og

¹⁰⁰⁶ Sama, 21-22.

¹⁰⁰⁷ Sveinn Skorri Höskuldsson: „Bækur“, ritdómur um *Virkisvetur* eftir Björn Th. Björnsson, *Félagsbréf*, 16, 1960, 53 og 57.

¹⁰⁰⁸ Haukur Ingvarsson: *Andlitsdrættir samtíðarinnar. Síðustu skáldsögur Halldórs Laxness*, Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafélag og ReykjavíkurAkademían, 2009, 26.

¹⁰⁰⁹ Sama, 180 og 144.

¹⁰¹⁰ Sigurður A. Magnússon: „Íslenskar bókmenntir eftir seinna stríð“, *Sáð í vindinn. Greinar og fyrirlestrar*, Reykjavík, Helgafell, 1968, 45-46.

¹⁰¹¹ Sama, 79.

¹⁰¹² Foucault: „Hvað er höfundur?“, 84.

¹⁰¹³ Ólafur Jónsson: „Skrýtlur úr kirkjugarði“, ritdómur um *Saltkorn í mold* eftir Guðmund Böðvarsson, *Félagsbréf*, 1, 1963, 53.

að Jökull Jakobsson bæti „engu við vöxt sinn“ með smásagnasafninu *Naturheimsókn*, sem „virðist rétt að skoða sem fingraæfingar fyrir hin stærri verk hans“.¹⁰¹⁴ Markmiðið er að fella einstaka verk og höfunda að þeirri bókmenntasögusýn sem gagnrýnandinn aðhyllist og ber ríkjandi fagurfræðilegum áherslum leynt og ljóst vitni.

Sú staðreynd að fagurfræðileg viðmið þjóna pólitískum markmiðum er kannski hvergi augljósari en í kynjapólitík bókmenntaheimsins, þar sem karllegt viðmið er enn svo normalíserað að auðveldlega er hægt að líta fram hjá því að það er and-kvenlegt. Ástæðan er sú að inngönguskilyrði fyrir þátttöku á bókmenntasviðinu fela í sér innlimun inn í karllæga hugmyndafræði. Fyrsta skilyrðið er til dæmis þekking á kanóninum, sem er óneitanlega karllægur.

Einkenni hugmyndafræði eru þau að hún er falin, ósýnileg, og það birtist vel í hugmyndinni um hreina list, hreina fagurfræði og hlutlausa nálgun í orðræðu listgagnrýnnar — þar sem kyn á ekki að skipta máli og áhersla á kyn er jafnvel beinlínis talin hættuleg. Samkvæmt kenningum Bourdieus dylja átök á bókmenntasviðinu sitt eigið eðli (sjá bls. 44) og eins og Eagleton bendir á er hagsmunaleysi gríma sem dulbýr hugmyndafræðina er býr að baki (sjá bls. 73). Þetta má sjá mjög greinilega á því hvernig konum hefur verið ýtt markvisst út af bókmenntasviðinu, einfaldlega með því að vísa í „almennt samþykki“ (ríkjandi hugmyndafræði) um það hvað teljist alvöru list og hvað ekki, en slíka röksemdafærslu getur verið erfitt ef ekki ómögulegt að hrekja, enda ber hún öll einkenni hringraka í anda kenninga Matthews Arnolds (sjá bls. 166), eins og Northrop Frye hefur bent á:

Það er enn mögulegt fyrir gagnrýnanda að skilgreina það sem vill til að honum líkar sem raunverulega list, og staðhæfa í framhaldinu að það sem vill til að honum líkar ekki sé, samkvæmt þeirri skilgreiningu, ekki raunveruleg list. Sú röksemdafærsla hefur hina miklu kosti að vera óhrekjanleg, eins og öll hringrök eru, en hún er skuggi en ekki efni.¹⁰¹⁵

Þeir sem ákvarða upphafspunktinn í slíkri röksemdafærslu ákveða viðmiðið. Blaðagrein Oscars Wildes frá 1888 um enskar skáldkonur er gott dæmi. Hann telur upp margar skáldkonur og viðurkennir að þótt hann ákveði að titla abbadísina Juliönu Berners frá 15. öld sem fyrstu ensku skáldkonuna, hafi eflaust verið margar á undan henni. En hann heldur því jafnframt hiklaust fram að Elizabeth Barrett Browning sé eina framúrskarandi skáldkonan

¹⁰¹⁴ Ólafur Jónsson: „Fingraæfingar“, ritdómur um *Naturheimsókn* eftir Jökul Jakobsson, *Félagsbréf*, 30, 1963, 56.

¹⁰¹⁵ „It is still possible for a critic to define as authentic art whatever he happens to like, and to go on to assert that what he happens not to like is, in terms of that definition, not authentic art. The argument has the great advantage of being irrefutable, as all circular arguments are, but it is shadow and not substance.“ Northrop Frye: „Polemical introduction“, *Anatomy of Criticism. Four essays*, Princeton, Princeton University Press, 1973, 26-27.

sem England hafi fætt af sér, eina konan sem hafi framleitt hreinræktað snilldarverk — og í raun hafi svo göfugur skáldskapur ekki heyrst af vörum konu síðan hin gríska Saffó var uppi rúmum tvö þúsund árum fyrr.¹⁰¹⁶ Skáldkonur á borð við Christinu Rossetti hafi vissulega verið orðhagar, skapað auðugt myndmál og búið yfir listrænum naífisma þar sem annarleika og einfaldleika sé blandað saman á fantasískan hátt. Þessu megi hins vegar ekki rugla saman við hærri hæðir skáldskapar, sem einkennist af víðari sýn og kraftmeiri, ástríðufyllri og dýpri skáldskap. Helstu kostir ljóða Browning séu heiðarleiki og kraftur, jafnvel hrjúfleiki — sú staðreynd að hún hafi „neitað að fínþússa músu sína“ og hafnað „einfaldri mýkt og gervifágun“.¹⁰¹⁷

Sama ár og Oscar Wilde skilgreinir þannig hvað einkenni stórfenglegan skáldskap og ekki skáldskap kvenna (fyrir utan eina sem hefur eiginleika sem yfirleitt eru skilgreindir sem karlmannlegir) varð Ólöf frá Hlöðum fyrsta íslenska skáldkonan til að fá jákvæð viðbrögð ritdómara — og að mati ritdómara *Fjallkonunnar* er bók hennar reyndar sú fyrsta eftir konu sem kalla mætti alvöru skáldskap.¹⁰¹⁸ Bókin fær þó, líkt og flest verk enskra skáldkvenna í grein Wildes, það samróma álit ritdómara að vera nokkuð góður skáldskapur en ekki meðal hins allra besta. Reynsluheimur skáldsins virðist of lítill, enda heimur konu, ekki karls.

Valtýr Guðmundsson segir í *Eimreiðinni* árið 1914 að ljóð Ólafar hafi „ekki eins stórfeldan skáldskap að geyma“ og ljóð Einars Benediktssonar en hafi í staðinn „léttleikann, þýðleikann, hagamælskuna“. Hann finnur enga galla á forminu, talar jafnvel um hagröðingssnilld. Hugsanirnar að baki kallar hann hins vegar „lystugt léttmeti, sem allir geta melt“ en ekki „kryddaða kjarnfæðu sem flestum verður bimbult af og fæstir geta nokkru sinni melt“.¹⁰¹⁹ Í *Nýjum kvöldvökum* endurómar þetta mat á verkum Ólafar þegar J.J. (líklega ritstjórinn, Jónas Jónasson) segir: „Stór skáldskapur eða andleg tilþrif eru sjaldan mikil, en altaf er vel með efnið farið“. Efnið lýsi „einhverjum hughrifum sem hafa gripið hana“ og sé margt „gamanvísur eða ástavisur eða þá vísur gerðar eftir atvikum“. Hann minnst ekki á að meginhluti ljóðanna eru ættjarðarljóð og baráttuljóð og lítur fram hjá pólitíkinni í þeim.¹⁰²⁰

Í dómum um ljóð Ólafar eru ritdómaramarnir jafn uppteknir af kyni hennar og Oscar Wilde var í skrifum sínum um enskar skáldkonur. Matthías Jochumsson var vinur Ólafar¹⁰²¹ og

¹⁰¹⁶ Oscar Wilde: „English Poetesses“, *The Artist as Critic. Critical Writings of Oscar Wilde*, ritstj. Richard Ellmann, London, W.H. Allen, 1970, 101-103 og 106-107.

¹⁰¹⁷ „She refused to sandpaper her muse. She disliked facile smoothness and artificial polish.“ Sama, 104.

¹⁰¹⁸ Jón.: „Bókmentir“, ritdómur um *Nokkur smákvæði* eftir Ólöfu frá Hlöðum, *Fjallkonan*, 8. ágúst 1888, 91.

¹⁰¹⁹ Valtýr Guðmundsson: „Ritsjá“, ritdómur um *Nokkur smákvæði* eftir Ólöfu frá Hlöðum, *Eimreiðin*, 2, 1914, 141-142.

¹⁰²⁰ J.J.: „Bókmentir“, ritdómur um *Nokkur smákvæði* eftir Ólöfu frá Hlöðum, *Nýjar kvöldvökur*, 2, 1914, 48.

¹⁰²¹ Sjá t.d. Hulda Á. Stefánsdóttir: *Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur I. Bernska*, Reykjavík, Örn og Örlygur, 1985, 113-114.

skrifaði vinsamlega gagnrýni um fyrri bók hennar sem birtist á fyrstu síðu af fyrsta tölublaðinu sem hann gaf út af *Lýð*. Þar gerir hann að umtalsefni það nýnæmi að konur skuli vera farnar að gefa út bækur, ekki síst í ljósi þess að þær fái ekki sömu menntun og karlar. Segir hann að honum finnist sér fyrst og fremst vera „skyldugt að votta nefndum tveimur stúlkum í sameiningu fulla viðurkenningu fyrir þeirra fagra, lipra og furðanlega hreina mál.“¹⁰²² „Stúlkurnar“ eru Ólöf Sigurðardóttir og Ingibjörg Skaptadóttir sem gaf út sögu sína *Kaupstaðarferðir. Lítil frásaga* sama ár. Tilhneigingin er sú að setja allar konur í sama flokkinn og fjalla um þær sem hóp. Megináherslan er ekki á verkin sjálf, heldur manneskjurnar sem skrifa þau, enda er verið að skilgreina hvað það sé sem einkenni skáldskap kvennanna sem eru að stíga inn á íslenska bókmenntasviðið — og hvar sá skáldskapur falli í hinu óhjákvæmilega stigveldi sviðsins.

Það sama má sjá í umfjöllun um „alþýðuskáld“, enda er sú skilgreining notuð á sama hátt og kvenskáld: þau eru það sem „alvöru skáld“, eða „lærð skáld“, eru *ekki*. Guðmundi Magnússyni (sem síðar varð þekktur undir höfundarnafninu Jón Trausti) er í *Framsókn* árið 1899 lýst sem ungum og sjálfmenntuðum prentara. Ljóðmæli hans eru sögð „bera vott um talsverða menntun og andlegan þroska“ og að þau lýsi „hreinum og óspilltum tilfinningum hins glaða og bjartsýna æskumanns, er nýtur lífsins og fegurðar þess á réttan hátt.“¹⁰²³ Áherslan á hreinleika, gleði og fegurð minnir um margt á áherslur karlritdómara í umfjöllun um kvenskáldin.

Menntuð karlskáld af efri stéttum eru hins vegar viðmiðið og það sem frá þeim kemur er skáldskapur. Ritdómarar sem fjalla um verk Einars Benediktssonar leggja áherslu á gæði efnisins og stórbrotna hugsun, en kvæði hans fengu fljótt á sig þann stimpil að vera myrk og torskilin. Í andsvörum við slíkri gagnrýni verða þessir eiginleikar að tákni um mikilfengleik skáldsins, til dæmis í ritdómi í *Valnum*, sem líklega er eftir ritstjóran Jónas Guðlaugsson:

Því það, að einn höfundur sé „myrkur“ er ekkert annað en það að hann hugsar annaðhvort skarpara en vér en öðruvísi. [...] Ljóð hans fela í sér auð þroskaðrar og menntaðrar sálar, sem þekkir krafta sína og köllun [...].¹⁰²⁴

Einar hefur það nefnilega fram yfir alþýðuskáld að það er ekki allra að skilja hann, og Jónas bendir á að „óhætt [sé] að fullyrða að sá hópur sem dáist að Einari og þráir komu ljóða hans er

¹⁰²² Matthías Jochumsson: „Ný rit“, ritdómur um *Nokkur smákvæði* eftir Ólöfu frá Hlöðum, *Lýður*, 19. september 1888, 1.

¹⁰²³ „Útsýn“, 11.

¹⁰²⁴ „Bókmentir“, ritdómur um *Hafblik* eftir Einar Benediktsson, *Valurinn*, 7. nóvember 1906, 50.

glæsilegri en flestra annarra skálda.¹⁰²⁵ Hann er líklega sjálfur í þessum hópi, en hér hefur bókmenntastofnunin sett fram viðmið um hvaða skáld þurfi að lesa til að komast í hóp glæsilegra bókmenntaunnenda. Að auki er andstaða við verk Einars kæfð í fæðingu. Líki fólki ekki ljóðin er það vegna þess að það skilur þau ekki. Einar Hjörleifsson gerir það ljóst í *Fjallkonunni* árið 1906 er hann segir óhætt að fullyrða að þeir alþýðumenn sem hafi yndi af ljóðum Einars séu: „Ekki í flokki grunnfærra manna né gáfnatregra“. Ástæðan er sú, samkvæmt ritdómnum, að ljóð Einars eru ekki gædd „töframagni lipurðarinnar“, eins og til dæmis ljóð Þorsteins Erlingssonar. Ritdómariinn bendir á að það þurfi að lesa ljóð Einars „með athygli, til þess að gera sér grein fyrir, hvað hann er að segja manni“.¹⁰²⁶

Þorsteinn Erlingsson er notaður sem andstæða Einars og er það viðtekið viðhorf allt fram á okkar daga. Þorsteinn er nær alþýðunni þar sem hann er af fátækum uppruna, og efni hans er ekki talið nógu mikilfenglegt. Vinsamlegir frasar á borð við „töframagn lipurðarinnar“ eru notaðir á svipaðan hátt og góðlátlegt hrós um skáldkonur. Lipurðin þýðir í raun að ekki er hægt að nota ljóð Þorsteins eða Ólafar sem mælitæki á gáfnafar manna; þau skera ekki úr um það hverjir hafa framúrskarandi smekk, eins og ljóð Einars eru sögð gera.

Helsti mælikvarðinn á gildi skáldskapar er hins vegar hversu karlmannlegur hann er. Árið 1882, í fyrsta ritdóminum um verk eftir kvenskáld, kýs Finnur Jónsson að líta á notkun Guðbjargar Árnadóttur á hefðbundnum þemum íslenskra ljóðskálda sem merki um ófrumleika. Hann talar af fyrirlitningu um sálmabókarstíl í bókinni *Nokkur ljóðmæli* og segir að hugmyndirnar séu hvorki margar né nýjar. Það sem fyrst og fremst staðsetur Guðbjörgu neðst í virðingarstiga sviðsins, og eiginlega utan þess, er þó sú ályktun sem draga má af orðum Finns að ljóðin séu andstæðan alls sem vanalega er tengt karlmennsku:

Mér finst aldrei nein huggun í þeim sálmum, sem vola um „að maður liggi flatur á hryggðarsvæði“ [...] og kjökri; það er nær og miklu sannara að þjedrika sterklegt stríð við hold og heim, forað og freistingar enn þesskonar veikleikshjúfran.¹⁰²⁷

Finnur gagnrýnir *Ljóðmæli* Sigvalda Jónssonar, „alþýðuskálds“, í sömu grein og telur þann sem fékk ekkju Sigvalda til að koma þeim á prent eiga þakkir skildar. Sigvaldi var ómenntaður bóndi og ljóðin jafn hefðbundin og hjá Guðbjörgu. Stíll hans fellur hins vegar mun betur í kramið hjá ritdómaranum. Finni finnst lausavísur Sigvalda oft „allfyndnar“, flestar séu um „konur og ástir“, margar „allómerkilegar“ en „liðugt orktar.“ Hann harmar að

¹⁰²⁵ Sama, 50.

¹⁰²⁶ Einar H. Kvaran, ritdómur um *Hafblík* eftir Einar Benediktsson, *Fjallkonan*, 31. október 1906, 217-218.

¹⁰²⁷ Finnur Jónsson: „Bókmentir (Niðurlag)“, ritdómur um *Nokkur ljóðmæli* eftir Guðbjörgu Árnadóttur og *Ljóðmæli* eftir Sigvalda Jónsson, *Skuld*, 6. mars 1882, 18.

sumar vísurnar séu aðeins of klámfengnar fyrir unga lesendur en slíkt er þó greinilega skömminni skárri en „veikleikshjúfran“ Guðbjargar, a.m.k. er það ekki talið úrslitaatriði hvað varðar gæði ljóðanna. Sigvaldi fær heldur engar ávítur fyrir trúarljóð sín, enda eru ljóð hans sögð „lýsa fastri trú“¹⁰²⁸ sem virðist óneitanlega af „karlmannlegri“ gerð en kjökur kvenmannsins.

Meira en öld síðar tala ritdómarar enn um karlmennsku sem andstæðu við vol og væl. „Maggi er ekki að væla og tekur þessu karlmannlega“, sagði gagnrýnandinn Páll Baldvin Baldvinsson til dæmis árið 2009 um ævisögu Magnúsar Eiríkssonar, *Reyndu aftur*.¹⁰²⁹ Fyrirsögnin „Ný kvennasápa Fríðu“ á ritdómi Páls Baldvins um bókina *Í húsi Júlíu* eftir Fríðu Á. Sigurðardóttur, frá árinu 2006, þar sem hann fordæmir „rómanaklisjur“ og segir að sú einsleitni í sjónarhorni að fókusera á konur sé galli á sögunni,¹⁰³⁰ sem og gagnrýni hans á áherslu á reynsluheim kvenna í sjónvarpsþáttunum *Pressa*,¹⁰³¹ undirstrika jafnframt að kvenlegur reynsluheimur er enn á 21. öldinni tengdur ómerkilegum skáldskap. Páll Baldvin gerir reyndar tilraun til að snúa vopnum í höndum þeirra femínista sem hafa á seinni hluta 20. aldar beint athygli að yfirgnæfandi karllægu sjónarhorni og viðmiðum í bókmenntaheiminum er hann talar um karlfyrirlitningu hjá sögumanninum í *Í húsi Júlíu* og staðhæfir að „[v]æri kyni snúið við í sögu sem þessari og karlar gerðir að meginviðfangsefni en konur stæðu fölar og fáskiptnar í bakgrunni heyrðist hljóð úr horni: hvílik karlremba!“¹⁰³² Hér lítur Páll Baldvin hins vegar fram hjá því að konur sem skrifa um konur og kvenlegan reynsluheim hafa í gegnum tíðina einmitt þurft að þola mikla gagnrýni og að auki fyrirlitningu og háð á borð við það sem Finnur Jónsson sýnir í garð Guðbjargar Árnadóttur (sjá bls. 226) og það sem einkennir viðhorf Sigurðar Nordals til bókar Maríu Jóhannsdóttur (sjá bls. 231-232) — að ekki sé minnst á hans eigin fyrirsögn: „Ný kvennasápa Fríðu“. Helga Kress hefur til dæmis sýnt fram á hvernig orðið „kellingabækur“ tröllreið umræðu um skáldverk íslenskra kvenna á 7. áratugnum.¹⁰³³ Sigurður A. Magnússon notaði þetta orð fyrst opinberlega í þessari

¹⁰²⁸ Sama, 18.

¹⁰²⁹ Páll Baldvin Baldvinsson, ritdómur um *Reyndu aftur* eftir Magnús Eiríksson, *Kiljan*, 14. október 2009.

¹⁰³⁰ Páll Baldvin Baldvinsson: „Ný kvennasápa Fríðu“, ritdómur um *Í húsi Júlíu* eftir Fríðu Á. Sigurðardóttur, *Fréttablaðið*, 11. nóvember 2006, 58.

¹⁰³¹ Eitt af því sem Páll Baldvin finnur að þáttaröðinni er að fyrsti þátturinn hafi verið „líkari átakanlegri sögu af þrautum einstæðrar móður á vondum bil með veikt barn en yfirvofandi krimma“. Í lokin gefur hann svo skýrt til kynna að hefðbundin kvenleg viðfangsefni muni gera þáttaröðinni lítið gagn er hann segir að þótt „handritshöfundar hafi flækt sér inn í persónulegt líf söguhetjunnar hvað varðar umönnun barns og samskipti við fyrrverandi eiginmann (við höfum enn ekki séð fataþvott, kökubakstur, samkvæmis- og kynlíf) standa vonir til að í þriðja og fjórða þætti fari að hitna í kolunum“. Páll Baldvin Baldvinsson: „Sest undir Pressu“, 22.

¹⁰³² Páll Baldvin Baldvinsson: „Ný kvennasápa Fríðu“, 58.

¹⁰³³ Helga Kress: „Bækur og „kellingabækur“. Þáttur í íslenski bókmenntasögu“, *Tímarit Máls og menningar*, 4, 1978.

merkingu árið 1964,¹⁰³⁴ um verk nokkurra vinsælla kvenhöfunda, en í kjölfarið skilgreindi hann orðið þannig að það lýsti ákveðinni (og ómerkilegri) tegund bókmennta,¹⁰³⁵ sem væri óháð kyni höfundar en þó kvenkennd.

Bókmenntastofnunin hefur iðulega brugðist harkalega við gagnrýni femínista á karllægt sjónarhorn og slíkri áherslu á kyn hefur verið ýtt til hliðar sem ómerkilegri en öðrum viðmiðum (sjá bls. 380-382) — þrátt fyrir að umfjöllun um verk kvenna hafi alla tíð einkennst af áherslu á kyn höfundarins. Sú hefð skapaðist til dæmis að eigna konum ákveðinn, að því er virðist inngróinn, skort á frumleika og eru fullyrðingar um ófrumleika endurtekið stef í ritdómum um verk kvenna. Í áðurnefndum ritdómi um bók Torfhildar Hólm, *Brynjólf Sveinsson biskup* (sjá bls. 202), segir til dæmis:

Frú Torfhildur er ekki gædd neinni ríkri skáldskapargáfu; en hún lítur hinsvegar út til að vera gáfuð kona, sem hefir mikinn móttækileik fyrir því, sem hún hefir lesið fagurt eftir aðra; þessi móttækileiki hefir vakið henni löngun til, að leiða í ljós í sjálfstæðum búningi efni, sem hefir haft áhrif á hana. En til þessa hefir hún ekki haft til að bera frumlega gáfu. Það verður mörgum, að hafa hausavíxl á því, að taka tilfinning sína eða móttækileik fyrir skáldlegri fegurð fyrir skáldskapargáfu.¹⁰³⁶

Það sama var uppi á teningnum þegar Oscar Wilde fullyrta kaldhæðinn árið 1888 að mönnum hætti til að vanmeta gildi þess hversu fast kvenhöfundar haldi í hefðirnar. Þótt einstaklingsvitund og persónuleiki séu megineinkenni meistaraverka komi margt lofsvert fram við að rannsaka hefðina samviskusamlega: „Í ákafa okkar að finna nýja rödd og ferskan sönghátt höfum við gleymt því hversu fagurt bergmálið getur verið.“¹⁰³⁷

Wilde talar þannig vinsamlega og kurteislega niður til skáldkvenna og lofar þær fyrir hluti sem yfirleitt þykja gallar á skáldum — skort á frumleika og eftiröpun. Sama hefð skapast hér á landi; tónn Matthíasar Jochumssonar er til dæmis vinsamlegur þegar hann lofar fyrri ljóðabók Ólafar frá Hlíðum, en hann jafnar hvert lofsyrði sem hann lætur falla með úrdrætti. Þannig telur hann ljóðmælin marka fyrir nýju spori „hvað bókfræði kvenna snertir“ þó þau séu hvorki „mörg eða margbreytt“. Hann neitar því að ljóð Ólafar séu „beinlínis stælt eptir öðru“ og segir að hún standi „hér um bil jafnfætis kveðlingum vorra „lærðu“ skálda“¹⁰³⁸ — en þeirra á meðal er vitaskuld hann sjálfur. Ritdómarinn er því í varnarstöðu fyrir skáld sem er

¹⁰³⁴ Sigurður A. Magnússon: „Rabb“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 22. nóvember 1964, 5.

¹⁰³⁵ „Hafði ég þar í huga bæði ýmsar vinsælar afþreyingarbækur og þó einkum það syndaflóð af svonefndum „dulrænum bókum“ sem þá steiptist yfir þjóðina ár eftir ár.“ Sigurður A. Magnússon: „Lítill athugasemd við sérstæða aðdróttun“, *Tímarit Máls og menningar*, 1, 1978, 110.

¹⁰³⁶ „Bókmentir“, ritdómur um *Brynjólf Sveinsson* eftir Torfhildi Hólm, 92.

¹⁰³⁷ „In our eagerness to find a new voice and a fresh mode of music we have forgotten how beautiful Echo may be.“ Wilde: „English Poetesses“, 105.

¹⁰³⁸ Matthías Jochumsson: „Ný rit“, 1.

minni máttar en þó í grundvallaratriðum sammála þeim sem myndu vilja ráðast gegn henni — enda ríkir sátt um karllægar leikreglur sviðsins. Í meistararitgerð minni er sýnt fram á að drifkrafturinn í mörgum ljóða Ólafar er þrá eftir frelsi og valdi, sem togast á við raunverulega stöðu skáldkonunnar. Hún fær hins vegar viðurkenningu sem fulltrúi þeirrar kvenímyndar sem hún óttast að hamli frelsi sínu og megináhersla er lögð á þá „kvenlegu“ þætti ljóða hennar (til dæmis léttleika, sakleysi og þýðleika) sem útiloka hana frá „alvöru“ samfélags- og bókmenntaumræðu. Því virka jákvæð viðbrögð við bókum hennar öðrum þræði sem viðbragð við kvenlegri innrás á bókmenntasviðið og tilraun til að beina konum inn á kvenlegri brautir aftur, en ekki sem viðurkenning á því að hún sé nú fullgildur þátttakandi á bókmenntasviðinu.¹⁰³⁹

Inga Dóra Björnsdóttir hefur bent á að miklu máli skipti að skilgreina og festa í sessi hugmyndir um kvenlega og karllega eiginleika á þessum mikilvæga tíma í uppbyggingu sjálfsmyndar íslenskrar þjóðar. Íslendingar lögðu grunn að sjálfstæði sínu með því „að sýna fram á að á Íslandi byggi sérstæð þjóð sem hafði mótast og dafnað í skauti íslenskrar náttúru og átti sér sína sögu, menningu og ekki síst tungu“. Endurreisn og endursköpun íslenska þjóðarsjálfisins og íslenskrar karlmennsku byggðist, samkvæmt Ingu Dóru, á þessum fjórum kvenkenndu þáttum¹⁰⁴⁰ og það varð lykilatriði fyrir íslenska karlmenn að ná valdi yfir þeim. Karlar gátu notað náttúruna, söguna, tunguna og menninguna sem vopn í sjálfstæðisbaráttu eða í sinni persónulegu valdabaráttu á „karlmannlegum“ vettvangi en konur voru skilgreindar sem hluti af þessum þáttum og stundum birtingarmynd þeirra. Kvenskáld sem fóru að stíga fram á svið opinberrar umræðu á seinni hluta 19. aldar ógnuðu þessum grundvelli og viðbrögðin fela í sér tilraunir til að koma þeim í sitt rétta hlutverk aftur. Skáldkonan Hulda er augljósasta dæmið. Samtímamenn hennar samsömuðu hana náttúrunni og líktu henni oft við fugla eða blóm, eins og Guðni Elísson og Ragnhildur Richter hafa bent á.¹⁰⁴¹ Það var ekki eins algengt með Ólöfu frá Hlöðum, enda buðu ljóð hennar ekki jafn auðveldlega upp á það og rómantískari áherslur Huldu. Þó lýsir Valtýr Guðmundsson ljóðum Ólafar á einum stað þannig að þau séu „eins og dillandi lóukvak á vordegi“.¹⁰⁴²

Tilhneigingin var almennt sú að ýta konum frá vettvangi „alvöru“ skáldskapar og inn á sérstakt kvenlegt svæði. Í formála að þulum sínum sem birtust í *Skírni* svarar Theodora Thoroddsen til dæmis þeim ummælum Guðmundar Finnbogasonar, úr ritdómi um ljóðabók

¹⁰³⁹ Auður Aðalsteinsdóttir: „Jeg held það enga skepnu skilja ...“.

¹⁰⁴⁰ Inga Dóra Björnsdóttir: „,Þeir áttu sér móður““, 69.

¹⁰⁴¹ Ragnhildur Richter: „,Ljóðafugl lítinn jeg geymi — hann langar að fljúga““. Athugun á stöðu skáldkonu gagnvart bókmenntahefð“, *Tímarit Máls og menningar*, 3, 1985. Guðni Elísson: „Líf er að vaka en ekki að dreyma. Hulda og hin nýrómantíska skáldmynd“, *Skírnir*, vor 1987.

¹⁰⁴² Valtýr Guðmundsson: „Ritsjá“, ritdómur um *Nokkur smákvæði* eftir Ólöfu frá Hlöðum, 141-142.

Ólafar frá Hlöðum, að þulan væri kvenlegur bragarháttur „sem konur séu sjálfkjörnar til að yngja upp, fegra og fullkomna.“¹⁰⁴³ Theodora telur ástæðu þess að konur velji sér þuluformið frekar liggja í samfélagslegum aðstæðum. Hún segir að það megi vera að þær raddir samfélagsins sem telji að kvenskáld komist ekki í námunda við „góðskáldin“ hafi nokkuð til síns máls, en lætur að því liggja að ástæðan sé erfiðar aðstæður kvenna — ekki eðli þeirra.¹⁰⁴⁴ Í áður nefndri grein um enskar skáldkonur gerir Oscar Wilde svipaða tilraun og Guðmundur Finnbogason til að ýta konum af vettvangi hefðbundinna ljóða, en hann fullyrðir að konur búi yfir eiginleikum á borð við „léttu snertingu og frábært eyra, og næma tilfinningu fyrir jafnvægi og hlutföllum“¹⁰⁴⁵ sem myndu líklega njóta sín best við að fullkomna prósaformið og kynna þannig nýja aðferð til sögunnar í enskum bókmenntum. „Ljóðlistin er fyrir æðstu tilefni, þegar við viljum vera meðal guðanna, og í ljóðlistinni ætti ekkert nema hið allra besta að vera fullnægjandi; en prósi er fyrir daglegt brauð okkar“,¹⁰⁴⁶ segir Wilde. Í grein hans kemur reyndar fram að konur hafi áður lagt til nýjungar í bókmenntum; Katharine Philips hafi fundið upp tilfinningasemina, og verði vonandi fyrirgefið það, auk þess sem Ann Radcliffe, sem kynnt hafi til sögunnar rómantísku skáldsöguna, hafi mikið á samviskunni.¹⁰⁴⁷ Kvenlegu „nýjungarnar“ eru semsagt í besta falli broslegar og óæðri greinar og í versta falli skemma þær út frá sér.

Konur eru *aðrir*, rétt eins og útlandingar, í hinni karlmannlegu, þjóðernislegu bókmenntaorðræðu, en Kristín Loftsdóttir hefur bent á að karllæg þjóðernisorðræða hafi verið notuð „til að draga upp ímynd evrópskra karlmannna sem fulltrúa framfara og siðbetrunar“. Vísar hún í því tilliti til áherslu Edwards Saids á „að skoða hvernig hugmyndir um aðra skilgreindu í raun Evrópu eða vestrið með því að bregða upp andstæðri spegilmynd“ og draga upp „í skýrari litum það sem þjóðin telur vera sín eigin einkenni“. ¹⁰⁴⁸ Segja má að viðbrögð ritdómara við fyrstu skáldsögu Maríu Jóhannsdóttur, *Systurnar frá Grænadal*, sé eitt besta dæmið um það hvernig konur voru gerðar að *öðrum* í íslenskri bókmenntaumræðu og þeirra sjónarmið ekki taldar *rétta* viðmiðið. Dómur Sigurðar Nordals er einna athyglisverðastur í þessu samhengi.

¹⁰⁴³ Guðmundur Finnbogason: „Ritfregnir“, ritdómur um *Nokkur smákvæði* eftir Ólöfu Sigurðardóttur, *Skírnir*, 1, 1914, 101-103.

¹⁰⁴⁴ Theodora Thoroddsen: „Þulur“, *Skírnir. Tímarit hins íslenska bókmenntafélags*, 4, 1914, 415-416.

¹⁰⁴⁵ „[...] light touch, and exquisite ear, and delicate sense of balance and proportion [...]“ Wilde: „English Poetesses“, 106.

¹⁰⁴⁶ „Poetry is for our highest moods, when we wish to be with the gods, and in poetry nothing but the very best should satisfy us; but prose is for our daily bread“. Sama, 105.

¹⁰⁴⁷ Sama, 107-108.

¹⁰⁴⁸ Kristín Loftsdóttir: „Kjarnmesta fólkið í heimi. Þrástef íslenskrar þjóðernishyggju í gegnum lýðveldisbaráttu, útrás og kreppu“, *Ritið*, 2-3, 2009, 115.

Í dómi sínum setur Sigurður fljótlega fram að því er virðist skyldubundna athugasemd þegar kvenrithöfundar eiga í hlut, um að hugsanirnar í bókinni séu hvorki „margar né frumlegar“.¹⁰⁴⁹ Hann og aðrir ritdómarar setja einnig mikið út á að í bók Maríu sé notað bréfaform sem brjóti upp söguna, auk þess sem lögð er áhersla á að veruleikanum sé lýst mjög ósennilega, en misjafnt er hvaða dæmi eru nefnd því til stuðnings. Allir virðast ritdómararnir sammála um að *skáld* sé höfundurinn ekki. Ástæðan er fyrst og fremst sú að María skrifar út frá kvenlegu sjónarhorni — og að sálin sem gægist fram til að eiga samtal við sál ritdómarans er kvenmannssál. Þannig eru kostirnir sem Sigurður Nordal nefnir við bókina dæmigerðir eiginleikar sem ætlaðir eru skáldkonum: „Næm samkend með mannlífínu, sem gefur von um dýpri skilning á því með tímanum, furðu litlar smekkleysur af byrjanda og heldur laglegt mál“. En „það besta“ við söguna er að hans mati hversu augljóslega sál höfundarins skín í gegn:

Þegar ég er búinn að rannsaka listagildi bókarinnar og lesa úr því framtíðarörlög höfundarins, þá tek ég hana og les sem vitnisburð um mannlega sál (document humain). Ég hugsa um, að bak við þessa dauðu bókstafi slær hjarta og hugsar sál. Eg fer að hugsa um höfundinn, reyna að kynnast honum og skilja hann. Það er óvanalega auðvelt að finna höfundinn bak við þessa bók. Ung stúlka, sem skrifar skáldsögu, er opin ská. Eftirlætispersónur hennar hafa sömu skoðanir og hún sjálf, þær eru ímynd þess, sem henni þykir vænt um, lakari persónurnar eru persónugervingar þess, sem henni er illa við.

Og hvernig persónu finnur lesandinn á bak við þessa bók? Alvörugefna, draumlynda stúlku með tilhneigingu til þunglyndis, en sterka trú á það góða í mannlífínu og framtíð íslensku þjóðarinnar. [...] Þegar ég hefi þetta í huga, skil ég og fyrirgef ýmsa galla bókarinnar.¹⁰⁵⁰

Sigurður Nordal setur hiklaust samasemmerki milli persónu höfundarins og bókarinnar. Og aðrir fylgja í kjölfarið, til dæmis ritdómari *Breiðabliks*:

Aðalatriðið er, að þessi ungi kvenhöfundur sýnir oss inn í eigin sálu sína. Vér kynnumst henni sem göfugt hugsandi ungrí stúlku, með huga fullan kærleika til mannanna og trú á hin góðu öfl lífsins. Það leggur yl að hjarta við lesturinn. Bókin skilur eftir eitthvað af vængjapýtt sakleysis og hreinleika. Sá, sem les, fagnar yfir að hafa komist í góð kynni.¹⁰⁵¹

Kvenhöfundurinn hefur samkvæmt þessu ekki vald á verki sínu — hann *er* verkið sjálft. Ljóst er að það skiptir öllu máli *hver* skrifar — og konur, hvað þá ómenntaðar alþýðukonur, eiga lítið erindi inn á svið alvöru bókmennta ef marka má dóm sem birtist í *Norðra* og gæti verið eftir ritstjóran, Björn Línal. Hann endurspeglar vel að viðbrögðin við bókinni eiga sér ekki hvað síst rætur í viðleitni til að tryggja karlmannleg yfirráð menntaðrar elítu á bókmenntasviðinu.

¹⁰⁴⁹ Sigurður Nordal: „Ritsjá“, ritdómur um *Systurnar frá Grænal* eftir Maríu Jóhannsdóttur, *Eimreiðin*, 2, 1909, 147.

¹⁰⁵⁰ Sama, 147.

¹⁰⁵¹ „Á Hofmannaflo“, ritdómur um *Systurnar frá Grænal* eftir Maríu Jóhannsdóttur, *Breiðablik*, desember, 1908, 108.

Því er nú stúlka þessi að burðast við verk, sem henni er alveg um megn?

Sæmra væri nú stúlku þessari að una hlutskipti sínu sem vinnukona uppi í sveit, heldur en annaðhvort telja sér sjálfri trú um, eða gjörast svo auðtrúa að láta aðra telja sér trú um, að hún sé „hrópandi rödd“ þjóðar sinnar.
Þetta er ofmetnaður.¹⁰⁵²

Ungar stúlkur eru ekki „eins og fólk gengur og gerist“, samkvæmt Sigurði Nordal og álitur hann þær þá væntanlega afbrigðilegar, lítur á þær sem *aðra*:

Það er fjarstætt að segja, að fólk eins og gengur og gerist sé svo rómantískt, að það setjist undir hamra, til þess að hlýða á sorgarljóð huldumanns. En það er vel trúlegt um unga, draumlynda stúlku. Og ég get fyrirgefið, þó hugsanirnar í bókinni séu hvorki margar né frumlegar. Þær sýna þó viðleitni til þess að hugsa. Og það er betra að hugsa upp annarra hugsanir, en hugsa alls ekki. Og hvað ætli það séu margar ungar stúlkur, sem yfirleitt hugsa nokkurn hlut?¹⁰⁵³

Reynsluheimur kvenna er því í besta falli broslegur, að mati Sigurðar:

Frægir skáldsagnahöfundar gætu verið stoltir af að hafa samið annan eins inngang til bréfaskifta milli tveggja ungra stúlkna, sem hefðu bundið milli sín þessa frægu gegnum- líf- og- dauða- vináttu, sem er svo einkennileg fyrir konur um tvítugt. En þeir hefðu ætlast til að bréfið væri lesið með kímnisbrosi. María Jóhannsdóttir vill láta lesa það með alvörusvip. Þeir hefðu náð tilgangi sínum með því, hún nær honum ekki. Það er allur munurinn. En það er munur, sem getur gert út um, hvort það er list eða ekki list. Og þetta bréf er ekki list, það er náttúra.¹⁰⁵⁴

Samkvæmt þessu er í lagi að lýsa reynsluheimi kvenna — ef það er gert á forsendum karla og með meðvitund um það hversu broslegur og lítilfjörlegur hann í raun er. Hið kvenlega er frumstæð náttúra án menningar, án hinnar meðvituðu hugsunar sem gerir náttúru að list.

Sigurður Nordal var meðal þeirra fyrstu sem skrifuðu um *Systurnar frá Grænadal*. Það er freistandi að álykta að aðrir ritdómarar sem fjalla í kjölfarið um bókina, og þeir eru töluvert margir, telji að þar með sé komið fram hið *rétta* bókmenntalega mat á ritinu, svo keimlíkar verða umsagnir þeirra. Torfhildur Hólm er þar engin undantekning (sjá bls. 237), enda er Sigurður Nordal á þessum árum að festa sig í sessi sem helsti bókmenntasérfræðingur Íslands. Fagurfræði hans, hin hreina og hlutlaus fagurfræði í hugum Íslendinga, byggir á andstæðum sem lýsa má þannig: Hið þjóðlega, karlmannlega og kraftmikla hefur ætíð náttúrulega yfirburði gegn hinu kvenlega, veiklaða og útlenda¹⁰⁵⁵ — og náttúran, grundvöllur

¹⁰⁵² B.: „Bókmentir“, ritdómur um *Systurnar frá Grænadal* eftir Maríu Jóhannsdóttur, *Norðri*, 1. apríl 1909, 51.

¹⁰⁵³ Sigurður Nordal: „Ritsjá“, ritdómur um *Systurnar frá Grænadal* eftir Maríu Jóhannsdóttur, 147-148.

¹⁰⁵⁴ Sama, 148.

¹⁰⁵⁵ Margoft hefur verið sýnt fram á að þessi andstæðupör voru ríkjandi í upphafi 20. aldar. Sigríður Matthíasdóttir tekur t.d. dæmi úr *Skinfaxa* árið 1925, þar sem „G.B.“ fjallar um þýddar reyfarasögur sem „óvandaðir menn“ væru að reyna að hagnast á. Sigríður bendir á að greinin birti „það viðhorf að hinir sönnu íslensku eiginleikar væru andstæðir ýmsum persónueinkennum sem kenndir hafa verið við kvenleika á borð við tilfinningasemi og meyr skap“ en slíkar hugmyndir séu „nokkuð algengar í íslenskri þjóðernisorðræðu“: „Í umræddum skáldsögum kenndi „meyrlyndis um of“, söguhetjurnar virtust ætla að „deyja af ástarhrygð og

sjálfstæðiskröfunnar, öðlast alvöru listrænt gildi þegar henni er miðlað á þjóðlegan, karlmannlegan og kraftmikinn hátt.

Stásstofan

Allt frá miðri 19. öld voru ritdómar einn helsti vettvangurinn til að orða þessi fagurfræðilegu viðmið og tæki til að framfylgja þeim eða ögra. Þeir gegndu því lykilhlutverki innan bókmenntasviðsins. Og þrátt fyrir að ritdómarar hafi gert ýmsar tilraunir með stíl og blæbrigði þessa textaforms má segja að hið sama gildi hér á landi og í Danmörku, en formi ritdóma þar hefur verið lýst sem afar fíhaldssömu. Útlit ritdóma breytist til dæmis lítið og fíhaldssemin gefi þeim meiri þunga og virðingarblæ:

Ein orsök þessarar ytri samleitni er virðingarstaða ritdómanna og ritdómaranna. Ritdómurinn var eins og stásstofan þar sem maður færði helst ekki til muþlurnar.¹⁰⁵⁶

Svipaða tilhneigingu má sjá hér á landi en lýsandi dæmi er þróun ritdómaformsins í *Dvöl*, blaði Torfhildar Hólm, á árunum 1901 til 1917. *Dvöl* var í fyrstu aðallega vettvangur fyrir efni sem skrifað var og þýtt af Torfhildi sjálfri, sumt var skáldskapur en annað greinar um jafn ólík efni og kartöflur með rjóma og líf eftir dauðann. Lítið fer fyrir bókmenntaumfjöllun fyrstu árin en í mars 1901 birtir Torfhildur þó vísur eftir „stúlku um tvítugt“ sem nefnd er Ragna, með þeim ummælum að þær séu „mjög haglega orktar“ og ekki ólíklegt að Rögnu „fari fram með aldrinum, þar sem hún fer svo vel á stað“.¹⁰⁵⁷ Í maí 1903 birtist í *Dvöl* ljóð eftir Andreas Munch í tveimur útgáfum, í þýðingu Astu Hansteen yfir á „bændanorsku“ og íslenskri þýðingu Matthíasar Jochumssonar. Í kjölfarið fylgir lítil klausa eftir Ólafíu Jóhannsdóttur þar sem segir að Asta Hansteen, sem sé „mjög hrifin af Íslandi og íslenzkunni“, hafi verið forsprakki í norsku kvenfrelshreyfingunni og talin „mikil merkiskona sakir gáfna og frjálsslyndis“. Allt sem hún riti sé „afar einkennilegt, það er eins og allar hennar hugsjónir séu á einlægri fleygiferð og hver setning endi á upphrópun“.¹⁰⁵⁸

Torfhildur færir sig seinna upp á skaftið og gerir ritdóma hægt og sígandi að föstum lið. Sá fyrsti ber titilinn „Bók send *Dvöl*“ og fjallar um bók sem var þýdd og gefin út af Margréti

vonbrigðavoli“, þá töluðu þær „um tilfinningar sínar af miklum fjálgleik“. Íslendingasögurnar voru settar fram sem andstæða alls þessa og heppilegra lesefni fyrir unglínga. Sigríður nefnir jafnframt að Arnar Guðmundsson hafi í greininni „Átökin um Íslendinginn“ „bent á að kvenlegir eiginleikar hafi verið notaðir í íslenskri þjóðernisorðræðu til að tákna andstæðu íslenskra eiginleika“. Sigríður Matthíasdóttir: *Hinn sanni Íslendingur*, 83.

¹⁰⁵⁶ „En faktor bag denne ydre konformitet er anmeldelsens og anmeldernes prestige. Anmeldelsen var som den fine stue, man nødigt møblerede om på.“ Jørgensen: *Det danske anmelderis historie*, 262-266.

¹⁰⁵⁷ Torfhildur Þorsteinsdóttir Hólm: „Nýjár 1901“, *Dvöl*, mars 1901, 1.

¹⁰⁵⁸ Ólafía Jóhannsdóttir: „Ísland“, *Dvöl*, maí 1903, 19.

J. Benedictsson, útgefanda kvenréttindablaðsins *Freyju* í Vesturheimi. Reyndar er eins og ritstýran hafi nokkrar efasemdir um það að *Dvöl* sé réttur vettvangur fyrir ritdóma, bókina er sögð „svo efnisrík, að það tæki upp meira rúm en jafnlítið blað og *Dvöl* er, að setja nokkurn verulegan ritdóm um hana“. Niðurstaðan er heldur ekki sett fram sem persónulegur dómur ritarans heldur er vísað til þess að „öllum hér, sem hafa lesið bókina kemur saman um, að Mrs. M. J. Benedictsson eigi miklar þakkir skilið fyrir að hafa gefið hana út“.¹⁰⁵⁹

Dvöl stígur því varlega til jarðar í fyrstu ritdómunum og hinn ónafngreindi ritdómari virðist hikandi. En þótt umsögnin sé stutt er hún sett upp eins og bókadómur að því leyti að í byrjun koma fram bókfræðilegar upplýsingar, á eftir fylgir stutt lýsing á einkennum verksins og í lokin kemur umsögn um gæði hennar. Það sama gildir um næstu bókaumsögn, sem birtist strax í þarnaesta tölublaði, undir yfirskriftinni „Ný bók“. Þar er einnig nokkuð óljóst hver eða hverjir skrifa umsögnina því notuð er 1. persónu karlkyns fleirtala þegar vísað er til greinarhöfunda(r): „Vér erum sannfærðir um, að sannir bókavinir leggi ekki undir höfuð sér að eignast aðra eins bók, sem bæði má hafa gagn og gleði af að lesa.“¹⁰⁶⁰ Enn er eins og ritdómariinn leggi ekki fullkomlega í að leggja dóm á bókina í eigin nafni og setji hann því fram sem „almennit álit“. Margir mánuðir líða á milli næstu tveggja ritdóma en þótt matið sem lagt er á bækurnar sé á almennum nótum (önnur bókina er sögð fjörug, áhrifamikil og fróðleg¹⁰⁶¹ en hin hafa „margt til sín ágætis“, sögurnar séu „meistaralega samdar og þýddar“ og „skemtilegar, fræðandi og heilnæmar fyrir anda allra sem lesa þær, og ekki sízt unglinga“¹⁰⁶²) er það nú sett fram sem sjálfsagður hlutur og án varnagla. Jafnframt virðist form umfjöllunarinnar alltaf nokkurn veginn það sama. Fyrst koma bókfræðilegar upplýsingar, sem verða sífellt staðlaðri (og framsettar á svipaðan hátt og venjan er núna; fyrst kemur nafn bókar, svo nafn höfundar, útgefandi, útgáfustaður og ártal, seinna stundum blaðsíðufjöldi). Þá er sagt frá umfjöllunarefni bókarinnar og í lokin er mat lagt á gæði hennar, en eins og sjá má á lýsingarorðunum hér að ofan eru ritdómarnir í *Dvöl* alltaf mjög jákvæðir.

Í júní 1907 bregður svo við að bókaumfjöllun er sett upp eins og sérstakur efnispáttur með yfirskriftinni „Bækur sendar *Dvöl*“, þar sem fjórar bækur eru teknar fyrir í röð. Öllum umfjöllunum er stillt upp með sama hætti: Efst eru bókfræðilegar upplýsingar, aðskildar frá textanum. Nokkurn veginn jafn langar umsagnir eru um hverja bók, þar sem þeim er fyrst lýst

¹⁰⁵⁹ „Bók send *Dvöl*“, ritdómur um *Eið Helenar Harlow* eftir Lois Waisbrooker í þýðingu Margrjetar J. Benedictsson, *Dvöl*, júlí 1905, 27.

¹⁰⁶⁰ „Ný bók“, ritdómur um *Quo vadis* eftir Henryk Sienkiewicz í þýðingu Þorsteins Gíslasonar, *Dvöl*, september 1905, 36.

¹⁰⁶¹ „Bók send *Dvöl*“, ritdómur um *Alfred Dreyfus* eftir Viktor von Falk í þýðingu Hallgríms Jónssonar og Sigurðs Jónssonar, *Dvöl*, desember 1905, 47.

¹⁰⁶² „Bók send *Dvöl*“, ritdómur um *Sögur frá Alhambra* eftir Washington Irving í þýðingu Benedikts Gröndals og Steingríms Thorsteinssonar, *Dvöl*, ágúst 1906, 32.

(yfirleitt mjög stuttlega, stundum er jafnvel látið nægja að segja að bókin sé stutt) en síðan kemur mat á ritinu eða höfundu. Lengsta dóminn fær *Leysing* eftir Jón Trausta, þó að *Dvöl* segi það að „bera í bakka fullan læk“ að ræða í mörgum orðum þetta mikla verk „þar sem flest eða öll af hinum stærri blöðum hafa flutt ritdóma um hana“. Enn er vísað til almenns samkomulags þegar sagt er að það dyljist engum að höfundurinn sé „lipurt og hugmyndaríkt söguskáld“ en í kjölfarið kemur ítarlegri lýsing og greining á verki en áður hefur sést í *Dvöl*:

Í þessum tveimur skáldsögum [*Höllu og Leysingu*] hefur höfundurinn meira tekið sér fyrir hendur að gefa lesendum ýtarlegar — ljómandi, skínandi vel hugsaðar og samdar lýsingar af heldur lélega innrættum persónum, þó einstaka kostir séu innanum ruslið [...] persónum sem stjórna eiginlega söguþræðinum, og það er óneitanlega nauðsynlegt að leiða varmensku rækilega fram á sjónarsviðið [...].¹⁰⁶³

Jafnvel má sjá örlítinn vísi að aðfinnslu undir lokin, þótt hún sé sykurhúðuð; sagt er að „sumir að minnsta kosti“ myndu óska þess að „hinn gáfaði og vel hæfi höfundur“ gæfi „til smekkbætis“ „jafn listarlega uppmálað, fæina af hinum góðu og göfugu karakterum“ til viðbótar hinum lélega innrættu persónum. Heilt ár líður þar til sams konar efnisþáttur birtist aftur í *Dvöl* og er hann settur upp á nákvæmlega sama hátt.¹⁰⁶⁴

Ritdómarnir eru fyrstu árin ómerktir en þótt Björg Einarsdóttir segi að Jarþrúður Jónsdóttir hafi skrifað töluvert í *Dvöl*¹⁰⁶⁵ bera þeir ekki keim af hennar skáldlegu stílbrögðum. Enda kemur í ljós í desember 1908, þegar ritdómar bera undirskrift í fyrsta sinn, að ritdómurinn er Torfhildur sjálf. Og nú fær bókafátturinn meira vægi en nokkru sinni fyrr, enda virðast bækurnar hrúgast inn á borð ritstjórans. Fjallað er um fjórar bækur í sömu röð og þær hafa borist blaðinu, en mesta vægið fær aftur bók eftir Jón Trausta, *Heiðarbylíð*. Þar eftirlætur Torfhildur sér í fyrsta sinn ýmis skáldleg tilþrif — og leyfir persónu sinni ekki aðeins að gægjast fram í 1. persónu eintölu og lýsa lestrarreynslu sinni og upplifun af bókinni, heldur yfirtaka helming ritdómsins með nostalgískum minningum. Lýsingar á náttúrunni í inngangi sögunnar segir hún að hafi gert hana „uppýngða í anda“:

[...] já, það er nærri því eins og maður hafi varpað af sér nokkrum áratugum og sé þar á reið með glaðværu föruneyti, taki sig við og við útúr hópnum, fái sér góðan sprett, þar sem vegurinn leifir og varpi sér þá niður í einhverja grænu fjallahlíðina við veginn, eða vegleysurnar til þess að anda að sér ilmi fjallahlómannanna þar til samferðafólkið ber að og ferðinni er haldið áfram.¹⁰⁶⁶

¹⁰⁶³ „Bækur sendar *Dvöl*“, ritdómur um *Leysingu* eftir Jón Trausta, *Dvöl*, júní 1907, 23-24.

¹⁰⁶⁴ „Nýjar bækur“, *Dvöl*, júní 1908.

¹⁰⁶⁵ Björg Einarsdóttir: „Skáldið í hópnum“, *Úr ævi og starfi íslenskra kvenna. Erindi flutt í Ríkisútlitunum 1984-1985 II*, Reykjavík, Bókrún, 1986, 49.

¹⁰⁶⁶ T.Þ.H.: „Bækur og rit“, ritdómur um *Heiðarbylíð* eftir Jón Trausta, *Dvöl*, desember, fylgiblað 1908, 50.

Í kjölfarið rifjar ritdómarinn upp persónuleg kynni sín af höfundinum, þ.e. þegar þau hittust í fyrsta sinn, og lætur að því liggja að hún hafi alltaf vitað að hann byggi yfir náðargáfu:

Augu pilsins voru svo einkennilega djúp, einarðleg og viturleg, að eg hafði orð á við heimafólkið, að það myndi búa í honum einhver gáfa sem ekki væri komin í ljós.¹⁰⁶⁷

Persónur ritdómarans og höfundarins eru hér mun fyrirferðarmeiri en í fyrri dómum *Dvalar*, en sú breyting mjög í samræmi við almennar áherslur þessa tíma, eins og sjá má einnig af skrifum Jarprúðar Jónsdóttur, Sigurðar Nordals og Huldu (sjá bls. 206, 231 og 271).

Eins og til að fullkomna hina „persónulegu“ nálgun Torfhildar eru það sögupersónur verka sem helst eru til umfjöllunar — fyrir utan minningar og tilfinningar Torfhildar sjálfar. Næstu tvær umsagnir eru fyrst og fremst lýsingar á efni bóka og persónum þeirra, en mun líflegri en í fyrri blöðum. Virðist Torfhildur hreinlega hafa verið í miklu stuði við ritun þessara dóma og lítið upptekin af verkunum sjálfum. Síðasta umsögnin fjallar til dæmis ekkert um bókina, enda lýsir Torfhildur því yfir í upphafi að ekki sé hægt að lýsa yfirgripsmiklu efni hennar „í svo fáum orðum sem eg, rúmsins vegna verð að setta mig við“. Í staðinn endar hún á gamansamri sögu um höfundinn; af samtali sem hún segist persónulega hafa orðið vitni að.¹⁰⁶⁸ Til samanburðar má nefna að Sigfús Blöndal eyðir sjö blaðsíðum í *Eimreiðinni* í að fjalla um sömu bók, ævisögu Péturs Péturssonar biskups eftir Þorvald Thoroddsen. Sigfús fer þar ítarlega í einstaka atriði á afar fræðilegum forsendum og kemst að þeirri niðurstöðu að líklega muni bókin „standa lengur í bókmentum vorum en granítsteinninn á leiði Péturs biskups í Reykjavíkirkirkjugarði“.¹⁰⁶⁹ Má segja að hér mætist þeir tveir straumar sem oft var og er reynt að flétta saman í ritdómum; annars vegar fræðilegur, akademískur tónn hinnar löngu, ítarlegu en oft þunglamalegu tímaritsgreinar sem hefur slagkraft „alvarlegrar“ bókmenntaumuræðu og svo umfjöllun í dagblaðastíl, þar sem lögð er áhersla á að stutta og aðgengilega umfjöllun; að skemmta lesandanum og nota tungumál sem allir geta auðveldlega skilið. Torfhildur, sem segist sjálf reyna að gera sem flestum til hæfis í blaði sínu, er því í þessu tilviki fulltrúi nýrra strauma í fjölmiðlasögunni.

Næsti bókapaður í *Dvöl* birtist í febrúar 1909 og er með öllu settlegru tóni, enda eru umfjöllunarefnin *Sturlunga saga*, sem kölluð er „kærkominn gestur“, og eina bókina sem fær neikvæða umsögn að einhverju ráði í *Dvöl*, *Systurnar frá Grænadal* eftir Maríu

¹⁰⁶⁷ Sama, 50.

¹⁰⁶⁸ T.Þ.H.: „Bækur og rit“, ritdómur um *Æfisögu Pjeturs Pjeturssonar dr. Theol biskups yfir Íslandi* eftir Þorvald Thoroddsen, *Dvöl*, desember, fylgiblað 1908, 51.

¹⁰⁶⁹ Sigfús Blöndal: „Ritsjá“, ritdómur um *Æfisögu Pjeturs Pjeturssonar dr. Theol biskups yfir Íslandi* eftir Þorvald Thoroddsen, *Eimreiðin*, 1, 1909, 66-72.

Jóhannsdóttur. Þá neikvæðni er þó ekki að sjá að megi rekja til persónulegrar löngunar ritdómarans til að rífa niður í þágu málstaðar, heldur er frekar hægt að lesa það úr umfjölluninni að Torfhildur vilji enn hafa stuðning af „almennu samkomulagi“ og gangi helst ekki gegn því. Eins og Torfhildur bendir á hafði „mikið verið ritað um söguna“ og finnst henni „þar fáu við að bæta“ en dvelur lengi við persónu höfundarins, eins og reyndar allir ritdómarar gerðu sem tóku þessa sögu til umfjöllunar (sjá bls. 230-232). Segja má að í umsögninni sjálfri dragi Torfhildur einfaldlega saman það sem aðrir hafa þegar sagt um bókina þótt hún sé jákvæðari en margir aðrir: Hún segir að höfundurinn sé gæddur talsverðri skáldskapargáfu og skrifi af „miklu fjöri eins og andinn knýji það fram“ en hafi „ekki komið sér sem heppilegast fyrir hvað niðurskipun sögunnar áhrærir, sem við það missir mikið af gildi sínu“.¹⁰⁷⁰ Í næsta bókafætti fjallar Torfhildur um ljóð Huldu og bendir þá á að hún hafi almennt fengið góðar viðtökur. Í samræmi við það fær Hulda þá umsögn að kvæði hennar séu „mörg falleg“ og hún greinilega gædd „ríku hugmyndaafli, og ríkri, hreinni aðdáun fyrir öllu fögru og háu“.¹⁰⁷¹

Stíll Torfhildar í þessum ritdómum er yfirleitt tempraður og lýsingar og umsagnir nokkuð staðlaðar. Bækur eru til dæmis oft sagðar „skemtilegar aflestrar og fræðandi“.¹⁰⁷² Við og við er þó eins og hennar eigin persóna fái að gægjast meira í gegn, og þá aðallega þegar bækur vekja með henni persónulegar minningar. Í umfjöllun um *Þorradægur* Jóns Trausta, síðasta bindið í ritröðinni um Höllu og heiðarbylið, lætur ritdómarinn eigin minningar um fortíðina ríma við það sem sagt er í bókinni. Í það skiptið bregður einnig svo við að hugmyndin um „almennt álit“ virðist frekar notað sem yfirvarp til að koma hennar eigin skoðunum á framfæri, þegar hún segir að mörgum af lesendunum muni finnast að eitt hefti vanti enn: „Menn þurfa að vita ger um Höllu, ekkjuástand hennar, barnauppeldið o.fl. Svo er séra Halldór? Á hann að hverfa svona?“ Ritdómarinn gerist einnig nokkuð kumpánlegur, þótt hún noti hið formlega fornafn „vér“ í staðinn fyrir „ég“, þegar hún biður höfundinn í framtíðinni um að „meðhöndla ástalífið, þar sem það kemur fyrir, og það sveimar eins og dallæða innan um alla lífstilveruna, á nokkuð annan veg en verið hefir“, þ.e. þannig að „alt skiljst en enginn hneiklist“, því að börn og unglingar kunni að lesa bókina: „Vér dirfumst að segja þetta við Jón Trausta, þó hann sé orðinn nafnfrægt söguskáld, því hann er algjörlega yfirlætislaus maður.“¹⁰⁷³

¹⁰⁷⁰ „Nýjar bækur sendar Dvöl“, ritdómur um *Systurnar frá Grænal* eftir Maríu Jóhannsdóttur, *Dvöl*, febrúar 1909, 8.

¹⁰⁷¹ „Nýjar bækur“, ritdómur um *Kvæði* eftir Huldu, *Dvöl*, janúar 1910, 2.

¹⁰⁷² „Nýjar bækur“, ritdómur um *Et ridt gennem Island. Oplevelser* eftir Jón Sveinsson, *Dvöl*, janúar 1910, 2.

¹⁰⁷³ „Blöð og bækur“, ritdómur um *Þorradægur* eftir Jón Trausta, *Dvöl*, maí 1912, 21-22.

Torfhildur kemst einnig á nokkuð skáldlegt flug þegar hún lýsir litmyndunum sem þrýða bók Jóns Sveinssonar, *Et ridt gennem Island. Oplevelser*, og segir m.a.: „nætursólin sest til hálfis og varpar glóandi fögrum, rauðum friðarbjarma yfir héraðið umhverfis, á friðsælli, fagurri og bjartri vornóttu“. Og þótt hún vísi til hins allsráðandi almenna samþykkis þegar hún segir að sú staðreynd að verið sé að þýða bókina á önnur tungumál sé næg „sönnun“ fyrir jákvæðu „áliti því, er bókin hefir hlotið“, kemur hún með sjaldséða gagnrýni sem stríðir gegn ríkjandi hugmyndum þegar hún bendir á að þjóðræknin geti farið út í öfgar hjá Jóni Sveinssyni: „[...] hann ann svo heitt fósturjörðu sinni, að honum liggur sumstaðar við að gera of mikið úr kostunum, en gallana minnst hann ekki á með einu orði. Þeir eru þó til hjá oss.“¹⁰⁷⁴

Dómarnir í *Dvöl* eru yfirleitt dæmigerðar smágreinar í dagblaðastíl, þar sem megináhersla er á aðgengilega frásögn. Einn dómur, um *Heiðarbylið II* eftir Jón Trausta, sker sig þó úr en hann er fremur settur upp eins og snubbótt upptalning á einstaka atriðum en samfelldur texti. Enda reynist sá dómur ekki eftir Torfhildi, heldur er undirskriftin „H“. Skilaboðin í lok þess dóms vísa líka til mun mótaðri og meðvitaðri fagurfræðilegrar stefnu en Torfhildur lætur nokkurn tímann í ljós: „Mundu að ein blaðsíða með *anda og blæ listarinnar* geymist mun lengur en þúsund síður með *verksmiðjuhandbragði*.“¹⁰⁷⁵ Þessi ritdómur er líka sá eini sem er ber titillinn „Bókmentir“ en ekki „Bækur sendar Dvöl“ eða „Nýjar bækur“, en á þessum árum er að koma fram meiri aðgreining milli umfjöllunar um skáldverk, sem skilgreind eru sem „bókmenntir“ og um annars konar bækur. Er þetta vísbending um að nú sé gert ráð fyrir sérhæfðari fagmennsku í umfjöllun um skáldverk. Um leið er „alvarleg umræða“, þar á meðal bókmenntaumræða, að færast yfir í sérhæfðari miðla á borð við *Eimreiðina*, þar sem fara má ítarlega í smáatriði í löngu máli og leggja meiri áherslu á hið fræðilega ferli sem felst í að greina einkenni og eiginleika bókmenntaverks. Þegar Valtýr Guðmundsson kynnir til dæmis nýyrði sitt „gagnrýni“ í *Eimreiðinni* árið 1896 (sjá bls. 3) leggur hann áherslu á að niðurstaða gagnrýni sé einhvers konar dómur en um leið verður ljóst að það er ferlið sjálft — þar sem gullið er aðgreint frá soranum, leitinn að dýpri merkingu með því að rýna gegnum yfirborðið — sem skiptir höfuðmáli.

Á sama tíma slaka dagblöð og almenn tímarit á fræðilegum kröfum til ritdómanna og leggja meiri áherslu á skemmti- og upplýsingagildið — á lestrarupplifunina og dóminn. Segja má að bókaumfjallanir Torfhildar séu fyrst og fremst dæmigerðir dagblaðaritdómar þótt *Dvöl* sé mánaðarrit, enda eru mörkin milli dagblaða og tímarita lengi vel afar óljós hér á landi.

¹⁰⁷⁴ „Nýjar bækur“, ritdómur um *Et ridt gennem Island. Oplevelser* eftir Jón Sveinsson, 2.

¹⁰⁷⁵ H.: „Bókmentir“, 10.

Dómar Torfhildar eru reyndar um margt gott dæmi um það þegar „andi og blær listarinnar“ mætir „verksmiðjuhandbragði“ staðlaðra ritdóma sem seldir eru á markaðstorgi. Framsetningin er stöðluð en einnig orðfærið að hluta, klisjurnar margar, og jafnvel viðhorfin og gæðamatið fylgja stöðlum sem þegar hafa fest sig í sessi; sumir höfundar hafa hlotið viðurkenningu og er því sjálfkrafa hampað en aðrir, helst nýgræðingar, fá efablandnari móttökur.

Tilhneigingin til að halda í staðlað form í ritdómum hefur haldist allt til okkar daga. Nýir miðlar eins og útvarp og sjónvarp hafa furðu lítið breytt ritdómaforminu og ef fólk telur sig merkja áhrif þessara miðla á ritdómaformið eru þau hörmuð sem hnignun og lágkúra.¹⁰⁷⁶ Hér býr ef til vill að baki það viðhorf að íhaldssemin gefi meiri þunga og vægi — en hið staðlaða yfirbragð gefur jafnframt ákveðna ímynd hlutleysis; gefur til kynna að til séu fastar leikreglur og að kerfið sé í raun skilvirkt og nytsamlegt. Bókmenntaþátturinn *Kiljan* hóf göngu sína árið 2007 en áður höfðu verið gerðar ýmsar tilraunir til að fjalla um bókmenntir í sjónvarpi. Í sjónvarpsþáttum er bókmenntaumfjöllun yfirleitt sviðsett sem *samtal*, sem er auðvitað í takt við rætur ritdómaformsins í húnanskri hugsjón um gildi frjálsrar umræðu og upplýsingagjafar. Á fyrstu árum sjónvarpsins var yfirleitt um löng og alvarleg viðtöl við höfunda að ræða. Tveir miðaldra karlar sátu skáhallt hvor á móti öðrum í sjónvarpsal og spurðu og svöruðu með hátíðlegri röddu. Í *Vöku*, *Geisla*, *Mósaík* og fleiri menningartengdum sjónvarpsþáttum sem litu dagsins ljós á síðustu áratugum 20. aldar voru gerðar ýmsar tilraunir með formið en fólk sem ræðir málin er alltaf áberandi. Í bókagagnrýni *Kastljóss* og *Íslands í dag* ræddu Jón Yngvi Jóhannesson, Kristján B. Jónasson, Úlfhildur Dagsdóttir o.fl. yfirleitt við þáttastjórnanda, og varð gagnrýnin að samblandi af samræðum og viðtali við sérfræðing. *Kiljan* er í samanburði fremur íhaldssamt afturhvarf til upphaflegu stemningarinnar, samtalsins í stásstofunni „þar sem maður færði helst ekki til muþlunnar“ (sjá bls. 233). Þáttastjórnandi og tveir ritdómarar sitja í hægindastólum með bókahillur í bakgrunni og stofuborð á milli sín. Umgjörðin er því nokkurs konar einfölduð útgáfa af stásstofunni, öruggur rammi. Líkt og staðlaður réttarsalur mótar þessi rammi athafnirnar sem þar fara fram og heldur þeim í fjarlægð frá öðrum sviðum daglegs lífs; gerir þær að rituáli, helgisiðum.

Í þessari ritgerð er lítið á ritdóma sem nokkurs konar helgisiði er bera mörg einkenni hreinsunarathafna í skilningi Mary Douglas. Í slíkum athöfnum skapast tækifæri til að láta reyna á ýmis hefðbundin mörk og mæri samfélagssviða en viðbrögðin við þeim velta á því

¹⁰⁷⁶ Í grein eftir Jón Kalman Stefánsson frá árinu 2002 segir til dæmis að það sé „bullað af krafti í hvert sinn sem opnað er fyrir útvarp eða sjónvarp“ og það sé „bæði dapurlegt og háskalegt ef bókmenntagagnrýni [sé] á góðri leið með að sameinast yfirborðsmennskunni, skruminu“. Jón Kalman Stefánsson: „Algjörlega briliánt“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 14. desember 2002, 10.

hvort sú ögrun sem í þeim felst er talin hættuleg eða í þágu þeirra kerfa sem við notum til að halda reglu á samfélaginu. Þótt íslenskir ritdómar beri þess greinilega merki að vera hluti af gömlu þekkingarrými ná þeir fyrst fótfestu hér á landi þegar ögrandi virkni þeirra verður nýtsamleg á bókmenntasviði sem talið er gegna mikilvægu þjóðernispolítísku hlutverki. Hin ævagamla hugmynd um bókmenntir sem verðmæti gegndi stóru hlutverki í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga. Í fyrsta tölublaði *Eimreiðarinnar* segir Valtýr Guðmundsson það til dæmis „orð og að sönnu, að bókmenntirnar okkar fornu sjeu sá dýrasti fjársjóður, sem vjer Íslendingar eigum til“.¹⁰⁷⁷ Pascale Casanova hefur bent á að til að hægt sé að upphefja bókmenntaleg verðmæti þurfi að vera til staðar nokkuð víðfeðmt faglegt umhverfi; menntaður almenningur og áhugasamur aðall eða upplýst borgarastétt, sérhæfðir fjölmiðlar, eftirsóttir útgefendur í virkri samkeppni, virtir gagnrýnendur sem taldir eru færir um að skera úr um hverjir séu gæddir hæfileikum eða ekki og hvaða verk séu verðug, og vitaskuld dáðir rithöfundar sem geta helgað sig skrifum. Bókmenntalegu verðmætin líkarnist í öllum sem dreifa þeim, eignast þau, umbreyta þeim og endurnýja. Þau birtist í ýmsum myndum; í bókmenntastofnunum, akademíunni, dómnefndum, gagnrýnendum, ritdómum, fagurfræðilegum stefnum.¹⁰⁷⁸ Virtir gagnrýnendur geta því verið hluti af menningarauði þjóðar, engu síður en bókmenntirnar sjálfar.

Samkvæmt Bourdieu felst sjálfstæði menningarsviða á borð við bókmenntasvið í sérstakri tegund stigveldis þar sem ráðandi hugmyndum annarra félagssviða um velgengni er snúid á haus:

Þannig, að minnsta kosti á sjálfstæðustu svæðum menningarframleiðslusviðsins [...], byggist hagkerfi athafna, eins og í leik þar sem „sá sem tapar vinnur“, á kerfisbundnum viðsnúningi á grundvallarlögmálum allra hefðbundinna hagkerfa; lögmálum viðskipta (ekki er sóst eftir hagnaði og engin trygging er fyrir samræmi milli framlags og endurgjalds), valda (verðlaun og stundarfrægð eru fordæmd), og jafnvel stofnanabundis menningarvalds (skortur á akademískri þjálfun eða blessun getur talist kostur).¹⁰⁷⁹

Hugmyndir okkar um „hreina fagurfræði“ einkennast einmitt af slíku viðhorfi; að hún megi ekki mótast af valdabaráttu, þ.e. hagsmunum og pólitík, hún eigi ekki fylgja lögmálum markaðarins og hún eigi að vera okkur eðlislæg frekar en lærð. Hér að framan hefur komið

¹⁰⁷⁷ Valtýr Guðmundsson: „Úr menningarsögu Íslands I“, *Eimreiðin*, 1, 1895, 44.

¹⁰⁷⁸ Casanova: *The World Republic of Letters*, 15.

¹⁰⁷⁹ „Thus, at least in the most perfectly autonomous sector of the field of cultural production [...] the economy of practices is based, as in a generalized game of „loser wins“, on a systematic inversion of the fundamental principles of all ordinary economies, that of business (it excludes the pursuit of profit and does not guarantee any sort of correspondence between investment and monetary gains), that of power (it condemns honours and temporal greatness), and even that of institutionalized cultural authority (the absence of any academic training or consecration may be considered a virtue).“ Bourdieu: „The Field of Cultural Production“, 320.

fram að íslenskum ritdómum var þó frá upphafi beitt sem valdataeki af körlum innan og utan bókmenntasviðsins og valdabarátta þeirra á öðrum sviðum, til dæmis í þjóðfélagspólitíkinni, fléttast þar inn í. Stigveldi íslenska bókmenntasviðsins mótaðist jafnframt mjög af ákveðnum pólitískum áherslum; aukinni þjóðernishyggju og áherslu á hið karlmannlega. Það stigveldi getur því varla talist viðsnúningur á hefðbundnum valdalögmálum, jafnvel þótt framtíð bókmenntanna og landsins væri talin velta á því að þessi karlmannlegu og þjóðernislegu grundvallarviðmið, sem tryggja áttu íslenskum verkum sess meðal sjálfstæðra þjóða, væru álitin ópólitísk og óumdeilanleg — „hrein“ og sjálfstæð fagurfræði. Að því leyti er íslenskt bókmenntasvið á síðustu áratugum 19. aldar og fyrstu áratugum þeirrar 20. ekki „sjálfstætt“ listasvið í skilningi Bourdieus og sú staðreynd birtist ekki hvað síst í ritdómum.

Í þessum kafla hefur verið fjallað um ritdóma sem svæði þar sem mörk pólitíska sviðsins og bókmenntasviðsins skarast, ekki hvað síst er varðar pólitík sjálfstæðisbaráttunnar og kynjapólitík. Í næstu tveimur köflum verður áfram litið til þess hvernig ritdómar í senn skapa, endurskapa og ögra þeim afmörkunum og landamærum sem tryggja eiga sjálfstæði bókmenntasviðsins og afhjúpa um leið að þessi mæri eru óstöðug og ótrygg. Í 5. kafla verður fjallað um stöðu ritdóma á mörkum listasviðsins og fræðasviðsins og togstreituna um áhrif stofnanabundins menningarvalds á stigveldi bókmenntasviðsins. Í 6. kafla verður svo fjallað um hina eilífu togstreitu listarinnar og markaðslögmálanna en ritdómar fæddust einmitt á þeim mörkum. Hins vegar eru svið pólitíkur, fræða og markaðar oft svo samofin á vettvangi ritdómanna að ekki verður hægt að gera fullkomin skil þar á milli og pólitíkin mun til dæmis áfram skjóta reglulega upp kollinum í þessum seinustu köflum.

5 Vísindin og frelsið

Bókmenntagagnrýni varð svo mikilvægt pólitískt afl í sjálfstæðisbaráttunni hér á landi að lítið rými var fyrir íróníska meðvitund um pólitískt eðli „hreinna fagurfræði“ og afstæði fegurðardóma, þrátt fyrir að aukin meðvitund um afstæði allra viðmiða hafi verið fylgifiskur þess sem flokkað hefur verið sem „nú tímalegt“ á bókmenntasviðinu. Dagný Kristjánsdóttir bendir til dæmis á að Fjölismenn hafi verið „sannfærðir um að þeir [væru] talsmenn nútímans á Íslandi“, en „nýtt viðhorf til „veruleikans““ sem sjá megi í skáldskap Jónasar Hallgrímssonar einkennist m.a. af nýrri „vantrú á föstum viðmiðum, ný[rri] íróníu sem ristir dýpra en nokkru sinni fyrr og klýfur textann“.¹⁰⁸⁰ Samtími Jónasar hafi fóstorað „níhílismann eða róttæka efasemdastefnu sem hafnaði öllum viðteknum sannindum, öllum gildum, öllum „góðum siðum““.¹⁰⁸¹ Dagný telur þó að tilvistarkreppa „ungs fólks undir lok [19.] aldar“ hafi verið „angistarfyllri en áður hafði sést í bókmenntum einnar kynslóðar á Íslandi“ og lýsir því svo: „Nútíminn var að ríða í hlað.“¹⁰⁸² Skrifin sem hún lýsir sem „nú tímalegum“ einkennast af eins konar meðvitund orðræðunnar um eigin mótsagnir, meðvitund sem grefur sífellt undan mælanda og viðtakanda og undan kerfinu sem þeir starfa innan. Slík afstaða er hér kölluð „nú tímaleg“ en hana má einnig skilgreina sem íróníska, kaldhæðna,¹⁰⁸³ smekklæsa¹⁰⁸⁴ eða jafnvel siðlausu.¹⁰⁸⁵

Í þessum kafla verður lítið til þess hvernig áframhaldandi þjóðernisleg áhersla og sú stofnavæðing á menningarsviðinu sem fylgdi auknu sjálfstæði landsins í upphafi 20. aldar, þá fyrst og fremst stofnun Háskóla Íslands árið 1911, togaðist á við þessa auknu „nú tímalegu

¹⁰⁸⁰ Hér sækir Dagný í kenningar Horace Engdahls um einkenni rómantísku skáldskapar. Dagný Kristjánsdóttir: „Skáldið eina! Um nokkur ljóð Jónasar Hallgrímssonar. Fyrri hluti“, *Tímarit Máls og menningar*, 2, 1989, 175-176.

¹⁰⁸¹ Dagný Kristjánsdóttir: „Ástin og Guð. Um nokkur ljóð Jónasar Hallgrímssonar. Seinni hluti“, *Tímarit Máls og menningar*, 3, 1989, 357.

¹⁰⁸² Dagný Kristjánsdóttir: „Sár Solveigar. Um *Hvarf séra Odds frá Miklabæ* eftir Einar Benediktsson“, *Undirstraumar. Greinar og fyrirlestrar*, Reykjavík, Háskólaútgáfan, 1999, 79.

¹⁰⁸³ Ungverjinn Georg Lukács telur til dæmis að fagurfræðiöfl í nútímanum „feli í sér kaldranalega lífssýn niðurbrots og angistar“. *Wider den mißverstandenen Realismus*, Hamburg, Claassen, 1958. Matei Calinescu telur einnig að „framúrstefnan“, sem skilgreind er sem nú tímalegt fyrirbæri, sé „almennt álitin róttækasta form listræns neikvæðis [„þ.e. höfnun ráðandi hugarfars og gefinna forsendna og stundum efasemdir um „almenna skynsemi“] — og listin sjálf er fyrsta fórnarlamb hennar“. *Five Faces of Modernity: Avant-Garde, Decadence, Kitsch*, Bloomington og London, Indiana University Press, 1977, 140-141. Tilvitnanir sóttar í Ástráður Eysteinnsson: „Er Kafka framúrstefnumaður? Um móðernisma og framúrstefnu“, *Ritið*, 1, 2006, 28 og 39.

¹⁰⁸⁴ Dagný Kristjánsdóttir notar orðið „smekkleysa“ yfir skrif Oscars Wildes og fleiri, en það er þýðing hennar á orðinu „camp“; „því að sýna meðvitað verulega vandan smekk sem „felur í sér ögrun við hinn góða smekk“ með áherslu á gervimennsku, ýkjur og hið leikræna“. Visar Dagný í því sambengi til notkunar Susan Sontag á hugtakinu í bókinni *Against Interpretation*. Dagný Kristjánsdóttir: „Blixness“, *Undirstraumar. Greinar og fyrirlestrar*, Reykjavík, Háskólaútgáfan, 1999, 127-129.

¹⁰⁸⁵ Oscar Wilde lýsir því t.d. yfir í lok 19. aldar að öll list sé siðlaus. Wilde: „The Critic as Artist“, 385.

meðvitund“ og kröfur um akademískt og listrænt frelsi. Áratuginir 1910-1930 annars vegar og hins vegar árin 1960-1990 einkennast sérstaklega af auknum og breyttum fræðilegum áherslum í bókmenntaumfjöllun samfara endurskoðun á stofnunum bókmenntasviðsins og samningaviðræðum um viðhald og endurnýjun bókmenntasviðsins. Á fyrra tímabilinu var Háskóli Íslands stofnaður og íslensk fræði með áherslu á bókmenntarannsóknir fengu sinn sess innan hans. Á því seinna varð bókmenntafræðin að sérstakri grein og að ýmsu leyti aðgreind frá íslenskum fræðum, en alþjóðlegar áherslur nýja fagsins urðu tilefni nokkurra deilna. Segja má að þetta sé til marks um þá þróun sem varð á 20. öld. Áherslan á hið þjóðlega og alþjóðlega var allsráðandi á fyrri hluta hennar og átti sinn þátt í því að tryggja stöðugleika bókmenntasviðsins um miðbik aldarinnar en hafði einnig þær afleiðingar að fræðileg orðræða þótti alltaf öðrum þræði tortryggileg og mætti mótstöðu í þeirri endurskoðun sem fram fór á síðustu áratugum aldarinnar.

Þótt mótsagnakennt megi virðast helst vaxandi áhersla á vísindi og tækniframþróun oft í hendur við aukna menningarlega íhaldssemi þar sem listinni er stillt upp sem andstæðu vísindanna. Listin er samkvæmt þeim formerkjum kjarni hins mannlega, þess sem tengir okkur saman og manninn við náttúruna, en vísindin og tæknin fjarlægja okkur náttúrunni, stuðla að firringu og því að maðurinn fari fram úr sjálfum sér. Hugmyndin um brjáláða vísindamanninn fær sína eigin, sjálfstæðu birtingarmynd í listheiminum; verður ímynd brjáláða, fræðilega listgagnrýnandans sem er oft knúinn áfram af afbrigðilegum hvötum, afvegaleiddur af möguleikum hinnar nýju tækni og skeytingarlaus um afleiðingarnar — sem eru þær að mennskan eins og við þekkjum hana deyr. Eitt af þrástefjum 20. aldarinnar verður því sú tvíþenta staða gagnrýnenda að eiga að verja stöðu listarinnar og mennskunnar en vera um leið talsmenn framsækinnna vísinda í sífellt stofnanavæddari, stjórnvaldstengdari¹⁰⁸⁶ og markaðsvæddari bókmenntaheimi.

Þjóðernisorðræða og módern meðvitund

Sigríður Matthíasdóttir hefur bent á að þjóðernisorðræðan hafi á fyrri hluta 20. aldar verið „að miklu leyti hafin yfir þær deilur sem annars einkenndu íslenskt samfélag á þessum árum enda ríkti almenn sátt um náttúrlégan uppruna þjóðernisvitundar og þjóðernisstefnu“.¹⁰⁸⁷ Þetta á jafnt við um bókmenntasviðið og önnur svið samfélagsins. Eins og í Danmörku (sjá bls. 110) varð hið þjóðlega að miðlægu viðmiði í listum á 19. öld og leysti að mörgu leyti hugmyndina

¹⁰⁸⁶ Ólafur Rastrick hefur bent á að krafan um aðkomu ríkisins og afskipti þess af menningarmálum jókst á fyrri hluta 20. aldar. Ólafur Rastrick: *Háborgin. Menning, fagurfræði og pólitík í upphafi tuttugustu aldar*, Reykjavík, Háskólaútgáfan og Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 2013, 146.

¹⁰⁸⁷ Sigríður Matthíasdóttir: *Hinn sanni Íslendingur*, 64.

um „góðan smekk“ af hólmi. Þótt smekkshugtakið hafi vissulega verið notað áfram var það innlimað í þjóðernisorðræðuna og notað til að styrkja hana. Og vegna þess hve almenn sátt ríkti um þjóðernisorðræðuna var í raun auðveldara að nota hana sem traustan og algildan grundvöll fyrir ritdóma en hugmyndina um „góðan smekk“. Þjóðleg náttúra og menning tekur við af alþjóðlega klassíska listaverkinu sem miðlægt viðmið fagurfræðinnar en áherslurnar verða áfram íhaldssamar að því leyti að viðmiðin liggja í fortíðinni, í horfinni „náttúrulegri“ gullöld.¹⁰⁸⁸

Á fyrri hluta 20. aldar, og raunar langt fram á seinni hluta hennar, má sjá merki þess að þjóðernisáherslan vinnur gegn endurnýjuðum kröfum um frelsi og sjálfstæði listarinnar annars vegar og frelsi vísindanna hins vegar, en hún er þó sett fram undir merkjum frelssis og sjálfstæðis; sem hlutlaus fagurfræði eða hlutlaus vísindi. Skilin milli uppreisnargirni og íhaldssemi verða því óskýr og birtast oft sem togstreita í skrifum eins og sama einstaklingsins, enda er ein af grundvallarþversögnum bókmenntagagnrýnninnar sú sem Friedrich Schlegel lýsir þannig við lok 18. aldar: Að hugsun um listaverk verði að fela í sér „algjört frjálsslyndi sameinað algjörum strangleika“.¹⁰⁸⁹ Þótt ritdómar séu öðrum þræði íhaldssamt „löggæslu“tæki til að staðfesta reglurnar sem gilda á bókmenntasviðinu, eru regluverk bókmenntakerfa aldrei algild og stöðug, heldur einkennast af átökum og hreyfingu, eins og Lefevere hefur bent á:

Kerfið virkar fremur eins og margvíslegar hömlur á lesendur, höfunda og endurritara. Hann eða hún getur því valið að „fylgja kerfinu“ ef svo má að orði komast, að halda sig innan þess svæðis sem hömlurnar afmarka — og mikið af góðum bókmenntum gerir einmitt það — eða, á hinn bóginn, að fara gegn kerfinu, að reyna að starfa utan við hömlur síns tíma, með því að lesa

¹⁰⁸⁸ Sigríður Matthíasdóttir nefnir að Jón Aðils hafi átt stóran þátt í að festa í sessi dæmigerða „þjóðernisgóðsögn“; skiptingu Íslandssögunnar „í gullöld, niðurlægingartímabil og endurreisnartímabil“ í alþýðufyrirlesturum sínum á fyrstu árum 20. aldar. Sama, 64. Slíkar hugmyndir má þó sjá nokkru fyrr, t.d. hjá Boga Th. Melsteð í Eimreiðinni árið 1896 þar sem hann talar um rit Finns Jónssonar um sögu fornbókmennta Íslendinga og Norðmanna: „Það er bæði gagnlegt og gaman að lesa um forfeður vora. Vissulega hafa þeir afrekað mikið á 10., 11. og 12. og líka á 13. öldinni, að því er bókmenntirnar snertir; en menn hafa þó varla gætt þess nógu vel, hve vel þeir stóðu að vígi að sumu leyti. Hins vegar mega þeir þó eiga það, að þeir framan af lögðu mikla stund á búnaðinn og á það, að halda efnahag landsins í svo góðu lagi, sem unnt var. En um 1200 var allur grundvöllurinn undir stjórnarskipun landsins genginn úr lagi. Þá tók og sjerplægni forfeðra vorra og ólögghlyðni, sundurlyndi og aðra spilling þeirra að keyra fram úr öllu hófi. Þeir gættu sín eigi og týndu frelsi sínu.“ Bogi Th. Melsteð: „Bókafreg“, ritdómur um *Den oldnorske og oldislandske litteraturs historie* eftir Finn Jónsson *Eimreiðin*, 2, 1896, 151. Sigríður bendir á að í ritdómum um bækur Jóns, *Íslenskt þjóðerni og Gullöld Íslendinga* hafi áherslum Jóns almennt verið hampað. Einna öflugust hafi þó barnablöðin verið, þ.e. *Æskan* og *Unga Ísland*, en þar var Íslendingasögum m.a. haldið að börnum sem fordæmi fyrir nútímafólk. Sigríður Matthíasdóttir: *Hinn sanni Íslendingur*, 56-58 og 65. Barnablöðin virðast því, líkt og ungmennafélögin, hafa haft það markmið „að gera úr æskulýð landsins *góða Íslendinga*“. „Ungmennafélögin II“, *Fjallkonan*, 25. nóvember 1907, 1. Tilvitnun sótt í Gunnar Þór Bjarnason: *Upp með fánann. Baráttan um uppkastið 1908 og sjálfstæðisbaráttu Íslendinga*, Reykjavík, Mál og menning, 2012, 53. Áhrifa þess upplidis gætti út alla 20. öldina.

¹⁰⁸⁹ „[...] absolute liberality united with absolute rigorism [...]“. Benjamin: „The Concept of Criticism“, 158.

bókmenntaverk á annan hátt en viðurkennt er, með því að skrifa þau á annan hátt en þann sem talinn er bestur á ákveðnum tíma á ákveðnum stað, með því að endurrita þau á þann hátt að þau séu ekki líkleg til að falla að ríkjandi skáldskaparfræðum eða hugmyndafræði síns tíma og staðar heldur að annars konar hugmyndafræði, annars konar skáldskaparfræðum.¹⁰⁹⁰

Á íslensku bókmenntasviði 20. aldar verður nútíminn og hið nútímalega æ áleitnara hugtak. Margir kjósa að taka afstöðu með nýjungum í skáldskap og þoka þannig viðmiðum sviðsins í nýja átt í nafni framfara. Árið 1898 fullyrðir Henrik Ussing til dæmis í grein sem birtist í íslenskri þýðingu í *Eimreiðinni* að „eigi bókmenntirnar að lifa blómlega [svo] lífi, ættu þær helzt ekki að vera fóstur fornra tíma og að eins eiga rót sína í andríki feðranna, heldur skyldu þær sprotnar af því sálarlífi samtíðarinnar, er lengst er á veg komið“.¹⁰⁹¹ Rífllega hálfri öld síðar tekur skáldið og ritdómariinn Jóhann Hjálmarsson undir þetta:

[...] ég held að skáldskapurinn verði að þróast um leið og annað, við getum ekki ort eins og gert var í fornöld, við lifum ekki í fornöldinni, táknin verða að vera í samræmi við okkar eigin reynslu. Þegar Þorstein [frá Hamri] talar um að lúð sé fjöður, snertir það okkur ekki, af því að við skrifum ekki leingur [svo] með fjöður, við hefðum skilið það betur ef skáldið hefði týnt pennisnum sínum eða ritvél þess verið í viðgerð. Þetta eru helstu gallarnir sem mér finnst vera á ljóðum Þorsteins og reyndar margra annarra íslenskra skálda, þau skynja ekki tímann, tóra einhvers staðar afturí forneskju.¹⁰⁹²

Áfram er þó stutt í tortryggnina gagnvart því sem telst nýtt eða utanaðkomandi og þeir sem líta á sig sem fulltrúa nútímalegra viðhorfa sýna oft samtímis viðleitni til að halda í gömul gildi og þjóðernislegar áherslur. Viðhorfin til framúr stefnu, nýrra bókmenntaforma og erlendra áhrifa, ekki síst hinnar alþjóðlegu akademíu og nýstárlegrar fræðilegrar orðræðu, eru því oft blandin.

Þetta kemur ekki hvað síst fram í ritdómum, sem eru öðrum þræði tæki bókmenntastofnunarinnar og leitast sem slíkir við að tryggja ákveðin viðmið andspænis nútímalegri, írónískri og jafnvel kaldhæðinni¹⁰⁹³ meðvitund um afstæði (sjá bls. 243). Hins vegar er ákveðin írónía einmitt grundvöllur virkni þeirra; öll gagnrýni þarfnast þeirrar

¹⁰⁹⁰ „Rather, the system acts as a series of ‘constraints’, in the fullest sense of the word, on the reader, writer and rewriter. He or she can, therefore, choose to ‘go with the system’, so to speak, to stay within the parameters delimited by the constraints — and much great literature does precisely that — or, alternatively, he or she may choose to go against the system, to try to operate outside the constraints of his or her time, by reading works of literature in other than the received ways, by writing them in ways different from those considered great at a particular time and in a particular place, by rewriting them in such a manner that they tend not to fit in with the dominant poetics or ideology of his or her time and place, but with an alternative ideology, an alternative poetics.“ Lefevre: „Why Waste our Time on Rewrites?“, 225.

¹⁰⁹¹ Henrik Ussing: „Nútiðarbókmenntir Dana“, þýð. B.B., *Eimreiðin*, 3, 1898, 184.

¹⁰⁹² Jóhann Hjálmarsson: „Í svörtum kuflí“, ritdómur um *Í svörtum kuflí* eftir Þorstein Jónsson frá Hamri, *Birtingur*, 3-4, 1958, 63.

¹⁰⁹³ Hér er gengið út frá því að kaldhæðni sé ein tegund íróníu.

fjarlægðar og tvöfeldni í sjónarhorni sem einkennir íróníska sýn.¹⁰⁹⁴ Gangist gagnrýnendur algjörlega inn á forsendur verks eru þeir einfaldlega að endursegja það. Í ritdómum sameinast ritdómari og lesandi gjarnan andspænis og í fjarlægð frá verki og höfundu og í krafti fjarlægðarinnar er felldur dómur — rétt eins og í satírunni, einni af formæðrum listgagnrýninnar. Matthew Arnold kallar slíka fjarlægð hagsmunaleysi (sjá bls. 162), Hume hreinsun (sjá bls. 167-169) og Oscar Wilde sóttreinsun.¹⁰⁹⁵

Wilde er dæmi um gagnrýnanda sem beinir athyglinni með nútímalegri meðvitund að leiknum sem fram fer á bókmenntasviðinu með þeim afleiðingum að allt sem hann segir er gegnsýrt af truflandi (og kaldhæðinni) meðvitund um eigin þversagnir. Í tveimur tímaritsgreinum hans frá 1890 um hina „sönnu virkni og gildi gagnrýninnar“ segir að aðeins með þróun hins „gagnrýna anda“ getum við orðið algjörlega nútímaleg í sannri merkingu þess orðs, en með gagnrýnum anda á hann einmitt við sjálfsvitund.¹⁰⁹⁶ Wilde hefur verið sagður dansa á mörkum hins rómantíska og móderníska í skrifum sínum¹⁰⁹⁷ en þessi skrif hans um gagnrýnina eru í raun framhald af og svar við grein Matthews Arnolds um gagnrýni frá því um þrjátíu árum fyrr (sjá bls. 162) og varpa m.a. írónísku ljósi á grísku arfleifðina sem hið endanlega og miðlæga viðmið. Þetta endurspeglast ekki hvað síst í forminu, en ritið er sett upp sem samtal milli sögupersónanna Ernests, sem orðar að mörgu leyti viðtekin viðhorf til lista og gagnrýni, og Gilberts, sem er frekar eins og málpípa Wildes sjálfs, þótt ekkert sé öruggt í þessum efnum; lesandinn getur aldrei verið fullkomlega viss um afstöðu höfundarins til fullyrðinganna í verkinu. Reyndar virðist höfundurinn einmitt leyfa sér að sveiflast milli andstæðra póla, enda er hreyfanleiki eitt grundvallareinkenni gagnrýnnar hugsunar að hans mati.¹⁰⁹⁸ Wilde notar sókratískar samræður í anda Platons, þar sem annar aðilinn í samtalinu gegnir aðallega því hlutverki að láta leiða sig áfram í átt að niðurstöðu vitrari aðilans og spyrja gagnlegra spurninga, en sjálfsvitund textans birtist m.a. í því að samtalsforminu er lýst sem dásamlegu bókmenntaformi sem skapandi gagnrýnendur, allt frá Platoni, hafi nýtt sér. Með því geti hugsuður bæði afhjúpað sig og dulið; sýnt hlutina frá öllum sjónarhornum, í þrívídd eins og myndhöggvari, og náð betur utan um þá. Wilde leikur því eftir reglum um leið og hann bendir á um hvers lags blekkingaleik sé að ræða. Hann bendir jafnvel á siðleysið

¹⁰⁹⁴ Írónía hefur m.a. verið skilgreind sem einhvers konar mismæmi milli sjónarhorna. Sjá Robert Scholes og Robert Kellog: *The Nature of Narrative*, London, Oxford og New York, Oxford University Press, 1968, 240.

¹⁰⁹⁵ „The tears that we shed at a play are a type of the exquisite sterile emotions that it is the function of Art to awaken in us.“ Wilde: „The Critic as Artist“, 380.

¹⁰⁹⁶ Oscar Wilde: „The True Function and Value of Criticism: with Some Remarks on the Importance of Doing Nothing“, *The Nineteenth Century: A Monthly Review*, Kegan Paul Trench, & Co 1890, 382, sótt 2. september 2011 af http://www.ajdrake.com/etexts/texts/Wilde/Works/true_function_1890.pdf.

¹⁰⁹⁷ Hann hefur verið kallaður „dekadent“ höfundur en það hugtak hefur lítið verið notað á Íslandi.

¹⁰⁹⁸ Wilde: „The Critic as Artist“, 357.

sem í frásagnartækninni felst, að höfundur geti með þessu ímyndað sér mótherja og sannfært hann, þegar honum hentar, með fáránlegri en fagaðri röksemdafærslu, en notar tæknina engu að síður af miklu fjöri og lætur Gilbert staðhæfa að hin raunverulega þraut felist í því að reyna að sannfæra sjálfan sig, og til að komast að því hverju maður trúir sjálfur í raun og veru sé best að tala í gegnum aðra.¹⁰⁹⁹ Þverstæður sem þessar eru eitt helsta frásagnartæki Wildes en hann notar þær markvisst í þessu verki til að sýna fram á að lögmálin sem gilda á listasviðinu eru ekki aðeins sjálfstæð heldur mótsagnakennd og afstæð.

Til að komast að sannleikanum verður maður að ímynda sér ógrynni ósanninda. Því hvað er Sannleikur? Í trúarlegum málefnum er hann einfaldlega síðasta skoðunin sem hélt velli. Í vísindum er hann mesti stórviðburðurinn. Þegar kemur að listinni er hann síðustu hughrifin sem maður upplifði.¹¹⁰⁰

Með slíkum rökum styður Wilde kröfuna um listrænt frelsi til túlkunar, eða „skapandi gagnrýni“. Hér er vert að rifja upp þá kenningu Pierres Bourdieu að undir vissum sögulegum kringumstæðum geti þróast svið menningar og lista sem séu tiltölulega sjálfstæð frá öðrum sviðum mannlífsins og lúti lögmálum sem séu á skjön við þau sem ríkja annars staðar (sjá bls. 11 og 240). Wilde bendir einnig á þann möguleika er Ernest, fulltrúi hins venjulega manns, gagnrýnir Gilbert og segir hann snúa heiminum á hvolf eins og kristalskúlu til að þjóna duttlungafullu ímyndunarafli sínu, hann endurskrifi söguna, og Gilbert svarar því til að slík endurritun sé einmitt eitt af helstu hlutverkum hins gagnrýna anda. „Því hvað er hugur nema hreyfing á vitsmunasviðinu?“¹¹⁰¹ spyr Gilbert síðar en samkvæmt honum er það gagnrýnin hugsun, sjálfsvitundin, sem kemur hreyfingunni af stað, uppgötvar nýja hluti, á meðan skapandi hugsun er í eðli sínu endurtekningarsöm.¹¹⁰²

Gilbert tekur undir margar af fullyrðingum Matthews Arnolds, til dæmis þá að gagnrýnin hugsun móti hugmyndalegan jarðveg síns tíma og geri þar með sköpun mögulega; fínþússi og þroski þá náttúrulegu hæfileika sem eru til staðar. Hann líkir gagnrýnni hugsun við eins konar eimun þess sem skiptir máli og sem gerir menningu mögulega. Gagnrýnin skapi heimspekilegt hugarfar sem elskar sannleikann sannleikans vegna og kannski einmitt vegna þess að hann er alltaf utan seilingar, en hér vísar Gilbert til orðalags Arnolds um

¹⁰⁹⁹ Sama, 391.

¹¹⁰⁰ „To know the truth one must imagine myriads of falsehoods. For what is Truth? In matters of religion, it is simply the opinion that has survived. In matters of science, it is the ultimate sensation. In matters of art, it is one's last mood.“ Sama, 391.

¹¹⁰¹ „For what is mind but motion in the intellectual sphere?“ Sama, 359 og 393.

¹¹⁰² Sama, 357.

„frjálstan leik hugans“.¹¹⁰³ Wilde gengur þó lengra en Arnold, sem telur gagnrýna hugsun ætíð óæðri skapandi hugsun, og lætur Gilbert hafna þeirri platonsku fullyrðingu Ernests að gagnrýni sé aðeins endurómur eða skuggi af Listinni.¹¹⁰⁴ Gilbert svarar með þeirri staðhæfingu að gagnrýni sé ekki aðeins, eins og listin, bæði skapandi og sjálfstæð. Á sama hátt og klassísku skáldin hafi ekki unnið úr lífinu sjálfu heldur úr goðsögum og hetjusögum, fáist gagnrýnandinn að auki við skáldskap, efnivið sem aðrir hafi eimað fyrir hann, og bæti við formi og lit með ímyndunarafli sínu. Því sé æðsta form gagnrýnnar meira skapandi en sköpun því hún hafi minni vísanir til ytri viðmiða og aðeins eigin ástæður fyrir tilveru sinni. Ekki megi því dæma gagnrýni út frá því hvort hún nái að lýsa verkinu sem fjallað er um, segir hann og hafnar þeirri fullyrðingu Matthews Arnold að gagnrýnin eigi að sýna „hlutina eins og þeir eru í raun og veru“.¹¹⁰⁵ Um leið losar Wilde gagnrýnina undan kröfum um að hún eigi að vera sanngjörn gagnvart verkinu sem gagnrýnt er — eða hafi yfirhöfuð nokkrar skyldur aðrar en að þjóna gagnrýninni sjálfri, hinum frjálsa leik hugans.

Á 20. öldinni varð krafan um sjálfstæði listgagnrýnnar hávær, en hún var ekki bundin við þessa „skapandi“ hlið hennar og átti sér einnig öfluga talsmenn meðal akademískra fræðimanna. Var hún m.a. hluti af alþjóðlegri hagsmunabaráttu innan háskólanna, átökum um virðingarstöðu fræða (og þar með um fjármagn) í háskólaumhverfi sem einkenndist af vaxandi áherslu á frjálst vísindastarf. Í vígsluræðu Björns M. Ólsens við stofnun Háskóla Íslands sagði hann nauðsynlegt að skólinn hefði „fullkomið rannsóknarfrelsi og fullkomið kenslufrelsi“ en frjáls vísindi voru „hugsjón háskólanna“ í Evrópu á 19. og 20. öld, þótt veruleikinn væri reyndar oftast sá að þeir voru háðir ríkisvaldinu um fjármagn.¹¹⁰⁶ Þeir sem fengust við bókmenntafræði gerðu stundum kröfu um frelsi til sköpunar, eða skapandi túlkunar, að hætti Wildes, en þeir vísuðu fyrst og fremst til þessarar auknu almennu áherslu á óháð vísindi og frelsi til vísindalegrar iðkunar. Árið 1957 tók til dæmis kanadíski bókmenntafræðingurinn Northrop Frye undir það viðhorf að bókmenntagagnrýni væri, líkt og viðfangsefni hennar, greinilega einhvers konar list, en spyr hvort gagnrýni geti ekki verið í senn vísindi og list. Bók hans, *Anatomy of Criticism*, er hluti af tilraun hans til að skapa sjálfstæða, vísindalega bókmenntateoría, og vísar hann í þeim efnum til Matthews Arnolds:

¹¹⁰³ Wilde: „The Critic as Artist“, 406.

¹¹⁰⁴ Ernest er látinn orða það viðhorf að hið fullkomna klassíska listaverk sé hið eina sanna viðmið sem ekki sé hægt að lýsa nema með verkinu sjálfu. Þessi hugmynd felur í sér að listgagnrýni sé í eðli sínu annars flokks nálgun að sannri list, nokkurs konar platonsk skuggamynd af hinu fullkomna ídeali sem á okkar tímum verður æ útþynntari. Gilbert hefur þó áður bent á að þessi klassíska tími fullkonnunar hafi aldrei verið til og sé aðeins skemmtileg mýta fyrir lærða menn í forréttingastöðum að halda á lofti. Sama, 363-364 og 349.

¹¹⁰⁵ Sama, 364-366.

¹¹⁰⁶ Guðmundur Hálfðanarson: „Embættismannaskólinn 1911-1961“, *Aldarsaga Háskóla Íslands 1911-2011*, ritstj. Gunnar Karlsson, Reykjavík, Háskólaútgáfan, 2011, 68 og 66.

Og rétt eins og það er ekkert sem heimspekingurinn getur ekki hugleitt á heimspekilegan hátt, og ekkert sem sagnfræðingurinn getur ekki fjallað um í sögulegu samhengi, þá ætti gagnrýnandinn að vera fær um að byggja upp og dvelja í sínum eigin hugtakaheimi. Þessi gagnrýni heimur virðist vera eitt af því sem gefið er í skyn í hugmynd Arnolds um menningu.¹¹⁰⁷

Íslenskir gagnrýnendur á fyrri hluta 20. aldarinnar gerðu að einhverju leyti slíka akademíska kröfu um sjálfstæði og kröfðust þess að fá að rýna í bækur á vísindalegum forsendum.

Vísindin og ættjarðarástín

Sigríður Matthíasdóttir segir að almennt hafi tekist á tvenns konar hugmyndafræði í Evrópu í upphafi 20. aldar; „róttækni á ýmsum sviðum menningar og lista“ og „menningarleg íhaldssemi“ sem tengdist almennri svartsýni, þeirri tilfinningu að „vestræn menning væri að hruni komin“.¹¹⁰⁸ Vísar hún m.a. til greinar eftir Aðalbjörgu Benediktsdóttur sem birtist í *Hlín* árið 1927. Þar segir m.a.:

Það hefir ef til vill heldur aldrei reynt meira á lífsmátt og trú nokkurrar kynslóðar en þeirrar, sem nú er uppi og hefir verið sjónarvottur að öllum [svø] þeim ógnum og hörmungum, sem gerst hafa síðan styrjöldin mikla hófst. [...] Við spyrjum og spyrjum: Eru þetta alt sjálfskaparvíti?

Eða eru nú allar illvættir lausar og hafa vikið frá völdum öllu því, sem gott er? Ætlar *aldrei* að birta eftir þessa voða nótt? Rennur aldrei framur bjartur hamingjudagur, er beri giftusamleg störf, bætur og nýjar vonir í skauti sínu? Svona spyrjum við.¹¹⁰⁹

Aðalbjörg segir að það sem mennirnir helst sóttust eftir „á síðustu öld“, þekking, auður og völd, hafi ekki reynt góð haldreipi. Vænlegustu „heilsubrunna“ á þessum erfiðu tímum telur hún dagleg störf, „andlegt samneyti við góða og göfuga menn“ (til dæmis gegnum bækur) og fegurðina sem eigi uppruna sinn í náttúrunni, þótt borgarmeningin ógni henni nú.¹¹¹⁰

Sigríður Matthíasdóttir bendir á að hér á landi hafi menningaríhaldssemi helst tengst þjóðernishugmyndum. Hver Íslendingur hafi átt að „sýna þjóðinni æðstu hollustu“ en „[f]relsis- og jafnréttishugsjónir 19. aldar, lýðræðisþróun, sósíalismi og kvenréttindi, voru gerð ábyrg fyrir því hvernig komið var“.¹¹¹¹ Hún sér til dæmis merki um „nýjan og harkalegri tón í umræðunni um kvenleikann á árunum 1911-1912, með áherslu á „ónáttúrulegt“ kvæðli

¹¹⁰⁷ „And just as there is nothing which the philosopher cannot consider philosophically, and nothing which the historian cannot consider historically, so the critic should be able to construct and dwell in a conceptual universe of his own. This critical universe seems to be one of the things implied in Arnold's conception of culture.” Frye: „Polemical introduction“, 12.

¹¹⁰⁸ Sigríður Matthíasdóttir: *Hinn sanni Íslendingur*, 118-119.

¹¹⁰⁹ Aðalbjörg Benediktsdóttir: „Erindi flutt á 30 ára afmæli kvenfjel. Húsavíkur 13. febr. 1925“, *Hlín*, 1927, 99.

¹¹¹⁰ Sama, 99-108.

¹¹¹¹ Sigríður Matthíasdóttir: *Hinn sanni Íslendingur*, 68-72 og 118-121.

og spillingu og hnignun sem því fylgdi“, einmitt þegar mörg af helstu baráttumálum kvenna fá brautargengi. Djúp skil hafi orðið milli skilgreiningar á eðli „þjóðarinnar“ annars vegar og eðli kvenfólks hins vegar. Bríet Bjarnhéðinsdóttir hafi tekið eftir því að hugtök á borð við „frelsi“, „frjálslyndi“ og „framfarir“ vísuðu fyrst og fremst til karlmanna¹¹¹² og umdeilt hafi verið „hvort konur hefðu ýmis þeirra einkenna sem talin voru prýða hinn pólitíska einstakling og um leið hinn sanna Íslending, eins og líkamlegan styrk, gáfur og skarpa og skýra hugsun“.¹¹¹³

Stofnun Háskóla Íslands árið 1911, á afmælisdegi Jóns Sigurðssonar, sem þá var orðinn að sjálfstæðishetju, undirstrikar þá staðreynd að meginmarkmið háskólans var talið að efla hið þjóðlega og stuðla að sjálfstæði íslensku þjóðarinnar. Menntamennirnir sem mótuðu háskólann voru hins vegar allir menntaðir erlendis og byggðu kennivald sitt að miklu leyti á þekkingu á alþjóðlegum hræringum í fræðum og listum. Þetta má ekki síst merkja á fræðilegum tímaritum menntamanna eins og *Eimreiðinni*, en á stefnuskrá hennar var m.a. að „flytja íslenskan og útlendan skáldskap og fræða almenning um íslenskar og erlendar bókmenntir [...] sérstaklega vorra nánustu frændþjóða, og þau útlend rit, sem að einhverju leyti snerta eða standa í nánú sambandi við Ísland og íslenskar bókmenntir“.¹¹¹⁴ Í efnisþættinum „Víðsjá“ var oft fjallað um erlendar bækur og erlenda höfunda og forsendurnar voru ekki alltaf áberandi þjóðlegar, eins og sést í eftirfarandi orðum Guðbrands Jónssonar frá 1935:

Í annars ágætri þýðingu á sögu Maupassants, „Ókindin í eyranu á honum Frigga í Fagradal“, hefur manna- og staðanöfnum verið snúið til íslenzks vegar. Það fær alls ekki sett íslenzkan blæ á söguna, enda á ekki að koma íslenzkur blær á erlendar sögur, en hins vegar sviftir það burtu nokkru af franska blænum og það er til skemda.¹¹¹⁵

Í sama tölublaði birtist ritdómur um franska þýðingu á Grettis sögu þar sem Thora Friðriksson eyðir fyrstu einni og hálfri blaðsíðunni í að segja frá viðbrögðum Andrés Thérives, „sem nú þykir einna beztur og frumlegastur ritdómari með Frökkum“, því þau gefi „nokkra hugmynd um, hvernig íslenzk saga kemur þeim fyrir sjónir sem alls ekki hafa fengist við germönsk fræði, en þar á móti hafa drukkið í sig „klassiska“ mentun með móðurmjólkinni og lesið gríska og latneska höfunda frá barnsaldri, eins og hámentaðir Frakkar yfirleitt gera“. Telur hún þetta „athugunarefni fyrir unga íslenzka fræðimenn“ því „flestir mentamenn

¹¹¹² Sjá „Sjálfstæði“, *Kvennablaðið*, 17. september 1902, 65. Einnig „Skúli Thóroddsen, alþingismaður“, *Kvennablaðið*, 15. júní 1916, 33. Sótt í Sigríður Matthíasdóttir: *Hinn sanni Íslendingur*, 91.

¹¹¹³ Sigríður Matthíasdóttir: *Hinn sanni Íslendingur*, 241.

¹¹¹⁴ „Hvað Eimreiðin vill“, *Eimreiðin*, 1, 1899, 98-100.

¹¹¹⁵ Guðbrandur Jónsson: „Ritsjá“, ritdómur um *Sögur frá ýmsum löndum*, *Eimreiðin*, 1, 1935, 117.

Miðjarðarhafspjóðanna muni verða fyrir líkum áhrifum og André Thérive, þegar þeir í fyrsta sinn lesa einhverja forn-íslenska sögu.¹¹¹⁶ Thora hafði fimmtán árum fyrir skrifað grein um uppfærslu í París á *Galdra-Lofti* Jóhanns Sigurjónssonar. Þar taldi hún það einnig skyldu sína, eftir að hafa lesið íslenska frétt „sem sagði að Galdra-Loftur hefði fengið hól í frönskum blöðum“, að koma á framfæri gagnrýni þekkts fransks „fagurfræðings“ er taldi sýninguna „hið fullkomnasta sýnishorn af falskri andagift“. Fannst Thoru það „auðvitað vingjarnlegt að halda því á loft, að í hvert sinn sem Íslendingur opni munninn eða stingi niður penna, þá standi allur heimurinn með öndina í hálsinum til að klappa honum lof í lófa“ en sagðist ekki halda að það væri „rétt gagnvart hinum ungu listamönnum vorum, að teygja þá á eyrunum með oflofi“. Önnur ástæða sem Thora tiltekur fyrir skrifum sínum er sú að samanburður á íslenskri og erlendri gagnrýni um verkið hafi gildi í sjálfu sér og bendir hún í því samhengi á hversu athyglisvert það sé „að með margra ára millibili og í margra mílna fjarlægð skyldi Bjarni Jónsson frá Vogu og Adolphe Brisson komast að sömu niðurstöðu um aðalatriðin í *Galdra-Lofti*, þó að auðvitað væri dómur Bjarna mildari, þar sem hann stóð svo miklu betur að vígi til að skilja höfundinn“.¹¹¹⁷ Thora lætur fylgja með eigin upplifun á uppsetningu verksins og gerir mikið úr því hversu illa hafi tekist við að koma íslenskum reynsluheimi til skila í frönsku samhengi:

Eins og við mátti búast höfðu þessir útlendu leikarar, sem hvorki þektu Ísland né Íslendinga af eigin sjón, orðið að skapa sér sjálfir hugmyndir um íbúana á okkar kalda og afskekta landi. Að hinn langi dimmi vetur hljóti að gera okkur þunglynda og alvarlega er almenn skoðun á Frakklandi og til að sýna þessar lyndiseinkunnir, þá töluðu persónurnar afar hægt og hátíðlega, það lá við sjálft að þær drægju seiminn. Nafnið *Ísland* hafði þannig dáleitt leikendurna, að þær ástríður og ást, sem finnast í leikritinu, og sem ef til vill geta að nokkru breitt yfir galla þess, urðu að ísköldum harmagrátu og jafnvel bros Dísu var eins og frostblóm. Ekki svo að skilja, að leikendurna vantaði *viljann* til að gera vel, en þá vantaði *þekkingu* á þjóð vorri og landi, og um það gefur leikritið sjálft engar bendingar.¹¹¹⁸

Þekking Thoru á erlendri, fagurfræðilegri umræðu veitir Íslendingum innsýn í það hvernig aðrar þjóðir upplifa bæði samtímaverk þeirra og fornþekkingu þeirra, sem taldar eru helsti menningarauður okkar. Hins vegar telur hún sig einnig geta dæmt um það sem menntaður Íslendingur hvort erlendir fræðimenn á borð við Fernand Mossé, þýðanda Grettis sögu, sem „hefur fengist við íslenskar bókmentir um fjórðung aldar“, nái tókum á viðfangsefninu. Hún kemst til dæmis að þeirri niðurstöðu að þýðingar hans á staðanöfnum séu oft hljómfagar á

¹¹¹⁶ Thora Friðriksson: „Ritsjá“, ritdómur um Grettis sögu í þýðingu Fernands Mossé, *Eimreiðin*, 1, 1935, 117-120.

¹¹¹⁷ Thora Friðriksson: „Galdra-Loftur leikinn í París“, *Morgunblaðið*, 12. ágúst 1920, 2. Sami dómur birtist einnig í *Ísafold* 23. ágúst 1920.

¹¹¹⁸ Sama, 2.

meðan þýðing á borð við „Fjord du Ballon“ á staðarheitinu Borgarfjörður sé „næsta óviðkunnanleg“.¹¹¹⁹ Ritdómar Thoru endurspeglar því ágætlega tvöfalda stöðu menntamanna; þeir eru í senn verndarar íslenskrar menningar og sérfræðingar í útlendum fræðum.

Stofnun Háskóla Íslands var merki um það að menningarmiðjan var smátt og smátt að færast frá Danmörku og heim til Íslands,¹¹²⁰ en þessi tilfærsla, ásamt gríðarlegri þjóðernislegrri áherslu á hið séríslenska og almennri menningarlegri íhaldssemi, togaðist á við vaxandi kröfur um alþjóðlega þekkingu, vísindaleg vinnubrögð og fagmennsku við uppbyggingu íslenskrar akademíu. Alexander Jóhannesson, sem var með háskólagráður frá Kaupmannahöfn og Þýskalandi og átti stóran þátt í uppbyggingu íslensks háskólasamfélags, skrifaði grein um erlendar framúrstefnur í myndlist árið 1922. Þar segir hann frá myndverkum og greinir þau, auk þess að vísa til alþjóðlegrar listasögu og ýmissa listkenninga. Hann tekur fyrir hugmyndir á borð við þær að framúrstefnulistamenn séu hreinlega geðveikir og útskýrir forsendur framúrstefunnar, t.d. að „hlutir, sem í sjálfu sér eru ljótir“ geti „verið falletgir í listaskilningi“ og að lítið sé varið í list sem sé aðeins eftirlíking náttúrunnar en „sönn list“ sé „fölgin í gagnverkun listamannsins og náttúrunnar, í tilfinningasambandi listamannsins við náttúruna“.¹¹²¹ Þrátt fyrir að Alexander endi á að hafna róttækustu hugmyndunum sem öfgum sem muni „aldrei geta borið listanafn“¹¹²² er grein hans liður í því að innleiða hér vísindalega orðræðu um listir. Í grein hans má sjá tilraun til að víkka út sjóndeildarhring landsmanna með skírskotunum til alþjóðlegra hræringa en greinin vitnar einnig um þjóðlega íhaldssemi sem afgreiðir erlendar stefnur með hálfgerðri fyrirlitningu: „Líkt er og um teikningar barna og svonefnda list menningarsnaðra þjóða, að alt samband og samræmi við náttúruna vantar.“¹¹²³ Greinin ber einnig vott um áherslu á fræðileg vinnubrögð eins og að gera grein fyrir öllum hliðum málsins, vega og meta þunga röksemdanna og taka afstöðu út frá því. Nákvæm vinnubrögð voru reyndar talin helsti kosturinn við ritsmíðar Alexanders, ef marka má grein Jakobs Jóhannessonar Smára um „Dr. Phil. Alexander Jóhannesson“ í *Ódni* árið 1918. Þar segir að Alexander hafi nokkuð „gefið sig við bókmentalegri gagnrýning („kritik““ þar sem beri mjög á þeim eiginleikum hans að vera „starfsmaður mikill, athugull og nákvæmur“.

¹¹¹⁹ Thora Friðriksson: „Ritsjá“, ritdómur um Grettis sögu í þýðingu Fernands Mossé, 117-120.

¹¹²⁰ Þetta má m.a. sjá af útgáfustöðum helsta málagns menntamanna; *Eimreiðin* sem hóf göngu sína 1895 var gefin út í Kaupmannahöfn þar til ritstjórnin var flutt til Reykjavíkur á fullveldisárinu 1918. Vilhjálmur Þ. Gíslason: *Blöð og blaðamenn 1773-1944*, 277. Frá 1904 kom *Skírnir* einnig út í Reykjavík.

¹¹²¹ Alexander Jóhannesson: „Um málalalist nútímans“, *Eimreiðin*, 1, 1922, 24.

¹¹²² Sama, 23-24. Benedikt Hjartarson hefur fjallað um viðhorfin til framúrstefnu sem birtast í þessari grein Alexanders, sjá Benedikt Hjartarson: „Af úrkynjun, brautryðjendum, vanskapnaði, vitum og sjáendum“, 108-109.

¹¹²³ Alexander Jóhannesson: „Um málalalist nútímans“, 23-24.

hann þar „skarð, sem lengi hefur verið tilfinnanlega autt hjer á landi“.¹¹²⁴ Á *Vísindavefnum* kemur fram að Jón Helgason, sem lauk doktorsprófi við Háskóla Íslands árið 1926 en stundaði eftir það fræðastörf í Noregi og Danmörku, hafi einnig sett fordæmi þar sem vönduð vinnubrögð og nákvæmni í meðferð heimilda sátu í fyrirrúmi.¹¹²⁵ Alexander og kollegar hans slá því vísindalegan tón í skrifum sínum og hinar tæknilegu áherslur minna á „fyrstu ritdómama“ (sjá t.d. bls. 144-147), þar sem vísindaleg aðferðafræði var notuð til að ljá ritdómum ákveðna kjölfestu og trúverðugleika.

Sérfræðipekking og vandvirk vinnubrögð nægja þó ekki ein og sér til að komast í ritdómarastöðu og halda henni. Það þarf líka ákveðna tegund af pennafærni; hæfni til að skrifa fyrir prentmiðla. Thora Friðriksson er vissulega „tvöfaldur sérfræðingur“ þegar kemur að því að dæma frönsku útgáfuna af Grettis sögu, en hún á einnig að baki áralanga reynslu af greinaskrifum, fyrst fyrir *Kvennablaðið* og síðar *Eimreiðina*. Hún er reyndar ein af örfáum konum sem komast í ritdómarastöðu, ásamt m.a. Björgu C. Þorláksson Blöndal, fyrsta íslenska kvendoktornum, og Aðalbjörgu Sigurðardóttur, sem hafði látið að sér kveða á flestum öðrum sviðum menningarumræðunnar og naut mikillar virðingar áður en hún hætti sér í ritdómastarfið. Það er greinilegt að ritdómarastarfið er ekki talið á færi hvers sem er og oftast er ekki ráðast menn ekki í það fyrir en þeir hafa sannað sig sem fræðimenn, skáld og í greinaskrifum. Ritdómarar eru einnig meðvitaðir um ábyrgðina og hugsanlegar óþægilegar afleiðingar sem fylgja þessu vandasama starfi. Meira að segja Kristján Albertsson, sem hélt á lofti þeirri skyldu ritdómara að vera óvægjur, fann sig stundum knúinn til að setja fram yfirlýsingar um að hann bæri ekki illvilja heldur velvilja í garð höfunda (sjá bls. 289). Að auki er staða ritdómarans ótrygg. Hann þarf sífellt að sanna sig með þátttöku í átökum bókmenntasviðsins (sjá bls. 299-301). Það gæti að hluta til skýrt þá staðreynd að langt fram yfir miðja öld nær engin kona að byggja upp langan feril sem ritdómari. Sigríður Matthíasdóttir hefur sýnt fram á að „skynsemi, greind og andleg[u] atgervi“, eiginleikum sem álitnir voru karlmannlegir, var á þessum tíma stillt upp „sem andstæðu hins órökvísa og tilfinningahlaðna kvenlega sjálfs“. Karlar hafi orðið tákngervingar nútíma og framfara en konur einhvers konar lifandi tengiliðir við „þjóðlegar hefðir“ og fortíð. Það hafi hins vegar ekki verið „fyrir en á þriðja áratug 20. aldar að það tókst með afgerandi hætti að tengja kvenleikann heimilishaldi og móðurhlutverki“ og ljóst „að það ríkti engin félagsleg sátt um kvenleikann og hlutverk kvenna í íslensku þjóðfélagi á fyrri hluta 20. aldar“. Konur gátu

¹¹²⁴ Jakob Jóh. Smári: „Dr. phil. Alexander Jóhannesson“, *Óðinn*, maí 1918, 12.

¹¹²⁵ Gunnlaugur Ingólfsson: „Hver var Jón Helgason og hvert var framlag hans til íslenskra fræða?“, *Vísindavefurinn*, 21. júní 2011, sótt 11. nóvember 2011 af <http://visindavefur.hi.is/svar.php?id=59991>.

„markað sér stöðu í þjóðfélaginu, þar sem þær héldu ofangreindar hugmyndir í heiðri að einhverju leyti“ en slíkt gerði þeim erfitt fyrir að halda til streitu rétti sínum til „að vera sýnilegar á opinberu sviði, sem nútímalegir einstaklingar með völd í samfélaginu“.¹¹²⁶ Menningarumræðan ber þess merki; konur verða áfram sjaldséðir gestir á síðum karlablaðanna og kvennablöð á borð við *Hlín* einbeita sér að mestu leyti að málefnum er þykja kvenleg, eins og heimilishaldi, uppeldi og garðrækt. Umræða um bókmenntir og listir var þar ekki mikil þótt þar væri áfram vettvangur til að birta ljóð og sögur kvenna. Sigrún Pálsdóttir Blöndal viðrar meira að segja þá skoðun í *Hlín* að konur öðlist „þekkingu á hlutunum á annan hátt en karlar, eða ekki fyrst og fremst með aðstoð vitsmunanna eða skynseminnar“ og hafi því ekki þann hæfileika til að tjá sig og hugsa rökrétt sem sé nauðsynlegur til að fjalla um ljóð, þótt þær af eðlisávisun geti skynjað góðan skáldskap þegar þær upplifi hann.¹¹²⁷ Hún talar svo sannarlega ekki fyrir munn allra eða flestra samtímakvenna sinna en grein hennar er þó merki um breyttar áherslur frá því er *Kvennablaðið* og *Framsókn* voru að sækja í sig veðrið (sjá 4. kafla).

Árið 1945 hófu Valborg Bentsdóttir, Karólína Einarsdóttir og Valdís Halldórsdóttir útgáfu á ársritinu *Embla*. Í ávarpi þeirra í fyrsta tölublaðinu segir að tilgangurinn sé „að birta sem fjölbreyttastar ritsmíðar kvenna, fornar og nýjar“, sérstaklega þær sem annars myndu ekki birtast. „Við vitum að Ísland á margar vel ritfærar konur“, segir í ávarpinu¹¹²⁸ en í fyrsta blaðinu er efni eftir fjölda kvenna.¹¹²⁹ Aftast er að auki listi yfir nýjar bækur eftir konur. Árið 1947 segir í *Tímanum* að *Embla* sé „ánægjulegur vitnisburður um ritleikni íslenzkra kvenna“. Í því megi „glöggst sjá, að býsna margar íslenzkar konur kunna svo á penna að halda, að þær eru hlutgengar hvar sem er“.¹¹³⁰ Sama ár lofar einnig Jakob Kristinsson framtakið í *Morgunblaðinu*.¹¹³¹ Þátttaka kvenna í samfélags- og menningarumræðu á opinberum

¹¹²⁶ Sigríður Matthíasdóttir: *Hinn sanni Íslendingur*, 85-92, 179-180, 234, 240-241 og 247-249. Svipaða sögu segir Erla Hulda Halldórsdóttir í bókinni *Nútímans konur*. Hún tekur „undir það grundvallarsjónarmið að hugmyndin um aðskilin svið [karla og kvenna] hafi á ýmsan hátt þrengt að konum“ en telur þó „nauðsynlegt að gera ráð fyrir sveigjanleika og gerendahæfni, að til hafi verið konur sem gátu andæft hugmyndafræðinni og „samið“ (e. *negotiate*) um stöðu sína — og þannig haft áhrif á umhverfi sitt og hugmyndir um konur og hið kvenlega“. Erla Hulda Halldórsdóttir: *Nútímans konur. Menntun kvenna og mótun kynngervis á Íslandi 1850-1903*, Reykjavík, Sagnfræðistofnun, RIKK og Háskólaútgáfan, 2011, 41.

¹¹²⁷ Sigrún Pálsdóttir Blöndal: „Eðli og hlutverk kvenna. Erindi flutt á bændanamsskeiði á Egilsstöðum í marsmán. veturinn 1926“, *Hlín*, 1926, 104-105.

¹¹²⁸ Karólína Einarsdóttir, Valborg Bentsdóttir og Valdís Halldórsdóttir: „Ávarp“, *Embla*, 1945, 3.

¹¹²⁹ Theodóru Thoroddsen, Huldu, Höllu Loftsdóttur, Torfhildi Hólm, Valdísi Halldórsdóttur, Málfríði Einarsdóttur, Fanneyju Jónsdóttur, Björgu Pétursdóttur, Elínborgu Lárusdóttur, Vigdís frá Fitjum, Ingibjörgu Benediktsdóttur, Arnfríði K. Jónatansdóttur, Ólínu Jónasdóttur, Þórunni Magnúsdóttur, Halldóru B. Björnsson, Halldóru Jónsdóttur, Sigríði Einars, Valborgu Bentsdóttur, Guðrúnu Halldórsdóttur og Líbu Einarsdóttur (Karólínu Einarsdóttur).

¹¹³⁰ „Embla, ársrit kvenna. Ánægjulegur vitnisburður um ritleikni íslenzkra kvenna“, *Tíminn*, 14. febrúar 1947, 4.

¹¹³¹ Jakob Kristinsson: „Tímaritið Embla. Birtir ritverk kvenna í bundnu og óbundnu máli“, *Morgunblaðið*, 3. apríl 1947, 11.

vettvangi hjakkar því enn í sama farinu og undir lok 19. aldar; hún fer fram á sérvettvangi og staldrar greinilega stutt við í menningarminninu því aftur og aftur vekur það undrun í búðum karla að konur *geti* yfir höfuð skrifað texta skammlaust (sjá einnig bls. 225). Árið 1959 segir til dæmis í *Birtingi* að það megi „teljast viðburður í okkar bókmenntum þegar kona gefur út bók, sem telja má til bókmennta“.¹¹³²

Langt fram yfir miðja 20. öld voru aðeins kallaðar til ritdómastarfa einstaka konur sem höfðu þegar sannað færni sína á ritvælinum og bjuggu oft yfir sérþekkingu sem kom að gagni við að fjalla um og dæma tiltekna bók. Í ritdómi Svanhildar Þorsteinsdóttur rithöfundar og frönskukennara um íslenska þýðingu á sögum Maupassants í *Eimreiðinni* árið 1937, sýnir hún til dæmis mikla þekkingu á höfundarverki Maupassants.¹¹³³ Og árið 1948 er Grethe Benediktsson, sem lokið hafði prófi úr klassískri fornleifafræði við Kaupmannahafnarháskóla rúmum áratug fyrr, fengin til að skrifa um *Gengið á reka*, tólf fornleifaþætti eftir Kristján Eldjárn, í *Tímarit Máls og menningar*. Þar kemur hún með nokkuð ferskt sjónarhorn þegar hún segir „beinlínis hressandi að rekast á annað en blinda aðdáun á hetjum sögualdarinnar“¹¹³⁴ í bók Kristjáns. Er freistandi að skrifa það að einhverju leyti á þá staðreynd að hún var dönsk, því hin akademíska áhersla var yfirleitt undirskipuð íslenskum þjóðernishugmyndum hér heima.

Ólafur Rastrick hefur varað við því að draga upp of skarpar andstæður íhaldssemi sem byggja á þjóðernishyggju, fortíðardýrkun og sveitamenningu og nútímahyggju sem byggja á alþjóðahyggju, nútíma og borgarmenningu í menningarmálum.¹¹³⁵ Hann bendir á tvíþenta afstöðu Sigurðar Nordals sem vildi leita eftir „„heilbrigðu“ jafnvægi erlendra áhrifa og heimaefenginnar hugsunar“.¹¹³⁶ Ritdómar 20. aldarinnar endurspeglar að einhverju leyti leitina að því jafnvægi. Þar sem *Eimreiðin* varð einn helsti vettvangur nýrrar kynslóðar menntamanna sem lagði áherslu á alþjóðleg vísindi og fræði, kom þar fljótt fram togstreita milli hinnar ráðandi ættjarðarhollustu, með tilhneigingu til menningarlegrar íhaldssemi, og vísindalegrar menntunar sem höfundarnir töldu hlutverk sitt að halda á lofti í þágu framþróunar. Árið 1896 gagnrýnir Bogi Th. Melsteð rit Finns Jónssonar um sögu fornþjóðmennta Íslendinga og Norðmanna og vill vísindalegt frelsi undan hagsmunapotum og þjóðernisþólitík er hann vísar til ritdeilu um uppruna Eddukvæðanna:

¹¹³² Jón frá Pálmholti: „Þröskuldur hússins“, ritdómur um *Þröskuldur hússins er þjöl* eftir Arnfríði Jónatansdóttur, *Birtingur*, 3-4, 1958, 68.

¹¹³³ Svanhildur Þorsteinsdóttir: „Ritsjá“, ritdómur um *Úrvalsögur* eftir Guy de Maupassant, *Eimreiðin*, 1, 1937.

¹¹³⁴ Grethe Benediktsson: „Umsagnir um bækur“, ritdómur um *Gengið á reka* eftir Kristján Eldjárn, *Tímarit Máls og menningar*, 2-3, 1948, 213.

¹¹³⁵ Ólafur Rastrick: *Háborgin*, 76-86.

¹¹³⁶ Sama, 77.

Tveir íslenzkir menntamenn hafa látið það í ljósi í Reykjavíkurbliðunum, að [Finnur Jónsson] væri að reyna að svipta Ísland Eddukvæðunum, til þess að koma sjer í mjúkinn við Dani. Ef rögburðar-ópokki hefði látið þetta í ljósi, þá hefði enginn á það minnt. En aldrei getur það orðið *menntamönnum* samboðið, að geta eigi hugsað sjer, að menn geti gert vísindalegar rannsóknir án undirhyggju og smjaðurs. [...] Það verða þeir að gera, sem sannir vísindamenn vilja vera, að láta í ljósi þær kenningar, sem þeir finna við rannsóknir sínar, hvort sem þær eru þeim hugljúfar eða eigi. Það hefur dr. Finnur gert.¹¹³⁷

Hugmyndirnar um eðli vísindalegra rannsókna sem Bogi heldur hér á lofti áttu eftir að setja mark sitt á bókmenntaumfjöllun fjölmiðla á 20. öld og tímarit á borð við *Eimreiðina* og *Vöku*, sem kom út á árunum 1927-1929, áttu að vera vettvangur slíkrar vísindalegrar umræðu. Vilhjálmur Þ. Gíslason segir að á fyrri hluta 20. aldar hefjist „tími sérskóla og sérfræðirit, þó að áherzlan á alþýðumeningu haldist“. Fjölmiðlar hafi farið að greinast „meira í almenn blöð og tímarit, sem fyrst og fremst höfðu áhrif á mótun alþýðumeningar, og í sérfræðirit, ætluð tilteknum stéttum og starfshópum“.¹¹³⁸ Það hafði m.a. þau áhrif að ítarleg, fræðileg umræða um bækur færðist úr blöðum ætluðum almennum lesendum og í rit skrifuð af sérfræðingum fyrir „upplýstari“ lesendur. Þessi aukna aðgreining virðist haldast í hendur við almenna tortryggni í garð sérfræðinganna og jafnvel örklar á biturð menntamanna út í dægurmiðlana, ef marka má þau orð Kristjáns Albertssonar frá 1927, að blöðin töluðu „með hátíðlegri virðingu um illa skrifaðar og andlausar skáldsögur og einskisvert ljóðagutl“.¹¹³⁹

„Sérfræðiritin“ fóru þó ekki varhluta af þeim breytingum sem voru að verða á íslenskum fjölmiðlum. Um og upp úr aldamótunum 1900 höfðu áherslur almennu blaðanna, sem báru flest hver einkenni dagblaða þótt þau næðu ekki daglegri útgáfu, ekki aðeins þau áhrif að minnka umfang allrar umfjöllunar, þar með talinna ritdóma, heldur setti aukinn hraði og krafa um aðgengilegan texta einnig mark sitt á bókaumfjöllun almennt. Árið 1898 birtist athugasemd við „Íslenzka hringsjá“ í *Eimreiðinni* þar sem kvartað er undan því að sumar bókanna sem fjallað sé um hafi verið orðnar „nokkurra ára gamlar“ þegar þær bárust *Eimreiðinni* og eru útgefendur beðnir um „að senda oss bækur sínar jafnskjótt og þær koma út, svo þeirra verði getið áður en allt nýjabrumið er af þeim“.¹¹⁴⁰ Þessi beiðni er merki um að áherslan á fréttagildi og hraða er að aukast og hún verður mun öflugri þegar dagblöðin ná loks fótfestu hér á landi upp úr 1910. *Vísir* hóf göngu það ár og í kjölfarið fylgdu m.a. *Morgunblaðið*, *Tíminn* og *Alþýðublaðið*. Þar var áhersla lögð á að flytja nýjar fréttir sem allra

¹¹³⁷ Bogi Th. Melsteð: „Bókafregn“, 152.

¹¹³⁸ Vilhjálmur Þ. Gíslason: *Blöð og blaðamenn 1773-1944*, 303 og 306.

¹¹³⁹ Kristján Albertsson: „Andlegt líf á Íslandi“, 362.

¹¹⁴⁰ Valtýr Guðmundsson: „Íslenzk hringsjá“, *Eimreiðin*, 1, 1898, 76, neðanmáls.

fyrst, í knöppu en þó aðgengilegu formi, og framsettar á máta sem vekti athygli sem flestra. Vilhjálmur Þ. Gíslason bendir á að nýju dagblöðin hafi lagt megináherslu á „efni við alþýðuskap“; fréttir, tilkynningar og afþreyingarefni af ýmsu tagi. Með dagblöðunum hafi komið „nýr bragur á blaðamenskuna“, meiri hraði og „aukin fjölbreytni í sumum fréttum einkum um bæjarmál“. Í „hinni nýju blaðamenskunu“ hafi verið „röskleiki og líf og tilfinning fyrir hvoru tveggja, æsifregn og efnisgildi frásagnar“. Fréttir hafi styst og frásagnir oft orðið „persónulegri en verið hafði“, ¹¹⁴¹ enda hafi það verið „einn þáttur hinnar nýju dagblaðamenskunu að ná sem nánustu sambandi við lesendurna í daglegu lífi“. Umfjöllun um stjórn mála varð fljótt áberandi og stjórn málastefnur lituðu oft efnistösk þótt blöðin lýstu gjarnan yfir hlutleysi sínu, en inn á milli mátti alltaf finna umfjöllun um listir og menningarviðburði. Vilhjálmur segir þó að það hafi verið „nokkuð sundurlaust og af hendingu, um hvaða bækur ritdómar birtust og framhjá hverjum var gengið.“ ¹¹⁴² Lýsing á markmiði *Iðunnar* sem hóf göngu sína í nýrri mynd árið 1915 var nokkuð dæmigerð fyrir áhersluna í blaðamenskunu í byrjun 20. aldar:

Ritið á að vera fræðandi og skemtandi efnis á líkan hátt og áður.[...] Ritið tekur engan þátt í flokkapólitík vorri. En að öðru leyti viljum vér ekkert útiloka, sem verið getur til nytsemdar, fróðleiks eða skemtunar. Hugleikið er oss að skýra lesendum ritsins frá ýmsu því, sem markvert er hugsað og ritað í heiminum. Geta munum vér og stuttlega nýrra bóka, sem oss verða sendar. ¹¹⁴³

Þrátt fyrir þær vísindalegu áherslur sem festu sig í sessi á fyrstu áratugum aldarinnar er ljóst að í slíku fjölmiðlaumhverfi duga þær ekki einar og sér við ritun ritdóma. En þar komu ekki aðeins til þessi áhrif frá fjölmiðlasviðinu, heldur sú staðreynd að ritdómar eru einnig svæði þar sem fræðasviðið og fjölmiðlasviðið skarast við bókmenntasviðið og þar sem hugmyndir um sérstakt eðli listarinnar bætast við fræðilegar kröfur og áherslur almennrar blaðamenskunu.

Brjálaðir vísindamenn

Í bókinni *Frá sjónarheimi*, sem kom út árið 1918, og Ólafur Rastrick segir fyrsta ritið á íslensku sem alfarið er helgað fagurfræði, fléttar Guðmundur Finnbogason sálfræði inn í umfjöllun sína um siðmenntandi eða þroskandi áhrif af sannri list en doktorsritgerð hans hafði snúist um „samúðarskilninginn“, þar sem „listskeynjun og áhrif listaverka á

¹¹⁴¹ Hér má nefna nákvæmar lýsingar á morðmálum og dauðsföllum, upplýsingar úr skattskrá og tilkynningar um afmæli og trúlofanir.

¹¹⁴² Vilhjálmur Þ. Gíslason: *Blöð og blaðamenn 1773-1944*, 264 - 270 og 314.

¹¹⁴³ Ágúst Bjarnason, Einar Hjörleifsson og Jón Ólafsson: *Boðsbréf*, 1915, 1.

listunnandann“ voru m.a. tekin fyrir.¹¹⁴⁴ Í grein frá 1936 hafnar Guðmundur því jafnframt að fegurðin „búi í oss fremur en í hlutunum sjálfum, hún sé fremur hugræn en hlutræn“.¹¹⁴⁵ Byggir hann þá skoðun sína að fegurð sé „jafn hlutræn og lögun hlutar“ á kenningum um að fegurðarsmekkurinn lúti lögmálum um samsvörun og samræmi.

[...] Þar eru hlutföll, sem aftur eru í hlutföllum sín á milli — samstilling eða kerfi, sem ekki má raska án þess að fegurðin breytist eða hverfi. Fagur hlutur er hvorki of né van. Hann er ríki út af fyrir sig og sjálfum sér nógur. Hann er heild, þar sem engu má breyta, svo að ekki sé ver en áður. Þessi lögbundna samstilling allra atriða orkar ósjálfrátt á oss, er vér gefum oss fögrum hlut á vald, þó að langar og hugvitsamlegar athuganir og rannsóknir mundi stundum þurfa til að greina öll þau atriði, er þarna starfa saman, og finna lögmálið, sem þau hlýða, ef það þá tækist. Unaðurinn, sem fagur hlutur vekur, mun koma af því, að fegurðin fullnægir djúpri eðlisþörf, vekur heilbrigt samstarf krafta vorra, starf, sem reynir nægilega á þá, án þess að þreyta þá um of.

[...] En gætum vel að þessu: Unaðurinn er afleiðing fegurðarinnar og ekki hún sjálf. Fegurð hlutar er ekki unaðurinn, sem hann veitir, fremur en sannindi stærðfræðilegrar setningar eru ánægjan, sem nemandanum veitist, er honum tekst að skilja setninguna.¹¹⁴⁶

Guðmundur kemst því að sömu niðurstöðu og Hume tæpum 200 árum fyrr (sjá bls. 116); að menn finni „fegurð í hlutunum, af því að hún er þar, þó að menn séu misnæmir fyrir henni og sami maður geti verið misnæmur fyrir fegurð sama hlutar á ýmsum tímum“.¹¹⁴⁷ Þessar kenningar byggja á hugmynd um að fagurfræðilegt gildi orki „ósjálfrátt“ á menn séu þeir rétt stemmdir — og sumir geti þjálfað sig upp í nánast barnslegt næmi fyrir fegurðinni, lyft „þeirri blæju, er vaninn leggur yfir hlutina“ og látið „þá orka á hugann í öllum sérkennileik sínum“.¹¹⁴⁸

Þegar slíkar hugmyndir bætast við þjóðernislega hugsjón um uppfræðslu íslenskrar alþýðu er kannski eðlilegt að þrátt fyrir viðleitni manna á borð við Guðmund Finnbogason til að renna vísindalegum stoðum undir fagurfræðilega dóma gera ritdómarar ekki miklar tilraunir til að innleiða vísindalegan eða tæknilegan orðaforða í almenna bókaumfjöllun. Meira að segja í ritdómum fræðimanna um vísindarit er megináhersla lögð á alþýðleika. Heimspekingurinn Björg C. Þorláksson skrifaði nokkra fræðilega ritdóma í *Eimreiðina* í upphafi 20. aldar, m.a. um heimspekiritið *Hugur og heimur* eftir Guðmund Finnbogason árið 1913. Þar nýtir hún þekkingu sína á fræðunum og setur verkið í víðara samhengi, auk þess sem hún vegur og metur kosti þess annars vegar sem aðgengilegs og upplýsandi alþýðurits og hins vegar á vísindalegum forsendum.

¹¹⁴⁴ Ólafur Rastrick: *Háborgin*, 58-59 og 45.

¹¹⁴⁵ Guðmundur Finnbogason: „Satt, fagurt, gott“, *Skírnir*, 1, 1936, 7.

¹¹⁴⁶ Sama, 14-15.

¹¹⁴⁷ Sama, 14.

¹¹⁴⁸ Sama, 10.

Segja má að Björg tengi saman vísindalega nálgun og viðurkennda þjóðernisorðræðu þegar hún vísar til vinsællar þjóðernislegrar mýtu um að Íslendingar séu fyrst og fremst sagnaþjóð, en vísindalegar kenningar voru oft notaðar til að styðja hina ríkjandi þjóðernishyggju. Hún segir að vísindi á borð við heimspeki hafi „aldrei átt eiginlega upp á pallborðið hjá okkur“, því „gáfnalagi okkar sé þannig háttað, að vér séum hneigðari til að tína saman viðburðina, sem orðið hafa, og skrá setja þá, en að sökkva oss niður í hugleiðingar um orsakir þeirra og afleiðingar, og því síður um insta eðli og tilgang tilverunnar í heild sinni“.¹¹⁴⁹ Í dómi um *Drauma* eftir Hermann Jónsson vísar Björg á svipaðan hátt til þess að Íslendingar hafi „frá alda öðli verið draumspakir, og tekið mjög mark á draumum“ en séu eftirbátar annarra þjóða hvað varði vísindalegar rannsóknir á því sviði.¹¹⁵⁰ Hún gerir því ráð fyrir því, líkt og flestir aðrir, að gagnrýnin, vísindaleg hugsun komi að utan; sé Íslendingum framandi afl (sjá bls. 174).

Björg telur það verðugt markmið „að breyta skoðunum manna á heimspekinni og reyna að færa þeim heim sanninn um, að hún sé hvorki nein grýla“ né „háflæg skýjadís“, heldur „helzta aðstoð og hjálparhella allra þeirra, er vilja reyna að brjóta hlutina til mergjar og skapa sér rökstuddar skoðanir á tilverunni.“¹¹⁵¹ Hún leggur sitt lóð á vogarskálarnar með því að hafa dóm sinn aðgengilegan og með skemmtilegum innskotum um sérvitringa á borð við Björn Gunnlaugsson, Hannes Árnason og Sören Kierkegaard. Í þessu ljósi kemur ekki á óvart að fyrsti kosturinn sem Björg nefnir við bók Guðmundar Finnbogasonar er að hún sé „í bezta skilningi alþýðleg“; málið sé „létt og lipurt og frásögnin svo greinileg, að hvert barnið [svo] getur skilið hvert einstakt atriði án frekari skýringa“.¹¹⁵² Hún klifrar þannig á alþýðleika ritsins út allan ritdóminn en greinilegt er á ýmsum athugasemdum hennar að ritið stenst síður vísindalegar kröfur:

En þrátt fyrir það, þótt höf. virðist hafa gert of mikið úr einni aðferð vorri til að skynja sálarlíf annarra — elztu og óbrotnustu aðferðinni — og of lítið tillit tekið til þess, að „mönnunum munar — annaðhvort aftur á bak — ellegar nokkuð á leið“, þá er svo mikið og margt á bók hans að græða, að allir hugsandi alþýðumenn ættu að lesa hana.¹¹⁵³

Sama niðurstaða blasir við varðandi *Drauma* Hermanns Jónassonar; bókin stenst illa vísindalegar kröfur að mati Bjargar en er „skemtileg aflestrar og ber vott um einkennilegt

¹¹⁴⁹ Björg C. Þorláksson: „Ritsjá“, ritdómur um *Hug og heim* eftir Guðmund Finnbogason, *Eimreiðin*, 3, 1913, 217-218.

¹¹⁵⁰ Björg C. Þorláksson: „Ritsjá“, ritdómur um *Drauma* eftir Hermann Jónasson, *Eimreiðin*, 2, 1914, 147.

¹¹⁵¹ Björg C. Þorláksson: „Ritsjá“, ritdómur um *Hug og heim* eftir Guðmund Finnbogason, 218.

¹¹⁵² Sama, 218.

¹¹⁵³ Sama, 220.

sálarlíf, sem vel er þess vert, að því sé gaumur gefinn“.¹¹⁵⁴ *Saga hugsunar minnar* eftir Brynjúlf Jónsson finnst henni að sama skapi „að ýmsu leyti eftirtektaverð, ekki sízt vegna þess, að þetta er í fyrsta sinn sem sjálfmentaður íslenzkur alþýðumaður ritar um heimspekilegt efni“, höfundur hefur „góðar og frumlegar gáfur“ og frásögnin er „lipur og ljós og bókinn því auðlesin“.¹¹⁵⁵

Björg kann að meta tilraunir til að samþætta vísindalega áherslu og alþýðlega framsetningu og gerir það sjálf í dómum sínum. Skáldlegar tilvitnanir eru til dæmis nokkuð augljósar tilraunir til að ná betra sambandi við „sagnaþjóðina“, enda telur Björg að „engin ný speki“ geti „numið land í hug almennings, án þess að tengjast trygðaböndum við þær hugsanir, er þar búa fyrir, og þær tilfinningar, er frá alda öðli eiga sér bólfestu í manneðlinu“.¹¹⁵⁶ Það er því ljóst að Björg lítur öðrum þræði á sig sem boðbera nýrrar, vísindalegrar hugsunar og að markmið hennar er að samþætta vísindaleg markmið ríkjandi þjóðernislegum áherslum og miðla útkomunni til fjöldans.

Krafan um alþýðlega, íslenska vísindaumræðu varð þræstef í umræðu um vísindi næstu áratugi. Í ritdómi Hermanns Einarssonar fiskifræðings um *Norðurlandssíldina* eftir Árna Friðriksson árið 1945 kemur til dæmis fram að skrifi fræðimenn á íslensku eigi þeir að laga skrif sín að alþýðlegum viðmiðum:

Höfundinum hefur að vísu tekizt að skýra frá flóknum rannsóknnum á alþýðlegan hátt, en eins og í bókinni segir, ætlast hann fyrst og fremst til þess, „að ritgerð þessi geti komið að margvíslegum notum öllum þeim, sem fást við sildarrannsóknir hér við land á komandi árum“ (bls. 275). Ég hefði heldur kosið, að höfundur hefði snúið sér til þessara manna á alþjóðamáli og gefið þeim í hendur gögn öll og skilríki, en snúið sér til íslenzkrar alþýðu í styttra máli með fáum tölum og mörgum myndum.¹¹⁵⁷

Árið 1957 telur Andrés Björnsson það jafnframt ágætasta kost bókarinnar *Kuml og haugfé* að hún sé „þrátt fyrir vísindalegt handbragð aðgengileg hverjum meðalgreindum alþýðumanni, sem á annað borð hefur áhuga á sögu lands síns og arfleifð [...]“.¹¹⁵⁸ Og árið 1988 segir Peter Hallberg að fræðirit eftir Halldór Guðmundsson sé „byggt á traustum vísindalegum grundvelli og ber vott um víðtæka þekkingu á menningu þess tíma sem um er að ræða“ en lofar það

¹¹⁵⁴ Björg C. Þorláksson: „Ritsjá“, ritdómur um *Drauma* eftir Hermann Jónasson, 148.

¹¹⁵⁵ Björg C. Þorláksson: „Ritsjá“, ritdómur um *Sögu hugsunar minnar* eftir Brynjúlf Jónsson, *Eimreiðin*, 3, 1914, 225-226.

¹¹⁵⁶ Björg C. Þorláksson: „Ritsjá“, ritdómur um *Hug og heim* eftir Guðmund Finnbogason, 218.

¹¹⁵⁷ Hermann Einarsson: „Ný kenning um göngur síldarinnar“, ritdómur um *Norðurlandssíldina* eftir Árna Friðriksson, *Tímarit Máls og menningar*, 1, 1945, 77.

¹¹⁵⁸ Andrés Björnsson: „Tveir ritdómar“, ritdómur um *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi* eftir Kristján Eldjárn, *Félagsbréf*, 5, 1957, 111.

jafnframt að framsetningin sé „ljós og skemmtileg aflestrar, blessunarlega laus við upplásin fræðiorðakerfi“.¹¹⁵⁹

Ritdómarar reyna að sama skapi að hafa skrif sín aðgengileg. Þegar Skírnir var sameinaður *Tímariti hins íslenska bókmenntafélags* árið 1904 var til dæmis lagt mikið upp úr því að gera tímaritið alþýðlegra en í því var m.a. talið felast að færa alþýðufólki „fregnir um merkustu bækur, er út koma innanlands og utan“ og „almenningi gullkorn úr nútíðarskaldskap og önnur þau ritsmíði, er glæða mega fegurðartilfinningu manna“.¹¹⁶⁰ Oft má sjá tilhneigingu til þess að laga tyrfinn, akademískan stíl að léttari blaðagreinastíl, m.a. með góðu flæði í textanum, því að draga saman meginatriði á sem skeleggastan hátt og einfalda flóknar teoríur en halda dæmum og rökstuðningi í lágmarki og forðast „tæknilegan“ orðaforða. Árið 1917 skrifar Alexander Jóhannesson fræðilega grein um Hannes Hafstein í menningartímaritið *Óðinn* og leggst í svo svakalega upptalningu á dæmum máli sínu til stuðnings að textinn verður hreint ekki árennilegur og alls enginn yndislestur.¹¹⁶¹ Fimm árum síðar skrifar hann hins vegar jafn fræðilega en mun aðgengilegri og auðlesnari fræðigreini í *Eimreiðina* um framúrstefnumyndlist (sjá bls. 253). Háskólamenn koma því í fræðigreinum stundum til móts við kröfur og væntingar almennings til blaðaskrifa og virðast jafnvel líta á það sem hluta af starfi sínu, rétt eins og fyrstu blaðamennirnir rúmri öld áður (sjá bls. 102-103).

Í bókinni *Double Agent* minnir bandaríski bókmenntafræðingurinn og gagnrýnandinn Morris Dickstein á að menningarblaðamennska, þar á meðal ritdómar, sé samofin vexti prentfjölmiðla og angi af almennri blaðamennsku.¹¹⁶² Ekki megi gera of lítið úr þeirri staðreynd að ritdómar eru hluti af dægurmenningu og bera þess sterklega merki. Ritdómar séu alltaf tengdir tíðarandanum, því hver bók eigi í óútreiknanlegu samspili við menningarlegt augnablik og einstaka lesendur. Kröfur hins almenna lesanda hvetji ritdómara til að skrifa lifandi og dramatískan texta; til að draga upp jafn lifandi mynd af bókunum og væru þær skáldskaparpersónur — og jafnvel að reyna að lýsa kjarnanum í verkum einstakra höfunda.¹¹⁶³ Útkoman verði oft ljóðræn og „impresjónísk“, full af smáatriðum og stemningu, en þetta sé ósvikin *lesendagagnrýni*; afslöppuð, byggð á persónulegri rödd ritdómarans og innsæi og snúist um að gefa afstöðu höfundarins til heimsins í skyn á liflegan hátt fremur en

¹¹⁵⁹ Peter Hallberg: „Um Vefarann“, ritdómur um „*Loksins, loksins*“. *Vefarinn mikli og upphaf íslenskra nútímabókmennta* eftir Halldór Guðmundsson, *Tímarit Máls og menningar*, 3, 1988, 372.

¹¹⁶⁰ „Tímaritið Skírnir. Nefndarálit um breytingu á Skírni og Tímariti Bókmenntafélagsins“, *Tímarit hins íslenska bókmenntafélags*, 25, 1904, 204-205.

¹¹⁶¹ Alexander Jóhannesson: „Um skáldskap Hannesar Hafsteins. Fyrirlestur“, *Óðinn*, febrúar 1917.

¹¹⁶² „Strictly speaking, journalism is simply information, and cultural journalism, which has been with us since the eighteenth century, is information about books, performances, exhibitions, and other cultural events.“ Morris Dickstein: *Double Agent. The Critic and Society*, New York og Oxford, Oxford University Press, 1992, 55.

¹¹⁶³ Sama, 62-63.

að færa nákvæmar sönnur á einstaka atriði.¹¹⁶⁴ Minnir þessi lýsing mjög á skrif Huldu um önnur skáld, sem fjallað er um hér aftar (sjá bls. 271-272), en Dickstein notar bókmenntaumfjöllun sagnaskáldsins Henrys James sem dæmi. Reyndar virðast ritdómarar, hvort sem þeir koma úr hinu akademíska umhverfi eða ekki, líta svo á að í ritdómum um skáldverk megi þeir og eigi jafnvel að fara á skáldlegt flug; iðka skapandi skrif. Ágúst H. Bjarnason lýsir ljóðum Jakobs Thorarensens til dæmis með svo líflegu myndmáli að það gefur skrifum skáldsins Huldu ekkert eftir:

Það leiftrar hér og þar í kvæðunum af þessum „glettnu glömpum“; en þeir eru víðast hvar kaldir eins og snæljósín og ylja ekki nema stundum; svo skella á hríðarbyljir og jafnvel haglveður; en einstöku sinnum sér í heiðbláan, brosandí himininn. Röddin er sterk og stundum djúp. Og hnyttinyrðin verða ekki einasta að spakmælum, heldur stundum að hnýflum og einstöku sinnum að nístandi háði og spotti. En undir niðri vakir meðaumkunin með öllu, því sem bágt á, eins [og] logandi kvika.¹¹⁶⁵

Ritdómarar skáldverka þurfa ekki aðeins að koma til móts við kröfur fjölmiðlasviðsins og fræðasviðsins. Þeir gegna einnig mikilvægu hlutverki á bókmenntasviðinu þar sem listrænar áherslur eru í fyrirrúmi og krafa er gerð um tilfinningalega jafnt sem vitsmunalega nálgun. Sú krafa einskorðast reyndar ekki við ritdóma heldur einkennir mjög umfjöllun um akademíska bókmenntafræði, ekki síst um miðbik 20. aldar, en þá lýsir bandaríska skáldið og menningarblaðamaðurinn Allen Tate einum helsta áhrifavaldi sínum og frumkvöðli nýrýninnar á þennan hátt:

Enginn sem las *Practical Criticism* eftir I. A. Richards þegar verkið birtist árið 1929 gat lesið ljóð á sama veg og áður. Upp frá því þurfti maður að lesa ljóð með öllum heilanum og með höndum og fótum, sem og því sem kann að búa innan rifja.¹¹⁶⁶

Ritið sem Tate vísar til var tilraun Richards til að færa sönnur á kenningar sínar um að hægt væri að „hefja bókmenntakönnunina upp frá því að vera ábyrgðarlausar vangaveltur og gera hana að nákvæmri vísindagrein með því að laga að henni aðferðir merkingarfræði og tilraunasálarfræði“.¹¹⁶⁷ Richards framkvæmdi í því skyni vísindalega tilraun þar sem hann lagði nokkur nafnlaus ljóð fyrir hóp af fólki með misjafnan bakgrunn og dró ályktanir af niðurstöðunum. Markmið hans var að gefa mynd af menningarástandi nútímans, þróa nýja

¹¹⁶⁴ Sama, 64.

¹¹⁶⁵ Ágúst H. Bjarnason: „Ritsjá“, ritdómur um *Snæljós* eftir Jakob Thorarensen, *Iðunn*, 1, 1915, 89.

¹¹⁶⁶ „Nobody who read I.A. Richards' *Practical Criticism* when it appeared in 1929 could read any poem as he had read it before. From that time on one had to read poetry with all the brains one had and with one's arms and legs, as well as what may be inside the rib cage.“ Allen Tate: „Preface“, *Essays of Four Decades*, Chicago, Swallow Press, 1968, xi.

¹¹⁶⁷ Eysteinn Sigurðsson: „Stefnur í bókmenntakönnun“, *Samvinnan*, 4, 1968, 39.

tækni fyrir þá sem vildu uppgötva hvað þeim fyndist um ljóð og hvers vegna þeim ætti að líka þau eða ekki að líka þau, auk þess að undirbúa jarðveginn fyrir árangursríkari kennsluaðferðir við að þróa dómgreind og skilning á ljóðum.¹¹⁶⁸ Staðsetti hann slík fræði mitt á milli raunvísinda, þar sem hægt sé að færa óyggjandi sönnur á niðurstöður, og félagsvísinda, sem byggja á þumalputtareglum og almennt samþykktum venjum, og sagði þau tilheyra heimi abstrakthugmynda og umfjöllunar um tilfinningar, en þeim heimi tilheyri allt sem hinum siðmenntaða manni þyki vænst um.¹¹⁶⁹ Annað framlag til að byggja upp fræði er hentuðu hinu sérstæða eðli bókmennta var *Seven Types of Ambiguity* eftir William Empson frá 1930, þar sem sjónum er beint að því hvernig greina megi margræðni og þversagnir í bókmenntaverkum og nýta sér við lestur verkanna og túlkun.¹¹⁷⁰

Einn af sporgöngumönnum Richards var Allen Tate, en þótt hann hafi m.a. verið háskólakennari sagðist hann líta á T.S. Eliot og Herbert Read sem fyrirmyndir að því hvernig hinn ó-akademiski bókmenntamaður, „Man of Letters“, ætti að vera.¹¹⁷¹ Afstaða hans endurspeglar það viðhorf að bókmenntirnar hafi þá sérstöðu sem viðfangsefni að eitthvað glatist ef ekki séu mynduð tengsl við þær á tilfinningalegan, persónulegan hátt. Hlutverk bókmenntagagnrýnandans er því ekki hvað síst talið að hlúa að og hampa þeirri hlið bókmenntanna sem vísindin ná ekki yfir, samkvæmt því ríkjandi viðhorfi sem Tómas Sæmundsson orðaði svo strax á 19. öld:

Skáldskapurinn er hjartans mál. Það er fullt af tilfinnunum, oft óljóst. Sá sem fer að verða heimspekingur hættir að vera skáld. Hann vill vita grundvöll fyrir öllu og talar aldrei eftir tómum innblæstri, hann leggur bönd á tilfinnananna sjálfkrafa útflot í kvæðum og ræðum, svo sem dofnar og verður að köldum skilningsatkvæðum.¹¹⁷²

Listin er talin tengja okkur hinu sammannlega, ekki síst bókmenntirnar. Oscar Wilde lýsir því til dæmis yfir að hinn sanni gagnrýni andi sé að bera innra með sér drauma, hugmyndir og tilfinningar ótal kynslóða¹¹⁷³ og Aðalbjörg Benediktsdóttir lýsir tengslunum sem bækur koma á með svipuðum hætti árið 1926:

¹¹⁶⁸ I. A. Richards: *Practical Criticism. A Study of Literary Judgment*, London, Routledge & Kegan Paul Ltd., 1964, 3.

¹¹⁶⁹ „[Poetry] serves, therefore, as an eminently suitable bait for anyone who wishes to trap the current opinions and responses in this middle field for the purpose of examining and comparing them, and with a view to advancing our knowledge of what may be called the natural history of human opinions and feelings.” Sama, 6.

¹¹⁷⁰ William Empson: *Seven Types of Ambiguity*, London, Chatto and Windus, 1930.

¹¹⁷¹ Tate: „Preface“, xi.

¹¹⁷² Tómas Sæmundsson: *Ferðabók*, 139.

¹¹⁷³ Wilde: „The Critic as Artist“, 384.

Að hugsa sjer annað eins undur og það, að þurfa ekki nema að rjetta út höndina, grípa lítinn, ljettan hlut, *bókina*, og opna hana. Og þá streyma inn í hug lesandans hugsanir annara manna og reynsluauður þeirra, líf þeirra og stríð, sæla þeirra og sorgir, vonir þeirra og trú. [...] En hvar, sem mannsandinn birtist sjónum manna, hvort það er á löngu liðnum öldum eða þessum líðandi degi, þá eru dýrustu hnoss hans þau sömu: Trú hans á mátt og sigur hins góða, vonir um vaxandi þroska og fullkomnun, sterk og heilbrigð lífs og starfsgleði, og vonin um líf og nýjan þroskaveg bak við takmörk þessa lífs.¹¹⁷⁴

Vísindi og tækni eru hins vegar gjarnan talin ógna „mennskunni“ og samhliða framfaratrúnni, sem ýtti undir vísindalegar rannsóknir á bókmenntum og þróun nýrrar tækni til að fjalla um þær, til dæmis skipulagðrar og nákvæmrar aðferðafræði og tæknilegs orðaforða nýrýninnar, má merkja tortryggni í garð vísindalegrar hugsunar um þetta síðasta vígi mennskunnar. Jónas Árnason gagnrýnir það til dæmis árið 1957 að „sumir gáfuðustu gagnrýnendur“ geri fyrst og fremst kröfu um að form og stíll séu fullkomin:

Maður hefur jafnvel séð þá tæta í sig skáldverk, sem þeir viðurkenna þó að hefðu til að bera mikið af mannlegri fegurð, skemmtilegum frásögnum, snjöllum lýsingum á persónum og atburðum, þessi verk hefur maður séð þá tæta í sig af því að stíll þeirra væri svo og svo gallaður, form þeirra ekki nógu þaulhugsað, bygging þeirra brot á einhverjum listrænum lögmálum, fyrir þessar sakir dæmdu þeir þau misheppnuð verk. Kenningar af þessu tagi þruma yfir ungum höfundum og ógna bókstaflega andlegu frelsi þeirra.¹¹⁷⁵

Það sem meira máli skiptir en „form og stíll“, að mati Jónasar, er mannlegur þroski „sem lífið eitt veitir“ og hann telur að verk sem skorti þann þroska geti „aldrei orðið lifandi bókmenntir sem nái hjarta venjulegs fólks, þau verða í hæsta lagi fögur lík“.¹¹⁷⁶ Ári síðar segir Sigurður A. Magnússon jafnframt að það sé „hægt að greina ákveðið ljóð í ýmsa þætti og rannsaka þá hvern fyrir sig, en slík rannsókn gef[er] aldrei svar við spurningunni: Hvað er ljóð?“.:

Ljóð er ekki einungis summan af öllum sínum pörtum, heldur eitthvað annað og meira sem við fáum aldrei hönd á fest. [...] Allt líf er óskilgreinanlegt — einnig líf ljóðsins.¹¹⁷⁷

Sjálfur I. A. Richards viðurkennir að skáldskapurinn hafi orðið að þola margt af hendi þeirra sem aðeins leiti að einhverju til að rannsaka og þeirra sem vilji fyrst og fremst sanna kenningar sínar, þótt hann telji viðbrögðin við rannsóknum á því hugarferli sem fer í gang við lestur skáldskapar helst til yfirdriffin.

¹¹⁷⁴ Aðalbjörg Benediktsdóttir: „Erindi“, 108.

¹¹⁷⁵ Jónas Árnason: „Hugleiðingar út af hausnum sem för til tunglsins. Fyrri hluti“, *Þjóðviljinn*, 1. september 1957, 7.

¹¹⁷⁶ Sama, 11.

¹¹⁷⁷ Sigurður A. Magnússon: „Ljóðagerð yngri skáldanna“, *Félagsbréf*, 7, 1958, 24.

„Við myrðum til að kryfja“ mun einhver muldra. Þessum fordómum verður að svara. Engin sálfræðileg krufning getur skaðað, nema þá huga sem eru í sjúklegu ástandi.¹¹⁷⁸

Ný tækni heillar og skelfir í senn og á það sér að einhverju leyti rætur í „ofurtrú á það að vísindi og vísindamenn búi yfir lyklinum að lífinu“, að mati Úlfhildar Dagsdóttur. Samhliða þeirri oftrú ríki nefnilega „djúpstæð vantrú á hæfileika vísindamannsins til að fara vel með þessa þekkingu“.¹¹⁷⁹ Úlfhildur lýsir því hvernig ímynd vísindamannsins og sköpunarverka hans hefur „runnið saman við hugmyndina um einskonar brjálaði, hvort sem það er stórmennskubrjálaði hinnar pósitívísku (raun) vísindahugsunar eða bara hrein geggjun“:

Ótti okkar við brjálaða vísindamanninn [...] kemur meðal annars til af því að vísindamaðurinn hreykir sér of hátt. [...] þegar skrýmsli Frankensteins vaknar til lífsins hrópar skapari þess upp yfir sig: „Nú veit ég hvernig það er að vera guð!“¹¹⁸⁰

Svipaður ótti virðist vera ein ástæða þess að fræðilegar áherslur í umræðu um bókmenntir, svæði persónulegra tilfinninga og hins sammannlega, vekur svo oft hörð viðbrögð.

Ástráður Eysteinnsson segir andstöðuna við „teoretíska umfjöllun og gagnrýninn sundurgreinandi lestur“ vera sjónarmið „sem á góðum degi má nefna „húmanískt““:

Í raun er þá farið fram á að sá sem skrifar um bókmenntir „þýði“ þær yfir á eitthvert almennt mál sem allir skilji og ýmsir kunni að hafa gagn af þegar þeir lesa eða hugsa um verkið. En verkið er frumtexti sem stendur óhaggaður eftir — hann er heill og „súveren“, samfelld upphafin eining, helgidómur. Þannig endurspeglar hann líka mannlega uppsprettu sína, höfundinn, og um leið skáldskapinn, hið afmarkaða táknsvið sem verkið er fulltrúi fyrir (fremur en að það sé hluti af því). Þess vegna má helst ekki tilgreina bókmenntaverk nema sem staðfestingu hinnar Skáldlegru Snilligáfu; þau má ekki nefna sem dæmi um almennar tilhneigingar innan táknsviðs bókmenntanna. Þetta samsvarar því hvernig sá sem elskar má ekki eða vill ekki nefna innri hræringar sínar sem dæmi um viss tilfinningamynstur, heldur einungis sem birtingarmynd sjálftrar Ástarinnar.¹¹⁸¹

Allen Tate er fulltrúi þessa viðhorfs. Hann taldi að bókmenntamaðurinn hefði það hlutverk í sífellt tæknivæddari og vélrænni nútíma að enduruppötva hið mannlega ástand í lifandi listum.¹¹⁸² Ólíkt vélrænni nútímatækni á borð við útvarpið, þar sem hlustandinn sé ávallt í

¹¹⁷⁸ „We murder to dissect, someone will murmur. This prejudice must be countered. No psychological dissection can do harm, except to minds which are in a pathological condition.“ Richards: *Practical Criticism*, 322.

¹¹⁷⁹ Úlfhildur Dagsdóttir: *Sæborgin*, Reykjavík, Háskólaútgáfan, 2011, 42.

¹¹⁸⁰ Sama, 42.

¹¹⁸¹ Ástráður Eysteinnsson: „Hefur maður ást á skáldskap? Vangaveltur um konuna í textanum“, *Umbrot*, Reykjavík, Háskólaútgáfan, 1999, 453. Greinin birtist fyrst í *Sögur af háalofinu* árið 1989.

¹¹⁸² Allen Tate: „The Man of Letters in the Modern World“, *Essays of Four Decades*, Chicago, Swallow Press 1968, 3. Áhyggjur Tates af vélrænni og sálarlausri fjöldameningu lituðust af kaldastríðspólítík Bandaríkjanna á 6. áratug 20. aldar, og í skrifum hans urðu Rússar holdtekja vélrænnar veraldarhyggju sem hneppi þegna sína í

stöðu *viðtakanda*, bjóði bókmenntirnar upp á samskipti á forsendum ástarinnar.¹¹⁸³ „Bókmenntamaður“ þurfi að velja úr það sem leiði mannkynið nær þessu „takmarki sínu“, en hið raunverulega markmið mannsins sé „tímabundið samneyti gegnum ást, sem er tímalaus,¹¹⁸⁴ og að slíkt úrval verði að vera byggt á heildarhugsun en ekki heftandi sérhæfingu sem 19. öldin hafi innleitt.¹¹⁸⁵ Líta eigi á bókmenntir sem þátttöku í nánu, andlegu sambandi en það leiði okkur að hugmyndinni um sameiginlega reynslu. Bókmenntir séu „síendurtekin uppgrötvun mannlegs samneytis í gegnum reynslu, upplifun“.¹¹⁸⁶ Slíkar hugmyndir mátti einnig sjá hjá I. A. Richards. Hann taldi skáldskapinn, tækið sem hugur okkar hefði notað til að henda reiður á hugsunum, tilfinningum og þrám, geta verið gagnlegasta mótspilið gegn vélvæðingu og félagslegum afleiðingum hennar sem hefði truflað huga okkar og veikt.¹¹⁸⁷

Aukin áhersla á akademísk vinnubrögð losar ritdómara því ekki undan kröfum um að nálgast viðfangsefnið á „mannlegan“ hátt, með hjartanu eða tilfinningunum. Enn eru ritdómarar jafnvel fordæmdir fyrir það jafnhendis að vera ekki nógu vísindalegir eða faglegir í vinnubrögðum og að láta ástina á viðfangsefninu ekki ráða för. Dómar þurfa ekki einu sinni að vera á mjög fræðilegum nótum til að fram komi ásakanir um menntahroka og um sambandsleysi gagnrýnandans við almenning eða jafnvel við „hjärtastöðina“ í sjálfum sér. Friðrik Erlingsson, þýðandi söngleiksins *Vesalinganna*, gerði til dæmis árið 2012 talsverðar athugasemdir við gagnrýni Maríu Kristjánsdóttur og Símonar Birgissonar á verkið í sjónvarpsþættinum *Djöflaeyjunni* á RÚV, en gagnrýni þar fer fram í fremur óformlegu spjalli eins og algengt er í sjónvarpi. Friðrik segir gagnrýnendurna hafa orðið bera „að hlálægri fáfræði og ófagmennsku“ og nefnir t.d. að þeir hafi farið rangt með nafn höfundar og ranglega sagt að gerðar hafi verið breytingar á tónlistinni. Fyrir utan þessar faglegu umkvartanir gengur grein Friðriks að miklu leyti út á það að stilla gagnrýnendum og almenningi upp sem andstæðum og andstæðingum. Hann segir að „u.þ.b. 20 þúsund manns“ hafi „nú þegar keypt miða á sýninguna“ og að „allt það ágæta fólk“ hafi líklega fengið „ósvífustu gagnrýnina, ef gagnrýni skyldi kalla, — fyrir það eitt að kaupa miða“. Á meðan „gagnrýnendur og menningarpáfar um veröld víða“ hafi frá því það kom út „hneykslast, urrað, hvæst og óskrað yfir þessu verki“ hafi „hinir almennu lesendur sögunnar“ og síðar leikhúsgestir „tekið þessu verki fagnandi, tekið ástfóstri við persónurnar, tónlistina og fundið sterkan hljómgrunn með

þrældóm en kápítalísk samfélög vestræna ríkja voru sett fram sem vígi frjálsrar, gagnrýnnar hugsunar, þar sem æðri gildi en þau veraldlegu gáfu lífinu gildi. Í Bandaríkjunum hafði þó athyglin beinst að vélrænni fjöldamenningu kápítalismans mun fyrir (sjá bls. 358).

¹¹⁸³ Sama, 9.

¹¹⁸⁴ „[...] communion in time through love, which is beyond time[...].” Sama, 11 og 16.

¹¹⁸⁵ Sama, 13-14.

¹¹⁸⁶ „[...] the recurrent discovery of the human communion as experience [...].” Sama, 11.

¹¹⁸⁷ Richards: *Practical Criticism*, 320.

boðskap sögunnar“. Ástæðan er sú, að mati Friðriks, að gagnrýnendur skorti hjartahlýju og getu til að tengjast verkum tilfinningalega:

Vandi gagnrýnenda er því þó nokkur, og þeim er mörgum hverjum vorkunn, því alla jafnan eru gagnrýnendur fastir í höfðinu á sér, en virðast ekki vera í neinum tengslum við hjartastöðina. Það er kannski stærsti „galli“ þessa verks Victors Hugo, að það talar fyrst og fremst til hjartans; það er beinlínis ætlun höfundar að snerta við fólki tilfinningalega í þeim tilgangi að opna augu þess fyrir hlutskipti hinna lægst settu í þjóðfélaginu, hinna smáðu, okkar minnstu bræðra.¹¹⁸⁸

Friðrik fellir gagnrýnendur almennt undir staðalímynd hjartalausra fræðinga og lýsir þeim sem eins konar brjáluðum vísindamönnum sem reyna að beita hjartalausum fræðum sínum á listirnar, svæði tilfinninganna og misnota það vald sem fylgir því að vera staddur á mörkum listasviðsins og fræðasviðsins.

Á hinn bóginn mætti færa rök fyrir því að þeir sem leggja stund á gagnrýni reyni að samþætta að því er virðist ósamrýmanlega þætti — í þessu tilviki tilfinningar og vísindalega hugsun — og nýta valdið sem því fylgir á skapandi hátt. Ritdómar myndlistarkonunnar og rithöfundarins Drífu Viðar um miðbik aldarinnar eru gott dæmi um það. Dómur hennar um bók Arnfríðar Jónatansdóttur, *Pröskuldur hússins er þjöl*, frá árinu 1958, ber að hluta til yfirbragð vísindalegrar skýrslu og er tilraun til að flokka og skilgreina eiginleika bókarinnar á „tæknilegan“ hátt en tungutakið er m.a. sótt til myndlistar- og tónlistarfræða:

Af því hve tilbreyting þessara fáu ljóða er mikil myndi ég vilja greina aðferðir skáldsins eitthvað á þá leið að hún yrki í myndum, abstraksjónum eða þá ljóðin væru heyrnarlegs eðlis og mætti raða því niður í stafrófsröð til gamans.

A) Myndir eða myndbreytingar (frá mynd yfir í ljóðmál) ljóðlínur sem þessar: „byrþanið segl“, „marar segl í hálfu kafi“, „nóttin hefst frá brúnaskútum fjallsins eins og vættur rísi af svefni“.

B) Abstraksjónir, bæði óhlutstæð hugsun og orðaval. „tíminn þræddi verðandina andstreymis“, [„]því var mér það hvefda sjónmál skipt milli skauta tveggja“.

C) Heyrnarlegs eðlis.

- 1) skáldið heyrir: „Heyr hversu tíminn vefur mér voðina“, „blómharpa lát þú liti þína syngja“.
- 2) hrynjandi kvæðisins: „ég skal flétta úr sprotum — úr þessum blaðlausu sprotum skal ég flétta liljudansinn — ef þú dvelur.“

Þetta er rytmiskur kveðskapur, vikivakakenndur. Af sömu rótum runnið er rímustef, breyttir gamlir hættir. Ég myndi vilja kalla það ljóð tólfónakerfisins eða fimmundarinnar, og bendi þá sérstaklega á rímustef og sjólag.¹¹⁸⁹

¹¹⁸⁸ Friðrik Erlingsson: „Vitleysingarnir á Vesalingunum“, *Vísir.is*, 8. mars 2012, sótt 18. maí 2012 af <http://www.visir.is/vitleysingarnir-a-vesalingunum/article/2012120309027>.

¹¹⁸⁹ Drífa Viðar: „Pröskuldur hússins er þjöl. Ljóð eftir Arnfríði Jónatansdóttur“, ritdómur um *Pröskuldur hússins er þjöl* eftir Arnfríði Jónatansdóttur, *Melkorka*, 1, 1959, 13-14.

Stíllinn er þrátt fyrir þessa uppsetningu og áherslur langt frá því að vera tyrfinn en hann verður mun ljóðrænni og dramatískari þegar Drífa fer að miðla tilfinningunni í ljóðunum, sem hún tengir samkvæmt hefðinni beint við persónu skáldsins:

Í kvæðinu „Til Þingvalla“ rísa hinar heitu tilfinningar [skáldkonunnar] upp sem hróp, það er skapheitt ættjarðarljóð. [...] Í því ljóði leikur hún á ótal strengi, sára, vonlausa, tæra, hún sér og heyrir.¹¹⁹⁰

Í kjölfarið fléttar Drífa ljóðrænum stílnum við tilraun sína til að skilgreina og flokka einkennin á ljóðum Arnfríðar með tæknilegu orðfæri og rökstuðningi með dæmum úr textanum:

Mesta ljóðið er bálkurinn „Læstir dagar“ mikið ljóð og víða torskilið, táknmál, „symfónískt“ ljóð þar sem hún notar tækni tónskálda að undirbúa efnið smátt og smátt, gera boð á undan sér með einum og einum hljómi, einu og einu orði, endurtaka hér og hvar, tvískipt ljóð milli sjónræns og heyrnarlegs. En innúr myrkviði þessara ljóða koma setningar sem eru einfaldar og áreynslulausar og einkenni nútímakveðskapar: „Það náttáði og regnið grúfði yfir brekkunni.“ Þessar einföldu setningar koma víðar fyrir þegar hún þræðir einstigi ljóða sinna og hljóma svo yndislega: „Hlusta — þessi nótt hefur valið einfaldan söng.“¹¹⁹¹

Gildisdómur Drífu takmarkast að mestu leyti við slíkar lýsingar á lestrarupplifun sem fléttað er við greiningu á formgerð kvæðanna, og hún nefnir bæði kosti og galla áður en hún kemst að eftirfarandi niðurstöðu sem vísar til þjóðlegra gilda:

Það sem setur sterkastan blæ á ljóðin, er hversu fágað mál skáldkonan kann, það er sem að lesa Eddukvæði. Ljóðin standa föstum fótum í fortíð og nútíð. Skáldkonan er sérstæður persónuleiki, álfkona eða fornkona í íslenskum nútímakveðskap. Ljóðabókin er mikill fengur ljóðagerð síðari tíma.¹¹⁹²

Ritdómarar reyna oft, innan hins stranga helgisíðaramma ritdómanna, að nýta þannig á skapandi hátt aflið sem fylgir því að starfa á landamærum samfélagskerfisins, til dæmis mörkum rökhugsunar og tilfinninga, vísinda og lista. En eins og fram hefur komið skiptir meginmáli hvort slíkur gjörningur er túlkaður sem afurð velvilja og hreinnar ástar á bókmenntum, og þar með lögmæt notkun á valdi í þágu samfélagsins, eða hvort þeir eru túlkaðir sem afurð óhreins huga og annarlegra hvata og þar með stjórnlaustr, hættulegt vald sem útskúfa verði sem úrkasti (sjá bls. 159). Gagnrýnendur falla á því prófi samkvæmt lýsingu Friðriks Erlingssonar og hann segir Maríu Kristjánsdóttur og Símon Birgisson

¹¹⁹⁰ Sama, 14.

¹¹⁹¹ Sama, 14.

¹¹⁹² Sama, 14.

stjórnast af illgirni sem sé „svo augljós að það [hafi verið] engu líkara en sjálf Thenardier hjónin, holdgervingar illskun[n]jar í verkinu, væru mætt á svæðið.“¹¹⁹³ Fimmtán árum áður hafði Soffía Auður Birgisdóttir tekið undir það sjónarmið að gagnrýni verði „að byggjast á ást (helst ástríðu) eða í öllu falli á velvild í garð viðkomandi listgreinar“. Hún bendir hins vegar á að það sé misskilningur „að gagnrýni eigi undantekningarlaust að vera jákvæð, byggð á hrifningu og upphafningu. Að hafa ást á einhverjum eða einhverju fel[i] í sér að sjá bæði kosti og galla og geta bent á hvoru tveggja.“¹¹⁹⁴ Ástin sem á að stýra starfi gagnrýnandans getur samkvæmt þessu verið í ætt við heilaga reiði 17. aldar gagnrýnandans Boileaus í garð vondra bóka (sjá bls. 49), þar sem strangleiki getur falið í sér umhyggju og valdi gagnrýnandans er beitt í þágu bókmenntanna.

Skráning eigin sálar

Fyrst sú skoðun var útbreidd meðal „bókmenntamanna“ 20. aldar, lærðra sem leikra, að bókmenntirnar fælu í sér lykil að mennskunni sjálfri, lá nokkuð beint við að íslenskir gagnrýnendur leituðu inn á við í leit að hinum sammannlega grundvelli sem byggja mætti listgagnrýni á. Listgagnrýni er „skráning eigin sálar“, segir Wilde¹¹⁹⁵ og árið 1927 skilgreindi Kristján Albertsson listaverk með vísun til þeirra áhrifa sem þau hafa á sálarlíf viðtakandans:

Í hvaða sálarástandi skilur t. d. göfug skáldsaga við mann, sem á annað borð er hæfur til að njóta hennar? Hann er gagntekinn heitri andlegri nautn, en hún getur verið margvíslegs eðlis, eftir því hverjar tilfinningar segja sterkast til sín. Ef til vill eru áhrifin aðallega í því fólgin, að þegar hann lítur upp að lestrinum loknum er athyglin skerpt, ímyndunin næmari og frjórri en venjulega, og upp úr huldum lindum í sál hans stíga dularfullir og töfrandi litir, sem sveipa menn og mál og hluti og gefa öllu sterkara og dýpra líf.¹¹⁹⁶

Í grein Wildes um virkni og gildi gagnrýninnar kemur fram að verk geti haft slík áhrif á persónuleika manns vegna þess að list spretti upp af öðrum persónuleika. Þegar þessar tvær persónur, lesandi og höfundur, mætist verði til æðsta form gagnrýninnar; túlkandi og skapandi gagnrýni.¹¹⁹⁷ Slíkar hugmyndir höfðu náð sterkri fótfestu í rómantíkinni og féllu vel að síðrómantískum, þjóðernislegum áherslum íslenskrar bókmenntaumræðu á fyrri helmingi 20. aldar. Skáldkonan Hulda notar til dæmis kvæðin „Ljóðheim“ og „Hugfró“ til að nálgast skáldið og um leið manninn Benedikt Gröndal:

¹¹⁹³ Friðrik Erlingsson: „Vitleysingarnir á Vesalingunum“.

¹¹⁹⁴ Soffía Auður Birgisdóttir: „Ástfangið svín“, 7.

¹¹⁹⁵ „[...] the record of one's own soul [...]“ Wilde: „The Critic as Artist“, 365.

¹¹⁹⁶ Kristján Albertsson: „Andlegt líf á Íslandi“, 366-369.

¹¹⁹⁷ Wilde: „The Critic as Artist“, 365-366 og 373.

Þýzka skáldið Heine segir í inngangi að kvæðaflokki einum: Þegar þú hefur lokið upp þessum bókarblöðum, hefur þú lokið upp hjarta mínu. Þannig þykir mér sem segja mætti um þetta kvæði [„Ljóðheim“] Gröndals. — Það er í einu játning, fögnuður og þökk.¹¹⁹⁸

Umfjöllun Huldu um önnur skáld einkennist einmitt af túlkandi og skapandi gagnrýni í anda Wildes, eins og sjá má af eftirfarandi línum um Kristján Fjallaskáld þar sem áhersla er lögð á ljóðrænt myndmál:

Ljóð hans lifa — og munu lifa með þjóðinni eins og streymandi hjartablóð og svalalind augans, hið hreina tár, er hann söng um ógleymanlegt ljóð.¹¹⁹⁹

Af þessu mætti draga þá ályktun að Hulda nálgist viðfangsefni sitt sem skáld fremur en fræðimaður. Það er þó ekki svo einfalt. Eins og komið hefur fram áttu fræðimennirnir sem mótuðu íslensk fræði á upphafsárum Háskóla Íslands það til að tjá sig skáldlega (sjá bls. 263) og litu jafnframt á það sem eitt helsta hlutverk gagnrýnandans að ná sambandi við skáldið (sjá bls. 231). Gæði verka voru að einhverju leyti metin út frá því hversu auðvelt það reyndist og hversu göfug sálin var sem skein í gegn. Ágúst H. Bjarnason virðist til dæmis líta á ritdóm sinn um ljóð Jakobs Thorarensens sem samtal milli sín og skáldsins, en hann segir að eitt ljóðið sé „átakanleg sjálfslýsing“¹²⁰⁰ og endar á því að ávarpa skáldið beint og svara ljóðlínunum sem gætu þótt lýsa svartsýni og uppgjöf:

[...]
Svo kveð eg alla kunningjana hér,
og kærar þakkir fyrir glaðar stundir.
Þið gleymið mér, ef fjöllin skakt ég fer
— ef forlaganna sköflum verð ég undir.

Nei! Jakob. Við sjáumst aftur. Ég veit, að maðurinn á svo mikinn kjark til og karlmannslund, að hann lætur naumast bugast í torfærunum.¹²⁰¹

Ritdómur Ágústs er opinber sviðsetning á einlægri og persónulegri samræðu sálna sem á erindi á opinberan vettvang því hún endurspeglar eitthvað sammannlegt. Til að geta átt í slíku samtali þurfti að byggja upp sem skýrasta mynd af eiginleikum skáldsins, til dæmis með því að túlka heilu höfundarverkin sem birtingarmynd hennar, á svipaðan hátt og Hulda gerir í umfjöllun sinni um Benedikt Gröndal:

¹¹⁹⁸ Hulda: „Gröndalsminning“, *Eimreiðin*, 2, 1938, 147.

¹¹⁹⁹ Hulda: „Fjallaskáldið“, *Eimreiðin*, 1, 1945, 75.

¹²⁰⁰ Ágúst H. Bjarnason: „Ritsjá“, 92.

¹²⁰¹ Sama, 93.

Það er vandi að gera sér ljósa grein fyrir því, hvað er sterkasti þátturinn í jafn margþættum skáldskap sem Gröndals, hvað er grunntónninn í hljómkviðu listar hans. Ég vil þó nefna það, sem mér finst ríkast. Það er *aðdáun*. Ég gat þess áður, að [...] hann nefndi oft *undur*. Honum er gefið geisilegt ímyndunarafl, sjáandans dýrð og ótakmarkaður hæfileiki til þess að undrast og dásama.¹²⁰²

Við þetta bætist annars vegar vísindaleg krafa um að byggja upp heildstæða mynd af viðfangsefninu og hins vegar tilraunir til að setja fram heilsteypar hugsjónir og kenningar til að byggja á göfugt, íslenskt samfélag. Árið 1917 lýsir Alexander Jóhannesson til dæmis yfir í grein um Hannes Hafstein í *Óðni*:

Er það harla ljelegt starf að velja úr einstök kvæði og segja um þau, að þau sjeu góð eða lítilsvirði, eða ná í einstök orð, sem ekki eru gullaldaríslenska eða því um líkt. Á slíkum sundurlausum molum er lítið að græða, ef ekki er leitast við að benda á aðaldrættina eða ná heildarlýsingu; því allajafna verða slíkir ritdómar órjettlátir og ósannir, um of eða van.¹²⁰³

Alexander leitast ekki einungis við að draga upp heildarmynd af höfundarverki Hannesar Hafsteins heldur fjallar hann um áhrifavalda og vísar í það sem aðrir hafa sagt um verkin. Samhengið er því afar stórt, viðurkennir Alexander og bendir á að hann sé að byrja á langtímaverkefni. Vísindalega markmiðið virðist tvíþætt; að kryfja verk skáldsins til mergjar og finna því réttan stað innan stigveldis bókmenntasviðsins. Fyrsta skrefið, sem hann býður almenningi að stíga með sér, er „að kynnast nánar skáldskap H. H., einkum hvað efni viðvíkur, og leitast við að horfa inn í hugsjónageim hans, hversu heimurinn lítur út í augum skáldsins H. H.“.¹²⁰⁴

Þessi áhersla á „hugsjónageim“ höfundarins gerir það að verkum að skáldið verður meginviðfang bókmenntarýnnar, eins og Vésteinn Ólason bendir á að sé raunin í skrifum Sigurðar Nordals. Vésteinn telur að „hinn túlkandi þáttur“ í ritgerðum Sigurðar hafi átt mikinn þátt í áhrifum þeirra. Aðferð hans til að „fylla í eyðurnar“, „mynda heild úr brotum“, hafi verið „innlifun“ í hug skáldsins. En þótt bókmenntatúlkun Sigurðar hafi beinst að persónu skáldsins hafi sú persóna ævinlega verið „sýnd í dialektísku sambandi við söguna“ án þess þó að vera „smætтуð niður í það að vera sögulegt tilfelli, heldur séð sem sjálfstæður heimur“. Endanlegt markmið hafi verið „bókmenntaleg og söguleg yfirsýn þar sem einstök verk birtast í víðara samhengi“, sem hafi verið „þjóðlegt íslenskt samhengi“.¹²⁰⁵

Hin fræðilega bókmenntaumræða sem Sigurður Nordal átti stóran þátt í að móta varð þannig bæði persónuleg og þjónaði þjóðernislegum tilgangi. Íslendingar höfðu þurft að sanna rétt sinn til sjálfstæðis og gerðu það fyrst og fremst með vísun til þess að í gegnum

¹²⁰² Hulda: „Gröndalsminning“, 150.

¹²⁰³ Alexander Jóhannesson: „Um skáldskap Hannesar Hafsteins“, 81.

¹²⁰⁴ Sama, 81.

¹²⁰⁵ Vésteinn Ólason: „Bókmenntarýni Sigurðar Nordals“, *Tímarit Máls og menningar*, 1, 1984, 11 og 7.

menningarverðmæti þeirra, bókmenntirnar, skini dýrmæt þjóðarsál sem ætti rætur í náttúru landsins sjálfs. Strax um miðja 19. öld heldur Sveinbjörn Hallgrímsson því fram að gildi kvæða Jónasar Hallgrímssonar felist í því að „landið sjálft“ tali „til vor í hinum fegursta skáldskap“.¹²⁰⁶ Í upphafi 20. aldar halda menn áfram í þær áherslur og flétta þær saman við akademískt verkefni sitt. Alexander Jóhannesson segir til dæmis í greininni um höfundarverk Hannesar Hafsteins:

Hvert skáld verður að skoða í ljósi síns tíma og fer þá oftast nær svo, að hugsanir og hugsjónir skáldsins endurspeglar menningarástand sinnar þjóðar og einkum þó menningarástand skáldsins sjálfs, því þekkingaratriði og lífsviðburðir skáldsins vefjast saman í ritum hans.¹²⁰⁷

Í ljósi hins þjóðernislega mikilvægis er ekki skrítið að myndirnar sem dregnar eru upp af skáldum sem hafa verið útvalin sem verðugir fulltrúar þjóðarinnar eru oft upphafnar og hátíðlegar.¹²⁰⁸ Slík skáld voru gjarnan titluð „þjóðskáld“, sem var æðsti titill sem hægt var að hljóta og fól í sér að almenn sátt væri um stöðu þeirra sem fulltrúa Íslands. Þótt M.J.¹²⁰⁹ vilji árið 1920 gera greinarmun á „þjóðskáldi“ annars vegar, sem kveði „fyrir fólkið“ og venja sé að kalla „hagyrðinga eða rímnaskáld“, og „höfuðskáldi“ hins vegar, sem eigi að „hafa sérgáfu og sjáragáfu“,¹²¹⁰ virðist íslenska skilgreiningin á þjóðskáldi alla tíð fela í sér samþættingu þessara þátta; hins háleita og hins alþýðlega. Þjóðskáldin eiga ekki að vera hluti alþýðunnar heldur leyfir alþýðan þeim að leiða sig á rétta braut því hún viðurkennir yfirburði þeirra. Dagný Kristjánsdóttir bendir til dæmis á að í gagnrýni sinni á rímurnar (sjá 3.-4. kafla) hafi Jónas Hallgrímsson ráðist gegn „helsta vígi alþýðumenningarinnar“:

[...] fyrirliðning hans á því sem ómenntuð alþýðan dáðist að hefur tæpast verið fallin til að gefa henni „traust á sjálfa sig og tilfinningu um samstöðu“. Sú „alþýðumenning“ sem Jónas boðar er *nýsköpun*, er hámenning, sem héðan af skal heita „alþýðumenning“.¹²¹¹

Kristján Albertsson rifjar upp í ævisögu sinni blysfarir og skruðgöngur sem enduðu við hús „þjóðskálda“ á borð við Benedikt Gröndal, Þorstein Erlingsson og Steingrím Thorsteinsson á merkisafmælum þeirra en viðhöfnin gerði honum ljóst að þjóðskáldin væru „tignustu menn landsins — og einna helst konungar hver í sínu ríki“.¹²¹² Enda fannst honum alla ævi að tvo menn hafi hann „þekkt tilkomumesta, fyrst Matthías Jochumsson og síðar Einar

¹²⁰⁶ [Sveinbjörn Hallgrímsson]: [Án titils], *Þjóðólfur*, 5. nóvember 1848, 2.

¹²⁰⁷ Alexander Jóhannesson: „Um skáldskap Hannesar Hafsteins“, 81.

¹²⁰⁸ Sigríður Matthíasdóttir hefur rakið hvernig „stórmönnum þjóðarinnar“ var lýst sem persónugervingum íslenskrar þjóðar. Sigríður Matthíasdóttir: *Hinn sami Íslendingur*, 96-97.

¹²⁰⁹ Einn helsti ritdómari Eimreiðarinnar á árunum 1918 til 1923 var Magnús Jónsson.

¹²¹⁰ M.J.: „Smáþættir“, *Dagur*, 21. júlí 1920, 51.

¹²¹¹ Dagný Kristjánsdóttir: „Skáldið eina!“, 179.

¹²¹² Jakob F. Ásgeirsson: *Margs er að minnast*, 16.

Benediktsson“. Lýsingar hans á þeim eru stundum afar lotningarfullar; „ekkert nema sólin ein“ skein til dæmis á hann „með sterkari hlýju“ en bros Matthíasar Jochumssonar.¹²¹³

Ofangreindar áherslur sækja í eldri hugmyndir um yfirburðaeiginleika skálda, en árið 1898 segist Henrik Ussing til dæmis ímynda sér að alvöru skáld séu „menn með samskonar tilfinningum, samskonar hugsunum og við hinir —, en ef til vill göfgara og öflugra eðlis“.¹²¹⁴ Til að afmarka flokk „alvöru skálda“ og verðugra fulltrúa þjóðarinnar þarf því að aðgreina þá frá þeim sem eru veikara eðlis. Eins og komið hefur fram gat allt það sem taldist kvenlegt, ónáttúrulegt eða útlenskt haft útilokandi áhrif í þessum efnum (sjá t.d. bls. 175-175 og 230-230). Hulda tekur ekki einungis fram að Benedikt Gröndal hafi verið yfirburðamaður og undrabarn, heldur hafi hann, þrátt fyrir sterk tengsl við suðræn lönd og skáld og vísindamenn um víða veröld, aldrei gleymt því „að hann var barn Íslands, sonur norrænnar göfgi“, auk þess sem hún leggur áherslu á hefðbundna karlmannlega eiginleika hans sem skálds: „Vol og víl var eitur í beinum Gröndals“, segir hún og dregur upp mynd af manni sem beygði sig ekki fyrir neinu nema því sem „hann fann að var stærra en hans eigið“.¹²¹⁵

Við útilokandi eiginleika má svo einnig bæta hinu óheilbrigða, en Ólafur Rastrick hefur bent á að áhugi á mannkynbótum ýmissa menntamanna á millistríðsárunum tengist siðferðislegri þróunarhyggju sem hann færir rök fyrir því að einkenni hugsjónir um hið nýja samfélag sem byggja átti upp á sjálfstæðu Íslandi og „birtist sem framhald á hugsjóninni um þróun og göfgun mannsins“.¹²¹⁶ Á þessum tíma „var að verða til veraldleg vísindaleg þekking á íslensku um innra líf einstaklingsins og siðlega hegðun, umræða sem byggði á rökstuddu áliti og tilvísan til vísindalegra tilrauna. Listirnar komu inn í þá umræðu sem göfgandi meðal fyrir sálarlífið og mikilvægur liður í þróun siðmenningarinnar til betra lífs.“¹²¹⁷ Í því ljósi verður hlutverk gagnrýnenda, þeirra sem mæla með réttu „meðulunum“, afar mikilvægt.

Í þessu samhengi er vert að hafa í huga að tveir þeirra menntamanna sem höfðu sig hvað mest frammi í menningarumræðunni á öndverðri 20. öld, Ágúst H. Bjarnason og Guðmundur Finnbogason (sjá einnig bls. 259), skrifuðu doktorsritgerðir þar sem fjallað er „nokkuð ítarlega um samfélagslegt hlutverk lista“.¹²¹⁸ Ólafur Rastrick segir að þeir hafi átt

¹²¹³ Sama, 24-25.

¹²¹⁴ Ussing: „Nútiðarbókmenntir Dana“, 161.

¹²¹⁵ Hulda: „Gröndalsminning“, 155 og 149-150.

¹²¹⁶ Ólafur Rastrick: *Háborgin*, 57. Ólafur vísar í þessu samhengi í rit Unnar Birnu Karlsdóttur um mannkynbætur. Þar segir Unnur Birna m.a. frá því að hvaða leyti Guðmundur Finnbogason og Ágúst H. Bjarnason voru undir áhrifum frá arfbótastefnunni. Unnur Birna Karlsdóttir: *Mannkynbætur. Hugmyndir um bætt kynstofna hérlendis og erlendis á 19. og 20. öld*, Reykjavík, Sagnfræðistofnun og Háskólaútgáfan, 1998, 36-52 og 58-62.

¹²¹⁷ Ólafur Rastrick: *Íslensk menning og samfélagslegt vald 1910-1930*, doktorsritgerð í sagnfræði, Reykjavík, Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, 2011, 43-53.

¹²¹⁸ Ólafur Rastrick: *Háborgin*, 45.

það sammerkt með Sigurði Nordal að hugmyndir þeirra beri með sér „sálarfræði sem gekk út á betrun einstaklingsins og hafði að markmiði að hafa áhrif á hvernig einstaklingurinn mótaði sjálfan sig“.¹²¹⁹ Samkvæmt Guðmundi Finnbogasyni miði skáldskapurinn að því að „fullnægja einni dýpstu þörf mannssálarinnar, þeirri að lifa svo *ríku* lífi sem unnt er“. Skáldskapur gefi „tækifæri til að finna og skilja „séreðli annarra“ og gefa þannig einstaklingnum „gleggra skyn á eðli sjálfs sín““, en „skilningur á sálarástandi annarra mótaðist við að finna á eigin skinni, í eigin líkama, upplifa sjálfur gegnum form, hreyfingu og hljóð, eitthvað það sem sprottið væri af tilfinningalífi og hugmyndum einhvers annars“. Með „réttu vali fyrirmynda var samúðarskilningurinn þannig leið einstaklingsins til að temja sér eftirsóknarverða eiginleika.“¹²²⁰

Munurinn á gagnrýnanda og venjulegum lesanda er að sá fyrrnefndi er ekki einungis talinn hafa þá samfélagslegu skyldu að leitast við að bæta sjálfan sig og þar með samfélagið, heldur á hann að leitast við að bæta bókmenntirnar og aðra lesendur og þar með samfélagið. Í samræmi við aukna áherslu á sálarfræði verður aðferðin oft sú að beina athyglinni að höfundinum, vitundinni sem er miðlað í gegnum skáldverkið (sjá t.d. umfjöllun Sigurðar Nordals um *Systurnar frá Grænadal*, bls. 231). Helga Kress bendir til dæmis á að á fyrri hluta 20. aldar hafi Íslendingasögur verið flokkaðar „í góðar og miður góðar, eftir því hvernig þær falla að hugmyndum [...] um hinn menntaða og meðvitaða höfund“.¹²²¹ En starf gagnrýnandans verður ekki aðeins að skilgreina og finna hið góða, göfuga og sterka í sálarlífi höfundanna og koma því á framfæri við aðra lesendur, heldur einnig að leitast við að efla þessa styrkleika, til dæmis með hrósi og hvatningu, og lækna það sem veikt er, með ýmsum ráðleggingum, eða útrýma því með fordæmingu. Helga fullyrðir að síðari tíma rannsóknir, „sem og öll opinber umræða um bókmenntir og bókmenntafræði“ einkennist af þessari sömu áherslu á höfundinn,¹²²² og ljóst er að hún er enn til staðar á öndverðri 21. öld, þótt sjaldan sé það orðað jafnskýrt og í dómi um *Bernskubók* Sigurðar Pálssonar árið 2011. Þar lætur Jóhann Hlíðar Harðarson tvær stakar setningar í miðju og í lok ritdómsins kallast á: „Svona skrifar enginn nema ljóðskáld“ og „Svona skrifar bara gott fólk“.¹²²³ Niðurstöður greiningar á sálarlífi höfundar og á skáldskapargáfu hans haldast þannig í hendur og skilið er á milli þess

¹²¹⁹ Sama, 73. Ólafur fjallar nokkuð ítarlega um aukið vægi sálarfræði í upphafi 20. aldar og um tengsl sálarfræðilegra hugmynda og umræðu um sérstöðu og sjálfsmynd Íslendinga. Sjá sama, 86-101.

¹²²⁰ Sama, 66 og 62-63.

¹²²¹ Helga Kress: „Mikið skáld og hámenntaður maður. Íslenski skólinn í íslenski bókmenntafræði“, *Speglanir. Konur í íslenski bókmenntahefð og bókmenntasögu*, Reykjavík, Háskóli Íslands, Rannsóknastofa í kvænnafræðum, 2000, 392.

¹²²² Sama, 393.

¹²²³ Jóhann Hlíðar Harðarson: „Svona skrifar bara gott fólk“, *Eyjan*, 27. nóvember 2011, sótt 10. desember 2011 af <http://eyjan.is/2011/11/27/svona-skrifar-bara-gott-folk-ritdomur-um-bernskubok-sigurdar-palssonar/>.

sem er heilbrigt og gott og þess sem er veiklað á einhvern hátt. Þá gefur auga leið að ritdómarinn þarf sjálfur að vera heilbrigður, búa yfir miklu og skapandi afli til að geta úrskurðað þannig um styrk höfundar og heilbrigði. Enda skilst barnungum Kristjáni Albertssyni á fyrsta áratug 20. aldar að „finast af öllu“ séu dæmigerðir bókmenntagagnrýnendur hans tíma; „„hugsandi menn“, hneigðir fyrir grúsk í bókum, ræðuhöld ef færi gafst og eina og eina alvörubrunna grein um mannleg vandamál“, og að því myndi fylgja margháttaður frami fyrir hann og hans líka „þegar við værum orðnir stórir og í flokki „menntamanna þjóðarinnar““. ¹²²⁴ Gagnrýnendur þurfa jafnframt að vera hugrakkir og tilbúnir að fórna sér fyrir málstaðinn. Þeir höfundar sem eru úrskurðaðir veikir eða á einhvern hátt ófullkomnir, hvort sem meinið er talið ólæknandi eða að vinna megi bót á því með ýmsum meðulum, verða skiljanlega oft fyrir sárum vonbrigðum með niðurstöðuna og það að ritdómarinn virðist ekki hafa skilið það sem höfundurinn taldi sig svo augljóslega segja. Enda hafa margir höfundar viðrað á móti efasemdir um greiningaraðferðir eða jafnvel heilbrigði dómaranna. Þegar höfundurinn bregst svo illa við „meðferð“ breytist hið göfuga lækningastarf greinandans oft en ekki í langdregin stríðsátök í formi ritdeilna.

Dóninn í fjölskylduböðinu

Kristján Albertsson gerði persónulega átakahlið ritdóma að umtalsefni í *Vöku* árið 1927, undir yfirskriftinni „Um bersögli“. Þar leggur hann áherslu á að höfundar, sem aðrir, verði að taka gagnrýni af þroska og hugrekki. Aðeins „mannlegur lítilmagni“ fái „engin opinber ámæli borið án þess að umhverfast, óvitkast og espast til haturs“. ¹²²⁵ Sem dæmi stillir Kristján upp hlið við hlið stjórnámamanni sem fær gagnrýni fyrir pólitískar skoðanir og höfundi sem fær ritdóm og segir eðlilegast að „þeir menn sem inna þau störf af hendi, sem alþjóð manna hlýtur að mynda sér skoðun um og *skylt* er að dæma opinberlega, — að stjórnámamenn og valdhafar, rithöfundar og listamenn væru við því búnir að sitt sýndist hverjum um verk þeirra“. ¹²²⁶

Sýnileiki á hinum opinbera vettvangi skapar virkum þátttakendum á borð við rithöfunda ákveðnar þvinganir, kallar í raun á eftirlit með þeim og tilraunir til betrunar, en Michel Foucault hefur lýst því hvernig þær þvinganir sem slíku eftirliti fylgja beinast fyrst og fremst inn á við:

¹²²⁴ Jakob F. Ásgeirsson: *Margs er að minnast*, 20.

¹²²⁵ Kristján Albertsson: „Um bersögli“, *Vaka*, 2, 1927, 180.

¹²²⁶ Sama, 178.

Sá sem er látinn hafast við á sýnilegu sviði og veit af því tekur á sig þvinganir valdsins; hann lætur þær ósjálfrátt hafa mótandi áhrif á sig; hann færir valdaafstæðurnar inn í sjálfan sig og tekur á sig hlutverk beggja aðila; meginregla undirokunar hans sjálfs rennur honum í merg og bein.¹²²⁷

„Sýnileikinn er gildra“, segir Foucault, þar sem meðvitundin um hann „tryggir sjálfvirkan gang“ valdsins og linnulaust álagið sem honum fylgir getur meira að segja komið „að notum áður en afbrot, villur og glæpir eiga sér stað“.¹²²⁸ Við beina stýringu að ofan, hvort sem hún er harkaleg í anda Jónasar Hallgrímssonar (sjá 3. kafla), eða mjúkleg í anda Matthíasar Jochumssonar (sjá bls. 194 og 228), bætast því þau mögulegu áhrif sem það hefur á höfunda að vita af augnaráði á sér; nokkuð sem kalla má innri ritstýringu eða sjálfsritskoðun og getur jafnvel verið algjörlega ómeðvituð.

Hér er lýst einkennum þess sem Foucault kallar ögunarsamfélag. Þar „ríkir stigveldi, eftirlit, augnaráð, bókhald“, svokölluð „alsæishyggja“.¹²²⁹ Draumurinn um slíkt samfélag er, samkvæmt Foucault, afurð mikilla þjóðfélagsbreytinga undanfarnar aldir, ekki síst við lok 18. aldar og upphaf þeirrar 19., og fól í sér tvíþætt ferli: „brottnám sjónarspilsins og afnám þjáningarinnar“.¹²³⁰ Þetta hafði m.a. í för með sér að smám saman vék sjónarspil aftökunnar, sem hafði það hlutverk að láta áhorfendur „taka inn á sig það vald sem í hefndinni felst“, láta þá „lifa sig inn í aftökuna, upplifa með sjálfum sér og í líkama sínum eða á honum þá skelfingu sem fórnarlambið lifir, vera virkur þátttakandi í aftökunni og draga ályktanir sem leiða til ákveðinnar breytni eða girða öllu heldur fyrir ákveðna hegðun“.¹²³¹ Alsæisögun beinist einnig inn á við, og það strax á stigi eftirlitsins, þannig að refsingin þarf í raun aldrei að fara „raunverulega fram fyrir augum fjöldans“¹²³² og komið er í veg fyrir þjáninguna sem henni fylgir. Foucault lýsir því svo að upp hafi komið „grunsemdir um að sjálf athöfnin sem átti að „binda enda á“ glæpinn væri í reynd náskyld honum“:

[...] að hún gerði mönnum ljósan þann svip sem var með böðli og glæpamanni, með dómara og morðingja, að hún sneri að lokum hlutverkunum við og leiddi hinn pínna fram á sviðið sem þann er verðskuldaði samúð eða aðdáun.¹²³³

Við höfum séð hvernig viðbrögð við fyrstu ritdómum Jónasar Hallgrímssonar og féлага hans gefa til kynna að í augum almennings geta ritdómarnir sjálfir auðveldlega orðið að „skrímslunum“ sem þeir ætluðu að ráðast gegn með opinberri refsingu ritdómsins (sjá bls.

¹²²⁷ Foucault: „Alsæishyggja“, 140.

¹²²⁸ Sama, 138 og 144.

¹²²⁹ Sama, 135.

¹²³⁰ Foucault: „Líkami hinna dæmdu“, 102, 105, 109 og 120.

¹²³¹ Garðar Baldvinsson: „Alsætt líkamsvald“, 28.

¹²³² Sama, 30.

¹²³³ Foucault: „Líkami hinna dæmdu“, 102.

159), en þá hættu má reyndar sjá strax í fyrstu prentuðu fjölmiðlunum á seinni hluta 17. aldar, þegar ritdómarar eru ásakaðir um valdniðslu og harðstjórn (sjá bls. 105) eða jafnvel grimmd, eins og í tilviki 17. aldar gagnrýnandans Boileaus sem hélt á lofti þeirri skyldu að hreinsa burt hættuleg frávík með opinberu sjónarspili refsingar (sjá bls. 50). Hvað ritdóma varðar er mikilvægt að hafa í huga að hugmyndir um ögun í anda alsæishyggjunnar hafa aldrei komið í staðinn fyrir það hreinsandi hlutverk ritdómara að vera, líkt og löggæslumenn, „handbendi réttvísinnar og eltast við glæpamenn og halda niðri samsærum, stjórnarandstöðu og uppreisnartilburðum“,¹²³⁴ heldur bætast ögunarhugmyndir við þetta hlutverk og hafa áhrif á tæknilegt eðli þess.

Ögunarkerfi notast við lóðrétt ferli og aðgreiningu, samkvæmt Foucault, „þéttriðið stigveldisnet“ sem kemur „valdaafstæðum eins laumulega og hægt er fyrir í sjálfum líkamsvef fjöldans en ekki ofar honum“. Þetta er gert með nafnlausum valdataekjum; notast er við „stigveldisbundið eftirlit, óslitna skráningu og linnulausa flokkun og dóma“. ¹²³⁵ Í orðum Kristjáns Albertssonar sem vitnað er í hér að framan kemur fram sú skoðun að „alþjóð manna“ sé skylt að meta og dæma framgöngu þátttakenda. Kristján vísar því ekki aðeins til réttar hins almenna lesanda til að dæma verk, eins og Boileau (sjá bls. 158), heldur skyldu hvers og eins að gegna eftirlitshlutverki, að vera hluti af því tæknilega ferli sem viðheldur ákveðnum stöðugleika í hinum eilífu hreyfingum bókmenntasviðsins. Hver og einn dómur er ekki endanlegur og það ríkir ekki alltaf eining um það hver staða nýs höfundar eigi að vera. Um það er tekist og eðlilegt er talið að staða einstakra höfunda innan bókmenntasviðsins breytist; þeir rísi ýmist til metorða eða sígi niður á við en sjaldgæfara er að komast í svo upphafna stöðu að um mann ríki „lognmolla hróssins“¹²³⁶ áratugum eða öldum saman. Þyki menn líklegir til að blanda sér í „toppslaginn“ mega þeir líka eiga von á að kröfurnar sem gerðar eru til þeirra aukist og dómarnir verði óvægnari, eins og þessi orð Magnúsar Kjartanssonar frá 1946 sýna:

Það mætti fara fögrum orðum um þessa bók Jóhannesar ef miðað væri við allan þorra þeirra ljóða sem menn eru að bögglast við að hnoða saman á Íslandi. En Jóhannes úr Kötlum verður að þola það að ljóð hans séu metin með tilliti til þess sem hann getur gert bezt.¹²³⁷

Foucault bendir á að ögun í anda alsæishyggjunnar hafi „uppbyggilegt hlutverk“. Hún á að auka „hæfni hvers og eins“ og samstöðumátt heildarinnar, á að „skila af sér nýtsamlegum

¹²³⁴ Sama, 155.

¹²³⁵ Sama, 160-161.

¹²³⁶ Gunnar Stefánsson notar þau orð um Halldór Laxness í dómi um *Guðsgjafarpulu*. Gunnar Stefánsson: „Endurminning án skuldbindingar“, *Tíminn*, 3. desember 1972, 10. Sótt í Haukur Ingvarsson: *Andlitsdrættir samtíðarinnar*, 30-32 og 53-54.

¹²³⁷ Magnús Kjartansson: „Umsagnir um bækur“, 66.

einstaklingum“.¹²³⁸ Slíkar kröfur eru gjarnan gerðar til ritdóma, og það getur farið fyrir brjóstið á mönnum ef þeir telja að ritdómarar noti vald sitt til að niðast á þeim sem veikari eru, og þá helst nýgræðingum, án tillits til afleiðinganna. Árið 1921 minnir Pétur Pálsson á að „ungir, byrjandi rithöfundar“ eigi „engu síður en þeir eldri, fulla heimtúng á, að þeim sé sýndur sómi og sanngirmi, þá er ritsmíðar þeirra eru teknar til yfirvegunar“.

Það er því síst að undra, þótt góðir og vitrir menn líti með fyrirlitningu á þá ritdóma, sem eigi hafa annað að marki eða miði, en það, að leitast við að drepa starfslöngun og starfsþroska ef til vill efnilegra höfunda, sem ekki eru búinir að ná viðurkenningu. Höfundar slíkra ritdóma ráðast oftast þar á garðinn, sem hann er lægstur, og fara verst með umkomulítill alþýðuskáld. Þar á móti láta þeir ekkert tækifæri ónotað til að viðra sig upp við þau skáld, sem búin eru að ná viðurkenningu.¹²³⁹

Eins og aðrir blaðamenn á ritdómarinn að þjóna samborgurum sínum með því að vera óragur, hreinskilinn og heiðarlegur; segja satt og rétt frá svo sýnileikinn innan samfélagsins verði sem mestur og allir geti fylgst með því að allt sé eins og það á að vera. Pétri þykir hins vegar nóg um „oflof og hóflaust smjaður“ ritdómara gagnvart viðurkenndum góðskáldum og hneykslast á því að „ritdómaramir, þessir, sem telja sig óskeikula, þori eigi að veга að þeim „stóru“, og segja þeim til syndanna eins og hinum“.¹²⁴⁰ Ritdómarinn má ekki vera handbendi einstakra valdhafa, heldur er hann hluti af ögunarferli sem á fyrst og fremst að tryggja viðgang bókmenntasviðs þar sem einn einstaklingur getur komið í annars stað.

Komið hefur fram hér að framan að Mary Douglas lýsir slíku valdakerfi sem flæðandi (sjá bls. 63), en hún telur að þar virki sífellt yfirvofandi ásakanir um misbeitingu valds eins og nokkurs konar öryggisventill,¹²⁴¹ þ.e. hún gerir í raun ráð fyrir því að óttinn við ásakanir virki sem ögunarkerfi í anda alsæishyggjunnar sem Foucault lýsir; „eins og hitastýring á alla áður en til raunverulegra átaka kemur“.¹²⁴² Í samkeppnisdrifnum bókmenntaheimi virðist Pétur Pálsson óttast það sem Mary Douglas kallar árangurstengt (e. *success-biased*) vald rithöfunda, en þá er eins og þessi hitastýring bregðist og jákvæð svörun, eins konar stofnanavædd aðdáun, haldi áfram að hlaðast upp þar til allt springur. Slíkt vald má kalla sjálfréttlætandi (e. *self-validating*): Þar sem það þykir hafa sannað árangur sinn dregur það að sér fylgjendur og þar með meiri árangur.¹²⁴³

¹²³⁸ Foucault: „Alsæishyggja“, 149.

¹²³⁹ Pétur Pálsson: „Skáldastyrkurinn“, *Vísir*, 12. apríl 1921, 2.

¹²⁴⁰ Sama, 2.

¹²⁴¹ „[...] a check on the use of secular power [...]“. Douglas: *Purity and Danger*, 108-109.

¹²⁴² „The fear of accusation works like a thermostat on everyone in advance of actual quarrels. It is a control device.“ Sama, 111.

¹²⁴³ Sama, 111.

Blaðamaðurinn og ritdómari Ingvi Freyri Vilhjálmsson lætur í ljós viðlíka áhyggjur er hann furðar sig á því í blogg færslu árið 2009 að enginn annar en hann sjálfur og Páll Baldvín Baldvínsson hafi lagt í að finna opinberlega að „augljósum vanköntum“ bókarinnar *Harmur englanna* eftir Jón Kalman Stefánsson. Telur hann þetta merki um að Jón Kalman hafi við vinnslu hennar skort bæði sjálfsgagnrýni og gagnrýni af hendi þeirra sem ritstýrðu bókinni og lásu yfir.

Í vissum skilningi fékk ég það á tilfinninguna þegar ég las bókina að hún væri skrifuð af einhverjum sem teldi sig vera kominn á einhvern stall sem hafinn væri yfir eðlilega og sanngjarna gagnrýni [...]¹²⁴⁴

Ingvi Freyr vísar til þess að allir sem hann hafi rætt við uppá síðkastið séu á þeirri almennu skoðun „að Jón leyfi sér of óheft og háfleyg stílbrögð í bókinni, að hún sé of löng, langdregin og í hana vanti tilfinnanlega einhverja atburði“, og leitar svara við því hvers vegna nær enginn bendi „á þetta í fjölmiðlum eða opinberri umræðu“.

Það er eins og fólk sem hefur sínar skoðanir á bókinni þori ekki að gagnrýna hana af ótta við að þykja þúkó, skilningssljótt eða óbókmenntalegt nú þegar flestir bókagagnrýnendur hafa gefið bókinni sín bestu meðmæli.¹²⁴⁵

Niðurstaðan sem Ingvi Freyr kemst að gefur til kynna að Jón Kalman sé orðinn nokkurs konar handhafi sjálfhverfs árangurstengds valds í íslenskum bókmenntaheimi. Hann sé orðinn einn af þeim höfundum sem eru „svo viðurkenndir af ákveðnum hópi fólks í samfélaginu — þeim sem oft á tíðum tala um, hafa áhuga á og sýsla með bækur — að gagnrýni á þá verður ómöguleg með öllu“. Ingvi Freyr telur, eins og svo margir aðrir (sjá t.d. bls. 286) enn meiri hættu á slíku „í svona litlu samfélagi eins og því íslenska þar sem slík mógsefjun og snobb fyrir einstökum listamönnum á auðveldara með að þrífast í en í stærri samfélögum þar sem meiri fjarlægð er á milli manna og hlutlægni er líkast til meiri í umfjöllun um bókmenntir og listir“.¹²⁴⁶

Mary Douglas segir hættu á því að þeir sem búi yfir slíku sjálfhverfu valdi þurfi ekki að lúta sömu siðferðislegu hömlum og annað fólk. Þeir geti allt eins látið stjórnast af tækifærismennsku og undirgefni við viðurkennd yfirvöld.¹²⁴⁷ Ingvi Freyr hefur einmitt áhyggjur af þessu er hann lýsir því yfir að: „Þessum höfundum leyfist nánast hvað sem er.“¹²⁴⁸

¹²⁴⁴ Ingvi Freyr Vilhjálmsson: „Um bókmenntagagnrýni: Vinurinn og vammid“, blogg, *DV*, 18. nóvember 2009, sótt 7. apríl 2013 af <http://www.dv.is/blogg/ingi-freyr-vilhjalms-son/2009/11/18/um-bokmenntagagnr-yni-vinurinn-og-vammid/>.

¹²⁴⁵ Sama.

¹²⁴⁶ Sama.

¹²⁴⁷ Douglas: *Purity and Danger*, 111.

¹²⁴⁸ Ingvi Freyr Vilhjálmsson: „Um bókmenntagagnrýni: Vinurinn og vammid“.

Afleiðingarnar sem hann lýsir verða nokkurs konar ofdramb, misnotkun höfunda á aflinu sem felst í sköpunargáfu þeirra:

[...] þá fara menn að halda að þeim nægi að loka sig inn í herbergi í tvö ár með fartölvu og kaffifant og drita öllum mögulegum og ómögulegum hugsunum sínum niður á blað í belg og biðu svo úr verði snilldarverk — „Allt sem ég geri gengur upp hugsanahátturinn.“¹²⁴⁹

Forvörnin gegn slíkri misnotkun og sóun krafta er betrun í anda ögunarsamfélagsins sem Foucault lýsir — betrun sem verður möguleg og sjálfsögd vegna þess að verk rithöfunda eru ætíð til sýnis á opinbera sviðinu, eins og Ingi Freyr bendir á:

Nei, góðum höfundum [...] á miklu frekar að hampa með því að eyða tíma í að gagnrýna þá vel þegar glappskot þeirra eru augljós — sem auðvitað er eðlilegt þegar menn vinna við það í lífinu að skrifa bækur. Þannig, og aðeins þannig, er hægt að hjálpa þessum höfundum að verða betri í því sem þeir gera best. Þetta er hlutverk gagnrýnenda og bókmenntaumræðunnar í samfélaginu. Þannig hjálpa lesendur bestu höfundum samfélagsins við að bæta sig.¹²⁵⁰

Umfjöllun Inga Freys undirstrikar að umsagnir um einstakar bækur eru einnig framlag til víðari bókmenntaumræðu, og beinast oft að öðrum gagnrýnendum, því hann er ekki síður að gagnrýna viðtökur annarra en verkið sjálft. Líkt og Kristján Albertsson og Pétur Pálsson telur Ingi Freyr greinilega að sporna verði við myndun „skjallbandalaga“¹²⁵¹ innan bókmenntaheimsins með gagnrýnu aðhaldi við hvern þann einstakling er kemst í áhrifastöðu og með því að gæta þess ekki sé gengið á rétt þeirra sem minna valds njóta. Látið er að því liggja að hinn eiginlegi eftirlitsmaður sé öll alþýða manna og að hið eiginlega dómsorð falli hjá almenningi, en það sé skylda gagnrýnandans að orða það dómsorð tæpitungulaust.

Ekki eru þó allir á eitt sáttir um mikilvægi þess að orða slíka dóma á opinberum vettvangi fjölmiðlanna. Breski rithöfundurinn og gagnrýnandinn Virginia Woolf fordæmir það til dæmis árið 1939 að fjöldaframléiðsla ritdóma á forsendum markaðarins hafi gjaldfelst þá þannig að hvorki almenningur, útgefendur né rithöfundar taki nokkuð mark á einstaka umsögnum lengur.

[...] ritdómurinn er orðinn að tjáningu einkaskoðunar, án nokkurrar tilraunar til að vísa til „eiflra viðmiða“, skrifaður af manni í tímahraki, með takmarkað pláss og sem ætlast er til að þjóni margvíslegum hagsmunum; af manni sem býr við þá truflandi vitund að hann er ekki að

¹²⁴⁹ Sama.

¹²⁵⁰ Sama.

¹²⁵¹ Hannes Hólmsteinn Gissurarson kann að hafa verið fyrstur til að nota þetta orð, árið 1992, er hann notaði það til að lýsa ákveðinni tegund opinberra samskipta meðal háskólamanna. Nefnir hann sem dæmi hagfræðikennarana Þorvald Gylfason og Þráin Eggertsson: „Alþjóð brosti breitt rétt fyrir jóln 1990, þegar Þorvaldur skrifaði lofsamlegan ritdóm um bók eftir Þráin í Morgunblaðinu og Þráinn skrifaði skömmu síðar lofsamlegan ritdóm um bók eftir Þorvald í sama blað.“ Segir Hannes slík bandalög „óheppileg“, því um „kenningar verður að leika gustur harðrar, en málefnalegrar gagnrýni“. Hannes Hólmsteinn Gissurarson: „Skjallbandalögin í Háskólanum“, *Pressan*, 23. apríl 1992, 19.

uppfylla skyldur sínar; sem efast um hverjar skyldur hans séu; og er, á endanum, neyddur til að hörfa.¹²⁵²

Samfélagslegar hugsjónir eru samkvæmt þessu víðs fjarri, en Woolf segir að viðbrögð rithöfunda við dómunum sýni að þeir hafi helst áhyggjur af áhrifum svívirðinga á veski sitt og orðsporið. Helstu hagsmunir höfunda tengdir ritdómum sé því þráin eftir persónulegri frægð og ríkidæmi en ekki betrun bókmenntanna. Eftir sitji í besta falli tilgangslaus og í versta falli niðurbriótandi iðja „Hvers vegna að skrifa ritdóma eða lesa þá eða vitna í þá ef það er lesandinn sem á endanum verður að ákveða svárið?“ Fjölmíðlar geti allt eins takmarkað umfjöllun sína við „slægingu og stimplun“ og sinnt þannig markaðslegu hlutverki og þjónustu við almenning:

Sá sem slægir verkið myndi skrifa stutta yfirlýsingu um verkið; lýsa söguþræðinum (ef það er skáldsaga), velja nokkrar ljóðlínur (ef það er ljóð), vitna í nokkrar anekdotur (ef það er ævisaga). Við þetta mun það sem eftir lifir af ritdómaranum — kannski verður hann kallaður smakkari — bæta við stimpli — stjörnu til að tákna samþykki, rýting til að gefa til kynna vanþóknun.¹²⁵³

Þannig gætu fjölmíðlar komið til móts við þarfir bókaneytenda án þess eyða í það mörgum verðmætum dálksentímetrum. Plássinu sem sparast mætti svo eyða í merkilegri bókmenntaumuræðu, jafnvel fræðilegar ritgerðir.¹²⁵⁴

Samkvæmt þessari formúlu væru ritdómar sannkallað tæki ögunarsamfélagsins þar sem valdið er sjálfvirkt og óháð einstaklingum:

Á sama hátt skipta hvatirnar sem að baki búa harla litlu: Forvitni hins óskammfeilna, hrekkvísi barns, þekkingarlyst heimspekings sem langar að þræða sig í gegnum þetta náttúrugripasafn manneðlisins, eða illgirni þess sem hefur unun af því að liggja á gægjum og refsa.¹²⁵⁵

Það blasir þó við að svona virka ritdómar ekki í raun og veru, hvorki á tímum Virginíu Woolf né á okkar dögum. Vald gagnrýnandans er alltaf öðrum þræði persónulegt og talið mögulega hættulegt ef hvatirnar að baki þykja annarlegar. Og Woolf hefur í sjálfu sér ekkert á móti hinu

¹²⁵² „[...] the review has become an expression of individual opinion, without any attempt to refer to ‘eternal standards’ by a man who is in a hurry; who is pressed for space; who is expected to cater in that little space for many different interests; who is bothered by the knowledge that he is not fulfilling his task; who is doubtful what that task is; and who, finally, is forced to hedge.“ Woolf: „Reviewing“, 208-209.

¹²⁵³ „The Gutter will write out a short statement of the book; extract the plot (if it is a novel); choose a few verses (if it is a poem); quote a few anecdotes (if it is a biography). To this what is left of the reviewer - perhaps he will come to be known as the Taster — will fix a stamp — an asterisk to signify approval, a dagger to signify disapproval.“ Sama, 209.

¹²⁵⁴ Sama, 212.

¹²⁵⁵ Foucault: „Alsæishygga“, 139.

persónulega sambandi gagnrýnanda og höfundar. Þvert á móti telur hún að eina raunverulega gildið sem ritdómar geti haft, fyrir utan þá þjónustu að gefa kaupendum ráð, sé samtalið sem fer fram í þeim. Hún hins vegar stingur upp á að persónuleg hlið ritdóma verði afmörkuð við lokaðan vettvang þar sem höfundur og gagnrýnandi mætist, fremur en á opinberum vettvangi fjölmiðla. Þannig sé hægt að ná fram sambandi sem sé „arðbært fyrir huga og pyngjur beggja aðila“.¹²⁵⁶ Læknavísindin hafi rutt leiðina:

[...] það er margt líkt með lækni og ritdómara, sjúklingi og höfundi. [...] Höfundurinn myndi þá leggja verk sín fyrir dómara að eigin vali og komið yrði á viðtali. Í algjöru einrúmi, og með nokkrum formlegheitum. Gjaldið myndi hins vegar tryggja að viðtalið leiddist ekki út í slúður yfir tebolla — læknir og höfundur myndu hittast [...].¹²⁵⁷

Við þetta kæmist höfundurinn í samband við „lifandi manneskju, ekki mann með grímu. Margur ógnvættur myndi missa hornin. Lúsin yrði að manni.“¹²⁵⁸

Það er því sjónarspil úrskurðar og refsingar sem fær Woolf til að kvarta, og óhjákvæmilegur fylgifiskur þessa sjónarspils; grótesk ímynd gagnrýnandans og eiginleikar úrkastsins. En sjónarspil refsingarinnar hefur, eins og Foucault bendir á, ómótstæðilegt aðdráttarafl ef almenningur fær aðgang að því, jafnvel í ögunarsamfélagi,¹²⁵⁹ og það er í samræmi við þá staðreynd að eftirspurn eftir ritdómum þar sem fram fer mikið sjónarspil refsingar hefur ætíð verið að minnsta kosti jafn mikil og fordæming þeirra. Það kemur m.a. fram í máli Sigurðar Nordals árið 1925:

Það heyrir oft kveða við, að þessari bók eða þessum höfundi þyrfti að taka duglegt tak. Með öðrum orðum: menn vilja láta ritdómara bergmála skoðanir almennings, hafa þá fyrir böðla á bækur, sem hver maður sér, að eru ónýtar.¹²⁶⁰

Líkt og Woolf sýnir Sigurður ákveðna andúð á þessu sjónarspili, og því að vera sem ritdómari settur í slíkt böðulshlutverk. Hann segir að „fyrsta boðorð hvers ritdómara ætti einmitt að vera: að skrifa aldrei um neina bók, sem er einskis virði, nema þá örfá orð til viðvörunar“. Hann vill einblína á betrunina, ekki refsinguna, og segir það eina „af helgustu skyldum

¹²⁵⁶ Woolf: „Reviewing“, 212.

¹²⁵⁷ „[...] there are many resemblances between doctor and reviewer, between patient and author. [...] The writer then would submit his work to the judge of his choice; an appointment would be made; an interview arranged. In strict privacy, and with some formality, the fee, however, would be enough to ensure that the interview did not degenerate into teatable gossip — doctor and writer would meet [...].“ Sama, 212.

¹²⁵⁸ „[...] a live human being, not with a man in a mask. Many bogies would lose their horns. The louse would become a man.“ Sama, 212. Áður hafði Woolf vitnað í þá lýsingu Charles Dickens á ritdómurum að þeir væru „lice of literature“. Sama, 205.

¹²⁵⁹ Michel Foucault: „Líkami hinna dæmdu“, þýð. Björn Þorsteinsson, *Alsæi, vald og þekking*, ritstj. Garðar Baldvinsson, Reykjavík, Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2005, 110 og 155.

¹²⁶⁰ Sigurður Nordal: „Um ritdóma“, 58.

ritdómara að benda á veilurnar í verkum höfuðskálda, svo að þær spilli ekki smekk lesanda né ung skáld taki þær sér til fyrirmyndar“.¹²⁶¹ Og hvers vegna ætti að þurfa þetta sjónarspil þegar verk höfundu eru einmitt þeim eiginleikum gædd að vera alltaf mögulega til skoðunar hjá hverjum sem er — sérfræðingi eða leikmanni — undir eftirliti og undirselt dómi almennings? Svartið er að einmitt þetta ritúalska sjónarspil er lykilatriði í valdakerfi bókmenntasviðsins. Ritúalskur rammi ritdómsins, sjónarspil dóms og umbunar/refsingar, getur virkað á svipaðan hátt og hreinsunarathafnir í skilningi Mary Douglas (sjá bls. 19); gert mönnum kleift að hætta sér yfir hefðbundin landamæri um leið og þeir staðfesta þau og endurskilgreina. Í ritdómum felst tækifæri fyrir hugrakka gagnrýnendur til að nýta sér kraftinn sem felst í því að virða að vettugi hefðbundin mörk, til dæmis mörk hins persónulega og almannavettvangs, án þess að stefna stöðu sinni innan valdakerfis bókmenntasviðsins eða kerfinu sjálfu í hættu, einmitt vegna þess að þar fer fram ritúalskt sjónarspil.

Sigurður Nordal virðist að einhverju leyti gera sér grein fyrir þessu er hann segir „nú meiri líkur til þess en löngum fyrr, að dómur um bækur hér á landi geti komizt í sémilegt horf“ en telur að herslumuninn vanti. Ástæðan sem hann nefnir minnir á lýsingar Foucaults á tilfærslunni frá hegningu til betrunar; Sigurður segir að á 19. öld hafi ritdómur tekið „þeim breytingum, að meir var hugsað um að skilja ritið en dæma, og einkum grafizt fyrir, hvernig það væri til orðið, rætur þess í eðli og reynslu höfundar“.¹²⁶²

Að sumu leyti voru þau áhrif til stórbóta. Þau gerðu reglurnar fjölbreyttari og sveigjanlegri, heimtuðu bæði meira smekk og skilning af ritdómaranum. Þegar þeim var í hóf stilt, leiddu þau til hins rétta meðalhófs: *dómskýringar* (orðið er myndað af Gesti Pálssyni). En mörgum mönnum viltu þau alveg sýn. Þeim varð á að halda, að ritdómur ætti ekkert að vera annað en skýringar, hverja bók ætti að skilja eins og henni hefði þóknast að verða, án þess að hugsa um, hvort æskilegra hefði verið, að hún væri öðruvísi.¹²⁶³

Sigurður leggur áherslu á að þessi þróun frá dómi til skilnings þýði ekki að allt sé leyfilegt, og ljóst er að hann telur að betrun verði stundum að fela í sér opinbera refsingu. Hann bendir til dæmis á að þegar Jónas Hallgrímsson hafi skrifað dóm sinn um Tistrans rímur hafi hann ekki verið „að skrifa sögu“ heldur „að lifa og skapa sögu“ og að „ritskýringin sé aðalatriði, þegar ritað er um bókmenntir fortíðar, en ritdómurinn þegar rætt er um bókmenntir líðandi stundar“. Ritdómur um samtímabókmenntir eiga semsagt að *móta* bókmenntirnar og *bæta* þær, svo „þær verði ekki að arfabing af hirðuleysi og ræktarleysi“.¹²⁶⁴ Því er ekki að undra að Sigurður

¹²⁶¹ Sama, 58.

¹²⁶² Sama, 63.

¹²⁶³ Sama, 63-64.

¹²⁶⁴ Sama, 64.

telji að hin mikla „mannúðaröld“ sem nú móti íslenskt samfélag geti hamlað því að ritdómar nái að gegna hlutverki sínu.

Hér er ekki tekið hart á neinu. Menn eru alveg vaxnir upp úr þeirri ónærgætni að sjá verulegan mun á góðu og illu, hvítu og svörtu. [...] Yfir þjóðfélaginu liggur ein allsherjar þokuslæða. Hún er kölluð fögrum heitum: kærleikur, fyrirgefning og skilningur, — en er í raun og veru allsherjarblæja heigulskapar og makræðis. Hér þarf norðanstorm, yfir stjórnmál, fjármál, löggæzlu, almenningsálit og siðferði, ef vér eigum að halda heilbrigði vorri.

Það er að vonum, að þessarar mannúðar kenni ekki sízt í ritdómum. Hvergi er hún eðlilegri. En kröfur listarinnar eru miskunnarlausar. Hún spyr aðeins um, hvort gripurinn sé úr hreinum málm, án steypulýta og smíðagalla — hana skiftir engu, hvort smíðurinn er ungur eða gamall, ríkur eða fátækur, harður eða viðkvæmur. Þessi stranga rödd á að heyrast í hverjum ritdómi, þó að raddir skilnings, skýringar og jafnvel velvildar megi heyrast þar líka.¹²⁶⁵

Sigurður er ekki á móti hörðum ritdómum þótt hann neiti að taka að sér böðulshlutverk í lágkúrulegu sjónarspili sem stjórnað er af almenningi sem „þykist að visu vilja láta leiðbeina sér, en fyrtist þó í aðra röndina, ef brotið er í bág við ríkjandi skoðanir“.¹²⁶⁶ Valdakerfi bókmenntasviðsins kallar ekki aðeins á sviðsetningu dóms og refsingar/umbunar, heldur um leið á fordæmingu slíks sjónarspils sem mögulegri misnotkun valds. Möguleg misnotkun felst hér í því að ritdómarinn beygi sig undir vald almenningsálitsins í stað þess að þora að gagnrýna samkvæmt eigin sannfæringu, að ekki sé samræmi innra lífs (hjarta og hugar) við ytri gjörð (sjá bls. 159). Ritdómar eru nefnilega svæðið þar sem almenn siðalögmál blaðamanna beinast inn á við, að persónulegri afstöðu ritdómarans. Krafan um óttalausa gagnrýni er fylgifiskur allrar blaðamennsku, en í hinum afmarkaða ramma ritdómanna snýst upplýsingaskylda blaðamannsins ekki hvað síst um að opinbera af einlægni hans eigin, persónulegu skoðun (sjá bls. 155). Í þeim anda byrjar til dæmis Aðalbjörg Sigurðardóttir ritdóm um *Gerska æfintýrið* eftir Halldór Laxness árið 1938; á einlægum nótum:

Í hvert skipti og bækur hafa komið út eftir Halldór Kiljan Laxness, allt frá því er hann ritaði „Fuglinn í fjörunni“, hefir mig langað til að skrifa um þær. Mig hefir langað til þess af tveimur ástæðum: Af ósjálfráðri löngun eftir að þakka listaverk og yndi, sem þau hafa veitt mér, og jafnframt af löngun eftir að reyna að útrýma hjá einhverjum nokkru af þeim misskilningi, sem ríkir í hugum fólks um ritverk þessa höfundar.¹²⁶⁷

Samband ritdómara og höfundar hefur á sér persónulega hlið sem við fyrstu sýn gæti virst í mótsögn við hugmyndina um ópersónulegt gangverk opinberrar gagnrýni. En sé þessi persónulega hlið ekki til staðar vantar hluta af þeirri dýnamík sem ljær ritdómum afl og vægi

¹²⁶⁵ Sama, 65-66.

¹²⁶⁶ Sama, 57.

¹²⁶⁷ Aðalbjörg Sigurðardóttir: „Gerska æfintýrið“, ritdómur um *Gerska æfintýrið* eftir Halldór Laxness, *Réttur*, 7-8 1938, 211.

og sem sprettur af stöðu þeirra á mörkum ólíkra sviða og hefðbundinna andstæðna, til dæmis hins persónulega og hins opinbera.

Hlutskipti ritdómarans er að reyna, án árangurs, að veita opinbert aðhald í þágu kerfisins á persónulegum forsendum án þess að verða fyrir ásökunum um að vera of undirgefinn ríkjandi valdi eða „ríkjandi skoðunum“, og lenda þar með í vélrænu hlutverki böðuls, eða ásökunum um að láta annarlegar persónulegar hvatir og refsigleði ráða för. Þessa togstreitu má m.a. lesa úr skrifum gagnrýnandans Kristjáns Albertssonar árið 1927. Þótt Kristján leggi áherslu á opinbert og næstum embættismannslegt eðli átakanna sem fram fara á bókmenntasviðinu vefst hin persónulega hlið fyrir honum sem öðrum. Það er til dæmis ljóst að hann leggur gagnrýni á verk manna að jöfnu við gagnrýni á persónu þeirra sjálfra er hann segir:

Það er altaf eðlilegt og aldrei minnkun að því, þótt ádeila, sem er sannleikur, valdi þeim sársauka, er fyrir henni verður. Annaðhvort opnar hún augu hans fyrir brestum í fari hans, misráðnum skrefum í lífi hans, eða minnir á og víðfrægir hvorttveggja. Og allar rökstuddar ádeilur á málefni, hreyfingar eða ástand hljóta að hæfa einstaka menn, beint eða óbeint, og valda því einnig sársauka. En svo virðist sem gera mætti ráð fyrir því, að með fulltíða mönnum væri sársaukanum alla jafnan samfara nokkur íhugun á réttmæti og sannleik ádeilunnar. Sá þroski, það *quantum satis* af karlmennsku í lundarfari, sem til slíkrar íhugunar þarf, er furðu sjaldgæft — að minsta kosti á Íslandi.¹²⁶⁸

Eins og margir aðrir bendir Kristján á smæð íslensks samfélags í þessu samhengi og segir „í rauninni lítt mögulegt skrifandi mönnum hér á landi, að komast hjá því að móðga náungann“. Nefnir hann dæmi af eigin reynslu, þegar hann á skólaárum sínum hafi skrifað „allharðorðan ritdóm, en rökstuddan, um eina af lélegri bókum Jóns Trausta“. Höfundurinn hafi svarað með því að segja upp blaðinu og hætta að taka undir kveðju Kristjáns á götu.¹²⁶⁹ Þótt Kristján telji það „breyskleika“ Jóns Trausta að vera viðkvæmur fyrir því að menn séu „bermæltir og skorinorðir um galla“ verka hans, játar hann það í ævisögu sinni að hann hafi síðar iðrast „árásar“ sinnar á Jón Trausta, því honum finnst hann „hafa skrifað sumt sem telja verður með fremstu bókmenntum síðari tíma“.¹²⁷⁰ Þau orð og meint viðbrögð Jóns Trausta lýsa því vel hvernig persónuleg nánd í bókmenntasamfélaginu og opinbert eðli prentmiðilsins verka saman og geta orðið til þess að harðorður ritdómur á Íslandi minnir minna á sálgreinandi meðferð í þágu samfélagsins en óviðeigandi tækifærissræðu um náninn ættingja í litlu fjölskylduboði, þar sem ókostir hans eru dregnir fram í dagsljósið. Hætt er við að ættinginn

¹²⁶⁸ Kristján Albertsson: „Um bersögli“, 178.

¹²⁶⁹ Sama, 179.

¹²⁷⁰ Jakob F. Ásgeirsson: *Margs er að minnast*, 50.

heilsa ekki framar úti á götu og líti á aðfinnslurnar sem dónaskap fremur en uppbyggjandi ábendingar. Páll Baldvin Baldvinsson tekur til dæmis árið 2012 undir orð Jóns B. K. Ransu, höfundar bókarinnar *Listgildis samtímans*, að „umræða um listir hér á landi“ sé „harla skammt á veg komin“ og telur að návígið, frekar en fámennið, hamli mönnum; „þrengslið neyða menn til þagnar“, segir hann og dæmigerð sjúkdómsgreining flýtur með þegar hann segir íslenska listumræðu helst bundna „meðvirkum inngangstextum“. Fyrir bragðið sé umræða um listir fábreytt og fjörefnasauð.¹²⁷¹

Jafnvel þegar menn reyna að víkja sér undan þessari persónulegu hlið ritdómanna verður útkoman oft nokkurs konar dylgjustíll, ef marka má Soffiu Auði Birgisdóttur. Hún sagði árið 1988 að menn forðist að nefna nöfn en rífast og skammist út í „suma“ og „ýmsa“ án frekari rökstuðnings í formi dæma.¹²⁷² Úlfhildur Dagsdóttir tók í sama streng árið 2010 og sagði að það teldist „jafnast á við árás að nefna einhvern á nafn“¹²⁷³ þótt hér á landi verði bókmenntaumræða alltaf óhjákvæmilega að nánnum samræðum innan afmarkaðs hóps. Gefur það til kynna að umræðan hafi á sér yfirbragð hálfkveðinna vísa í fjölskylduboði þar sem flestir vita hver á sneiðina en reyna umfram allt að forðast bein átök við nákomna.

„Vér lifum í „landi kunningsskaparins““, hefur Kristján Albertsson eftir Sigurði Þórðarsyni en varar jafnframt við tilhneigingunni í litlu þjóðfélagi til að „kúga menn til þagnar“; halda hlífiskildi „yfir hneykslum og bágbornum verkum“ og vegsama meðalmennsku sem fyrirmynd.¹²⁷⁴ Hann hvetur menn til dáða með því að höfða til karlmennsku þeirra og þjóðerniskenndar:

En það er trú mín, að því meir sem Íslenskan anda réttir við eftir niðurníðslu liðinna alda, því sterkar muni til sín segja það sem í þjóðinni býr af hreinlyndi og einurð frjálshugar, að óttinn við ókarlmannlega viðkvæmni annara muni smám saman mega sín minna til þess að kúga til hálfvelgju og þagnar.¹²⁷⁵

Viljinn til að gagnrýna „óhæfu“ er í grein Kristjáns tengdur „andlegri einurð“ sem allir beri virðingu fyrir og sögð „drengmannlegur kraftur — ef hún er sprottin af sannfæring og þjáning“. Þeir sem láti kúgast til að „lifa í sátt og samlyndi við umheiminn, láta fara sem notalegast um sig í þjóðfélagi sínu“ hvísli „sáryrðum í kunningjahóp, í stað þess að ganga fram fyrir skjöldu“.¹²⁷⁶ Þetta er enn algengt viðhorf. Í áður nefndum ritdómi um *Listgildi*

¹²⁷¹ Páll Baldvin Baldvinsson: „Inngangur um listirnar“, ritdómur um *Listgildi samtímans* eftir Jón B.K. Ransu, *Fréttatíminn*, 2.- 4. mars 2012, 40.

¹²⁷² Soffía Auður Birgisdóttir: „Úr hænuhaus gagnrýnanda“, *Tímarit Máls og menningar*, 2 1988, 140.

¹²⁷³ Auður Aðalsteinsdóttir: „Karnival bókanna“, viðtal við Úlfhildi Dagsdóttur, *Spássían*, haust, 2010, 12.

¹²⁷⁴ Kristján Albertsson: „Um bersögli“, 178.

¹²⁷⁵ Sama, 186.

¹²⁷⁶ Sama, 179-180.

samtímans segir Páll Baldvin Baldvinsson til dæmis að undanfarna áratugi hafi íslenska menntakerfið „skilað okkur fjölda menntaðra einstaklinga“ sem væru „flestir hæfir til að halda hér úti virkri umræðu, mætti ætla, ef þorið vantaði ekki“. ¹²⁷⁷

Hér er athyglinni beint að þeim kostum sem gagnrýnandinn þarf að búa yfir og þar er hugrekki, styrkur og einlægni efst á blaði. „Ég vil ekki veitast grímuklæddur að neinum“, lýsti nýstúdentinn Kristján Albertsson yfir í upphafi fyrrnefnds dóms um Jón Trausta í upphafi gagnrýnandaferils síns, „og veit þó vel, að margir muni telja það óviðkunnanlegt, að svo ungur maður sem eg ráðist opinberlega á mér lærðari og rosknari menn“. ¹²⁷⁸ Kristján efaðist þó greinilega aldrei um rétt sinn til að tilheyra hópi þessara menntamanna og byrjaði strax á unglingsaldri að skrifa aðsendar greinar í dagblöð. ¹²⁷⁹ Gildi sitt sannaði hann m.a. með því að skirrast ekki við að vera óvæginn þegar honum þótti ástæða til.

Allt þetta eru kröfur sem einnig eru gerðar til stórskálda. Gagnrýnendur virðast hins vegar ekki telja það skyldu sína að vera fyrst og fremst þjóðlegir, þótt þess sé oft krafist af rithöfundum og Kristján Albertsson bætir við áðurnefndar skyldur ritdómara þeirri ábyrgð „núlifandi kynslóð[ar]“ að hún verði „að krefjast menningarlegra framfara“, því hún lifi „við betri hag“ og hafi „til að bera fjölbreyttari og almennari þekkingu en feður hennar“. ¹²⁸⁰ Þessi þekking er m.a. sótt til erlendra háskóla, a.m.k. í tilviki Kristjáns. Ólíkt skáldunum eru ritdómarar því fremur fulltrúar alþjóðlegra vísinda en þjóðlegrar náttúru. Í þessu samhengi er athyglisvert að Kristján Albertsson vísar til erlends uppruna gagnrýninnar með því að benda á erlenda orðið „kítík“, og talar um „þjóðirnar“ í fleirtölu er hann heldur kostum æðri tegundar ádeilu á lofti; hún sé „skilgetin systir hinnar jákvæðu íhugunar eða *krítíkur*, sem leitar að verðmætunum, er þjóðirnar eiga að lifa á — hlúir að, ræktar og verndar“. ¹²⁸¹ Gagnrýni er sjónarhorn úr fjarlægð, og er gjarnan kynnt til sögunnar sem utanaðkomandi afl (sjá bls. 174 og 246). En eins og sjá má af texta Kristjáns er hún jafnframt talin þurfa að spretta beint og einlæglega úr sál gagnrýnandans, af einlægri, persónulegri ást á hinu góða og þar með hatri á því sem hindrar framgang þess:

Vopn hennar [bersöglinnar] eru hert í eldi sálar, sem hatar, af því að hún elskar. Og um leið og hún eggjar menn til að gerast afhuga og áfella, vítir og hirtir, þá vekur hún til vitundar um möguleika, fyrirmyndir, hugsjónir, ný takmörk að keppa að. ¹²⁸²

¹²⁷⁷ Páll Baldvin Baldvinsson: „Inngangur um listirnar“, 40.

¹²⁷⁸ Kristján Albertsson: „Tvær gamlar sögur eftir Jón Trausta og ritdómarnir um þær“, *Ísafold*, 14. febrúar 1917, 1.

¹²⁷⁹ Jakob F. Ásgeirsson: *Margs er að minnast*, 49.

¹²⁸⁰ Kristján Albertsson: „Um bersögli“, 176-177.

¹²⁸¹ Kristján Albertsson: „Um bersögli“, 176.

¹²⁸² Sama, 176.

Afsökun Kristjáns fyrir framhleyfninni í dóminum um Jón Trausta er sú að hann „óttast að annars verði það ekki sagt“ sem honum „fínt að megi ekki ósagt verða“. Ekki megi „þola óátalið að rithöfundar sem njóta trausts hjá þjóðinni og styrks úr lands sjóði, sendi frá sér eins léttvæg og léleg rit“ og að þeim „sem unna þróun og þroska andlegs lífs með þjóð vorri“ geti „ekki gramist neitt eins og það, þegar menn verja góðum starfskröftum til þess að sljógva [svo] smekk og fegurðartilfinningu þjóðarinnar með ritum sínum“.¹²⁸³ Gagnrýnandinn verður að ganga til verks af hreinni ást og hugsjón og lýsing Kristjáns á óæðri tegund gagnrýnnar tekur af allan vafa um að sálarástand ritdómara er talið hafa úrslitaáhrif á það hvort gagnrýni hans sé marktæk. Gagnrýni „sem sprottin er af löngun til að særa og auðvirða, af ófrjórri illkvitni og mannfyrirlitning“, hafi alltaf vafasamt gildi: „Þeim anda, sem í henni ríkir, fylgir kulnun og niðurdrep.“¹²⁸⁴

Því er það nauðsynlegt fyrir Kristján Albertsson að koma með yfirlýsingu um græskulausan hug sinn fremst í umræddum dómi um verk Jóns Trausta: „Enginn haldi, að eg riti þessar línur til þess að svala mér á Jóni Trausta, því að mér hefir löngum verið vel til hans og ritstarfa hans“.¹²⁸⁵ Og víða má sjá hliðstæður í nútíðinni. „Ég segi þetta af því að ég ber umhyggju fyrir höfundinum“, sagði ritdómari Kolbrún Bergþórsdóttir til dæmis í *Kiljunni* árið 2011,¹²⁸⁶ eftir að hafa lýst því að hvaða leyti henni myndist *Lygarinn* eftir Óttar Martin Norðfjörð vera gallað verk. Kristjón K. Guðjónsson brást hins vegar ókvæða við í ritdómi¹²⁸⁷ um sama verk á *Pressunni* og lét að því liggja að hvatirnar að baki umsögnum Kolbrúnar og Páls Baldvins Baldvinssonar, kollega hennar í *Kiljunni*, væru ekki aðeins bundnar við þeirra eigin hagsmuni, heldur sprotnar af annarlegu og spilltu hugarfari:

Það var næstum því súrrealísk reynsla að horfa á Kolbrúnu Bergþórsdóttur og Pál Baldvin Baldvinsson sitja í settinu í *Kiljunni*, með glaðhlakkalegan hrægammavisp á andlitinu. Fram eftir hausti höfðu þau stallsystkini tilkynnt þjóðinni um hvert meistaraverkið á fætur öðru, en til að viðhalda orðspori sínu átti nú að slátra einum ungum og metnaðarfullum höfundi.¹²⁸⁸

¹²⁸³ Kristján Albertsson: „Tvær gamlar sögur eftir Jón Trausta og ritdómarnir um þær“, 1.

¹²⁸⁴ Kristján Albertsson: „Um bersögli“, 176.

¹²⁸⁵ Kristján Albertsson: „Tvær gamlar sögur eftir Jón Trausta og ritdómarnir um þær“, 1.

¹²⁸⁶ Kolbrún Bergþórsdóttir, gagnrýni um *Lygarann* eftir Óttar Martin Norðfjörð, *Kiljan*, RÚV, 2. nóvember 2011.

¹²⁸⁷ Umfjöllun Kristjóns snýst reyndar að mestu leyti um Kolbrúnu Bergþórsdóttur og Pál Baldvin Baldvinsson, en aðeins sex setningum er eytt í umsögn um bók Óttars.

¹²⁸⁸ Kristjón K. Guðjónsson: „Bækur: Lygarinn eftir Óttar M. Norðfjörð - Æsispennandi saga eftir efnilegan höfund“, *Pressan*, 18. nóvember 2011, sótt 11. desember 2011 af http://217.28.186.169/Frettir/Lesa_Innlent/baekur-lygarinn-ef-tir-ottar-m.-nordfjor-d---aesispennandi-saga-ef-tir-efnilegan-hofund.

Á öndverðri 21. öld má því enn sjá það viðhorf að það sé lykilatriði hvort aðfinnslur gagnrýnenda spretti af „réttum“ hvötum, af hreinum huga. Kristjón segir Kolbrúnu og Pál Baldvin hafa „fastmótaðar, einstrengingslegar og fyrirfram mótaðar skoðanir“¹²⁸⁹ og gefur þannig til kynna að hér sé um að ræða þá „óæðri tegund ádeilu“ sem Kristján Albertsson varaði við árið 1927.

Þótt Kristjón neiti að taka mark á yfirlýsingum ritdómarans Kolbrúnar Bergþórsdóttur varðandi umhyggju hennar fyrir rithöfundinum Óttari Marteini Norðfjörð eru þær gott dæmi um að skörun ritdóma við svið sálfræðinnar hefur haldist sterk í hugum fólks fram á okkar daga og tengist skilningi okkar á hlutverki eftirlits og refsinga í samfélaginu almennt. Tilgangurinn er betrun eða lækning, líkt og í ögunarsamfélaginu sem Foucault lýsir, eins og kemur fram í orðum Berglindar Gunnarsdóttur er hún leggur út af þeim orðum rithöfundarins Guðbergs Bergssonar að listamaðurinn óttist gagnrýnandann á svipaðan hátt og slóttugur sjúklingur geðlækni sem vill afhjúpa „innsta kjarna efniviðarins“.¹²⁹⁰

Skáldið óttast gagnrýnið auga bókmenntafræðingsins sem leitar uppi vankantana og dregur þá fram í dagsljósið. En þó er það heillavænlegast, á sama hátt og sjúklingurinn hlýtur ekki bata nema hann horfist í augu við sálarflækjur sínar. En í báðum tilvikum mistekst verknaðurinn nema að baki liggja ákveðin velvild. Harkan ein er skaðvænleg þótt viðkomandi telji sér trú um annað. Ástleysið þarf ekki að drepa ljóðið en skapar ljóð án ástar.

Raunar ætti gagnrýnandinn að skoða sig sem einskonar guðföður eða guðmóður ljóðsins. Með því móti hefði hann/hún til að bera velvildina, sem er nauðsynleg, en gæti jafnframt stutt sig við skynsemi sína.¹²⁹¹

Sambandið sem myndast milli höfundar og gagnrýnanda sem tekur að sér slíkt hlutverk getur hins vegar orðið afar þvingandi fyrir höfundinn þótt það sé með slíkum vinsamlegum formerkjum og kannski ekki að undra að „[a]fstaða rithöfunda til gagnrýni og ritdóma hefur ætíð borið einkenni geðklofa“, eins og bókmenntafræðingurinn Soffía Auður Birgisdóttir úrskurðaði árið 1988:

Þeir biðja um gagnrýni í öðru orðinu en hafna henni alveg í hinu. Þetta er ástar-haturs samband og kannski oftast í þeim skilningi að rithöfundurinn hatar gagnrýnandann sem á hins vegar að bera skilyrðislausu ást til bókmenntanna, eða í yfirfærðri merkingu: rithöfundarins.¹²⁹²

¹²⁸⁹ Sama.

¹²⁹⁰ Guðbergur Bergsson: „Gagnrýni á gagnrýnina“, *Tímarit Máls og menningar*, 5, 1982, 560.

¹²⁹¹ Berglind Gunnarsdóttir: „Er ljóðið glataður tími? Til varnar skáldskapnum“, *Tímarit Máls og menningar*, 3, 1987, 271-272.

¹²⁹² Soffía Auður Birgisdóttir: „Úr hænuhaus gagnrýnanda“, 141.

Í orðum Soffíu Auðar kemur fram að gagnrýnandanum er talið skylt að stuðla að betrun á formerkjum ástarinnar en rithöfundinum er markað það hlutverk að streitast á móti þeirri „betrun“, því kæfandi faðmlagi. Í grein sem birtist í íslenski þýðingu, sama ár og grein Soffíu Auðar, lýsir Alain Robbe-Grillet hlutverki sínu sem höfundar einmitt þannig. Hann skrifi ekki til að geðjast lesendum sínum heldur gegn þeim. Hlutverk slíkra höfunda sé að „bjóða fram eitthvað nýtt“ en gagnrýnenda aftur á móti „að verja það sem fyrir var“. ¹²⁹³ Enda séu það ekki gagnrýnendurnir, „ekki þeir sem taka við listaverkinu sem móta það, heldur listaverkið sem mótar þá sem taka við því“. Það gerist þó ekki fyrr en gagnrýnendur komist yfir þær hömlur sem fylgja „sjónarmið[i] valdhafanna“ og skilji að til eru „annars konar bókmenntir en þær sem þeir höfðu gert sér í hugarlund“. ¹²⁹⁴

Sama ár vitnar einnig Halldór Guðmundsson, í ritdómi um *Grámosinn glóir* eftir Thor Vilhjálmsson, í orð Milan Kundera um að skáldsagan sé „eitt hollasta andófið við sannleika valdsins, sannleika alræðisins“. Andi skáldsögunnar snúist „ávallt gegn einræðri túlkun valdsins á hlutskipti manna“. Halldór segir að *Grámosinn glóir* fjalli einmitt um „sannleika skáldskaparins andspænis sannleika valdsins“, ¹²⁹⁵ að minnsta kosti sé sá þráður „gildastur“ í sögunni, og túlkar hann bókina út frá þeim forsendum. Niðurstaða hans er sú að sagan sé „tilfinningaskáldskapur í bestu merkingu“, en slíkur skáldskapur gangi „nærri bæði höfundi og lesanda, og get[i] aldrei verið allra.“ List Thors krefjist „þess að lesandi gefi sig henni á vald vilji hann njóta bestu kosta hennar“. ¹²⁹⁶ Hér virðist hann því sammála Robbe-Grillet um að listaverkið eigi að móta viðtakendurna, sem þurfi að hrista af sér „sannleika valdsins“. Halldór bendir þó jafnframt á að verk Thors hljóti „innri spennu sína af því að valdsmaðurinn og skáldið eru sami maðurinn“ sem „þráir að vera heill og sameina skáldskap og þjónustu við samfélagið“. ¹²⁹⁷

Slík spenna valds og uppreisnar er einmitt lykilatriði í dýnamíkinni milli höfunda og ritdómara, en „umbreytingar, afbakanir og breytingar“ gagnrýnenda, til dæmis túlkanir þeirra á einstökum verkum höfundar sem hluta af heild, af ákveðnu sviði „hugmyndalegs eða fræðilegs samhengis“, eins og Foucault orðar það, ¹²⁹⁸ eru skapandi hliðin á þeirri ögun sem fram fer í ritdómum. Og eins og Soffía Auður bendir á í áður tilvitnuðum texta fá rithöfundar að einhverju leyti það skapandi hlutverk að streitast á móti. Halldór Laxness virðist telja sig

¹²⁹³ Alain Robbe-Grillet: „Að skrifa gegn lesendum“, *Tímarit Máls og menningar*, 1, 1988, 37.

¹²⁹⁴ Sama, 38-39. Skáletrun úr upphaflega textanum.

¹²⁹⁵ Halldór Guðmundsson: „Í skuggsjám heilans himnar glitra“, ritdómur um *Grámosinn glóir* eftir Thor Vilhjálmsson, *Tímarit Máls og menningar*, 1, 1988, 110.

¹²⁹⁶ Sama, 113.

¹²⁹⁷ Sama, 110.

¹²⁹⁸ Foucault: „Hvað er höfundur?“, 84.

hafa unnið eina af þeim orrustum er hann segir að í leikritið *Prjónastofuna* hafi vantað „tvær höfuð „ídeólógíur““ nútímans, hugmyndakerfi marxismans og freudismans, og þetta hafi valdið „líkamlegum kvöllum“ hjá þeim sem best voru að sér í bókmenntum, og fundu sig knúna til að „búa til einhvern táknfræðilegan lykil að verkinu til að ná úr því einhverjum heimsögulegum skilnínghi, í vonum þess [að þar kunni] að finnast einhver siðferðileg útskýring, eða jafnvel lausn, á vandamálum tímans“.¹²⁹⁹ Svava Jakobsdóttir streitist síðar á svipaðan hátt gegn femínískri túlkun verka sinna. Dagný Kristjánsdóttir, ein af þeim sem beittu femínískri greiningu, lýsti því í viðtali í *Helgarpóstinum* árið 1988 hvernig Svava hefði í tímaritinu *Heimsmynd* „frábeðið sér (of)túlkun bókmenntafræðinga á verki sínu“ og þá sérstaklega „að saga hennar sé skoðuð í ljósi kvennapólitískra kenninga“. Dagný bendir á að Svava hafi áður nefnt „hversu erfitt það hefði verið fyrir hana að skrifa við hliðina á nýju kvennahreyfingunni, því að fulltrúar hennar hefðu ætíð lesið sína hugmyndafræði inn í verk hennar“. Það sé skiljanlega „þvingandi fyrir rithöfund, spennitreyja, því auðvitað [sér] aldrei hrein og klár „ídeólógía“ í listaverki.“¹³⁰⁰ Hið opinbera sjónarspil ritdóma getur þannig falið margvíslega valdbeitingu í sér, þótt hún sé ekki endilega sett fram sem dómur eða refsing. Eins og fjallað verður nánar um síðar fela túlkanir á skáldverkum út frá ákveðnum fræðikenningum og hugmyndakerfum að einhverju leyti í sér það viðhorf að bókmenntatexti sé engu síður leikvöllur og yfirráðasvæði gagnrýnandans en höfundarins, og slíkar túlkanir vöktu á síðustu áratugum 20. aldar gjarnan hörð viðbrögð þætti gagnrýnandinn ganga of langt í að taka sér slíkt vald yfir verki. Ástæðan er þó ekki sú að um algjöra nýjung væri að ræða, heldur fremur ákveðna áherslubreytingu í forsendum þessara túlkana (sjá bls. 379-381). Því raunin er sú að allt frá upphafi fjölmiðlunar hafa gagnrýnendur hneigst til að túlka verk í samræmi við þá heimsmynd sem þeir aðhyllast. Eins og fram hefur komið var algengt að íslenskir gagnrýnendur í upphafi 20. aldar túlkuðu einstök verk jafnt sem heilu höfundarverkin sem dæmi um og hluta af (eða óviðeigandi frávik af) karlmannlegri, þjóðlegri hefð og þeir gerðu það gjarnan út frá sinni eigin pólitísku og fagurfræðilegu sannfæringu um hver ættu að vera næstu framfaraspor í þeirri hefð. Sú tilhneiging mótaði til dæmis móttökur þeirra á verkum sem töldust af einhverjum ástæðum nýstárleg.

¹²⁹⁹ Úr bréfi Halldór Laxness til Peters Hallbergs 24. júní 1964. Sótt í Haukur Ingvarsson: *Andlitsdrættir samtíðarinnar*, 80.

¹³⁰⁰ Soffía Auður Birgisdóttir: „Læt segja mér það þrem snum“, viðtal við Dagnýju Kristjánsdóttur, *Helgarpósturinn*, 24. mars 1988, 26.

Vandi hins nýja

„Það er vandi að meta rjett nýjan kveðskap — og þessi ljóðmæli eru sum bæði ný og frumleg — svo myndin, sem út kemur, verði ekki skrípamynd af ritdómaranum sjálfum“,¹³⁰¹ segir Matthías Jochumsson árið 1920. Þessi orð hans féllu í ritdómi um *Svartar fjaðrir*, fyrstu bók Davíðs Stefánssonar — nokkrum mánuðum áður en Matthías lést í hárrí elli. Margir telja að *Svartar fjaðrir* hafi slegið nýjan tón í íslenskri ljóðlist og ljóðin náðu greinilega að hrista dálítið upp í Matthíasi, sem bregður þarna upp óvenju skýrri mynd af einni grundvallarþversögn bókmenntagagnrýnninnar: Að ætlast er til að hún verji ákveðin gildi sem sett eru fram sem ótímabundin og eilíf en sé um leið drifafli nýjunga í nafni framfara. Gagnrýnendur eru jafnan ásakaðir um að vanrækja annað hvort þessara hlutverka. Séu þeir jákvæðir gagnvart nýjungum þykja þeir oft vanrækja þá skyldu sína að vernda ákveðin gæðaviðmið og stuðla þar með að afturför en séu þeir neikvæðir eru þeir sagðir íhaldssamir og standa í vegi fyrir framförum. Árið 1884 fullyrðir til dæmis Guðmundur Hjaltason:

Þegar ný og sjerleg andarstefna er að ryðja sjer til rúms hvert heldur í óði, orði eða verki, þá er hún stundum óljós og hörðum dóm undirorpin. En níðdómar þeir er hún fær, er opt vissasti vottur um ágæti hennar. Nóg dæmi sanna þetta.¹³⁰²

Þetta segir Guðmundur í svargrein við ritdómi Gests Pálssonar um bók Guðmundar, *Jökulrós*. Sá dómur var vissulega neikvæður. Gestur viðurkennir þar til dæmis að hann hafi gert „sex atrennur að því að lesa fyrri skáldsöguna í *Jökulrós*, „Sögubrot af Jökli Auðunarsyni““ en alltaf leiðst hún svo að hann hætti.

Eg tók á öllu þessu litla sálarþreki, sem eg á í eigu minni, og komst með hörmungum aptur á 3. blaðsíðuna í síðari skáldsögunni. Þar hætti eg, og við það mun eg láta sitja svo lengi sem eg lifi.¹³⁰³

Það hefur löngum verið talið næstum heilagt hlutverk gagnrýnenda að spyrna gegn óæskilegum áhrifum sem spilla sannri list, að bannfæra þau úr skáldskapnum (sjá til dæmis umfjöllun um 17. aldar gagnrýnandann Boileau, bls. 50). Seinni hluti ritdóms Gests er settur fram í þeim anda; sem almenn barátta gegn því að kjánalegum, ómenntuðum alþýðuskáldum sé hampað sem „ofvitum“ þegar þau séu í raun umskiptingar sem ætti að kalla „réttu nafni „fábjana““ og það sem þau „yrkja“,“ er barið saman, hvort sem það er í bundnu eða sundurlausu

¹³⁰¹ Matthías Jochumsson: „Svartar fjaðrir eftir Davíð frá Fagraskógi“, ritdómur um *Svartar fjaðrir* eftir Davíð Stefánsson, *Löggrjetta*, 9. júní 1920, 2.

¹³⁰² Guðmundur Hjaltason: „Til herra Gests Pálssonar. Vörn fyrir *Jökulrós* eptir G. Hjaltason“, *Norðanfari*, 7. mars 1884, 9.

¹³⁰³ Gestur Pálsson: „Ritdómar“, ritdómur um *Jökulrós* eftir Guðmund Hjaltason, *Suðri*, 8. janúar 1884, 3.

máli, nær því hugsunar- og stefnulaust“.¹³⁰⁴ Ljóst er að Gestur telur Guðmund til þessarar tegundar skálda; hann kroti „upp í snatri, svo fljótt sem höndin getur borið pennann um pappírinn, allt sem honum dettur í hug“. Í „Sögubrotinu af Jökli“ komi „reyndar fyrir einstakar setningar, sem sýnast benda til þess að Guðmundur hafi einhverjar gáfur til að bera, en hvort það er brot úr einhvers konar skáldgáfu eða ekki“, vill Gestur „ekkert um segja í þetta sinn“.¹³⁰⁵

Í svargreininni malar Guðmundur Gest upp sem íhaldssaman nöldursegg sem sjái ekki gildi „nýrrar og sjerlegrar andarstefnu“. Gestur lítur hins vegar á á sig sem fulltrúa nýjunga og á Guðmund sem fulltrúa gamaldags viðhorfa til skáldskapar þar sem öll áhersla hafi verið á náttúrulega hæfileika skálda en vanmetin sú þörf að þroska þá hæfileika með menntun. Gestur gerir til dæmis mjög lítið úr yfirlýsingum Guðmundar um kynni hans af erlendri fagurfræði:

[...] það er sannarlega langt frá því, að maður geti á nokkurn hátt séð, að höfundurinn hafi „ferðast, framast og menntast um öll Norðurlönd í 6 ár“ og lesið Brandes og Taine. Miklu hægra væri að ímynda sér, að höfundurinn hefði lifað menntunarlausu einlífi á einhverju koti fram í einhverjum afdal á Íslandi og gert sér það til dægrastyttingar að rita upp afkárásögur þær, er einveran fæddi í ómenntuðum smalaanda.¹³⁰⁶

Gestur er talsmaður raunsæisins og lítur á Guðmund sem fulltrúa úreltra, rómantískra viðhorfa, en „slík „skáld“, þegar þau eru að „yrkja“, séu niðri í undirdjúpunum, úti í hafsauga eða þá ríði fantareid á skýjunum einhversstaðar uppi í loptinu“.¹³⁰⁷ Þetta viðhorf kemur einnig vel fram í ritdómi sem birst hafði áður um aðra bók Guðmundar, *Melablóm*, en Guðmundur segist hafa fregnað að sá dómur sé einnig eftir Gest:¹³⁰⁸

En skáldin mega ekki búa sér til heim einhversstaðar fyrir ofan skýin og lifa þar sjúku draumalífi á einhverjum afkármyndum. Vor tími krefst þess, að vér allir stöndum í fylkingu, til þess að berjast fyrir mannúð og frelsi, berjast fyrir öllu því, sem er satt og fagur, gegn því sem er ósatt og ófagurt. Og það eru skáldin, sem eiga að standa í fylkingarbrjóstinu.¹³⁰⁹

Sú afstaða Gest að hann sé fulltrúi framfara kemur þó ekki í veg fyrir að Guðmundur ásaki hann um að vera of undirgefinn ríkjandi skoðunum og böðull nýrrar „andarstefnu“. Guðmundur lætur ekki þar við sitja heldur gefur til kynna að annarlegar persónulegar hvatir og eiginhagsmuni búi einnig að baki. Hann sakar Gest um að útbreiða í dómi sínum

¹³⁰⁴ Gestur Pálsson: „Ritdómar“, ritdómur um *Jökulrós* eftir Guðmund Hjaltason, *Suðri*, 26. janúar 1884, 11.

¹³⁰⁵ Sama, 11.

¹³⁰⁶ Gestur Pálsson: „Ritdómar“, *Suðri*, 8. janúar 1884, 3.

¹³⁰⁷ Gestur Pálsson: „Ritdómar“, *Suðri*, 26. janúar 1884, 11.

¹³⁰⁸ Guðmundur Hjaltason: „Vörn fyrir Jökulrós“, 10.

¹³⁰⁹ „Bókafregn“, ritdómur um *Melablóm* eftir Guðmund Hjaltason, *Þjóðólfur*, 9. nóvember 1882, 106.

„ranglátar, skrilslegar og hótfyndnar skoðanir“ og segir „alkunnugt að menn níða optast rit af tómri sjergirni til þess að geta komið ritum sínum fram.“¹³¹⁰

Taine segir að sjerhver ritdómari eigi að setja sig inní anda þess er hann vill dæma, en ekki láta sjer stjórnast af neinni sjergirni óbeit nje öfund og Kant segir að óddómar eigi að vera lausir við alla hlutdrægni. En dómur G. P sannar að hann fylgir alveg gagnstæðum reglum [...].¹³¹¹

Svar Guðmundar undirstrikar áðurnefnt hlutskipti ritdómarans; hann verður sífellt fyrir ásökunum um að vera of undirgefinn ríkjandi valdi og þar með í vélrænu hlutverki böðuls og/eða verður fyrir ásökunum um annarlegar persónulegar hvatir og refsigleði (sjá bls. 285).

Flestir gagnrýnendur ganga meðvitaðir inn í það hlutverk að vera að einhverju leyti fulltrúar yfirvaldsins og þá grótesku ímynd sem því fylgir — en með semingi. Sigurður A. Magnússon orðar það ágætlega fyrir hönd ritdómara er hann segir, árið 1964, að hann hafi „ævinlega litið á listgagnrýni sem hálfgerð skítverk“ sem þó „væri nauðsynlegt að vinna, ekki aðeins vegna menningarinnar, þjóðfélagsins eða almennra neytenda, heldur líka vegna listamannanna sjálfra“.¹³¹² Hættan er hins vegar sú að ritdómarar festist í rútínu löggæsluhlutverksins í stað þess að nýta vald sitt á skapandi hátt. Gilbert, sögupersóna Oscars Wildes, lýsir því hlutskipti þannig að „vesalings ritdómaramir verði litið annað en fréttaritarafrá héraðsdómi bókmenntanna, þeir sem skrá niður verknaði síbrotamanna í listinni“.¹³¹³ Slíka ritdómara er auðvelt að saka um að vera staðnaða og úrelta, og þeir eiga þar með á hættu að verða undir í átökunum um áhrifastöður á bókmenntasviðinu, en eins og Bourdieu bendir á snúast átök um menningarverðmæti um að aðgreina sig frá öðrum, ekki síst forverunum (sjá bls. 44). Til að koma óorði á listamann sé nóg að benda á að hann sé úreltur, endurtekning, þar sem það „að vera til í vitsmunalegum skilningi, felur í sér að marka tímamót“.¹³¹⁴

Þótt Bourdieu sé hér að tala um listamann á staðhæfing hans ekki síður við um listgagnrýnendur, sem taka m.a. að sér að ákveða hvað teljast framfarir í listheiminum. „Það er fátítt, ef ekki óþekkt, að verulegar nýjungar í skáldskap finni hljómgrunn hjá almúganum þegar í stað“, segir Sigurður A. Magnússon í grein sem skrifuð var í tilefni af sextugsafmæli Tómasar Guðmundssonar. „Yfirleitt tekur áratugi að venja eyru og tilfinningar manna við nýtt hljómfall, nýtt táknmál, nýjan tjáningarmáta, af því maðurinn er að eðlisfari latur og ragur við

¹³¹⁰ Guðmundur Hjaltason: „Vörn fyrir Jökulrós“, 9.

¹³¹¹ Sama, 9.

¹³¹² Sigurður A. Magnússon: „Um gagnrýni“, 104.

¹³¹³ „The poor reviewers are apparently reduced to be the reporters of the police-court of literature, the chroniclers of the doings of the habitual criminals of art.“ Wilde: „The Critic as Artist“, 358.

¹³¹⁴ Bourdieu: „Myndbreyting smekksins“, 53.

ókunna stigu. Hann vill hafa fast land undir fótum og styðja sig við gamalreynd sannindi.¹³¹⁵ Ritdómurum 20. aldar er mikið í mun að aðgreina sig frá slíkum eiginleikum og skilgreina sig sem fulltrúa nýrra tíma en ekki liðinnar tíðar. Það má m.a. lesa úr umfjöllun Péturs Gunnarssonar frá árinu 2002 um „sérkennilega háspennt“ samband Halldórs Laxness og Kristjáns Albertssonar.¹³¹⁶

Halldór og Kristján höfðu báðir sem ungir menn mikinn metnað sem skáldskaparhöfundar og menningarskríbentar í fjölmiðlum. Átök þeirra fóru fram jafnt á hinum opinbera vettvangi og í einkabréfum en Kristján undirstrikaði við mörg tækifæri að þeir Halldór væru þrátt fyrir ritdeilur félagar og vinir og hlóð þannig óbeint undir þá ímynd sína sem gagnrýnanda að hann væri andlegur jafnoki hinna göfugu skálda sem hann dáði svo í æsku (sjá bls. 274). Halldór Laxness lýsir því hins vegar kokhraustur yfir árið 1922, að ritdómarar geti ekkert kennt eða fært höfundum sem eru „góðum ritkostum“ búnir og eigi „sjálfstæði til að bera í hugsun og framsögn“. ¹³¹⁷ Úr orðum hans má lesa að ritdómarar eigi hreinlega ekkert í höfundana:

[...] gott rit og lífvænlegt heldur jafnóhaggað velli fyrir því sem ritdómarar segja, og að það kemur í sama stað niður hvort þeir fara lofsyrðum eða lasts um bækur sem eru hugsaðar af snild.

Kanski líður nokkur tími áður en nýjar og stórgóðar hugsanir verða viðurkendar, kanski verða þær aldrei skildar eða framkvæmdar, en samt er ekkert nægilega sterkt til að koma þeim fyrir kattarnef, og þá sist ritdómarar.¹³¹⁸

Eins og fram hefur komið hefur listin verið upphafin sem hið dularfulla æðsta gildi mannglegrar tilveru (sjá bls. 266). Árið 1927 kallar Kristján Albertsson til dæmis lýsingu sína á áhrifum bókmennta á sálarástand manna (sjá bls. 270) „fagnaðarerindi listarinnar til sáluhjálpar hverjum þeim, sem vill að líf hans sé gleði og vöxtur“:

[...] í bókmenntum og listum heimsins er allt að finna sem hjálpað fær mönnum til þess að bera lífið og trú á gildi þess. Hver sá, er þarfnast lífsskoðunar, guðdómlegs boðskapar, æðri handleiðslu, — hann leiti þangað. Þar er andleg aleiga mannkynsins.¹³¹⁹

Fram yfir miðja 20. öld fól slík upphafning listarinnar nær óhjákvæmilega í sér upphafningu höfundarins, vitundarinnar sem miðlaði fagnaðarerindinu, og árið 1969 lýsir Foucault því yfir

¹³¹⁵ Sigurður A. Magnússon: „Á sextugsafmæli Tómasar Guðmundssonar“, 13.

¹³¹⁶ Pétur Gunnarsson: „Halldór og Kristján Albertsson“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 9. mars 2002, 6.

¹³¹⁷ Halldór Laxness: „Um ritdómara“, *Af menningarástandi*, Reykjavík, Vaka-Helgafell, 1986, 51-52.

¹³¹⁸ Sama, 53.

¹³¹⁹ Kristján Albertsson: „Andlegt líf á Íslandi“, 366-369.

að skilgreiningar bókmenntarýninnar á höfundinum eigi rætur að rekja „til þess hvernig kristin hefð samþykkir (eða hafnar) áreiðanleika þeirra texta sem hún ræður yfir“:

Til að „uppgötva“ höfundinn í verkinu beitir bókmenntarýni nútímans, með öðrum orðum, aðferðum sem minna mjög á þá ritskýringarhefð kristinnar að vilja sanna gildi texta með heilagleika höfundarins.¹³²⁰

Höfundar og gagnrýnendur eru samkvæmt þessu eins og tvær hliðar galdrakarlsins í Oz: Höfundurinn er uppblásna glansmyndin og gagnrýnandinn loddarinn sem togar í spottana, viðheldur ímyndinni. Höfundarnir þjóna því í raun hagsmunum gagnrýnandans með því að hefja sig yfir hann, eins og Halldór Laxness gerir árið 1922. Halldór styður fullyrðingar sínar um að ritdómarar verði aldrei taldir „með fyrsta flokks rithöfundum“ með trúarlegum vísunum og segir: „Ritdómarar skapa ekki skóla; þeir skrifa ekki guðspjöll, heldur leggja útaf því sem aðrir skrifa“. Enda hafi dómar gagnrýnenda, og stundum ofsóknir, engin áhrif á það að meistaraverk lifir og getur „ekki dáið né týnst fremur en annað sem af góðu bergi er brotið“. Starf þeirra er „jafnlítilsvirði einsog einhver vildi herma eftir þrumunni með dálítili trumbu“.¹³²¹

Upphafin ímynd skálda nærast þannig á mýtunni um gagnrýnandann sem óæðri hluta andstæðuparsins sköpun/gagnrýni. Sigurður A. Magnússon mátti til dæmis þola það að vera gerður að skólabókardæmi um að gagnrýnendur séu upp til hópa ófullkomin eða misheppnuð skáld þegar hann gaf út ljóðabókina *Krotað í sand* árið 1958. Skáldið Einar Bragi byrjar dóm um þá bók á því að taka fram að höfundurinn sé „bókmenntagagnrýnandi“ og hafi „skrifað greindarlegar um ljóðlist en flestir menn hérlendir“. Telur Einar Bragi að í fyrri dómum um bókina hafi Sigurður „verið látinn gjalda greindar sinnar allharkalega“ og „efast mjög um réttmæti þess“. Ekki reyndar vegna þess að Einar Bragi sé tilbúinn að taka upp hanskann fyrir bókina, heldur vegna umburðarlyndis gagnvart því að „[h]ver einasti maður er glámskyggjari á eigin verk en annarra“. Telur Einar Bragi til dæmis að birting eldri ljóða Sigurðar í þessari bók sé „mikil muþlutragedía, að því skyldi ekki komið til geymslu á afskekktari stað“. Efni nýrri ljóða sé „hvorki mikið né frumlegt“ og „[m]eiri fögnuður“ að þýddum ljóðum. Kemst hann að þeirri niðurstöðu að „þó að frumortu ljóðin beri ekki mikilli skáldgáfu vitni“ sé „óhætt að fullyrða að Sigurður hefði ekki getað skilað jafn vandasömu verki eins vel og hann gerir, ef hann ætti ekki næmt ljóðskyn“.¹³²² Sigurður A. Magnússon er samkvæmt þessu fyrst

¹³²⁰ Foucault: „Hvað er höfundur?“, 83.

¹³²¹ Halldór Laxness: „Um ritdómara“, 52-53.

¹³²² Einar Bragi Sigurðsson: „Krotað í sand“, ritdómur um *Krotað í sand* eftir Sigurð A. Magnússon, *Birtingur*, 3-4, 1958, 65-66.

og fremst gagnrýnandi; hefur „ljóðskyn“ en ekki „skáldgáfu“. Og hann er ekki sá eini. Hannes Pétursson segist til dæmis ekki vita hvort Hermann Pálsson, sem stundaði norræn fræði, „gerir nokkurt tilkall til þess að flokkast með skáldum, enda bera frumkveðin ljóð hans ekki vitni þess, að honum búi margt í hug sem skáldi, heldur benda til hins, að vera ort til hvíldar frá fræðimennsku“.¹³²³

Hannes Pétursson og Einar Bragi telja sig hins vegar greinilega geta unnið jöfnum höndum sem gagnrýnendur og rithöfunda. Í sama tölublaði og Einar Bragi ritdæmir bók Sigurðar A. Magnússonar og fleiri verk er til dæmis að finna ritdóma um tvö af hans eigin verkum. Ef til vill lítur hann fyrst og fremst á sig sem rithöfund og telur að hann geti því sem æðri hluti andstæðuparsins sinnt hinu lægra hlutverki án vandkvæða. Einar Bragi gengur þó ekki jafn langt og ungæðislegur Halldór Laxness, rúmum þrjátíu árum fyrr, sem setur „stóru rithöfundana“, en meðal þeirra ætlar hann sér sjálfum pláss, í sæti Guðs:

Stór hugsun og mikilfeingleg talar fyrir sér sjálf með álíka krafti og Jehóva af fjallinu Sínaí, og hvort menn eru með henni eða móti, þá er það alt saman gjálfur og glamur; fyren veit hefur hún lagt undir sig heiminn, svo að menn jafnvel urðu þess ekki varir hvernig þeir tóku sinnaskiftum.¹³²⁴

Ef við lítum svo á að þessi upphafna ímynd höfundarins þjóni ekki síður hagsmunum gagnrýnandans verður togstreita gagnrýnenda og höfunda eins og leikrit um erkióvini sem dylur það að undir niðri ríkir ákveðið samþykki um grundvallargildin. Sigurður Nordal tekur þátt í þeim leik er hann svarar köldum kveðjum úr hópi þeirra rithöfunda sem sé „tamt að líta á ritdómara sem þjóna sína, oft hvimleiða, altaf gagnslausa“, og segir það „altítt, að ritdómarinn [sé] vitrari og þroskaðri maður en skáldið, sem hann fjarllar um“.¹³²⁵

Samband Halldórs Laxness og Kristján Albertssonar sem Pétur Gunnarsson lýsir í áður nefndri grein sinni ber vissulega merki um höfundardýrkun sem Kristján kynti óspart undir. Árið 1924 kallar hann Halldór ungan gáfaðan rithöfund sem hafði „sýnt óvenjulega hæfileika“ á ungum aldri¹³²⁶ og árið 1927 segir Kristján í ritdómi í *Vöku* að verk Halldórs beri „vott um sjálfstæðan og magnaðan persónuleik, fjölskrúðugan eigin hugsanagróður, mikla sjálfsrækt gáfaðs fullhuga“.¹³²⁷ Kristján leyfir sér samt sem áður að kalla blaðaskrif Halldórs

¹³²³ Hannes Pétursson: „Um ljóðabækur ársins 1958“, 82.

¹³²⁴ Halldór Laxness: „Um ritdómara“, 53.

¹³²⁵ Sigurður Nordal: „Um ritdóma“, 58-59.

¹³²⁶ Kristján Albertsson: „Halldór Kílján Laxness“, *Vörður*, 8. nóvember 1924, 2.

¹³²⁷ Kristján Albertsson: „Ritfregnir“, ritdómur um *Vefarann mikla frá Kasmír* eftir Halldór Laxness, 307.

sjálfbirgingsleg og Halldór „montnasta penna á Íslandi“.¹³²⁸ Pétur bendir réttilega á að „[s]jálfur var Kristján þegar hér var komið sögu ekki beint lítillætið uppmálað“:

Hann var þá þegar orðinn áhrifamikill menningarfrömuður, ritstjóri vikublaðsins Varðar sem var mál gagn Íhaldsflokksins og meðritstjóri Vöku, tímarits sem nokkrir reykvískir menntamenn stóðu að. Hann var með vígfúsari skylmingamönnum á velli ritdeilunnar og það gustaði af honum í menningarumræðunni þar sem hann var talsmaður kröfuhörku í mati á skáldverkum og baráttumaður gegn hvers konar heimóttarskap og afdalamennsku.¹³²⁹

Framganga Kristjáns einkennist af nokkurs konar riddaralegri kurteisni innan afmarkaðs hóps þar sem menn skora hvern annan á hólmi milli þess sem þeir mæra hástöfum kosti þessara vina sinna og andstæðinga, enda er gjarnan talið að meta megi verðleika manna út frá þeim andstæðingum sem þeir kjósa sér. Jafn mikilvægt kurteisinni er þó að skorast ekki undan áskorun. Árið 1927 segir Kristján um *Vefarann mikla frá Kasmír*, sem hann áður hafði hampað:

Tvær bækur hafa vakið mest umtal hér á síðari árum, „Bréf til Láru“ og „Vefarinn mikli frá Kasmír“. Hver sem heyrir hefir nokkra tugi manna minnst á þessar bækur, veit að það var ekki fyrst og fremst ritlist og andríki höfunda, sem athygli vakti. Halldór K. Laxness er frægastur fyrir að hafa skrifað um kynvillu og „sódómíska skrautdansa“, Þórbergur Þórðarson fyrir að hafa hreytt út úr sér skætingi í nokkra af broddum þjóðfélagsins og leyst niðrum sig í skógarrunni.¹³³⁰

Hér virðist Kristján ásaka Halldór Laxness um að kunna sig ekki í skáldskap sínum og tefla þannig í tvísýnu rétti sínum til þátttöku í þessu síðaðra manna samfélagi. Halldór snýr þegar vörn í sókn og sakar Kristján á móti um að nota kurteisina sem yfirvarp fyrir hugleysi; að þora ekki að segja hug sinn hispurslaust. Um leið sakar hann Kristján um að vera fulltrúi gamaldags viðhorfa og því í vijkjandi stöðu innan bókmenntasviðsins:

En þegar maður er að ræða um listasmekk árið 1928, þá má maður ekki tala eins og mubla úr stofu frá mid-victorian-tímabilinu enska, þegar það var til síðs á kurteisum heimilum að klæða borðfætur og stólfætur í buxur svo að þessir miklu krikar hefðu ekki klámfengin áhrif á fólk. Alvarleg fagurfræði er ekki framar neitt hispur, heldur miklu fremur mat á hreinskilni, — enda er James Joyce, hinn ágætasti höfundur sem nú ritar á ensku, að eins metinn af sjálum [svo] mönnum og frjálsum og sama sem bannaður til lestrar í enska heiminum.¹³³¹

¹³²⁸ Kristján Albertsson: „Halldór Kiljan Laxness“, 2.

¹³²⁹ Pétur Gunnarsson: „Halldór og Kristján Albertsson“, 6.

¹³³⁰ Kristján Albertsson: „Andlegt líf á Íslandi“, 364.

¹³³¹ Halldór Laxness: „Orðabelgur“, *Vaka*, 2, 1928, 249.

Gagnárás Kristjáns er prentuð í sama tölublaði Vöku, þar sem hann segir megin „upplýsing“ greinar Halldórs vera þá „hve þung hegning liggi við að móðga Halldór Kiljan Laxness hinn mikla frá Laxnesi“:

[...] hann þreifar eftir gamalli mublu til að henda í hausinn á mér. Og finnur það upp til þess að réttlæta fautaskapinn, að ég hafi hneykslast á einlægni sinni — þoli ekki hreinskilni, hispursleysi!

Ég? — sem í fyrra sumar skoraði á hólm hvern þann, er hneykslaðist á hispursleysi H.K.L.¹³³²

Kristján vísar til greinar eftir sig í *Verði*¹³³³ þar sem hann hafi sagt *Vefarann* „þrunginn siðferðilegri alvöru“ en þar væri skrifað „tepruskapar- og hræsnislaust um kynferðislíf mannanna, svo sem gera allir frjálbsbornir rithöfundar um víða veröld“. Í þeirri grein talar Kristján fyrir frelsi höfunda til að fjalla um málefni sem vekja kunna hneykslun¹³³⁴ og segist hann hafa talið það óþarfi að endurtaka þetta í greininni um „Andlegt líf á Íslandi“ og hafi aðeins vikið þar „að afstöðu íslenzkra lesenda almennt til bókarinnar“.¹³³⁵ Eftir að hafa þannig vísað ásökunum um gamaldags tepruskap á bug tekur hann til við að skilgreina hvað geri sína hugsun enn „frjálsslyndari“ en Halldórs:

Það sem við teljum báðir leyfilegt, virðist hann telja skylt: bersöglina um ófrýnileik lífsins. Hér er hann ófrjálsslyndari en ég. Ég virði frelsi skáldsins til þess að rita af blygðun um óhreinindin eða koma hvergi nálægt þeim, til þess að ljúga upp fögrum æfintýrum, til þess að lifa uppi í skýjunum.¹³³⁶

Þeir sem séu raunverulega gamaldags, „dauðadæmdir“, séu þeir sem haldi „að einlægni sé fólgin í því einu, að lýsa einhverju sem ólykt er að, og að þær einar hugrenningar séu sannar, sem eru óhreinar“. Úr orðum Kristjáns má lesa að slíkt viðhorf sé bóla sem sé þegar sprungin:

¹³³² Kristján Albertsson: „Svar til Halldórs Kiljan Laxness“, *Vaka*, 2, 1928, 252.

¹³³³ Í þeirri grein kemur fram að Kristján er að svara ásökunum Jónasar Jónssonar frá Hriflu og „öðrum bókmentalegum heimatrúboðsmönnum“ um siðleysi Halldórs Laxness. Kristján Albertsson: „Halldór Kiljan Laxness“, *Vörður*, 23. júlí 1927, 3.

¹³³⁴ Í greininni segir m.a.: „Þó að allar bókmenntir frá elztu tímum og fram til vorra daga séu fullar af berorðum ummælum um kynferðislíf og holdlegar ástir, þá er það samt algengt fyrirbrigði að reynt sé að traðka niður unga gáfaða rithöfunda undir yfirskini siðferðilegrar hneykslunar. Ef haldið verður áfram að beita þessari sömu aðferð til þess að niðra H. K. L., þá gæti komið til mála að minna hræsnarana við tækifæri á ýmsa staði í Biblíunni, ritum Shakespears og Tolstojs, Íslendingasögum o. s. frv. — sígildum bókmenntum, sem enginn bannar æskunni að lesa eða talar um að séu siðspillandi. Þó skal ég geta þess, að það er fjarri mér að álíta, að allar merkar bókmenntir séu hollur lestur fyrir óþroskaðan æskulýð, en auðsætt er, hve sú krafa er heimskuleg, að ekki megi út gefa aðrar bækur en hentugar séu handa börnum[...]“.

¹³³⁵ Kristján Albertsson: „Svar til Halldórs Kiljan Laxness“, 252.

¹³³⁶ Sama, 253.

Mennirnir verða þreyttir á að lesa upp aftur og aftur sömu sögurnar um eynd eða ófrýnileik lífsins. Nú, sem ávalt fyr, þykja þær sögur fagrar, sem eru lýgi, þ. e. að meira eða minna leyti fegurðardraumur skáldlegs ímyndunarafls.¹³³⁷

Þeir sem eru raunverulega framsýnir gera sér samkvæmt þessu grein fyrir að raunveruleg framþróun er „flug hinna tignustu anda inn í jarðneska eða himneska yndisheima krafts, fegurðar og göfgi“.¹³³⁸ Kristján lætur ekki þar við sitja og ítrekar að jafnvel þótt þeir Halldór væru sammála um það hvað fælist í raunverulegu frjálslyndi þá muni Halldór ekki hafa vinninginn í keppni sem snúist um að nútímalegt frjálslyndi berji á gamaldags siðavendni.

Gott og vel. Ef ófríðleikinn er orðinn hið eina boðlega yrkisefni og djörfungin til að láta ekkert ósagt um manninn hin eina listræna hugsjón, þá mætti ef til vill saka sjálfan H. K. L. um teyrskap. Hann nefnir James Joyce, sem ekki er feiminn við að lýsa því þegar söguhetja kastar af sér vatni. Og allir vitum við hvað kom fyrir Þórberg Þórðarson í skógarunna við Breiðafjörð. Hvers vegna er ekki sagt frá neinu slíku um Stein Elliða í Vefaranum á rökum 500 blaðsíðum? Hvað á slíkur dýrindis-velluskapur að þýða? Væntanlega er hann þó skapaður eins og aðrir menn?¹³³⁹

Kristján Albertsson gefur hér í skyn að Halldór Laxness sé ekki jafn nútímalegur og hann vilji vera láta — eins og reyndar Sveinn Sigurðsson hafði áður gert árið 1925 í gagnrýni um ljóð Halldórs, „Únglingurinn í skóginum“, sem hafði þó vakið mikið fjaðrafok vegna nýstárleika síns.¹³⁴⁰ Sveinn spyr: „hvað er sú Laxnesska á við sumar tízkustefnur nútímans í bókmenntum og listum?“ en þær stefnur fordæmir hann sem „öfga *ismanna*“ og fagnar því að þær hafi „ekki enn náð neinum verulegum tókum á íslenskri list eða skáldskap“.¹³⁴¹ Sveinn gerir því hvort tveggja, að draga úr nýstárleikanum við ljóð Halldórs og fordæma áhrif hins nútímalega á íslenskan skáldskap.

Andstaða við nútímalegan skáldskap virðist hins vegar oft hafa verið í formi rólegrar innlimunar nýrra strauma í ríkjandi hugmyndakerfi en í formi opinskárrar andúðar. Árið 1921 segir Guðmundur G. Hagalín til dæmis um prósaljóð Andrésar G. Þormar:

¹³³⁷ Sama, 254.

¹³³⁸ Sama, 254.

¹³³⁹ Sama, 253-254.

¹³⁴⁰ „Laxness birti fyrst Únglinginn í skóginum, í Eimreiðinni 1925, og var það honum dýrt spaug, því það svipti hann allri von um skáldastyrk frá Alþingi. Auðvelt er að skilja alþingismennina, sem lásu þetta ljóð, þá samkvæmt nýjustu tísku í París; erfiðlega hefur þeim oft gengið að átta sig á því sem nær þeim stóð, þótt þeir stykkju ekki hæð sína í fögnuði yfir þessu uppátæki hins unga skálds.“ Jóhann Hjálmarsson: „Fyrstu nútímaljóðin“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 7. apríl 1968, 12.

¹³⁴¹ Sveinn Sigurðsson: „Við þjóðveginn“, *Eimreiðin*, 3, 1925, 195. Tilvitnun sótt í Benedikt Hjartarson: „Af úrkynjun, brautryðjendum, vanskapnaði, vitum og sjáendum“, 84.

Ókveðnu ljóðin hafa þann kost fram yfir þau rímuðu, að þau gefa höfundinum frjálsari hendur og limlesta minna hugsun hans, þau eru því heppilegt form því skáldi, sem þrungið er andagift viti og snilliryrdum og kann að rýma burt soranum og hinu léttvæga í hugsun sinni. En hinum, sem eigi kunna að takmarka sig og láta alt synda sama sjóinn er form ó-kveðnu ljóðanna illur freistari, sem leiðir þá í ógöngur málæðis og svipleysis.¹³⁴²

Hið nútímalega felur ætíð í sér eitthvað nýtt sem fellur ekki inn í hefðbundið, ríkjandi flokkunarkerfi, og lýsing Guðmundar á kostum og göllum órímaðs skáldskapar er einkennandi fyrir viðhorfið í garð hins nútímalega almennt; það er talið mögulegur frjósamur farvegur aukins frelsis og nýrra áherslna en hættulegt í höndum þeirra sem ekki kunna með slíkt að fara.

Örn Ólafsson hefur í bókmenntarannsóknum sínum lagt áherslu á að ritdómarar hafi í byrjun ekki tekið nýstárlegum skáldskap illa. Hann segir að á árunum milli stríða hafi töluvert verið ort „af fríljóðum og prósaljóðum, einnig móðernum ljóðum, með annarlegu myndmáli, og án röklegs samhengis“. „Nýjungamenn, m.a. róttæklingar“ hafi fagnað „slíkum nýjungum, sem virð[í]st hvergi hafa átt verulegri andstöðu að mæta þá“.¹³⁴³ Ritdómar frá 3. og 4. áratugnum styðja að einhverju leyti þessa sýn, en algengt var á fyrri hluta tímabilsins að gagnrýnendur kvörtuðu yfir deyfð í skáldskapnum og kölluðu eftir nýjum krafti, nýjum „snillingi“ í skáldskapnum. Árið 1925 eru ljóð Tómasar Guðmundssonar til dæmis sögð „öll svo sljett og faguð sem frekast verður á kosið“ en ekki hafa „persónuleg sjerkenni“ og „ekki þann svip og þau andlegu umbrot, sem sýna, að þarna sje nýr maður á ferðinni með ný einkenni, nýjan eld í blóði, ný áhugamál, nýja lífsskoðun.“¹³⁴⁴ Sama ár segir Sigurður Nordal það hlutverk gagnrýnenda að undirbúa „komu snillingsins“ með því „að gæta þess, að ekki sé slakað til á neinu, sem sjálfrátt er“. Laun ritdómara fyrir að vera slíkir „vökumenn bókmentanna“ — og Sigurður Nordal viðurkennir að ritdómar séu „í sjálfu sér eitthvert leiðinlegasta og erfiðasta ritstarf“ — séu að þeir heyri „fyrstir manna „hið fagra fótatak þess, sem sigurboðin ber““. Því skyldi enginn „saka þá um það, þó að þeir séu íhaldssamir og geri snillingunum í fyrstu torsótt, ef þeir vilja rjúfa meiri skorður en góðu hófi gegnir“. Slíkt sé nauðsynleg herðing fyrir ung skáld. Kveinki þau sér um of „undan aðfinslum ritdómara“ séu þau „ekki á vetur setjandi“.¹³⁴⁵

Sumir taka þó þann pól í hæðina að vísa í almennan mótbyr gegn nútímalegum ljóðum og taka svo afstöðu sem umburðarlynd og víðsýn andstæða hins „dæmigerða“ hneykslaða og

¹³⁴² Guðmundur G. Hagalín: „Nýjar bækur“, ritdómur um *Hillingar* eftir Andrés G. Þormar, *Austurland*, 30. apríl 1921, 2-3.

¹³⁴³ Örn Ólafsson: „Missagnir um móðernisma“, 41.

¹³⁴⁴ J.B.: „Við sundin blá“, ritdómur um *Við sundin blá* eftir Tómas Guðmundsson, *Morgunblaðið*, 1. maí 1925, 3.

¹³⁴⁵ Sigurður Nordal: „Um ritdóma“, 58, 61 og 69.

forpokaða lesanda. Þannig geta þeir sett fram nokkurs konar upplýsta „málamiðlun“ milli tveggja „öfgafullra“ viðhorfa; gamaldags kredda og róttækni nútímaskálda, og stigið hikandi línudans milli frjálslyndis og strangleika. Sem dæmi má nefna viðbrögð Matthíasar Jochumssonar við *Svörtum fjöðrum*.

Viðbrögð Matthíasar við ljóðum Davíðs Stefánssonar einkennast ekki af þeirri tafarlausu hrifningu sem sagan segir síðar að *Svartar fjaðrir* hafi vakið.¹³⁴⁶ Eitthvað er framandlegt við ljóðin að mati Matthíasar sem sækir í söguna af Sæmundi fróða á selnum:

Varð mjer í fyrstu ekki um sel, var sem eg sæi Sæmund fróða á selnum, heimleiðis sunnan úr Svartaskóla, og heyrðist mjer selurinn „skrensa á skötunni“ — en Jón helgi koma samhliða á hoppandi höfrungi og slá saltaranum í haus selnum, svo hann sökk, en þeir fóstbræður ná lendingu við Álfrhóla niður frá Odda. Af þeirri sýn þóttist eg ráða, að hinn helgi Jón hafi gert Sæmund rjetttrúaðan mann [...].¹³⁴⁷

Þjóðskáldið Matthías, sem þegar þarna er komið sögu er ótvírætt en mildilegt yfirvald, setur sig eins og oft áður (sjá einnig bls. 228) í hálfgerða varnarstöðu fyrir nýtt skáld sem hann kannast við persónulega.¹³⁴⁸ Ástæðan fyrir því að Matthías telur að bók Davíðs þurfi að verja með því að benda á að hið góða og íslenska, í líki Jóns helga, sé í henni sterkara en það spillta og útlenska, í líki Sæmundar fróða, eru ljóð eins og „Gulleitarmaðurinn“ sem Matthías segir að mörgum muni „ef til vill verða hneykslunarhella“:

Þar stendur: „Að leita — er að þroskast í drottins nafni“. og síðar í kvæðinu: „Að finna — er að vera drottinn sjálfur.“ En svo kemur kjarninn.

„Því hamingja mín er að — leita.“

Skáldið vill heldur vera að þroskast í drottins nafni en vera Drottinn sjálfur. Leitin að sannleikanum er honum meira virði en sannleikurinn sjálfur: „staðreyndin“ veldur — falli.“ Þetta telja sumir fálm út í loftið. En hvað væri líffið, ef öllu væri náð?¹³⁴⁹

¹³⁴⁶ Sagan af vinsældum *Svartra fjaðra* tók á sig sífellt ævintýralegru mynd eftir því sem leið á öldina og Davíð Stefánsson tryggði sér óumdeildari stöðu efst í virðingarstiga stórskálda. Árið 1933 segir Sveinn Sigurðsson til dæmis: „En þessi fyrstu kvæði hans gerðu hann þá þegar þjóðkunnan og vinsælan, einkum meðal yngri kynslóðarinnar. Þjóðkunnur varð Davíð fyrst og fremst af því, að hann orti ekki eins og fjöldinn, hann skar sig úr, kvað létt og lipurt, en hirti lítt um hefðbundin form og hafði það til að brjóta brageglur, svo eldri mönnum þótti nóg um. Síðan árið 1919, að Svartar fjaðrir komu út, hefur Davíð haldið áfram að yrkja og bætt við sig fjölda góðra kvæða, enda hafa honum stöðugt aukist vinsældir [...]“. Sveinn Sigurðsson: „Ritsjá“, ritdómur um *Í bygðum* eftir Davíð Stefánsson, *Eimreiðin*, 3, 1933, 348. Árið 1952 er sagan hins vegar orðin þannig að ljóð hans hafi tafarlaust slegið í gegn hjá öllum: „Davíð Stefánsson, eignaðist á svipstundu svo að segja alla samtíð sína að aðdáendum. Hann gerðist á einu ári ástsælla skáld á Íslandi en dæmi voru áður um samtíðarskáld. „Heildarúgáfa af verkum Davíðs Stefánssonar frá Fagraskógi“, *Útvarpstíðindi*, 4, 1952, 18.

¹³⁴⁷ Matthías Jochumsson: „Svartar fjaðrir eftir Davíð frá Fagraskógi“, 2.

¹³⁴⁸ Davíð lýsti síðar sjálfur kynnum sínum af Matthíasi. Sjá Davíð Stefánsson: „Kynni mín af séra Matthíasi“, *Lögberg-Heimskringla*, 15. september 1966 og Davíð Stefánsson: „Kynni mín af séra Matthíasi. Niðurlag“, *Lögberg-Heimskringla*, 22. september 1966.

¹³⁴⁹ Matthías Jochumsson: „Svartar fjaðrir eftir Davíð frá Fagraskógi“, 2.

Eitt umdeildasta einkenni nútímaskáldskapar langt fram eftir 20. öld var einmitt kaldhæðnisleg og bölsýn afstaða, jafnvel tómhyggja. Árið 1957 segir Jónas Árnason til dæmis að bölsýnin sé „eitt helzta einkennið á verkum ungra skálda“:

Sumir þeirra yrkja bókstaflega eins og þeir hafi étið arsenik og séu að semja þetta meðan þeir bíða þess að eitrið verki. Nær undantekningarlaust er sál þeirra þrúguð af alvöru heimsins eins og rúllupylsa undir þungu fargi. Oftast er hjarta þeirra alveg að springa. Margir þeirra virðast vera í stöðugri lífshættu við skriborðið [svo].¹³⁵⁰

Matthías Jochumsson samdi sjálfur mörg ljóð um hversu erfitt en þó mikilvægt væri að viðhalda trúnni á Guð og hið góða og hann á m.a. í vandræðum með áberandi hlutverk hrafnsins í *Svörtum fjöðrum*. Eftir að hafa viðurkennt að andúð hans á þessum svarta hræfugli sé huglæg, og eigi sér persónulegar rætur í bernskuminningu af því þegar hrafn kroppaði „augað úr tvævetlu, sem [honum] var eignuð og eins úr lambi hennar, sem fanst dáíð í burðarlið gimbrarinnar“, nýtir Matthías sér áðurnefnt bragð, að tefla fram ímynduðum andstæðingi sem fulltrúa þeirra viðhorfa sinna sem flokka mætti sem íhaldssöm og stíga svo sjálfur fram sem einn af þeim sem skilur og fylgist með hinu nýja og getur þannig sett fram hlutlaust, yfirvegað mat. Þannig gerir Matthías sér í hugarlund að „einhver angurgapinn segi: „Þann hræfugl hefur skáldið sjeð gegn um skjáglugga sjúkrar ímyndunar.“¹³⁵¹ Í kjölfarið kemur hann með sína eigin, umburðarlyndu túlkun á mögulega siðspillandi hlið *Svartra fjaðra* — túlkun sem fellur að hans eigin áherslum í ljóðagerð:

En þá hygg jeg Davíð hafi gott svar að gefa til varnar sjer og krumma sínum: „Krummi er falslaus fugl, vitur, grimmur og ófyrirleitinn; hann er eins og náttúran og lífið hefur gert hann úr garði [...].

Skáldið meinar, að náttúran sje vísvitandi hvorki góð nje ill, en gæska og mildi eigi að fylgja frumhvötum lífsins, t. d. í móðurástinni, en ná sjálfsvitund í vaxtarþróun. [...]

Eitt vald er almáttugt og sigrar alt ilt. Og það vald heitir góðleikur. Og hver, sem með hug og hjarta ann góðleik, hann elskar um leið sannleik og réttlæti. Þannig hljóðar hin eina sáluhjálplega trú, sem engin þjóð þorir á móti að mæla, hverju sem hún annars trúir eða þykist trú. Og lesi menn niður í kjölinn Davíðs „Svörtu fjaðrir“, munu allir skynsamir menn skilja, að hann fer ekki villur vegar í þeirri einu trú, sem heimsku og vonsku heimsins sigrar.¹³⁵²

Slík túlkun er liður í rólegri innlimun hugsanlega ógnandi nýjunga á bókmenntasviði sem talið er hafa þjóðernispólítískt mikilvægi. Matthías er að einhverju leyti fulltrúi þeirrar

¹³⁵⁰ Jónas Árnason: „Hugleiðingar út af hausnum sem fór til tunglsins. Síðari hluti“, *Þjóðviljinn*, 3. september 1957, 7. Sigurður A. Magnússon segir árið 1963 að enn kveði svo rammt að slíkum viðhorfum í garð „ungra ljóðskálda á Íslandi“ að þau hafi nýlega verið „sett undir einn hatt af alvarlegum skriffinni og nánast talin þjóðhættuleg fyrir bölmód og fjandskap við gleðina og íslenzku viðreisnarrómantikina“. Sigurður A. Magnússon: „Engu að kviða - kellingarnar bjarga þessu!“, 139.

¹³⁵¹ Matthías Jochumsson: „Svartar fjaðrir eftir Davíð frá Fagraskógi“, 2.

¹³⁵² Sama, 2.

„borgaraleg[u] fagurfræði nítjándu aldar“, sem Ólafur Rastrick segir að Guðmundur Finnbogason, Alexander Jóhannesson og Ágúst H. Bjarnason hafi tekið þátt í að þýða og staðfæra „fyrir íslenskt samfélag síns tíma“, þ.e. upphaf 20. aldarinnar og sem Kristján Albertsson neitar að hvika frá í tilvitnun hér að framan (sjá bls. 301). Samkvæmt henni gat einungis sú list talist sönn „sem var fögur og gat þar af leiðandi miðlað fegurðinni til að göfga þá sem urðu fyrir áhrifum af listaverkinu“.¹³⁵³ Sveinn Sigurðsson, ritstjóri *Eimreiðarinnar*, staðhæfir í þeim anda, árið 1930: „Listin endurspeglar hið fegursta í mannsálunum“.¹³⁵⁴ Ritdómur Valtýs Guðmundssonar frá árinu 1914 um *Sögur frá Skaftáreldi II* ber þessarar áherslu einnig merki, en Valtýr hneykslast á ósmekklefum lýsingum á bónorðsför séra Jóns Steingrímssonar, þar sem biðillinn reynir fyrst að fylla unga stúlku og seinna að múta húsfreyju til að láta stúlkuna fylgja sér til sængur:

Þó þetta sé máské sannsögulegt og tekið eftir frásögn séra Jóns sjálfs, þá afsakar það ekki höf.; því það er fullkomin *smekkleysa*, að taka þetta með í þessa sögu. Hann átti að sleppa þessu eða breyta. [...] Að gera hetjuna frá eldmessunni sona auvirðilega, það nær engri átt — í skáldsögu, skoðað frá fagurfræðilegu sjónarmiði, hvað sem öllum sögulegum sannleik líður. Það er sjálfsagt alveg rétt, að séra Jón hafi í jöfnum mæli verið stórt barn og stór hetja. En það mátti ekki koma fram á þennan hátt í sögunni. Það meiðir tilfinningar manna, og séra Jón verður ekki sú fyrirmynd til eftirbreytni, sem hann á að verða, til þess að sagan geti náð tilgangi sínum. Því ekki er ráð fyrir gerandi, að höf. hafi þann eina tilgang með sögu sinni, að *skemta* lesandanum, heldur að í henni eigi líka að felast góð *kenning*.¹³⁵⁵

Boðandi tónn yfirvaldsins, eins og sá sem kemur fram þegar Valtýr segir að höfundurinn hefði átt að sleppa eða breyta atriðum, og að tilteknir eiginleikar söguhetjunnar megi ekki koma fram í skáldsögu, fagurfræðinnar og siðferðisins vegna, er hins vegar eitt af því sem hefur ætíð vakið mesta andstöðu frá því fyrstu ritdómarnir birtust á prenti og hann verður enn umdeildari eftir því sem líður á 20. öldina. Northrop Frye segir til dæmis um miðja öldina að þótt gagnrýnendur geti ef til vill fundið einhvers konar reglur eða lögmál, mynstur, í bókmenntunum, þá séu allar tilraunir gagnrýnenda til að setja fram leiðbeiningar fyrir höfunda dæmdar til að mistakast:¹³⁵⁶ Á 20. öld verður hlutverk listamannsins iðulega að ögra og jafnvel að brjóta reglur samfélagsins. Á listasviðinu vilja fáir vera fulltrúar regluverksins; meðalmennskunnar; hins almenna og samfélagslega viðtekna. En hvernig á að fjalla um og dæma skáldskap sem beinlínis er skrifaður til höfuðs „reglunum“? Texti eftir rithöfundinn og

¹³⁵³ Ólafur Rastrick: *Háborgin*, 113.

¹³⁵⁴ Sveinn Sigurðsson: „Við þjóðveginn“, *Eimreiðin*, 1, 1930, 13.

¹³⁵⁵ Valtýr Guðmundsson: „Ritsjá“, ritdómur um *Sögur frá Skaftáreldi II* eftir Jón Trausta, *Eimreiðin*, 3, 1914, 222.

¹³⁵⁶ „Critical statements with "must" or "should" in their predicates are either pedantries or tautologies, depending on whether they are taken seriously or not.“ Frye: „Polemical introduction“, 26.

kennarann Hallgrím Jónsson um nýstárlegt bókmenntaverk Þórbergs Þórðarsonar, *Bréf til Láru*, er ein tilraun. Hann samanstendur af stuttum setningum þar sem fræðilegt yfirbragð er látið lönd og leið og skáldlegum myndum í staðinn fléttað við pólitískan hálfkæring:

Bréf til Láru

er fagurt á að líta og girnilegt.

Innra líkist það námu, þar sem gull er svo mikið, að grefill sleppir sér —

En þetta hefir fleira sér til ágætis en menn grunar, sem ekki hafa það lesið. —

Mannbörn á leiksviði lífs standa í þakklætisskuld við hinn bersögla höfund. Lesandinn hefir séð strák og stelpu reka andlit sín á kaf niður í for. Þau tóku ekki eftir, að fögur andlit óhreinkuðst. Ærsl þeirra voru svo hamslaus. —

Hirðir sýndi þeim í spegil. Og leiksyskinin fóru að klóra framan úr sér. —

Þórbergur Þórðarson er spakur að viti og skáld gott. —

Einurð hans er dásamleg. Hann er og sjáandi, Éru sýnir hans margvíslegar. —

Spegil á hann góðan, og í honum má margt sjá. Bregður Þórbergur honum upp fyrir sér og samferðahyski sínu. Geta þeir nú byrjað á að þvo sér, sem þykir það betur fara. —

Ádeila Þórbergs er himinborin. —

Auðnist alþingi og ríkisstjórn að meta hana! Og náðin drottins sé með greppum þeim, er skifta næst skáldalaunum!¹³⁵⁷

Slíkar tilraunir eru þó undantekning og umfjöllun Hallgríms í raun á mörkum þess að teljast ritdómur. Flestir ritdómarar reyna frekar að bregðast við nýjungum án þess að stefna í hættu grundvallaratriðum bókmenntasviðsins sem þeir byggja kennivald sitt og tilverurétt á, þar á meðan hinu hefðbundna formi ritdóma. Ritdómarar halda því fast í hið hefðbundna, ritúalíska form ritdómanna þar sem andstöðu við of róttækum nýjungum eða breytingum má m.a. setja fram í formi vinalegrar og umburðalyndrar leiðsagnar.

Í grein frá 1943 kemst Halldór Laxness svo að orði, að á meðan „hið forna er að hverfa og hið nýja að skapast“ sé „mikil nauðsyn sívöskullar menningargagnrýni“ sem verði „fyrst og fremst að spretta af góðgirni, stjórnast af jákvæðri yfirsýn gagnrýnandans um hið gróandi þjóðlíf, en ekki ótímabærum derringi eða geðillsku út af einhverjum aukaatriðum“.¹³⁵⁸ Dómur Matthíasar Jochumssonar hefur einmitt á sér þetta yfirbragð. Góðgirni hans og jákvæð yfirsýn, þegar hann segist sætta sig við „Svartaskólabraginn“ á ljóðum Davíðs Stefánssonar því að svo margt minni á Jón biskup helga, er í raun hugsuð sem vinaleg leiðsögn þar sem skáldinu er ýtt í átt að hinu alþýðlega og náttúrulega:

Form og efni mætist jafnan hjá höfundinum í miðju trogi, svo hvert barn skilur þá meining, sem næst liggur, hann þekkir ekki mærd eða íburð, enda er hann allur háður hugmyndum og þjóðsagnablæ og þuluformið honum lang-eðlilegast.¹³⁵⁹

¹³⁵⁷ Hallgrímur Jónsson: „Bréf til Láru“, *Alþýðublaðið*, 27. desember 1924, 1.

¹³⁵⁸ Halldór Laxness: „Gagnrýni og menning“, *Þjóðviljinn*, 18. nóvember 1943, 3.

¹³⁵⁹ Matthías Jochumsson: „Svartar fjaðrir eftir Davíð frá Fagraskógi“, 2.

Þar fetar Matthías í fótspor Jóns Björnssonar, rithöfundar og blaðamanns, sem áður hafði skrifað ritdóm um *Svartar fjaðrir* og sagði ákveðinn:

Höfuðstyrkur þessa skálds er augljós. Hann er þar sem hann getur sameinað yrkisefni sín þjóðsagna og þjóðkvæðaforminu. [...] Hreinustu tónunum nær hann þar, sem hann getur felt frásögnina inn í þjóðkvæðaformið. Tærust streymir ljóðlind hans fram þar, sem hann ljær gömlu viðlagi við sönginn.¹³⁶⁰

Jón dregur upp mynd af skáldi sem finnur af næmleika „um leið og kvæði er að frjóvgast í sál hans, hvort því fer þessi búningurinn betur en hinn“. Lýsingar hans minna reyndar um margt á lýsingar á ljóðum kvenskálda, en það var nokkuð algengt þegar alþýðuskáld áttu í hlut (sjá einnig bls. 8). Megináhersla er lögð á eiginleika sem samkvæmt hefðinni teljast kvenlegir, svo sem hljóðlát yfirborð og skírskotun til tilfinninganna og innra lífs, en hefðbundnir karlegir eiginleikar sagðir fjarri, til dæmis „arnsúgur“, ólga og „umbrot hins ytra lífs“.¹³⁶¹ Árni Pálsson segir beinlínis í *Skírni* árið 1920 að á bestu kvæðum Davíðs séu „ymis þau einkenni, sem venjulega eru kölluð kvenleg einkenni“. Verður Árni „stundum hálfþreyttur á öllum þeim kveinstöfum og bænarándvörpum“:

Tilfinningalíf hans er fingert og kulvíst, hann kennir ákaflega sárt til og er fljótur bæði [svo] gráts og hláturs. Hann óttast kulda og hörku lífsins og biður oft fyrir sjer.¹³⁶²

Ljóð Davíðs fá þó þann dóm Jóns Björnssonar að þau séu „engar dægurflugur“, einmitt vegna tilfinningalegs eðlis kveðskaparins, og virðist þar vega þungt að „Davíð er ekki bundinn við eina tegund tilfinninga“ og að þetta eru ekki tilfinningar kvenna heldur *til kvenna*:

Ljóð hans eru ekki einræn og leikin á sama strenginn. Þar er grátdöpur sorg. Þar er heilög gleði. Þar er áttuga ást, sonarást, og fyrst og fremst ástin til konu, stundum hrein eins og mjöll og „fögur eins og óskir Guðs“, en stundum blandin sorg og söknuði.¹³⁶³

Jón kemst að þeirri niðurstöðu að ljóð Davíðs sýni „mikla og meðfædda ljóðgáfu“, en það verður ljóst að Davíð er að hans mati „söngvarinn í ríki sínu“, nær hæstu hæðum, er hann yrkir um konur og hið kvenlega, til dæmis í kvæðinu „Fóstra mín“ — það efni er „nógu ljóðrænt til þess, að hann geti leikið sér að því og gefið því þann strengjahljóm, sem er honum

¹³⁶⁰ J. Björnsson: „Ritfregnir“, ritdómur um *Svartar fjaðrir* eftir Davíð Stefánsson, *Vísir*, 12. janúar 1920, 2.

¹³⁶¹ Sama, 2.

¹³⁶² Árni Pálsson: „Ritfregnir“, ritdómur um *Svartar fjaðrir* eftir Davíð Stefánsson, *Skírni*, 3, 1920, 17.

¹³⁶³ J. Björnsson: „Ritfregnir“, ritdómur um *Svartar fjaðrir* eftir Davíð Stefánsson, 2.

eiginlegastur“.¹³⁶⁴ Jón greinir því skýrt á milli tilfinningasams og kvenlegs efniviðarins og skáldsins sem ríkir yfir því og gefur því strengjahljóm. Skáldið Davíð er enda að hans mati ekki einungis gjaldgengt í samkeppni ungra karlskálða um það hverjir séu efnilegastir. Í samanburði við helstu keppinauta sína, Stefán frá Hvítadal og Jakob Thorarensen, er Davíð „þeim báðum meiri“ því hann sameinar kvenlega og karllega eiginleika: „Ljóðgáfa hans lykur um langt um stærra svæði en Stefáns, og er laus við allar hrufur og hnýfla Jakobs. Og hann sameinar betur en þeir báðir höfuðeinkenni sannra ljóða: fegurð og kraft.“¹³⁶⁵

Sigríður Albertsdóttir telur að allt frá fyrstu ritdómunum um *Svartar fjaðrir* hafi umfjöllunin um ljóð Davíðs verið einhæf, „líkt og gagnrýnendur hafi gert með sér þegjandi samkomulag um hvaða mynd skyldi draga upp af kveðskapnum og manninum á bak við ljóðin“. Mest beri á „upphöfnum lofræðum um ástarljóð skáldsins“, ljóð hans séu talin höfða til æskunnar og áhersla lögð á „tilfinninganæmi Davíðs“. Niðurstaðan sé „svo til undantekningarlaust sú að Davíð hafi verið stjarna sinnar samtíðar, ósnertanlegur boðberi hugljúfra ásta og rómantískra kennda“. Sigríður sýnir fram á að „þessi glansmynd af Davíð miðast aðeins við einn þátt höfundarverks hans“ en líti m.a. fram hjá „flóknum ástríðum“ og „óhugnaði og djúpri kvöl“. Ritdómarar hafi fjallað um „ljúfar, mildar og staðfastar“ kvenmyndir í ljóðum Davíðs og þær séu sem viðfang dýrkunar eilíflega fjarlægjar. Önnur ljóð hafi fengið minni athygli, til dæmis þau sem fjalli um úrkast í skilningi Kristevu, þ.e. það sem lifir á mörkum andstæðnanna sjálfsvera/viðfang og „dregst að því óhugnanlega, dauða og tortímingu og hefur þar með truflandi áhrif á lög og reglu, á það sem við höldum í heiðri“.¹³⁶⁶

Oft eru þær hugleiðingar umvafðar ljótleika, ofsa og grimmd og þau ljóð virðast gagnrýnendur hafa gert með sér þegjandi samkomulag um að hunsa — að mestu. [...] Hinn kynngimagnaði, geggjafi og lostafulli Davíð hefur í tímans rás horfið í skugga hins kvenlega og hugljúfa rómantíkars“.¹³⁶⁷

Sigríður segir að Davíð hafi orðið „storknuðu og einhæfu bókmenntamati að bráð“ og skýrir „þau örlög með vísun í tíma skáldsins (1895-1964) þegar ekki þótti við hæfi að hafa myrkari hliðar mannshugans í flimtingu“.¹³⁶⁸ Séu viðtökur fyrstu bókar hans árið 1920 hins vegar

¹³⁶⁴ Sama, 2.

¹³⁶⁵ Sama, 2.

¹³⁶⁶ Sigríður Albertsdóttir: „Ég verð konungur djöflanna“, *Skírnir. Tímarit hins íslenska bókmenntafélags*, haust 1996, 303-318.

¹³⁶⁷ Sama, 322.

¹³⁶⁸ Sama, 323.

settar í samhengi við þær hræringar sem almennt má sjá á vettvangi ritdóma á þessu tímabili, þ.e. tilhneiginguna til að fella nýja strauma „mjúklega“ að ríkjandi þjóðernislegum viðmiðum (sjá bls. 304), verða þær að dæmi um túlkun sem skapandi viðbragð í þágu þeirrar þjóðernisrómantíkur sem verið hafði óskorað viðmið bókmenntasviðsins um áratuga skeið. Í áður nefndri túlkun Matthíasar Jochumssonar á krumma (sjá bls. 304) lítur hann til dæmis ekki fram hjá því sem hann telur ögrandi birtingarmynd „hræfuglsins“ í ljóðum Davíðs heldur fellir hana undir náttúrurómantíska og samfélagslega uppbyggilega hugsjón sína. Það er hins vegar rétt að í seinni tíma mýtu um Davíð og ljóð hans (sjá neðanmálgrein bls. 303) eru þessi fyrstu viðbrögð einfölduð og litið fram hjá því að ákveðnir þættir í ljóðum Davíðs ollu óróleika. Því má segja að sú mýta stuðli að „stöðnuðu“ bókmenntamati á ljóðum hans, ekki síst í ljósi þess að þegar nálgast fer miðbik 20. aldar og pólitískt mikilvægi slíkra túlkana minnkar fer ný kynslóð gagnrýnenda í raun og veru að takast á við þann vanda sem aldamótakynslóðin ýtti að einhverju leyti til hliðar í krafti þjóðernishyggjunnar; spurningunni hvernig ætti að „meta rjett nýjan kveðskap“ (sjá bls. 293). Eysteinn Þorvaldsson tilgreinir í bók sinni *Atómskáldin* fjölmörg dæmi um viðbrögð við móðernisma í ljóðagerð á 5. áratugnum og segir að það sé „einmitt í orðum ljóðagagnrýnenda sem sjónarmið varðandi hefð og nýjungar í ljóðlist koma fram“. Samantekt hans sýni „að allan fimmta áratuginn eru öðru hverju uppi umræður um gamla og nýja ljóðlist og [að] andstæð viðhorf hafa myndast“. Hann telur að deilurnar hafi komist í hámark árið 1952, en „lokahriðin gegn nýbreytninni í ljóðagerð hafi staðið á árunum 1950-1954“.¹³⁶⁹ Deilur um nútímaljóðlist halda þó áfram. Sigurður A. Magnússon segir árið 1959 að þótt ekki verði lengur um það deilt „að allt sem frjóst er og lífvænlegast í ljóðlist samtímans [sé] annaðhvort móðernt eða undir sterkum áhrifum móðernismans“ sé enn langt frá því „að hið nýja form hafi hlotið viðurkenningu á Íslandi“ og að flestir haldi „fast við gömlu formin“.¹³⁷⁰ Annað dæmi er grein Sigurðar Jónssonar frá Brún frá árinu 1963 í *Menntamál*, undir yfirskriftinni „Ólukkans atómið“. Þar segir Sigurður svokölluð atómljóð skorta „ákveðin auðkenni þess, sem ljóð hefur heitið um aldir“, ¹³⁷¹ en þetta brot gegn hefðinni telur hann grafa undan íslenskri menningu og sjálfstæði landsins:

Þau vantar þá eiginleika að vera auðlærð og gefa sjálf til kynna um flestar þær afbaknir, sem þau kynnu að verða fyrir, og er hvorutveggja eiginleikinn verðmætur til málgeymdar og því

¹³⁶⁹ Eysteinn Þorvaldsson: *Atómskáldin. Aðdragandi og upphaf móðernisma í íslenskri ljóðagerð*, Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafélag, 1980, 96, 100 og 163. Eysteinn greinir frá helstu viðhorfum sem komu fram í deilunum á árunum 1950-1954 á bls. 163-193.

¹³⁷⁰ Sigurður A. Magnússon: „Íslenskar bókmenntir eftir seinna stríð“, 34-37.

¹³⁷¹ Sigurður Jónsson: „Ólukkans atómið“, *Menntamál*, 2, 1963, 149.

dýrmætur allra helzt með þeirri þjóð, sem á sér enga slíka sönnun fyrir rétti sínum til sjálfstæðis og fyrir þjóðgildi sínu sem tungumál sitt og þann trúmennskuvott, að hafa í nærfellt 1100 ár alið hverja einustu kynslóð svo vel upp, að hún mætti hafa not af nokkurn veginn sérhverri bókfestri hugsun þeirra manna, sem á undan henni ólu aldur sinn á sama landi og þeim löndum öðrum, er fluttu norræna tungu lítið klofna í mállýzkur eða afleiddar tungur.¹³⁷²

Samkvæmt þessu er meginhlutverki bókmenntanna sem þjóðlegu uppeldi ógnað sé vikið frá hefðinni. Enda virðist Sigurður, líkt og Guðmundur G. Hagalín rúmum 40 árum fyrr (sjá bls. 302), fyrst og fremst hafa áhyggjur af spillandi áhrifum á skáld sem ekki hafa nægan andlegan styrk og þroska til að bera og segir „þroskavænlegra og öruggara, einkum ungum mönnum og framgjörnum, að meta framsetningu sína við langreyndar reglur og kerfi en eiga allt undir eigin smekk og honum misjafnlega næmum“.¹³⁷³

En það er ekki einungis nútímaskáldskapurinn sjálfur sem mætir andstöðu, heldur leiðirnar sem gagnrýnendur velja til að lesa og meta þennan skáldskap. Árið 1969 lýsir Jón Sigurðsson vandanum þannig að undanfarið hafi „hópur ungra skálda“ farið sínar eigin leiðir „við að takast á við vandamál sín og samtímans af fullri einlægni“. Ljóð þeirra þyki hins vegar „alltorskilin og „einkennileg“,“ enda brjóti þau „þær njörvuðu reglur er gilt hafa um ljóðlist hérlendis um aldir“.¹³⁷⁴

Ög slík stakkaskipti sem þau er hér eru rædd eru svo gjörtæk að sjálft eðli listarinnar, hugmyndin um ljóðið og tilgang þess, verður að vandamáli og spurningu er svara verður til einhverrar hlítar áður en til verksins sjálfs getur komið. Menn hafa m.ö. hlotið að taka á sig á undan förunum árum það erfiði er kynslóðirnar gátu leitt hjá sér: að þreifa sig áfram inn að kjarnanum og finna hann því að öll fyrri svör höfðu glatað gildi sínu. Á hinn bóginn er gamalkunnugt hvern tíma öll slík nýmæli tekur að síast út um samfélagið og verða viðurkennd og mæta almennum skilningi, ekki síst er áhrifavaldað samfélagsins standa á móti [...].¹³⁷⁵

Jón bendir á að ný viðmið í ljóðlist kalli einnig á nýjar aðferðir við að greina þau og dæma. Aðaleinkenni nútíma ljóðlistar sé „ekki fyrst og fremst nýbreytni í meðferð hins „ytra“ forms, heldur um fram allt annað rækt hinna stílrænu túlkunaraðferða og tjáningarleiða“. Fyrirbæri eins og „líking, myndhvörf, andstæða og vísituð endurtekning“ hafi orðið „að kjarnlægum eigindum ljóðsins“ og ýtt „öðrum þáttum til hliðar“.¹³⁷⁶ Hann greinir svo ljóð Þorsteins frá Hamri í samræmi við þetta, með áherslu á myndhvörf, samlíkingar, tákni og fleiri „stílrænar túlkunaraðferðir“.

¹³⁷² Sama, 150.

¹³⁷³ Sama, 150.

¹³⁷⁴ Jón Sigurðsson: „Minn trúnaður er ykkar trúnaður. Athugasemdir um kveðskap Þorsteins frá Hamri I“, *Tímarit Máls og menningar*, 2, 1969, 141.

¹³⁷⁵ Sama, 143-144.

¹³⁷⁶ Sama, 150-151.

Það er ærin ástæða fyrir því að gagnrýnendur útskýra á þennan hátt viðhorf sitt til ljóðlistar og aðferðafræði við greiningu. Sex árum fyrr, árið 1963, hafði til dæmis verið gefið í skyn að helstu menningarfrömuðir landsins hafi meira og minna allir látið afvegaleiðast og kunni ekki lengur að greina gullið frá soranum, þegar *Vikan* slær upp forsíðufyrirsögninni: „Er bókmenntaþjóðin rugluð í ríminu? *Vikan* prófar menningarvitana“. Í blaðinu er sagt frá því að *Vikan* hafi prófað „nokkra þekkta menningarvita til að komast að raun um, hvað talinn er gjaldgengur skáldskapur á Íslandi í dag“¹³⁷⁷ með því að gefa út ljóðabókina *Þokur* eftir ímyndaða atómskáldið Jón Kára. Bókin var hugsuð sem allsherjar grín frá upphafi til enda, til þess hannað að sýna á hvers konar villigötur íslenskur skáldskapur væri kominn fyrir tilstilli atómskáldanna svokölluðu og óhefðbundins skáldskapar. Með greininni fylgdi mynd af Gylfa Baldurssyni og Jakobi Möller, ungum mönnum sem ritstjóri *Vikunnar*, Gísli Sigurðsson, fékk til að yrkja ljóðin sem fletta áttu ofan af menningarvitum landsins. Á myndinni tefla þeir og reykja, með blöð, penna og ritvél við höndina, en þannig voru þeir sagðir hafa sett saman bókina á tveimur kvöldum. Ljósmyndin undirstrikar af hve mikilli léttúð ljóðin eru samin en fyrirmælin sem þeir félagar fengu voru eftirfarandi:

Þið yrkið álitlegan fjölda ljóða, svo dugi til að fylla meðal ljóðabók. Ljóðin eiga að vera í atómstíl. Þau eiga að vera mjög torskilin og hlaðin sýmbólík. Þið fáið ekki nema tvö kvöld til verksins. [...] Þið yrkið þessi ljóð fyrir hönd ungs atómskálds, sem við skulum kalla Jón Kára. Við skulum segja, að hann hafi farið einu sinni út fyrir landsteinana og komið til Ítalíu og dvalið eitthvað í París. Hafði ríkt í huga, að láta skiptast á eitthvað sem sumir nógu ráðvilltir ljóðavinir mundu jafnvel telja nokkuð gott og annað, sem allir hljóta að sjá að er hreint bull, jafnvel að það stappi nær geðveiki að hafa sett það saman.¹³⁷⁸

Myndin og verklýsingin er skopstæling á ríkjandi ímynd „ungskálda“, sem Jónas Árnason hafði til dæmis gagnrýnt árið 1957 fyrir að telja það lífsnauðsynlegt að „skoða sig um í heiminum og fyrst og fremst að komast til Parísar“ í stað þess að kynna sér mannlíf „sinna eigin heimkynna“; og fyrir að rækta skáldlega sorg sína „við skrifborð“ og hima endalaust „yfir sömu setningu, jafnvel sama orðinu“ og slípa til form og stíl í stað þess að leita í „hina tilgerðarlausu fegurð hversdagslega lífs“.¹³⁷⁹ Afurðir slíkra skálda kallaði Gunnar Benediktsson „óskapnaðarbókmenntir“ sem ekki eigi „dýpstu rætur sínar í persónulegri reynslu höfunda“ heldur hafi falskan tón þeirra sem „þykjast hafa liðið“ sannar þjáningar.¹³⁸⁰

¹³⁷⁷ „Er bókmenntaþjóðin rugluð í ríminu?“, *Vikan*, 4. júlí, 1963, 7.

¹³⁷⁸ Sama, 6.

¹³⁷⁹ Jónas Árnason: „Hugleiðingar út af hausnum sem fór til tunglsins. Síðari hluti“, 7.

¹³⁸⁰ Gunnar Benediktsson: „Þegar blindur leiðir...“, *Tímarit Máls og menningar*, 3-4, 1969, 390.

Piltarnir sem framkvæmdu bókmenntahrekk *Vikunnar* fylgdu forskrift ritstjórans vandlega og útkoman varð meðal annars eftirfarandi ljóðbrot sem mætti skilgreina sem „hreint bull“, þótt í því sé kaldhæðin vísun til *Svartra fjaðra* Davíðs Stefánssonar:

Abba Labba lá
og læknirinn kom og sagði
að þetta myndi verða viku lega.
Svo dó hún úr L-i
sama dag og Dilli dó
og það færðist korriró
yfir sveitina.

Fimm sinnum fimm
eru simmsalabimm.¹³⁸¹

Önnur ljóð Jóns Kára eru hins vegar nokkuð sannfærandi stæling á ýmsum einkennum atómskáldskapar, til dæmis bölsýnum lýsingum á heimi í skugga kjarnorkuvár, eins og í ljóðinu „Rot“:

Úr áróðursvélum kjarnorkuguðsins
spýttast blóðlitar blekklessur
sem falla á
rústirnar
af altari menningarinnar.

Blekþyrst vit vélmennanna
í hofi
múggyðunnar
stíflast.

Ég reika
ásamt hugsunarvofunni
um eyðimörkina
og leita að
þerriblaði.¹³⁸²

Í sjálfri ljóðabókinni sem gefin var út eru ljóðin sett upp á myndrænan hátt og fátt við umgjörðina bendir til þess að um grín sé að ræða. Ungur maður tók að sér að leika ungskáldið Jón Kára, ganga á milli virtra manna í bókmenntaheiminum og fá álit þeirra á bókinni. Hann skrifaði síðan niður ummæli þeirra eftir minni og eru þau birt í *Vikunni* ásamt skuggamyndum af viðkomandi mönnum og lýsingum á starfi þeirra svo fáum samtímamönnum hefur dulist

¹³⁸¹ Jón Kári: *Þokur*, Reykjavík, 1963, 39.

¹³⁸² Sama, 13.

við hverja var átt. Yfirleitt eru ummæli þeirra nokkuð vinsamleg en margir benda þó á að vinna þurfi ljóðin betur.

Greininni fylgir einnig úrklippa úr *Lesbók Morgunblaðsins*, af ljóðinu „Tvö smáljóð um sýndarmennsku og hroka“, sem „Jón Kári“ hafði fengið birt þar. Sigurður A. Magnússon, sem þá var ritstjóri *Lesbókarinnar*, skrifaði í kjölfarið grein þar sem hann benti á að svipuðu bragði hefði verið beitt í Svíþjóð tæpum 20 árum fyrr „með eftirminnilegum árangri“. Tveir læknastúdentar hefðu sett saman ljóðabók „í nýtízkustíl“ á einu eða tveimur kvöldum, gefið hana út undir dulnefni og fengið um hana lofsamlega dóma ýmissa nafnkenndra sænskra gagnrýnenda. Sigurður segir hins vegar skilja á milli sænsku og íslensku tilraunarinnar í því að í „Svíþjóð var bók tvímenninganna skilmerkilega ritdæmd“:

Á Íslandi kemur viðkunnanlegur og óframfærinn unglingur að máli við nokkra menn og biður þá lesa yfir ljóð sín. Þeir taka honum vel, eru þægilegir við hann, leitast við að vera eins jákvæðir og þeim er unnt, uppörva hann, en reyna flestir að leiða honum fyrir sjónir, að „ljóðin“ séu illa unnin, ungæðisleg og varla birtingarhæf, þó víða örli á skemmtilegum anda. Hér er í engum skilningi um bókmenntagagnrýni eða listrænt mat að ræða, heldur sjálfsgæða og mennska nærgætni og góðvild gagnvart ungum manni, sem langar til að skapa eitthvað.¹³⁸³

Í þessari lýsingu kemur skýrt fram hvað hið „formlega“ og opinbera einkenni ritdóma skiptir miklu máli. Birtist þeir ekki á prenti undir réttum formerkjum þykja þeir ekki hafa raunverulegt úrskurðargildi. Hinn annmarkinn, að mati Sigurðar A. Magnússonar, er sá að ungi maðurinn skrifar umsagnir manna niður eftir minni og rífur þær úr samhengi. Sumt segir Sigurður að sé þar ranghermt og villandi og því vafasamt að líta á umsagnirnar sem dóma um yrkingar Jóns Kára. Því hafi íslenska bókmenntagabbið misheppnast og af því verði engar ályktanir dregnar.

Viðbrögð dagblaðanna á sínum tíma voru hins vegar þau, eins og Sigurður A. Magnússon orðar það, að telja það nú „sannað að „rjóminn“ af bókmenntamönnum þjóðarinnar væru fáfróðir aular og loddarar, sem lifðu á því að blekkja saklausan almúgann“.¹³⁸⁴ Enda komst *Vikan* að þeirri niðurstöðu að *Pokur* væru að flestra dómi „álíka góð list og megnið af þeim ljóðabókum, sem nú koma á markaðinn“.¹³⁸⁵ Átti það líklega að vera áfellsdómur yfir samtímalist almennt.

Gabbið og viðbrögð fjölmiðla lýsa viðhorfi til bókmennta þar sem tilraunastarfsemi er lögð að jöfnu við tortryggileg fíflalæti. Skáldið og gagnrýnandinn Hannes Pétursson var einn

¹³⁸³ Sigurður A. Magnússon: „Sprengjan sem aldrei sprakk. Misheppnað bókmenntagabb“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 21. júlí 1963, 5.

¹³⁸⁴ Sama, 5.

¹³⁸⁵ „Er bókmenntahljóðin rugluð í ríminu?“, 42.

af þeim sem töldu að skáld gætu eyðilaggt skáldskap sinn með „hundakústum“ og „sprellikústum“ og breyst í „hreinan jóker“.¹³⁸⁶ Árið 1960 segir hann jafnframt um skáldskap Snorra Hjartarsonar að „mikilvægast af öllu“ sé að hann gangi „aldrei að list sinni með kæruleysi, heldur með alvöru og óskiptur“ því að skáldskapur sé „alvörumál, ekki til að gamna sér við, heldur dýrmætt tæki til að tjá á varanlegan hátt það, sem mönnum býr dýpst í hug“.¹³⁸⁷ Ári áður hafði Jónas Árnason einnig gefið ungum skáldum það heilræði að fara ekki „of geyst“:

Varizt að breikka enn það bil milli ungra skálda og almenninga sem þegar er orðið ískyggilega breitt. Gerið skýran greinarmun á menningarlegum nýjungum og skrípalátum. Barátta ykkar er til einskis nema almenningur fái traust á ykkur, vilji hlýða á mál ykkar og læri þannig að meta það sem gott kann að vera í verkum ungra skálda og rithöfunda.¹³⁸⁸

Gildi ljóða byggir samkvæmt þessu á því að tilgangurinn að baki þeim (sem jafnframt birtist í þeim) sé réttur; að þau séu einlæg og alvarleg tjáning einhvers konar sannleika — til dæmis sannleikans um sálarlíf höfundarins og hið mannlega ástand almennt. Sigurður Nordal staðhæfir að einlægnin sé „það auðkenni, sem eitt er sameiginlegt öllum þeim verkum, eftir burgeisa, jafnt og bersynduga, sem langs lífs hefur orðið auðið í bókmenntum heimsins“.¹³⁸⁹ Og slík viðhorf birtast iðulega í ritdómum; til dæmis telur Jón frá Pálmholti „bezta ljóð bókarinnar“ *Þröskuldur hússins er þjöl* frá 1958 „að mestu laust við þá uppskrúfuðu tilgerð, sem alltof oft eyðileggur ljóð Arnfríðar [Jónatansdóttur]“ og gefa „vonir um að hin tæra ljóðlind eigi sér þrátt fyrir allt bústað í brjósti skáldsins“.¹³⁹⁰ Jafnvel heitur talsmaður nútímaljóðlistar, Jóhann Hjálmarsson, sem kvartar undan því að Þorsteinn Jónsson frá Hamri hafi í ljóðabókinni *Í svörtum kufli* „ekkert gert til að sýna [gamlan] sannleika í nýju ljósi, á óvæntan hátt, þannig að maður uppgötvi hann betur en nokkru sinni fyrr“, telur að ekkert geti „bugað skáld sem er einlægt í list sinni“, eins og Þorsteinn, „aðeins tafið það“, og væntir þess „að næsta bók Þorsteins verði fylling þess persónulega tóns“.¹³⁹¹

Viðvaranirnar ná þó ekki aðeins til skálda, heldur einnig gagnrýnenda, menningarritstjóra og annarra sem hafa á hendi menningarlegt forræði. Jónas Árnason segir:

Verk sem birt eru almenningi sem dæmi um verðleika nútímabókmennta, fagurra lista og menningar, en orka á hann sem geðveiki eða argasti þrakkarskapur [svo], geta haft mjög

¹³⁸⁶ Hannes Pétursson: „Um ljóðabækur ársins 1958“, *Andvari*, 1, 1959, 85.

¹³⁸⁷ Hannes Pétursson: „Um skáldskap Snorra Hjartarsonar“, *Félagsbréf*, 17, 1960, 25.

¹³⁸⁸ Jónas Árnason: „Hugleiðingar út af hausnum sem för til tunglsins. Síðari hluti“, 7.

¹³⁸⁹ Sigurður Nordal: „Foksandur“, *Skiptar skoðanir. Ritdeila Sigurðar Nordals og Einars H. Kvarans*, Reykjavík. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, 1960, 122.

¹³⁹⁰ Jón frá Pálmholti: „Þröskuldur hússins“, 69.

¹³⁹¹ Jóhann Hjálmarsson: „Í svörtum kufli“, 63.

háskalegar afleiðingar. Þau eru títt þess líklegust að espa hina eldri og þroskaðri alþýðumennt til heiftúðugar andstöðu gegn öllum nútímabókmenntum og listum, en vekja með hinum yngri vantrú og ógeð á allri sannri menningu.¹³⁹²

Viðbrögðin við gabbi *Vikunnar* lýsa því útbreidda viðhorfi til bókmenntagagnrýnenda að þeir eigi að geta borið skyn á sanna list og vinsað fíflaganginn frá. Sé því haldið fram að gagnrýndunum hafi mistekist að túlka rétt persónuleika og sálarástand höfundarins eins og það lýsir sér í verkinu — hafi þeim til dæmis yfirsést að verkið „stappi nær geðveiki“ eins og það er orðað í leiðbeiningum *Vikunnar* til höfunda ljóðanna í *Þokum* (sjá bls. 311) — er jafnframt grafið undan trúverðugleika þeirra. En list er ekki einungis einlæg tjáning tilfinninga; hún miðlar þeim tilfinningum samkvæmt ströngum fagurfræðilegum reglum, í formi sem auðkennir hana sem list. Auk einlægninnar er formið því aðalprófsteininn á það hvort list sé „alvöru“, litið er til þess hvort það sýni hagleik sem ekki er öllum gefinn. Bókmenntagagnrýnanda er ætlað að bera skynbragð á slíkt handverk í krafti reynslu sinnar, menntunar og/eða eðlislægs næmis, sem hlýtur að verða afar snúíð verkefni þegar gömlum formreglum eins og rími er varpað fyrir róða. Hrósi hann handahófskenndu kroti unglingsstráka yfir tafli grefur hann undan sínu eigin gildi, engu síður en gildi nútímaskáldskapar.

Frelsi til að túlka

Í grein sinni um bókmenntahrekk *Vikunnar* vikur Sigurður A. Magnússon að mörgum áleitnum spurningum um eðli skáldskapar, til dæmis hvort það skipti máli hver semur ljóð og í hvaða tilgangi.

Er þá hægt að setja saman prenthæft ljóð „í flimtingum yfir tafli“? — Bersýnilega, úr því svona tókst til í þetta eina skipti.

Hver er skýringin á því? Ég veit það ekki, enda skiptir hún mig litlu máli. Þegar ég stend frammi fyrir listaverki eða les bókmenntaverk, spyr ég ekki endilega hvernig það hafi verið unnið, við hvaða aðstæður og af hverjum, heldur hvort það segi mér eitthvað, eigi erindi við mig.¹³⁹³

Hér má segja að Sigurður færi merkingarmiðjuna frá höfundi og til lesenda, en það er einmitt eitt einkenni bókmenntaumræðunnar á seinni hluta síðustu aldar. Lestarupplifunin er áfram lykilatriði, en hefðbundinni áherslu á að ná sambandi við sál höfundarins er ögrað með kröfum um frelsi til að túlka á forsendum lesandans.

¹³⁹² Jónas Árnason: „Hugleiðingar út af hausnum sem fór til tunglsins. Síðari hluti“, 7.

¹³⁹³ Sigurður A. Magnússon: „Sprengjan sem aldrei sprakk“, 6.

Hugmyndin um að besta listin væri sú sem þyrfi á túlkun að halda var reyndar lykilatriði í þeirri stefnumörkun sem fram fór í íslenskum fræðum á upphafsárum Háskóla Íslands. Árið 1919 skrifar Sigurður Nordal greinina „Brot“, þar sem hann segir frá því þegar hann fékk bréf frá vini sínum og uppgötvaði aftan á síðustu örkinni uppkast að tveimur ljóðlínnum sem hann „skildi ekki og gátu ráðist á ótal vegu“:

Maður er svo vanur að sjá kvæði í sparifötunum, hefluð og faguð, prófuð og prentuð. En hitt fær alt af undarlega á mig, að sjá handrit kvæða, helzt ekki skrifuð til prentunar, heldur frumdrætti að kvæðum, sem eru að fæðast, rissuð í stemningu, óhefluð, rímlaus, með eyðum og göllum. [...] Ég hef aldrei efast um, að ókveðin kvæði væru fegurst, og stundum langar mig til þess að bæta við, að hálfkveðin kvæði séu fegurri en hin fullkveðnu.¹³⁹⁴

Í kjölfarið fylgja vangaveltur um mögulegar túlkanir á þessum ófullkomnu ljóðlínnum, sem fæða sífellt af sér „nýjar myndir, ný kvæði“.¹³⁹⁵ Þessar hugleiðingar minna að mörgu leyti á staðhæfingar úr smíðju Oscars Wildes um að skipandi gagnrýni meðhöndli listaverk sem upphafsreit fyrir nýja sköpun en einskorðist ekki við að reyna að uppgötva raunverulega ætlun listamannsins og samþykkja hana sem endapunkt. Merking listaverks búi í sál þess sem upplifir það ekki síður en í sál þess sem skóp það. Þegar bókmenntaverki er lokið öðlist það sjálfstætt líf og beri jafnvel allt önnur skilaboð en því var ætlað að færa heiminum. Þetta skýri gildi ófullkomleikans í listum. Of einföld list, sem beri skilaboð sín utan á sér og feli ekkert annað í sér, muni aldrei ná að heilla hinn fagurfræðilega þenkjandi gagnrýnanda er hampar verkum sem fá hann til að grufna, dreyma og ímynda sér, sem búa yfir svo ímyndunarfullri fegurð að allar túlkanir eru sannar og engin túlkun er endanleg.¹³⁹⁶ Slíkar hugmyndir höfðu sín áhrif á Íslandi og Sigurður Nordal orðar þær svo:

¹³⁹⁴ Sigurður Nordal: „Brot“, 173.

¹³⁹⁵ Sama, 174.

¹³⁹⁶ Wilde: „The Critic as Artist“, 367 og 370.

Alt, sem á að geta náð tökum á okkur, verður að vera dularfult eða óráðið. Tilvitnunarlistin, sem einmitt rífur brot út úr samhengi, er stundum falin í því að benda á nýjan skilning, en hún er á hærra stigi þegar hún skapar nýjar gátur, gerir brotin margræðari. Bókmentasagan gerir þetta oft, óviljandi. Þess vegna er hún svo örvandi lestur.¹³⁹⁷

Halldór Laxness segir einnig árið 1938 í formála að bókinni *Myndir eftir Jóhannes Sveinsson Kjarval* að það sé „einkenni hinna mestu snilldarverka, að þau bera svip hins ófullgerða“, en einnig einkenni þau „andi leiksins“.¹³⁹⁸ Gagnrýnandinn Magnús Á. Ásgeirsson grípur boltann á lofti er hann segist búast við að þessi orð Halldórs „muni lengi standa“. Hann fær þó ekki af sér að líta fram hjá höfundinum í þessum efnunum og bætir því við að hann efist um „að Kjarval vinur vor fallist á þessar kenningar, því að hann tekur list sína svo dauðans alvarlega“.¹³⁹⁹ Meðvitund um afstæða merkingu verka er iðulega sett í samband við léttúð og leik, andstæðu alvarlegrar listar og listumræðu (sjá einnig bls. 314). Sigurður Nordal gæti reyndar virst ganga nokkuð langt í slíkri afstæðri „léttúð“ í grein sinni um brot úr ljóðlinum, er hann harmar óskorað úrslitavald höfundarins yfir merkingu verka sinna:

Ég kvíði fyrir þegar næsta kvæðabók Sigmundar kemur út. Þar býst jeg við að sjá þessar línur feldar inn í heilt kvæði, þar kemur ráðning gátunnar, sem örðugt er að mótmæla, frá höfundinum sjálfum. Og hvað dásamleg sem sú ráðning verður, þá verður hún alt af fátækari en allir möguleikarnir, sem felast í gátunni sjálfri.¹⁴⁰⁰

En eftir að hafa fullvissað lesendur um að hann hafi „ef til vill fjarlægst línurnar hans Sigmundar svolítið, en samt aldrei gleymt þeim“,¹⁴⁰¹ beygir Sigurður sig þó undir ægivald höfundarins og viðurkennir alvarleika málsins. Þótt hann hlaupi út undan sér er verkið enn í miðju túlkunarinnar og túlkunin miðast við að uppgötva kjarna þess; sál eða lífsheild:

En hvers vegna yrkja skáldin þá ekki brot í stað heilla kvæða? Af því brot, sem er ætlað að vera brot, yrði einskis virði. Af því kvæði er lífsheild, og það er af því lífsheildin speglast í hverjum parti sínum, sem brotin knýja mann til drauma, eins og turnrústir eða bein úr forndýrum. Meðan ein lína er til af kvæði, er sál þess ekki týnd, þó hún eins og blakti á skari. Það er þessi undramáttur brotanna, sem gerir mörg fornkvæði svo töfrandi, og aldrei verður skýrður með ljósum orðum.¹⁴⁰²

¹³⁹⁷ Sigurður Nordal: „Brot“, 176.

¹³⁹⁸ Halldór Laxness: „[Formáli]“, í: Jóhannes Sveinsson Kjarval, *Myndir*, Reykjavík, Mál og menning, 1938, 8. Tilvitnun sótt í Magnús Á. Ásgeirsson: „Myndir eftir Jóhannes Sveinsson Kjarval“, ritdómur um *Myndir* eftir Jóhannes Sveinsson Kjarval, *Þjóðviljinn*, 8. október 1938, 2.

¹³⁹⁹ Magnús Á. Ásgeirsson: „Myndir eftir Jóhannes Sveinsson Kjarval“, 2.

¹⁴⁰⁰ Sigurður Nordal: „Brot“, 174.

¹⁴⁰¹ Sama, 177.

¹⁴⁰² Sama, 178.

Íslenskir ritdómar mótuðust mjög af rómantísku stefnunni og slíkar áherslur eru að vissu leyti í samræmi við lýsingar Benjamins á snemmrómantískri gagnrýni sem hafi átt að uppgötva undirliggjandi tilhneigingu verksins sjálfs, uppfylla hulin markmið þess, og verði frekar að aðferð til að fullkomna verkið en dómi yfir því (sjá bls. 125). Í slíkrri gagnrýni segir Benjamin að dómar falli óbeint og felist í því hvaða verk eru talin gera gagnrýni mögulega. Ef hægt sé að gagnrýna verk þá sé það listaverk, annars ekki.¹⁴⁰³ Og hér er trúin á lífsheild ljóða forsenda þess að ljóðabrot séu „gagnrýnanleg“. Upphafning brotakenndra ljóðlína er þó einnig í ætt við algeng viðbrögð við mórernískum verkum, en eins og Ástráður Eysteinnsson hefur bent á einkennast meira að segja viðtökur „undir formerkjum mórernismans [...] oft af viðleitni til að sýna fram á heildstæðni margbrotinna verka“.¹⁴⁰⁴ Þetta er enn eitt dæmið sem styður þá skoðun sem þegar hefur fram komið (sjá bls. 4, 83-84 og 125), að varasamt og villandi geti verið að tengja bókmenntagagnrýni eða ákveðin einkenni bókmenntagagnrýnnar með of afgerandi hætti ákveðnum bókmennta- eða fræðistefnum og líta þar með framhjá samfellunni í sögu bókmenntagagnrýnnar. Viðleitnina til að lesa verk sem heildstæða einingu má rekja allt aftur til Aristótelesar¹⁴⁰⁵ og er hún hluti af aldagömlu þekkingarrými ritdóma. Til að túlkunarverkefni fræðimannsins Sigurðar Nordals hafi raunverulegt gildi þarf að búa að baki sú sannfæring að brotin séu hluti af merkingarbærri heild sem megi með góðu innsæi púsla saman í eina mynd. Lefevere bendir á:

Túlkendur, sterkir og veikir, hafa alltaf verið sannfærðir um að túlkun þeirra væri að minnsta kosti tilraun til að komast nær hinu sanna eða hinu réttlætanalega, og helst hvoru tveggja. Þeir deildu sem sagt trúnni á að það væri eitthvað „þarna úti“ sem myndi, þegar öll kurl væru komin til grafar, tryggja túlkun þeirra, eitthvað sem myndi staðfesta það sem þeir höfðu skrifað. Sé þetta „eitthvað“ tekið burt missir túlkunin, hversu áhugaverð sem hún annars er, rétt sinn til að vera talin meðal skrifa sem hefðin telur vera sönn fræði.¹⁴⁰⁶

Eins og fram hefur komið leituðu gagnrýnendur á fyrstu áratugum 20. aldar gjarnan að þessum grundvelli túlkunar sinnar með því að líta á verkið sem sérstaka tengingu við sál

¹⁴⁰³ „The criticizability of a work demonstrates on its own the positive value judgment made concerning it [...] there is no other standard, no other criterion for the presence of a reflection than the possibility of its fruitful unfolding, which is called criticism.“ Benjamin: „The Concept of Criticism“, 160.

¹⁴⁰⁴ Ástráður Eysteinnsson: „Er Kafka framúrsteffnumaður?“, 42.

¹⁴⁰⁵ „Við göngum út frá því, að harmleikur sé eftirlíking athafnakeðju, sem myndar afmarkaða heild og hefur ákveðna stærð til að bera [...]“ Aristóteles: *Um skáldskaparlistina*, 57.

¹⁴⁰⁶ „Interpreters, whether strong or weak, have always been convinced that their interpretation did, at the very least, represent an attempt to get closer to either the true or the justifiable, and preferably both. They did, in other words, share the belief that there was something ‘out there’ which would, in the final analysis, serve as a guarantee for their interpretation, something which would underwrite what they had written. Take that something away and interpretation, though undoubtedly still as interesting as ever, loses its claim to be numbered among those writings traditionally deemed to belong to the category of scholarship.“ Lefevere: „Why Waste our Time on Rewrites?“, 216.

höfundarins, þaðan sem merking textans sprytti fram. Þeim hugmyndum var að einhverju leyti ögrað með nýrninni, þar sem rannsókn á textanum sjálfum, en ekki höfundi eða samfélagslegu hlutverki texta, átti að vera í öndvegi. Mikilvægi gagnrýnenda dvínaði þó ekki við þá áherslubreytingu — og reyndar heldur ekki höfundarins, eins og bókmenntafræðingurinn Margrét Gunnarsdóttir hefur bent á, en hún telur að með nýrninni, „hafi bókmenntafræðin orðið til sem bæði húnánísk sérgrein og filabeinsturn“ og „nokkurs konar endurreisn á fagurfræði nítjándu-aldar menningarfrömuða eins og Matthew Arnold og Walter Pater“:

Það var alltaf eitthvað fram úr hófi þversagnarkennt við þessar kenningar [nýrninnar]; jafnframt því að hafna einfölduðum tákngreiningum, tengingu texta eða verks við lífshlaup listamannsins, þá upphófu þessir rýnendur *ásetninginn* (intention) sem náttúrlega átti sér hvergi annars staðar uppsprettu en í guðlegu ímyndunarafli skapandans.¹⁴⁰⁷

Gagnrýnandinn hafi orðið hinn „eini og sanni sálufélagi“ þessa „platoníska skálds“:

Aðeins hinn útvaldi lesandi gat leyst ráðgátur hins útvalda speking. Listin var óræð þvæla þar til vitsmunir sérfræðingsins leiddu saman í heilsteipt mynstur þversagnir, tvíræðni, stílfrið og átakakenndar sálarflækjur og lýstu upp driffjöður einingarinnar í allri sinni dýrð.¹⁴⁰⁸

Hér er Margrét á svipuðum slóðum og franskri heimspekingurinn Jacques Rancière, sem minnr á að það viðhorf að texti þarfnist „útskýringa“ byggja á vitsmunalegu stigveldi þar sem heiminum er skipt í tvennt; í æðri og óæðri vitsmuni, í fróða huga og fáfróða, þroskaða huga og óþroskaða, færa og ófæra, gáfaða og heimiska, almenna skynsemi og vísindi, smekkvísa lesendur eða ósmekkvísa. Sá sem útskýrir sé fyrst og fremst að sýna einhverjum að hann geti ekki skilið sjálfur.¹⁴⁰⁹ Nýrnin raskaði ekki þeim hugmyndum og ógnaði lítið stöðugleikanum sem myndast hafði í kringum íslenska bókmenntasviðið sem mótað var á árum sjálfstæðisbaráttunnar. Sá stöðugleiki einkenndist m.a. af því að þjóðernishyggja og rómantík reyndust afar lífsseigar. Raunsæisstefnan var í raun aðlöguð þeim og eru skilin milli raunsæis og rómantíkur oft æði óljós hér á landi. „Hart“ raunsæi á borð við natúralisma var alltaf lítið hornauga og í raun aldrei talið hluti af íslenskri bókmenntahefð, jafnvel meðal þeirra menntamanna sem aðhylltust kommúníska eða sósíalíska hugmyndafræði og hömpuðu slíkum boðskap í skáldskap. Ólafur Jónsson orðar það svo að „íslensk vinstristefna í bókmenntum og pólitík h[afi] alla tíð verið menguð af rómantískri þjóðrækni, eins og glöggt sést af ýmsum ritum og ritgerðum Kristins E. Andrésónar frá þessum árum og síðar“.¹⁴¹⁰ Þetta kemur til dæmis skýrt fram í ritdómi Kristins um *Íslenzkan aðal* árið 1938. Kristinn segir höfundinn,

¹⁴⁰⁷ Margrét Gunnarsdóttir: „Bókmenntir sem leiðarljós“, 2.

¹⁴⁰⁸ Sama, 2.

¹⁴⁰⁹ Rancière: *The Ignorant Schoolmaster. Five Lessons in Intellectual Emancipation*, þýð. Kristin Ross, Stanford, Stanford University Press, 1991, 6-8.

¹⁴¹⁰ Ólafur Jónsson: „Bókmenntir og samfélag“, *Skírnir*, 1978, 11.

hinn órómantíska Þórberg Þórðarson, gera lesandanum þá skráveifu að láta líta út fyrir að hann hafi skyndilega tekið til við að elta „hina hreinu tálðrægu list, sem vön er að brenna upp tilbiðjendur sína í ösku og reyk“, með að því er virðist hreinu „verki listarinnar, þar sem boðorðið er l'art pour l'art“ þegar hann sé í raun að skrifa dagsanna lýsingu á samtímanum upp úr dagbókum sínum. Bókin hafi alls ekki átt að „vera skáldskapur, heldur einskonar söguleg vísindi, ný raunsæ aðferð til að lýsa mönnum“. ¹⁴¹¹ Þórbergur leikur því tveimur skjöldum, samkvæmt Kristni, og grefur þannig undan kerfinu sem hafið hefur skáldverkið á stall sem táknrænt og óháð daglegu amstri. Viðbragð Kristins er hins vegar að snúa vopnunum í höndum höfundarins og sýna fram á að Þórbergur treysti í raun með þessari tilraun sinni grundvöll bókmenntasviðsins frekar en að veikja hann. Kristinn stillir sér upp í liði með almennum lesanda og gefur til kynna að „við“ sjáum við höfundinum. „Okkur“ finnist bókin „engu fjarri en hinni sannorðu dagbók með réttum veðurlýsingu, engu nær en skáldskapnum og listinni“:

Og mörg smávægilegustu dæmin og langsóttustu orðin, sem dregin eru fram til að sýna mennina í sannleikans ljósi, bæta engu við lýsingar þeirra og verða einmitt til að vekja þá trú hjá lesandanum, að hér sé það ekki efnið, ekki málflutningurinn, ekki sögnin, sem skipti höfundinn aðalmáli, heldur leikurinn við listina, hina hreinu list, sem skáldin fara að dýrka, þegar þau hafa ekki lengur neitt að flytja. Svona getur jafnvel það heft sín að tilbiðja sannleikann, enda held ég öll sagnvísindi og allur naturalismi í skáldskap hafi sýnt það, að ekki verði með dagsetningum eða nákvæmni í upptalningu staðreynda komizt næst kjarna sannleikans. ¹⁴¹²

Kristinn staðhæfir þannig að á kaldhæðnislegan hátt hafi höfundurinn í raun styrkt það sem hann lagðist til atlögu gegn: „Þórbergur ætlaði að skrifa vísindarit, honum hefir kannske tekizt það, en menn líta á það sem skáldskap og allur kjarni þess stendur óbrotgjarn sem list.“ ¹⁴¹³ Niðurstaðan er sú að ríkjandi hugmyndir um listina standa óhaggaðar, ef ekki sterkari.

Kristinn leyfir sér ekki aðeins að túlka verk Þórbergs á eigin forsendum, líkt og Matthías Jochumsson gerði við verk Davíðs Stefánssonar 18 árum fyrr (sjá bls. 304), heldur lýsir sigri hrósandi yfir að túlkun sín sé á skjön við ætlun Þórbergs, nokkurs konar sigur gagnrýnandans yfir höfundinum í skilgreiningu á því sem skipti máli á skáldskaparsviðinu. En það virðist of einfalt að afgangi þennan írónska leik Kristins sem undirokandi viðbragð valdsins til að bæla niður uppreisnartilburði, sérstaklega í ljósi þess að túlkun hans virðist,

¹⁴¹¹ Kristinn E. Andrússon: „Íslenzkur aðall“, ritdómur um *Íslenzkan aðal* eftir Þórberg Þórðarson, *Réttur*, 5-6, 1938, 115-119.

¹⁴¹² Sama, 119.

¹⁴¹³ Sama, 120.

þrátt fyrir allt, ekki svo langt frá hugmyndum Þórbergs sjálfs.¹⁴¹⁴ Til þess er viðbragð Kristins of skapandi; hann þvert á móti grípur boltann á lofti og heldur leiknum áfram — innan hins örugga leikvallar ritdómsins. Mary Douglas bendir á að það að vinna í þágu kerfisins, taka þátt í uppbyggingu þess, er skapandi viðbragð¹⁴¹⁵ og ritdómur Kristins er dæmi um beitingu þekkingarvalds sem Foucault kallar smásætt en hann leggur áherslu á að undirokandi áhrif þess séu ekki rakin til „eignarnáms“ [„*appropriation*“] heldur til hneigða, herbragða, herkænsku, tæknilegra aðferða, starfsaðferða. Í slíku valdi megi greina „ákveðið net tengsla sem ætíð búa yfir mikilli spennu og eru á sífelldu iði, frekar en ákveðna forgangsröðun sem hægt væri að festa hendur á og hnika til“. Slíkt vald einkennist af „stöðugri togstreitu fremur en einhvers konar samningi sem fæli í sér uppgjöf eða sigur sem síðan leiddi til yfirræða“:

Í stuttu máli þarf að fallast á að umræddu valdi er beitt en það lætur ekki fanga sig, að valdið er ekki „forréttindi“ ríkjandi stéttar sem hún hefur áunnið sér eða reynir að halda við, heldur er valdið heildaráhrifin af allri herkænsku umræddrar stéttar — áhrif sem bæði birtast í og geta jafnvel breytt aðstæðum hinna undirokuðu.¹⁴¹⁶

Kristinn hefur vissulega tryggt sér valdastöðu innan bókmenntasviðsins og þar með félagssviðsins almennt, en Foucault beinir athyglinni að því að innan þess valdasvæðis „eru óteljandi átakapunktur og uppsprettur óstöðugleika og hver þeirra um sig felur í sér tiltekna hættu á átökum, togstreitu og að minnsta kosti tímabundnum umsnúningi valdaafstæðnanna“. „Krókaleiðir“ hins smásæja valds fylgi því „ekki lögmálinu um allt og ekkert; þeim er ekki komið á í eitt skipti fyrir öll þegar við tekur nýtt stjórnarfar eða nýjar starfsaðferðir eða stofnanir eru lagðar niður“.¹⁴¹⁷ Stríðið sem átti sér stað í bókmenntaumræðu 20. aldar um valdið til að túlka er dæmi um slíkar krókaleiðir þar sem skapandi herkænska af ýmsu tagi er í algleymingi og herbrögðin fleiri en hönd á festir.

Ríkari kröfur gagnrýnenda um frelsi til túlkunar á eigin forsendum tengjast m.a. þróun bókmenntafræðinnar sem sjálfstæðs fræðasviðs á alþjóðavísu, í háskólaumhverfi þar sem

¹⁴¹⁴ Soffía Auður Birgisdóttir segir að enginn hafi „gert sér betur grein fyrir því en Þórbergur Þórðarson hversu ómögulegt væri „að endurskapa í frásögn sannleikann eins og hann var“. Vitnar hún í þau orð hans að bækur hans séu „yfirleitt sannar frásagnir, hafnar dálítið upp í æðra veldi“. Þetta „æðra veldi“ sé „að sjálfsögðu veldi skáldskaparins með öllum sínum fagurfræðilegu kröfum. Í skáldævisögunni ríkir fagurfræðin ofar sannleikanum. Hið skáldlega ríkir ofar staðreyndinni. Eða eins og Guðbergur orðaði það svo skemmtilega: Í stað þes að skapa sagnfræðilega rétt verk er sköpuð „hliðstæða við lífið“. Soffía Auður Birgisdóttir: „Sannleikurinn í æðra veldi. Um Íslenzkan aðal eftir Þórberg Þórðarson“, *thorbergssetur.is*, sótt 11. júlí 2015 af <http://www.thorbergur.is/index.php/is/skaldidh-thorbergur/greinar/88-sannleikurinn-i-aedhra-veldi>.

¹⁴¹⁵ „In chasing dirt, in papering, decorating, tidying we are [...] positively re-ordering our environment, making it conform to an idea. There is nothing fearful or unreasoning in our dirt-avoidance: it is a creative movement, an attempt to relate form to function, to make unity of experience.“ Douglas: *Purity and Danger*, 2.

¹⁴¹⁶ Foucault: „Líkami hinna dæmdu“, 123-124.

¹⁴¹⁷ Sama, 124.

aðferðir raunvísindanna eru í öndvegi hvað varðar virðingu og fjármagn. Það var bókmenntafræðingum mikilvægt að sýna fram á að fræði þeirra væru alvöru fræðagrein og ekki „gervivísindi á borð við frenólógiu“, eins og Frye orðar það,¹⁴¹⁸ en eins og fram hefur komið mótaðist bókmenntafræðin ekki síður af þeirri hugmynd að hefðbundin vísindaleg nálgun nægði ekki til að ná utan um hið sérstaka eðli bókmenntanna og gæti jafnvel verið bókmenntunum skaðleg. Eitt dæmi er lýsing Eysteins Sigurðssonar frá 1969 á þýskri bók, *Mathematik und Dichtung* eða *Stærðfræði og skáldskapur* en Eysteinn segir „nafnið eitt þess eðlis, að hætt [sé] við að það vekur heldur óþægilegan hroll með mörgum góðum bókmenntamanninum“. Í bókinni reyni „nokkur hópur af háskólamönnum beggja vegna Atlantshafsins“ að „komast að kjarna bókmenntaverkanna eftir stærðfræðilegum leiðum“ og „gera starfsaðferðir við bókmenntakönnun nákvæmari en fyrr, þ.e. að gera hana að því, sem þeir nefna „nákvæm bókmenntavísindi“. Felist það til dæmis í að reikna út meðaltal á fjölda orða í setningum og fjölda nafnorða og sagnorða í hverri setningu „í verkum nokkurra þýzkra og latneskra höfunda“ og finna út hver sé „innbyrðis afstaða þessara höfunda til hvers annars í þessu efni“. Niðurstöður séu svo gjarnan settar „upp í hvers konar töflur og línurit“. Finnst Eysteini þessar aðferðir gefast jafn illa og tilraunir til þess að aðhæfa starfsaðferðir annarra vísindagreina, svo sem náttúrufræði, sálarfræði, málfræði og sagnfræði, að starfsaðferðum bókmenntakönnunar“ og segir þær enga „sáluhjálparlausn á þeim vandamálum, sem vísindaleg bókmenntakönnun [eigi] við að etja“.¹⁴¹⁹

Þegar Eysteinn skrifar grein sína eru Íslendingar farnir að gera meiri greinarmun á „bókmenntafræði“ og til dæmis íslenskum fræðum eða textafræðum¹⁴²⁰ en með breytingum á reglugerð heimspekideildar árið 1965 var tekin upp kennslugreinin almenn bókmenntasaga til B.A.-prófs. Markmið kennslunnar var m.a. að veita „þjálfun í að skilja og túlka bókmenntaverk“ með „hugtökum og helstu vinnuaðferðum bókmenntafræði“. 1. júlí 1971 var dr. Álfrún Gunnlaugsdóttir skipuð lektor í almennri bókmenntasögu.¹⁴²¹ Mánuði síðar segir Sveinn Skorri Höskuldsson, prófessor í íslenskum bókmenntum síðari alda, í blaðaviðtali að háskólann hafi „vantað kennslu í almennum bókmenntum“. Hingað til hafi „kennslan verið bundin við íslenskar bókmenntir“ þótt kennarar hafi „hver á sínu sviði reynt að gefa stúdentum einhverja nasasjón, vitneskju um erlendar bókmenntir, strauma og stefnur, í

¹⁴¹⁸ „Either literary criticism is scientific, or all these highly trained and intelligent scholars are wasting their time on some kind of pseudo-science like phrenology.“ Frye: „Polemical introduction“, 8.

¹⁴¹⁹ Eysteinn Sigurðsson, „Stefnur í bókmenntakönnun“, 40-41.

¹⁴²⁰ Sjá t.d. Halldór Halldórsson: „Prófessor dr. phil. Einar Ól. Sveinsson sextíu og fimm ára“, *Vísir*, 12. desember 1964. Einnig Vilhjálmur Þ. Gíslason: „Íslensk fræði og alþjóðleg vísindi“, *Morgunblaðið*, 20. desember 1964. Einnig Hreinn Benediktsson: „Hvað eru íslensk fræði? Handritastofnun Íslands 5 ára“, *Morgunblaðið*, 3. febrúar 1968.

¹⁴²¹ *Árbók Háskóla Íslands 1973-1976*, 71.

tengslum við hinar íslenzku“. Hann telur að bókmenntafræði „eigi að vera sérstök grein“. Það „sé greininni hollast, að hún fái að þróast ein án skyldugra tengsla við aðrar greinar“. ¹⁴²² Sú varð raunin, undir forystu Álfurunar, og árið 1978 var nafni greinarinnar breytt í almenna bókmenntafræði. ¹⁴²³ Eitthvað bar á því að þessi nýju fræði þættu tortryggileg; full af útlendri „teoríu“ en skorta það sem hingað til hafði verið grundvöllur íslenskra bókmenntafræða — alþýðlegan og þjóðlegan grundvöll. Í viðbrögðum Indriða G. Þorsteinssonar við kennslubók Njarðar P. Njarðvík í bókmenntafræði, frá árinu 1975, er til dæmis enn lögð megináhersla á varðveislu og þróun hins séríslenska og koma fram miklar áhyggjur af því að útlend sjónarmið ráði því við háskólann hvernig íslenskar bókmenntir séu túlkaðar og metnar. Indriði segir það hljóta, af „augljósum ástæðum“, að hafa verið „til boga að hafa ekki [haft] bók á íslenzku, og um íslenzk viðfangsefni, til slíkra nota“ og lítur á bók Njarðar sem þátt „í hinni daglegu sjálfstæðisbaráttu“. Indriði vísar jafnframt í hefðbundna tengingu hins þjóðlega og hins alþýðlega og leggur gamalkunna áherslu á að bók Njarðar sé auðveld „til skilnings öllum almennum lesendum“. Helsta gildi bókarinnar virðist, að mati Indriða, vera það að Njörður uni „ekki erlendum forsagnarverkum“, við kennslu íslenskra bókmennta, og hann vinni þar með gegn þeirri firingu að veifa „erlendum niðurstöðum yfir íslenzkum málefnum, og erlendum skýringardæmum“ sem stuðli að algjöru skilningsleysi „milli listamanna og þeirra, sem vilja njóta listar og hafa þörf fyrir það“. ¹⁴²⁴

Það getur svo legið á milli hluta hvaða viðhorf ríkja til bókmennta yfirleitt. Um það gilda að líkindum engar forsagnir frekar en í skáldskapnum sjálfum, enda má vel una því, að nokkur meiningarmunur sé uppi á meðan íslenzkir mælikvarðar eru notaðir. ¹⁴²⁵

Skáldskapur getur samkvæmt þessu ekki lotið neinni forsögn nema þeirri þjóðlegu og nokkurrar tortryggni gætir í garð vísindalegrar hugsunar um bókmenntir er Indriði bendir á að þótt „bækur um samsetningu verka“ geti „verið mjög þarfar til skilnings á því, sem er illa saman sett og lítills virði sem listaverk“ verði þær „þó aldrei til annars en auðvelda almenna greiningu á hinum ýmsu efnisþáttum skáldverks“ og snerti lítið starf höfundanna sem byggi „ekki verk sín á tómun mælistikum“. ¹⁴²⁶

¹⁴²² Árni Bergmann: „Okkur vantar textaútgáfur, íslenska bókmenntasögu og félagsfræðilegar rannsóknir“, viðtal við Svein Skorra Höskuldsson, *Þjóðviljinn*, 31. júlí 1971, 5.

¹⁴²³ Helga Kress: „Mikið skáld og hámenntaður maður“, 385, neðanmáls.

¹⁴²⁴ Indriði G. Þorsteinsson: „Háskólarit á íslensku um skáldskap“, ritdómur um *Eðlisþætti skáldsögunnar* eftir Njörð P. Njarðvík, *Vísir*, 21. nóvember 1975, 9.

¹⁴²⁵ Sama, 9.

¹⁴²⁶ Sama, 9.

Ólafur Jónsson telur bækur Njarðar P. Njarðvík, *Eðlisþættir skáldsögunnar* og *Saga, leikrit, ljóð*, bera vitni um breytingar og nýjungar í íslensku bókmenntanámi og kennslu, bæði hvað varðar viðhorf og aðferðir sem eigi að duga til „miklu ýtarlegri lestrar, nánari greiningar og túlkunar skáldrita en til skamms tíma hefur tíðkast í bókmenntanáminu“¹⁴²⁷ en þykir hins vegar „varhugavert að halda að nemendum þeirri hugmynd að um sé að ræða réttar reglur eða algildar aðferðir innan tiltekinna bókmenntagreina sem læsa megi í formúlu og brúka síðan formúluna fyrir mælistiku á tiltekin skáldrit“. „Agabrot gegn rétttri reglu“ komi „ekki fyrir í skáldskap“ nema um sé að ræða þær reglur „sem hvert og eitt verk setur sér sjálft og lesandi þess eða gagnrýnandi vitanlega hlýtur að reyna að gera sér grein fyrir“.¹⁴²⁸ Þótt Ólafur telji að bækurnar lýsi aðferðum „sem vel geti notast nemendum og kennurum við vinnu þeirra, með aðgát og gagnrýni, það langt sem þær ná“ minnir hann jafnframt á þá afstöðu Njarðar að grundvöllur góðrar sögugreiningar felist „í samverkan hlutlægrar þekkingar og næmleika huglægrar túlkunar“, og bætir því við að hann telji að í verki fléttist huglægni og hlutlægni „miklu nánar saman í bókmenntagagnrýni en ummæli Njarðar gefa til kynna“.¹⁴²⁹

Gunnar Stefánsson gerir takmarkanir þess „að einbeita sér að hlutdrægri athugun“ á bókmenntum einnig að umtalfeni í ritdómi um *Eðlisþætti skáldsögunnar*. Vísar Gunnar til dæmis í þá fullyrðingu Njarðar að í skáldskap verði leyndardómur lifandi persónusköpunar „vitanlega aldrei skýrður“ þótt gera megi „grein fyrir helstu aðferðum og möguleikum sem höfundur getur valið um við mannlýsingar“.¹⁴³⁰ Gunnar tekur þó eindregnari afstöðu en Indriði með gildi vísindalegrar nálgunar er hann segir að það sé „fullkomið aukaatriði“ hvort bók hljóti lof eða last gagnrýnanda og vísar í þau orð Njarðar að það sem mestu máli skiptir í bókmenntagreiningu sé að skjóta stoðum undir persónulega túlkun með hlutlægni könnun:

Í sæmilegri gagnrýni skiptir öllu hvernig höfundur hennar rökstyður mat sitt og hvort hann hefur vald á því frumatriði [...] að greina á milli hlutlægrar athugunar og persónulegrar túlkunar á skáldverki. Sé gagnrýnandinn ekki fær um það, er mat hans einskis vert. — Bók Njarðar P. Njarðvík er vel til þess fallin að gera lesendur sjálfstæðari gagnvart ritdómendum og betur búna að greina kjarnann frá hisminu. Og þeir sem fást við að rita bókaumsagnir í blöð eins og undirritaður hljóta að fagna gagnrýnu aðhaldi lesenda sinna.¹⁴³¹

¹⁴²⁷ Ólafur Jónsson: „Ritdómar“, ritdómur um *Sögu, leikrit, ljóð og Eðlisþætti skáldsögunnar* eftir Njörð P. Njarðvík, *Skírnir*, 1, 1978, 231.

¹⁴²⁸ Sama, 232.

¹⁴²⁹ Sama, 232-233 og 236.

¹⁴³⁰ Gunnar Stefánsson: „Að lesa sögur“, ritdómur um *Eðlisþætti skáldsögunnar* eftir Njörð P. Njarðvík, *Tíminn*, 4. desember 1975, 8.

¹⁴³¹ Sama, 8.

Gagnrýnendur dagblaðanna endurspeglu með viðbrögðum sínum alþjóðlegan „vanda“ bókmenntafræðinnar sem fræðigreinar í vísindamiðuðu háskólaumhverfi, vanda sem Jóhann Hjálmarsson orðar svo:

Í rauninni er vafasamt að hve miklu leyti bókmenntarannsóknir geta yfirleitt talizt vísindi. Eða öllu heldur: Hvort það sem mestu skiptir í reynslu manna af lestri skáldskapar sé ekki þess eðlis að ógerlegt sé að festa á því hendur með aðferðum vísindanna.¹⁴³²

Það er einnig ljóst að ritdómarar hafa fyrirvara á því að treysta um of á fræðilegan grunn og vísindaleg vinnubrögð við starf sitt og að ætla sér of mikið vald á bókmenntasviðinu í nafni vísindanna.

Kjör og hlutverk gagnrýnenda

Flest bendir til þess að um miðja 20. öld hafi ritdómar gegnt hvað skýrustu og mikilvægustu hlutverki á íslenska bókmenntasviðinu. Uppgangur og uppbygging bókamarkaðar var þá samfara helsta blómaskeiði rótgróinna áskriftarfjölmíðla sem gegndu oft pólitísku og hugmyndafræðilegu hlutverki, voru svokallaðir flokksfjölmíðlar sem þurftu ekki að reiða sig alfarið á markaðslögmálin til að halda sjó, þótt þeir byggðu einnig að einhverju leyti auglýsingatekjum. Upp úr miðri öld störfuðu jafnvel nokkrir fastráðnir gagnrýnendur á stærstu dagblöðunum, sem til dæmis stofnuðu til bókmenntaverðlauna dagblaðanna árið 1966 (sjá nánar bls. 342-352). Árið 1960 harmar rithöfundurinn Sigurður Einarsson í Holti reyndar að *Morgunblaðið*, *Alþýðublaðið*, *Tíminn*, *Þjóðviljinn* og *Vísir* hafi ekki svo sér sé kunnugt „fastráðinn ritstjóra, er stýri deild blaðsins sem reglulega og skipulega sé helguð bókmenntum“ á meðan „dægurlaga og danslagaframleiðslunni“ sé gert hátt undir höfði, hún fái „rúmfreka og yfirlætisfulla viðhöfn“ og mörg blaðanna helgi „þessum málum vikulega síðu, með fastráðnum ritstjórum“.¹⁴³³ Sigurður A. Magnússon segir árið 1965 að „aðeins eitt dagblað“, *Alþýðublaðið*, hafi „bókmenntagagnrýnanda sem ekki sinnir öðru“¹⁴³⁴ og árið áður segir í *Félagsbréfum* Almenna bókafélagsins að gagnrýnendur vinni „flestir við kröpp og óhagstæð kjör“.¹⁴³⁵ Undir það tekur leikhúsgagnrýnandinn Ásgeir Hjartarson, er hann segir að eins og enn sé ástatt séu kaup og kjör gagnrýnenda það slæm að það sé „borin von að starf gagnrýnandans freisti ungra efnilegra manna“.¹⁴³⁶ Hann er hins vegar bjartsýnn á framtíðina;

¹⁴³² Jóhann Hjálmarsson: „Hugmyndafræðilegir fuglar“, ritdómur um *Eðlishætti skáldsögunnar* eftir Njörð P. Njarðvík, *Morgunblaðið*, 4. apríl 1976, 16.

¹⁴³³ Sigurður Einarsson: „Blöðin og bókmenntirnar“, *Félagsbréf*, 19, 1960, 34 og 33.

¹⁴³⁴ Sigurður A. Magnússon: „Að brjóta náttúrulegmálið“, 67.

¹⁴³⁵ „Gagnrýnendur um gagnrýni“, *Félagsbréf*, 4, 1964, 27.

¹⁴³⁶ Ásgeir Hjartarson: „Utangarðsmenn“, *Félagstíðindi*, 4, 1964, 30.

að íslenskrar gagnrýni bíði „framsókn og heillavænleg þróun ef vel er á málum haldið og fleyinu stefnt í rétta átt“,¹⁴³⁷ en hann telur greinilega að hluti af slíkri þróun sé myndun sérstakrar starfsstéttar gagnrýnenda:

Nú á dögum verður að gera þá kröfu að gagnrýni sé ekki aðeins falin misjafnlega ritfærum áhugamönnum, heldur sérmenntuðum höfundum er geti helgað sig alla vandasömu starfi sínu, eigi víðan sjónhring, mikla þekkingu og sanna mennt auk þeirra eðlisgáfna sem aldrei má skorta.¹⁴³⁸

Ásgeir var einn af nokkrum körlum sem tjáðu sig við *Félagsbréf* um það starf sitt að fjalla „að staðaldri um bækur, leiksýningar, tónleika, myndlistarsýningar í dagblöðunum“. ¹⁴³⁹ Þótt Ásgeir segi að „[v]el samin gagnrýni get[i] verið með ærið margvíslegum hætti“ og um hana verði „engar reglur settar“ má lesa úr orðum þessara manna að ákveðið samkomulag ríki þó um hlutverk gagnrýnenda á bókmenntasviðinu. Ásgeir orðar það samkomulag svo:

Það er heilög skylda listdómarans að setja fram mál sitt á ljósan hátt og á góðu máli, skrifa læsilega svo ekki sé fastar kveðið að orði; og þó er staðgóð þekking, skarpur skilningur, sannur áhugi, óbrigðull heiðarleiki og vandvirkni fyrir mestu. [...] Gagnrýnendur verða framar öllu að reyna að komast að kjarna verksins, gera lesendum sínum ljóst meginefni þess, innsta eðli og listgildi.¹⁴⁴⁰

Ásgeir sækir hér í hefðbundnar hugmyndir um æskilega eiginleika og hæfni gagnrýnandans og áréttar að meginhlutverk hans sé að miðla til lesenda „kjarna verksins“ og „listgildi“ þess. Slíka upplýsingagjöf og gildismat telur John Chr. Jørgensen einmitt grundvallarstoðir ritdóma frá upphafi (sjá bls. 105). En vissulega er áherslumunur á hugmyndum gagnrýnendanna sem tjá sig í *Félagsbréfum* um hlutverk sitt. Flestir orða til dæmis áhyggjur af því að gagnrýnendastéttin geti fengið í hendur of mikil völd eða misnotað vald sitt. Andrés Kristjánsson, sem var á þessum tíma ritstjóri *Tímans* og skrifaði jafnframt í hann um bókmenntir, segir það hættulegan misskilning „að þeir, sem skrifa um bækur skilji anda og eðli verksins eins vel og höfundurinn eða betur og geti leitt lesandann við hönd sér um myrkviðu þess og völundarhús, svo að honum opnist sýn, sem annars væri

¹⁴³⁷ Sama, 28.

¹⁴³⁸ Sama, 28.

¹⁴³⁹ „Gagnrýnendur um gagnrýni“, 27.

¹⁴⁴⁰ Ásgeir Hjartarson: „Utangarðsmenn“, 29.

hulin“.¹⁴⁴¹ Til höfuðs því sjónarmiði vitnar hann í gamalgrónar hugmyndir um persónulegt og tilfinningalegt eðli skáldskaparins og beint samband lesanda og höfundar:

Enginn getur skilið skáldverk fyrir annan mann, né heldur miðlað honum að fullu sínum skilningi, fremur en nokkur getur elskað fyrir annan eða neytt matar fyrir hann. Svo persónulegt hlýtur hvort tveggja að vera — listtúlkun höfundar og skilningsnautn lesandans — að enginn „bókagagnrýnandi“ getur borið þar heilt ker á milli.¹⁴⁴²

Hannes Pétursson og Kurt Zier, myndlistarkennari og -gagnrýnandi, víðra svipaðar skoðanir um sérstaka tengingu milli höfundar og lesanda sem gagnrýnandinn geti ekki endurskapað en ef til vill truflað. Sá síðarnefndi segir að listamaðurinn sé sá eini sem geti opinberað hvað listin er,¹⁴⁴³ og sá fyrrnefndi að ljóðformi Snorra Hjartarsonar verði „skiljanlega aldrei lýst fyrir öðrum að neinu gagni, hver og einn verður að skynja það sjálfur, þegar hann les ljóðin eða heyrir þau flutt“.¹⁴⁴⁴ Jafnvel Njörður P. Njarðvík, einn forvígismanna íslensku bókmenntafræðinnar (sjá bls. 323), segist árið 1959 ekki „fyllilega fær að dæma“ um það hvernig Lofti Guðmundssyni hafi tekist ætlunarverk sitt í bókinni *Gangrimlahjólið* því hann sé ekki rithöfundur: „Að skrifa bók er eins og að klífa hvassan tind. Sá sem aldrei hefur klifið slíkan tind getur ekki gert sér algera grein fyrir því ferðalagi. Hann getur aðeins getið sér til um það.“¹⁴⁴⁵ Mönnum er umhugað um að gagnrýnendur ofmetnist ekki, eins og brjáluðum vísindamönnum er tamt að gera (sjá bls. 259-266); taki sér vald sem þeim ber ekki með réttu að hafa og noti það til að eyðileggja listina og þar með hið mannlega í lífi okkar. En jafnvel það „lögmeta“ vald sem þeir beita í þágu kerfisins er talið þurfa að höndla með varúð. Það kemur m.a. fram í frægri ritdeilu Sigurðar Nordals og Einars H. Kvarans á þriðja áratug aldarinnar. Deilan átti sér rætur í þeim ummælum Sigurðar, sem birtust í *Stockholms Dagblad* árið 1924, að hann teldi Einar ekki verðugan þess að fá bókmenntaverðlaun Nóbels, en sú hugmynd hafði verið nokkuð til umræðu árið 1923.¹⁴⁴⁶ Hannes Pétursson segir árið 1960 að hvorki fyrr né síðar hafi „verið deilt um bókmenntaleg efni hér á landi af jafn mikilli alvöru og íþrótt“ en í þeim skoðanaskiptum sem á eftir fylgdu:

¹⁴⁴¹ Andrés Kristjánsson: „Álitamál“, *Félagsbréf*, 4, 1964, 35.

¹⁴⁴² Sama, 35.

¹⁴⁴³ Kurt Zier: „Listræn samviska“, *Félagsbréf*, 4, 1964, 39.

¹⁴⁴⁴ Hannes Pétursson: „Um skáldskap Snorra Hjartarsonar“, 24.

¹⁴⁴⁵ Njörður P. Njarðvík: „Bækur“, ritdómur um *Gangrimlahjólið* eftir Loft Guðmundsson, *Félagsbréf*, 11, 1959, 45.

¹⁴⁴⁶ „Sumarið 1923 birtist grein í sænsku blaði, þar sem því var haldið fram, að tímabært væri orðið að íslenskt skáld hlýti bókmenntaverðlaun Nóbels. Var þar stungið upp á því, að fremsti skáldsagnahöfundur Íslendinga, Einar H. Kvaran, yrði fyrir valinu.“ Gils Guðmundsson: *Í nærveru sálar. Einar Hjörleifsson Kvaran. Maðurinn og skáldið*, Reykjavík, Setberg, 1997, 232-233. Sjá einnig Maurine Robb: „För mín til Íslands“, *Lögberg*, 1. nóvember 192 og „Kvaran og Nordal I“, *Dagur*, 30. október 1924, 167.

Báðir deiluaðilar áttu yfir að ráða miklum gáfum, víðtækri menntun, viðurkenndri ritsnilld og gæddu málflyting sinn hóflegum þunga. [...] Deilan snerist um vandamál, sem öllum hugsandi mönnum kom við, og hún hafnaði aldrei í ómerku, persónulegu þjarki. Og síðast en ekki sízt: hér áttust við áhrifaríkasti bókmenntafræðingur landsins annars vegar og dáðasti skáldsagnahöfundur þjóðarinnar í þá daga og einn helzti atkvæðamaður í andlegu lífi hennar hins vegar.¹⁴⁴⁷

Hér eru fjórir þættir nefndir sem einkenni „alvöru“ bókmenntaumræðu, þeirrar lögmætu umræðu sem er viðurkennd af bókmenntastofnuninni. Í fyrsta lagi er nefnd *hafni* þátttakenda til að taka þátt á forsendum sviðsins; menntun, ritfærni og „hóflegur þungi“. Þar erum við komin að öðrum þætti sem máli skiptir, en eins og fram hefur komið er of léttúðug umræða flokkuð sem fíflangangur (sjá bls. 220 og 314). Viðfangsefnið verður að vera af „alvarlegum meidi“, snúast um merkileg málefni sem hafa „almenna“ skírskotun frekar en persónulega. Sú áhersla leiðir okkur að þriðja þættinum, sem er krafan um *hagsmunaleyfi*, að viðfangsefnið megi ekki litast af „ómerku, persónulegu þjarki“ eða annarlegum hvötum. Fjórdi þátturinn er svo *staða* deilendanna, en hér er lykilatriði að báðir aðilar gegna virðingarstöðum innan bókmenntasviðsins þannig að orð þeirra skipta máli. Í ritdeilunni sjálfri og ummælum annarra um málið kom þó staða Sigurðar Nordals mun meira til tals, og þá sérstaklega sá möguleiki að hann misnotaði stöðu sína sem „áhrifaríkasti bókmenntafræðingur landsins“. Í grein sem er líklega eftir Jónas Þorbergsson kemur til dæmis fram það álit að staða Sigurðar, sem sé „einn þeirra manna, er þjóðin lítur upp til í von um að einna næst fari réttu lagi, er hann fellir dóma sína“, feli í sér þá skyldu að hann megi ekki villa „þjóðinni sýn um andleg verðmæti. Álit hans og dómur verð[i] að byggjast á trúleik eins og skír mynt.“ Áfellingdómur Sigurðar yfir verkum Einars H. Kvaran fjarlægir hann hins vegar „meirihluta þjóðarinnar“ sem þyki dómur hans „ef eigi tortryggilegur, þá að minsta kosti harla ógætilegur“.¹⁴⁴⁸ Í kjölfar ummæla sinna um verk Einars fær Sigurður Nordal sem sagt á sig ásakanir um misbeitingu valds og þarf að verja menningarlegt forræði sitt með réttlætingu á dómi sínum, sem hann gerir í greininni „Undir straumhvörf“ í *Skírni* árið 1925.¹⁴⁴⁹ Í svargreinum frá Einari H. Kvaran er Sigurður þó áfram ásakaður um að misnota valdastöðu sína. Einar bendir á að sænsk blöð kalli Sigurð „krítíkina á Íslandi“¹⁴⁵⁰ og hamrar á alvarleika þess að misnota slíkt vald:

¹⁴⁴⁷ Hannes Pétursson: „Formálsorð“, í: Einar H. Kvaran og Sigurður Nordal, *Skiptar skoðanir. Ritdeila Sigurðar Nordals og Einars H. Kvarans*, Reykjavík, Bókaútgáfa Menningarsjóðs, 1960, 5.

¹⁴⁴⁸ „Kvaran og Nordal II“, *Dagur*, 6. nóvember 1924, 171. Sjá einnig Hannes Pétursson: „Formálsorð“, 9.

¹⁴⁴⁹ Sigurður lýsir tilefni greinar sinnar þannig að skoðun hans á verkum Einars H. Kvarans hafi orðið „alment umtalsefni á Íslandi í fyrra sumar, án þess að [hann] sjálfur hefði haft tækifæri til þess að gera grein fyrir henni“. Sigurður Nordal: „Undir straumhvörf“, *Skírni*, 1925, 131.

¹⁴⁵⁰ Einar H. Kvaran: „Kristur eða Þór“, *Skiptar skoðanir. Ritdeila Sigurðar Nordals og Einars H. Kvarans*, Reykjavík, Bókaútgáfa Menningarsjóðs, 1960, 34.

Óráðvandlegar umræður, rangfærslur og margvíslegar blekkingar eru orðnar að meini í stjórnmálalífi landsins. Í stjórnmálablöðunum kemur það tiltölulega sjaldan fyrir, að rétt sé skýrt frá málstað andstæðings. Það er með öllu óþolandi og á ekki að líðast, að jafn-ískyggilegur siður festist líka í tímarits-ritgerðum um merkileg mál. Það er því verr til fundið, þegar maðurinn, sem gerir sig sekan um slíkt athæfi, skipar aðra eins leiðtogastöðu eins og S. N. hefur verið settur í.¹⁴⁵¹

Einar talar um „árásir“ og „ofsókn“ Sigurðar sem „haganlegt“ væri að hann léti linna þar sem „að nokkuð almennt mun vera litið svo á sem þetta bókmenntalega vísindastarf prófessorsins sé hvorki honum né þeirri göfugu stofnun, sem hann starfar við, til mikillar sæmdar“.¹⁴⁵² Hann heldur því jafnframt fram að Sigurður breiði „svikablæju falsaðrar sanngirni og óhlutdrægni fyrir það, sem hann er að halda að lesendum“,¹⁴⁵³ en Sigurður bregst afar illa við þeirri ásökun og bendir á móti á að Einar sjálfur riti fyrstu svargrein sína „af talsverðri gremju“, þrátt fyrir að leggja mikla áherslu á fyrirgefningu. Í henni gæti „særðrar eigingirni höfundarins og persónulegs kala“ til Sigurðar.¹⁴⁵⁴ Upp frá því ásaka þeir Sigurður og Einar hvor annan á víxl um ósanngirni, dómhörku, óheilindi, ósannindi, ísmeygileika, óheiðarleika, hræsni og fals.

Þess var getið að Hannes Pétursson fullyrðir árið 1960 að deila Sigurðar Nordals og Einars H. Kvarans hafi aldrei hafnað „í ómerku, persónulegu þjarki“ og tilhneigingin virðist þá vera sú að draga úr þessari hlið átakanna og árétta hið fagurfræðilega mikilvægi þeirra, sérstaklega hvað Sigurð Nordal varðar, en yfirburðastaða hans innan hefðarveldis bókmenntafræðanna var enn nokkuð óskoruð. Sama ár bendir Njörður P. Njarðvík einnig á að í ritdeilunni hafi Einar þurft að verja „bæði list sína og helgustu trúarskoðanir“ á meðan Sigurður skrifi „með gleði hins vígfima án þess að skrifa kæmu nokkuð verulega við tilfinningalíf hans eða lífsskoðanir“. Sigurður hafi hins vegar verið „of hófsamur og kurteis“ til að notfæra sér þetta, „enda annað algerlega ósamboðið honum og því starfi sem hann þá gegndi“. Njörður telur að því séu skrif Einars „misjafnari en Nordals, stundum jafnvel betri sakir eldmóðsins en líka stundum miklu lakari vegna beiskjunnar“.¹⁴⁵⁵ Samkvæmt því er Sigurður hreinsaður af fyrri tíma ásökunum um að láta stýrast af

¹⁴⁵¹ Einar H. Kvaran: „Öfl og ábyrgð“, *Skiptar skoðanir. Ritdeila Sigurðar Nordals og Einars H. Kvarans*, Reykjavík, Bókaútgáfa Menningarsjóðs, 1960, 85-86.

¹⁴⁵² Einar H. Kvaran: „Foksandur Sigurðar Nordals prófessors“, *Skiptar skoðanir. Ritdeila Sigurðar Nordals og Einars H. Kvarans*, Reykjavík, Bókaútgáfa Menningarsjóðs, 1960, 123 og 125-126. Skáletrun úr upphaflega textanum.

¹⁴⁵³ Einar H. Kvaran: „Kristur eða Þór“, 45.

¹⁴⁵⁴ Sigurður Nordal: „Heilindi“, *Skiptar skoðanir. Ritdeila Sigurðar Nordals og Einars H. Kvarans*, Reykjavík, Bókaútgáfa Menningarsjóðs, 1960, 58.

¹⁴⁵⁵ Njörður P. Njarðvík: „Smábækur Menningarsjóðs“, ritdómur um *Skiptar skoðanir, Félagsbréf*, 18, 1960, 53.

annarlegum hvötum fremur en fagmennsku en „sekt“ Einars látin liggja á milli hluta, enda var þá mögulegt mikilvægi hans sem Nóbelskandídats að engu orðið og hagsmunir bókmenntastofnunarinnar lítt í húfi þótt við honum væri blakað.

Fyrir utan að endurtúlka þvílík sjónarspil, þar sem hættu er á að veikleikar bókmenntasviðsins afhjúpast og máttarstólpar þess fái stöðu úrkasts, reyna fulltrúar bókmenntastofnunarinnar gjarnan að koma í veg fyrir fleiri slík. Andrés Kristjánsson reynir til dæmis, í áðurnefndri umfjöllun *Félagsbréfa* um gagnrýni, að setja hömlur á vald gagnrýnandans með því að afmarka valdsvið hans á skýran hátt — og nokkuð þröngt. Hann segir hlutverk „þess sem skrifar um nýjar bækur í dagblað“ vera „fyrst og fremst að vera góður lesandi sem segir öðrum nokkur deili á bók, sem hann hefur lesið“.¹⁴⁵⁶ Samkvæmt þessu eiga gagnrýnendur einungis að gegna þjónustuhlutverki við almenning. Slíkar hugmyndir eiga sér að einhverju leyti rætur í óttanum við brjálaða vísindamanninn (sjá bls. 266) en þær falla einnig vel að auknum markaðsáherslum bókmenntasviðsins á 20. öld.

[Gagnrýnandinn] á fremur að reyna að bregða upp ljóstri mynd og renna stoðum og forsendum undir sjálfstætt mat þess, sem greinina les, en að kveða upp dóminn sjálfur og ætlast til þess að aðrir telji hann óskeikulan. Hann á fremur að vera bókakynnir en gagnrýnandi og allra sízt dómari. Hann verður að sjálfsögðu að segja sitt álit, en það getur aldrei orðið annað og meira en persónulegt mat. Það er reginmunur á dómi og persónulegu álit, og því má aldrei blanda saman. Að vísu geta ýmis ytri einkenni bókar eða ritverks, til dæmis búningur, málfar eða efnismeðferð, verið með svo augljósum annmörkum eða ágætum, að persónulegt álit hljóti að eiga samleið með almannadómi, en það er eigi að síður mjög brýnt að gera skýran mun á þessu í skrifum um bækur.¹⁴⁵⁷

Andrés leggur megináherslu á gagnsemi gagnrýnandans en hefur áhyggjur af því að úrskurðarvald hans sé svo tilfinningabundið og persónulegt að það geti verið hættulegt að gefa því of mikið vægi. Það sama gerir Ásgeir Hjartarson sem segir „sönnu næst að fáar umsagnir um bókmenntir og aðrar listir séu svo ómerkilegar og villandi að eitthvað megi ekki á þeim græða“, en einnig að gagnrýnendur verði að „skrifa af háttvísi, nærfærni og sanngirni, og særa engan vitandi vits þótt hann liggi vel við höggi, og sízt byrjendur og unga óharðnaða listamenn“.¹⁴⁵⁸ Þeir líta því á vald gagnrýnandans sem mögulega „stjórnlaust vald“ í skilningi Mary Douglas (sjá bls. 18-19); vald sem sé erfitt að beita á yfirvegaðan hátt og geti orðið hættulegt ef þeir sem beita því eru á valdi tilfinninga á borð við andúð, sorg eða reiði. Og reyndar virðist Andrés vilja strípa gagnrýnandann öllu eiginlegu valdi þegar hann segir í

¹⁴⁵⁶ Andrés Kristjánsson: „Álitamál“, 35.

¹⁴⁵⁷ Sama, 35.

¹⁴⁵⁸ Ásgeir Hjartarson: „Utangarðsmenn“, 29.

tilvitnuðum orðum að gagnrýnandinn eigi að vera „bókakynnir“ fremur en dómari og gerir ráð fyrir að raunverulegt úrskurðarvald liggi í „almannadómi“.

Nær allir gagnrýnendurnir sem tjá sig í *Félagsbréfunum* vilja draga úr eða afneita dómara hlutverki sínu, eins og sjá má af orðum Andrésar:

En mörgum þeim, sem segir álit sitt á nýrri bók í dagblaði, mundi léttu fyrir brjósti, ef hann vissi, að lesendurnir væru hættilir að líta á hann sem dómara, og bókarhöfundar leituðu hjá honum einhvers annars en gálga eða öndvegis.¹⁴⁵⁹

Ritdómarar reyna líka stundum að afsaka aðfinnslur sínar. Eiríkur Hreinn Finnbogason segir í ritdómi um bók eftir Jóhann Hjálmarsson árið 1958 að auðvelt sé að „finna að ljóðmælum 19 ára manns“ en afsakar „sparðatíslu“ sína með því að hún sé „ekki gerð til að niðra skáldinu“ og bætir því við að skáld eigi „ævinlega að dæmast eftir því bezta, sem þau gera“.¹⁴⁶⁰ Og árið 1958 setur Ragnar Jóhannesson sjálfur út á þau orð sín að hann hefði viljað hafa sögu öðru vísi er hann bætir því við að það sé ekki sitt „hlutverk né annarra að yrkja söguna upp fyrir höfundinn“.¹⁴⁶¹ En þrátt fyrir það er gagnrýnandinn alltaf reglulega „álitinn vera vondur maður, sem raskar sjálfsánægju alþýðunnar og sjálfstrausti listamannsins, og verra en það: Hann er grunaður um atvinnuróg“, eins og Kurt Zier bendir á.¹⁴⁶² Eitt dæmi um slíkar ásakanir er að finna í grein um rithöfundinn Guðmund Friðjónsson frá árinu 1957. Þar lýsir Þorkell Jóhannesson upphafinu á rithöfundarferli Guðmundar sem eins konar hetjulegri baráttu sjálfmenntaðs alþýðuskálds við ritdómara og aðra handhafa valdsins sem hafi viljað halda bókmenntasviðinu áfram í höndum yfirstéttarinnar og talið Guðmund fara offari er hann leyfði sér að skrifa ritdóm þar sem hann talaði um hortitti hjá Matthíasi Jochumssyni.¹⁴⁶³ Þá hafi sumir áhrifamenn innan bókmenntasviðsins jafnvel talið persónulega að sér vegið í verkum Guðmundar. Þorkell sér samsvaranir í viðtökum við verkum Þorgils Gjallanda en telur þó líklegt að „enginn íslenskur rithöfundur“ hafi „verið beittur verri fantatökum“ af ritdómurum en Guðmundur hafi þurft að þola vegna bókarinnar *Úr heimahögum*.¹⁴⁶⁴

¹⁴⁵⁹ Andrés Kristjánsson: „Álitamál“, 36.

¹⁴⁶⁰ Eiríkur Hreinn Finnbogason: „Bækur“, ritdómur um *Undarlega fiska* eftir Jóhann Hjálmarsson, *Félagsbréf*, 10, 1958, 64.

¹⁴⁶¹ Ragnar Jóhannesson: „Bækur“, ritdómur um *Dyr í vegginn* eftir Guðmund Böðvarsson, *Félagsbréf*, 10, 1958, 57-58.

¹⁴⁶² Zier: „Listræn samviska“, 38.

¹⁴⁶³ Guðmundur gagnrýnir reyndar töluvert fleira en hortitti í ljóðum Matthíasar. Hann segir t.d. suma hættina illa valda: „Lengra verða smekkleysa og öfug aðferð varla teygðar á eyrunum, heldr en gjört er, þegar gullaldar-íslenzku er snúð á hexametra mál. Sá sem það gerir hefir annað hvort ekki fullmynduga sál, eða hann syndgar vísitandi. Hann brýtr drottninguna okkar á bak aftir, og nauðgar tungu vorri.“ Guðmundur Friðjónsson: „Matth. Jochumsson: Grettisljóð“, ritdómur um *Grettisljóð* eftir Matthías Jochumsson, *Sunnanfari*, 1, 1898, 35.

¹⁴⁶⁴ Þorkell Jóhannesson: „Um Guðmund Friðjónsson“, *Félagsbréf*, 6, 1957, 15.

„[R]itniðið“ hafi tafið útgáfur verka hans, þar sem bókaútgefendur „þorðu ekki að gefa rit hans út fyrri en nokkuð væri frá liðið“ síðustu útreið. En á endanum hafi „skáldið loksins sigrazt á andspyrnunni“.¹⁴⁶⁵

Einu von gagnrýnandans gegn ásökunum um valdniðslu segir Zier liggja í „stöðugri viðleitni hans að mennta og fræða sjálfan sig“ en þungamiðjan í „þessu starfi hans“ sé að „ná sambandi við listamanninn sjálfan, því alla þekkingu sína og skilning á eðli listar getur hann ekki öðlazzt af teoríum og kennslubókum, heldur á hann það listamanninum og verkum hans að þakka“.¹⁴⁶⁶ Hræðslu við valdniðstu gagnrýnenda er því mætt með staðhæfingum um að raunverulegt dómsvald liggja alltaf annars staðar, ef ekki hjá almennum lesendum, þá hjá höfundu eða í sambandi þessara tveggja aðila.

Það er dálítið annar tónn í orðum Ólafs Jónssonar, sem einnig tjáir sig í títtnefndri samantekt *Félagsbréfa* á viðhorfum samtímagagnrýnenda. Hann leggur meiri áherslu á að nýta vald gagnrýnandans til breytinga og framfara en á að halda þessu valdi í skefjum og tryggja þar með stöðugleika kerfisins. Ólafur er til dæmis upptekinn af því að „formbylting“ skáldskaparins hafi „enn ekki náð nema skammt áleiðis“ og að „alvarlegrar skáldskaparviðleitni gætir æ minna á metsölutorgi jólasölnunar þar sem hálfmennskan hreykir sér“.¹⁴⁶⁷ Viðhorf hans minnir á skrif forvera hans, Jónasar Hallgrímssonar, Sveinbjarnar Hallgrímssonar og Valtýs Guðmundssonar, sem töldu gagnrýna hugsun felast í því að vekja þjóðina af doða, stöðnun og hnignun (sjá bls. 133 og 174):

Tvímælalaust er hér þörf á miklu strangari viðmiðun í bókmenntalegum efnun, vökulli gagnrýni, betri útsjón til bókmennta annarra þjóða ef hamla á viðgangi skrumandi útkjálkamennsku í bókmennta stað.¹⁴⁶⁸

Í takt við það virðist Ólafur telja meiri þörf á að leiðbeina almenningi en Andrés Kristjánsson og Ásgeir Hjartarson. Hann bendir a.m.k. á að hinar lítilsverðu metsölubækur séu „skapaðar í mynd bókmenntamats mikils þorra lesandi almennings“.¹⁴⁶⁹ Svipað er uppi á teningnum hjá Sigurði A. Magnússyni sem segir árið 1963 að ástæðan fyrir því að „hinn almenni íslenski bókmenntasmekkur“ sé íhaldssamur sé sú að „bæði rithöfundar og leiðbeinendur almennings um bókmenntir haf[i] haldið að þjóðinni einhliða og ófrjóu viðhorfi til bókmennta.“¹⁴⁷⁰

¹⁴⁶⁵ Sama, 18.

¹⁴⁶⁶ Zier: „Listræn samviska“, 39.

¹⁴⁶⁷ Ólafur Jónsson: „Haustbækur“, *Félagsbréf*, 29, 1963, 39-40.

¹⁴⁶⁸ Sama, 39.

¹⁴⁶⁹ Sama, 40.

¹⁴⁷⁰ Sigurður A. Magnússon: „Bókmenntimar, staða þeirra og stefna“, 44-45.

Þótt Andrés Kristjánsson og Ásgeir Hjartarson hafi í þessari samantekt orðað áhyggjur af misnotkun á mögulega stjórnlausu valdi ritdómara en Ólafur Jónsson og Sigurður A. Magnússon bent á mikilvægi þessa sama valds er rétt að hafa í huga að oft fléttast þessi tvö að því er virðist andstæðu sjónarmið saman og að þessar tilhneigingar geta birst hjá einum og sama ritdómaranum. Kurt Zier hampar því sem helsta hlutverki gagnrýnandans að „efna til samræðna milli listamanns og áhorfanda“ en þó er ljóst af orðum hans að það hlutverk er fyrst og fremst leiðbeinandi,¹⁴⁷¹ til dæmis hvað varðar það að verjast innantómum nýjungum. Gagnrýnandinn má samkvæmt honum ekki láta „blekkjast af kunnáttuleysi í gervi óskapnaðar-frumleika, af kaldhæðni trúða og sjálfkjörinna sénía, af brögðum grínfugla og skopleikara þjóðfélagsins, af dsingóistum og bítlum af öllu tagi“, af gervilist og mógsefnun.¹⁴⁷²

Ritdómar og yfirlit um það helsta í bókaútgáfu, leikhúsum og myndlist sem fóru að birtast í *Félagsbréfum* Almenna bókafélagsins á seinni hluta 6. áratugarins eru gott dæmi um það hvernig þessi viðhorf fléttast saman í praxis. Ritdómarnir, sem oft eru líka rithöfundar, koma fram sem „óakademískir bókmenntamenn“ í anda Allans Tates (sjá bls. 264) og leggja meira upp úr aðgengilegum og stundum skáldlegum texta en akademísku yfirbragði sérfræðingsins. Hins vegar eru þeir oft svo óvægirnir í dómum sínum að segja má að þeir hafi fylgt forskrift sem Halldór Þorsteinsson eignar George Bernard Shaw og þar sem segir að listgagnrýni sé „ekki starf sem hæfir séntilmönnum“; þeim sem segja engum „til syndanna“ og „leggja meira upp úr síðareglum en sannleikanum og hæla öllu fyrir kurteisissakir“.¹⁴⁷³ Enda þjást í raun fáir ritdómarar af of mikilli kurteisi á þessum tíma, þótt þeir saki hver annan óspart um þá höfuðsynd.

Í grein sem Baldur Jónsson ritar um „Nokkrar ævisögur ársins 1956“ er stillinn blátt áfram og hreinskilnislegur; þar er enga tæpitungu, kaldhæðni eða háfleyg orð að finna, hvort sem honum líka bækurnar vel eða illa, og lítið um dramatískar yfirlýsingar. Um bókina *Við sem byggðum þessa borg* eftir Vilhjálm S. Vilhjálmsson segir hann einfaldlega: „Ég verð að segja, að ég las þessa bók mér til hinnar mestu ánægju“,¹⁴⁷⁴ og rökstyður svo hvers vegna. Hann er þó ekki að hlífa neinum þegar lengd bókarinnar *Steinarnir tala* eftir Þórberg

¹⁴⁷¹ Zier vísar til dæmis til hugmyndarinnar um að það sé tilgangur „menntunar og andlegs frelsis“ að menn öðlist „þann þroska, sem leyfir þeim að verða sjálfir dómbærir á bókmenntir og listir“ en til þess þurfi einstaklingar að njóta „liðveizlu og aðstoðar þeirra stofnana og aðila, sem þjóðfélagið kemur sér upp í því skyni: Það eru söfn og forráðamenn þeirra, skólar, kennarar, fræðimenn, rithöfundar, bækur, tímarit, dagblöð og síðast en ekki sízt gagnrýnandinn“. Zier: „Listræn samviska“, 37-39.

¹⁴⁷² Sama, 37-39.

¹⁴⁷³ Halldór Þorsteinsson: „Um leikárið, sem leið, og sitthvað fleira“, *Félagsbréf*, 5, 1957, 118.

¹⁴⁷⁴ Baldur Jónsson: „Nokkrar ævisögur ársins 1956“, *Félagsbréf*, 5, 1957, 105.

Þórðarson, sem honum finnst „nokkuð langdregin á köflum“, verður honum tilefni til eftirfarandi hugleiðinga:

Íslenzkir rithöfundar á tuttugustu öld virðast engan veginn vera þjakaðir af hlédrægni þeirra og lítillæti er einkenndi svo mjög stéttarbræður þeirra til forna, að þeir létu jafnvel undir höfuð leggjast að setja nöfn sín á verk sín.¹⁴⁷⁵

Baldur gætir þó allrar sanngirni því hann segir jafnframt að bók Þórbergs sé „yfirleitt skemmtileg“ og að höfundurinn hafi „fært sér tjáningarmöguleika ævisögunnar betur í nyt en flestir eða allir rithöfundar okkar aðrir.“¹⁴⁷⁶

Stíll Ragnars Jóhannessonar hefur á sér svipað yfirbragð áreynsluleysis og einfaldleika, en er þó stundum nokkuð ljóðrænni eða tilþrifameiri, eins og sést á lýsingu hans á smásögunni „Gatan í rigningu“ eftir Ástu Sigurðardóttur:

Með snöggum og skýrum hætti er þar sýnt andartak inn í nýtízku götulíf, lýsingin er fáorð en lífræn og eitthvað nýstárlegt við hana. Sögupersónan, götustúlkan, stendur ljóslifandi og skýr fyrir augum lesandans, lýsingin á tilfinningum hennar og skynjunum í ölvímunni er varfærnisleg og lýsingin á hljómsveit rigningarinnar er með snilldarbragði.¹⁴⁷⁷

Ritdómarar *Félagsbréfanna* vilja jafnframt sjá sama áreynsluleysi, einlægni og einfaldleika í skáldverkunum sem þeir dæma. Ólafur Jónsson segir að gagnrýnandi hljóti „að vísa á bug ónýtu handverki, upplognum hæfileikum, misskilningi, tilgerð“,¹⁴⁷⁸ Þórður Einarsson telur það höfundum „til afreks“ þegar þeim tekst „að gera stíl sögunnar einfaldan og þar með einlægán og sannfærandi“¹⁴⁷⁹ og Ragnar Jóhannesson telur einn ungan rithöfund, Jökul Jakobsson, „blessunarlega laus[an] við ýmsar tilgerðartíktúrur, sem sumir stallbræður hans temja sér, bæði vegna eftiröpunarhneigðar og þekkingarskorts“.¹⁴⁸⁰ Þegar Jökull fer að skrifa dóma fyrir *Félagsbréf* nokkrum árum síðar, er honum einmitt sérlega uppsiðað við það þegar stíll er „tilgerðarlegur og skráfaður“, líkt og „höfundur rembist við“.¹⁴⁸¹ Greinilegt er að Jökull leggur jafn mikla áherslu á tilgerðarleysi í sínum eigin ritdómum, þrátt fyrir að hann leitist jafnframt við að lýsa einkennum skáldverka á lifandi, jafnvel ljóðrænan hátt — sem minnir dálítið á tilþrif Jarþrúðar Jónsdóttur (sjá bls. 207-208). Hann tekur sér stöðu meðal „óakademískra bókmenntamanna“, eins og sjá má af þeim orðum hans að það sé „mikil íþrótt

¹⁴⁷⁵ Sama, 107.

¹⁴⁷⁶ Sama, 107.

¹⁴⁷⁷ Ragnar Jóhannesson: „Íslenzk sagnaritun árið 1956“, 22.

¹⁴⁷⁸ Ólafur Jónsson: „Um gagnrýni“, 8.

¹⁴⁷⁹ Þórður Einarsson: „Bækur“, ritdómur um *Maríumyndina* eftir Guðmund Steinsson, *Félagsbréf*, 11, 1959, 42.

¹⁴⁸⁰ Ragnar Jóhannesson: „Bækur“, 60.

¹⁴⁸¹ Sjá Jökull Jakobsson: „Hlemmur rökréttra afleiðinga“, ritdómur um *Mínir menn. Vertíðarsaga* eftir Stefán Jónsson, *Félagsbréf*, 29, 1963, 49-50.

bókmenntafræðinga að sundurgreina“ stíl höfunda en að það hljóti að vefjast „fyrir fræðimönnum að benda á þau miðin sem [Stefán Jónsson] hefur sótt“. Í kjölfarið kemur hann með sína eigin, „óakademísku“ greiningu á stíl Stefáns:

Stíll höfundar virðist gerður af engu efni. Tungutak hans virðist við fyrstu sýn ærið hversdagslegt og jafnvel rislág, hann *seilist* aldrei eftir orðum. Öll ræða hans virðist á þann veg sem hver alþýðumaður mundi skrifa, ef hann væri settur niður til að skrifa skáldsögu.

En sé betur að gáð og grannt hlustað, þá kemur fljótlega í ljós að svona skrifar enginn nema langþjálfaður og gáfaður rithöfundur. Svo örfin eru tónbrigði stílsins, blær hans viðkvæmur og fingerður, vefurinn næstum ósýnilegur. Hér er allt ósagt sem mestu máli skiptir og grunur lesandans segir meira en orð höfundar. [...] Það er hjartslátturinn og andardrátturinn í sögunni sem við skynjum. Fábrotin, einföld orð geta orðið að tærum og djúpum skáldskap úr þenna Stefáns þegar best lætur.¹⁴⁸²

Í ritdómum Þórðar eru oft langdregnar og nákvæmar endursagnir á efni bókanna, en ritdómar Jökuls eru líflegri, líkt og ritdómar Ragnars. Allir leitast þeir þó við að skrifa í þeim „alþýðlega stíl“, sem Hannes Finnsson sagði árið 1794 að væri „viðhafnarlaus, óflókinn og altélegur; en hreinn, audveldur og þægilegur“ (sjá bls. 102). Ritdómar þeirra hafa að auki á sér hreinskilnislegt yfirbragð og geta verið afar vægðarlausir. Í ritdómi um *Mína menn* eftir Stefán Jónsson segir Jökull til dæmis að Stefán hafi „harla undarlegan hátt á frásögninni“ og vaði tilviljanakennt „úr einu í annað“.¹⁴⁸³ Oft örlar við slíkar aðfinnslur á kaldhæðni og satírislum tóktum, eins og þegar Jökull bætir við: „Það er mesta furða hvað greindur og skemmtilegur maður eins og Stefán Jónsson getur orðið leiðinlegur í þessari bók.“¹⁴⁸⁴ Húmorleysi er einmitt eitt af því sem Jökull gagnrýnir harðlega í skáldskap annarra og reynir greinilega að varast í eigin ritdómum:

Stefán hefur sýnilega *ætlað sér* að skrifa bráðfyndna bók hvað sem tautaði og raulaði. En því miður hrekkur viljakrafturinn skammt í þeim efnum. Hvergi örlar á kímni í stílnum og sögur þær sem höfundur segir eru vandlega sóttthreinsaðar af öllum finni húmor. Það er átakanlega frumstæður húmor sem birtist í þessari bók. Hann er einkum fölginn í því að sögufólkið er sífellt að verða fyrir alls konar skakkaföllum, detta í sjóinn, slasa sig, limlesta hvert annað og missa tennur.¹⁴⁸⁵

Í kjölfarið fylgir löng — og bráðfyndin — upptalning Jökuls á hrakförum sögupersónanna. Ef lesandinn tekur trúanlegar yfirlýsingar hans um húmorleysi frásagnarinnar er ritdómurinn því nokkurs konar viðbót sem bætir nýrri — húmorískri — vídd við ófullkomið verk, þótt það sé í

¹⁴⁸² Jökull Jakobsson: „Hjólnoður eða brennidepill?“, ritdómur um *Veginn að brúnni* eftir Stefán Jónsson, *Félagsbréf*, 30, 1963, 37.

¹⁴⁸³ Jökull Jakobsson: „Hlemmur rökréttra afleiðinga“, 49-50.

¹⁴⁸⁴ Sama, 50.

¹⁴⁸⁵ Sama, 50.

öðrum skilningi en Walter Benjamin hefur á rómantískri gagnrýni, þar sem listrænn kjarni verksins kallaði fram þau viðbrögð gagnrýnandans að uppfylla hulin markmið þess (sjá bls. 125). Hér er það fremur skorturinn á slíkum kjarna sem gefur gagnrýnandanum tilefni til að nota textann sem grundvöll fyrir sinn eigin kaldhæðna en skapandi gjörning, og minnir það á staðhæfingar Oscars Wildes um að skapandi gagnrýni meðhöndli listaverk sem upphafsreit fyrir nýja sköpun en einskorðist ekki við að reyna að uppgötva raunverulega ætlun listamannsins og samþykkja hana sem endapunkt (sjá bls. 316).

Ólafur Jónsson er alveg jafn vægðarlaus og Jökull í dómum sínum en ritdómar hans hafa oft fræðilegra yfirbragð, þótt hann orði lýsingar sínar á einkennum skáldskapar á lifandi, stundum skáldlegan hátt: „Viðleitni ljóðsins er ævinlega söm: að gera óstöðugum heimi óförgengilega spegilmynd, forbundna og nýskynjaða í senn. Janusarhöfuð skáldskaparins horfir jafnt út sem inn, tvö andlit og þó eitt, og í síbreytilegum svip þess speglast stöðugt það sem „er til“¹⁴⁸⁶, segir hann til dæmis í grein um skáldskap Hannesar Péturssonar. Hann hikar ekki við að leggjast í nærlestur að hætti nýrýninnar, en slíkur lestur felst í að beina athyglinni að „byggingu og formrænni innri gerð verka“ með þeim formerkjum að verkin „reynist við nána skoðun [...] að verulegu leyti sjálfbær um merkingu og gildi þeirra sé því ekki mjög háð endurspeglun ytri veruleika né sögulegri skírskotun“.¹⁴⁸⁷ Í grein um Gunnar Gunnarsson leggur Ólafur til dæmis áherslu á byggingarlag og innra skipulag verka Gunnars, það sem hann kallar „sögugerð“, og segir: „Verkið er ósundurgreinanlegt: „formið“ ákvarðar efni þess, „efnið“ mótar sér form að hæfi. Sögð á annan hátt væri sagan önnur.“¹⁴⁸⁸ Ólafur segir jafnframt að skáldskapur sé „aldrei raunsannur“ en „góður skáldskapur“ sé „hins vegar lífsannur: heimur verksins í heild sinni er lesanda þess lifandi líf, veruleiki, reynsla“.¹⁴⁸⁹ Hann notast þannig við hugmyndir og aðferðir nýrýninnar, en þótt texti hans sé sannarlega greinandi gerir hann tilraunir til að orða kenningar um bókmenntaverk á skapandi hátt:

„Orðið öðlast ekki líf fyrr en blóðið verður blek og blekið blóð,“ segir í Vikivaka; raunskynjun skáldskaparins, veruleikastaðfesta hugarspanans er uppistaðan í umræðu verksins um stöðu, og ábyrgð, listar og listamanns; í söguhættinum sjálfum hrósar þessi samspuni sigri. [...]

Í Jörð eru fólgin svörin við öllum lífsvanda Vikivaka; þar er fullnuð sú skilgreining mannsins sem öll verk Gunnars Gunnarssonar stunda [svø] eftir. Hún lifir í verki hans sannlegu lífi: hlutgerður veruleiki, skynbundin orðlist.¹⁴⁹⁰

¹⁴⁸⁶ Ólafur Jónsson: „Og þó svo nýr“, *Félagsbréf*, 3, 1963, 20.

¹⁴⁸⁷ Ástráður Eysteinnsson: „Frásagnarkreppur módernismans. Tilraun um bókmenntir og fuglaskoðendur“, *Ritið. Tímarit Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands*, 2, 2013, 11.

¹⁴⁸⁸ Ólafur Jónsson: „Skilgreining mannsins“, *Félagsbréf*, 4, 1963, 22.

¹⁴⁸⁹ Sama, 20.

¹⁴⁹⁰ Sama, 30-31.

Sveinn Skorri Höskuldsson sýnir svipaða viðleitni til að flétta saman fræðilegar áherslur og skáldlegan stíl í fimm blaðsíðna ritdómi um *Virkisvetur* Björns Th. Björnssonar. Þar lýsir hann þeirri aðferð höfundarins að enda hvern kafla verksins á „tignarlegu smárisi“ með skáldlegum hætti, segir að áferðin minni á „smáfextar öldur á löngum, mjóum firði“, ¹⁴⁹¹ en leitar röklegra orsaka fyrir slíkum stílbrögðum: „Sennilega eru þetta áhrif frá erindasamningu og ritgerðakunst höfundar.“ ¹⁴⁹² Hann reynir einnig að fjarlægja sig ímynd smásmugulega fræðimannsins með því að hafna sparðatíslu og undirstrika að skáldskaparlindin sé yfir allt slíkt hafin:

Hér skal þessari skáldsögu ekki fleira til foráttu fundið, og þrátt fyrir allt, sem að henni má finna, leynist undir öllum reyfarablænum, bak við alla náttúrustælingu og flaum smásmýglislegra lýsinga bróka og skófátnaðar sú lind sem ekki frýs fremur en kaldavermsl. Lýsing Andrésar Guðmundssonar kemur áreiðanlega að innan frá hugsun skálds. ¹⁴⁹³

Flestir gagnrýnendur á þessum tíma, hvort sem þeir eru tengdir akademíunni eða ekki, sýna því tregðu til að fara í hlutverk nöldrara og yfirvalds. Þeir sýna jafnframt mikla meðvitund um almennan lesendahóp og reyna með ýmsum tilþrifum að halda athygli lesenda sinna; „skemmta“ þeim um leið og þeir fræða. Þar leita þeir gjarnan í kaldhæðnina. Ólafur Jónsson segir til dæmis í dómi um ljóðabókina *Heiðnuvötn*: „Af ljóðum Þorsteins Valdimarssonar að dæma lætur honum ekki vel að hugsa; þetta er bagalegt með því að þar gæti einmitt heilmikillar vizkuviðleitni.“ ¹⁴⁹⁴ Það er greinilegt að húmor er jafn mikilvægur í huga Ólafs og Jökuls, því hann bætir því við að Þorsteinn sé „ekki myndinn heldur“. ¹⁴⁹⁵ Kímnisögur og skop eiga reyndar sinn viðurkennda sess á bókmenntasviðinu þótt sá sess sé skör neðar en „alvarlegur skáldskapur“ og í ritdómi um kvæðaflokkinn *Saltkorn í mold* segir Ólafur til dæmis að skop höfundarins, Guðmundar Böðvarssonar, sé „sérlega íslenzkt [...] kaldranalegt, grálegt, án þess að vera beinlínis meinfýsið“, afhjúpi mannlega bresti og misferli og gefi kvæðum hans „svip dálítið óviðkomandi pettitlistar“ sem vegi „upp á móti þeim ókeimi sem skopið fær af tilefni sínu í tilbreytingarleysi bókarinnar“. ¹⁴⁹⁶ Flestir ritdómarmennirnir í *Félagsbréfum* vilja hins vegar ekki fíflagang í því sem á að vera alvarlegur skáldskapur og stilla gjarnan nútímalegum formæfingum upp sem andstæðunni við hinn æskilega einfaldleika; slíkar æfingar séu „eintómar stílbrellur og tilraunir, eða túlkun á einhverri nýrri

¹⁴⁹¹ Sveinn Skorri Höskuldsson: „Bækur“, ritdómur um *Virkisvetur* eftir Björn Th. Björnsson, 57.

¹⁴⁹² Sama, 57.

¹⁴⁹³ Sama, 57.

¹⁴⁹⁴ Ólafur Jónsson: „Ljóðrænar náttúrumyndir“, ritdómur um *Heiðnuvötn* eftir Þorstein Valdimarsson, *Félagsbréf*, 2, 1963, 54.

¹⁴⁹⁵ Sama, 54.

¹⁴⁹⁶ Ólafur Jónsson: „Skrýtlur úr kirkjugarði“, 53.

og abstrakt kenningu um sköpun bókmennta, sem einungis er mögulegt að fullnægja með því að fara ótalmarga kollhnísa í kringum sjálfan sig, eða standa á höfði til þess að finna sjálfan frumleikann“,¹⁴⁹⁷ eins og Þórður Einarsson orðar það. Þótt Jökull Jakobsson hafi að mörgu leyti verið talinn nútímalegur höfundur, og hann og og aðrir ritdómarar hjá *Félagsbréfum* telji sig væntanlega nútímalega gagnrýnendur, álíta þeir það greinilega hlutverk sitt að sporna að einhverju leyti á móti áhrifum nútímans sem Jökull lýsir svo í umfjöllun um *Veginn að brúnni* eftir Stefán Jónsson:

Það kann því ýmsum að þykja goðgá þegar rithöfundur nú á dögum sendir frá sér skáldsögubálk, heila trúlógu, upp á nær 600 síður eins og ekkert hafi í skorist. Slík verk þóttu góðra gjalda verð áður en hraðinn tólk sér bólfestu í sál mannsins og svipti hann allri eirð. Nú á öld spútníka og espressómaskína þykir ekki annað form hæfa betur en ljóðið eða leikritið. Ljóð eru fljótlesin og meltanleg í smáum skömmtum og það er svipað aðhald að fara í leikhús og bregða sér í það: menn hlaupa ógjarnan út fyrir en athöfninni er lokið. En það er furðu margt í nútímaþjóðfélagi sem glepur þann sem af einurð ætlar sér að komast í gegnum umfangsmikið epískt verk í þremur bindum: útvarp, dagblöð, loftborar, stimpilklukkur, strætisvagnar, bíó og vinnutími, partí og pólitík, barneignir og barmennska, síminn glymjandi alla daga.¹⁴⁹⁸

Nýjungagirninni þurfa að vera skorður settar, samkvæmt ritdómurum *Félagsbréfa*.¹⁴⁹⁹ Úr ritdómi Þórðar Einarssonar um *Bandingja* Jóns Dans má til dæmis lesa að „hógvær frásagnarblær“ og „einfaldleikinn í stíl“ hafi meira gildi en stílbrellur vegna þess að „alvaran, sem á bak við liggur, gerir ávallt áþreifanlega vart við sig, undiraldan er öflug og þung“. ¹⁵⁰⁰ Eins og fram hefur komið var hugmyndin um að alvöru list þurfi á túlkun að halda lykilatriði á íslenska bókmenntasviðinu. Skáldskapur mátti ekki vera innantómur fflagangur heldur átti hann að fela eitthvað meira í sér en blasti við á yfirborðinu; vera að einhverju leyti dularfull og óráðin gáta sem hægt væri að leysa sem hluta af merkingarbærri og túlkalegri heild (sjá t.d. bls. 317). Enda telur Þórður það kost á verkinu *Maríumynd* eftir Guðmund Steinsson að höfundurinn segi „oft minna en efni standa til“ svo lesandinn verði „að lesa á milli línanna og geta sér í eyðurnar“.

Þetta gefur sögunni ákveðinn og allþungan undirtón, sem líkja mætti við djúpt stöðuvatn, sem lygnt er á yfirborðinu. Maður finnur sífellt seyðinginn í hjörtum elskendanna, og tregann, þótt honum fylgi engar yfirborðslegar grátstunur.¹⁵⁰¹

¹⁴⁹⁷ Þórður Einarsson: „Bækur“, ritdómur um *Maríumyndina* eftir Guðmund Steinsson, 42.

¹⁴⁹⁸ Jökull Jakobsson: „Hjólnefur eða brennidepill?“, 34.

¹⁴⁹⁹ Þórður segir til dæmis að þótt ekki sé „nema gott eitt að segja um tilraunirnar og leitina“, megi „líka fá sig fullsaddan á því eins og öðru. Þórður Einarsson: „Bækur“, ritdómur um *Maríumyndina* eftir Guðmund Steinsson, 42-43

¹⁵⁰⁰ Þórður Einarsson: „Jón Dan og bandingjar hans“, ritdómur um *Tvær Bandingjasögur* eftir Jón Dan, *Félagsbréf*, 18, 1960, 46.

¹⁵⁰¹ Þórður Einarsson: „Bækur“, ritdómur um *Maríumyndina* eftir Guðmund Steinsson, 42.

Þórður telur því engan vafa á því að Guðmundi hafi tekist „að skapa fagurt listaverk, þótt lítið sé, og sumir myndu víst ekki kalla það ýkja-frumlegt“ eða „tímamót í íslenskum bókmenntum síðari ára“. Hann klykkir svo út með hefðbundinni þjóðlegri áherslu þegar hann spáir því að þótt verkið beri vitni um að höfundurinn „hafi komizt í kynni við verk suðrænna skálda og lært af þeim að finna fegurðina í einfaldleik hins hversdagslega og fábrotna lífs fólksins, sem býr við sólgylltar strendur suðlægari landa“ eigi hann „eflaust eftir að semja verk, þessu meiri í sniðum og íslenskari að efni“.¹⁵⁰²

Gagnrýnendurnir líta þó allir á sig sem fulltrúa nýrra tíma, og höfundarnir sem þeir dæma telja sig það líka, eins og sést vel þegar rithöfundurinn Stefán Júlíusson ásakar Jökul Jakobsson um „músarholusjónarmið“. Jökull hafði þá skrifað neikvæðan ritdóm um *Sumarauka* eftir Stefán þar sem hann lýsti því m.a. óbeint eftir hverju hann leitaði eftir í bókmenntaverki með því að segja hvað vantaði í sögu Stefáns:

Það væri ofrausn að tala um stíl þessarar sögu því hann er ekki til. Höfundi tekst ekki að skapa andrúmsloft né vekja blæ. Bókin skírskotar ekki á neinn hátt til þeirra tíma sem við lifum á [...]. Og málfar sögunnar er brenglað og uppdiktað [...].¹⁵⁰³

Jökull leggur mest upp úr því á að skáldskapur eigi að vera *sannur*, ekki „uppdiktaður“, sem sést m.a. á áherslu hans á að Stefáni takist ekki að blása „lífsanda“ í sögupersónur sínar, lesandi trúir ekki á þær því þær séu upplognar, hvort sem það er miðaldra höfundurinn Áli Eyberg eða unglingsstelpa Hilda sem verði „ekki einu sinni „ýkt tímanna tákn, skrípamynd af kynslóð sinni““. Jökull telur að hvað Hildu varðar sé ástæðan sú að höfundur þekki „ekki þá típu sem hann hefur ætlað sér að lýsa“ og gefur til kynna að Stefán sé of gamaldags til að skrifa um nútímann. Smásögur hans um „líf og kjör aðþrengds fólks á krepputímum í Firðinum“ hafi verið vel heppnaðar enda hafi Stefán þar skrifað „um fólk sem hann fann til með, líf sem hann þekkti“ og þær sögur hafi ekki verið „út í bláinn“. Hins vegar virðist Stefán „eitthvað hafa villst af leið“ á síðustu tíu árum.¹⁵⁰⁴

Í svarbréfi við þessum ritdómi vísar Stefán þessum ásökunum til föðurhúsanna og segir Jökul sjálfan sníða „nútimaskáldsögunni næsta þröngan stakk, og raunar [drepa] hana í dróma“.¹⁵⁰⁵ Hann setur sjálfan sig hins vegar sig í hlutverk nútímamanns og segir að það verði „að lofa mönnum að spila svolítið djarft í nútímaskáldsagnagerð á Íslandi“.

¹⁵⁰² Sama, 42-43

¹⁵⁰³ Jökull Jakobsson: „Á villigötum“, ritdómur um *Sumarauka* eftir Stefán Júlíusson, *Félagsbréf*, 2, 1963, 52.

¹⁵⁰⁴ Sama, 51-53.

¹⁵⁰⁵ Stefán Júlíusson: „Bréfkorn til Baldvins Tryggvasonar framkvæmdastjóra AB og ritstjóra *Félagsbréfa*“, *Félagsbréf*, 4, 1963, 59.

Við verðum að hrista upp í fólkinu og láta það venjast ýmsu. Þorpssagan gamla má ekki ríða öllu á slig til eilíðar. Losum um hnútana og fordæmum ekki tilraunir. Þá hlýtur íslensk nútímaskáldsaga að rísa.¹⁵⁰⁶

Stefán segir sér „nær að halda“ að menn eins og hann, sem hafi lifað tímana tvenna, séu „fordómalausari en þeir ungu menn, sem mest skrifa um bækur hér á landi“. Þá skorti oft „skilning á uppruna og lífsviðhorfi þeirra höfunda sem þeir skrifa um, og þar af leiðandi heildarskyn og glöggvun á jarðvegi og baksviði bókanna“ en „kredda og einstefnuakstur“ ráði för.¹⁵⁰⁷

Þessi metingur um það hvor sé nútímalegri, höfundurinn eða gagnrýnandinn, minnir mjög á ritdeilur Halldórs Laxness og Kristján Albertssonar (sjá bls. 299- 301), enda er svarbréf Stefáns fyrst og fremst innlegg í valdatogstreitu höfunda og gagnrýnenda og augljóst hvor hliðin hann telur að eigi að hafa yfirburði er hann segir: „Maður býst við svona vinnubrögðum af óvönduðum blaðasnáp, en varla af höfundi, sem sjálfur fæst við að setja saman bækur.“¹⁵⁰⁸ Svar hans gengur að miklu leyti út á það að sýna fram á að ritdómarar séu að reyna að taka sér vald sem þeir eigi ekki að hafa.¹⁵⁰⁹ Enda misnota þeir þetta vald að mati Stefáns, sem kemur með þær hefðbundnu ásakanir að í ritdómi Jökuls gæti „mikils óheildarleika, illkvittni og flysjungsskapar“. Bendir hann á óvandvirkni í „umgengni ritdómarans við kaldar staðreyndir“¹⁵¹⁰ en telur að hitt sé alvarlegra og lýsi „illkvittni og geðvonzku ritdómara við að undirbyggja dóm sinn, að svo að segja allar tilvitnanir hans eru rifnar úr samhengi og notaðar eftir eigin höfði“.¹⁵¹¹

Stefán undirstrikar léttvægi ritdómarans með því að stíla „Bréfkorn“ sitt á Baldvin Tryggvason, ritstjóra Félagsbréfa og framkvæmdastjóra AB, sem gaf út bækur Stefáns, og leggja alla ábyrgð á herðar honum. Hann segir „svólítið óvenjulegt að fá þess háttar ritdóm á ábyrgð útgefanda síns eftir dúk og disk“ og að honum hafi „alltaf fundizt, að samskipti útgefanda og rithöfundar ættu ekki að vera fjandsamleg, ef þeir hefðu einhver skipti á annað borð“. Stefán gefur sem sagt í skyn að Baldvin ætti að láta útgáfuhagsmuni stýra því hvers

¹⁵⁰⁶ Sama, 60-61.

¹⁵⁰⁷ Sama, 61.

¹⁵⁰⁸ Sama, 58.

¹⁵⁰⁹ Hann segir til dæmis að annar ritdómari hafi skammað sig „fyrir að fara ekki eftir þeirri forskrift, sem hann hafði sjálfur búið til!“ Sama, 58-59.

¹⁵¹⁰ Dæmin sem Stefán tekur eru hálfgerður sparðatíningur og geta varla talist lyklatríði við mat Jökuls á gæðum bókarinnar. Stefán nefnir að ritdómarinn segi *Sumarauka* vera „ágústbók AB í fyrra“ þegar hún hafi verið „júlibókin“. Setning úr bókinni sem sögð sé vera „snemma í bókinni“ sé „á næstoftustu síðu“. Þá sé foli sé sagður ólm ótemja þótt í sögunni sé sagt að hann sé háltaminn: „Allir, sem þekkja hesta víta mun á „ólmri ótemju“ og ókyrrum hesti“. Sama, 57-58.

¹⁵¹¹ Sama, 58.

konar ritdóma hann birti í tímariti sínu og orð hans styður þá skoðun sem vikið var að hér að framan, að krafan um að ritdómarar gegni einungis nokkurs konar þjónustuhlutverki (hér í garð höfundarins) falli að auknum markaðsáherslum bókmenntasviðsins (sjá bls. 330).

Rithöfundurinn Stefán Jónsson svarar einnig neikvæðri gagnrýni Jökuls og líkt og Stefán Júlíusson gefur hann í skyn að Jökull hafi lagt sig fram um að lesa „á móti“ textanum í stað þess að reyna að skilja forsendur hans og verkið sjálft. Hann fer hins vegar aðra og í raun áhrifaríkari leið því hann dregur upp mynd af sambandi gagnrýnanda og rithöfundar sem vinalegum samskiptum starfsbræðra. Svarbréf hans er samkvæmt því stílað á Jökul sjálfan. Stefán Jónsson notar jafnframt 1. persónu fleirtölu er hann talar um hlutskipti rithöfunda. „Grátbrosleg er viðkvæmni okkar, sé um okkur eitthvað sagt á prenti,“ segir hann til dæmis í trúnaðartón. „Ert þú ekki þannig, að þér þyki vænna um lofsyrði en aðfinnslur fyrir ritstörf þín? Finnst þér ekki lofið á rökum reist, en aðfinnslurnar hæpnar? Ég veit ekki um þig, en um mig veit ég.“¹⁵¹²

Séu aðfinnslur gagnrýnanda settar í þetta samhengi vinsamlegra samskipta fá þær á sig yfirbragð óviðeigandi ókurteisi. Stefán notar einmitt kurteisi mjög markvisst og segir m.a. að vegna þess að hann hafi lengi haft á Jökli „góðan þokka“ finnist honum „skyldugt að leiðrétta greindarlegan misskilning“ hans. Hann útskýrir svo nákvæmlega hvað hann hafi ætlað að gera í sögunni, hvornig Jökull hafi ekki skilið það og dregur þá ályktun að honum hafi sjálfum ekki tekist nógu vel til við samningu verksins. „Sennilega ætlast ég til of mikils af lesendum og treysti um of á einlægni þeirra,¹⁵¹³“ segir Stefán. „Höfundurinn flaskar á því að líta ofstórt á sjálfan sig. Hann er sem sé ekki svo mikils metinn höfundur, að sjálfsagt þyki að leita að tilgangi hans, liggi hann ekki strax í augum uppi.“¹⁵¹⁴ Með því að skrifa bréfið þannig út frá sjónarhorni auðmjúks rithöfundar tekst honum að setja fram mjög kaldhæðnislega sýn á það vald sem Jökull tekur sér sem gagnrýnandi — og gefa um leið óbeint í skyn að Jökull láti annarleg sjónarmið ráða för.

Viðbrögðin við dómum Jökuls eru mjög hefðbundin andspyrna einstaka höfunda við því sem þeir líta á sem valdníðslu gagnrýnenda. Á 7. áratugnum er hins vegar eins og sú andspyrna verði mjög almenn á íslensku bókmenntasviði. Það sést m.a. á deilunum í kringum bókmenntaverðlaun gagnrýnenda, „Silfurhestinn“.

¹⁵¹² Stefán Jónsson: „Ýtzt á um öxulgat“, *Félagsbréf*, 31, 1963, 34.

¹⁵¹³ Sama, 35.

¹⁵¹⁴ Sama, 37.

Silfurhesturinn

Ólafur Jónsson, sem þá var bókmenntagagnrýnandi *Alþýðublaðsins*, var „aðal hvatamaður þess“ að árið 1967 var stofnað til Silfurhestsins, bókmenntaverðlauna fimm dagblaða, *Morgunblaðsins*, *Þjóðviljans*, *Alþýðublaðsins*, *Tímans* og *Vísis*. Verðlaunin voru „veitt í byrjun árs fyrir bestu bók að álitni gagnrýnenda, útkomna árinu á undan“.¹⁵¹⁵ Dómnefnd var skipuð einum gagnrýnanda frá hverju blaði og tilnefndi þrjár bækur í leynilegri atkvæðagreiðslu, þannig að hver gagnrýnandi veitti þeirri bók er hann taldi besta 100 stig, annarri 75 stig og þriðju 50 stig.¹⁵¹⁶ Við verðlaunaafhendingu var ekki aðeins greint frá því hver hefði sigrað í þeirri atkvæðagreiðslu heldur hvernig stig féllu.

Í ræðu við afhendingu fyrstu verðlaunanna, sem féllu Snorra Hjartarsyni í skaut fyrir bókina *Lauf og stjörnur*, sagði Ólafur Jónsson það hafa verið „til vansa að hér á landi skuli ekki veitt nein regluleg bókmenntaverðlaun eins og víða tíðkast annars staðar“. Silfurlampinn, árleg viðurkenning leikdómenda dagblaðanna í Reykjavík, hefði að hans mati „mælt vel fyrir, bæði meðal leikara og leikhúsgesta“ og því hafi orðið „samþykki meðal dagblaðanna að stofna til hliðstæðrar viðurkenningar fyrir bókmenntir“.¹⁵¹⁷

Ólafur slær þó ýmsa varnagla varðandi þann dóm sem felst í slíkri verðlaunaveitingu:

Engum þarf að segja, að slíkt mat orkar jafnan tvímælis, og er engri nefnd manna ætlandi að kveða upp endanlegan úrskurð um það hver sé nú ‚besta‘ bók ársins hverju sinni. Hitt var samhljóða álit þeirra, sem ræddu þessa hugmynd að viðurkenning sem þessi gæti orðið til að vekja aukna athygli á góðum bókmenntaverkum meðal almennings og örva þar með áhuga á bókmenntum yfirleitt, og yrði auk þess nokkur uppörvun og sæmdarauki þeim sem hlyti þau hverju sinni. Í þeirri trú, er til þessara verðlauna stofnað, að þau verið [svö] bókmenntunum í landinu gagnleg.¹⁵¹⁸

Ólafur reynir þannig að koma í veg fyrir ásanir um að ritdómarar séu með verðlaununum að ætla sér of mikið vald, fella einhvern endanlegan úrskurð, auk þess að áréttu að heiðarlegur og samfélagsvænn ásetningur liggja að baki því valdi sem þeir þó taka sér. Verðlaunaveitingin til Snorra, sem hafði þegar hlotið sinn virðingarsess á bókmenntasviðinu, vakti engin sérstök viðbrögð í fjölmiðlum. Á öðru ári verðlaunanna verður hins vegar mikill úlfabýtur í fjölmiðlum vegna vilja gagnrýnenda¹⁵¹⁹ til að hampa umdeildu tilraunaverki, en þann vilja hafði Ólafur gert að umtalsefni árið áður og talið merki um að Silfurhesturinn gæti haft raunveruleg áhrif á bókmenntasviðinu:

¹⁵¹⁵ ÍP: „Snorri fékk silfurhestinn“, *Tíminn*, 7. febrúar 1967, 1.

¹⁵¹⁶ „Guðbergur Bergsson hlaut Silfurhestinn“, *Morgunblaðið*, 25. janúar 1968, 3.

¹⁵¹⁷ Ólafur Jónsson: „Bókmenntaverðlaun blaðanna“, *Alþýðublaðið*, 7. febrúar 1967, 8.

¹⁵¹⁸ Sama, 8.

¹⁵¹⁹ Í dómnefnd bæði árin voru Eiríkur Hreinn Finnbogason frá *Vísi*, Erlendur Jónsson frá *Morgunblaðinu*, Ólafur Jónsson frá *Alþýðublaðinu*, Árni Bergmann frá *Þjóðviljanum* og Andrés Kristjánsson frá *Tímanum*.

Það má þykja góðsviti um þessi nýstofnuðu bókmenntaverðlaun að þau skuli í fyrsta sinn falla í hlut jafn mikilsverðu skáldriti og þessari bók. En ég get ekki stillt mig um að vekja athygil [svo] á því, nefndarmönnum til maklegs lofs, að sú bók, sem næst henni gengur, gerólikt verk ljóðum Snorra Hjartarsonar, er tilraunaverk og eitt hið djarflegasta og merkilegasta sem hér hefur birt um ár og dag. Þetta þykir mér benda til að ekki verði nein óhófleg einsýni ríkjandi í veitingu þessarar viðurkenningar eftirleiðis, að hún megi jafnan verða til að benda til þess sem bezt er unnið í bókmenntum okkar á hverjum tíma.¹⁵²⁰

Bókin sem Ólafur vísar til þarna, og lenti í öðru sæti, var *Tómas Jónsson. Metsölubók* eftir ungan höfund, Guðberg Bergsson, en ári síðar fékk Guðbergur svo Silfurhestinn fyrir *Ástir samlyndra hjóna*. Útgefandinn, Ragnar Jónsson, tók á móti verðlaununum fyrir hönd Guðbergs, sem var erlendis, og í *Vísi* kemur fram að Ragnar hafi sagt, í „óformlegu spjalli, sem fór fram að verðlaunaafhendingunni afstaðinni“ að „ef til vill væri þetta djarfasta verðlaunaveiting, sem fram hefur farið á Íslandi, en Guðbergur fer eins og kunnugt er ekki troðnar slóðir í skáldskap sínum og hefur vakið talsverðar deilur“.¹⁵²¹

Ef til vill var það einmitt sá möguleiki að þeir sem veittu Silfurhestinn gætu orðið að áhrifamiklu breytingaafli á bókmenntasviðinu sem leiddi til þess að andstaðan við þessa „djörfu“ ákvörðun dómnefndarinnar varð mjög mikil, en í blaðaumfjöllun sem fylgdi í kjölfarið fer gjarnan saman fordæming á verðlaunabókinni og andúð á því að gagnrýnandinn Ólafur Jónsson ætli sér of mikil völd í bókmenntalífínu.

Ólafur var „líklega afkastamesti gagnrýnandi landsins í tuttugu ár“¹⁵²² en hann virðist einnig hafa verið sérlega óvinsæll. Í upprifjun á fyrstu ritstjórnarárum sínum á *Vísi* segir Jónas Kristjánsson til dæmis frá því að „Ólafur Jónsson gagnrýnandi, af sumum kallaður vitsmunavera“, hafi verið „sérstæð persóna, hataður af mörgum“ og skrifað „greinar, sem gerðu menn brjáláða“.¹⁵²³ Eins og fram hefur komið voru óvægnir dómar alls ekkert nýmæli og margir samtíðarmenn Ólafs engir eftirbátar hans hvað það varðar. Gunnar Stefánsson segir t.d. um Ólaf að hann hafi vissulega verið „kröfuharður gagnrýnandi, stundum óvægin“ og ýmsir hafi kveinkað sér „undan dómum hans“ en bendir einnig á að óvægni sé almennt krafist af gagnrýnendum, sem geti „aldrei vænst þess að hljóta allra hylli“.¹⁵²⁴ Það hlýtur því að búa eitthvað meira að baki hinni miklu heift ýmissa fjölmiðlamanna í garð Ólafs, en sú heift vakti

¹⁵²⁰ Ólafur Jónsson: „Bókmenntaverðlaun blaðanna“, 15.

¹⁵²¹ „Djarfasta verðlaunaveiting, sem fram hefur farið á Íslandi“, *Vísir*, 25. janúar 1968, 10.

¹⁵²² Jóhann Hjálmarsson: „Teljast skemmtisögur til bókmennta?“, ritdómur um *Leikdóma og bókmenntagreinar* eftir Ólaf Jónsson, *Morgunblaðið*, 30. september 1987, 16.

¹⁵²³ Jónas Kristjánsson: „1967-1972: Hægfara byrjun í starfi“, *Jónas.is*, sótt 27. janúar 2014 af <http://www.jonas.is/kennsla/1967-1972-haegfara-byrjun-i-starfi/>.

¹⁵²⁴ Gunnar Stefánsson: „Ólafur Jónsson“, *Míningargrein*, *Tíminn*, Íslendingaþættir, 18. janúar 1984, 1.

m.a. hjá Herði Bergmann „grunsemdir um að rekinn sé skipulegur áróður til að ófrægja bókmenntagagnrýnendur og Ólaf Jónsson sérstaklega“.¹⁵²⁵

Eitt dæmi um gagnrýni á Ólaf er grein í *Tímanum* þar sem látið er að því liggja að hann hafi, um sama leyti og stofnað var til Silfurhestsins, verið gerður að ritstjóra bókmenntatímaritsins *Skírnis* með vafasömum hætti.¹⁵²⁶

Nú hefur Sigurður Líndal [forseti Hins íslenska bókmenntafélags] lýst því yfir, að hugmyndir hans, séu þær, að „í framtíðinni myndi Skírnir flytja meira af heiðarlegri bókmenntagagnrýni.“

Þetta er mikið og gott fyrirheit, og viljum við þó taka sérstaklega undir, að bókmenntagagnrýni í elzta og virðulegasta bókmenntatímariti á Norðurlöndum þurfi umfram allt að vera heiðarleg. Virðist Sigurður Líndal telja Ólaf Jónsson manna hæfastan til að framfylgja rökstuddri og heiðarlegri bókmenntagagnrýni í þessu virðulega riti. Kom þó strax fram við atkvæðagreiðslu í stjórninni að sú skoðun á sér þar formælendur fáa. Fullyrða má þó að hlutföllin séu enn óhagstæðari forsetanum, ef kannaður væri vilji almennra félagsmanna Hins íslenska bókmenntafélags.¹⁵²⁷

Tíminn gefur hér í skyn að fáir búist við „heiðarlegri“ gagnrýni af Ólafi, þótt ekki sé nánar skýrt í hverju óheiðarleiki hans ætti að felast. Í greininni er einnig fullyrt að Ólafur hafi, í þau tvö skipti sem Silfurhesturinn hafði þá verið veittur, „haft mikil áhrif á úrslitin, og haldið mjög fram einum manni og einni bókmenntastefnu“. Í síðara skiptið hafi stefna Ólafs sigrað „með því að Guðbergur fékk silfurhestinn“.

Gengur silfurhesturinn síðan manna á meðal undir nafninu Sokki — með ljótu forskeyti [Drullu-Sokki]. Og er nú spurningin þessi hvort það hross eigi eftir að fara á kostum í Skírni, virðulegasta bókmenntatímariti á Norðurlöndum.¹⁵²⁸

EKKI er nánar útlistað hver sú stefna er sem Ólafur heldur svo öflugt fram en Óskar Aðalsteinn viðrar hins vegar sína skoðun á því í *Morgunblaðinu* síðar sama ár, í langri framhaldsgrein um það tangarhald sem vinstrimenn hafi um langan tíma haft á íslensku bókmenntalífi undir forystu „bókmenntapáfans“ Kristins E. Andréssonar.

Verk Óskars Aðalsteins sjálfs voru reyndar flokkuð sem verkamannasögur eða öreigasögur¹⁵²⁹ og hann var lofaður í upphafi rithöfundaferils síns af vinstrisinnuðum bókmenntagagnrýnendum fyrir að lýsa „hörðum líf skjörum verkamannastéttarinnar“, fjalla

¹⁵²⁵ Hörður Bergmann: „Herferð gegn bókmenntarýni“, *Þjóðviljinn*, 21. febrúar 1970, 5.

¹⁵²⁶ „Virðist sem forseti Bókmennta félagsins, Sigurður Líndal, hafi ráðið hinn nýja ritstjóra og vikið hinum úr starfi, án þess að bera málið undir stjórn og trúnaðarráð Hins íslenska bókmenntafélags, þrátt fyrir skýr lagafyrirmæli þar um.“ „Á víðavangi“, *Tíminn*, 25. apríl 1968, 5.

¹⁵²⁷ Sama, 5

¹⁵²⁸ Sama, 5.

¹⁵²⁹ Guðmundur G. Hagalín sagði til dæmis að skáldsaga hans *Grjót og gróður* væri „í rauninni fyrsta verkamannasagan í bókmenntum okkar, sem geti borið það nafn með fullum rétti“. Guðmundur Gíslason Hagalín: „Fylgt úr hlaði“, í: Óskar Aðalsteinn: *Grjót og gróður*, Ísafjörður, Ísrún, 1941, 5.

um „strit og fátækt, miskunnarlausu baráttu við atvinnuleysi, sjúkdóma og öryggisleysis“, en að verk hans bæru „samt í sér vonir og gróanda, sem [gefi] persónunum fyrirheit um bjartari og betri heim, meiri jöfnuð og aukið bræðralag“, eins og Vilhjálmur S. Vilhjálmsson orðar það.¹⁵³⁰ Árið 1989 lýsir Erlendur Jónsson rithöfundarferli Óskars Aðalsteins þannig að „vitanlega“ hafi hann haft „hliðsjón af ýmiss konar forskriftum sem sjálfsagðar þóttu á þessum árum“, til dæmis tilhneingingu vinstri sinnaðra rithöfunda að tala „um byltinguna eins og hún mundi binda enda á gervallan heimsins vanda“. Óskar Aðalsteinn hafi þó verið „öðrum höfundum fljótari til að átta sig á að ekki yrðu öll manna mál leyst í skjótri svipan. Hann setji viðfangsefni sitt „í víðara samhengi“ og verkalýðsmál og stéttamál komi þar inn „eins og einn þáttur lífsbaráttunnar“. Eftir stríðið hverfi „kreppuöreiginn“ og „burgeisinn“ af sjónarsviðinu og vænlegast verði „að beina kastljósinu að kjarna málsins: mannum sjálfum, einstaklingnum, eðli hans og möguleikum“.¹⁵³¹

Þar með kemur Óskar Aðalsteinn fram sem mótaður og þroskaður höfdu [svø]. [...] Hann tekur að glíma við fjölþættari viðfangsefni, flóknari manngerðir. Og umfram allt: Hann tekur að rýna enn betur í það sem næst stendur, leita hins stóra og altæka í hinu smáa og sértæka, eygja skáldskapinn undir yfirborði hversdagsleikans.¹⁵³²

Óskar Aðalsteinn hafi á þessum tíma „áunnið sér nafn“ en því nafni hafi Kristinn E. Andrésson grafið undan með því að taka ekki bara fagurfræðilega afstöðu til verka Óskars Aðalsteins heldur einnig „samkvæmt sinni pólitísku sannfæringu“. Kristinn hafi ekki leynt því að þótt honum þættu „[u]pprunalegir hæfileikar þessa skálds [...] ótvíráðir“, þá þætti sér „þessi ungi höfundur hafa rækt hugsjónina miður en skyldi: „... eins og þróttur hans og trú hafi dvínað.“¹⁵³³

Þótt umsögn þessi hafi verið sakleysislega orðuð og hver sá, sem fylgdist með skrifum Kristins, hafi mátt gera sér ljóst hvað hann átti við, leikur ekki vafi á að höfundurinn ungi stóð hallari fæti eftir en áður; slíkur var máttur orða þess manns sem stofnað hafði Rauða penna og nú ritstýrði Tímariti Máls og menningar, auk þess sem hann hafði safnað um sig harðsnúnu liði skálda og menntamanna; og hafði vissulega áhrif langt út fyrir raðir sinna manna.¹⁵³⁴

¹⁵³⁰ V.S.V.: „Ég vil skrifa um gróandi lífsins. Viðtal við ungt skáld, Óskar Aðalstein Guðjónsson, frá Ísafirði“, *Alþýðublaðið*, 13. júní 1944, 4.

¹⁵³¹ Erlendur Jónsson: „Listin og lífstrúin. Horft yfir hálfra aldar ritferil Óskars Aðalsteins“, *Morgunblaðið*, 29. apríl 1989, 16.

¹⁵³² Sama, 16.

¹⁵³³ Sama, 17.

¹⁵³⁴ Sama, 17.

Úr grein Erlends má lesa að eftir þetta hafi Óskar Aðalsteinn einangrast nokkuð í list sinni, þótt starf hans sem vitavörður hafi þar einnig spilað inn í.¹⁵³⁵ Og það er rétt að almennt viðhorf virðist verða það að verk Óskars Aðalsteins dofni í takt við vinstriinnáðar hugsjónir hans. Guðmundur Gíslason Hagalín segir til dæmis söguna af ferli Óskars þannig, árið 1958, að eftir „hinn notalega og samfellda undirtón í lífstjáningu hans í fyrstu bókum hans“ hafi hann umlukist „klaka einangrunar, beiskju og ef til vill vonbrigða“ en virðist nú sjá „umhverfi sitt í glöðu og skæru sólskini eftir mörg og löng- dægur misturs og þoku“.¹⁵³⁶ Og sú heiðríkja stafar að mati Guðmundar af endurskoðun og endurnýjun vinstri hugsjóna:

Óskar Aðalsteinn flytur sem sé, í þessari glöðu og gáskafullu bók, þar sem hvergi virðist á neinn hallað, þunga ádeilu á óheillaþróun, sem hefur mengað svo þá stefnu, sem átti ekki aðeins að veita barninu brauð, heldur líka fólkinu aukna menningu, sem samfara væri fegrun lífs og ræktun hugarfarsins, að jafnvel hinni ábyrgðarmestu athöfn, grundvallaðri á rétti, sem mikið stríð og starf kostaði að öðlast, er breytt í herfilegan skrípaleik, þar sem nauðsyn lýðs og lands hverfur í skuggann fyrir sjálfu kapphlaupinu og hinn mikli réttur er látinn falur við fé, stundargreiða, gott atlæti, hlýleg orð, vel sagða setningu.¹⁵³⁷

Fordæming Óskars Aðalsteins á pólitískum viðmiðum vinstri manna er skiljanleg í ljósi áhrifa þeirra á túlkanir á höfundarverki hans sjálfs og þar með á höfundarnafn hans og rithöfundarferil. Í áðurnefndri grein hans kemur fram að um „árábil“ hafi „dagblöðin haft á að skipa fastráðnum listagagnrýnendum“ og hann telji að þar hafi vissulega verið „farið inn á rétta braut“.¹⁵³⁸

Listgagnrýni á að vera fastur liður í dagblöðunum, skrifuð af víðsýnum kunnáttumönnum um listmálefni, sem hafa listina eina að leiðarljósi í dómum sínum. Þegar fastir starfsmenn annast þessi störf fyrir blöðin, má vænta þess, að gagnrýnin verði heilsteyptari en áður var og gefin greinilegri heildarmynd af því sem er gerast í íslenskri list.¹⁵³⁹

Hann telur hins vegar að „síðustu árin“ hafi „bókagagnrýninni hrakað stórlega“ því hún hafi farið „út í öfgar“ og gefi „ranga og villandi mynd af því ritverki sem fjallað er um hverju sinni“.

¹⁵³⁵ Sama, 17.

¹⁵³⁶ Guðmundur Gíslason Hagalín: „Nýstárleg skáldsaga“, ritdómur um *Kosningatöfra* eftir Óskar Aðalstein, *Alþýðublaðið*, 20. janúar 1959, 9-10.

¹⁵³⁷ Sama, 10.

¹⁵³⁸ Óskar Aðalsteinn: „Rauði páfádómstóllinn í bókmenntum Íslendinga. Síðari hluti“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 29. september 1968, 7.

¹⁵³⁹ Sama, 7.

Fyrirliðinn í þessum nýja gagnrýnisleik er ÓJ hjá Alþýðublaðinu. Þessum unga manni er ekki fyrir sprottin grön, en hann telur sig þess umkominn að gefa út fjöldann allan af „hirðisbréfum“ um þjóðaríþrótt Íslendinga, skáldskapinn.¹⁵⁴⁰

Óskar ásakar Ólaf, einn af fastráðnu gagnrýnendunum, og ónefnda áhangendur hans, um að misnota það vald og þá ábyrgð sem fylgir bættri stöðu þeirra innan fjölmiðla og samfélags. Í næstu línun kemur svo pólitískur undirtónn þessara ásakana í ljós; að mati Óskars felst óheiðarleiki Ólafs í því að vera fulltrúi róttækra vinstri afla í pólitík, hluti „rauðu klíunnar“:

Hver er ÓJ-stefnan í bókmenntum?

Hefur hann fundið upp eitthvað nýtt patent, nýja bókmenntalega mælistiku?

Ég held ekki. Grunntónninn í skrifum hans er gamall og fenginn að láni hjá hinum rauða afsetta bókmenntadómstól.¹⁵⁴¹

Óskar viðurkennir að Ólafur hafni „að vísu í orði kveðnu hinu afdankaða herópi: Enginn getur orðið skáld nema hann sé kommúnisti“. En strengirnir sem „rauða klíkan“ slær á, samkvæmt Óskari, eru fleiri, m.a. „lofsöngssálma[r] um bölsýnis- og niðurrifsskáldskap“.

Það ber að skilja: Manneskjan er illgjörn og meinfýsin í innstu innum sínum, óheilbrigð á geðsmunum, og fullnæging frumstæðustu hvata er henni eitt og allt. — Þá á öll ytri gerð skáldverks að sjálfsögðu að vera í sem nánustu samræmi við þessa skilgreiningu á manneskjunn. Klámyrði og klúryrði eiga að gjósa upp af hverri lesmálssíðu, og mesta listin í því fólgin að tvinna þessi orð saman í óskiljanlegar og ósundurgreinanlegar setningaflækjur. Slíkur orðasirkus fær ÓJ-innsliglið [*svo*]: áhugaverður skáldskapur. Þarna er hin eina sanna orðsins list. Samkvæmt þessu dæmir ÓJ mörg merkis skáldverk síðustu ára dauð og ómerk, og höfunda þeirra „lítið áhugaverða.“ Yfirlýstir kommúnistar á skáldabekk eru aftur á móti með tölu nokkuð svo áhugaverðir höfundar að álitu ÓJ.¹⁵⁴²

Hin hættulegu vinstri áhrif eru því ekki endilega marxískur boðskapur heldur upphafning þátta sem margra áratuga hefð er fyrir að skilgreina sem meinsemdir nútímaskáldskapar: bölsýni, ljótleika, klúrleika og sundurgerðar. Í þessu sambandi er vert að nefna að bækur Óskars Aðalsteins voru oft lofaðar fyrir að vera andstæðan við þá eiginleika sem hann nefnir sem viðmið Ólafs Jónssonar; fyrir að hafa yfir sér „eitthvert glit lífstrúar og heilbrigði“, „eitthvað hreint og bjart.“¹⁵⁴³ Enn og aftur snúast átök á bókmenntasviðinu um það hvað er *viðeigandi* og hvað er *óviðeigandi* í bókmenntum — hversu langt megi víkja frá fagurfræði bókmenntasviðs sem haldið hefur ákveðnum stöðugleika frá lokum 19. aldar og jafnvel

¹⁵⁴⁰ Sama, 7.

¹⁵⁴¹ Sama, 7.

¹⁵⁴² Sama, 7.

¹⁵⁴³ Guðmundur Gíslason Hagalín: „Fylgt úr hlaði“, 6.

einkennst af stöðnun, enda eru átakalínurnar enn þær sömu árið 1968 og árið 1928 þegar Halldór Laxness og Kristján Albertsson rifust um það hvor þeirra væri gamaldags og hvor væri nútímalegur (sjá bls. 299-301).

Óskar Aðalsteinn vísar einnig til gamalgróinna hugmynda um spillt markaðstorg nútímans er hann ýjar að annarlegum persónulegum hvötum Ólafs og segir að hann „sem bókmenntafrömuður“ vilji gera „eitthvað alveg einstætt eitthvað [svo] sem slær út öll gagnrýnimet rauða páfans, eitthvað sem lyftir honum — ÓJ — „hátt yfir stjórnur og sól““.¹⁵⁴⁴

Til þess að vinna slíkt frægðarverk þarf hann ákjósanlegt auglýsingaspjald fyrir vöru sína. Og ÓJ þarf ekki lengi að bíða: Fyrir tveim árum sendi komungur höfundur frá sér mikið bókartfyllki sem ber heitið Tómas Jónsson, metsölubók. Saga þessi er samsafn sundurlausra og ósamstæðra stílfæinga. Þar er sem trúlegast farið eftir ÓJ-forskriftinni í öllum greinum „sagnalistarinnar“.¹⁵⁴⁵

Ólafi er hér lýst sem braskara á sölutorgi, með það helsta markmið að auglýsa „vöru“ sína, þ.e. skrif sín í fjölmiðla, og með augun á eigin gróða en ekki hag samfélagsins. Svipuð ásökun býr að baki þeirri staðhæfingu Óskars að Ólaf skorti „ritleikni“, hann skrifi „sviplítinn blaðamannastíl plús móðursýkisstíl“.

Venjulegum bleikiðnaðarmanni, eins og ÓJ getur að vísu haldizt það uppi um sinn, að falsa bókmenntasteðjann. Það nær heldur ekki lengra.

Það hlýtur að vera krafa þeirra sem unna íslenzkri list, að þeir einir verði ráðnir listgagnrýnendur við blöðin, sem ástunda réttar leikreglur í starfi sínu. Slíkir gagnrýnendur einir hafa erindi sem erfiði með starfi sínu. Þeir geta réttilega talið sig leiðsögumenn almennings í listmálefnum.¹⁵⁴⁶

Með því að skilgreina Ólaf sem „bleikiðnaðarmann“ tengir Óskar hann tortryggilegum markaðssjónarmiðum og sálarlausum menningariðnaði, andstæðu alvöru listar. Orðræðan um myrk markaðsöfl virðist þó frekar notuð sem vopn gegn Ólafi en að þar liggi raunverulega ástæðan fyrir andstöðunni gegn honum. Árni Bergmann bendir til dæmis réttilega á að „þessi líka þokkalega iðja“, að hampa bókum sem marga hneyksla, sé einmitt „ekki líkleg til vinsælda“.¹⁵⁴⁷ Deilurnar sem hverfast að hluta til í kringum Silfurhestinn virðast frekar snúast um annað og óljósara atriði sem Óskar nefnir „réttar leikreglur“. Gunnar Benediktsson talar um „bókmenntalega afsiðun“ og orðar það svo að gagnrýnendur geri „skipulagt áhlaup á þá sem eiga að njóta [nýrra] bókmennta, til að villa um fyrir þeim og afvegaleiða þá í nautn þess

¹⁵⁴⁴ Óskar Aðalsteinn: „Rauði páfadómsstóllinn í bókmenntum Íslendinga. Síðari hluti“, 7.

¹⁵⁴⁵ Sama, 7.

¹⁵⁴⁶ Sama, 7.

¹⁵⁴⁷ Árni Bergmann: „Lengi er von á einum“, *Þjóðviljinn*, 21. febrúar 1970, 5.

að lesa góðar bækur“.¹⁵⁴⁸ Gagnrýnandi *Morgunblaðsins*, Jóhann Hjálmarsson, bendir á að orð Gunnars endurspegli álit „margra lesenda, sem sætta sig ekki við „leiðsögn“ gagnrýnenda“ og það hafi komið „greinilega í ljós þegar Guðbergi Bergssyni var veittur Silfurhesturinn fyrir Ástir samlyndra hjóna“.¹⁵⁴⁹

Í *Tímanum* er Ólafur kallaður „harðasti aðdáandi framúrstefnu órólegu deildar innar í íslenskum bókmenntum“¹⁵⁵⁰ og kjarni átakanna virðist vera ótti við ný viðmið, þ.e. „ný“ í þeim skilningi að þótt þau hafi lengi verið til staðar sem einkenni „nútímalegs“ skáldskapar (sjá t.d. viðbrögð við verkum Davíðs Stefánssonar og Halldórs Laxness bls. 293-301) virðast þau nú líklegri en áður til að valda straumhvörfum innan íslenska bókmenntasviðsins (sjá t.d. bls. 309-315), ekki síst vegna þess að þau hafa hlotið fulltingi meðal áhrifaríkra gagnrýnenda. Það má m.a. merkja á því að ekki varð sama fjaðrafokið þegar Halldór Laxness fékk verðlaunin fyrir *Kristnihald undir Jökli*, þótt sú bók hafi einnig verið umdeild, enda Halldór þá löngu orðinn einn virtasti höfundur Íslands og *Kristnihald undir Jökli* þegar „að öllum líkindum komið inn á fleiri íslensk heimili, en nokkur önnur bók, útgefin á árinu 1968“.¹⁵⁵¹ Í *Nýjum vikutiðindum* er þó hent gaman að úthlutuninni og sagt að almennt sé litið svo á að hún sé „góðlátlegt grín gagnvart nóbelsverðlaunaskáldinu og hæfilegur löðrungur vegna hins efnislausa vaðals, sem umrædd bók samanstendur af“. Þar fyrir utan hafi verðlaunaveitingin til Guðbergs árið áður dregið Silfurhestinn niður á það plan að ekki sé hægt „að veita nóbelskálði slík verðlaun öðruvísi en með hliðstæðu hugarfari eins og þegar hráum eggjum er grýtt í góðborgara“. Samanlagt geri verðlaunin til Guðbergs og Halldórs það að verkum að „vafasamt [sé] að áframhaldandi verði hægt að nota [Silfurhestinn] til bókmenntaverðlaunaveitinga“.¹⁵⁵²

Ekki varð heldur nein sérstök uppákoma þegar Jóhannes úr Kötlum hlaut Silfurhestinn árið 1971, enda var þá „hálfur fimmti áratugur, síðan fyrsta ljóðabók hans kom út“ og hann kominn „meðal öndvegisskálda þjóðar sinnar“.¹⁵⁵³ Fyrir hönd dómnefndar nefndi Andrés Kristjánsson m.a. þá kosti við kvæði Jóhannesar að þau einkenndust af ættjarðarást og að skáldið hafi verið „meiri og betri brúarsmiður en önnur skáld á hans tíma“, þ.e. myndi tengingu milli hefðarinnar og nútímans.¹⁵⁵⁴ Slíkir eiginleikar voru einmitt lofaðir hálfri öld

¹⁵⁴⁸ Gunnar Benediktsson: „Þegar blindur leiðir ...“, 383.

¹⁵⁴⁹ Jóhann Hjálmarsson: „Prestur í lausu lofti“, *Morgunblaðið*, 8. mars 1970, 16.

¹⁵⁵⁰ „Á viðavangi“, 5.

¹⁵⁵¹ Úr ávarpi Eiríks Hreins Finnbogasonar við verðlaunaafhendinguna. Sjá „Ef ég væri ritdómari, myndi ég hata allar bækur“, *Morgunblaðið*, 21. janúar 1969, 3.

¹⁵⁵² „Silfurhesturinn“, *Ný vikutiðindi*, 4, 1969, 8.

¹⁵⁵³ „Meiri og betri brúarsmiður en önnur skáld á hans tíma“, *Morgunblaðið*, 16. janúar 1971, 3.

¹⁵⁵⁴ Sama, 3.

fyr,¹⁵⁵⁵ þegar nýir straumar voru mjúklega en ákveðið aðlagðir að ríkjandi áherslum á bókmenntasviðinu og stöðugleika þess viðhaldið (sjá bls. 302-306), og þá tilburði má einnig sjá á 8. áratugnum. Árið 1973 er til dæmis nokkuð ljóst af skrifum í *Morgunblaðið* að gagnrýnandinn þar, Jóhann Hjálmarsson, hefur ekki verið alveg sáttur við niðurstöðu síðustu atkvæðagreiðslu. Þar segir að það hafi komið á óvart að skáldsagan *Hreiðrið* eftir Ólaf Jóhann Sigurðsson hafi verið valin besta bókin ársins 1972, „vegna þess að dómur gagnrýnenda voru yfirleitt ekki lofsamlegir“, öfugt við *Guðsgjafarpulu* eftir Laxness eða *Foldu* eftir Thor Vilhjálmsson. Er nefnt að um „fáar skáldsögur hefur verið meira deilt en *Hreiðrið*“ sem ekki sé „með merkari bókum Ólafs Jóhanns Sigurðssonar“. Þó er viðurkennt að ekki fari „illa á því að jafn vandvirkur rithöfundur og Ólafur Jóhann fái Silfurhestinn“ og að jákvætt sé að beina með verðlauninum „athygli manna að skáldskap hans í heild“. Að auki er bent á að „tilgangurinn með Silfurhestinum“ sé ekki aðeins að vekja athygli á verðlaunabókinni heldur öllum þeim sem fá stig hjá dómnefndinni og staðhæft að Silfurhesturinn hafi beint „athygli manna að bókmenntastarfsemi í landinu“ og að þeir „rithöfundar, sem fengið hafa Silfurhestinn, [séu] allir, hver á sinn hátt, góðir fulltrúar íslenskra bókmennta“.¹⁵⁵⁶ Gagnrýnandi *Morgunblaðsins* virðist því telja heildarmarkmið verðlaunanna vega upp á móti einstaka umdeilanlegum úrslitum. Fljótlega færast þó meiri harka í leikinn, því í júlí sama ár taka forsvarsmenn blaðsins aðra afstöðu. Í kjölfar þess að Baldvin Halldórsson leikari neitar að taka við Silfurlampanum úr höndum leikgagnrýnenda, og segir ástæðuna m.a. þá að íslenskir leiklistargagnrýnendur hefðu „á undanförunum árum skrifað af miklu ábyrgðarleysi og oft af litlum rökum um íslenskt leikhús“, ¹⁵⁵⁷ lýsir *Morgunblaðið* því yfir að blaðið sé hætt að taka þátt í Silfurhestinum, enda hafi „[v]innubrögð sumra gagnrýnenda við val rithöfunda til þess að hljóta silfurhestinn [...] ekki verið með þeim hætti, að ástæða sé til að taka áfram þátt í þeim leik“.¹⁵⁵⁸ Jafnframt er gefið í skyn að nokkuð hafi skort upp á heiðarleg vinnubrögð í listgagnrýni almennt.

Þannig hefur þess gætt, að listdómur markist af því, hvaða „þjóðfélagslegan boðskap“ leikverk eða önnur listaverk hafi fram að færa og jafnvel af stjórnmalaskoðunum listamanna, sem skapa verkið eða flytja það. Þegar svo annarleg sjónarmið ráða, en ekki listrænt mat, er gagnrýnin á villigötum, þá er hún óheiðarleg.¹⁵⁵⁹

¹⁵⁵⁵ Jón Björnsson sagði t.d. um Davíð Stefánsson. „Tærust streymir ljóðlind hans fram þar, sem hann ljær gömlu viðlagi við sönginn“ (sjá bls. 304 í þessari ritgerð).

¹⁵⁵⁶ „Um silfurhest“, *Morgunblaðið*, 28. janúar 1973, 17.

¹⁵⁵⁷ „Samvizku minnar vegna segi ég nei takk“, *Tíminn*, 3. júlí 1973, 6.

¹⁵⁵⁸ „Gagnrýni og verðlaunaveitingar“, *Morgunblaðið*, 3. júlí 1973, 16.

¹⁵⁵⁹ Sama, 16.

Gunnar Stefánsson fullyrðir í kjölfarið að *Morgunblaðið* hafi þarna „neytt færiss“ til að segja sig úr samstarfi dagblaðanna en hann og Ólafur Jónsson¹⁵⁶⁰ eru sammála um það að Morgunblaðið þurfi að svara því hvað það eigi við með dylgjum „um „ógeðfelldan aðdraganda“ og óviðurkvæmileg „vinnubrögð sumra gagnrýnenda““.¹⁵⁶¹ Svárið kemur ekki fyrr en hálfu ári síðar, og segir þá Morgunblaðið að eftir að Silfurlampanum var „kastað eins og hverju öðru skurðgoði í hinn mikla foss almenns athlægis“ hafi blaðinu ekki lengur þótt „ástæða til að eiga aðild að silfurhestinum, svo umdeildar og stundum tilviljanakenndar sem slíkar verðlaunaveitingar eru“ og ómögulegt að komast hjá klikuskap.¹⁵⁶² Þá vitnar blaðið til þeirra orða Helga Hálfðanarsonar, að slík verðlaun væru „hégómamál“ og „leiksýning“ en tíminn einn gæti skorið úr um ágæti verka.¹⁵⁶³ Helgi hafði áður neitað að taka við Silfurhestinum, en hann var alla tíð „mjög andvígur hvers konar verðlaunaveitingum, og alveg sérstaklega á sviði bókmennta og lista“.¹⁵⁶⁴ Andstaða hans virðist helst sprottin af því álitni að „málbandið og skeiðklukkan“ eða aðrar mælieiningar sé ekki hægt að nota á listaverk og að verið sé að apa slíka siði upp „eftir útlendingum“.¹⁵⁶⁵ Eftir að Baldvin hafnaði Silfurlampanum og Morgunblaðið hætti þátttöku í Silfurhestinum ítrekaði svo Helgi andúð sína á bókmenntaverðlaunum og bað menn „í guðs bænnum“ að hætta „þessum gráa leik að listamönnum vorum og skáldum“ og afrækja „viðlíka barnaskap og lítt smekklegan hégóma“.¹⁵⁶⁶

Hin fjögur dagblöðin ákváðu að veita Silfurhestinn árið 1974, án aðkomu *Morgunblaðsins*, en við þá verðlaunaafhendingu sagði Ólafur Jónsson að sú ákvörðun hafi að sínu mati „sumpart ráðist af því að mönnum þótti illt að una þeim dylgjum og getsökum sem Morgunblaðið lét fylgja uppsögn sinni“ en einnig séu margir „á þeirri skoðun að viðurkenning eins og Silfurhesturinn væri bókmenntunum heldur gagnleg en hitt, þótt í litlu væri, bæði höfundum og þó ekki síður lesendum þeirra“. Hann segir að enn sé „opin leið til sátta ef Morgunblaðið kysi að skipta um skoðun og ganga á ný til þátttöku með óbreyttum hætti“.¹⁵⁶⁷ Því sáttatilboði var ekki tekið og var þetta síðasta árið sem verðlaunin voru veitt.

Hannes Pétursson tók við síðasta Silfurhestinum og játaði þá að hann hefði verið á báðum áttum um það hvort hann ætti að taka við verðlaununum í ljósi þeirrar

¹⁵⁶⁰ Sjá Ólafur Jónsson: „Verðlaun og einkamál“, *Vísir*, 4. júlí 1973, 7.

¹⁵⁶¹ Gunnar Stefánsson: „Nád og ónád. Morgunblaðið og silfurhesturinn“, *Tíminn*, 14. júlí 1973, 7.

¹⁵⁶² „Þjóðaratkvæði um Silfurhestinn?!“, *Morgunblaðið*, 11. janúar 1974, 18.

¹⁵⁶³ Helgi Hálfðanarson: „Grátt silfur“, *Morgunblaðið*, 5. júlí 1973, 16.

¹⁵⁶⁴ J.H.: „Skagfirðingar hýsa aldrei hross! Spjallað við Helga Hálfðanarson um silfurhestinn og verðlaunaveitingar“, *Vísir*, 20. janúar 1970, 9.

¹⁵⁶⁵ Sama, 9.

¹⁵⁶⁶ Helgi Hálfðanarson: „Grátt silfur“, 16.

¹⁵⁶⁷ Ólafur Jónsson: „Um silfurhest“, *Vísir*, 29. janúar 1974, 7.

„sundurþykkju“ sem upp hefði komið. Sagði hann það sitt einkamál hvers vegna hann hefði á endanum ákveðið að þiggja verðlaunin og áréttaði í lokin að skáldskapurinn eigi ekki að vera markaðstengdur eða keppnisíþrótt.¹⁵⁶⁸ Helgi Hálfðanarson, frændi Hannesar, taldi það þó greinilega ekki einkamál Hannesar hvort hann tæki við Silfurhestinum og sendi honum opið bréf þar sem hann harmar þessa ákvörðun og gefur í skyn að hún komi til af hugleysi gagnvart ofbeldistilburðum og annarlegum vinnubrögðum bókmenntaelítunnar.

En hver skyldi lá þér, þótt þú skirrdist við að úthýsa dýrinu? Mér er kunnugt um að hver sem það reynir, má lofa guð ef hann sleppur lifandi. Hann á jafnvel á hættu að verða sakaður um hæversku, sem sjaldnast er annað en ranghverfan á gikkshættinum, eins og við vitum. Nei, þá er miklu skárra að hlæja með, þó svo að enginn kunni að meta spaugið nema sá sjálfskipaði fjögurra manna dómur, sem upp kveður brandarann.¹⁵⁶⁹

Í svarbréfi segir Hannes Pétursson að þegar hann hafi hikað við að taka við Silfurhestinum hafi það ekki verið vegna áhyggna af því „hvort slíkar viðurkenningar væru hégómlegar“ heldur hafi hann velt fyrir sér hvort gildi Silfurhestsins hefði minnkað við að „dagblöðin öll áttu ekki lengur aðild að veitingu hans“ en komist að þeirri niðurstöðu að „stigatalan sýndi hlutfall sem væri vel sambærilegt við fyrri veitingar Silfurhestsins“. En Hannes nefnir líka aðra ástæðu. Þegar Baldvin Halldórsson hafnaði Silfurlampanum hafi *Morgunblaðið* tekið því „mjög feginsamlega“ og gripið tækifærið til að hætta aðild sinni að Silfurhestinum.

Lesendum var boðið upp á þá skýringu, að allt hefði ekki verið í sómanum við val þeirra höfundna sem höfðu hreppst hestinn, svo bezt væri að hætta þessum gráa leik. Ásakanir blaðsins voru mjög afsleppar og illt að verjast þeim grun, að þær væru tómt yfirvarp, hin raunverulega skýring fælist í allt öðru og lægi í felum.¹⁵⁷⁰

Segir Hannes að *Morgunblaðið* hafi m.a. „hopað í skjól bak við skoðanir [Helga Hálfðanarsonar], þótt þær hvíldu á allt öðrum forsendum [...] svo sem til áréttingar því, hve málstaður þess væri saklaus og hreinn, blaðið vildi sem sagt ekki hégómaskap!“ Sjálfur hafi hann kært sig „sízt um það“ að gera nokkuð sem túlka mætti sem svo að hann tæki undir málstað *Morgunblaðsins*.¹⁵⁷¹ Hannes kýs því að líta svo á að það sé *Morgunblaðið* sem beiti óheiðarlegum vinnubrögðum með annarleg markmið í huga og að Helgi láti nota sig sem peð í því tafla á meðan hann sjálfur veiti nauðsynlega andspyrnu.

¹⁵⁶⁸ Hannes Pétursson: „Ræða við móttöku Silfurhestsins 1973: Þú sigrar einn eða tapar“, *Vísir*, 29. janúar 1974, 7.

¹⁵⁶⁹ Helgi Hálfðanarson: „Línustúfur til Hannesar Péturssonar“, *Morgunblaðið*, 6. febrúar 1974, 19.

¹⁵⁷⁰ Hannes Pétursson: „Til Helga Hálfðanarsonar“, *Morgunblaðið*, 13. febrúar 1974, 16.

¹⁵⁷¹ Sama, 16.

Umræðan um lok Silfurhestsins er þannig full af hálfkveðnum vísum, en undirliggjandi viðhorf virðist vera það að framganga *Morgunblaðsins* sé sprottin af andstöðu þess við mögulega vinstri róttækni hjá Ólafi og fleiri gagnrýnendum, til dæmis Árna Bergmann. Enda mótuðust starfsaðstæður gagnrýnenda mjög af pólitískri togstreitu milli dagblaðanna. Erlendur Jónsson, sem hóf störf sem bókmenntagagnrýnandi árið 1963, segist hafa þegar gert sér ljóst að hann „hafði ratað inn á hættusvæði“, ¹⁵⁷² en mikil óvild var milli *Morgunblaðsins*, sem mál gagns Sjálfstæðisflokksins, og hinna stærstu dagblaðanna; *Tímans*, *Vísis*, *Alþýðublaðsins* og *Þjóðviljans* og allur undirstráumurinn var pólitískur. „Þetta voru tímar ófriðar og tortryggni“, segir í bók hans *Gullöldin*. Vinstri róttæklingar hafi „markað sér menninguna“ og bókmenntir og listir „höfðu verið og skyldu framvegis verða á þeirra vettvangi“ ¹⁵⁷³.

Slík pólitísk átök voru í raun innbyggð í íslenska bókmenntasviðið, eins og fram hefur komið; samkvæmt hefðinni er stillt upp í vinstra og hægra lið þar sem hvor um sig ásakar hinn aðilann um óviðeigandi pólitík — og leikreglurnar eru nokkuð skýrar (sjá t.d. bls. 220). Árni Bergmann telur reyndar að þar sem Ólafur Jónsson hafi verið „af einlægni frábitinn pólitísku brólti eins og oft [hafi komið] fram í ræðu hans“ hafi hann ef til vill þótt „þeim mun skaðlegri í huga þeirra sem vöndu sig á að óttast lævíslegt vinstrimannalaumuspil í menningunni“ ¹⁵⁷⁴. Að vissu leyti má segja að sá faglegi metnaður sem hlýtur að hafa búið að baki Silfurhestinum lúti í gras fyrir hefðbundinni, pólitískri refsák. Því átökin um Silfurhestinn snerust að einhverju leyti um ný viðmið, nýjar leikreglur á bókmenntasviðinu.

Dagný Kristjánsdóttir segir að Sigurður A. Magnússon hafi líklega verið „fyrsti menntaði bókmenntafræðingurinn sem kom til starfa á dagblöðunum“ en fram að því, og raunar fram á sjöunda áratuginn, hafi það tíðkast að rithöfundar skrifuðu um bækur og þá út frá sínum eigin fagurfræðilegu og pólitísku áherslum. ¹⁵⁷⁵ Dagný bendir á að „[u]ngu gagnrýnendurinn á sjöunda áratugnum“ hafi flestir verið „háskólamenntaðir bókmenntamenn frá Bandaríkjunum (Sigurður A. og Kristján Karlsson), Svíþjóð (Ólafur Jónsson), Sovétríkjunum (Árni [Bergmann]) eða menntaðir í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands (Erlendur, Eiríkur, Hreinn, Bjarni)“. Þeir skrifi „flestir eins konar stefnuyfirlýsingu um skilning sinn á hlutverki bókmenntagagnrýni“ en þó að þeir „leggi sig í líma við að vera málefnalegir“ og hlutlægir einkennist bókmenntaumræða sjöunda áratugarins af „jafnvægisleysi“ og verði oft „alltof neikvæð“, ekkert verði „nógu gott“.

¹⁵⁷² Erlendur Jónsson: *Gullöldin. Mennt og skuggar í Morgunblaðshöll*, 2014, Lestu.is, 2007, 113.

¹⁵⁷³ Erlendur Jónsson: *Gullöldin*, 74 og 113.

¹⁵⁷⁴ Árni Bergmann: *Eitt á ég samt*, 272.

¹⁵⁷⁵ Dagný Kristjánsdóttir: „Árin eftir seinna stríð“, 446 og 448-449.

Bókmenntaumuræða sjöunda áratugarins sýnir þegar verst lætur hve erfitt hlutskipti þeirra manna var sem mótuðu nýja og faglega menningarumræðu í fjölmiðlunum á þessum tíma og hve hröð þróunin varð frá áhugamennsku yfir í fagmennsku.¹⁵⁷⁶

Strax árið 1958 fullyrðir J.Ó.P. (líklega Jakob Ó. Pétursson, ljóðskáld og ritstjóri *Íslendinga*) að undanfarin ár hafi „allstór hópur menntaðra manna lagt sig í líma við að skapa þjóðinni nýjan listasmekk“, að „troða inn í þjóðina“ lélegum kveðskap „þó hún hafi litla lyst á“.¹⁵⁷⁷ Þau orð voru svar við þeim orðum Sigurðar A. Magnússonar að rím og stuðlar væru jafn ómarktækur „mælikvarði á gæði skáldskapar og kommusetning er á stíl höfunda í óbundnu máli“.¹⁵⁷⁸ Órímuð ljóð voru þá reyndar langt frá því að vera einhver nýjung. Sem dæmi má nefna að árið 1957 álitur Nanna Ólafsdóttir, ritstjóri tímaritsins *Melkorku*, það greinilega sjálfsagðan hlut að Sigríður Einars yrki órímuð ljóð og telur það reyndar best þegar ljóð hennar eru óbundin af rími: „[...] þá nær hún svo staklega góðu samræmi í efni, orðavali og formi, að mér finnst ljóð hennar með þeim beztu sem nú birtast“.¹⁵⁷⁹ Þeir sem eru andvígir breyttum viðmiðum í mati á skáldskap líta hins vegar á slíkan málflutning sem áróður „fyrir gildi sérhverra nýrra hundakúnsta um innihald og framsetningu skáldverka“ og hættulegri misbeitingu valds, eins og sést einnig á orðum Gunnars Benediktssonar árið 1969:

Sá sem ekki getur játað birtingu heilags anda í ritum þeim, sem gagnrýni titlaðra bókmenntafræðinga hefur til skjýjanna, hann á þær ógnir yfir höfði sér, að vera útskúfaður úr samfélagi hinna innvígðu bókmenntamanna og fá á sig fordæmingu sem steinrunninn forngripur.¹⁵⁸⁰

Hvatirnar að baki þessum meintu aðförum eru annarlegar að mati Gunnars, sem telur það hreinlega viðfangsefni sálfræðinga að taka til meðferðar afstöðu „bókmenntafræðinga og frammámanna rithöfunda, sem með einhverjum myrkursins dularmætti hafa verið knúnir til að taka á arma sér bókmenntalega vanskapninga, gera þá að sínum kjörbörnum og slæva með því og afvegaleiða smekk fólksins og skilning á því, hver þýðing bókmenntanna er fyrir daglegt líf okkar manna“.¹⁵⁸¹ Raunveruleg þýðing bókmenntanna glatast að mati Gunnars, sé reynt „að fá lesendur til að lesa bækur á allt annan veg en Íslendingar hafa lesið bækur nú í 800 ár“.¹⁵⁸²

Íslendingar hafa lesið Njálu og Eglu í mörg hundruð ár, en ekki fyrir forvitni sakir. Menn lásu þær til að lifa sig inn í stórbrotin örlög, kynnast fjölbreytileika mannlegs lífs, mannlegra

¹⁵⁷⁶ Sama, 449.

¹⁵⁷⁷ J.Ó.P.: „Það skal í ykkur samt“, bréf frá lesendum, *Félagsbréf*, 9, 1958, 47.

¹⁵⁷⁸ Sigurður A. Magnússon: „Ljóðagerð yngri skáldanna“, 7.

¹⁵⁷⁹ N.Ó.: „Tveir ritdómar“, ritdómur um *Milli lækjar og ár* eftir Sigríði Einars, *Melkorka*, 2, 1957, 54.

¹⁵⁸⁰ Gunnar Benediktsson: „Þegar blindur leiðir ...“, 384-385.

¹⁵⁸¹ Sama, 391.

¹⁵⁸² Sama, 384.

viðhorfa og skapgerða. [...] Það hefur ef til vill ekki mikið verið rætt um fegurð málsins og sérkenni þess á einni sögunni og svo annarri, og það er hreint ekki víst, að það hafi verið svo margir, sem hafi gert sér grein fyrir lykilhlutverki máls og stíl að heimum [svo] nýrra hugmynda og hughrifa. En málið læsti sig á tungu neytandans og setti sinn svip á umræðu daglegs lífs og lyfti málfari soltins og klæðlítils öreigalýðs til eðalhæða.¹⁵⁸³

Gunnar telur einmitt að „einn af aflagisháttum [svo] gagnrýnnar“ sé að nú megi maður „ekki vænta þess að hafa gagn af góðri bók, fyrr en maður hefur lesið hana oft og mörgum sinnum og hugleitt inntak hennar með vangaveltum á alla vegu“, „eftir feikna strit og stríð“.¹⁵⁸⁴ Hann stillir því meðvituðum, vísindalegum lestri nútímans¹⁵⁸⁵ upp sem andstæðu náttúrulegs og fyrirhafnarlauss lesturs fortíðar þar sem lesandinn innbyrti siðmenntandi áhrif lestursins ómeðvitað og ósjálfrátt. Þremur árum áður hafði Sigurður Nordal dregið upp álíka upphafna mynd af náttúrulegu sambandi íslenskrar alþýðu við bókmenntir sínar. Hann vitnar í þau orð úr ræðu Guðmundar Finnbogasonar frá árinu 1918 að stefna ætti að því „að Háskóli Íslands verði hvervetna talinn æðstur dómstóll í íslenskum fræðum og viðurkenning hans hæstur heiður í þeim efnum“,¹⁵⁸⁶ en finnst hins vegar að æðsti dómstóll eða hæstiréttur séu „stór orð“. Hann vill greinilega fjarlægja sig og kollega sína hinu eiginlega úrskurðarvaldi er hann segir að fræðimenn í norrænum fræðum, íslenskir og erlendir, hafi sjaldnast getað komið sér saman um neitt og það geti verið huggun þeim sem „á dómaraþól eiga að sitja“. Í framhaldinu færir hann dómvaldið af herðum hins akademíska sérfræðings og yfir á hinn almenna, þ.e. íslenska, lesanda, og segir það „kall og kvöð allra Íslendinga að vera hæstiréttur í sínum þjóðlegu fræðum“. Um leið greinir hann sig skilmerkilega frá ímynd hins brjálaða vísindamanns (sjá bls. 266) þegar hann segist hafa verið „efasemdamaður og að sumu leyti uppreisnarmaður, að því er tekur til skoðana á fræðum [s]ínum sem vísindum og tilgangi þeirra“.¹⁵⁸⁷ Uppreisn Sigurðar gegn vísindunum virðist að mestu leyti felast í hinum þjóðlegu, alþjóðlegu og „mannlegu“ áherslum sem fjallað hefur verið um hér framar (sjá bls. 263-265),

¹⁵⁸³ Sama, 384.

¹⁵⁸⁴ Sama, 384.

¹⁵⁸⁵ Árið 1981 skrifar Vésteinn Ólason um *bókmenntahæfi*, þ.e. áunninn hæfileika „til að skilja — eða mynda — þann merkingarauka sem felst í skáldverki“ og hljóti „að liggja til grundvallar skilningi okkar á merkingar auka skáldskaparins“. Hann viðurkennir að slík bókmenntahæfi sé „jafnhæf hvort sem hún er meðvituð eða ómeðvituð“ en bætir því við að „eitt af markmiðum bókmenntafræði og þá ekki síst bókmenntakennslu [sé] að gera hana meðvitaða“. Vésteinn Ólason: „Bókmenntir og bókmenntatúlkun“, *Mál og túlkun. Safn ritgerða um mannleg fræði*, Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafélag, 1981, 109 og 116. Grein Vésteins er samin „upp úr handriti að tveimur fyrirlestrum sem fluttir voru á námskeiði í forspjallsvísindum 1976 og 1977“. Sama, 124.

¹⁵⁸⁶ Guðmundur lét þessi orð falla er Björn M. Ólsen var kjörinn heiðursdoktor háskólans 17. júní 1918. „Doktorspróf og doktorskjör“, *Árbók Háskóla Íslands fyrir 1917-1918*, 1918, 39.

¹⁵⁸⁷ Sigurður Nordal: „Ræða við doktorskjör í Háskóla Íslands 22. október 1966“, *List og lífsskoðun* III, Reykjavík. Almenna bókafélagið, 1987, 271. Sótt í Gunnar Stefánsson: *Sigurður Nordal og Háskóli Íslands*, RÚV, 23. október 2011, sótt 31. október 2011 af <http://www.ruv.is/sarpurinn/sigurdur-nordal-og-haskoli-islands/23102011>.

en hann telur að fáir lærdómsmenn hafi „skilið íslenska tungu forna og nýja svo vel, að þeir hefðu ekki getað lært sumt betur af hverjum íslenskum smala“.

Að vísu er jafnan skylt að hafa það sem sannara reynist að undirstöðu, svo langt sem það nær. En um það takmark þessara fræða, að glæða eftir veikum mætti ást og skilning alþjóðar á tungu sinni, bókmenntum og sögu, skyldur þessara fræða við smalana, ef svo mætti að orði komast, hef ég aldrei efast. Þá múra sem í flestum löndum eru milli svonefndra lærdómsmanna og almennings má aldrei reisa á Íslandi.¹⁵⁸⁸

Smalinn verður hér æðsta táknmynd alþýðumannsins sem vex upp úr íslenskri náttúru og leiðsögn menntamanna takmarkast við að aðstoða þá til að geta verið „hæstiréttur í sínum þjóðlegu fræðum“. Íslenskir gagnrýnendur byggja samkvæmt þessu umboð sitt og vald ekki á því að vera fulltrúar yfirstéttar, útlendrar menntunar eða æðri dómstóls, heldur á sambandi sínu við þjóðlega alþýðu.

Samkvæmt orðum Gunnars Benediktssonar eru nútíma gagnrýnendur hins vegar ekki aðeins ófærir um að lesa texta á alþýðlegan, náttúrulegan hátt; þeir geta heldur ekki skrifað texta sem nær til almennra lesenda. Bókin *Fljótt fljótt sagði fuglinn* eftir Thor Vilhjálmsson hafi fengið „næsta hátíðlega umsögn af vörum vandvirks menntafólks og fagurt lof“, en „á þann veg“ að Gunnar „varð bókstaflega engu nær um það, hvers konar bók þetta var“. Slík „lofgerðarvella gagnrýninnar [...] og allar vangavelturnar og öll spekiyrðin, sem enginn heilvita maður fær nokkurn botn í“ hafi hreinlega skemmt lestrarnautn hans af *Kristnihaldi undir Jökli*¹⁵⁸⁹ en hvað *Fljótt fljótt sagði fuglinn* áhrærir telur Gunnar hvort eð er enga nautn úr því verki að hafa þar sem hann hafi hvergi getað fundið þar neitt til að fóta sig á, heldur hafi hann sem lesandi svifið í lausu lofti.¹⁵⁹⁰

Séu ritdómar Ólafs Jónssonar skoðaðir er reyndar ekki mikið um tæknileg „spekiyrði“ í þeim, en eins og fram hefur komið reynir hann gjarnan að setja hugleiðingar sínar um skáldskapinn fram á lifandi og lýsandi hátt (sjá bls. 336). Og hann nýtir sér vissulega fræðileg vinnubrögð, beitir til dæmis aðferðum nýrýninnar til að takast á við nútímaskáldskap. Gunnar Stefánsson lýsir honum sem „skilgreinandi“ gagnrýnanda sem „hafði hlotið skólun og þjálfun í að fást við bókmenntatexta“ og dró jafnan „fram meginatriði í listrænni gerð skáldverks, þeim viðhorfum og forsendum sem það var reist á, hvort sem smíðin sjálf hafði svo tekist betur eða verr að hans dómi“.¹⁵⁹¹ Gunnar Benediktsson fordæmir áherslur eins og að skipa ritum „í flokka af sömu nákvæmni og verið er að flokka fisk til útflutnings eða ull í

¹⁵⁸⁸ Sigurður Nordal: „Ræða við doktorskjör í Háskóla Íslands 22. október 1966“, 271.

¹⁵⁸⁹ Gunnar Benediktsson: „Þegar blindur leiðir...“, 385-386.

¹⁵⁹⁰ Sama, 386-387.

¹⁵⁹¹ Gunnar Stefánsson: „Ólafur Jónsson“, 1.

klæðaverksmiðju“,¹⁵⁹² en eins og fram hefur komið taldi Ólafur Jónsson reyndar sjálfur að um bókmenntir væri ekki „til að dreifa algildum reglum“ eða aðferðum „sem læsa megi í formúlu og brúka síðan formúluna fyrir mælistiku á tiltekin skáldrit“. Fremur verði að „leita að þeim lögum og reglum sem gilda um hvert og eitt skáldverk fyrir sig“ (sjá bls. 324). Gunnar sakar hann og aðra fulltrúa nýrra fræða samt um slíka kerfisbindingu listarinnar þar sem hverju verki sé „skipað í ákveðna skúffu“ en kvartar jafnframt undan því að „[k]omi nýtt verk, sem ekki fellur í norm neins þess, sem fyrr er, er komið með nýja skúffu, og höfundurinn er orðinn brautryðjandi nýs tíma og afbragð annarra manna“.¹⁵⁹³ Nýjar bókmenntakenningar virðast þannig fyrst og fremst fela í sér full afstæð viðmið, eins og m.a. má sjá af því að Óskar Aðalsteinn gerir það að sérstöku umtalsefni að Ólafur noti orðið „á hugaverður“ sem „eins konar markorð, bæði í jákvæðri og neikvæðri merkingu“,¹⁵⁹⁴ en árið 1965 hafði lokaniðurstaða Ólafs um eina af bókum Óskars Aðalsteins, *Breyskar ástir*, einmitt verið sú að hún væri „ekki á hugaverð“.¹⁵⁹⁵ Að sama skapi finnst Gunnari Benediktssyni það hnignunarmerki þegar „menn með háum lærdómstitlum á bókmenntasviði“ tali helst „um forvitnilegar bækur, svo sem forvitni væri orðin einhver dýrðareiginleiki, en hennar hafði maður löngum heyrt getið í sambandi við kjaftakerlingar og þess háttar dót“.¹⁵⁹⁶ Þessi andúð á orðunum „forvitnilegt“ og „á hugavert“ kemur dálítið spánskt fyrir sjónir, en vissulega er gildismatið sem þeim fylgir afstæðara en ýmissa annarra orða sem gegnum tíðina hafa verið notuð til að lýsa góðum bókmenntum, eins og „gott“, „karlmannlegt“, „sterkt“, „háleitt“ eða „þjóðlegt“. Orðin forvitnilegt og á hugavert fela ekki í sér endanlegt gildismat, heldur lýsa yfir tilefni til að kanna eitthvað frekar. Að nota það sem lýsingu á verki er því að vissu leyti að skjóta því á frest að fella endanlegan dóm yfir því, en opna það fyrir margvíslegum hugleiðingum og túlkunum.

Eins og fram hefur komið er afneitunin á dómara hlutverki ritdómarans, til dæmis með vísun í almannadóm eða dóm tímans, oft notuð sem viðbragð gegn mögulegri misnotkun ritdómarans á valdi sínu, gegn mögulegum ofmetnaði einstaka ritdómara. Ritdómarar nota líka sjálfir slíka afneitun sem vörn gegn ásökunum um valdníðslu. En á seinni hluta 20. aldar felur hún líka í sér róttækan kjarna; höfnun á því viðhorfi að yfir höfuð sé hægt að vísa til einhvers æðri dómstóls. Njörður P. Njarðvík viðurkennir ekki aðeins að hann telji sig ekki færan um að dæma *Gangrimlahjólíð* (sjá bls. 327), heldur grefur einnig undan sinni eigin

¹⁵⁹² Gunnar Benediktsson: „Þegar blindur leiðir...“, 387.

¹⁵⁹³ Sama, 387.

¹⁵⁹⁴ Óskar Aðalsteinn: „Rauði páfádómstóllinn í bókmenntum Íslendinga. Síðari hluti“, 7.

¹⁵⁹⁵ Ólafur Jónsson: „Líf lagt út í orðum“, ritdómur um *Breyskar ástir* eftir Óskar Aðalstein, *Alþýðublaðið*, 12. desember 1965, 7.

¹⁵⁹⁶ Gunnar Benediktsson: „Þegar blindur leiðir...“, 384.

túlkun á henni; segir að menn hafi ekki verið „á eitt sáttir hvernig beri að skilja þessa bók“ og að hann haldi „því alls ekki fram að [s]inn skilningur sé sá eini rétti“. Það eina sem stendur eftir er afstætt sérfræðingshlutverk: „Ég hef aðeins verið beðinn að lýsa henni. Það hef ég reynt að gera.“¹⁵⁹⁷ Hættan er sú að slíkar yfirlýsingar ræni gagnrýnandann menningarlegu forræði hans og geri starf hans tilgangslítið (sjá bls. 372), og reyndar voru þær notaðar til að ýta fræðilegum gagnrýnendum til hliðar á markaðsvæddu íslensku bókmenntasviði á síðustu áratugum 20. aldar, eins og nánar verður vikið að í næsta kafla.

Í þessum kafla hefur verið fjallað það hvernig krafan um fagleg og akademísk vinnubrögð fléttast saman við og togast á við þjóðlegu viðmiðin sem mótuðu íslenska ritdóma. Áherslan á hið þjóðlega og alþýðlega er allsráðandi á fyrri hluta 20. aldar og á sinn þátt í því að fræðileg orðræða þykir tortryggileg langt fram eftir öldinni. Þar inn í spila þó einnig aldagamlar áherslur á tilfinningalegt eðli listarinnar og hugmyndir um stöðu fegurðardóma á mörkum hins röklega og hins tilfinningalega, en þær hugmyndir ganga í endurnýjun lífdaga um miðbik aldarinnar þegar vaxandi áhersla á vísindalegar aðferðir við bókmenntagreiningu vekur ugg.

Á íslenska bókmenntasviðinu virðist hafa komist á ákveðið jafnvægi á fyrstu áratugum 20. aldar og ríkt vel fram yfir miðbik aldarinnar þannig að átök voru bundin við hefðbundin andstæðupör (t.d. alþjóðlegar stefnur/þjóðernisrómantik, vinstri/hægri, róttækni/íhaldseemi, pólitík/fagurfræði eða frjálst/bundið ljóðform). „Nútímalegar“ hugmyndir um afstæði fegurðardóma og mögulegt merkingarleysi ógnuðu í raun ekki grundvelli þessa tiltölulega íhaldssama bókmenntasviðs sem mótaðist á 19. öld með áherslu á samfellu þjóðlegrar fortíðar, nútíðar og framtíðar og stigveldi karlhöfunda. Flestir voru í grundvallaratriðum sammála um hlutverk ritdómara, en Sigurður Nordal lýsir því ágætlega árið 1925 sem þrjúþættu. Dómar þeirra geti vissulega haft „meira bókmentagildi en ritið sjálft“, eins og Oscar Wilde segi „í hinu aðdánlega samtali sínu: *The Critic as Artist*“, en slíkt sé þó aðeins á fárra færi. Í öðru lagi geti samviskusamir og smekkvísir ritdómarar verið dýrmætir „leiðsögumenn lesanda, bæði um að velja sér bækur og lesa þær með réttum skilningi, greina milli góðs og ills“. Sigurður tekur þó fram að þetta sé „mikið vandaverk og getur aldrei lánast til fullra hlítar“. „Smekkleysi almennings“ geti „verið ofursterkara hinnu hörðustu og réttmætustu árás“, auk þess sem hver ritdómari verði að sætta sig við þá tilhugsun, að skilningi hans séu takmörk sett og honum geti skjátlazt“. Mikilvægasta hlutverk ritdómara sé hins vegar „að bæta og efla bókmentir þær, er samtímis þeim skapast“.¹⁵⁹⁸ Nokkuð almenn sátt virðist hafa

¹⁵⁹⁷ Njörður P. Njarðvík: „Bækur“, ritdómur um *Gangrimlahjólíð* eftir Loft Guðmundsson, 46.

¹⁵⁹⁸ Sigurður Nordal, „Um ritdóma“, 59-60.

ríkt um að afmarkaður hópur menntamanna þyrfti að leiða almenningsálitið með hagsmuni þjóðarinnar að leiðarljósi.

Á síðustu áratugum 20. aldar má hins vegar greina raunverulegan vilja á alþjóðavísu til að raska ríkjandi jafnvægi; gagnrýna ríkjandi valdaformgerð og gera tilraunir til að breyta reglum leiksins. Viðbrögðin benda til þess að orðræða sem beinir þannig sífellt athyglinni að eigin forsendum og veikleikum þyki afbrigðileg; hættuleg þráhyggja sem sé ekki til þess fallin að treysta undirstöður bókmenntasviðsins heldur grafi undan þeim.

6 Markaðurinn og listin

Eins og fram hefur komið einkennist 20. aldar gagnrýni af þeirri tvíbentu stöðu gagnrýnenda að eiga að verja sérstöðu listarinnar með virkri þátttöku í stofnanavæddum, pólitískum og markaðsvæddum hliðum bókmenntasviðsins. Í síðustu tveimur köflum hefur verið fjallað um pólitíska hlið bókmenntaheimsins og fræðilega bókmenntaumfjöllun, en hin viðkvæmu tengsl listar og markaðar verða í brennidepli í þessum kafla.

Í því samhengi er rétt að rifja upp að í fyrri hluta þessarar ritgerðar kemur fram að hugmyndalegar rætur ritdóma liggja í húmanisma endurreisnarinnar, þeir verða síðan til sem textategund á tímum upplýsingar, sem bein afurð markaðsvæðingar bókmennta og fjölmiðla, en mótast á Íslandi fyrst og fremst undir áhrifum uppreisnargjarnrar rómantíkur. Uppreisn rómantíkurinnar beindist ekki síst gegn markaðslegum áherslum, en strax árið 1794 sagði Schiller aukna „hættu á því að tíðarandinn fjarlægist hina hreinu list“ sem sé „dóttir frelsisins“:

Nytsemin er hið mikla skurðgoð okkar tíma, sem hneppir alla krafa í ánauð og allir þeir, sem einhvers mega sín, verða að lúta. Á þessari grófgerðu vog hafa andlegir verðleikar listarinnar ekkert vægi og eftir að búið er að reyta þannig af henni fjaðrirnar flýr hún háreystina á markaðstorgi aldarinnar.¹⁵⁹⁹

Þórir Óskarsson telur að í frumleikadýrkun rómantíkurinnar hafi falist „andóf gegn því að listin væri gerð að venjulegri framleiðsluvöru, því var hún upphafin til að greina hana frá vélrænni hversdagsvinnu“.¹⁶⁰⁰ En það er erfitt að heimfæra slíkar kenningar um andóf gegn listinni sem söluvöru upp á Ísland 19. aldar þar sem bókaútgáfa var óravegu frá því að vera „eins og hver annar iðnvarningur“. Frekar má segja að hugmyndir um frumleika (eins og svo margt annað) hafi verið „fluttar inn“ til Íslands og fengið brautargengi í krafti þess að vera samþykktar af erlendu menningaryfirvaldi.

Á 20. öld verða hugmyndir um að fjöldaframeidd afþreyingarmenning sé hin sjúka andstæða heilbrigðrar menningar æ áleitnari og togstreita markaðar og lista hefur mikil áhrif á bókmenntaumfjöllun. Eysteinn Sigurðsson telur til dæmis árið 1986 að „kenningar bókmenntafélagsfræðinnar um lögmál hins frjálsa markaðskerfis um framboð og eftirspurn, að því er bókmenntir varðar, og áhrif þess á sköpun þeirra“, en þau fræði séu „meðal annars

¹⁵⁹⁹ Schiller: *Um fagurfræðilegt uppeldi mannsins*, 70.

¹⁶⁰⁰ Þórir Óskarsson: *Undarleg tákni á tímans bárum*, 32.

sprottin upp úr skoðunum marxískra bókmenntafræðinga“, séu „eitt af því sem komið hefur markvert út úr umræðu liðinna ára um nýjungar í bókmenntafræði.“¹⁶⁰¹

Kenningar um áhrif kapítalismans og fjöldaframleiddrar afþreyingarmenningar urðu strax áberandi á fjórða áratug síðustu aldar. Fræðimenn á borð við Theodor W. Adorno og Max Horkheimer, sem hræddust afþreyingariðnaðinn, voru vinstrisinnaðir og töldu „fjöldamenningu“ og menningariðnað tæki kapítalismans til að stjórna fjöldanum. Menningariðnaðurinn hefði breytt menningu í söluvöru, væri orðinn að ábatasamri endurvinnslu á formúlum. Þetta leiddi til einsleitni; staðlaðrar fjöldaframleiðslu og fjöldaneyslu. Það viðhorf varð nokkuð viðtekið að fjöldamenning endurframleiddi einfaldlega ríkjandi gildi samfélagsins, að framleiðslan stjórnaði neyslunni og viðtakendur brygðust ósjálfrátt, nánast vélrænt, við.¹⁶⁰² Frjálslyndir fræðimenn á fimmta og sjötta áratug 20. aldar bentu þó á að þótt framleiðslan væri stöðluð þýddi það ekki að viðbrögð áhorfenda væru það líka. Í raun ætti sér ávallt stað flókið samspil milli framleiðenda og viðtakenda.¹⁶⁰³

Joanne Hollows telur að fræðimenn á borð við Adorno og Horkheimer hafi í raun „endurspeglad 19. aldar hugmyndir um að lýðræði gæti aðeins virkað í samfélagi hugsandi einstaklinga en ekki í samfélagi þar sem fáfróður fjöldi væri við stjórn.“¹⁶⁰⁴ Gagnrýnendur svokallaðrar „fjöldamenningar“ hafi verið — og séu enn — að bregðast við missi menningarlegs valds, m.a. með því að reyna að breyta jaðarstöðu sinni í forréttindastöðu. Staða þeirra „utan“ fjöldans og meginstraumsins eigi að vera trygging fyrir því að þeir mengist ekki af hættulegri fjöldamenningunni — og í því eigi að felast eina vonin fyrir nútímamenningu.¹⁶⁰⁵

Morris Dickstein telur að atvinnurítómariinn hafi átt sitt blómaskeið á fjórða og fimmta áratug 20. aldar en sé nú deyjandi stétt.¹⁶⁰⁶ Hann vitnar í Alfred Kazin sem bent hefur á að margir virtustu gagnrýnendur fortíðarinnar, sérstaklega þeir sem blómstruðu í menningarblaðamennsku 19. aldar, karlar á borð við Edgar Allan Poe, Samuel Taylor Coleridge, William Hazlitt, Charles Augustin Sainte-Beuve, Marcel Proust, Ralph Waldo

¹⁶⁰¹ Eysteinn Sigurðsson: „Kjarnmikið fræðirit“, ritdómur um *Bókmenntafræði handa framhaldsskólum* eftir Véstein Ólason, *Tíminn*, 15. janúar 1986, 11.

¹⁶⁰² Joanne Hollows: „Mass culture theory and political economy“, *Approaches to Popular Film*, ritstj. Joanne Hollows og Mark Jancovich, Manchester og New York, Manchester University Press, 1997, 25.

¹⁶⁰³ Sama, 21.

¹⁶⁰⁴ „[The mass culture critics] echoed the claims of nineteenth-century conservatives that democracy could only work in a society made up of thinking individuals, and would fail in a society dominated by ignorant masses.“ Sama, 17.

¹⁶⁰⁵ Sama, 17-18. Hollows bendir á Nicholas Garnham sem telur að gagnrýnendur fjöldamenningar verji eigin gildi, gildi hámenningarinnar, en þau byggja á ójöfnuði í samfélaginu. Enn fremur telur hann að skoðanir þessarar menningarelitu hafi áhrif á grundvöll menningarinnar (ríkisstyrkir fara t.d. yfirleitt til hefðbundinnar hámenningar). Sama, 30-31.

¹⁶⁰⁶ Dickstein: *Double Agent. The Critic and Society*, 56.

Emerson, Henry James og Mark Twain, hafi leitað að stærsta mögulega lesendahópnum en með reglulegu samtali við lesendur hafi þeir sett ákveðin viðmið, „skapað umræðusvæði þar sem hugmyndir söfnuðust saman, þar sem hægt var að ritdæma vanrækta en mikilvæga höfunda og kynna nýja“.¹⁶⁰⁷ Úr grein Dicksteins má lesa að menningartímarit 19. aldar hafi í senn nýtt sér á skapandi hátt stíl og anda dægurmenningarblaðamennsku og tekið að sér að vernda íhaldssamari gildi með andstöðu gegn vinsældadadriinu, „leiðréttu almennan smekk“.¹⁶⁰⁸ Á síðari hluta 20. aldar hafi bókaútgefendur hins vegar, ekki síst með tilkomu nýrra miðla eins og sjónvarps, þróað öflugar aðferðir til kynningar þar sem engin hætta væri á neikvæðri gagnrýni. Örstutt innsög í afþreyingarþáttum, þar sem persóna höfundarins er í aðalhlutverki, ásamt fréttum af bóka- og kvikmyndasamningum, metsölulistum og viðtölum eða frásögnum af einkalífi höfunda séu smám saman að taka við af gagnrýnum dómum. Aðeins gæðabækur sem eigi litla möguleika á markaðstorginu reiði sig enn á ritdóma.¹⁶⁰⁹

Enn er af og til mögulegt að sjá bók eða kvikmynd grillaða í einum dálki og kynnta gagnrýnislaust sem dásamlegan viðburð hinum megin á blaðsíðunni. En þessi geðklofi er orðinn jafnvel ritdómurum of streituvaldandi; það er mun auðveldara fyrir þá að taka undir lofkórinn áður en þeir snúa sér að næsta ódauðlega listaverki. Ritdómarar eru sjálfir orðnir að sjónvarpsskemmtikröftum [...]. Jafnvel á prenti, sjást ritdómarar oft draga að sér athyglina, hringsnúast með þvinguðum fjörleika til að krækja í hverfula athygli lesandans.¹⁶¹⁰

Fjöldmörg dæmi um slík viðhorf má sjá í íslenskri menningarumræðu 20. aldar, þegar aukin markaðsvæðing bókmennta og almennt aðgengi að kvikmyndum og síðar sjónvarpi skapa skilyrði fyrir markaðsvædda „fjöldamenningu“ hér á landi.

Auglýsingar fyrir jólabókamarkað

Samkvæmt John Chr. Jørgensen voru tilkynningar um nýjar bækur fyrsti vísirinn að ritdómum (sjá bls. 77). Morris Dickstein hefur jafnframt bent á að saga ritdóma hafi þróað samhliða sögu auglýsinga, enda verði gagnrýnin menningarblaðamennska mikilvæg þegar listin færast af svæði hirðarinnar og salónanna og inn á markaðstorgið og til sögunnar kemur stór, almennur lesendahópur sem er að kynnast listmenningu, er óviss um eigin smekk og sækir í

¹⁶⁰⁷ „[...] a forum around which ideas gather, where neglected important figures can be revived and new writers recognized“. Alfred Kazin: „The Function of Criticism Today“, *Commentary Magazine*, 11. janúar 1960, sótt 7. desember 2014 af <http://www.commentarymagazine.com/article/the-function-of-criticism-today/>. Tilvitnun sótt í Dickstein: *Double Agent. The Critic and Society*, 58.

¹⁶⁰⁸ „[...] correction of popular taste [...]“. Dickstein: *Double Agent. The Critic and Society*, 59.

¹⁶⁰⁹ Sama, 57.

¹⁶¹⁰ „It is still possible, occasionally, to see a book or movie roasted in one column while being promoted uncritically as a glorious event on the other side of the page. But this schizophrenia has become too stressful even for reviewers to bear; it's far easier for them to join the chorus of celebration before passing on to the next undying masterpiece. Reviewers have become television performers themselves [...]. Even in print, reviewers can often be seen pleading the attention, pirouetting with factitious liveliness to hook the reader's elusive interest.“ Sama, 57.

leiðsögn um völundarhús menningarafurðanna. Ritdómarar séu „mikilvægur hlekkur í markaðskeðju sem tengir nútímaframleiðendur menningar við mögulega neytendur hennar“.¹⁶¹¹ Dickstein segir að þetta hafi gefið ritdómum lága menningarlega stöðu¹⁶¹² og vísar í John Clive sem segir um upphaf 19. aldar:

[...] tugir atvinnupenna voru algjörlega háðir miskunn ritstjóra er sjálfir voru háðir bóksölum sem fjármögnuðu ritdómum til að auglýsa bækurnar sem þeir prentuðu og seldu. Þetta þýddi að lofi og lasti var óhjákvæmilega útdelt á forsendum markaðslegra gilda frekar en bókmenntalegra.¹⁶¹³

En þótt hér á landi hafi snemma orðið til lesandi almenningur og Ólafur Jónsson telji að fyrsti „vísir að rithöfundastétt og reglulegum bókamarkaði“ verði til á 19. öld,¹⁶¹⁴ var erfitt að gera framleiðslu bóka arðbæra. Í raun má segja að hér hafi myndast markaður fyrir fjölmiðla og bókmenntaumfjöllun innan þeirra áður en bókaútgáfa og bóksala varð markaðstengd að nokkru ráði. Má það m.a. rekja til áður nefndra flokkadrátta í pólitík og bókmenntum í upphafi 19. aldar, en Dickstein bendir á að slíkir flokkadrættir hafi eftl gagnrýninn anda í blaðaskrifum, þ.á.m. ritdómum.¹⁶¹⁵ Pólitík var því helsta ástæða þess að ritdómar þróuðust sem mikilvæg textategund hér á landi. En bókaútgáfa fór vaxandi fram eftir allri 20. öldinni¹⁶¹⁶ og í seinni heimsstyrjöldinni og á eftirstrífðsárunum lögðu efnahagslegur vöxtur og aukin atvinnutækifæri grunninn að stórvexti í útgáfuiðnaði, eins og fram kemur í ritgerð Eggerts Þórs Bernharðssonar, *Bókaþjóð í borg*. Bækur urðu vinsæl jólagjöf, ekki síst vegna þess að fátt annað hentugt var í boði; almennur vöruskortur fylgdi stríðinu og í kjölfar þess kom „nýr tími hafta og skömmunar“.¹⁶¹⁷ Um leið urðu íslenskir gagnrýnendur „mikilvægur hlekkur í markaðskeðju“ sem aldrei fyrr.

Árið 1942 segir í *Bjarma* að bókaflóðið mikla sem hafi „verið meðal þjóðarinnar undanfarið“ í kringum jólin stafí m.a. af því að „hentugar tækifærisgjafir“ hafi vantað og undir „slíkum kringumstæðum“ sé „oft gott að grípa til bókar“ sem sé alltaf viðeigandi

¹⁶¹¹ „Reviewers are key links in a commercial chain which connects the modern producers of culture with its potential consumers.“ Dickstein: *Double Agent. The Critic and Society*, 56.

¹⁶¹² Sama, 56.

¹⁶¹³ „[...] scores of hacks and penny-a-liners were completely dependent on the mercy of editors in their turn dependent on booksellers who financed the reviews in order to advertise the books they printed and sold. This meant that praise and blame were invariably bestowed on the basis of commercial rather than literary criteria.“ Sama, 57.

¹⁶¹⁴ Ólafur Jónsson: „Bókmenntir og samfélag“, 15.

¹⁶¹⁵ „Criticism became a hard-hitting enterprise deeply enmeshed with political pamphleteering and the emergence of new classes of readers, who were also new players in the political arena.“ Dickstein: *Double Agent. The Critic and Society*, 61.

¹⁶¹⁶ Sjá t.d. Ólafur Jónsson: „Bókmenntir og samfélag“, 16.

¹⁶¹⁷ Eggert Þór Bernharðsson: „Bókaþjóð í jólaflóði“, *Bókaþjóð í borg*, cand. mag.-ritgerð í sagnfræði, Reykjavík, Háskóli Íslands, 1992, sótt 18. apríl 2013 af <https://notendur.hi.is/~eggthor/bokathjodbaekurI.htm>.

gjöf.¹⁶¹⁸ En þótt aðstæður á Íslandi hafi þannig ýtt undir þróun jólabókamarkaðar er ljóst að Íslendingar fylgdu í þessum efnum fordæmi að utan. Strax árið 1897 segir til dæmis Haraldur Níelsson: „Það er orðin siðvenja hjá stórskáldum Norðmanna, að senda hinar nýju bækur sínar út rjett fyrir jólin; er þeim jafnan tekið með miklum fögnuði.“¹⁶¹⁹ Þá þegar var markaðsvaran „jólabók“ einnig að verða til á Íslandi, með tilheyrandi markaðssetningu — og andstöðu gegn markaðsvæðingunni. Upp úr 1880 verður til dæmis algengt að bækur eru auglýstar fyrir jólin sem hentugar jólagjafir. Eitt dæmi er eftirfarandi auglýsing sem birtist í *Ísafold* í desember 1883:

Ljóðmæli
Gríms Thomsens.
1 kr.
Fást á afgreiðslustofu Ísafoldar.
(Tilvalin jólagjöf!)¹⁶²⁰

Þá þegar má einnig sjá sterka tengingu milli ritdóma og auglýsinga á bókum til jólagjafa. Í desember 1883 má til dæmis finna í *Þjóðólfi* auglýsingu á *Húspostillu* eftir Helga biskup Thordersen, en fyrir neðan auglýsinguna hefur ritstjórinn, Jón Ólafsson, ákveðið að setja inn eftirfarandi athugasemd:

Þessarar bókar verður getið nánara í næsta blaði. En vér leyfum oss þegar að mæla ið bezta með henni. Tilhlýðilegri jólagjöf getr enginn gefið en þessa bók . *Ritstj.*¹⁶²¹

Langur og afar lofsamlegur, nánast hátíðlegur ritdómur birtist svo í þarnæsta tölublaði *Þjóðólfs* þar sem segir m.a. að „inn heiðraði útgefandi hlýtr heiðr og þökk af öllum góðum mönnum fyrir þessa bók“.¹⁶²²

Þær bækur sem auglýstar voru til jólagjafa voru í fyrstu oft kristilegar, til dæmis sálmbækur, Nýja testamentið og Biblían eða sérstakar jólasögur, en einnig ljóðabækur og þá sérstaklega bækur viðurkenndra stórskálda. Í auglýsingu í *Ísafold* 18. desember 1887 segir til dæmis að *Friðþjófssaga í ljóðum* eftir Esaias Tegné í þýðingu Matthíasar Jochumssonar, *Ljóðmæli* Gísla Thorarensens og *Ljóðmæli* Sveinbjörns Egilssonar séu „góðar og hentugar jólagjafir“.¹⁶²³ Smám saman víkkaði svo skilgreiningin á hentugum „jólabókum“. Árið 1917 birtist til dæmis í auglýsingu í *Morgunblaðinu* nokkuð lengri og fjölbreyttari listi yfir bækur

¹⁶¹⁸ „Skortur“, *Bjarni*, 3, 1942, 3.

¹⁶¹⁹ Haraldur Níelsson: „Bókafregn“, 154.

¹⁶²⁰ [Auglýsing], *Ísafold*, 19. desember 1883, 126.

¹⁶²¹ [Án titils], *Þjóðólfi*, 22. desember 1883, 144.

¹⁶²² Þ: „Bókmentir“, ritdómur um *Húspostillu* eftir Helga Thordersen, *Þjóðólfi*, 12 janúar 1884, 2.

¹⁶²³ [Auglýsing], *Ísafold*, 18. desember 1887, 232.

til að velja úr til jólagjafa en þar má finna, auk ljóðabóka, sálmabóka og Biblíunnar, *Hug og heim* Guðmundar Finnbogasonar, *Íslandssögu*, *Íslenska söngbók* og *Íslenskt söngvasafn*, uppeldisfræðirit, þýddu skáldsögurnar *Viktoríu* eftir Knut Hamsun og *Meyna frá Orleans* eftir Friedrich Schiller, auk þess sem úrval barnabóka er sagt mikið.¹⁶²⁴ Ritdómarar og aðrir sem fjalla um bækur fara greinilega að líta á það sem hluta af sínu starfi að benda fólki á það hvaða bækur geti hentað til jólagjafa. Í grein um Davíð Þorvaldsson árið 1929 segir til dæmis um ljóðabókina *Úr dagbók vinar*, að bókamenn geti „enga betri jólabók fengið en þessa“ og að unglingum sé „ekki hægt að gefa betri jólagjöf“.¹⁶²⁵ Árið 1937 eru bækur greinilega orðnar svo samofnar jólavertíðinni í hugum fólks að hægt er að fullyrða í auglýsingu að það sé „óumflýjanlegt“ að „kaupa nokkrar góðar jólabækur“.¹⁶²⁶

Aukin áhersla á jólagjafir almennt og markaðssetning bóka sem hentugra jólagjafa helst í hendur við uppsveiflu í bókaútgáfu. Vilhjálmur Þ. Gíslason segir frá því í *Ritsjá Eimreiðarinnar* árið 1946 að honum teljist til að árið 1944 hafi komið út 350 til 400 bækur hér á landi, „eða sem svarar nálægt því einni bók á dag“, sem sé „mikið móts við það, sem áður var“. Telur Vilhjálmur þetta ærna útgáfu, „þegar hér eru einstök forlög, sem gefa út eina bók á viku og önnur, sem gefa út meira en sem svarar einni bók á mánuði“ og sum „forlögin hafa nú þegar boðað mun meiri framkvæmdir á árinu 1946“.¹⁶²⁷ Á fyrri hluta aldarinnar verður mönnum reyndar afar tíðrætt um aukna bókaútgáfu og afleiðingar hennar. Slíkar umræður voru heldur ekki bundnar við Ísland, eins og fram kemur í *Lögbergi* árið 1933: „Bókastraumur sá, er yfir löndin flæðir á ári hverju er slíkur, að enginn hefir neitt glögt yfirlit yfir hann allan, ekki hjá hverri einstakri þjóð, hvað þá þeim öllum.“¹⁶²⁸

Í kringum 1940 verður orðið „bókaflóð“ að margtugginni klisju í dagblöðum og tímaritum, ekki síst í ritdómum, og er greinilega tengt jólavertíðinni. Aðalsteinn Sigmundsson vikur til dæmis að „bókaflóðinu, sem ryðst yfir íslenska lesendur núna fyrir jólin“ í ritdómi árið 1940¹⁶²⁹ og árið 1942 segir í kristilega tímaritinu *Bjarma*:

Bókaflóð, bókaflóð, bókaflóð.

Þetta orð kom oft fyrir í ritdómum fyrir jólin.¹⁶³⁰

¹⁶²⁴ [Auglýsing], *Morgunblaðið*, 19. desember 1917, 1.

¹⁶²⁵ r—s—n: „Davíð Þorvaldsson rithöfundur“, ritdómur um *Björn formann og fleiri smásögur* eftir Davíð Þorvaldsson, *Alþýðublaðið*, 18. desember 1929, 3.

¹⁶²⁶ [Auglýsing], *Skutull*, 18. desember 1937, 4.

¹⁶²⁷ V.Þ. G.: „Úr bókaflóðinu 1945“, *Eimreiðin*, 1, 1946, 74.

¹⁶²⁸ „Bókaflóð“, *Lögberg*, 2. nóvember 1933, 4.

¹⁶²⁹ A. Sigm.: „Bækur“, ritdómur um *Laufvindar blása* eftir Margréti Jónsdóttur, *Tíminn*, 19. desember 1940, 207.

¹⁶³⁰ „Skortur“, 3.

Það samræmist vitanlega hinum kristilega anda tímaritsins að vara við því að í slíku „flóði“ séu bækur „misjafnar að gæðum“, sumar „góðar, en aðrar til skammar og hreinasta eitur fyrir sálarlíf æskunnar“.¹⁶³¹ Slíkar áhyggjur voru þó almennar og var til dæmis mikið býsnast yfir því hversu margar erlendar bækur væru nú þýddar á íslensku. Í *Lögbergi* er fremur vægt til orða tekið þegar sagt er að „[m]ikill hluti þessara bóka, [séu] dægurbækur, sem hverfa og gleymast skömmu eftir að þær eru komnar út“ og viðurkennt að „þar fyrir geta þær að sjálfsgöðu haft ýmislegt gildi, margar hverjar“.¹⁶³² Yfirlýsingum um bókaflóð fylgdu gjarnan hugleiðingar um að þegar úrvalið væri svo mikið og gæðin misjöfn væri vandí úr að velja fyrir almenning. Árið 1948 reyndi Birgir Kjaran, forstjóri Bókfellsútgáfunnar, að slá á slíkar áhyggjur fyrir hönd bókaútgefenda er hann sagði í *Tímanum* að „almenningi væri nú farinn að lærast að velja beztu bækurnar úr bókaflóðinu“. Nú séu það „oftast nær góðar bækur sem seljast mest, en salan fellur niður á lélegum bókum, þó sumar þeirra seljist vel fyrstu dagana.“¹⁶³³

Fleiri hafa þó áhyggjur af því að hér þurfi almenningur meiri og betri leiðsögn ritdómara. Strax árið 1925 hefur Sigurður Nordal af því áhyggjur að „því meira, sem á markaðinn kemur af bókum, og það fágúðum bókum, sem blöðin bera vel söguna, því örðugri verð[i] völin fyrir almenning“.

Menn þykjast oft í bókaverzlunum „fá gagl fyrir gás og grís fyrir gamalt svín“. Þeir skella þá skuldinni á ritdómara þá, sem hælt hafa bókinni, kvarta um, að alt sé lofað og allur bókmenta-ósómi látinn vaða uppi.¹⁶³⁴

Sigurður telur ljóst „að dómur almenningu eru á reiki og reki, án leiðsögu og forustu“.¹⁶³⁵ Ritdómarar líta greinilega á það sem skyldu sína að greiða úr þessari flækju lesenda með leiðbeiningum um það hvaða bækur falli í flokk betri bókmennta. Aðalbjörg Sigurðardóttir hampar til dæmis *Arfi*, fyrstu skáldsögu Ragnheiðar Jónsdóttur, þótt einhverjir freistist til að draga „bók þessa í dilk reifara skemmtilesturs“¹⁶³⁶ þar sem hún sé skrifuð „með svo miklum stíl og efnishraða, að tæplega er hægt að leggja bókina frá sér, ef byrjað er á henni, fyrr en hún

¹⁶³¹ Sama, 3.

¹⁶³² „Bókaflóð“, 4.

¹⁶³³ „Almenningi lærist að velja úr bókaflóðinu“, *Tíminn*, 22. desember 1948, 1.

¹⁶³⁴ Sigurður Nordal: „Um ritdóma“, 56-57.

¹⁶³⁵ Sama, 57.

¹⁶³⁶ Hér gæti Aðalheiður til dæmis verið að svara dómi í *Nýjum kvöldvökum* sama ár, þar sem Steindór Steindórsson frá Hlöðum segir um *Arf*: „Frásögn öll og atburðirnir reka hver annan, en oft með næstum því reyfarakenndum blæ. Höfundurinn vill sýnilega skrifa ádeilu, og deilir réttilega á margt, sem miður fer í þjóðfélaginu, en missir að nokkru leyti marks, sakir þess, hve dökkt hún malar andstæðingana, svo að þeir verða óeðlilegir fyrir bragðið.“ Steindór Steindórsson: „Bókmenntir“, ritdómur um *Arf* eftir Ragnheiði Jónsdóttur, *Nýjar kvöldvökur*, 7-9, 1941, 131.

er á enda lesin“.¹⁶³⁷ Aðalbjörg telur rithöfundarhæfileika Ragnheiðar ótvíræða og bendir lesendum á að í raun sé bókin „róttæk þjóðlífs og mannfélagsádeila“,¹⁶³⁸ með boðskap jafnaðarstefunnar, en sú pólitík er ritdómaranum að skapi:

Lærdómurinn sýnist mér vera: Náttúran vill hvorki of né van, ef vel á að fara, heldur öll hin ytri skilyrði sæmileg, ásamt hæfilegri áreynslu og viðfangsefnum. Að þessu á þjóðfélagsbyggingin að stefna.¹⁶³⁹

Margir hafa þó áhyggjur af því að leiðsögn ritdómara sé ekki nógu styrk. „Víkverji“ segir til dæmis í *Morgunblaðinu* árið 1947 að sá vandi sé „lagður á herðar almennings að velja rjett úr bókaflóðinu“.

En það er að sjálfsögðu vandamikið, því einum finnst gott, sem aðrir líta ekki við. En það ætti að vera úr nógu að velja á bókamarkaðnum að þessu sinni. Maður, sem hefir gaman af bókum, kvartaði yfir því við mig á dögum, að blöðin gerðu ekki skyldu sína í því að dæma bækur. Þær væru allar sagðar afbragðs bækur.¹⁶⁴⁰

Fjölmiðlamenn benda á móti á þá staðreynd að „[ú]tgáfufyrirtækin vaxa upp eins og gorkúlur hvarvetna, og nýjar bækur koma svo ört á markaðinn, að maður, sem ekkert annað starf hefði á hendi en að lesa, kæmist ekki yfir helminginn af því, sem út kemur“.¹⁶⁴¹ Árið 1944 segir Sveinn Sigurðsson til dæmis í *Eimreiðinni* að tímaritinu hafi borist svo margar bækur „fyrir og um jólin síðustu“ að ekki hafi því verið komið við „að geta þeirra nærri allra í síðasta hefti liðna ársins“ og haldi sama þróun áfram gæti svo farið, „að ritdómarar framtíðarinnar grípi til einhverra örþrifaráða“. Nefnir Sveinn að sum erlend tímarit hafi „það að venju, í bókmenntadálkum sínum, að gefa nokkurs konar einkunnir öllum nýjum bókum, sem getið er um“:

Einkunnir þessar eru þá fólgnar í einu orði aðeins, stundum jafnvel lítið annað um bókina sagt, og gæti einkunnastiginn t. d. verið þessi, eftir því hvernig bókin félli gagnrýnanda í geð:

Afburðagóð — ágæt — góð — sæmileg — léleg — slæm — afleit.

Einkunnirnar eru hér sjö, og myndi þó flestum þykja fullsnubbótt ritfregnin, ef ekki fylgdi greinargerð nokkur. En svo stuttir ritdómar, að vart nam nema setningu eða örfáum orðum, eru þó unnir hér á landi, svo sem þegar einn ritdómarinn lét þess getið um bók eina, að hann sæi eftir pappírnum í hana, eða annar um aðra bók að hún væri vélstrokkað tilberasmjör.¹⁶⁴²

¹⁶³⁷ Aðalbjörg Sigurðardóttir: „Arfur, ný skáldsaga eftir Ragnheiði Jónsdóttur“, ritdómur um *Arf* eftir Ragnheiði Jónsdóttur, *Alþýðublaðið*, 18. október 1941, 3.

¹⁶³⁸ Sama, 3.

¹⁶³⁹ Sama, 3.

¹⁶⁴⁰ „Víkverji skrifar“, *Morgunblaðið*, 2. desember 1947, 6.

¹⁶⁴¹ „Þankabrot Jóns í Grófinni“, *Íslendingur*, 15. desember 1944, 5.

¹⁶⁴² Sveinn Sigurðsson: „Ritsjá“, *Eimreiðin*, 1, 1944, 71.

Þessar hugleiðingar eiga sér hliðstæðu í erlendri bókaumræðu. Árið 1939 taldi Virginia Woolf slíkt ferli, sem hún kallaði „slægingu og stimplun“, rökrétt framhald af þróun bókmenntagagnrýnninnar (sjá bls. 282) og í ritgerðinni „Confessions of a Book Reviewer“ frá 1946 dregur George Orwell upp kaldhæðnislega skopmynd af dæmigerðum ritdómara í ómögulegum aðstæðum nútímans. Kringumstæður hans og líkamlegt atgervi er nokkurs konar sambland af staðalímyndum fræðimanna og rithöfunda, sem endurspeglar vel stöðu ritdómaranna á mörkum þeirra starfsgreina: Hann er 35 ára karlmaður en lítur út fyrir að vera fimmtugur, er sköllóttur með æðahnúta og gleraugu, sem reyndar eru alltaf týnd, og ýmist vannærður eða, ef hann hefur nýlega dottið í lukkupottinn, með timburmenn. Hann situr við valt skrifborð í köldu, loftlausu herbergi innan um sígarettustubba og hálfótma tebolla, íklæddur mólétnum náttslöpp og reynir að koma ritvélinni sinni fyrir innan um rykfallnar hrúgur af pappírurum sem komast ekki í yfirfulla ruslafötuna og reikningum sem hann getur ekki borgað. Það sem greinir ritdómarann frá rithöfundinum og fræðimanninum er hins vegar eðli starfsins sem hans bíður; það er ekki upphafin sköpun meistaraverks eða ný, vísindaleg uppgötvun, heldur grátbroslegt hlutskipti vinnudýrs í vélrænum tannhjólum atvinnulífsins sem gefur engan tíma til æðri íhugunar. Óhjákvæmilega verður hann að fúskara á vélrænu markaðstorgi, rétt eins Dick Minim, hinn ímyndaði gagnrýnandi Samuels Johnsons sem varð til 200 árum fyrr (sjá bls. 67-73). Ritdómari Orwells fær sendar allt of margar og langar bækur til að hann geti komist yfir þær á þeim stutta tíma sem hann hefur til umræða, og þær fjalla langflestar „um efni sem hann veit svo lítið um að hann verður að lesa að minnsta kosti 50 blaðsíður ef hann á að komast hjá því að gera klaufaleg mistök sem munu fletta ofan af honum“.¹⁶⁴³

Og þó, svo undarlegt sem það kann að virðast, mun ritdómurinn berast ritstjórninni á réttum tíma. [...] Allir stöðnu gömlu frasarnir — „bók sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara“, „eitthvað minnisstætt á hverri síðu“, „sérlega mikilvægir eru kaflarnir er fást við ... o.s.fr.v.“ — munu stökkva á sinn stað eins og járnagnir sem hlýða segli, og ritdómurinn endar í nákvæmlega rétttri lengd þegar aðeins um þrjár mínútur eru til stefnu. Í millitíðinni hefur annar bunki af ósamstæðum og ólystugum bókum borist með pósti. Þannig heldur það áfram. Og þó hóf þessi niðurlúta, taugaveiklaða vera feril sinn með svo háleitar vonir fyrir aðeins fáum árum.¹⁶⁴⁴

¹⁶⁴³ „Three of these books deal with subjects of which he is so ignorant that he will have to read at least fifty pages if he is to avoid making some howler which will betray him [...]“ George Orwell: „Confessions of a Book Reviewer“, *Shooting an Elephant and Other Essays*, London, Secker and Warburg, 1950, 165.

¹⁶⁴⁴ „And yet curiously enough his copy will get to the office in time. [...] All the stale old phrases — ‘a book that no one should miss’, ‘something memorable on every page’, ‘of special value are the chapters dealing with, etc. etc.’ — will jump into their places like iron filings obeying the magnet, and the review will end up at exactly the right length and with just about three minutes to go. Meanwhile another wad of ill-assorted, unappetizing books will have arrived by post. So it goes on. And yet with what high hopes this downtrodden, nerve-racked creature started his career, only a few years ago.” Sama, 165-166.

Sú hugmynd að gagnrýnendur læsu ekki spjaldanna á milli allar bækur sem þeir gagnrýndu var greinilega nokkuð viðtekin þegar um aldamótin 1900, ef marka má ímyndaðan gagnrýnanda Oscars Wildes, sem segir ósvífinn að það eigi þeir heldur ekki að gera. Ef þeir gerðu það myndu þeir verða mannhatarar og að auki sé það ekki nauðsynlegt:

Til að þekkja árgang og gæði víns þarf maður ekki að drekka alla flöskuna. Það hlýtur að vera afar auðvelt að segja til um það eftir hálf tíma hvort bók er einhvers virði eða einskis virði. Tíu mínútur nægja í raun hafi maður eðlishvöt næma fyrir formi. Hver vill vaða gegnum leiðinlegt rit? Maður bragðar á því og það er alveg nóg — meira en nóg [...].¹⁶⁴⁵

En þrátt fyrir að ritdómari Orwells fylgi þessari reglu eru ritdómaskrifin samt sem áður vanþakklát, ergjandi og slítandi vinna. Í fyrsta lagi, segir Orwell, þarf ritdómari stöðugt að *finna upp* ný viðbrögð við bókum sem vekja engin ósjálfráð viðbrögð hjá honum, vegna þess hve sjaldgæft sé að á fjörur hans reki bók sem vekji í raun og veru áhuga hans. Að auki feli starf ritdómarans í sér að hæla drasli, sem sé fylgifyskur þeirrar sannfæringar að allar bækur eigi rétt á ritdómi. Það sé nánast ómögulegt að fjalla um svo mikið magn bóka án þess að hæla meirihluta þeirra allt of mikið. Besta leiðin væri að hunsa hreinlega meirihluta bókana og skrifa lengri ritdóma um þær fáu sem skipta máli. Ein til tvær línur um bók sem er að koma út geti verið gagnlegar en millivegurinn, 600 orða dómur, hljóti að verða einskis virði.¹⁶⁴⁶

Sveinn Sigurðsson, ritstjóri *Eimreiðarinnar*, hefur einnig árið 1944 áhyggjur af því sem hann kallar „hátíðarritdóma“, eða eintóma jákvæðni í ritdómum, sem hann telur varasama og beina afleiðingu af hinni „skefjalausu útgáfu- og auglýsingastarfsemi“ sem fylgi jólavertíðinni:

Það er einna lakast, ef til fara að verða svo „smart“ forleggjarar, að þeir sendi alls ekki bækur sínar til umsagnar að góðum og gömlum sið, heldur hafi ritdómama heimagerða og komi þeim á framfæri í málögnum sínum eða sinna.¹⁶⁴⁷

Tveimur árum fyrr höfðu ritstjórar *Helgafells*, Magnús Ásgeirsson og Tómas Guðmundsson reyndar staðhæft að þetta væri einmitt raunin þegar „jólaritdómarnir“ birtist; að forlögin stýrðu bókmenntaumfjöllun fjölmiðlanna út frá hreinum markaðslegum forsendum:

¹⁶⁴⁵ „To know the vintage and quality of a wine one need not drink the whole cask. It must be perfectly easy in half an hour to say whether a book is worth anything or worth nothing. Ten minutes are really sufficient, if one has the instinct for form. Who wants to wade through a dull volume? One tastes it, and that is quite enough — more than enough [...]“ Wilde: „The Critic as Artist“, 358.

¹⁶⁴⁶ Orwell: „Confessions of a Book Reviewer“, 166-168.

¹⁶⁴⁷ Sveinn Sigurðsson: „Ritsjá. Bókmenntir og bókaflóð“, *Eimreiðin*, 1, 1944, 71.

Oftast munu [ritdómarnir] vera skrifaðir eftir pöntunum höfunda eða útgefenda, að bókunum sjálfum lítt lesnum, svo að ekki sé fastar að orði kveðið. Segja má, að séra Bjarni Jónsson hafi í rauninni komið aðalefni þeirra flestra fyrir í snilldarlegri setningu í jólaritdómi eftir sjálfan sig í vetur, um bækling eftir konu, sem hér verður ekki nafngreind, er hann komst að orði á þessa leið: „N.N. (þ.e. höfund bæklingins) langar mjög til þess að þessi bók seljist fyrir jólin“.¹⁶⁴⁸

Ritstjórar *Helgafells* heita því í fyrsta tölublaði tímaritsins að falla ekki í þessa gryfju heldur „gera sér far um að meta bækur eftir gildi þeirra, fremur en höfundum, þýðendum, kostnaðarmönnum og prentsmiðjum, svo sem nú er orðinn mikill siður í þessu landi.“¹⁶⁴⁹

Thora Friðriksson hafði einnig áður hneykslast á aðferðum útgefenda, en í desember 1941 birtist aðsend grein eftir hana í *Vísi* sem hefst á þessa leið:

Herra ritstjóri.

Í blaði yðar í gær, 2. des. stóð skrum- og ósanninda auglýsing, sem hlaut að vekja undrun þeirra meðal lesenda yðar, sem eitthvað þekkja til útlendra bókmennta. Eg vona því, að þér lánið nokkrum línunum rúm til leiðréttingar þessari auglýsingu, sem var á þessa leið: „öndvegisverkið Nana, eftir Emil Zola, frægasta skáldverk eins víðfrægasta rithöfundar, sem uppi hefir verið og PERLA franskra bókmennta.“ En það, sem kórónaði auglýsinguna var, að hún var nefnd: „Jólabókin í ár.“

Það má nú fyr rota en dauðrota!¹⁶⁵⁰

Segir Thora að „Blaðahringurinn“ hljóti „að hafa fyrirlitningu á íslenskum lesendum og meta lítils velsæmistilfinningu þeirra fyrst hann lætur svona auglýsingu frá sér fara“ og tekur að sér að leiðrétta rangfærslur bókaútgáfunnar sem greinilega hafi „ekki haft tækifæri til að kynna sér frakkneskar bókmenntir“:

Sannleikurinn er sá, að Zola hefir aldrei verið talinn meðal höfuðskálda Frakka, því síður meðal stórskálda heimsins og Nana er almennt álitin ljótasta bók Zola og eru þær þó ekki allar þökkalegar að innihaldi.¹⁶⁵¹

Thora vísar í þessu samhengi til franskra gagnrýni á bækur Zola „um leið og þær birtust á prenti“ og fjallar um stöðu *Nönu* innan höfundarverks Zola. Hún kemst að eftirfarandi niðurstöðu:

Að endingu get eg ekki stilt mig um að láta í ljósi skilningsleysi mitt á því hvernig hr. Ísfeld hafi getað látið sér detta í hug, að Jólabókin (með ákveðna greininum) á Íslandi á því herrans ári 1941 ætti að vera útlekking á 60 ára gamalli ósómabók, sem að sönnu í æsku sinni vakti

¹⁶⁴⁸ „Bókmenntir“, *Helgafell*, 1, 1942, 41. Skáletrun úr upphaflega textanum.

¹⁶⁴⁹ Sama, 41.

¹⁶⁵⁰ Thora Friðriksson: „Nana“, *Vísir*, 10. desember 1941, 5.

¹⁶⁵¹ Sama, 5.

óheilbrigða forvitni viðsvegar um lönd, en sem nú fyrir langa löngu er orðin úrelt bók og lítilsvirt með öllum þjóðum, er þykjast unna fögnum listum.¹⁶⁵²

Svar útgefandans, Karls Ísfelds, kemur í formi auglýsingar og gefur skýrt til kynna að útgefandinn ætlar ekki að fela það í hendur Thoru Friðriksson að skera úr um gildi þessarar bókar. Fer hann þá leið að birta lofsamleg ummæli um höfundarverk Zola, sem birst hafa í virtum erlendum uppfletti- og fræðaritum, og stilla upp á móti þessari einu setningu Thoru: „Sannleikurinn er sá, að Zola hefir aldrei verið talinn meðal höfuðskálda“.¹⁶⁵³ Auglýsingunni er augljóslega ætlað að kippa á kaldhæðinn hátt grundvellingnum undan yfirlýsingum Thoru og staðfesta fyrri yfirlýsingar útgefandans. Hún er jafnframt vitnisburður um það að þegar viðskiptahagsmunirnir í bókaútgáfu aukast, bætist ný vídd í átökin um úrskurðarvald ritdómara og annarra sérfræðinga innan bókmenntaheimsins.

Í lok auglýsingarinnar stendur: „Lesið: NANA, og kynnist því, hvort Zola var skáld.“¹⁶⁵⁴ Árið 1939 ályktar Virginia Woolf út frá svipaðri auglýsingu, þar sem breskur útgefandi stillti upp hlið við hlið neikvæðum og jákvæðum ritdómi og bætti við: „Hvers vegna ekki að lesa bókina sjálfur?“, að ritdómurum samtímans hafi mistekist ætlunarverk sitt. Fjöldaframléiðsla ritdóma á forsendum markaðarins hafi gjaldfellt þá þannig að hvorki almenningur, útgefendur né rithöfundar taki nokkuð mark á einstaka umsögnum lengur, heldur líti eingöngu á þær sem persónulegar skoðanir. „Hvers vegna að skrifa ritdóma eða lesa þá eða vitna í þá ef það er lesandinn sem á endanum verður að ákveða svarið?“¹⁶⁵⁵

Áhyggjur Virginiu Woolf af því að álit ritdómarans skipti engu máli lengur og áhyggjur Thoru og Sveins af oflofi eiga sér margar hliðstæður gegnum tíðina (sjá t.d. bls. 279) og eru í raun áhyggjur af því að ekki takist að greina gullið frá soranum og þar með viðhalda réttu stigveldi á bókmenntasviðinu. Þótt Vilhjálmur Þ. Gíslason telji það til dæmis misskilning árið 1945 „að bókauglýsingar og áróður sé meiri hér en annarsstaðar tíðkast“ hefur hann áhyggjur af því að góðar bækur fái ekki verðskuldaða athygli í bókaflaumnum eða ómaklega meðferð í öllum atganginum:

Þótt mörgu sé hossað ómaklega, held ég, að það sé einnig misskilningur, að oflof um bækur sé hér aðalreglan. Þær bækur eru áreiðanlega fleiri, þegar öllu er á botninn hvolft, sem þagað hefur verið um ómaklega eða nartað í, heldur en hinar, sem oflofaðar eru, og er hvorugt gott.¹⁶⁵⁶

¹⁶⁵² Sama, 5.

¹⁶⁵³ [Auglýsing], *Morgunblaðið*, 23. desember 1941, 6.

¹⁶⁵⁴ Sama, 6.

¹⁶⁵⁵ Woolf: „Reviewing“, 207.

¹⁶⁵⁶ V.Þ.G.: „Úr bókaflóðinu 1945“, 76.

Slíkar áhyggjur færast fremur í aukana þegar líður á öldina og árið 1978 segir Ólafur Jónsson að svo virðist sem „þýddar og frumsamdar skemmtisögur, innlend og alþjóðleg afþreyingarsaga“ eigi „mun öruggari markað vísan en alvarlega stílaður frumsaminn skáldskapur“ og að „[m]ikill og líkast til vaxandi hluti árlegrar bókaútgáfu [sé] markaðs- og neysluvara, ætluð til skyndisölu og skyndinota.“¹⁶⁵⁷

En hætt er við að með þessum verslunarháttum þrengist hægt og hægt kostir nýrra skáldmennta á bókamarkaði, þótt jafnan geti ein og ein bók náð viðunanlegri sölu, og torveldara verði að koma fram hvers konar nýjungum í bókmenntum og bókagerð sem ekki eru samdar fyrirfram að kröfum markaðarins og auglýsinganna.¹⁶⁵⁸

Í orðum Ólafs má sjá enduróm af áhyggjum Adornos og Horkheimers af því að þegar menning verði söluvara leiði það til einsleitni; staðlaðrar fjöldaframleiðslu og fjöldaneyslu (sjá bls. 362), en hann bendir á að athuganir gefi „til kynna að lestrarvenjur, bókaval, bókmenntasmekkur sé í verulegum mæli háð stétt og stöðu, aldri og kynferði, efnahag og einkum menntun lesendanna — með öðrum orðum að bókaþjóðin sé ekki ein og söm heldur aðgreinileg í marga ólíka áhuga- og hagsmunahópa.“¹⁶⁵⁹ Þegar hann spyr í framhaldi hvort ef til vill sé „svo komið að síðustu leifar „bókmenntaþjóðarinnar“ dragi fram lífið á innlendum „kerlingabókum“ og útlandu reyfararusli?“¹⁶⁶⁰ og setur þar með hið þjóðlega og karlmannlega í öndvegi, skýtur hann hins vegar stoðum undir þá fullyrðingu Joanne Hollows að gagnrýnendur fjöldamenningarinnar hafi verið — og séu enn — að bregðast við missi menningarlegs valds (sjá einnig bls. 362) og bregður ljósi á þá staðreynd að andstaðan gegn fjöldamenningu er hluti af þeirri viðleitni að viðhalda stöðugleika innan bókmenntasviðsins.

Síbylja fjölmiðlatómsins

Árið 1988 skrifar Soffía Auður Birgisdóttir kaldhæðna lýsingu á aðstæðum og starfi íslensks bókmenntafræðings undir lok 20. aldar, sem minnir mikið á lýsingu Orwells á ritdómaranum um miðbik sömu aldar (sjá bls. 369):

Aumingja bókmenntafræðingurinn, sem að öllum líkindum byrjaði í fræðunum af einskærri ást á bókmenntum, fær lítið annað en skít og skömm í hattinn fyrir vanmáttugar tilraunir til að segja meiningu sína. Hann er sakaður um aðild að ýmsum saknæmum félagskap, um að rýna aldrei af gagni í nokkurn skapaðan hlut og verstir eru þeir sem mesta hafa menntunina; ef bókmenntafræðingurinn hefur þraukað í Háskólanum til Cand. Mag. prófs er það ótvírætt

¹⁶⁵⁷ Ólafur Jónsson: „Bókmenntir og samfélag“, 21-22.

¹⁶⁵⁸ Sama, 22.

¹⁶⁵⁹ Sama, 22.

¹⁶⁶⁰ Sama, 23.

sönnunargagn óheilinda hans og monstrassáttar. Er nema von að greyið verði ráðvillt og hugleiði í alvöru að byrja upp á nýtt, og reyna nú við viðskiptafræðina eins og þabbi vildi?¹⁶⁶¹

Tilefni þessara skrifa var m.a. greinin „Tossabandalagið“, þar sem rithöfundurinn Einar Már Guðmundsson lýsir nútíma menningarumræðu sem „plötusnúðameningu“, skilgetnu „afkvæmi þenslunnar í Þjóðfélaginu, einsog auglýsingastofa í laginu, og stjórnmalamaður í framkomu“.¹⁶⁶² Áhrif nútímafjölmiðlunar voru mörgum hugleikin undir lok síðustu aldar og þótt langt væri síðan ljósvakamiðlarnir komu til sögunnar vakti „sfýlja fjölmiðlatómsins“ og hlutverk skálda og gagnrýnenda í því „tómi“ töluverðar áhyggjur, eins og sjá má af eftirfarandi orðum Ingibjargar Haraldsdóttur frá árinu 1987:

Tími alviturra, mælskra stórskálda er liðinn. Í sviptibyljum samtíðarinnar er engum stætt á Ólympstindi, goðin eru fallin, hetjurnar löngu liðin lík. Áhersluforskeytið stór- til einskis nýtanlegt framar nema á tilboðspöllum markaðstorganna þar sem nútímaþjóninn siglir sálarvana sinn ljósasjó. Reynið að ná eyrum hans! Vandinn að yrkja, sögðu gömlu mennirnir — hvað vissu þeir um hann? Hvað vissu þeir hvernig er að yrkja í kapp við vindinn sem gnauðar í sfýlju fjölmiðlatómsins?¹⁶⁶³

Skýringar á þessum áhyggjum af áhrifum ljósvakamiðlanna löngu eftir að þeir komu til sögunnar má ef til vill finna í því að tilkoma ríkisrekens útvarps árið 1930 og síðar sjónvarps árið 1966 virðist í fyrstu ekki hafa haft mótandi áhrif á íslenska bókmenntaumræðu. Áherslan í ljósvakamiðlunum var í samræmi við ríkjandi menningarpólítík¹⁶⁶⁴ og bókaumræða í útvarpi virðist hafa fylgt þeirri forskrift sem var til staðar í tímaritum og dagblöðum.¹⁶⁶⁵

Árið 1991 birtist viðtal við bókmenntagagnrýnandann Kolbrúnu Bergþórsdóttur í *Pressunni* þar sem sjá má merki um áherslubreytingar í kjölfar þess að rekstur útvarps- og sjónvarpsstöðva var gefinn frjálts, en það er eins og þá fyrst fari ýmis sérkenni ljósvakamiðlanna fyrir alvöru að setja mark sitt á bókmenntaumræðuna. Í viðtalinu er tekið fram að Kolbrún sé kennari, sölumaður og starfi á fjölmörgum vinnustöðum auk þess að vera

¹⁶⁶¹ Soffía Auður Birgisdóttir: „Úr hænuhaus gagnrýnanda“, 139.

¹⁶⁶² Einar Már Guðmundsson: „Tossabandalagið“, *Tímarit Máls og menningar*, 1, 1988, 3.

¹⁶⁶³ Ingibjörg Haraldsdóttir: „Galdur einlægninnar“, ritdómur um *Vatnaskil* eftir Böðvar Guðmundsson, *Tímarit Máls og menningar*, 4, 1987, 504.

¹⁶⁶⁴ Einar Örn Benediktsson segir til dæmis árið 1987 að „þögult samþykki hafi ríkt um menningarstefnu ríkisútvarpsins“ fram til stofnunar Rásar 2. Ríkisútvarpið hafi verið „menningarstofnun með þann heilaga tilgang að byggja upp íslenska menningu og viðhalda íslenskri arfleifð“. Hins vegar hafi það „verið hefðir borgarastéttar sem ákvörðuðu hvað íslensk menning var, og hvað hún ætti að vera“. Þar hafi ráðið smekkur ráðamanna og útkoman hafi verið „borgarmenning með léttu ívafi af gamalli íslenskri arfleifð“. Einar Örn Benediktsson: „Útvarp allra landsmanna“, *Tímarit Máls og menningar*, 1, 1987, 26 og 23-34.

¹⁶⁶⁵ Þetta atriði þarfnast rannsókna sem ekki var rúm fyrir í þessari ritgerð, en ég hef í hyggju að rannsaka nánar menningarumfjöllun í útvarpi og sjónvarpi.

bókmenntagagnrýnandi á Aðalstöðinni — að hún sé fulltrúi hins venjulega manns sem lesandi gæti rekist á víða í daglegu amstri sínu:

Kolbrún gæti verið kennari dóttur þinnar eða litla frænda þíns, hún gæti séð um að þú fengir blöðin á réttum tíma á morgnana eða selt þér eitthvað sem þú hefur engin not fyrir í gegnum síma. Kolbrún er allar þessar konur með stæl og síðast en ekki síst bókmenntafræðingur og gagnrýnandi á Aðalstöðinni.¹⁶⁶⁶

Krafan um „alþýðleika“ gagnrýnandans er gamalkunnug, eins og víða hefur komið fram hér að framan, en þó má sjá breytingu í takt við ýmis sérkenni ljósvakamiðlanna, til dæmis meiri áherslu á persónulega nánd og líflegt yfirbragð. Fram kemur í viðtalinu að Kolbrún hafi orðið gagnrýnandi vegna þess að þáttastjórnanda á Aðalstöðinni, Guðríði Haraldsdóttur, hafi vantað „gagnrýnanda í óformlega rabbþætti um bókmenntir“, en eitt einkenni ljósvakamiðlanna er einmitt að þeir skapa tilfinningu fyrir óformlegum, persónulegum samskiptum. Kolbrún tekur fram að Guðríður sé „mjög ósnobbuð og lítið gefin fyrir titlatog og þættirnir tak[i] mið af því“. Viðbrögðin hafi verið „alls ólík þeim sem bókmenntaþættir fá venjulega“, ólíklegasta fólk sjái sig „knúíð til að skrifa lesendabréf um bókmenntaþátt Aðalstöðvarinnar“ og fólk stöðvi Kolbrúnu úti á götu til að ræða þættina.¹⁶⁶⁷ Áhersla er því lögð á alþýðleika og óformlega umgjörð þessarar bókaumfjöllunar, sem stillt er upp sem andstæðu hefðbundinnar bókmenntaumuræðu, og Kolbrún byggir upp einlæg tengsl við lesendur viðtalsins er hún viðurkennir að hún láti sér það „ekki koma til hugar“ að hún sé „afburða gagnrýnandi“, hún eigi „margt ólært“ og „geri vitanlega mistök“. Kolbrún segir jafnframt að það gefi sér „svo mikla lífsfyllingu að fjalla um bækur“ og sambandi sínu við bókmenntirnar lýsir hún sem tilfinningaþrungnu: „Ég er ákaflega hrifnæm og ef bókmenntaverk snertir mig djúpt græt ég. Ég veit ekki hvort þetta er kostur eða löstur á gagnrýnanda.”¹⁶⁶⁸

Keith Miller hefur bent á að það sé einmitt hin mannlega hlið bæði gagnrýnanda og listamanns sem opni gáttina að listaverki fyrir hinn venjulega lesanda. Þegar við höfum fundið fyrir slíkri tengingu við efnið verðum við opnari fyrir listaverki sem annars gæti virst erfitt að nálgast, þ.e. ef tekið sé næsta skref þar sem gagnrýnandinn leiðir okkur frá persónuleika listamannsins og að djúpri greiningu á verkinu. Vanti á hinn bóginn þessa djúpu analýsu verði gagnrýni að „innantómum klappstýrufagnaðarlátum sem geri lítið annað en skapa persónuleikakölt kringum listamann sem skapar verk sem eru ef til vill „mikilvæg“ og á sama

¹⁶⁶⁶ Þóra Kristín Ásgeirsdóttir: „Ágætasta fólk gleymir skynseminni í bókmenntaumuræðunni“, viðtal við Kolbrúnu Bergþórsdóttur, *Pressan*, 18. júlí 1991, 21.

¹⁶⁶⁷ Sama, 21.

¹⁶⁶⁸ Sama, 21.

tíma torskiljanleg (að minnsta kosti fyrir suma)¹⁶⁶⁹. Viðbrögð margra fræðimanna við yfirlýsingum Kolbrúnar voru einmitt ásakanir um skort á djúpri analýsu. Bókmenntafræðingurinn Kristján Jóhann Jónsson telur til dæmis að Kolbrún hafni „[a]llri bókmenntafræði síðustu þrjátíu ára“:

Við eigum að hrista af okkur nýrýni, formgerðarstefnu, marxisma, sálgreiningu og póstmóðernisma eins og hver önnur leiðindi og hverfa aftur að gömlu góðu aðferðinni. Við eigum að endursegja efni bókanna og bókmenntaumræðan á að hlunkast niður á plan dramatískra reynslusagna. Allri úrvinnslu, margræðni, efa og merkingarleit skal sleppt vegna þess að grunntilfinningarnar samúð og andúð skipta einar máli.¹⁶⁷⁰

Bókmenntirnar verði þá í túlkun okkar eins og lífsreynslusaga þar sem lesendurnir „gráta yfir þunga örlaganna og brosa svo gegnum tárin og andvarpa: Hve fagurt! Hvílík stúlsnilld! Hve stórbrotið verk!“¹⁶⁷¹ Kolbrún svarar því hins vegar til að bókmenntafræðingar séu „ekki yfir það hafnir að hrífast af skáldverkum“ sem séu „sköpuð til að hrífa“, þótt bókmenntatúlkun sé „að ákveðnu marki óháð þessum hughrifum“ og bókmenntafræðingar eigi að vera fagmenn sem geti „skilið á milli hughrifa sinna og fræðilegrar umfjöllunar“.¹⁶⁷²

Samkvæmt Kolbrúnu eru það akademísku fræðin sem falla á análýsuprófinu, þar sem þau séu snobbuð, höfundamiðuð, klisjukennend og uppteknari af kenningum erlendra fræðimanna en verkunum sjálfum, en Kolbrún vísar í hugmyndir sem festust í sessi á tímum nýrýnninnar er hún segir, í áður tilvitnuðu viðtali, að verk eigi „að standa eitt og það [eigi] að meta það þannig“, og að þar bregðist aðrir gagnrýnendur:

Einhver bókmenntaspekingurinn sagði við mig um daginn að Einar Káráson væri kjöftugur og gengi í ljótum leðurjakka. Ég svaraði að ég fengi ekki skilið hvernig hann yrði verra skáld fyrir það.¹⁶⁷³

Kolbrún segir jafnframt að „karlmenn sem ekki telja eftir sér að skrifa lærðar ritgerðir um Batman og vélsagarmorðingjann“ séu „litlu skárri“ en Helga Kress sem hafi „unnið íslenskum bókmenntum mikið ógagn með bullinu í sér“ um útlendar fræðikenningar Juliu Kristevu.¹⁶⁷⁴ Hún sakar fræðimenn sem sagt annars vegar um að láta snobb og menntahroka villa sér sýn og hins vegar um að daðra við lágkúrulega afþreyingarmenningu.

¹⁶⁶⁹ „[...] hollow cheerleading, doing little more than create a cult of personality around an artist whose work is perhaps "crucial" and at the same time difficult to understand (at least for some).” Miller: „Journalistic Criticism“.

¹⁶⁷⁰ kj: „Oss er ekki skemmt“, *Þjóðviljinn*, 24. júlí 1991, 9.

¹⁶⁷¹ Sama, 9.

¹⁶⁷² Kolbrún Bergþórsdóttir: „Þegar gremjan blindar“, *Þjóðviljinn*, 26. júlí 1991, 16.

¹⁶⁷³ Þóra Kristín Asgeirsdóttir: „Agætasta fólk gleymir skynseminni í bókmenntaumræðunni“, 21.

¹⁶⁷⁴ Sama, 21.

Nokkrum árum áður en viðtalið við Kolbrúnu birtist hafði skapast heit umræða um markað og fjölmiðla, og kom hún í kjölfar þess að einkavæddar sjónvarps- og útvarpsstöðvar voru leyfðar. Árið 1987 birti *Tímarit Máls og menningar* til dæmis þýðingu á grein eftir Nicholas Garnham sem segir að „þær boðskiptastofnanir sem við fengum í arf [...] séu nú að taka gagngerum breytingum“ og að einkenni þeirra séu „ítrekaður stuðningur við markaðslögmálin og niðurrif opinberrar þjónustu í menningarmálum“, en hann telur það varhugaverða þróun að „upplýsinga- og menningarefni“ verði „að alþjóðlegum markaðsvarningi“ og ekki lengur skilgreint sem „almenningsseign“. ¹⁶⁷⁵ Einar Már Guðmundsson telur einmitt að „félagslega séð“ sé sú „markaðslega krafa að menningin eigi að vera smart“ og fylgja tíðarandanum „tilraun nýríkra þjóðfélags hópa til að eigna sér menninguna“, og hann viðrar þá skoðun að fjölmiðlum beri að spyrna gegn þeirri tilraun og „stunda innhverfa íhugun á hinu listræna sviði [...] af þeirri einföldu ástæðu að því menntaðri og upplýstari þjóð sem hér býr því betri geta þeir leyft sér að hafa dagskrá sína“. ¹⁶⁷⁶ Hann hafnar jafnframt þeirri klisju að markaðsreknir fjölmiðlar gefi fólkinu „það sem það vill“ og að fjölmiðlafyrirtæki verði að svara kröfum fólksins eða fara á hausinn: „Röksemdin um að fólkið vilji bara drasl hefur alltaf verið skálkaskjól þeirra sem hafa ekkert annað að bjóða.“ ¹⁶⁷⁷

Í bókmenntaumræðunni hér á landi fléttuðust slíkar áhyggjur af markaðs-, afþreyingar- og formúluvæðingu menningarinnar gjarnan saman við gagnrýni á afstæða og sjálfhverfa bókmenntateoría. Árið 1990 segir Guðmundur Andri að „[u]mræðan“ sem fram fór í tímaritum og háskólum og í listaverkum“ áratuginn á undan hafi falist „í merkingarlegum nihilisma, upplausn og afbyggingu“, „í því að tæta í sundur og greina í hel ólíka orðræðuhætti, leika sér með kerfin, skella þeim í tölvu og fíflast með þau og aðeins upphafsmennirnir mundu til hvers“. Hann gefur til kynna að ástæðan sé sú að „vestræn siðmenning og vestræn hugsun h[afi] með sínum gáfulegu orsökum og afleiðingum og óhrekjanlegu niðurstöðum skilið eftir sig sviðna jörð“.

Allt í kringum okkur er óvissa. Næstu ár eru bara eitthvað hvítt þar sem við grillum engar útlínur. Öld núllsins er runnin upp, núllspekinnar og núlllausnanna. ¹⁶⁷⁸

¹⁶⁷⁵ Nicholas Garnham: „Fjölmiðlarnir og „almenningsseign“, þýð. Stefán Jón Hafstein, *Tímarit Máls og menningar*, 1, 1987, 44-46.

¹⁶⁷⁶ Einar Már Guðmundsson: „Tossabandalagið“, 4-5.

¹⁶⁷⁷ Sama, 5.

¹⁶⁷⁸ Guðmundur Andri Thorsson: „Af óhamingjusömum fjölskyldum. Þankar um íslenskar skáldsögur“, *Tímarit Máls og menningar*, 1, 1990, 68.

Ástæðan er þó ekki bara heimspekileg kreppa, samkvæmt Guðmundi Andra, heldur hefur auglýsingamarkaðurinn sitt að segja:

Listin varð á síðasta áratug að glannalegu ívitnanasukki. „Sniðugt“ var orðið, „gaman að þessu“. Ef þú málaðir ekki með glotti út í annað varstu einfeldningur. Ef þú skopstældir ekki að minnstakosti þrjár bókmenntastíltægundir varstu skussi eða jafnvel einlægur. Komment um komment um komment var málið. Textar sem spruttu af textum. Inntak sem fólst í inntaki sem fólst í kommenti sem fólst í kommenti um útrúning meiningar. Neðanmálgreinar við list sem var, meðan mönnum lá eitthvað á hjarta, bókmenntir sem voru eins og maðkamor á dauðum höfundinum. Og allt voru þetta viðbrögð við ránshendi auglýsingamarkaðarins sem blés burtu öllu inntaki klassíkurinnar og menningararfsins og yfirleitt þess sem hafði verið háleitt hugsað, gerði dómubindi að inntaki Verdis, tengdi Michelangelo tannlími. Og þetta var ansi sniðugt. Þetta var ansi fagað. Þetta var allt svo kankvíst.¹⁶⁷⁹

Guðmundur Andri staðhæfir að á síðasta áratug 20. aldar sé fólk orðið „ósegjanlega þreytt á öllum þessum dárskap listarinnar, allri þessari afþreyingu sjónvarpsins, þessu eilífa andlega gotterísáti fjöldamenningarinnar“ þótt það sé „rétt að byrja“.¹⁶⁸⁰ Menntamennirnir sem hann ræðir um minna á lýsingu Bourdieus á spilltu menntamönnunum á mörkum markaðsvædds fjölmiðlasviðs og menningar- og fræðasviða sem eiga að vera sjálfstæð frá lögmálum markaðarins. Þeir „nýta sér þá aðstöðu að tilheyra báðum heimum og sneiða hjá þeim sérkröfum sem ríkja innan hvors þeirra um sig“.¹⁶⁸¹ Áhrifamáttur þeirra er því mikill en að sama skapi er mikil hætta á fúski, og menntamennirnir í lýsingu Guðmundar Andra stunda sjálfhverf, popúlísk sýndarfræði með málskrúði sem heilla fjöldann en ná engri raunverulegri tengingu við hann.

Guðni Elísson tekur undir það viðhorf að menntamenn í fjölmiðlum séu settir í hlutverk „fræðatrúða“ í fjölmiðlum nútímans, en hann telur hins vegar að flilabeinsturninn margumtalaða hafi menntamenn ekki „smíðað utan um sig“ heldur hafi þeim „verið komið fyrir í þessum flilabeinsturni þegar þeir smám saman töpuðu menningarlegu forræði sínu“.¹⁶⁸²

Nú þarf [menntamaðurinn] líka að keppa við markaðinn, eða þá aðila sem sjá um að kynna eða koma listinni á framfæri, s.s. útgefendur, eigendur sýningarsala, stjórnendur hljómplötufyrirtækja og sjón- og útvarpsstöðva. Margt bendir til þess að á seinni hluta þessarar aldar hafi hann einnig farið hallloka í þeirri viðureign og að nú sé hann hvorki ráðandi fulltrúi löggjafarvaldsins né mótandi túlkandi menningarinnar.¹⁶⁸³

¹⁶⁷⁹ Sama, 69.

¹⁶⁸⁰ Sama, 69.

¹⁶⁸¹ Bourdieu: „Áhrifavald fjölmiðla“, 91.

¹⁶⁸² Guðni Elísson: „Þrjátíu mínútur í sjónvarpssúpunni“, 52. Eins og fram hefur komið vísar Guðni til kenninga Baumans um að frá 19. öldinni hafi verið vegið að menningarlegu forræði menntamannsins. Sjá bls. 211 í þessari ritgerð.

¹⁶⁸³ Sama, 52-53.

Guðni telur að menntamönnum hafi mistekist að endurheimta forræði sitt í nýju umhverfi og bendir á að ýmist séu menntamenn taldir hafa svikið fyrra hlutverk sitt, að halda utan um og varðveita menningu samfélagsins, eða þeir séu álitnir fulltrúar aðskilinnar menningar og vafasamra túlkunarleiða.¹⁶⁸⁴ Í íslenskri menningarumræðu 9. og 10. áratugarins eru þeir reyndar gjarnan sakaðir um hvort tveggja í senn: að hafa skrumskælt menninguna og einangrað listina með því að nálgast hana út frá forsendum sjálfhverfra (gervi)vísinda og að svíkja aðhaldshlutverk sitt með því að gangast undir forsendur markaðar og fjölmenningar.

Á þessum tíma verður algengt að menn viðri áhyggjur af því að fræðilegir gagnrýnendur oftúlki eða mistúlki verk í þágu ákveðinna bókmenntakenninga eða hugmyndakerfa¹⁶⁸⁵ og mikil andstaða kemur upp gegn „teoríu“ akademíunnar eins og hún til dæmis birtist í nokkrum fræðigreinum í *Tímariti Máls og menningar* og *Skírni*. Þar greina fræðimenn á borð við Helgu Kress, Bergljótu Kristjánsdóttur, Matthías Viðar Sæmundsson og Dagnýju Kristjánsdóttur m.a. kanónísk verk eins og *Gerplu* Halldórs Laxness og „Grasaferð“ Jónasar Hallgrímssonar með því að beita „sálgreiningu í anda Freuds, Lacans og Kristevu“, rýna í „stéttamóthverfur og átök andstæðra afla að hætti marxista“ og fylgja almennt anda póstrúktúralista á borð við Foucault eða „strúktúralista og sporgöngumanna þeirra“, eins og Guðmundur Andri orðar það sem ritstjóri *TMM* árið 1988.¹⁶⁸⁶ Örn Ólafsson var einn af þeim sem gagnrýndi túlkanir fræðikvennanna Dagnýjar Kristjánsdóttur, Soffíu Auðar Birgisdóttur, Bergljótar Kristjánsdóttur og Helgu Kress fyrir að þjóna ákveðinni teoríu fremur en að fylgja forsendum verksins sjálfs eða jafnvel heilbrigðri skynsemi.¹⁶⁸⁷ Guðmundur Andri Thorsson andmælti á svipaðan hátt túlkunum Dagnýjar Kristjánsdóttur á

¹⁶⁸⁴ Sama, 53-54.

¹⁶⁸⁵ Þegar Eysteinn Sigurðsson dæmir bók Vésteins Ólasonar um bókmenntafræði handa framhaldsskólum finnst honum til dæmis að í bókina, sérstaklega kafla um merkingu og túlkun þar sem sé „boðuð nýleg stefna í bókmenntafræði sem nefnist strúktúralismi“, vanti að nefnt sé „það sem heitir oftúlkun og felst í því að lesa meira út úr texta en hann raunverulega leyfir“. Eysteinn Sigurðsson: „Kjarnmikið fræðirit“, 11.

¹⁶⁸⁶ Guðmundur Andri Thorsson: „Frá ritstjóra“, *Tímarit Máls og menningar*, 3, 1988, 262.

¹⁶⁸⁷ Örn segir m.a. að Helga Kress reki „bara kenningar Júlíu Kristevu“ og tæni síðan „saman staði í skáldsögunni sem gætu átt við þetta, en [angi] ekki út frá neinni heildarmynd af skáldsögunni“. Þá telur hann að þótt gott sé „að fá svo innblásna hugvitsamlega túlkun“ eins og þá sem finna megi í grein eftir Dagnýju Kristjánsdóttur um *Gerplu* vanti „herslumun“ til að kenningar hennar „verði sannfærandi“, þ.e. „að rökstutt sé hversvegna þeim beri að trúa fremur en öðrum“. Á sama hátt telur hann að rökfærsla Soffíu Auðar Birgisdóttur fyrir því að „lýsingar fossa í íslenskum bókmenntaverkum tákni fyrst og fremst bældan eða dulinn losta“ geti „vissulega staðist“ en að hún hefði „sannfært mann betur um það, hefði hún hugað að öðrum túlkunarmöguleikum, og fært rök að því að þessi ætti best við“. Og þótt hann segi grein eftir Bergljótu Kristjánsdóttur um *Gerplu* taka „í meginatriðum“ fræðilega á málinu, hnýtir hann í femíníska túlkun Bergljótar á kvensem sögupersónunnar Vermundar og segir hana „rangtúlkun“. Örn Ólafsson: „Bókmenntatúlkanir“, *Tímarit Máls og menningar*, 1, 1989, 8-10. Árið 2009 nefnir Örn einnig, sem dæmi um oftúlkun, freudískan lestur Dagnýjar á ljóðunum „Gunnarshólma“ eftir Jónas Hallgrímsson, túlkun Helgu Kress á sögunni *Grasaferð* eftir Jónas og túlkun Guðna Elíssonar á skáldskap Huldu. Örn Ólafsson: „Skæðar kreddur“, *stína, tímarit um bókmenntir og listir*, 2, 2009, 144 og 146-148. Örn ítrekar svo gagnrýni sína á túlkanir Dagnýjar í inngangi að bók sinni um skáldskap Guðbergs Bergssonar frá 2012. Örn Ólafsson: *Guðbergur. Um rit Guðbergs Bergssonar*, Reykjavík, Ugly, 2012, 16-17.

ljóðum Jónasar Hallgrímssonar¹⁶⁸⁸ og Helgu Kress á *Tímahjófinum*. Í gagnrýninni á grein Helgu viðurkennir Guðmundur Andri að bókmenntaverk séu „dæmd til að túlkast“ þegar „höfundurinn hefur sleppt hendinni af verki sínu“, en telur þó að túlkendur séu misnæmir „að hlusta á verkið og tala við það“ og finnst Helga ganga of langt í femínískum áherslum. Úr verði „karlfyrirlitning“ og í greininni gæti „ofríkis gagnvart textanum, til að láta hann ganga upp í kenningunni um „hvað verkið fjalli í rauninni um“.¹⁶⁸⁹ Í kjölfarið kemur hann með sína lýsingu á því hvernig eðlileg forgangsröðun sé:

Veruleikinn er óreiða og bókmenntir tilraun til að koma skipan á hann. Síðan kemur bókmenntafræðingurinn og kannar hvernig það er gert, hann túlkar og kemur nýrri skipan á. Og til þess að sú iðja verði heiðarleg þarf hann að taka tillit til allra þátta verksins, hann má ekki velja úr aðeins það sem hann telur skipta máli fyrir sína túlkun; þá er hann farinn að falska verkið og sýna höfundi lítilsvirðingu.¹⁶⁹⁰

Af orðum Guðmundar Andra verður ljóst að það að túlka sé að taka sér vald; hann segir að bókmenntafræðingurinn komi „nýrri skipan á“ það sem fyrir er. Guðmundur Andri leggur jafnframt áherslu á að það vald verði að nota „heiðarlega“; túlkandinn megi ekki gefa ranga mynd af textanum sem fjallað er um. Örn Ólafsson leggur að sama skapi mikla áherslu á að í textunum sem eru til umfjöllunar verði að vera stöðir fyrir fullyrðingum fræðimanna. Árið 1989 segir hann að ekki nægi að setja fram tilgátur heldur þurfi „jafnframt að sannprófa þær á einhvern hátt“ og leggur mikla áherslu á að rökfærslan þurfi að halda vatni.¹⁶⁹¹ Sama ár segir Halldór Guðmundsson það hægán vanda „núorðið að skrifa bókmenntaritgerð sem í raun er ekki annað en endursögn á franska sálfræðingnum Lacan með smáviðbót frá bókmenntafræðingnum Kristevu og taka svo eitthvert bókmenntaverk *sem dæmi*“¹⁶⁹² og

¹⁶⁸⁸ Þótt Guðmundur Andri fagni frumkvæði Dagnýjar í því að taka kvæðið til efnislegrar greiningar og hunsar þar með „þögult samkomulag“ um að greining bókmenntafræðinga á svo hátt skrifuðum texta jafngildi „nökkurs konar spjöllum: vanhelgun á fögrum hlut“ þá leitar á Guðmund Andra „sú spurning hvort hún hækki ekki margræðnistuðul ljóðanna æði oft meira en efni standa til og geri sig seka um ofríki gagnvart texta“. Hann telur til dæmis að Dagný byggji túlkun sína á *Ferðalokum* á „æði glannalegum lestri“ á einu erindanna, m.a. þar sem hún lesi línurnar „Sökkvi ég mér og sé ég / í sálu þér“ sem svo að orðin *sé ég* séu viðtengingarháttur sagnarinnar *að vera*, sem Guðmundur Andri telur ekki réttan lestur; „á skjön inn í stranglega byggt kvæðið“ og ekki standast „nánari skoðun“. Þá snúi Dagný „við hlutverkum tákmyndar og tákniðs“ og lesi ljóðið þannig að ástin sé tákni guðs þegar „Guðs logi“ sé tákni ástarinnar. Guðmundur Andri Thorsson: „Ferðalok Jónasar“, *Tímarit Máls og menningar*, 4, 1990, 45-47.

¹⁶⁸⁹ Guðmundur Andri Thorsson: „Eilífur kallar / kvenleikinn oss“, *Tímarit Máls og menningar*, 2, 1988, 187-191.

¹⁶⁹⁰ Sama, 190.

¹⁶⁹¹ „Einfaldasta leiðin er að bera þær saman við aðrar tilgátur, sem fyrr hafa komið fram um þetta efni, og rökraða hver eigi best við. Finnist þær engar, verður túlkandinn sjálfur að finna mögulega valkosti við túlkun sína. Það er ekki nema sjálfstöðvirðing við lesendur að höfða til dómgreindar þeirra eftir fongum.“ Örn Ólafsson: „Bókmenntatúlkunir“, 11.

¹⁶⁹² Halldór Guðmundsson: „Orðin og efinn. Til varnar bókmenntasögu“, *Tímarit Máls og menningar*, 2, 1989, 198-199. Ástráður Eysteinnsson telur að Halldór sé hér að vísa til skrifa Dagnýjar Kristjánsdóttur, Helgu Kress og

Kolbrún Bergþórsdóttir tekur undir það viðhorf árið 1991. Hún segir að „teóretískri umfjöllun eða sundurgreinandi leshætti“ hafi undanfarið „verið beitt af fullmiklum ákafa og oft á fremur yfirborðskenndan hátt“; verkin hafi „ekki verið lögð til grundvallar túlkuninni heldur notuð sem eins konar dæmasöfn, fyrirframgefinni kenningu til vegsömunar“.¹⁶⁹³ Þórarinn Eldjárn hafði lýst sama viðhorfi er hann sagði í viðtali að umfjöllun Helgu Kress um *Tímaþjófinn* hafi verið „ágæt grein að því leyti að það var eins og verið væri að keyra ýmsar teoríur sem settar hafa verið fram hér og hvar í útlöndum“ og skáldsagan sem um ræðir „notuð sem eins konar sýningardæmi“. Það þykir honum ekki sýna „neitt stórkostlega virðingu fyrir verkinu sjálfu“.¹⁶⁹⁴

Eins og fram hefur komið hafa gagnrýnendur allt frá upphafi fjölmiðlunar á Íslandi hneigst til að túlka verk í samræmi við þá heimsmynd sem þeir aðhyllast (sjá bls. 291) og nota einstaka verk „sem eins konar sýningardæmi“. Slík „pólitísk“ túlkun var þá yfirleitt studd með vísun til óumdeildra, hagsmunalausra, fagurfræðilegra viðmiða, til dæmis klassískra og þjóðernislegra (eins og Íslendingasagna eða íslenskrar náttúru). Jafnvel nýrýnin, með áherslu sinni á textamiðaðan nærlestur, margræðni og óþrjótandi túlkunarmöguleika, gat af sér túlkanir sem þjónuðu karlmiðaðri og stigveldisbundinni bókmenntasögusýn og heimssýn og hafði textann sjálfan sem viðmið. Í lok 20. aldar koma hins vegar fram bókmenntastefnur og teoríur sem ganga öðru fremur út á að afbyggja stigveldi bókmenntasviðsins með endurnýjuðum hugmyndum um afstæði allra viðmiða (til dæmis femínismi og póstrúktúralismi). Ástráður Eysteinnsson telur til dæmis mikilvægt að gagnrýnandi sýni fram á hvernig hann kemst að niðurstöðu sinni, svo það verði ljóst að „bak við þá niðurstöðu býr ákveðin *túlkun*, en ekki æðra innsæi eða óskeikul mælistika“.¹⁶⁹⁵

Slíkar endurnýjaðar hugmyndir um afstæði gefa gagnrýnanda m.a. frelsi til að túlka út frá eigin hugmyndafræði, á pólitískan hátt án þess að styðja sig við hugmynd um hagsmunaleysi sem byggir á viljanum til að trúa því „að réttur og ótvíræður mælikvarði sé til einhvers staðar, nefnilega raunveruleg tilvera og staðreynd“ (sjá bls. 165). Hagsmunaleysið hefur hins vegar í gegnum tíðina verið eitt af því sem skapar hið örugga svæði ritdómarans; það á að tryggja að valdi hans sé beitt í þágu samfélagsins. Hugmyndin um hreina og hagsmunalaus fegurðardóma hefur því verið notuð í þágu menningarpólitískra hagsmuna, en

Soffíu Auðar Birgisdóttur. Ástráður Eysteinnsson: „Á tali. Til varnar málefnalegri gagnrýni“, *Tímarit Máls og menningar*, 3, 1989, 279 og 282.

¹⁶⁹³ Kolbrún Bergþórsdóttir: „Jónas Hallgrímsson á tímum Júlíu Kristevu“, *Tímarit Máls og menningar*, 3, 1991, 27-28.

¹⁶⁹⁴ Árni Sigurjónsson: „Ég reyni fyrst og fremst að vera húmoristi.“ Árni Sigurjónsson ræðir við Þórarin Eldjárn“, *Tímarit Máls og menningar*, 2, 1991, 38-39.

¹⁶⁹⁵ Ástráður Eysteinnsson: „Bókmenntagagnrýni dagblaðanna“, 440.

tilgangurinn hefur ekki síst verið að viðhalda stigveldi bókmenntasviðsins, stigveldi sem menn telja samfélagslega nauðsyn (sjá bls. 170). Fræðikenningar sem ógna þessum grundvelli kalla á ásakanir um „brjáláða vísindamenn“ (sjá bls. 266) sem misnota vald sitt í annarlegum (pólítískum eða persónulegum) tilgangi. Femínisminn var þó einna helst í eldlínunni og vakti hvað hörðustu viðbrögðin. Hann þótti til dæmis sérlega þröngsýn túlkunaraðferð sem sliti afmarkaða þætti verka úr samhengi í tilraun til að láta kenningar sínar ganga upp í stað þess að líta til heildarmyndar verka.¹⁶⁹⁶ Á 7. áratugnum hafði Susan Sontag sett fram svipaða gagnrýni á túlkanir í anda marxisma og freudisma, þar sem hún sagði túlkunarverkefnið í samtímanum vera „í stórum dráttum íhaldssamt og heftandi“ þótt í öðrum menningarsamfélögum geti það verið „frelsanði gjörð“.

Að túlka er að gera fátækara, firra heiminn einhverju — í því skyni að koma á fót skuggaveröld „merkinga“. Ástæðan er sú að raunveruleg list „er þess umkomin að gera okkur órótt innanbrjósts. Með því að smætta listaverkið niður í innihald og taka það svo til túlkunar er verið að temja listaverkið. Túlkunin gerir listina meðfærilega, höndlanlega“.¹⁶⁹⁷

Slík túlkun segir Sontag að sé „hefnd vitsmunanna í garð listarinnar“ og „hefnd vitsmunanna á heiminum“.¹⁶⁹⁸ Hún er eins konar afvegaleidd bókmenntafræði, sprettur af kenndum á borð við árásarhneigð og fjandskap í garð textanna og myndi því flokkast sem „lægri tegund gagnrýnnar“, samkvæmt skilgreiningu Kristjáns Albertssonar hér að framan (sjá bls. 289). En hjá Sontag er hún ekki rakin til persónueinkenna einstakra gagnrýnenda heldur lýst sem almennu einkenni nútímans og heilu kenningakerfanna sem mótað hafa bókmenntaumræðu 20. aldar.

Áðurnefndar ásakanir um oftúlkanir íslenskra fræðimanna í nafni teoríu og fræðikenninga eru settar fram sem ásakanir um óvísindaleg vinnubrögð (fólk er sagt falsa „staðreyndir“ og rífa þær úr samhengi til að geta komist að fyrirfram ákveðnum forsendum) og sem áhyggjur af því að þessi þröngsýni loki á aðra (og réttari, þ.e.a.s. víðsýnni) túlkunarmöguleika. Enn komum við að sérstöku eðli bókmennta, þeirri hugmynd sem hafði

¹⁶⁹⁶ Guðmundur Andri Thorsson segir til að mynda að Helga Kress sýni „ágætlega fram á að *hægt* er að opna Tímahjófinn sannfærður um að ástin eigi sér ekki lífsvon í þjóðfélagi sem stýrt er af körlum og finna þar dæmi þess“ en að það eigi ekki að reyna „að negla niður einn leshátt á svo slungnu bókmenntaverki.“ Guðmundur Andri Thorsson: „Eilífur kallar / kvenleikinn oss“, 189. Svipuð skilaboð má lesa úr ritdómi Vésteins Ólasonar um *Gunnlaðar sögu* þar sem hann segir að ef sú bók sé túlkuð sem „ákall konu til annarra kvenna að svíkja ekki þann sannleik sem þær eiga einar“ og „slíkur kvennasannleikur“ sé til þá sé „vitaskuld borin von að karlmaður geti skilið þessa bók“. Sjálfur telur hann að „innsæi verksins“ eigi „engu minna erindi til karla en kvenna og hver lesandi verð[í] að túlka það á sinn hátt“. Vésteinn Ólason: „Tvö ferðalög“, *Tímarit Máls og menningar*, 2, 1988, 246.

¹⁶⁹⁷ Sontag: „Gegn túlkun“, 25-26.

¹⁶⁹⁸ Sama, 25-26.

verið nokkuð viðtekin í áratugi (sjá t.d. bls. 357), að þótt bókmenntir fylgi einhvers konar lögmálum og „teygi anga sína frá einhvers konar miðju sem gagnrýnin geti uppgötvað“¹⁶⁹⁹ séu bókmenntir ótæmanleg uppspretta nýrra uppgötvana, og því þýði ekkert að reyna að hemja þær innan takmarkandi lögmála.¹⁷⁰⁰ Samkvæmt þeirri hugmynd verða bókmenntirnar ávallt að vera dulmögnuð gáta sem við getum haldið áfram að reyna að ráða, annars verður starf bókmenntagagnrýnandans tilgangslaust. Þær eru eins og ótakmarkaða óreiðan sem Mary Douglas lýsir; „ekkert mynstur hefur tekið á sig mynd í henni, en möguleikarnir til að mynda mynstur eru óendanlegir“:

Þetta er ástæðan fyrir því að þótt við leitumst eftir að skapa reglu, þá fordæmum við ekki einfaldlega óreglu. Við viðurkennum að hún er hættuleg þeim mynstrum sem til eru en einnig að hún felur í sér möguleika. Hún táknað í senn hættu og afl.¹⁷⁰¹

Að mati Fryes er „bein reynsla“ af bókmenntaverki slíkur kraftur og sú reynsla hið miðlæga grundvallaratriði í gagnrýni sem ávallt er þó útilokað frá henni. Gagnrýni geti aðeins sagt frá lestrarupplifuninni með tæknilegu orðfæri sem geti aldrei fangað aftur eða falið í sér upprunalegu upplifunina. Lestur bókmennta ætti, eins og bænahald, að fela í sér að stíga inn í leynilega einkaveröld bókmenntanna, segir Frye. Annars verði lesturinn ekki ósvikin bókmenntareynsla heldur aðeins endurvarp gagnrýnihefðar, minninga og fordóma. Hin ólýsanlega lestrarreynsla í miðju gagnrýninnar geri gagnrýnina að list, svo fremi gagnrýnandinn viðurkenni að gagnrýnin spretti af henni en geti ekki byggt á henni.¹⁷⁰²

Foucault bendir á að ef skrif eru á þennan hátt „talin til hins upprunalega virðist það í reynd endurbýða í yfirskilvitlegri merkingu annars vegar kennisetningu guðfræðinnar um helga stöðu textans og hins vegar kennisetningu bókmenntarýninnar um skapandi stöðu hans“. Við hverfum því enn og aftur að „því grunnlögmáli trúarinnar að merkingin sé dulin (og þarfnist því túlkunar) og því grunnlögmáli bókmenntarýninnar að merkingin sé margræð, að þögnin hafi þýðingu, að innihaldið sé órætt (og því sé þörf á skýringum)“.¹⁷⁰³ Og það blasir

¹⁶⁹⁹ „[...] spread out in conceptual space from some kind of center that criticism could locate“. Northrop Frye: „Polemical introduction“, 17.

¹⁷⁰⁰ „[...] literature, as the order of words which makes the science possible, is, so far as we know, an inexhaustible source of new critical discoveries [...]. If so, then the search for a limiting principle in literature in order to discourage the development of criticism is mistaken.“ Sama, 17.

¹⁷⁰¹ „Order implies restriction; from all possible materials, a limited selection has been made and from all possible relations a limited set has been used. So disorder by implication is unlimited, no pattern has been realised in it, but its potential for patterning is indefinite. This is why, though we seek to create order, we do not simply condemn disorder. We recognise that it is destructive to existing patterns; also that it has potentiality. It symbolises both danger and power.“ Douglas: *Purity and Danger*, 94.

¹⁷⁰² Frye: „Polemical introduction“, 27.

¹⁷⁰³ Foucault: „Hvað er höfundur?“, 76.

við að þrátt fyrir auknar vísindalegar áherslur snýst bókmenntaumræða 20. aldar meira og minna um að viðhalda trúnni á leyndardóm listaverksins. Ritdómur Margrétar Eggertsdóttur um *Froskmanninn* eftir Guðberg Bergsson árið 1987 er gott dæmi. Sagt er ítarlega frá efni sögunnar með mörgum tilvitnunum í verkið, þar sem leitast er við að lýsa meginviðfangsefnum og einkennum þess á fræðilegan hátt, og fléttað inn í það túlkun á einstaka þáttum verksins. Um leið er lögð áhersla á að sú túlkun muni aldrei ná fullkomlega utan um verkið sjálft:

Þetta er saga sem kallar á túlkun, að lesandi gefi táknum hennar merkingu. En oft vísa táknið hvert í sína áttina og rugla lesandann í ríminu. Þetta er sem sagt að einhverju leyti táknræn saga, en ekki einföld dæmisaga eða allegoría. Hún gengur ekki alveg upp. Það finnst mér ekki vera galli heldur miklu fremur kostur. Að þessu leyti líkist sagan ummælum froskmannsins sem vöktu þögula aðdáun eins og það sem „aðeins er hægt að skilja til hálfis en heillar samt“ (11).¹⁷⁰⁴

Þessi yfirlýsing Margrétar minnir reyndar töluvert á lýsingu Sigurðar Nordals á óskaupplifun sinni af bókmenntaverki frá árinu 1919:

Gefðu mér sigð mánans, þegar mánabert er, og láttu hana gægjast við og við fram úr skýjarofum. Láttu blikur af fegurð birtast mér, og kendu mér að flýta mér burt frá þeim, áður en ég spilli þeim með því að stara á þær. Lofaðu mér að dreypa á perlum vínsins, og sláðu svo glasið úr hendi mér. Gefðu mér, að guð birtist mér eins og leiftur um nótt, en láttu mig aldrei trúá, að ég geti lýst honum og skilið hann. Láttu fleira af spurningum en svörum verða á leið minni, fleira af lokuðum dyrum en opnum húsum, láttu mig aldrei hætta að finna til hins dularfulla í kringum mig, því það eitt er frjótt, þaðan fæðist alt.¹⁷⁰⁵

Texti Sigurðar hefur á sér trúarlegt yfirbragð og dulrænt; endurekið annarrar persónu ávarpið — „gefðu mér“, „láttu mig“, „kendu mér“, „lofaðu mér“ — minnir einna helst á tón prests í kirkju. Sigurður telur umfjöllun um bókmenntir gegna mikilvægu samfélagslegu hlutverki, sem mótvægi við hið praktíska og hversdagslega;¹⁷⁰⁶ sem áminningu um að dýpri sannleikur um tilgang lífsins leynist ávallt rétt utan seilingar.

Þótt „oftúlkanir“ áðurnefndra fræðimanna séu sagðar beinast gegn textunum sjálfum, og jafnvel gegn bókmenntunum almennt, bera ásakanir í þá átt ýmis merki gamalkunnugar valdatogstreitu höfunda og gagnrýnenda. Í gegnum tíðina hafa höfundar oft spyrint við fótum þegar þeir missa völd yfir túlkunum á eigin textum — sem gerist gjarnan strax og þeir koma út á bók. Eitt dæmi eru viðbrögð Vésteins Lúðvíkssonar frá 1976 við túlkun Helgu Kress á

¹⁷⁰⁴ Margrét Eggertsdóttir: „Froskmaðurinn“, ritdómur um *Froskmanninn* eftir Guðberg Bergsson, *Tímarit Máls og menningar*, 1, 1987, 123.

¹⁷⁰⁵ Sigurður Nordal: „Brot“, 177.

¹⁷⁰⁶ Sjá Sigurður Nordal: „Trúin á ævintýrin“, *List og lífsskoðun* III, Reykjavík, Almenna bókafélagið, 1987, 218. Ræða sem Sigurður flutti af svölum Alþingishússins 1. desember 1922.

skáldsögu hans *Gunnar og Kjartan* með tilliti til raunsæis í kvenlýsingum, en Helga segir skilgreiningu Píl Dahlerup á „karlveldismunstri“ í frásögn sem sniðna á verk Vésteins.¹⁷⁰⁷ Vésteinn svarar með greininni „Mikil vísindaskáldkona smíðar sér karldjöful“ þar sem hann segir að sér blöskri „áfærði, skilningsskortur og óheiðarleg vinnubrögð“ Helgu.¹⁷⁰⁸ Segir hann að takmarkanir hennar séu helstar:

[...] fullkominn skortur á heildarsýn, lítil sem enginn skilningur á tví- eða margþættu sjónarhorni og frásagnaraðferð yfirleitt, meðvitaður ruglingur á viðhorfum sögupersóna og sögumanns, bæklad raunsæishugtak samfara kröfu um óraunsæi í máli og ýmsum smáatriðum, tilhneingingar til að taka það æskilega frammyfir það dæmigerða, tilhneingingar til að setja hlut í stað heildar, rangtúlkanir á persónum og atburðarás, yfirbreiðsla yfir það sem fellur ekki að niðurstöðunni fyrirframgefnu og fráleit skilgreining „höfuðminnis“, sem síðan er notuð til að sýna framhá að verkið gefi lesandanum ekki það sem þessi skilgreining segir að það hafi átt að gera.¹⁷⁰⁹

Hér er tekist á um „lögmeða“ meðferð á textum og valdið til að túlka texta og útskýra, og höfundurinn telur sig hafa þar betri yfirsýn en gagnrýnandinn. Helga Kress tekur ummæli Þórarins Eldjárns og fleiri sem blönduðu sér í teoríuumræðu 9. og 10. áratugarins, m.a. Guðmundar Andra Thorssonar sem sagði að „[o]fríki gagnvart texta“ væri „ef til vill eitt af meginvandamálum bókmenntafræðinnar“,¹⁷¹⁰ sem dæmi um það að höfundurinn hafi ætíð verið settur í öndvegi í íslenski bókmenntaumræðu, hann sé talin „hin endanlega merking síns eigin texta, sem bókmenntafræðingar eiga jafnvel ekki að hafa leyfi til að fást við eða túlka á öðrum forsendum en hans“.¹⁷¹¹ Vísar Helga til orða Þórarins um að hann vilji ekki „að það sé lítið svo á að [bókmenntafræðingar] stjórni bókmenntunum“:

Þeir eiga að vera eins og lítil en vel upplýst þjónustustétt sem er á þönum í kringum hinar risavöxnu bókmenntir og er þar að þússa glugga og dytta að ýmsu og gera við og átta sig á samhengi. Stundum mega þeir leggja til að eitt og eitt hús sé rífið eða endurbyggt en þeir mega alls ekki teikna hús og enn þá síður skipuleggja ný hverfi. Þeir eiga alltaf að koma eftirá. Þeir verða að setta sig við þetta hlutverk.¹⁷¹²

Kristján Jóhann Jónsson telur einnig að Þórarinn hafi áhyggjur af því að „bókmenntafræðingar kunni ekki að haga sér í félagsskap virðulegra rithöfunda“ og gefur í skyn að Þórarinn óttist óstýrilátt vald þeirra, „að sá háski sé á ferðum að sumir

¹⁷⁰⁷ Helga Kress: „Kvenlýsingar og raunsæi“, *Skírni*, 149, 1975, 77.

¹⁷⁰⁸ Vésteinn Lúðvíksson: „Mikil vísindakona smíðar sér karldjöful“, *Tímarit Máls og menningar*, 1, 1976, 70.

¹⁷⁰⁹ Sama, 71.

¹⁷¹⁰ Guðmundur Andri Thorsson: „Eilífur kallar / kvenleikinn oss“, 189.

¹⁷¹¹ Helga Kress: „Mikið skáld og hámenntaður maður“, 393.

¹⁷¹² Árni Sigurjónsson: „Ég reyni fyrst og fremst að vera húmoristi“, 38.

bókmenntafræðingar séu farnir að halda að þeir séu eitthvað“. Lesa má úr orðum Kristjáns að Þórarinn vilji hemja þetta vald og halda um leið í æðri stöðu sína sem rithöfundur:

Það er ekki auðvelt að fá hlýðið og trútt vinnufólk nú frekar en fyrri daginn. Skáldið neyðist til þess að minna menn á góða síði og rétta hegðun. „Oss er ekki skemmt,“ sagði Viktoría Englandsdrottning þegar henni líkaði ekki við hirðifl sín. Þórarinn talar í sama stíl um bókmenntatúlkun þar sem honum finnst fræðileg umræða fara út úr öllum húsaga.¹⁷¹³

Við þetta má bæta að Þórarinn segir einnig íslenska fræðahefð „svo veikburða“ að þegar fólk komi heim frá námi fari það „að heimfæra einhvern andskota úr erlendri þróun upp á Ísland eins og það sama þurfi endilega að hafa gerst hér. Og hafi það ekki gerst, þá bara skal það bara nokk *samt* hafa gerst.“¹⁷¹⁴ Orð hans minna á umkvörtun J.Ó.P. frá 1958 yfir því að Sigurður A. Magnússon og fleiri leggi „sig í líma við að skapa þjóðinni nýjan listasmekk“ þótt „hún hafi litla lyst á“ (sjá bls. 354), en í báðum tilvikum er bókmenntafræðingum lýst þannig að þeir reyni að hafa sitt í gegn með valdi gegn mótþróafullum almenningi. Ofríki gagnrýnandans er því ekki einungis talið bitna á textum og höfundum, heldur einnig hinum almenna lesanda.

Helga og Kristján Jóhann beina athyglinni að því að höfundurinn hafi í raun haldið miðlægri stöðu sinni á íslensku bókmenntasviði (sem og annars staðar), ekki síst sem uppspretta þeirrar merkingar sem gagnrýnendur leitast við að uppgötva og túlka. Árið 2012 kemst bókmenntafræðingurinn Ásdís Sigmundsdóttir til dæmis að þeirri niðurstöðu að „bókmenntastofnunin og fyrirbærið bókmenntir almennt get[i] ekki án höfundarins verið“, er hún veltir því fyrir sér hvort mögulegt sé að gagnrýna ljóð sem hafi enga „merkingu“ sem hægt sé að grafast fyrir um. Í umfjöllun um ljóðabókina *Nötur gömlu nútíðarinnar*, sem rithöfundurinn Þórdís Björnsdóttir sagðist hafa skrifað með hjálp pendúls sem valdi stafina í texta bókarinnar,¹⁷¹⁵ spyr Ásdís hvort sú staðhæfing að „texti bókarinnar sé í raun frá pendúlum kominn“ þýði að höfundurinn „sé einfaldlega að hæðast að hugmyndum okkar um frumleika og uppruna skáldverka innra með höfundi“. Hún veltir jafnframt upp þeirri spurningu hvort „bókin fjalli helst um eðli tungumálsins“ líkt og ljóðabók Jóns Arnar Loðmfjörðs, *Gengismunur*, frá árinu 2010,¹⁷¹⁶ en sú bók var unnin upp úr skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um fall íslensku bankanna árið 2008. Eiríkur Örn Norðdahl hafði

¹⁷¹³ kj: „Oss er ekki skemmt“, 9.

¹⁷¹⁴ Árni Sigurjónsson: „Ég reyni fyrst og fremst að vera húmoristi“, 38.

¹⁷¹⁵ Kristjana Guðbrandsdóttir: „Fyrirtækin nærast á nægjuleysi næstum okkar“, viðtal við Þórdísi Björnsdóttur, *DV*, 8. apríl 2012, sótt af <http://www.dv.is/menning/2012/4/8/fyrirtaekin-naerast-naegjuleysi-naestum-okkar/>.

¹⁷¹⁶ Ásdís Sigmundsdóttir, gagnrýni um *Nötur gömlu nútíðarinnar* eftir Þórdísi Björnsdóttur, *Víðsjá*, RÚV, 2012.

áður fjallað um *Gengismun*, og bent á svipaðan hátt á að þetta væri „bók um tungumál“ þar sem sálarlausir „orðaleppar“ væru „hnýttir saman í merkingarleysur“:

Þetta eru ekki „skapandi skrif“, bókin byggir ekki á orðsnilld, myndlíkingum eða orðaleikjum sem eiga uppruna sinn í uppáfinndingarsemi Jóns.

Jón Örn skrifaði forrit. Forritið skrifaði *Gengismun*. Jón Örn ritstýrði bók forritsins.¹⁷¹⁷

Eiríkur Örn og Ásdís beina athyglinni að þeim vanda sem það skapar lesendum, og sérstaklega gagnrýnendum, þegar verk er ekki sett fram sem „afrakstur sköpunargáfu“ höfundarins.¹⁷¹⁸ „Ef pendúll semur textann hver er þá uppspretta merkingar í textunum í [*Nötur gömlu nútíðarinnar*]?“ spyr Ásdís og bendir á að hefðbundið hlutverk bókmenntarýni sé, „rétt eins og höfundarins sjálfs þegar hann raðar saman orðum í listaverk, að skapa merkingu“. Sé *Nötur gömlu nútíðarinnar* „dæmi um hugmyndalist“ megi spyrja hvort það sé „í sjálfu sér óþarfi að lesa [hana] sem bókmenntaverk — að reyna að grafast fyrir um merkingu textans.“ Svarið telur hún fara „eftir því hvar maður telur merkinguna búa, í tungumálinu sjálfu eða í notendum þess“.¹⁷¹⁹

Eiríkur Örn segir að sama skapi að *Gengismunur* sé „konseptverk sem ástæðulaust er að lesa“. Bókin sé „ekki skrifuð fyrir mannfólk (frekar en hún er skrifuð af mannfólki)“.

Ég grét ekki yfir *Gengismun*. Ég hló ekki einu sinni (oft). En ég undraðist meira en yfir mörgum bókum. Annars vegar býður hún manni að glíma við annars konar sköpun en maður fæst við alla jafna, hún verkar á mann í öðrum ferlum, sækir inn í aðra hugsun, aðrar tilfinningar. Hún er zenísk, horfin yfir í fátæðskapinn „hinumegin“ — hún sviptir frá tjöldum tungumáls og hugsunar svo við fáum séð í gegn: „En það er ekkert þarna?“ segjum við, spyrjum við, forviða. Allt verður hjákátlegt. Líklega er *Gengismunur* bitrasta bók ársins.¹⁷²⁰

Árið 2014 bendir Vera Knútsdóttir á svipaðan hátt á að „plottleysi“ ljóðabókarinnar *KOK* eftir Kristínu Eiríksdóttur kippi stoðunum undan hefðbundnum lestri: „Stundum á viðtakandinn hreinlega ekkert að skilja heldur aðeins skynja sem ég, textamanneskjan, virðist oft eiga mjög erfitt að sætta mig við.“¹⁷²¹ Samkvæmt gagnrýnendum 21. aldarinnar hefur vandræðagangur lesenda sem standa frammi fyrir skorti á merkingu og hefðbundinni sögufléttu því reynst æði lífseigur, en strax árið 1924 telur Jón Thoroddsen sig greina gremju manna vegna þess að Halldórs Laxness skrifi „öðruvísi en aðrir“.

¹⁷¹⁷ Eiríkur Örn Norðdahl: „Að gera Ísland einfaldara“, *Spásían*, haust, 2010, 36.

¹⁷¹⁸ Sama, 36.

¹⁷¹⁹ Ásdís Sigmundsdóttir, gagnrýni um *Nötur gömlu nútíðarinnar* eftir Þórdísi Björnsdóttur.

¹⁷²⁰ Eiríkur Örn Norðdahl: „Að gera Ísland einfaldara“, 37.

¹⁷²¹ Vera Knútsdóttir: „Taka tvö / ljóð og myndlist“, ritdómur um *KOK* eftir Kristínu Eiríksdóttur, *Bókmenntavefur Borgarbókasafns Reykjavíkur*, desember, 2014, sótt 2. mars 2015 af http://www.bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3409/5777_read-39126.

„Undir Helgahnúk“ er ekki saga í venjulegum skilningi. Venjulegri sögu svipar til leiks, sem heitir „að fela fingurbjörg“. Hún hefst á því, að fingurbjörgin er falin, og endar á því, að fingurbjörgin finst.¹⁷²²

Jón skilur þó ekki við bókina sem merkingarleysu; réttlætning hans fyrir því að fjalla um hana sem gagnrýnandi er einmitt fólgin í þeirri staðhæfingu að hann hafi sérstakan skilning á því hvers vegna Halldór Laxness fæst „ekki við að fela fingurbjörgir“. Að baki felist æðra markmið og hæfileikar Halldórs til að ná því dyljist ekki þeim „sem les bók hans með skilningi“. Jón vitnar í heiti á smásögu eftir Jack London, „Piece of Life“, og segir að *Undir Helgahnúk* sé í raun „piece of life“, ekki „venjuleg æfisaga“ sögupersónunnar heldur lýsing á því hvernig hægt sé „að lifa dýrðlegan dag án þess að trúlofa sig, græða í lotterii eða vera kosinn í bæjarstjórn, án þess að nokkuð sjerstakt komi fyrir“. Í stað þess að feta í fótspor leirskálda sem „fimbulfamba um sálarástand mannsins, fylla hverja örkina af annari með efnislausu orðastóði“ eða í fótspor forfeðranna sem lýstu „yfirleitt ekki slíkum degi“ heldur „skrifuðu gagnorðar, hlutrænar frásagnir, [...] sögðu frá atburðum“, geri Halldór það sama og „[s]umir nýtísku höfundar“ sem „lýsa öllu frá sjónarmiði mannsins sjálfs“.¹⁷²³

Enn í dag, þrátt fyrir allan módernisma og póstmódernisma 20. aldarinnar, eru viðbrögðin við bókmenntum sem ögra væntingum um heildstæðni, söguþráð og merkingu oftast ekki leit að einmitt þessum þáttum, eins og Vera Knútsdóttir bendir á:

Ég get líkt því við að ganga inn á listasýningu og æða beint í textann í sýningarskránni eða veggtextann sem fylgir verkunum til að reyna að skilja listaverkin sem fyrir augu ber, setja þau í það samhengi til þess að geta síðan upplifað þau.¹⁷²⁴

Þessi viðbrögð verða skiljanleg þegar litið er til þeirrar hugmyndar að þegar partar ljóðs komi „saman, einsog skáldið hefur hugsað og skynjað það“, fái „ljóðið líf sem býður öllum skýrgreiningum byrginn“, en sú hugmynd felur í sér að ljóð séu „merkilegur sigur yfir glundroðanum og meiningarleysinu sem ríkir í mannheimi“, eins og Sigurður A. Magnússon orðar það árið 1958:

Þegar skáld hefur fundið ákveðinni sýn á einhverju fyrirbæri eða vandamáli lífsins endanlegt form, hefur það í rauninni sigrað vandamálið eða gætt fyrirbærið nýju lífi, nýrri merkingu. Þegar

¹⁷²² Seinna segir Jón að „[g]liffingar, peningar, völd, sigur rjettvísinnar o. fl. [séu] þær fingurbjörgir, sem flestir höfundar leita að og finna á síðustu síðunni.“ Jón Thoroddsen: „Undir Helgahnúk. Ný bók“, Ritdómur um *Undir Helgahnúk* eftir Halldór Laxness, *Lögrjetta*, 11. nóvember 1924, 4.

¹⁷²³ Sama, 4.

¹⁷²⁴ Vera Knútsdóttir: „Taka tvö / ljóð og myndlist“.

T.S. Eliot orti „The Waste Land“, þarsem hann tjáir tilgangssleysi, taugaveiklun og algeran glundroða nútímalífs, þá gæddi hann í raun réttri líf nútímamannsins nýrri merkingu með því að finna því form. Hið fullkomna form verksins vann sigur á formleysi efnisins.¹⁷²⁵

Á öðrum áratugi 21. aldar þurfum við jafnmikið á þessum sigri formsins yfir formleysinu að halda og áður.

Mikilvægi stígveldisins

Hér að framan er því haldið fram að „umbreytingar, afbakanir og breytingar“¹⁷²⁶ gagnrýnenda, til dæmis túlkanir þeirra á einstökum verkum eða heildarverkum höfundar, séu skapandi hliðin á þeirri ögun sem fram fer í ritdómum (sjá bls. 292). En þrátt fyrir áhyggjur af oftúlkunum akademískra gagnrýnenda, að þeir gangi of langt í þessum „leik“, hefur hugmyndin um algjört frelsi til túlkunar alla tíð mætt mótstöðu af hálfu fræðimannana sjálfra, sem flestir leggja áherslu á að túlkanir þurfi að standast vísindalegar kröfur og megi ekki ganga gegn lögmálum og anda upphaflega textans. Fræðimenn og gagnrýnendur eru hluti af bókmenntastofnuninni á hverjum tíma og samþykkja sem slíkir ekki hið algjöra, skapandi frelsi sem sögupersónan Gilbert í verki Wildes áskildi sér; frelsi frá því að sýna verkið eins og það raunverulega er eða frá því að sýna verkinu sanngírni (sjá bls. 249) — jafnvel frá því að túlka með nokkurt æðra markmið að leiðarljósi en að leyfa eigin sál að tjá sig (sjá bls. 270). Hverjum er ekki sama hvort skoðanir gagnrýnandans á verkum listamanns eru traustar eða ekki? spyr Gilbert. Hvaða máli skiptir það ef gagnrýnin sjálf sprettur upp af sál gagnrýnandans og talar við sál viðtakandans, með innsæi, ímyndaauðgi og skáldlegu sjónarmiði?¹⁷²⁷ Svarið er að fæstum stendur á sama. Algjört túlkunarfrelsi hefur þótt ógna grundvelli bókmenntasviðsins og bókmenntafræðinnar. Lefevere lýsir slíkum umræðum meðal fræðimanna á árunum 1981-1983:

Ef túlkun þín þarf ekki að vera sönn eða réttlætanagerð heldur aðeins áhugaverð þá gætirðu allt eins skrifað hvað sem þú vilt um bókmenntir, hljóðar skelfingu lostin röksemdafærslan, alveg eins og þú getur skrifað hvað sem þú vilt um lífið, og komist upp með það. [...] Hinn hryllilegi kjarni málsins er, vitanlega, að ef þetta er rétt þá verður túlkandinn rithöfundur en ekki lengur fræðimaður [...].¹⁷²⁸

¹⁷²⁵ Sigurður A. Magnússon: „Ljóðagerð yngri skáldanna“, 24. Skáletrun úr upphaflega textanum.

¹⁷²⁶ Foucault: „Hvað er höfundur?“, 84.

¹⁷²⁷ Og Wilde bætur við: „Who, again, cares whether Mr. Pater has put into the portrait of Monna Lisa something that Lionardo never dreamed of?“ Wilde: „The Critic as Artist“, 366.

¹⁷²⁸ „If your interpretation, the horror-stricken argument goes, does not need to be true or justifiable but merely interesting, you may as well write anything you like about literature, just as you may write anything you like about life, and get away with it. [...] The horrible point of it all is, of course, that, if this is true, it would make the interpreter a writer, and no longer a scholar [...]“ Lefevere: „Why Waste our Time on Rewrites?“, 215-216.

Ógnin snýr þó ekki einungis að grundvelli bókmenntafræða. Umræðan snýst öðrum þræði um grundvallarafstöðu til lífsins almennt. Sigurður Nordal orðar það þannig að einhvers staðar verði „að nema staðar [hvað frelsið varðar], öll siðmenning heimt[i] skefjar, takmarkanir“; það þurfi að „koma meira skipulagi á nútímalífið“ sem sé gagnsýrt af óheilindum. Þegar hugsunin fari „sínar eigin leiðir, leik[i] sér í ábyrgðarleysi að háleitum hugsjónum og skaðvænum skoðunum“ geti menn „orðið áttavilltir og viti ekki upp né niður í sjálfum sér“. Þeir fari að „láta reka, rotna niður, líkamlega, andlega, siðferðislega“ og noti „frelsið til þess að verða lélegustu skepnur jarðarinnar“.¹⁷²⁹

Helga Kress telur að andstaðan gegn teórískum lestri á 9. og 10. áratugnum hafi verið „dæmigerður varnarháttur“. Teorían hafi ekki bara verið „erfið og útlensk“ heldur líka „hættuleg, því hún getur bylt viðteknum hugmyndum, hróflað við undirstöðum merkingarinnar — og sjálfsmýndarinnar“, m.a. með því að „rústa höfundarhugtakinu og sundra hinu karlmannlega sjálfi“.¹⁷³⁰ Og það er ljóst að inn í myndina eru komin ný viðmið. Ingibjörg Haraldsdóttir þakkar til dæmis Böðvari Guðmundssyni fyrir það að skrifa ljóðabók þar sem boðskapurinn er ástin og segir: „Héðan í frá munu karlremba og töffarastælar eiga erfiðara uppdráttar í íslenskri ljóðlist en hingað til.“¹⁷³¹ Samkvæmt hefðinni var „hið karlmannlega“ aldrei túlkað sem neikvætt einkenni á skáldskap, eins og margoft hefur komið fram í þessari ritgerð, en Ingibjörg dregur fram neikvæðari hliðar karlmennskunnar. Femínistar tóku einnig hefðarveldið til endurskoðunar, sérstaklega hvað varðaði skarðan hlut kvenhöfunda innan kanónsins, en annað dæmi um slíka endurskoðun er að ýmsar konur í stétt bókmenntafræðinga fóru að gefa barnabókum meira vægi í „alvöru“ bókmenntaumfjöllun. Silja Aðalsteinsdóttir gaf m.a. út fræðibók um barnabækur árið 1976¹⁷³² — og konur voru iðnar við að skrifa ritdóma um barna- og unglingsbækur. Þetta hefur haft sín áhrif á hefðarveldið, eins og sést á því að í fimmta hefti *Íslenskrar bókmenntasögu* frá 2006 er heill aðalkafli helgaður barnabókmenntum.¹⁷³³ Árið 2015 gaf Dagný Kristjánsdóttir svo út fræðibókina *Bókabörn*, þar sem fjallað er um bernskuskeið íslenskra barnabóka.¹⁷³⁴ Það er þó dæmigert fyrir slíka femíníska endurskoðun á hefðarveldinu að umfjöllun um barnabækur varð nokkurs konar sérsvið kvenna. Til dæmis var 3. hefti *Tímarits Máls og menningar* árið 1986 að stórum hluta helgað barnabókum. Þar eru m.a. margir ritdómar um barnabækur og

¹⁷²⁹ Sigurður Nordal: „Heilindi“, 67, 69 og 75.

¹⁷³⁰ Helga Kress: „Mikið skáld og hámenntaður maður“, 395-396.

¹⁷³¹ Ingibjörg Haraldsdóttir: „Galdur einlægninnar“, 505.

¹⁷³² Silja Aðalsteinsdóttir: *Þjóðfélagsmynd íslenskra barnabóka. Athugun á barnabókum íslenskra höfunda á árunum 1960-1970*, Reykjavík, Menningarsjóður, 1976.

¹⁷³³ Margrét Tryggvadóttir: „Íslenskar barnabækur eftir 1970“, *Íslensk bókmenntasaga V*, ritstj. Guðmundur Andri Thorsson, Reykjavík, Mál og menning, 2006, 313-372.

¹⁷³⁴ Dagný Kristjánsdóttir: *Bókabörn. Íslenskar barnabókmenntir verða til*, Reykjavík, Háskólaútgáfan, 2015.

þar sést sú óvenjulega kynjaskipting að allir ritdómararnir, sex talsins, eru konur, sem virðist vera einsdæmi í sögu tímaritsins. Enn eru það helst konur sem fjalla um barnabækur í fjölmiðlum, og má sjá það m.a. af kynjahlutföllum greinahöfunda í tímaritinu *Börn og menning*.

Það er þó ljóst að femínistar lögðu meira upp úr þeirri félagslegu áherslu að auka veg kvennabókmennta innan bókmenntakanónsins en á það póststrúktúralíska verkefni að beina spjótum að grundvallarforsendum kerfisins, til dæmis með því að gagnrýna það félagslega viðhorf að afþreyingarbókmenntir séu undirskipaðar fagurbókmenntum, og grafa þannig undan stigveldishugsun innan bókmenntasviðsins. Vésteinn Ólason lýsir félagslegri greiningaraðferð þannig að þar sé „leitast við að hagnýta sér niðurstöður samfélagsvísinda til að [...] benda á þjónustuhlutverk [sumra verka] við valdakerfi samfélagsins“, sem reyna ekki „að afhjúpa mikilvægar staðreyndir í samfélaginu“ heldur breiða yfir þær og styrkja þannig ráðandi öfl. „Skýrasta dæmið um þessa yfirbreiðslu“ telur hann að sé að finna „í öllum þorra svo nefndra afþreyingarbókmennta, leynilögreglusögum, njósnasögum, vísindasögum, kúrekasögum, ástarsögum osfr.“¹⁷³⁵ Afhjúpunin á valdakerfi samfélagsins, eins og Vésteinn lýsir henni, nær því ekki endilega til grundvallaratriða bókmenntasviðsins heldur staðfestir jafnvel hefðbundið stigveldi bókmenntagreina.

Áhrif teoríunnar umdeildu á hefðarveldið eru því ekki jafn róttæk og ætla mætti af þeirri tilhneigingu, sem verður nokkuð áberandi á 9. og 10. áratugnum, að gagnrýnandinn sem hampað er í markaðs- og afþreyingarvæddu fjölmiðlaumhverfi sé kynntur sem fulltrúi þeirrar alþýðu sem stígur á bremsuna andspænis fræðingunum og vilji varðveita ákveðin óumdeilanleg viðmið og „náttúrulegt“ stigveldi í anda Matthews Arnolds (sjá bls. 166). Dómar í *Pressunni* og *Helgarpóstinum* á síðasta áratug 20. aldar eru dæmi um það. Þar verður ritdómari Kolbrún Bergþórsdóttir einna mest áberandi, þykir áhrifamikil en er umdeild. Hún hefur nú í aldarfjórðung og í starfi fyrir hina ýmsu miðla haldið þeirri stöðu sinni og hljóta skrif hennar því að teljast ágætt dæmi um það hvers konar gagnrýni hefur átt upp á pallborðið undanfarna áratugi.

Í *Pressunni* og *Helgarpóstinum* leggja Kolbrún Bergþórsdóttir og aðrir ritdómarar mikla áherslu á að kveða afdráttarlaust upp úr með það hvort bækur séu „skáldskapur“¹⁷³⁶ eða

¹⁷³⁵ Vésteinn Ólason: „Bókmenntir og bókmenntatúlkun“, 102.

¹⁷³⁶ „Þetta er skáldskapur“ er yfirskriftin á dómi Kolbrúnar um Hundshjarta eftir Mikhail Búlgakov, en þau orð eru ekki útskýrð frekar í dómnum sjálfum. Kolbrún Bergþórsdóttir: „Þetta er skáldskapur“, ritdómur um *Hundshjarta* eftir Mikhail Búlgakov, *Pressan*, 26. nóvember 1992, B 6.

misheppnaðar,¹⁷³⁷ og hvort þær eru efstar í einhverjum virðingarstiga; hvort þær eru til dæmis besta bók höfundar til þessa eða besta bók ársins — eða bara „óvæntasta uppgötvunin þessi jól“.¹⁷³⁸ Í „bókmenntaannál“ *Pressunnar* árið 1992 raðar Kolbrún til dæmis höfundum og bókum í alls konar virðingarsæti. Hún segir að þrír rithöfundar hafi sent „frá sér skáldsögur sem eru ótvírætt þær bestu sem þeir hafa samið“ og að skáldsögur þeirra hafi borið „af öðrum þetta árið“. Ólafur Gunnarsson hafi unnið „stórsigur á rithöfundarferli sínum með skáldsögu sinni Tröllakirkju“, sem sé „örugglega metnaðarfyllsta skáldsaga sem hér hefur komið út síðustu árin“. Þá sé Þorvaldur Þorsteinsson „líklega mesta efnið sem fram kom í sögugeiranum“, Gyrðir Eliasson hafi sent „frá sér eina af sínum bestu ljóðabókum“, *Stúlkan í skóginum* sé „besta bók Vigdísar Grímsdóttur“, endurminningabók Thors Vilhjálmssonar sé „örugglega best skrifaða bók ársins“ og *Klakabörnin* eftir Lindu Vilhjálmisdóttur „hressilegasta ljóðabók ársins“, en með henni sé „Linda Vilhjálmisdóttir komin í fámennan hóp bestu ljóðskálda landsins“. Kolbrún nefnir einnig hvaða bækur hafi verið tilnefndar til bókmenntaverðlauna og hverjar hún telji að eigi þar heima og bætir því við að bækur Vigdísar Grímsdóttur og Einars Kárasonar hafi, þrátt fyrir að vera ekki tilnefndar til bókmenntaverðlaunanna, raðað sér „ofarlega á metsölulista“ ásamt smásagnasafni Þórarins Eldjárns — þótt hún afneiti því um leið, líkt og nánast allir aðrir sem taka til máls á bókmenntasviðinu, að metsölulistar séu rétta leiðin til að meta gildi skáldskapar.¹⁷³⁹ Megináherslan er hér á kanóninn og öllu máli skiptir að ákvarða hvaða höfundar og verk séu best.

Til að skera úr um það lítur Kolbrún til margra þátta, en þó aðallega til frásagnartækni á borð við söguþráð og persónusköpun (sögupersónur mega að hennar mati ekki að vera einsleitar eða klisjukenndar heldur eiga að hafa séreinkenni¹⁷⁴⁰ og vera sannfærandi¹⁷⁴¹). Það sem skiptir þó mestu máli í ritdómum Kolbrúnar er stíll verka og það er yfirleitt hann sem hún

¹⁷³⁷ Sjá t.d. Kolbrún Bergþórsdóttir: „Fullkomlega misheppnuð bók“, ritdómur um *Sogar svelgur* eftir Þorvarð Helgason, *Pressan*, 22. desember 1992, B 6. Hrafn Jökullsson er einnig afdráttarlaus þegar hann segir í upphafi dóms um *101 Reykjavík* að það sé „fátt sorglegra en að lesa vonda bók“ og um *Lávarð heims* að hún sé „illilega misheppnuð“. Hrafn Jökullsson: „Andleg fátækt“, ritdómur um *101 Reykjavík* eftir Hallgrím Helgason og *Lávarð heims* eftir Ólaf Jóhann Ólafsson, *Helgarpósturinn*, 28. nóvember 1996, 9.

¹⁷³⁸ [Auglýsing], *Fréttablaðið*, 3. desember 2001, 3. Ummæli höfð eftir Kolbrúnu Bergþórsdóttur.

¹⁷³⁹ Kolbrún segir að það sé „ljúf tilbreyting að sjá frambærileg bókmenntaverk á metsölulista“. Kolbrún Bergþórsdóttir: „Bókmenntaannál ársins 1992: Það besta afar gott. Og það besta er að það skiptir máli“, *Pressan*, 30. desember 1992, 12.

¹⁷⁴⁰ „Persónusköpun er hér engin. Það er fjarska auðvelt að villast á persónum, þær hafa engin séreinkenni nema kyn sitt.“ Kolbrún Bergþórsdóttir: „Fullkomlega misheppnuð bók“, B 6.

¹⁷⁴¹ „Mér hefur ekki þótt Ólafi Jóhanni takast vel upp í persónusköpun [...]. Honum tekst einfaldlega ekki að skapa sannfærandi persónur, þær eru yfirleitt gangandi klisjur.“ Kolbrún Bergþórsdóttir: „Léttir strengir Ólafs Jóhanns“, ritdómur um *Sniglaveisluna* eftir Ólaf Jóhann Ólafsson, *Helgarpósturinn*, 1. desember 1994, 19. Sjá einnig Kolbrún Bergþórsdóttir: „Taugabílaðar mömmur og litlausar kærustur. Af hverju eiga ungir karlhöfundar í basli með að skapa trúverðugar kvenpersónur?“, *Pressan*, 26. ágúst 1993, 32.

segir skera úr um það hvort verk er alvöru skáldskapur eða ekki. Dæmi um þessar áherslur Kolbrúnar er sú yfirlýsing hennar að *Vesturfarinn* eftir Pál Pálsson sé „mislukkuð bók þar sem stíl og persónusköpun er sérlega ábótavant“.¹⁷⁴²

Sagan einkennist af einhæfum og tilþrífalitlum frásagnarstíl. Þar skortir kraft, spennu og blæbrigði. Þessi stíll býður ekki upp á sterka og eftirminnilega persónusköpun. Samtölin bregðast einnig en þar tekst ekki að skapa trúverðuga mynd af þeim sem talar. Afleiðingin er sú að lesandinn kemst ekki í nálægð við persónurnar. Þær eru fjarlæggar og of yfirborðslegar til að lesandinn geti látið þær sig miklu varða.¹⁷⁴³

Þótt Kolbrún styðji sig við áherslur nýrýnninnar á frásagnartækni, uppbyggingu og stíl leggst hún ekki í mikla greiningu á þessum þáttum. Hún setur sig jafnframt meðvitað upp á móti akademískum lestri samtímans, sem einkennist af samfélagslegri áherslu og meðvitund um afstætt gildismat. Í auglýsingum *Pressunnar* er Kolbrúnu gjarnan stillt upp sem fulltrúa alþýðunnar í andstöðu við firrt vísindi nútímans og m.a. sagt að „[þ]ótt Kolbrún hafi stundað nám í Háskólanum [sé] hún ekki bundin í viðjar neinna fræðikenninga, heldur [sé] aðalmælikvarði hennar hvort bók er skemmtileg eða ánægjuleg aflestrar“.¹⁷⁴⁴ Sjálf undirstrikar Kolbrún muninn á almennu gildismati og gildismati háskólafélks nútímans í ýmsum greinum og ritdómum, til dæmis í eftirfarandi ummælum um bókina *Þetta er allt að koma*:

Ég á ekki von á að þessi bók verði tilnefnd til verðlauna og hún verður örugglega ekki sett á lestrarlista í bókmenntadeild Háskólans. Til þess mun hún þykja of skemmtileg. En hún mun skipa veglegan sess í bókaskáp húmoristanna. Vegna þess að hún er svo skemmtileg.¹⁷⁴⁵

Kolbrún hampar hins vegar þeim gildum sem hún telur að Sigurður Nordal hafi staðið fyrir og segir hann aldrei fastan „í því þunglamalega, hátíðlega og ógn leiðinlega hlutverki sem við tengjum of oft við fræðimennsku“.¹⁷⁴⁶

Gamli Nordalinn var töfrapenni. Og þar skilur á milli hans og fjöldans sem fyllt hefur bókmennta- og íslenskudeild Háskólans. Þekking er vissulega mikils virði en ef menn kunna ekki að setja hana í orð og búa henni heillandi búning þá er jafnvel betur heima setið en af stað farið.

¹⁷⁴² Kolbrún Bergþórsdóttir: „Lítill saga um mikið efni“, ritdómur um *Vesturfarann* eftir Pál Pálsson, *Helgarpósturinn*, 14. nóvember 1994, 24.

¹⁷⁴³ Sama, 23.

¹⁷⁴⁴ „Sex skemmtileg og lífleg blöð um bækur og plötur“, *Pressan*, Plötu- og bókablað, 5. nóvember 1992, 29.

¹⁷⁴⁵ Kolbrún Bergþórsdóttir: „Jólabók húmoristanna“, ritdómur um *Þetta er allt að koma* eftir Hallgrím Helgason, *Helgarpósturinn*, 1. desember 1994, 19.

¹⁷⁴⁶ Kolbrún Bergþórsdóttir: „Ófölsuð mynt“, ritdómur um *Fornar menntir* eftir Sigurð Nordal, *Helgarpósturinn*, Listapósturinn, 30. janúar 1995, 22.

Sigurður Nordal skrifaði ætíð eins og sá sem valdið hafði og kunní vart annað því hæfileikar hans voru afburða góðir. Jafnframt bókmenntaáhuga og þekkingu bjó hann yfir innsæi, greind og skarpri hugsun sem þeyttu honum í fremstu röð íslenskra fræðimanna og gæddu skrif hans tímalausum blæ. Skrif hans úreldest ekki því þó menn geti vissulega verið á annarri skoðun en séníð þá mun fæstum nokkru sinni takast að finna hugsun sinni jafn skáldlegan en um leið sannfærandi farveg.¹⁷⁴⁷

Kolbrún stillir sér þannig upp sem fulltrúa hins almenna lesanda, almennrar skynsemi og almennrar lestraránægju- eða óánægju, andspænis nútíma fræðum og snobbaðri elítu. Hún telur til dæmis að þótt Birgir Thorlacius sé „prýðilega ritfær og k[unni] að setja sögur í stílinn“ og að „hinn mannlegi þáttur“ takist „sérlega vel“ í endurminningum hans, að bók hans sé „að hluta til svo aristókratísk [...] að hún mun[i] ekki að öllu leyti höfða til almúgalesenda. Aristókratarnir fá[i] hins vegar lesefni við sitt hæfi.“¹⁷⁴⁸ Í ritdómi um *Orðabók Lemprières*, sem ber titilinn „Gáfur og leiðindi“, segir hún jafnframt að hún hafi „sterkan grun um að intelligensían sem hampað hefur þessari bók af ákefð hafi fallið fyrir gáfunum [sem höfundur sýnir] fremur en verkinu sjálfu“. Þarna fari „vit og skemmtun ekki saman“ og leiðindin sé „þrúgandi“.¹⁷⁴⁹

Eins og m.a. má marka á þeim lofsyrðum Kolbrúnar um Sigurð Nordal að hann hafi ætíð skrifað eins og sá sem valdið hafði, markast „alþýðlegt“ viðhorf hennar af hefðbundinni áherslu á stigveldi. Leiðir hennar til að flokka verk í stigveldi eru jafnframt afar hefðbundnar; líkt og Matthew Arnold (sjá bls. 168) telur Kolbrún til dæmis að „þegar frásögnin tekur hvað eftir annað að rísa í fullkomnu samræmi tilfinninga, fegurðar og næmis þá fær enginn smekkvís lesandi neitað því að hann er að lesa afburðaskáldskap“.¹⁷⁵⁰ Í samræmi við það styður Kolbrún stundum mál sitt með því að taka dæmi sem eiga að gera þessum smekkvísu lesendum kleift að upplifa sjálfir sannleiksgildi dóma hennar:

„Það hlýtur að verða glóðarsteikt lifandi og sterku kryddi stráð í sárin og kveinstafirnir hljóma sem dýrðartónlist í eyrum kvalaranna, en ef ekki þá má náttúrlega kefla það áður en það er sett í klípurnar sem snúast hægt yfir eldinum.“

Þetta er svæsið og það má glotta en þá einfaldlega vegna þess að þetta er ekki góður skáldskapur og hið sama má segja um verkið allt. Það er klaufalega skrifað og allt sem á að verða listrænt eða myndrænt verður hlægilegt. Einn kostur er við það og hann er sá að lesturinn

¹⁷⁴⁷ Sama, 22.

¹⁷⁴⁸ Þessi aristókratismi kemur að mati Kolbrúnar „vitaskuld fram í „stóru nöfnunum“ sem þar eru stöðugt á dagskrá en einnig í köflum sem veita upplýsingar um siðvenjur og reglur sem í heiðri voru hafðar við opinberar móttökur.“ Kolbrún Bergþórsdóttir: „Aristókratísk bók“, ritdómur um *Í þjónustu forseta og ráðherra* eftir Birgi Thorlacius, *Helgarpósturinn*, 22. desember 1994, 26.

¹⁷⁴⁹ Kolbrún Bergþórsdóttir: „Gáfur og leiðindi“, ritdómur um *Orðabók Lemprières* eftir Lawrence Norfolk í þýðingu Ingunnar Ásdísardóttur, *Helgarpósturinn*, Jólápósturinn, 12. desember 1994, 21.

¹⁷⁵⁰ Kolbrún Bergþórsdóttir: „Elskhugi lafði Chatterley“, ritdómur um *Elskhuga lafði Chatterley* eftir D.H. Lawrence í þýðingu Jóns Thoroddsens, *Pressan*, 27. ágúst 1992, 39.

verður aldrei beinlínis leiðinlegur. Hins vegar fær ekkert forðað verkinu frá að verða vandræðalegur skáldskapur.¹⁷⁵¹

Í krafti almennrar skynsemi, lestraránægju og smekkvísi fellir Kolbrún því afgerandi dóma um bækur og þessar áherslur falla vel að ritstjórnarstefnu *Pressunnar* og síðar *Helgarpóstsins*. *Pressan* stærir sig til dæmis af því í áskriftarauglýsingu að flytja fréttirnar „sem hinir vilja ekki eða þora ekki að segja“ og vera ekki með neinn tepruskap. Í samræmi við það er lögð áhersla á að ritdómari *Pressunnar*, Kolbrún Bergþórsdóttir, skrifi „af þekkingu og áræði“.¹⁷⁵²

Áherslur ritstjórnarinnar birtast einnig í því að afdráttarlausustu fullyrðingarnar í ritdómum eru teknar til hliðar sem feitlettraðar tilvitnanir sem eiga að grípa athygli lesandans — og að fremst í ritdómum eru gefnar stjórnur sem standa einar og sér sem afdráttarlaus og áhrifamikil yfirlýsing um bók.

Í kynningu á plötu- og bókablöðum *Pressunnar* fyrir jólin 1992 segir að stjórnugjöfin sé auðvitað „enginn algildur mælikvarði, heldur aðeins tæki til að sýna ákveðna megindrætti og til að lesendur eigi hægara um vik að átta sig“. Samt sem áður fylgir með nokkuð nákvæm útlistning á því hvernig lesa eigi úr þessum mælikvarða:

**** (fjórar stjórnur). Frábærlega gott verk sem enginn ætti að missa af. Kannski meistaraverk, en tíminn verður þó að skera úr um það.

*** (þrjár stjórnur). Þrýðilega gott verk og meira en vel þess virði að komast yfir það.

** (tvær stjórnur). Í meðallagi gott verk sem á þó sína ljósu punkta. Enginn þarf þó að missa svefn yfir því að sjá það ekki né heyra.

* (ein stjarna). Verk fyrir neðan meðallag. Líklega er ráðlegt að eyða ekki tíma sínum í það.

© (hauskúpa). Afleitt verk. Ber að forðast.¹⁷⁵³

Stjórnugjöfin er augljóslega hluti af ákveðinni stefnu í menningarritstjórn blaðsins, sem stillt er upp sem alþýðlegri, þ.e. betur í takt við kröfur og þarfir hins almenna lesanda en hefðbundin bókaumfjöllun. Ritstjóri *Pressunnar* segir til dæmis að það komi sér „ekki á óvart að ýmsum menningarvitum þyki það fyrir neðan allar hellur að gagnrýnendur *Pressunnar* skuli gefa bókum, plötum og öðrum listvörum stjórnur. Það pass[i] ekki við þann upphafna hátíðleika sem þeir vilj[i] að leiki um listina.“

Fyrir mitt leyti finnst mér stjórnugjöf kurteisi. Ef ég rekst á mann niðri í bæ og spyr hann hvernig nýja bókina hans Thors sé þá ætlast ég til að hann svari í einni eða tveimur setningum. Jafnvel þótt hann segði: „ja, svona lala“, þá teldi ég það enga sérstaka móðgun við Thor. Ef ég rækist á skemmtilegan mann væri ég til í að setjast með honum inn á kaffihús og hlusta á hann

¹⁷⁵¹ Kolbrún Bergþórsdóttir: „Fullkomlega misheppnuð bók“, B 6.

¹⁷⁵² [Auglýsing], *Pressan*, 26. ágúst 1993, 13.

¹⁷⁵³ „Næstum 400 titlar í flóðinu“, *Pressan*, Plötu- og bókablað, 19. nóvember 1992, B 1.

lýsa skoðunum sínum á bókinni í lengra máli. Á sama hátt svara gagnrýnendur *Pressunnar* spurningum lesenda á tvennan hátt; annars vegar með stjörnujöf og hins vegar með rökstuddri gagnrýni í lengra máli. Þeir svara því bæði þeim lesendum sem fara á hundavaði í gegnum blaðið og eins hinum sem eru tilbúnir að hlýða á lengra mál.¹⁷⁵⁴

Sú staðreynd að ekki er látið staðar numið við að gefa eina stjórn eða enga stjórn heldur gefnar hauskúpur, auk þess sem neikvæðustu ummæli ritdómara eru gjarnan valin sem tilvitnanir til hliðar við textann, gefa til kynna að harkaleg gagnrýni sé talin eitt af því sem almennir lesendur sækist eftir. Páll Baldvin Baldvinsson gengur svo langt árið 1995, í grein um leiklistardóma, að tala um Þórðargleði á ritstjórnnum:

Ég hef orðið var við það á hvorki meira né minna en fjórum ritstjórnnum sem ég hef starfað á, jafn ólíkum og *Stöð 2* yfir í *Þjóðviljann* með *DV*, og *Ríkisútvarpið* þar á milli, að ritstjórnirnar verða glaðastar ef þær fá hvöss skrif, grimm og neikvæð. Ég tel þetta eina af ástæðum þess að fólk staðnæmist ekki lengi í þessu starfi.¹⁷⁵⁵

Gagnrýnendur fá samkvæmt þessu hvatningu í þá átt að hafa yfirlýsingar sínar afdráttarlausar og bæta fremur í en draga úr þegar fundið er að verki. Slík hvatning þarf ekki að vera bein. Jafnvel sú einfalda ritstjórnarlega ákvörðun að í lok dóma sé inntak þeirra og niðurstaða dregin saman með nokkurra lína feitletraðri samantekt hlýtur að hafa þau áhrif að ritdómarar reyna að komast að hnitmiðaðri niðurstöðu sem þessari:

Góð bók sem segir sögu níu íslenskra kvenna sem giftust erlendum hermönnum. Bókin einkennist af hressilegum og skemmtilegum stíl en megingalli hennar liggur í byggingunni sem er heldur brotakenndur [svø] og virkar trúflandi.¹⁷⁵⁶

Þá getur ákveðin hvatning falist í því að hampa gagnrýnendum á borð við Kolbrúnu Bergþórsdóttur í krafti þess að þeir stundi „hvöss og tæpitungulaus skrif um bókmenntir“.¹⁷⁵⁷

Í auglýsingu fyrir Bóka- og plötublað *Pressunnar* segir til dæmis:

Kolbrún Bergþórsdóttir hefur fyrir löngu unnið sér sess sem einn skeleggasti bókmenntagagnrýnandi landsins. Hún segir álit sitt tæpitungulaust og lætur ekki hefðir ráða ferðinni.¹⁷⁵⁸

¹⁷⁵⁴ Gunnar Smári Egilsson: „Rökstudd gagnrýni og örökstuddur dónaskapur“, *Pressan*, 26. nóvember 1992, 22.

¹⁷⁵⁵ Jakob Bjarnar Grétarsson: „Fjandvínir í leikhúsunum“, 21.

¹⁷⁵⁶ Kolbrún Bergþórsdóttir: „Herinn og konurnar“, ritdómur um *Herbrúðir* eftir Þóru Kristínu Ásgeirsdóttur, *Helgarpósturinn*, 22. desember 1994, 26.

¹⁷⁵⁷ „Sex skemmtileg og líflæg blöð um bækur og plötur“, 29.

¹⁷⁵⁸ [Auglýsing], *Pressan*, 11. nóvember 1993, 11.

Sjálf beinir Kolbrún athygli að stórum orðum annarra gagnrýnenda þegar hún vitnar í yfirlýsingar Ingunnar Ásdísardóttur og Ólafs Haraldssonar um að annars vegar *Stúlkan í skóginum* og hins vegar *Tröllakirkja* séu „tímamótaverk“ og hefur eftir Ólafi Haraldssyni að Ólafur Gunnarson sé „bjargvættur íslenskra alvörubókmennta“. Þá vitnar Kolbrún í þau orð Jóns Halls Stefánssonar að ljóðabálkurinn *Zombíljóðin* sé „eitt metnaðarfyllsta verk sem komið hefur út lengi“.¹⁷⁵⁹

Miklar yfirlýsingar henta líka vel í bókauglýsingar og þar er einna helst vitnað í þá gagnrýnendur sem láta stór orð falla. Í auglýsingu í *Pressunni* árið 1993 kemur m.a. fram að bókinn *Englar alheimsins* hafði fengið þar umsagnir að vera „besta skáldsaga ársins“, „ein af bestu bókum Einars [Guðmundssonar]“ og „einhver sterkasta ádeila sem íslenskur rithöfundur hefur sent frá sér í háa herrans tíð.“¹⁷⁶⁰ Auglýsing sem birtist í *Helgarpóstinum* árið 1995 sýnir glögglega að forleggjurum geta jafnvel þótt neikvæðustu yfirlýsingar söluvænlegar, séu þær nógu eftirtektarverðar — og að yfirlýsingaleðin var alls ekki bundin við *Pressuna* og *Helgarpóstinn* eða Kolbrúnu Bergþórsdóttur. Bókinn *Auga fyrir tönn* eftir Kormák Bragason er sögð „bók sem fólk talar um“ og kölluð „bókin sem fór fyrir brjóstunni á gagnrýnendum“. Tilvitnanir í neikvæðar umsagnir fylgja á eftir, þar á meðal yfirlýsingu Sigríðar Albertsdóttur um að bókinn sé „[t]ímamótaklúður“ og orð Friðriku Benónýsdóttur: „Svona vondar bækur mega menn ekki skrifa.“¹⁷⁶¹

Á þessum tíma verður einnig algengt að fjölmiðlar birti myndir af gagnrýnendum og einhverjir þeirra verða þekkt andlit af sjónvarpsskjánum þar sem þeir eru með innslög í þáttum eins og Dagsljósi og Kastljósi. Markvissar myndbirtingar af gagnrýnendum gefa til kynna að hér sé verið að skapa fjölmiðlastjörnur, og það gera einnig yfirlýsingar á borð við þær að dómur Kolbrúnar Bergþórsdóttur í Dagsljósi Ríkissjónvarpsins, „þar sem hún gaf nýjustu bók Ólafs Jóhanns [*Lávarði heims*] ekki nema hálfa stjörnu — og það fyrir viðleitni“, hafi gert útslagið með að „í fyrsta sinn frá því Ólafur Jóhann hóf feril“ vermi bók frá honum „hvergi fyrsta sæti á bóksölulista“.

Það er því ekki að ósekju sem Kolbrún Bergþórsdóttir ritdómari er í ár kölluð „yfir-gagnrýnandi“ jólabókaflóðsins, en auk þess að hafa gert útslagið með Ólaf í hinum öfluga ríkismiðli þykjast margir frá viku til viku greina á metsölulistum af hvaða bókum hún hrifst og hverjum ekki.¹⁷⁶²

¹⁷⁵⁹ Kolbrún Bergþórsdóttir: „Það besta afar gott“, 12.

¹⁷⁶⁰ [Auglýsing], *Pressan*, 22. desember 1993, 28.

¹⁷⁶¹ [Auglýsing], *Helgarpósturinn*, 21. desember 1995, 17.

¹⁷⁶² „Reddar sjónvarpsþáttur á Stöð 2 Lávarði heims?“, *Helgarpósturinn*, 12. desember 1995, 4.

Hér er mikið gert úr áhrifastöðu tiltekins gagnrýnanda innan bókmenntasviðsins og ljósmyndir af slíkum gagnrýnendastjörnum eiga væntanlega að draga að lesendur, rétt eins og myndir af stjörnurithöfundum eru notaðar til að fanga athyglina. Höfundarnir fá þó yfirleitt stærri mynd af sér eins og til að undirstrika að þeir séu, í takt við hefðina, alltaf stærstu stjórnur bókmenntaheimsins.¹⁷⁶³ Þessi áhersla á stigveldi og samkeppni fellur vel að aukinni markaðsvæðingu íslenska fjölmiðlasviðsins þar sem flokksblöðin höfðu að mestu lagt upp laupana. Höfundar eru látnir keppa um vinsældir og frægð og dómarnir eru sjálfir stjórnur, rétt eins og í *Idol*-þáttunum. Þótt *Pressan* segi árið 1992 að í bóka- og plötuútgáfu jólavertíðarinnar verði „fjallað um bóka- og plötuútgáfu frá ýmsum hliðum, mörgum allnýstárlegum“, eru áherslurnar allkunnuglegar; gera á kannanir á vinsældum rithöfunda og verka þeirra svo hægt sé að raða þeim niður í stigveldi, í hverju blaði „verður kastljósi beint að einum þeirra öndvegishöfunda sem gefa út bók fyrir þessi jól; fjallað um höfundarferil hans og mat lagt á verkið sem er að koma út, en líka fyrri verk“ og ráðgert er að láta metsölulista fylgja hverju blaði. Helstu nýjungar eru ef til vill að fjalla á sérstaklega um bókakápur og bókaitla,¹⁷⁶⁴ en það er yfirleitt gert á sömu forsendum, til að velja þá bestu og þá verstu. Þá er „ráðgert að í hverju blaði birtist stutt yfirlit yfir þá dóma sem áður hafa birst með þeirri einkunn [þ.e. stjörnu- eða hauskúpugjöf] sem bókin eða platan hefur fengið“.¹⁷⁶⁵ Slík yfirlit birtust einnig reglulega í *Helgarpóstinum* og fleiri blöðum og birtast enn.¹⁷⁶⁶

Árið 1982 gerði Ástráður Eysteinnsson m.a. þann greinarmun á fræðilegri gagnrýni og ritdómum dagblaðanna að fræðileg gagnrýni væri ítarlegri, kafaði dýpra í einstaka þætti og gerði ráð fyrir að lesandi hefði ákveðna þekkingu í farteskinu á meðan ritdómarar hefðu meira „frelsi“ í „framsetningu og uppbyggingu; hvers konar útdúrar, innskot og hugleiðingar geta orðið mun eðlilegri í meðförum hans, auk þess sem hann ræðir oft hvernig honum hafi líkað lestur bókarinnar, hvernig hún hafi verkað á hann o. s. frv.“¹⁷⁶⁷ Hins vegar mætti segja að undir lok 20. aldar ríki hugmyndafræðilega meira frelsi í fræðilegri gagnrýni en í ritdómum dægurmiðlanna, sem eru einfaldlega notaðir til að endurstyrkja landamæri andstæðuparanna sem liggja sviðinu til grundvallar. Þar flokka ritdómarar höfunda, verk og/eða einstaka þætti verka sem góð eða vond, alvöru bókmenntir eða afþreyingu — skilgreina hvaða eiginleikar það eru sem gera eðli sumra verka göfugra en annarra, greina með innlifun sinni í einstaka verk hvort slík einkenni megi þar finna og ákvarða þeim og höfundum þeirra í kjölfarið stað í

¹⁷⁶³ Sjá t.d. Kolbrún Bergþórsdóttir: „Thor á flugi“, ritdómur um *Tvílýsi* eftir Thor Vilhjálmsson, *Morgunpósturinn*, Menning, 3. október 1994, 38.

¹⁷⁶⁴ „Sex skemmtileg og líflæg blöð um bækur og plötur“, 29.

¹⁷⁶⁵ Sama, 29.

¹⁷⁶⁶ Sjá t.d. „Sex skáldverk fá fimm stjórnur“, *Fréttablaðið*, 17. desember 2011, 86.

¹⁷⁶⁷ Ástráður Eysteinnsson: „Bókmenntagagnrýni dagblaðanna“, 431.

virðingarstiga bókmenntasviðsins og þar með samfélagsins almennt. Akademískir fræðimenn leyfa sér hins vegar að efast um forsendur bókmenntasviðsins og benda á afstæð viðmið fegurðardóma; þeir nýta sér ramma ritdómana til að láta reyna á hefðbundin mörk þótt niðurstaðan verði yfirlétt, eins og fram hefur komið, einnig í þágu ríkjandi kerfis; hefðarveldis og stigveldis.

Samtal eða klisjur?

Bókmenntateorían sem tekist var á um hér á landi á 9. og 10. áratugnum breytti ekki meginforsendum og einkennum ritdóma, en greina má endurnýjaða meðvitund um afstæð viðmið og hugmynd um jafnræði vitsmuna sem franskur heimspekingurinn Jacques Rancière segir um svipað leyti, árið 1987, að feli í sér vitsmunalega byltingu sem enginn vilji takast á við.¹⁷⁶⁸ Undir lok 20. aldar er það enn ríkt viðhorf að alvöru bókmenntaumræða eigi að einkennast af karlmannlegum hólmgöngum, eins og sést til dæmis á þeim orðum Halldórs Guðmundssonar árið 1989 að sér finnist stundum að hið „uppskrúfaða orðalag“ bókmenntafræðingsins Ástráðs Eysteinnssonar sé „notað til að komast hjá því að segja hlutina afdráttarlaust og [sé] þá stutt í höfuðsyndina, skoðanaleysið“.¹⁷⁶⁹ Halldór lætur þessi orð falla í andsvari við gagnrýni Ástráðs á fræðiverk sitt og minna yfirlýsingar hans nokkuð á orðaskipti Halldórs Laxness og Kristjáns Albertssonar um hugleysi og kjark (sjá bls. 296-299) þegar hann segir óþarft fyrir Ástráð „að láta óttann buga sig“ og klykkir út með því að honum finnist „bókmenntasagan verða bragðdauf þegar hún neitar sér um það sem mörg bókmenntaverk hafa í svo ríkum mæli: Sterk orð, og dirfsku“.¹⁷⁷⁰ Ástráður gerist hins vegar fulltrúi hinnar póststrúktúralísku teoríu sem dregur fram afstæðan grundvöll bókmenntasviðsins þegar hann svarar með efasemdum um að hin hefðbundna áhersla á átök og sigra sé sú rétta og segist vona „að lesendur velti því fyrir sér hvers konar „skoðanaleysi“ þetta sé og samkvæmt hvaða trúarbrögðum það teljist „höfuðsynd““.¹⁷⁷¹ Að hans mati eigi bókmenntagagnrýni að vera „málefnaleg og drengileg — og vel rökstudd“ samræða „um sameiginlegt áhugamál“. Og sé sá mælikvarði notaður, frekar en dirfska og óttaleysi, fellur Halldór greinilega á prófinu að mati Ástráðs: „En það gengur illa að ná sambandi við Halldór; það er á tali hjá honum.“¹⁷⁷²

¹⁷⁶⁸ Jacques Rancière: *The Ignorant Schoolmaster*, 16.

¹⁷⁶⁹ Halldór Guðmundsson: „Orðin og efinn“, 202 og 203.

¹⁷⁷⁰ Sama, 203 og 204.

¹⁷⁷¹ Ástráður Eysteinnsson: „Á tali“, 278.

¹⁷⁷² Sama, 268-269.

Ástráður segir að meginhlutverk gagnrýnnar í þjóðfélaginu sé að vera „kveikja að frekari hugleiðingum, umræðum og skoðanaskiptum meðal almennings“.¹⁷⁷³ Hann er ekki eini bókmenntafræðingurinn um þá skoðun. Soffía Auður Birgisdóttir telur til dæmis að „bæði neikvæð og jákvæð“ viðbrögð við túlkun Helgu Kress á *Tímaþjófinum* ítreki gildi hennar, hún hafi „komið af stað umræðu“,¹⁷⁷⁴ og Silja Aðalsteinsdóttir segir að hlutverk gagnrýnenda sé „að hjálpa fólki að tala um það sem það sér og heyrir“, að „auka umræðu um listir.“¹⁷⁷⁵ Eins og fram hefur komið hefur löngum verið lögð áhersla á ritdóma sem nokkurs konar samtal. Helsta hlutverk gagnrýnenda fyrir tíma prentmiðlanna var að eiga í persónulegum samræðum við höfunda í því skyni að bæta verk þeirra (sjá bls. 141). Með tilkomu prentmiðlanna varð þessi persónulega hlið nokkuð próblematísk, þótt hún hyrfi aldrei alveg, en meiri áhersla var lögð á að koma á „alþjóðlegu kerfi röklegra samræðna“ (sjá bls. 108) byggðu á húanískum hugmyndum um gildi menntunar og menntaðra samræðna (sjá bls. 40). Gagnrýnandinn verður fyrst og fremst milliliður sem miðlar inntaki og upplýsingum um gæði verks til annarra viðtakenda og á þannig í leiðbeinandi samræðum við almenning og jafnvel höfund (sjá t.d. bls. 333).

Þótt íslenskir ritdómar hafi oft verið sviðsettir sem einlægt og leiðbeinandi samtal gagnrýnanda við höfund, sérstaklega eftir að áhrifa sálfræði fór að gæta í bókmenntafræði (sjá bls. 207 og 271), hafa flestir höfundar ekki viljað sjá neina slíka leiðsögn, sem þeir telja stríða gegn náttúrulegu stigveldi bókmenntasviðsins (sbr. orð Halldórs Laxness sem vitnað er í á bls. 297 og Þórarins Eldjárns sem vitnað er í á bls. 385). „Samtal“ höfunda og gagnrýnenda hefur því einna helst verið í formi ritdeilna og togstreitu um forystu í stigveldi bókmenntasviðsins. Höfundar hafa á svipuðum nótum gagnrýnt samtal gagnrýnenda við almenning með því að leggja áherslu á að ritdómar séu óæðri og óþarfa „viðbót“ við skáldverk¹⁷⁷⁶ og trufla jafnvel raunverulegt og náttúrulegt samband lesanda og texta (sbr. orð Gunnars Benediktssonar sem vitnað er í á bls. 355). Tekist er á um það hvorir séu lögmætir leiðbeinendur almennings, gagnrýnendur eða höfundar. Eins og fram hefur komið má líta á öll þessi átök sem hluta af „leikritinu“ sem viðheldur ákveðnu samþykki um grundvallargildin (sjá bls. 298). Á síðustu áratugum 20. aldar er þessari tálsýn (*illusio*) bókmenntasviðsins um að það skipti máli hver sigrar í valdatogstreitunni (sjá bls. 44) hins vegar ógnað af endurnýjaðri meðvitund innan bókmenntafræðinnar um afstæði. Þessa meðvitund má m.a. lesa úr þeim orðum Ástráðs

¹⁷⁷³ Ástráður Eysteinnsson: „Bókmenntagagnrýni dagblaðanna“, 438.

¹⁷⁷⁴ Soffía Auður Birgisdóttir: „Úr hænuhaus gagnrýnanda“, 139.

¹⁷⁷⁵ Sandra Berg Cepero: „Gagnrýni í hnotskurn“, 102.

¹⁷⁷⁶ Einar Már Guðmundsson hafnar því til dæmis að ritdómur geti verið *viðbót* við verk: „Þegar frá líða stundir stendur ritdómur um bók aðeins sem vitnisburður um sjálfan sig en verkið talar sínu máli sé það ekki orðið mállaust.“ Einar Már Guðmundsson: „Tossabandalagið“, 5.

Eysteinnssonar frá 1982 að það væri „þarfaverk“ að „gagnrýnin leitaðist við að kveða niður raust „yfirvaldsins“ og uppræta goðsögnina um hlutlægt mat og algildan smekk“.¹⁷⁷⁷ Og í svargreininni til Halldórs Guðmundssonar tekur Ástráður til umfjöllunar þá skoðun Halldórs að „sá sem skrifar bókmenntasögu [verði] að vera einarður í gæðamati sínu á einstökum verkum“ og vill spyrja hvert sé „viðmiðið að baki þessu gildismati“.

Enginn getur hafið sig yfir gildismat og smekk. En það er brýnt að gera sér grein fyrir hvernig gildismat og smekkur eru til orðin — og þar vakna sannarlega spurningar um *samhengi*. Til skamms tíma virtist til dæmis fullkomlega eðlilegt það gildismat sem útilokaði kvenhöfunda frá hverskonar bókmenntaumræðu. Það eru ekki síst femínistar sem hafa sýnt fram á að gildismat er aldrei „eðlilegt“, það er aldrei neitt sjálfgefið við það hvernig það skilur frá „góð verk“. Sumir bókmenntafræðingar skrifa fyrst og fremst um verk eða höfunda sem falla að smekk þeirra. En þeir sem fást við bókmenntasögu í víðara samhengi verða að geta skynjað hvernig verk eru „merkileg“ þótt þau séu ekki „góð“ samkvæmt smekk fræðimannsins eða ríkjandi gildismati.¹⁷⁷⁸

Orðið „merkilegt“ er hér notað sem nýr og afstæðari mælikvarði á verk, líkt og orðin „forvitnilegt“ og „áhugavert“ sem vakið höfðu mikla andúð þegar Ólafur Jónsson notaði þau í stað hefðbundnari og gildishlaðnari orða (sjá bls. 357), og Halldór Björn Runólfsson telur árið 2002 að „fólk sé farið að skilja það að gagnrýni [sé] ekki Stóridómur“:

Það er bara dómur eins manns sem hefur sinn persónulega smekk og getur ekki losnað við hann. Það sem fólk getur áttað sig á er að sjá hvað gagnrýnandinn skoðaði og hvað hann lagði áherslu á eða hverju hann gleymdi. Það slípast örlítið og kemst þannig betur að því hvað í rauninni skiptir máli.¹⁷⁷⁹

Um leið breytist hlutverk gagnrýnandans; hlutverk hans er ekki lengur að segja hinum almenna lesanda frá því hvort verk er gott eða ekki, að leiðbeina honum að rétttri niðurstöðu, heldur að virkja hinn almenna lesanda til að dæma um það sjálfur með því að fá hann til að „gera sér grein fyrir margbreytileika verksins og þeirrar gagnrýni sem það býður upp á, og taka sjálfur gagnrýna afstöðu“.¹⁷⁸⁰ Gunnar Stefánsson lýsir því þannig árið 1984 að gagnrýnandi eigi „að bera fram af fullri einurð sinni skilning, skoðanir, mat og skilgreiningar“ á samtímabókmenntum því við viljum „gjarnan bera vitni um reynslu okkar af skáldskap og listum, meta hana við reynslu annarra njótenda“.¹⁷⁸¹ Þessi áhersla á að gagnrýnandinn sé, að minnsta kosti öðrum þræði, aðeins einn af almennum lesendum bókar, og skoðun hans ekki

¹⁷⁷⁷ Ástráður Eysteinnsson: „Bókmenntagagnrýni dagblaðanna“, 438.

¹⁷⁷⁸ Ástráður Eysteinnsson: „Á tali“, 275.

¹⁷⁷⁹ Sandra Berg Cepero: „Gagnrýni í hnotskurn“, 107-108.

¹⁷⁸⁰ Ástráður Eysteinnsson: „Bókmenntagagnrýni dagblaðanna“, 438.

¹⁷⁸¹ Gunnar Stefánsson: „Ólafur Jónsson“, 1.

endilega réttþærri en annarra, felur í sér áðurnefnda hugmynd um jafnræði vitsmuna sem Jacques Rancière telur að enginn vilji takast á við (sjá bls. 399). Sjálfur tekur Rancière ákveðna þætti úr póstrúktúralískri hugsun og gengur skrefinu lengra, til dæmis hvað varðar áherslu á afstæði fagurfræðilegra gilda og stigvelda. Rancière lítur á þessa þætti sem hluta af „fagurfræðilegri byltingu“¹⁷⁸² og er ekki hræddur við þá tengingu við anarkíu sem afstæðið og uppreisnin gegn stigveldi eru oft talin fela í sér. Enda telur hann ekki að anarkía þurfi að þýða stjórnleysi í merkingunni algjör óreiða. Reyndar talar Rancière um að kenningar sínar herði hnút þriggja hugtaka; lýðræðis, anarkíu og pólitíkur¹⁷⁸³ en hér er hamrað á mögulegum tengslum afstæðisins við anarkíu vegna þess að ótti við anarkíska óreiðu hefur verið ein helsta ástæðan fyrir því að gagnrýnendur halda fast í nauðsyn stigveldis og óumdeilanlegra fagurfræðilegra viðmiða (sjá t.d. bls. 108, 114 og 380) — þótt endalaust sé deilt um það hver þau viðmið séu eða ættu að vera.

Í verkinu *Le maître ignorant: Cinq leçons sur l'émancipation intellectuelle* lýsir Rancière því þegar franskur kennarinn og menntaheimspekingurinn Joseph Jacotot gerði á fyrri hluta 19. aldar tilraun á nemendum sínum og staðhæfði í kjölfarið að fáfróður maður gæti lært sjálfur af lestri bóka, og jafnvel kennt það sem hann kynni ekki, án aðstoðar leiðbeinanda. Til þess þyrfti aðeins að hafa það að leiðarljósi að allir menn hefðu jafnar gáfur (fr. *intelligence*) og að ein manneskja geti alltaf skilið orð annarrar manneskju.¹⁷⁸⁴ Þessar kenningar urðu undirstaða ákveðinnar „náttúrulegrar“, alhliða kennsluáðferðar (fr. *enseignement universel*) sem hlaut nokkurt brautargengi í Evrópu um miðbik 19. aldar, og á sér m.a. nokkurn samhljóm í hugmyndum kennarans Gunnars Benediktssonar frá því um miðja 20. öld um

¹⁷⁸² Um þessa fagurfræðilegu byltingu segir Rancière að hún merki m.a. „the ruin of any art defined as a set of systematisable practices with clear rules. It means the ruin of any art where art's dignity is defined by the dignity of its subjects – in the end, the ruin of the whole hierarchical conception of art which places tragedy above comedy and history painting above genre painting, etc. [...] It is the affirmation that poems are everywhere, that paintings are everywhere. So, it is also the development of a whole series of forms of perception which allow us to see the beautiful everywhere. This implies a great anonymisation of the beautiful [...]. I think this is the real kernel: the idea of equality and anonymity.“ Peter Hallward: „Politics and Aesthetics“, viðtal við Jacques Rancière, þýð. Forbes Morlock, *Angelaki. Journal of the Theoretical Humanities*, 8, 2003, 193 og 205, sótt 12. janúar 2015 af <http://abahlali.org/files/ranciere.hallward2.pdf>.

¹⁷⁸³ „At a fundamental philosophical level my position can be called anarchist *stricto sensu* since I hold that politics exists insofar as the exercise of power does not rest upon any *arkhê*. In Greek, the *arkhê* is the identity of commencement and commandment: the fact that the exercise of power is the exercise of an already active superiority that precedes it and which in return it confirms. This is what happens when the exercise of power is identified with the power of science, of birth, of wealth or any other entitlement to govern founded upon an unequal distribution of positions. Conversely, a government is political when it claims the people as its subject, that is to say the collection of those who have no more reason to govern than to be governed. It is in this sense that democracy – the power of those who have no particular entitlement to wield it – is the very principle of politics.“ Paul Bowman og Richard Stamp: „Against an ebbing tide“, viðtal við Jacques Rancière, *Reading Rancière: Critical Dissensus*, ritstj. Paul Bowman og Richard Stamp, London, Continuum, 2011, sótt 12. janúar 2015 af http://www.academia.edu/1115969/Ranciere_Interview.

¹⁷⁸⁴ Rancière: *The Ignorant Schoolmaster*, 18.

„náttúrulegan“ lestur íslensku þjóðarinnar (sjá bls. 355). Margir íslenskir ritdómarar hafa reyndar litið á það sem meginhlutverk sitt að koma á eða endurskapa í texta sínum þetta dýrmæta beina samband lesanda og texta og notað til þess ýmsar aðferðir. Í kringum aldamótin 1900 reyndi Jarþrúður Jónsdóttir til dæmis að endurskapa lestrarreynsluna með því að flétta saman fræðilega og skáldlega orðræðu (sjá bls. 206-206) og um miðja 20. öldina reyndi Drífa Viðar fyrst og fremst að lýsa einkennum verka, koma tilfinningu þeirra og eðli til skila. Stíll Drífu einkennist af svo miklum einfaldleika að það jaðrar við naumhyggju og útkoman verður nánast ljóðræn, eins og sjá má á lýsingu hennar á ljóðabók Jóns Óskars:

Yfirlætislaus bók nútímans, miklu einlægari en svo margt sem orðið er víðþekkt, bók sem á í togstreitu við sjálfa sig hvort hún eigi að vera rímuð eða órímuð og er hvorttveggja. Það eru áhrif bæði frá Steini og frönsku nútímaskáldunum sem einkenna hana og samt er hún svo einstaklega persónuleg eins og allt sem þessi höfundur lætur frá sér fara. Það andar heit, sterk ættjarðarást frá henni og þó fallegustu ljóðin hlýði bragarháttum sem eru ekki til í íslenzku þá lúta þau sínu formi og lögmálum sem búa yfir töfrum.¹⁷⁸⁵

Drífa setur sjaldan fram beint mat á gæðum bóka en það kemur þó óbeint fram, til dæmis í lýsingarorðunum sem hún notar; við sjáum að henni finnst bók Jóns Óskars yfirlætislaus, einlæg og persónuleg og að í henni sé heit, sterk ættjarðarást og töfrar. Líkt og Jarþrúður reynir Drífa að koma anda bókarinnar til skila með því að lýsa einkennum hennar á skáldlegan hátt, en hún gerir það þó ekki síður með vel völdum dæmum úr verkinu sem hún útskýrir lítið en lætur tala sjálfstætt til lesandans. Í ritdóminum um ljóð Jóns Óskars leyfir hún til dæmis skáldinu sjálfu að eiga lokaorðin með ljóðlínunum úr bókinni og þótt hún segi beinum orðum í dómi um ljóðaþýðingar Helga Hálfðanarsonar að stuðlasetning hans geti dregið úr lipurð og hamli þar með „nákvæmninni, sem annars er óbrigðul í ljóðum hans“¹⁷⁸⁶ notar hún fyrst og fremst dæmi, ekki aðeins úr bók Helga heldur einnig úr öðrum þýðingum, til að sýna lesandanum og leyfa honum að upplifa það sjálfur hvernig mismunandi þýðingartækni skilar mismunandi tilfinningu. Einna athyglisverðastur er þó dómur hennar um bókina *Lífið og ég* eftir Eggert Stefánsson, en hann er settur fram sem frásögn sem ritdómarinn býr til með því að raða saman tilvitnunum í bókina og tengja á milli. Þannig lýsir Drífa bókinni með því að búa til sitt eigið „skáldverk“, sitt eigið „ljóð“, um skáldið, sögu sem hún kallar „útdrátt“ úr bókinni:

¹⁷⁸⁵ Drífa Viðar: „Umsagnir um bækur“, ritdómur um *Skrifað í vindinn* eftir Jón Óskar, *Tímarit Máls og menningar*, 1954, 103.

¹⁷⁸⁶ Sama, 106.

„Hjartað er fullt, er að springa af hrifning. Vill útrás, finnur hana, syngur „Ég veit ekki af hverskonar völdum“ niður götuna í sendiferð fyrir mömmu.

En hvað er þá þetta — hurðin opnast, inn kemur uniformeraður maður með staf í hendi. Við þekktum hann allir. Lögreglan sem var þjóðfélagið. „Heyrðu drengur minn, ég hef nú tekið eftir þér, þú ert með hávaða á götonum og óhljóð. Viltu gera svo vel að hætta því.“

Hin fyrsta gagnrýni sem söngvarinn fékk. Síðan má lesa hvernig listin og hann eiga samleið og hvernig lífið leikur hann ýmist vel eða illa.

Í þessum útdrætti læt ég líða og bíða þar til hann kemur í Íslendingabyggðir vestanhafs og séra Rögnvaldur Pétursson segir: „Heyrðu, Eggert ég hef fengið bréf frá skáldinu okkar Stephan G. Og biður hann mig að spyrja þig, hvort þú viljir ekki koma við hjá sér og heimsækja sig.“¹⁷⁸⁷

Eins og Rancière bendir á er það hins vegar of róttækt skref fyrir flesta að samþykkja það að útskýringar séu ekki nauðsynlegar til að fá einhvern til að skilja. Við komumst sjaldan út úr mýtunni sem skiptir heiminum í tvennt, í æðri og óæðri vitsmuni (sjá bls. 319).¹⁷⁸⁸ Rancière vill hins vegar prófa að ganga út frá þeirri forsendu að allir hafi sömu gáfurnar, það eina sem sé breytilegt sé viljinn og tækifærin til að nota þær.¹⁷⁸⁹ Hann vísar til kenninga Jacotots, sem hafi kallað það „forheimskun“ þegar gáfur einnar manneskju eru undirskipaðar gáfum annarrar manneskju, jafnvel þótt sú sem útskýri geti verið vel upplýst og full velvilja. Til að leysa fáfróða manneskju úr slíkri „ánaud“ þarf kennari aðeins að vera sjálfur laus úr ánaud, þ.e. meðvitaður um raunverulegan kraft mannhugans, og hann þarf ekki að hafa áhyggjur af því hvað manneskjan sem losnar úr ánaud lærir. Hún mun læra það sem hún vill, kannski ekkert. Hún mun hins vegar vita að hún getur lært.¹⁷⁹⁰

Eins og fram hefur komið eru „gáfur“ eða „greind“ í þessu samhengi fyrst og fremst hæfileikinn til að skilja það sem aðrir (til dæmis rithöfundar) hafa að segja (sjá bls. 402).¹⁷⁹¹ Á 9. áratugnum, þegar Rancière skrifar þetta verk sitt, leggja einmitt margir meiri áherslu á það hlutverk ritdómarans að virkja gáfur hins almenna lesanda en minni áherslu á leiðbeinandi

¹⁷⁸⁷ Sama, 105.

¹⁷⁸⁸ Rancière: *The Ignorant Schoolmaster*, 6-8.

¹⁷⁸⁹ Hallward: „Politics and Aesthetics“, 191-192.

¹⁷⁹⁰ Rancière: *The Ignorant Schoolmaster*, 12-18.

¹⁷⁹¹ Í þeim skilningi felst því ákveðið „næmi“ en Colin McQuillan hefur bent á að hugtökin „sens“ og „le sensible“ hafi orðið meira áberandi í kenningum Rancières eftir því sem athygli hans beindist meira að sviði fagurfræðinnar, og að þar telji Rancière að eigi sér stað flókið samspil „intelligence“ og „le sensible“: „By undermining the identity of the sensible and the decidability of the relation between the sensible and the intellectual, Rancière does what he says the aesthetic regime of art does to the ethical and poetic regimes of art. He undermines the ordered set of relations that make the distinction between the sensible and the intellectual meaningful. And he does so because the politics of that distinction are a politics of inequality [...] because sense and intelligence are distributed in ways that establish hierarchies and privileges. Hegel's philosophy of art privileges the thought of art over the sensations and feelings that works of art evoke. The inverse is true of contemporary aesthetics. By privileging the sensible and excluding the intellectual from aesthetic experience, contemporary aesthetics denies the significance and validity of thought, reflection and discourse, which even Hume acknowledged to be essential components of aesthetic experience.“ Colin McQuillan: „The Intelligence of Sense: Rancière's Aesthetics“, ritdómur um, *Symposium: Canadian Journal of Continental Philosophy*, 2011, 26, sótt af http://www.academia.edu/1050600/The_Intelligence_of_Sense_Rancieres_Aesthetics.

vald ritdómarans. Gunnar Stefánsson telur til dæmis að hlutverk gagnrýnenda sé „að stuðla að því, eftir beztu vitund, að hinn almenni lesandi fari ekki á mis við þá minnilegu reynslu sem felst í lestri góðra bókmennta“.¹⁷⁹² Margir ritdómarar hafa sýnt þetta viðhorf í verki og má til dæmis nefna að árið 2005 endar Dagný Kristjánsdóttir ritdóm um *Fólkið í kjallaranum* á því að varpa fram spurningum um niðurstöðu bókarinnar sem hún vill að lesendur svari sjálfir, án hennar aðstoðar:

Trúum við á sinnaskipti Klöru í lokin eða er hún á meðvirkri leið inn í nýtt samband við langt leiddan alka, í þetta sinn Emblu systur sína? Finnur Klara nýja samstöðu með „fólkinu í kjallaranum“, óreglu- og utangarðsfólkinu: Barða, Fjólu, Emblu, foreldrunum? Eða verða þau til þess að varpa svo óþægilegu ljósi á lífsflóttu hennar að hún ákveður að hætta að flýja það og takast á við það í staðinn? Þessum spurningum verður hver lesandi að svara fyrir sig.¹⁷⁹³

Mikilvægi gagnrýnandans sem túlkar texta, ræður í mynstur listarinnar sem öðrum virtist aðeins „óræð þvæla“ (sjá bls. 319), byggir hins vegar í grunninn á þeirri hugmynd að helsta hlutverk andlegra leiðtoga sé að *útskýra* flókna hluti fyrir óupplýstari hugum. Þröstur Helgason sagði til dæmis árið 2002, sem umsjónarmaður *Lesbókar Morgunblaðsins*, að hlutverk gagnrýnenda væri að flytja verk til áhugafólks um listir, „útskýra þau og setja þau í samhengi“,¹⁷⁹⁴ en sama ár lýsir rithöfundurinn og gagnrýnandinn Jón Kalman Stefánsson því hversu ósamræmanlegt það hlutskipti hans er nýju fjölmiðlaumhverfi þar sem forsendur ljósvakamiðlanna hafa tekið öll völd:

Það á að finna orð yfir verkið, orð sem ná utanum það, sem lýsa því ofan í kjölinn. Gagnrýnandinn á að lesa bókina með hraði, halda síðan á kjarnanum eins og skjálfandi hjarta í vinstri hendi og skrifa með þeirri hægri, algjörlega briliant, brakandi snilld, dáleiðandi og heillandi — þá er verkið frá og hægt að snúa sér að öðru. [...] Gagnrýnendur blaða svitna við að ná utan um verkið í fáeinum niðurlagsorðum, jafnvel þótt slíkar tilraunir virðist iðulega kalla á einfaldanir, innihaldslausa frasa.¹⁷⁹⁵

Samkvæmt Rancière þýðir jafnræði vitsmunanna að á bak við hið skrifaða blað er enginn falskur botn sem þarfnast vinnu æðri gáfna, útskýranda, ekkert tungumál tungumálanna, aðeins viljinn til að tjá eitthvað.¹⁷⁹⁶ Ritdómarinn er hins vegar alltaf öðrum þræði hluti af bókmenntastofnuninni, fulltrúi kerfis sem byggir á mismunun, og getur sem slíkur ekki verið

¹⁷⁹² „Við afhendingu silfurhestsins á sunnudaginn: „Skylda okkar lesenda að hafa opin augu og opin hug““, *Tíminn*, 29. janúar 1974, 7.

¹⁷⁹³ Dagný Kristjánsdóttir: „Hvað er í kjallaranum?“, ritdómur um *Fólkið í kjallaranum* eftir Auði Jónsdóttur, *TMM*, 4, 2005, 103.

¹⁷⁹⁴ Sandra Berg Cepero: „Gagnrýni í hnotskurn“, 107.

¹⁷⁹⁵ Jón Kalman Stefánsson: „Algjörlega briliant“, 10.

¹⁷⁹⁶ Rancière: *The Ignorant Schoolmaster*, 9-10.

fulltrúi hugmyndarinnar um algjört jafnræði vitsmuna og algjört afstæði skoðana sinna. Jón Kalman Stefánsson orðar það svo árið 2011:

Þú þarft ekki að vera bókmenntafræðingur til að skrifa faglegan ritdóm. Þú getur líka verið góður lesari og góður greinandi að upplagi — en það þarf tíma og mikla þjálfun til að skrifa ritdóma. [...] Hver sem er getur og á að tjá sig um bókmenntir og listir. En það á ekki hver sem er að skrifa um bækur undir yfirskriftinni „gagnrýni“. Gagnrýni er ákveðin greiningaraðferð [...].¹⁷⁹⁷

Eins og fram hefur komið er ritdómari sem birtir viðbrögð sín á formlegan hátt í fjölmiðli ekki lengur „almennur“ lesandi heldur skipar sú athöfn honum tafarlaust í ákveðið valdasæti. Enda yrði ritdómari í raun óþarfur ef hann væri aðeins einn af almennum lesendum, eins og kemur fram í orðum leikarans og leikstjórans Jóns St. Kristjánssonar árið 1994, en hann telur að vegna þess að gagnrýni veki „fyrst og fremst athygli á skoðunum persónunnar sem skrifar“ séu gagnrýnendur „náttúrulega gagnslaugar persónur“.

Og eins og Kanarnir segja: „Skoðanir eru eins og rassgöt, allir eru með svoleiðis.“ Ég sé ekki ástæðu til að menn borgi undir skoðanir einnar manneskju frekar en annarrar.¹⁷⁹⁸

Sex árum fyrr hafði Einar Már bent á að almennur lesandi geti farið með bók sem hann les „að vild“. Dómur hans yfir henni sé kveðinn upp „í fyrstu persónu eintölu“, sem „Mér finnst ...“¹⁷⁹⁹. Ritdómari sé „aftur á móti í erfðari stöðu“:

Þetta mér finnst hjá honum verður að hafa yfir sér valdsmannlegri tón. Það verður að geta hljómað í höfði þess sem dóminn les: Já líklega er þetta alveg rétt sem hann er að segja [...].¹⁷⁹⁹

Ritdómari Kolbrún Bergþórsdóttir tekur undir þetta viðhorf þegar hún segist stundum öfunda þá „sem lesa aðeins sér til skemmtunar því þeir get[*i*] leyft sér mikið frelsi“.

Maður les með allt öðru hugarfari þegar meður [svo] er að gagnrýna. Ég á stundum erfitt með að koma mér út úr stjörnubransanum þegar ég les mér til skemmtunar og er að skella stjörnum á hin og þessi verk í huganum [...].¹⁸⁰⁰

Kolbrún viðurkennir jafnframt að þau viðmið sem hún notar við að „skella stjörnum á hin og þessi verk“ megi túlka sem íhaldssöm, þegar hún segir að hægt sé að taka viðhorf sín „sem afturhaldshjal“ en að þeir sem geri það verði „að eiga það við sig“.¹⁸⁰¹

¹⁷⁹⁷ Auður Aðalsteinsdóttir: „Listin er andstæða hátíðleikans“, viðtal við Jón Kalman Stefánsson, *Spássían*, haust, 2011, 23.

¹⁷⁹⁸ Kolbrún Bergþórsdóttir: „Ég spila ekki með en ég get lýst leiknum“, viðtal við Jón St. Kristjánsson, *Pressan*, 10. mars 1994, 14.

¹⁷⁹⁹ Einar Már Guðmundsson: „Tossabandalagið“, 6.

¹⁸⁰⁰ Kolbrún Bergþórsdóttir: „Íslenskir rithöfundar einstaklega góðir“, *Helgarpósturinn*, 23. desember 1996, 4.

Það stoðar lítt að setja fram innantómar kröfur um sífelldar nýjungar nýjunganna einna vegna. Það er á engan hátt sjálfgefið að samasemmerki sé milli nýjunga og framfara. Víst er að fljótlega yrði ólíft af illgresi í garði íslensks skáldskapar ef allir höfundar fengust við stanslausa tilraunaráækt.¹⁸⁰²

Viðurkennt hlutverk ritdómara innan bókmenntastofnunarinnar er að bæta bókmenntirnar, efla rithöfundana, uppfærða almenning og beina þeim þar með öllum á rétta braut framfara, eins og m.a. má sjá á þeirri áherslu Kolbrúnar að bækurnar sem báru af árið 1992 beri allar „vott um metnað höfunda, mikla vinnu og yfirlegu og í þeim m[egi] sjá áberandi framför frá fyrri verkum“.¹⁸⁰³ Ranciére hefur bent á að samkvæmt mýtunni um framfarir sé ójafnræði vitsmunanna talið *seinkun* á framþróuninni, seinkun sem menn geta tekið að sér að lækna. Auðvitað muni það aldrei takast fullkomlega, aldrei muni almenningur ná upplýstri elítunni en vonin um að komast þangað tryggi að hann fylgi áfram réttri braut, braut útskýrendanna. Þannig má endalast halda áfram að njóta þeirra forréttinda að vera sá sem minnkar ójafnræðið.¹⁸⁰⁴ Þetta er einmitt það hlutverk sem gagnrýnendur taka að sér, að leiðbeina fjöldanum (sjá t.d. bls. 59 og 169), en Ranciére bendir á að það sé aðeins nútímalegt form vitsmunalega stigveldisins.¹⁸⁰⁵

Ritdómarar eru alltaf að einhverju leyti hluti af bókmenntastofnuninni, en samkvæmt Ranciére er ekki hægt að boða frelsi úr ánaud, þ.e. meðvitund um jafnræði vitsmunanna, í eða með tilstilli samfélagslegra stofnana, heldur aðeins á persónulegum grundvelli, því engir tveir hugar fari sömu leið í leit að sannleikanum. Einstaklingar sem frjálsir eru úr ánaud geti valið að taka þátt í samfélaginu á forsendum ríkjandi skipulags, að virða samfélagsskipan þótt þeir viti að hún sé óskynsamleg og hafi ekkert betra að bjóða en yfirburði reglunnar yfir óreglunni, en þeir reyni ætíð að viðhalda virkni skynseminnar í miðju óskynseminnar.¹⁸⁰⁶ Sú viðleitni hefur í raun sömu virkni og hreinsunarathafnirnar í kenningum Mary Douglas, sem bendir á að það geti verið töluvert bil á milli veruleikans sem blasir við í helgiathöfnunum og samfélagslegrar hegðunar. Í þessum athöfnum geta einstaklingar horfst í augu við ófullkomleika mannlegra hugkvía án þess að sú aðgerð tengist daglegu lífi þeirra og reynslu

¹⁸⁰¹ Kolbrún Bergþórsdóttir: „Það besta afar gott“, 12.

¹⁸⁰² Sama, 12.

¹⁸⁰³ „Sex skemmtileg og lífleg blöð um bækur og plötur“, 29.

¹⁸⁰⁴ „[...] inferiority is only a lateness, a delay, that is posited so one can put oneself in the position of curing it; there will always be delay, always inequality. But one can thus continually exercise the privilege of reducing it [...]“ Ranciére: *The Ignorant Schoolmaster*, 119.

¹⁸⁰⁵ Sama, 120-123, 129 og 132.

¹⁸⁰⁶ Sama, 88, 94-97 og 105.

beinum hætti.¹⁸⁰⁷ Þ.e. þeir geta haldið áfram að lifa í samfélagskerfinu þótt þeir afbyggi það í hreinsunarathöfnum.

Sem hreinsunarathöfn skapa ritdómar einmitt skýrt afmarkaðan ramma (sjá bls. 19) þar sem einstakir gagnrýnendur geta tekið þátt í leik bókmenntasviðsins en jafnframt dregið skynsemi hans í efa. Hættan er auðvitað sú að þetta ritúal verði bara hluti af vanangangi stigveldisins, aðeins sviðsett valdaafbygging. Og gagnrýnendur gera vissulega hvort tveggja, að halda í skefjum því valdi sem losnar úr læðingi til að tryggja stöðugleika kerfisins eða nota þetta vald til að ögra og láta reyna á mörk og grundvöll kerfisins. Einstakir gagnrýnendur geta til dæmis ögrað hugmyndum um stigveldi vitsmunanna og dansað á mörkum þess að vera almennur lesandi og yfirvald. Ástráður Eysteinnsson bendir í raun á þetta er hann skilgreinir ritdómarann þannig að hann sé í senn fagmaður, sem geti í krafti sérþekkingar sinnar bent öðrum lesendum á brautir sem þeir hefðu ekki uppgötvað sjálfir, og einstaklingur með jafn umdeilanlegar „skoðanir og smekk“ og hver annar.¹⁸⁰⁸ Einnig má nefna dæmi sem sýnir þetta viðhorf í verki, auk þess að bæta við enn einni vídd. Árið 1957 byrjar Vilborg Dagbjartsdóttir, kennari og skáld, ritdóm um barnabókina *Hanna Dóra* eftir Stefán Jónsson, á lítilli, persónulegri frásögn um viðtökur ungra lesenda og sú saga er í raun látin kveða upp jákvæðan dóm hins „almenna lesanda“:

Í fyrra í jólaösinni vann ég í bókabúð og meðal alls þess grúa, sem ég afgreiddi eru mér minnisstæðir tveir ungir menn, auðsjáanlega bræður. Þeir komu til að kaupa bækur eins og aðrir, en ekki til að gefa í jólagjöf, heldur handa sjálfum sér. Ég tók fram bókina Hlustað á vindinn eftir Stefán Jónsson, þá nýkomna, og tók að hrósa henni í kaupmannstón. Þá greip annar ungi maðurinn frammí og sagði: „Þú þarft ekki að segja okkur neitt um Stefán Jónsson, við vitum áreiðanlega meira um hann en þú og eigum allar hans bækur.“ Síðan keyptu þeir bókina, sitt eintakið hvor til að eiga.¹⁸⁰⁹

Vilborg lætur þó ekki þennan dóm hins almenna lesanda nægja heldur bætir við athugunum frá eigin brjósti. Í anda hins óakademíska „bókmenntamanns“ Allens Tates (sjá bls. 264) setur hún m.a. fram þá ljóðrænu lýsingu á eiginleikum bókarrinnar að „[u]ndir gamansömu yfirborði [sé] lifandi kvika, ótal finir strengir, sem titra“, en dregur einnig ályktanir sem tengja má hennar sérsviði, barnakennslu, er hún útskýrir hversu þroskandi áhrif það geti haft að höfundurinn skuli „ætlast beinlínis til, að foreldrarnir njóti [bókarrinnar] með börnum

¹⁸⁰⁷ Douglas: *Purity and Danger*, 171-173.

¹⁸⁰⁸ Ástráður Eysteinnsson: „Bókmenntagagnrýni dagblaðanna“, 434 og 438.

¹⁸⁰⁹ Vilborg Dagbjartsdóttir: „Tveir ritdómar“, ritdómur um Hanna Dóra eftir Stefán Jónsson, *Melkorka*, 2, 1957, 54.

sínum“.¹⁸¹⁰ Í dómi Vilborgar heyrast því þrjár raddir: hins almenna lesanda, sérfræðingsins og „bókmenntamannsins“ og allar skjóta þær stoðum undir dómara Vald hennar.

Ástráður Eysteinnsson setti fyrrnefnda lýsingu sína á hlutverki ritdómarans fram í grein frá árinu 1982 þar sem hann skilgreinir hlutverk blaðagagnrýni og fjallar um hinn flókna grundvöll ritdómaravaldsins í samræmi við nýjar áherslur í akademískri bókmenntafræði, sem áður hefur verið vitnað til (sjá bls. 399-401). Hann telur til dæmis að ritdómar í dægurmiðlum eigi að eiga „sér stað á milli fréttamennsku og fræðistarfa“. Að mati hans hafa ritdómar þremur samtvinnuðum „meginverkefnum að sinna, sem eru greining verksins, umfjöllun um stöðu þess í bókmenntunum og persónulegt mat gagnrýnandans“, auk þess að „geta staðið sem kynning á verkinu fyrir þann sem ekki þekkir það og vill fræðast.“ Það sé „glögg auga fyrir öllum meginþáttum“ verks, „allri formgerðinni“, sem marki skil með gagnrýnandanum sem góðum lesanda og „„almennum lesanda“ eða ímynduðum meðallesanda“. Ef gagnrýnandi er „góður lesandi“ hefur hann því ýmislegt umfram „almennan lesanda“ en þótt þetta setji honum á herðar ýmsar skyldur við almenning, og þá einna helst „að auka gildi skáldverksins fyrir lesandanum“ og helst að verða „honum kveikja til að velta frekar vöngum yfir því“, þá gefur það honum ekki leyfi til að setja sig í stöðu „yfirvaldsins“, að mati Ástráðs.¹⁸¹¹

Hér er um flókið samband sérfræðinga og almennings að ræða, og niðurstaðan er sú, eins og kemur fram í grein Margrétar Gunnarsdóttur tíu árum síðar, að þótt það sé skylda bókmenntafræðingsins að „vera í fararbroddi, menntaður og upplýstur um þann vísindaheim sem mótar starfssvið hans“, er markmiðið ekki að stunda vísindi vísindanna vegna eða að láta úrskurðarvaldið alfarið í hendur vísindamanna, heldur að virkja kraftinn í sambandi lesanda og texta „í þágu menntunar og betra lífs“:

Bókmenntir eru samvinna („Transaction“) lesanda og texta; það huglæga og það hlutgerða tvinnast saman í virku ferli, kraftmiklum bókmenntaskilningi okkar, af hvaða flokki sem hann nú er, alþýðlegur, sprenglærður, eða yfirskilvitlegur.¹⁸¹²

Ástráður leggur áherslu á niðurstaða ritdómara um verk megi ekki líta út „fyrir að vera svo óhjákvæmileg og óumdeilanleg að lesandi gleymir að einungis er um að ræða álit einstaklings sem dæmir verkið frá eigin bæjardyrum“. Með þessu dylji ritdómar „sitt rétta eðli“, því þeir séu „í raun miklu persónulegri skrif en fréttaflutningur“. Sem dæmi um hið andstæða nefnir Ástráður ritdóm Dagnýjar Kristjánsdóttur um *Sólina og skuggann* eftir Fríðu Sigurðardóttur frá 1981. Hann hafi þann kost „að hér sé um að ræða þjóðfélagslega gagnrýni frá ákveðnum

¹⁸¹⁰ Sama, 54 og 55.

¹⁸¹¹ Sama, 433-436.

¹⁸¹² Margrét Gunnarsdóttir: „Bókmenntir sem leiðarljós II. Að leiða nemandann inn í skapandi túlkun“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 30. maí 1992, 10.

sjónarhóli sem ekki er reynt að fela“. Þar sem „lesandi gerir sér fullkomlega grein fyrir hugmyndafræðilegri afstöðu ritdómarans“ geti hann „sjálfur tekið gagnrýna afstöðu til hennar“, metið hvort sú afstaða sé „of einstrengingsleg“ og hvort ritdómarinn „oftúlki verkið“. En þótt það sé „einmitt helsta goðsögn gagnrýnnar að mat ritdómara og smekkur geti haft eitthvert hlutlægt gildi“ telur Ástráður að greining „á verkum [ætti] að stefna að hlutlægni, þó svo henni verði aldrei náð að fullu, m.a. vegna þess að mat verks (þ. e. þann persónulega dóm sem gagnrýnandi fellir um það) og greiningu þess er aldrei hægt að skilja fullkomlega í sundur“.¹⁸¹³

Áherslan á mikilvægi ritdóma sem „samtal“ almennings og sérfræðinga og á að flétta saman faglegum og persónulegum forsendum, þ.e. að leggja í senn áherslu á vísindaleg vinnubrögð og á persónulegt mat á bókinni, hefur haldist allt fram á okkar daga. Auk Ástráðs hafa akademískir fræðimenn á borð við Gauta Kristmannsson, Jón Yngva Jóhannsson, Gunnþórunni Guðmundsdóttur, Guðna Elísson, Úlfhildi Dagsdóttur og Ásdísi Sigmundsdóttur tekið virkan þátt í bókmenntaumuræðu í fjölmiðlum með því að skrifa ritdóma um samtímaskáldverk og kynnt almenningsi jafnt fræðileg sem persónuleg sjónarmið sín. Af þeim hefur Úlfhildur hvað hressilegastan stíl, óformlegan og stundum nánast kumpánlegan, sem gefur til kynna að hún bjóði lesandanum að taka þátt í samræðu á jafnréttisgrundvelli. „Vinkona mín las Gyrði“, byrjar hún til dæmis einn dóm sinn og heldur svo áfram líkt og um trúnaðarsamtal sé að ræða:

„Hann fer alveg með mig“, sagði hún, og horfði hvasst á mig eins og ég bæri einhverja ábyrgð á þessu, „grefur sig inn í hausinn á mér og svo bara dreymir mig eitthvað brjálæðislegt rugl“. Hún var með bauga undir augunum, konur á okkar aldri þola illa truflaðar draumfarir.¹⁸¹⁴

Úlfhildur skrifar á netmiðilinn bokmenntir.is og nýtir sér að einhverju leyti þau óformlegheit sem við tengjum netmiðlum til að hrista aðeins upp í ritdómaforminu þótt hún haldi líka nógu mikið í ákveðna grundvallareiginleika ritdómsins til að réttlæta að textinn sé settur fram sem slíkur. Hugleiðingar um verkin og túlkunarmöguleika (sem gjarnan eru nefndir en ekki haldið fram sem þeim einu réttu) eru oft studdar með vísunum í fræði¹⁸¹⁵ og oftast kemur fram nokkurs konar niðurstaða um verk, þótt hún feli ekki alltaf í sér augljóst mat á gæðum þess:

¹⁸¹³ Ástráður Eysteinnsson: „Bókmenntagagnrýni dagblaðanna“, 432-434 og 440.

¹⁸¹⁴ Úlfhildur Dagsdóttir: „Í landi kyrrðar og óra“, ritdómur um *Koparakur* og *Lungnafiskana* eftir Gyrði Elíasson, *Bókmenntavefur Borgarbókasafns Reykjavíkur*, nóvember 2014, sótt 27. janúar 2015 af http://bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3409/5648_read-39164/6711_view-6226/6709_page-2/.

¹⁸¹⁵ Úlfhildur byrjar ritdóma sína til dæmis gjarnan á almennri umfjöllun um atriði eins og bókmenntastefnur, bókmenntategundir eða algeng minni í bókmenntum, sem hún tengir svo viðkomandi verki. Sjá t.d. Úlfhildur Dagsdóttir: „Tvífari hversdagsleikans“, ritdómur um *Tvífari gerir sig heimakominn* eftir Anton Helga Jónsson, *Bókmenntavefur Borgarbókasafns Reykjavíkur*, nóvember 2014, sótt 27. janúar 2014 af http://bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3409/5648_read-39036/6711_view-6226/6709_page-3/. Einnig

Í það heila er tóntegundin ærslafyllri í *Lungnafiskunum* en *Koparakri*, smáprósarnir eru léttúðugri og kómiskari, þar [...] hefur hið raunsæislega yfirbragð að mestu vikið fyrir ævintýrlegum smámyndum af ýmsu tagi. Þetta gerir það að verkum að bækurnar henta ákaflega vel sem þar, *Koparakurinn* með sínum niðurgrofnu órum og *Lungnafiskarnir* fullir af loffi.¹⁸¹⁶

Hermann Stefánsson, rithöfundur og bókmenntafræðingur, bregður einnig gjarnan á leik með ritdómaformið. Hann beinir athyglinni að reglum sem þar ríkja og því að hann tekur sér það bessaleyfi að fylgja þeim eða brjóta þær, eftir því sem honum hentar. „Við lifum undarlega tíma. Ég veit að það kemur málinu ekki við. Raunar er það áhugaverðasta við ritdóma einatt það sem kemur málinu ekki beinlínis við. Þannig að: Við lifum undarlega tíma“, segir hann til dæmis í ritdómi um *Bréfabók* eftir Mikhaíl Shíshkín. Í sama dómi segist hann „neimdropa“ ef honum sýnist: „reynið ekki að stoppa mig!“¹⁸¹⁷ Og í ritdómi um *Rekferðir* Guðna Elíssonar segir hann útdúra í ritdómum oft áhugaverðari lesningu „en það hvað einni sál finnst um verk annarrar“.¹⁸¹⁸ Sjálfsvitund textans (sífelldar vísanir í eigin aðferðafræði, stílbrögð og forsendur) undirstrikar að jafnvel fræðilegustu vísanir til bókmenntasögulegs samhengis eða teoríu velta á duttlungum ritdómarans hverju sinni — og að fagurfræði er persónuleg afstaða fremur en hlutlaust viðmið.

Ritdómar Úlfhildar og Hermanns sýna vel að til að geta stigið þannig „út fyrir“ leikinn og horft á hann gagnrýnum augum þarf um leið að taka þátt í þessum sama leik, en það er nokkuð sem Rancière leggur áherslu á. Sama hversu „meðvitaður“ gagnrýnandinn er um þær hömlur sem það setur honum þá er hann, eins og Einar Már Guðmundsson bendir á, „neyddur til að beita brögðum, koma sér upp klækjasafni“,¹⁸¹⁹ því sem Rancière kallar mælskubrögðum, en Rancière telur að sé einstaklingur frjáls úr ánaud muni hann reyna að nota mælskubrögð til að tjá sig þannig að aðrir hugar skilji og virkist; verði meðvitaðir um jafnræði allra huga.¹⁸²⁰ Hér að framan er því haldið fram að undir lok 20. aldar séu frekar skilyrði til slíkrar tjáningar innan fræðilegrar gagnrýni en í gagnrýni dægurmiðlanna (sjá bls. 398). Hins vegar er ljóst að Einar Már telur háskólamenntaða samtímagagnrýnendur ekki grípa það tækifæri. Þvert á móti telur hann „brögð“ þeirra einkennast af andlegu

Úlfhildur Dagsdóttir: „Ímynd norðursins“, ritdómur um *Vargsöld* eftir Þorstein Mar, *Bókmenntavefur Borgarbókasafns Reykjavíkur*, desember 2013, sótt 27. janúar 2014 af http://bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3409/5648_read-37827/6711_view-5975/.

¹⁸¹⁶ Úlfhildur Dagsdóttir: „Í landi kyrrðar og óra“.

¹⁸¹⁷ Hermann Stefánsson: „Ástin og krókaleiðirnar“, ritdómur um *Bréfabók* eftir Mikhaíl Shíshkín, *Bókmenntavefur Borgarbókasafns Reykjavíkur*, desember 2014, sótt 27. janúar 2015 af http://bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3409/5648_read-39179/6711_view-6226/.

¹⁸¹⁸ Hermann Stefánsson: „Reksþól áleiðis (og skemmtiatriði um borð)“, ritdómur um *Rekferðir* eftir Guðna Elísson, *Spássían*, vor, 2012, 44.

¹⁸¹⁹ Einar Már Guðmundsson: „Tossabandalagið“, 6.

¹⁸²⁰ Rancière: *The Ignorant Schoolmaster*, 82 og 84-85.

áreynsluleysi, „þar sem verða til svona frasar og formúlur yfir skáld og skáldahópa“, eða „stimplar“ sem „merkja ekkert“ en eru „flóttaleiðir“ sem „auðvelda mönnum að afgreiða og fjalla um, í stað þess að rýna dýpra“.¹⁸²¹

Í rás tímans hafa þeir orðið að klisjum, ekki til að rýna dýpra, heldur til að auðvelda ritdómurum störf sín og auka afköstin.

Þannig hafa þeir með árunum breyst í stimplagerð og frekar en fjalla um bækur og bókmenntir byrjað að flokka þær [...]¹⁸²²

Einar Már telur orsakanna fyrst og fremst að leita í menntakerfinu. Háskólamenntaðir menn nútímans „séu aldir upp í ákveðnum viðhorfum og í íslenskri bókmenntagagnrýni mætti t.d. tala um Cand.mag-stíllinn“. Gagnrýnendur eins og „lifi í þessum hugtakaheimi sem búið er að búa til fyrir þá“ og þar sem þeir séu „almennt engir helgimyndabryjótar“ taki þeir „þetta hugtakakerfi [...] sem gefinn hlut og þessvegna kom[i] keimlíkir dómar aftur og aftur“.¹⁸²³ Sömu áhyggjur má reyndar sjá meðal fræðimannanna sjálfra. „Bókin er skrifuð af hugmyndaauðgi og fjöri, ískrandi íróníu en undirliggjandi djúpri alvöru, skrifuð af greiningarástríðu, stílfjöri, ég er farinn að nálgast þunnu svæðin á klisjuísnum mikla hér, bráðum sekk ég og kemst aldrei upp úr vökinni“, segir Hermann Stefánsson í einum ritdómnum.¹⁸²⁴ Á síðustu áratugum 20. aldar verða áhyggjur af innantómum klisjum reyndar svo áberandi að þegar rithöfundurinn Gyrðir Elíasson skrifar ritdóm lýsir hann því yfir við notkun ákveðinna orða að hann sé „ekki að feta klisjubrautina“ og að hann sé „búinn að afklisja“ orð eins og *sannur* „til öryggis“.¹⁸²⁵ Bókmenntafræðingurinn Soffía Auður Birgisdóttir segir málflutninginn „heldur einhliða“ en viðurkennir þó að hún sé „í grundvallaratriðum sammála“ því að íslensk bókmenntagagnrýni sé „langt frá því að vera gagnrýnendum sæmandi“ og að „[l]ágkúra og lognmolla [sé] vissulega ríkjandi“ í stórum hluta hennar. Hún segist telja að almennt ættu gagnrýnendur að „vera skapandi í skrifum sínum“ og láta af „gamla, gelda fræðistílnum sem skrifar sig nánast sjálfur, svo fastmótað er formið og klisjusafnið staðlað“. Eitt einkenni slíkrar bókmenntaumræðu sé „upphafið, hátíðlegt orðfæri sem er í engum tengslum við lifandi tungumál (almennt nefnt klisjur) samfara innantómum frösum á borð við „stíllinn er leikandi léttur““.¹⁸²⁶ Í kringum aldamótin 2000 skrifuðu svo bókmenntafræðingarnir Hermann Stefánsson og Kristján B. Jónasson

¹⁸²¹ KK: „Cand. mag-stíllinn. Einar Már í spjalli um gagnrýni, gagnrýnendur og fleira“, *Helgarpósturinn*, 29. október 1987, 24.

¹⁸²² Einar Már Guðmundsson: „Tossabandalagið“, 6.

¹⁸²³ KK: „Cand. mag-stíllinn“, 25.

¹⁸²⁴ Hermann Stefánsson: „Rekspöl áleiðis (og skemmtiatriði um borð)“, 44.

¹⁸²⁵ Gyrðir Elíasson: „Af flugi minnisflugla“, *Tímarit Máls og menningar*, 3, 1988, 389 og 390.

¹⁸²⁶ Soffía Auður Birgisdóttir: „Úr hænuhaus gagnrýnanda“, 142-143.

greinar um íslenska gagnrýni þar sem þeir brugðu á leik með klisjur nútímabókmenntagagnrýni, eins og þá að segja verk „margrætt“ eða að það „haldi lesandanum“, og gerðu tilraunir til að kryfja þær.¹⁸²⁷

Áhyggjur af vélrænum klisjum má m.a. tengja gömlum hugmyndum um að listin eigi að vera sérstakur, fágætur, jafnvel upphafinn tjáningarmáti, og þeirri hugmynd að listgagnrýni sé nokkurs konar viðbót við þá tjáningu. Sigurður A. Magnússon sagði árið 1958 að ein „fyrsta og stærsta skylda hvers skálds [væri] að endurnýja tunguna, gefa henni ferskt líf“.¹⁸²⁸ Klisjur eru álitnar andstæða þessa; þær segja okkur ekkert heldur „drepa málið með hugsunarlausri notkun orða og orðtaka, ofnotkun og misnotkun“.¹⁸²⁹ Sökinni á þessari útpynningu tungumálsins í ritdómum er beint jöfnum höndum að akademíunni og markaðsöflunum. Klisjur í ritdómum eru teknar sem misnotkun fræðilegrar listumræðu í þágu markaðarins sem smættar virkni ritdóma niður í að vera „ókeypis bókaauglýsingar“, en árið 1982 telur Ástráður Eysteinnsson „slíka hættu ætíð vera fyrir hendi og að hana beri að varast“.¹⁸³⁰

Klisjur eru þannig taldar birtingarmynd sálarlausra, vélrænna vísinda og markaðssjónarmiða sem ógna alvöru list og óttinn við þær afhjúpar vandræðagang innan bókmenntasviðsins vegna vélrænna eiginleika gagnrýnnar. Starf ritdómarans er hluti af vélrænum samtíma, hluti af iðnaðarsamfélaginu og markaðssamfélaginu. Ritdómaformið fæddist á prentmiðlunum, sem voru alltaf, frá upphafi, söluvara á markaðstorgi þar sem vinsældir skipta öllu máli, og það er einmitt þessi vinsældakeppni sem veldur áhyggjum þegar íslenskir fjölmiðlar verða sífellt markaðsvæddari. Örn Ólafsson sakar Kolbrúnu Bergþórsdóttur og fleiri ritdómara hreinlega um fúsk og segir þá telja það mestu skipta „að gaspra sem hæst og vekja athygli á persónu sinni, með illu ef ekki góðu“.¹⁸³¹ Hávar Sigurjónsson tekur ekki jafn djúpt í árinna en hefur þó svipaðar áhyggjur er hann segir árið 2002:

Við höfum haft lítríkar persónur í starfi gagnrýnenda bæði á dagblöðum og í sjónvarpi á undanförunum árum. Fólk sem nýtur þess að vera í sviðsljósinu. Hættan er sú að gagnrýnandinn verði þá að eins konar skemmtikrafti þar sem meira er lagt upp úr því hvernig hann segir hlutina en hvað hann er að segja. Umbúðirnar verða mikilvægari en innihaldið [...].¹⁸³²

¹⁸²⁷ Sjá Hermann Stefánsson: „Úr orðabók ríkjandi viðhorfa“. Einnig Kristján B. Jónsson: „Sjö lykklar að einni skrá“.

¹⁸²⁸ Sigurður A. Magnússon: „Ljóðagerð yngri skáldanna“, 9.

¹⁸²⁹ Sama, 9.

¹⁸³⁰ Ástráður Eysteinnsson: „Bókmenntagagnrýni dagblaðanna“, 433.

¹⁸³¹ Örn Ólafsson: „Athugasemd frá Erni Ólafssyni vegna ritdóms frá 28. janúar um bók hans, Kóralforspil hafsins: Þríbjörn togar í ritdóm“, *Pressan*, 4. febrúar 1993, 31.

¹⁸³² Sandra Berg Cepero: „Gagnrýni í hnotskurn“, 106.

Kolbrún Bergþórsdóttir viðurkennir að „þeir sem segi óhikað skoðun sína verði óneitanlega að stjörnum“ en telur að nýir miðlar kalli á nýjar áherslur:

Sjónvarpsgagnrýni er sérstök tegund af dómum. Þeir eru stuttir og snaggaralegir og enginn vandi að heyra hvort fólk eigi að kynna sér það sem um er rætt eða ekki. Margir telja þetta yfirborðslegt en miðillinn býður ekki upp á annað. Svo er til önnur tegund gagnrýni sem ætti að vera í fagtímaritum [...].¹⁸³³

Jón Kalman Stefánsson bendir hins vegar á að fólk geri „ósjálfrátt þá kröfu að skrif gagnrýnenda séu visst andóf við oflofið sem útgefendur hlaða á bækurnar, á káputextum og í auglýsingum, í þeirri von að þær seljist betur“ og að sú krafa taki „mið af eðli gagnrýnnar“. Það sé „bæði dapurlegt og háskalegt ef bókmenntagagnrýni [sé] á góðri leið með að sameinast yfirborðsmennskunni, skruminu“ og „blaðrið hafi tekið öll völdin“, en Jón Kalman óttast m.a. að höfundar fari „að sveigja skáldskapinn undir lögmál markaðarins“ þannig að verk þeirra verði einnig „merkt blaðrinu“. ¹⁸³⁴

Orð Jóns Kalmans draga vel fram þá þversögn að þótt gagnrýnendur starfi innan markaðsdrífins fjölmiðlasviðs hafa þeir líka ákveðna virkni á lista- og menningarsviðinu, sviði sem byggir sjálfstæði sitt á því að snúa markaðslögmálunum á haus og þar sem hið vinsæla, söluvæna og almennt viðurkennda er oft fyrirlitið. Samkvæmt Bourdieu reyna menn að tryggja sér stöðu innan menningarsviða með aðgreiningu og fágæti:

Vara hefur tilhneigingu til að glata fágæti sínu og þar með aðgreiningargildi eftir því sem þeim neytendum fjölgar, sem bæði vilja tileinka sér hana og eru færir um það. Verði vara almenningseign rýrnar aðgreiningargildi hennar. ¹⁸³⁵

Bourdieu segir fágætinu stafa „ógn“ af fjöldaframleiðslu menningar,¹⁸³⁶ en af umfjölluninni hér að framan má ráða að slík ógn er ekki síður talin stafa af fjöldaframleiddri menningarumræðu. Fyrirlitningin á klisjum í ritdómum og hræðslan við þær endurspeglar því að ritdómar eru svæði þar sem listasviðið og hugmyndin um listina sem birtingarmynd náttúrulegrar mennsku (hins sammanlega) mætir markaðstorginu og firringu tæknisamfélagsins frá náttúrunni í óþægilegri togstreitu.

Að taka þátt í leiknum eða hætta

Í þessum kafla hefur verið minnst á áhrif þróunar raunverulegs bókamarkaðar hér á landi en meiri athygli beint að aukinni markaðsvæðingu fjölmiðla og leiddar að því líkur að markaðsvæðingin hafi átt sinn þátt í að efla andúðina á „vísindalegri“ orðræðu í ritdómum og

¹⁸³³ Sama, 106.

¹⁸³⁴ Jón Kalman Stefánsson: „Algjörlega brilliant“, 10.

¹⁸³⁵ Bourdieu: „Myndbreyting smekksins“, 55.

¹⁸³⁶ Sama, 56.

viðhalda áherslunni á „alþýðlega“ umræðu. Andstaðan við ný, „útlend“ fræði og túlkun með aðstoð þeirra náði ákveðnu hámarki á 9. og 10. áratugnum, einmitt þegar áhrifa þeirra var farið að gæta fyrir alvöru í íslenski bókmenntaumræðu og einmitt þegar aukin markaðsvæðing fjölmiðla fer að hafa veruleg áhrif á ritdóma.

Allt frá því fyrstu ritdómarnir tóku að birtast í Evrópu hefur umræða um þá verið fyrst og fremst á neikvæðum nótum, og þetta einkennir einnig umræðu um íslenska ritdóma. Skrifi menn eða ræði um ritdóma virðist það fyrst og fremst til þess að harma ástand samtímagagnrýni, til dæmis hversu bitlaus hún sé eða meinfýsin Síðustu áratugir 20. aldarinnar eru engin undanteking hvað varðar neikvæða afstöðu til bókmenntaumfjöllunar samtímans. Þó er fremur óljóst hverjir sökudólgarnir séu og heyri til dæmis til „bókmenntalögreglunnar“ sem Gunnar Harðarson segir að væni ung skáld um óþroska en telji eldri skáldum ekki auðnast „að festa annað en elliglöp sín á blað“.¹⁸³⁷ Eða hverjir tilheyri bókmenntastofnuninni sem Einar Ólafsson segir að sé „fordómafull, tepruleg og glámskyggn, auk þess snobbuð og dellugjörn, sem sagt mjög mannleg, og þess vegna eðlilegt að hún láti sem ýmis ágæt skáld séu ekki til“.¹⁸³⁸ Spjótin virðast beinast í allar áttir og um leið virðast allir vera að fordæma það sama; sjálfhverfa bókmenntaelítu, innantómar fræðaklisjur og markaðsvæðingu menningarumræðunnar.

Í kringum aldamótin 2000 er líklegt að enn meiri breytingar á fjölmiðlaumhverfinu eigi þátt í því að nokkur kraftur færast í umræðuna um eðli og tilgang bókmenntagagnrýnninnar. Netmiðlar fóru að ryðja sér til rúms á Íslandi á síðasta áratug 20. aldar og á fyrstu árum 21. aldarinnar ógnaði tilkoma fríblaða á borð við *Fréttablaðið*, *24 stundir* og síðar *Fréttatímann* rekstrargrundvelli rótgrónu áskriftardagblaðanna.¹⁸³⁹ Fríblöðin gerðu algjörlega út á auglýsingamarkaðinn en ekki áskriftartekjur, sem þýddi m.a. meiri áherslu á að dreifa blöðunum til sem flestra og að sýna fram á mikinn almennan lestur. Eitt einkenni fríblaðanna voru styttri fréttir og greinar og léttleiki í útliti og efnistöfum. Áskriftarblöðin brugðust m.a. við þessari hörðu samkeppni um lesendur og auglýsingar með því að breyta áherslum sínum í svipaða átt. Silja Aðalsteinsdóttir segir árið 2002 að DV sé „fyrst og fremst fyrir sína

¹⁸³⁷ Gunnar Harðarson: „„Svefnleysið smíðar hugarum vængi““, ritdómur um *Blindflug/Svarflug* eftir Gyrði Elíasson, *Tímarit Máls og menningar*, 2, 1987, 246.

¹⁸³⁸ Einar Ólafsson: „Fátt af einum“, ritdómur um *Fátt af einum* eftir Geirlaug Magnússon, *Tímarit Máls og menningar*, 2, 1987, 249.

¹⁸³⁹ Árið 2015 lýsir Björn Þorláksson ástandinu á fjölmiðlasviðinu þannig: „Flestir fjölmiðlar eru á hausnum. Þeir eiga erfitt um vik að sinna faglegum skyldum, eiga erfitt með að standa í lappinnar vegna ytri aðstæðna. Almenningsur hrópar á betri, réttari og mikilvægari fréttir en virðist á sama tíma ófús að leggja fram fé svo fjölmiðlar hafi burði til að halda úti sjálfstæðri rannsóknarvinnu, almenningsur til heilla. Fólk hefur á síðari árum vanist því að fréttir séu ókeypis. Að varpa frá sér áskriftarvaldi kostar samfélagið réttindi og tækifæri.“ Björn Þorláksson: *Mannorðsmorðingjar?*, 28-29.

lesendur, þ.e. almenning, og þess vegna [séu] mjög ströng lengdarmörk“ á bókmenntagagnrýninni þar. Annars hætti almenningur að lesa hana.¹⁸⁴⁰ Árið 2007, í kjölfar málþings um gagnrýni á vegum *Morgunblaðsins*, birtist í Reykjavíkurbréfi¹⁸⁴¹ lýsing á markmiðum menningarráttgjafar blaðsins, sem sé „að endurspegla, bregðast við og varpa ljósi á það samfélag sem blaðið sprettur úr — standa vörð um menningarlíf og íslenska tungu“. Þar kemur fram sú skoðun að gagnrýni sé „verðmætt efni sem skapi [*Morgunblaðinu*] sérstöðu á menningarsviðinu“. Viðurkennt er að sá rammi „er gagnrýni er markaður hafi verið þröngdur umtalsvert“, þ.e. hann hafi „á síðustu árum [að mestu leyti] takmarkast við viðburði atvinnufólks í faglegu umhverfi“, en ástæðan er sögð vera sú að menningarviðburðum fjölgi stöðugt. Bent er á „að dómum eða umsögnum í blaðinu fækkar [þrátt fyrir þetta] ekki á milli ára“, blaðið hafi á síðastliðnum tveimur árum birt „um 20 til 25 dóma á viku að jafnaði allan ársins hring eða um 1.200 til 1.300 dóma á ári“. Þá er réttlætt sú þróun að undanfarin misseri hafi verið unnið að því „að stytta dóma nokkuð“. Þetta er sögð „viðleitni til að bregðast við gróskunni í menningarlífinu“ en einnig er nefnt „að mun auðveldara að er flétta dóma inn með annarri umfjöllun með þeim hætti“. Mesta áherslan er þó lögð á það viðhorf „að með þessum aðgerðum sé hægt að draga úr birtingu dóma sem eru einna helst endursögn af viðburði eða útgáfu, en hafa að sama skapi lítið fagurfræðilegt eða hugmyndafræðilegt fram að færa umfram það“.¹⁸⁴²

Markmiðið er að breyta vettvangi dómanna þannig að bæði sé hægt að skrifa mjög stutta dóma ef ekki er ástæða til annars en auka á móti svigrúm fyrir lengri og dýpri umsagnir eftir því sem blaðinu eða gagnrýnendum þykir ástæða til. Það er m.ö.o. verið að draga úr þeim dómum sem skilgreina mætti sem einskonar miðjumöð; draga úr því sem ekki hefur mikið vægi eða þýðingu þegar til lengdar lætur.¹⁸⁴³

Hér má sjá gamalkunnugt viðhorf (sjá bls. 59); að sú „annars ágæta jafnaðarmennska er verið hefur við lýði í hagsmunagæslu íslensks menningarsviðs, er byggist á því að ávallt skuli eitt yfir alla ganga, [sé] ekki vænleg til að geta af sér tilþrífamikla list“ heldur beri „að hampa því sem hæst ber“.¹⁸⁴⁴ Þrátt fyrir að tekið sé að einhverju leyti undir það sjónarmið Unnars Arnar myndlistarmanns að eftirsóknarverðasta gagnrýnin sé „samtal við verkið — stækkun þess og útvíkkun“, samtal sem þurfi að halda áfram eftir gagnrýnina, er hamrað á nauðsyn ákveðins stigveldis, jafnvel á „tímum hugmyndafræðilegra strauma“ sem hafi „í raun ómerkt „endanlega“ dóma“ og geri mat á því hvað beri hæst „iðulega erfitt“. Hlutverki

¹⁸⁴⁰ Sandra Berg Cepero: „Gagnrýni í hnotskurn“, 107.

¹⁸⁴¹ Reykjavíkurbréf eru jafnan talin skrifuð af ritstjóra blaðsins, sem á þessum tíma var Styrmir Gunnarsson.

¹⁸⁴² „Reykjavíkurbréf“, *Morgunblaðið*, 16. desember 2007, 44.

¹⁸⁴³ Sama, 44.

¹⁸⁴⁴ Sama, 44.

gagnrýnandans í slíku umhverfi er lýst með þeim orðum Péturs Gunnarssonar að hann sé „meltingarfæri neytandans“ sem túlka megi „á þann hátt að án gagnrýnandans geti neytandinn tæpast nærst á listinni vegna gríðalegs magnsins sem hann stendur frammi fyrir“. Slíkar áherslur á úrval og stigveldi eru sagðar „fyrst og fremst [...] þjónusta við listgreinarnar“, uppbyggilegt aðhald „er að lokum þjónar einnig einstaklingum og markaðinum“.¹⁸⁴⁵

Jafnvel þótt menningarblaðamenn og ritstjórar á eldri og nýjum miðlum hafi reynt að spyrna við fótum leiddi hin harða samkeppni um lestrartölur og auglýsingar til þess að rekstrargrundvöllur allra miðla varð ótryggari og útkoman varð óhjákvæmilega minna svigrúm til að bjóða upp á ítarlega og vandaða menningarumfjöllun. Efnahagshrunið árið 2008 ýtti enn frekar undir þá þróun. Fríða Björk Ingvarsdóttir, sem var blaðamaður og menningarritstjóri *Morgunblaðsins* á árunum 2000 til 2010, segir að um aldamótin hafi verið mikill uppgangur í faglegum vinnubrögðum, en tugir manna skrifuðu þá ritdóma fyrir blaðið. Sumir voru fastir gagnrýnendur, svo sem í myndlist, tónlist og sviðslistum en aðrir komu inn eftir þörfum. Einnig voru starfandi blaðamenn sem voru sérfræðingar í tilteknum listgreinum. Ritstjórnin hafi litið svo á að víðtæk og víðsýn menningarumfjöllun stuðlaði að víðtækri skírskotun blaðsins, auk þess sem hún hafi álitnið það skyldu sína að sinna menningunni með þessum hætti.

Við reyndum að gefa fólki það vægi sem þurfti fyrir málefnalega gagnrýni. Markmiðið var að þjóna bókmenntunum og höfundum með faglegum hætti en ekki forlögnum fyrst og fremst – þjóna listunum frekar en markaðinum. Enda litum við svo á að framgangur listanna myndi að lokum skila sér til markaðarins. Talsverð vinna varð lögð í að efla greinandi og faglega gagnrýni, þannig að færð væru rök fyrir bæði góðum dómum sem þeim þar sem eitthvað þótti aðfinnsluvert. Það þjónar ekki bókmenntunum að skera úr um hvort bók sé leiðinleg eða skemmtileg, slíkt er bara smekksatriði, heldur þarf að greina hana og koma því þannig til skila.¹⁸⁴⁶

Þegar nýir eigendur hafi komið að blaðinu hafi verið farið að vega að menningardeild blaðsins og árið 2009 hafi áhugi nýrra stjórnenda verið horfinn og *Lesbók Morgunblaðsins* lögð niður í sinni gömlu mynd, þótt áfram hafi einhverjar síður í sunnudagsblaði verið merktar sem Lesbók. Dómar hafi áður verið skrifaðir af sérfræðimenntuðu og málsmetandi fólki og gátu verið langir, allt upp í heilsíður. Nú sé bókum jafnvel dreift á blaðamenn sem eðlilega hafi ekki sömu faglegu forsendur til að skrifa og þeir sem helga sig slíku. Til þess skorti þá yfirsýn í faginu fyrir utan hversu gagnrýnin fái lítið vægi þar sem hún sé orðin svo knöpp.

¹⁸⁴⁵ Sama, 44-45.

¹⁸⁴⁶ Samtal ritgerðarhöfundar við Fríðu Björk Ingvarsdóttur, 20. febrúar 2015.

Þarna er eðlismunur á og þessi umfjöllun ætti ekki að heita það sama. Faglegur gagnrýnandi skuldbindur sig, þekkir höfunda, flóruna og umhverfið sem bókin rís úr. Ef blaðamaður tekur eina til tvær bækur til umfjöllunar af því að honum er uppálagt að gera það reynir hann yfirleitt bara að vera meinlaus. Hann setur bókina ekki í sögulegt eða fræðilegt samhengi, tekur ekki þátt í faglegri umræðu eða setur í samhengi við annað höfundarverk. Honum finnst bókin bara annað hvort skemmtileg eða leiðinleg — og hættan er sú að hann hneigist frekar til þess að segja hana skemmtilega því hann hefur ekki forsendur eða tíma til að standa í einhverju stappi við að verja umfjöllun sína. Það ríkir oft mikill samstaða um gæði bóka og ég held að ástæðan sé skortur á ígrundun, sem stafar m.a. af því hvað þetta er illa borgað og svigrúmið er lítið. Popúlisminn er augljós alls staðar og gagnrýnin er nýtt í þágu hans en ekki í þágu sjálfra bókmenntanna. Sjálf reyni ég að standast þá freistingu að skrifa setningar sem henta vel í bókaauglýsingar, vera til dæmis ekki með yfirlýsingar á borð við þá að þetta sé besta bók höfundarins og það skemmtilegasta sem ég hef lesið í vetur. Enda eru dómarnir mínir nær aldrei notaðir í auglýsingar, setningarnar eru of flóknar og gildismatið of afstætt.¹⁸⁴⁷

Fleiri eru á sama máli. Strax árið 2002 er haft eftir Silju Aðalsteinsdóttur, í yfirlitsgrein um bókmenntagagnrýni, að henni finnst „staða gagnrýnenda vera orðin mun veikari en hún var áður“ og að „gagnrýni verði sífellt fátíðari vegna þess að áhuginn á henni minnki stöðugt“.¹⁸⁴⁸ Í sömu grein segir Jón Viðar Jónsson að sér finnst „flestir fjölmiðlar okkar afar metnaðarlausir þegar kemur að gagnrýni“ og að hann sé „orðinn langþreyttur á því að reyna að fá aukinn tíma“.

Mér var gert að tala í nokkrar mínútur um heila leiksýningu [í *Dagsljósi* Ríkissjónvarpsins] og það er augljóst mál að maður rökstyður skoðun sína á mjög ófullkominn hátt á svo skömmum tíma.¹⁸⁴⁹

Tíu árum síðar, þegar Páll Baldvin Baldvinsson kvaddi starf sitt sem bókmenntagagnrýnandi, bæði á *Fréttatímanum* og í sjónvarpsþættinum *Kiljuni*, orðaði hann það svo að menn væru „vísitandi og með opin augun og með kalt hjarta, að minnka verulega það rými sem gefið er í fjölmiðlum undir bókmenntaumfjöllun“.

Ég er í rauninni, eftir að hafa verið í þessum business í tíu ár, algjörlega gáttaður á því að rithöfundar í landinu skuli ekki fyrir löngu hafa lagst af fullu afli á ritstjóra og dagskrárstjóra þessa lands og heimitað að þeir fengju aðeins skárri meðferð en þá snöggusuðu [*svo*], sem okkur, sem [...] höfum unnið við þetta, hefur verið boðið upp á.¹⁸⁵⁰

Flestir þeir sem tjá sig um þessa minnkandi áherslu á ritdóma í dægurmiðlum harma þannig að menningarlegur ágóði af metnaðarfullri bókmenntagagnrýni þyki ekki mikilvægari en markaðslögmálin. Dickstein virðist því hafa ýmislegt til síns máls þegar hann segir að mikilvægi ritdóma hafi minnkað,¹⁸⁵¹ og eins og er virðist fátt standa eftir nema virkni þeirra

¹⁸⁴⁷ Sama.

¹⁸⁴⁸ Sandra Berg Cepero: „Gagnrýni í hnotskurn“, 105.

¹⁸⁴⁹ Sama, 106.

¹⁸⁵⁰ „Gáttaður á rithöfundum landsins“ – Páll Baldvin hættir“, *Smugan*, 2012, sótt 28. nóvember 2012 af <http://smugan.is/2012/09/gattadur-a-rithofundum-landsins-pall-baldvin-haettir/>.

¹⁸⁵¹ Dickstein: *Double Agent. The Critic and Society*, 55-57.

fyrir bókamarkaðinn. Hér má nefna að gagnrýnandi sem mælir nokkrar setningar um bók í *Kiljuni*, bókmenntaþætti Ríkissjónvarpsins, fékk árið 2014 borgaðar 50.000 krónur fyrir það verk sitt, á meðan gagnrýnandi sem fjallar ítarlega um sömu bók í 5-9 mínútna pistli í *Víðsjá*, bókmenntaþætti Ríkisútvarpsins, fékk aðeins 16.000 krónur fyrir verkið. Hér gefur eina ríkisrekna fjölmiðlafyrirtækið „markaðsvænni“ umfjöllunaraðferð, þ.e. stuttri og kjarnyrtri, meira vægi og gefur gagnrýnendum efnahagslegan hvata til að halda í þessa átt.

Í þessum kafla hefur því verið haldið fram að á mótunarárum íslenskra ritdóma hafi þeir fyrst og fremst gegnt pólitísku hlutverki (sjá bls. 364). Þetta hefur hins vegar breyst, m.a. vegna aukinna krafna um fagmennsku. Hávar Sigurjónsson, sem árið 2002 „hefur yfirumsjón með gagnrýninni“ í *Morgunblaðinu*, segir „pólitíkina hafa vikið fyrir fagmennskunni“.¹⁸⁵² Þröstur Helgason tekur í sama streng er hann segir að sú „góða breyting h[afi] orðið á íslenskri listgagnrýni undanfarin ár að fleiri fagmenn haf[i] komið inn í stéttina og hún stýrist ekki eins mikið af pólitík og öðru slíku eins og hún gerði áður“.¹⁸⁵³ Á móti kemur hins vegar aukið markaðslegt mikilvægi ritdóma, en markaðurinn veitir lítið svigrúm fyrir þessa faglegu umfjöllun innan dægurmiðlanna og ýtir henni inn á afmarkað svæði, til dæmis í fagtímaritum. Eins og fram hefur komið hafði bókmenntagagnrýni ekki verulegt markaðslegt hlutverk á Íslandi fyrir en eftir miðja síðustu öld, þegar raunverulegur bókamarkaður skapaðist hér á landi (sjá einnig bls. 364). Aukin markaðsvæðing fjölmiðla á 9. áratugnum hafði þó enn augljósari áhrif, enda ritdómarar þá sjálfir orðnir beinni hagsmunaaðilar á markaðstorgi þar sem helst gildir að bjóða seljanlegt fjölmiðlaefni sem freistar auglýsenda. Árni Bergmann lýsir því þannig árið 2002:

Það sem var [...] spennandi við þennan tíma [kaldastríðsins] var að dagblöðin voru fjögur til fimm talsins og tengdust öll stjórnmalaflokkum. Þess vegna gat höfundur átt von á að bókinn hans fengi margs konar viðbrögð frá ólíkum gagnrýnendum. Umræðan gat verið mjög fjörleg því menn voru ekki feimnir við að halda fram skoðunum sínum. Nú reyna hins vegar allir að skreyta sig sem mest með orðfæri fræðanna sem leiðir oft til náttúrulegsrar umfjöllunar. Menn skirrast við að spyrja sig hvert höfundur sé að fara í glímu sinni við samfélagið og heimspekileg eða pólitísk viðfangsefni. Einnig ber meira á frægðardýrkuninni. Menn snúast í kringum þá höfunda sem eru í tísku og þeir sjálfir verða fyrirferðarmeiri en það sem þeir skrifa. Gagnrýnendur ganga inn á markaðstorgið og þeir skrifa kannski eins og þeir vilji taka þátt í að búa til metsölubók.¹⁸⁵⁴

Ritdómar verða til hér á landi sem samfélagslega nytsamlegt tæki; sem hluti af pólitískt mikilvægu bókmenntasviði. Það er því ef til vill ekki að undra að samhliða því að pólitískt

¹⁸⁵² Sandra Berg Cepero: „Gagnrýni í hnotskurn“, 105.

¹⁸⁵³ Sama, 108.

¹⁸⁵⁴ Sama, 104.

hlutverk ritdóma hefur minnkað hefur mikilvægi þeirra fyrir bókmenntasviðið og samfélagið almennt dalað. Ástæðan er ekki síst sú sú að ritdómar eru afkvæmi prentmiðlanna og prentmiðlar gegna ekki jafn mikilvægu hugmyndafræðilegu hlutverki og áður. Árið 1960 lýsti Sigurður Einarsson því yfir að „hin stórkostlega ábyrgð“ blaðanna væri sú að þau séu „öflugri skapendur almennra skoðana, viðhorfa og áhugamála, en nokkurt annað vald í opinberu lífi“:

Það sem blöðin hafa tekið að sér að bera fyrir brjósti og sinna af alúð, deyr ekki útaf í almennu sinnuleysi. Það sem þau hirða ekki um að neinu marki, lendir í útideyfu, þokar út fyrir svið hins almenna áhuga, verður lítilsvært í vitund, smávægt að almennu mati.¹⁸⁵⁵

Nú er það hins vegar Netið sem ákveður hvað deyr út af í sinnuleysi og hvað nær athygli fjöldans — og Netið fylgir öðrum lögmálum en prentmiðlarnir.

Ef meta á framtíð bókmenntagagnrýni og ritdóma þarf því að leggjast í rannsókn á eiginleikum Netsins sem miðils og áhrifa þess á bókmenntasviðið. Ef bókmenntasviðið virðist ekki þurfa lengur á ritdómum að halda sem hreinsunarathafnar, þessa örugga svæðis til að láta reyna á mörk kerfisins, er það ef til vill vegna þess að sviðið sjálft hefur breyst eða er að breytast. Rétt fyrir aldamótin 1900 telur Oscar Wilde að gagnrýnandinn geti notað margvíslega framsetningu, til dæmis samtalsformið, frásagnarformið, skáldskap og ljóð.¹⁸⁵⁶ Ritdómar í prentmiðlum hafa hins vegar lítið breyst sem textaform, þótt þeir hafi reyndar almennt verið að stytast og ritdómarar nútímans tali gjarnan á óformlegri hátt en ritdómarar 19. aldar. En virkni ritdóma hefur einmitt byggt á stöðluðu formi; hinum trausta ramma sem skapar vettvang fyrir „frjálsan leik“. Árið 2002 segist Þröstur Helgason hins vegar „smeykur um að listgagnrýni í fjölmiðlum, eins og hún er stunduð nú, sé barn síns tíma“ og upplifir að þetta staðlaða form sé orðið „gamalt og heftandi“.

Nú eru ritdómar meira skrifaðir af skyldurækni, formið er staðlað eyðublað og skilaboðin klisjukennð. Ritdómar eru hálfgerð viðhengi, því samkvæmt hefð tilheyra þeir útkomu nýrrar bókar. Hvað stendur í þeim skiptir ekki miklu. Menn taka miklu frekar eftir því ef enginn ritdómur birtist, þá verður allt vitlaust. Hugsanlega er ritdómaformið úrelt [...].¹⁸⁵⁷

Ári áður hafði Hermann Stefánsson gefið í skyn að ritdóma„veislan“ væri búin,¹⁸⁵⁸ og það eru fullkomlega eðlilegar vangaveltur. Ritdómar öðlast vald sitt með því að leika á hinum ýmsu mörkum; markaðar og listar, lista og fræða, afl þeirra sprettur af spennunni sem ríkir á þessum mærum. Sú staðreynd að bókmenntagagnrýni í dægurmiðlum virðist undanfarinn áratug fyrst

¹⁸⁵⁵ Sigurður Einarsson: „Blöðin og bókmenntirnar“, 33.

¹⁸⁵⁶ Wilde: „The Critic as Artist“, 390.

¹⁸⁵⁷ Sandra Berg Cepero: „Gagnrýni í hnotskurn“, 108.

¹⁸⁵⁸ Hermann Stefánsson: „Úr orðabók ríkjandi viðhorfa. Um hesta, hættuleg sæti og hringekjur“, 7.

og fremst hafa markaðslegt mikilvægi dregur úr henni kraftinn og gæti verið vísbending um að ný miðlunartækni sé að hafa grundvallarbreytingar í för með sér fyrir bókmenntasviðið. Margt bendir til þess að ritdómar gegni ekki jafn mikilvægu hlutverki í nýju umhverfi, sem hluti af því margradda samtali sem fram fer á Netinu.

Þar með erum við komin inn á brautir sem eru í raun framhald af eiginlegu umfjöllunarefni þessarar ritgerðar, þ.e. hugleiðingar um framhald ritdómahefðarinnar og möguleika á að nýta áfram aflið sem felst í mótsagnakenndri virkni þeirra. Í framhaldi af umfjöllun minni hér að framan tel ég að rökrétt næsta skref væri að spyrja hvort dalandi mikilvægi ritdóma á íslensku bókmenntasviði tengist því að við höfum haldið svo fast í rótgrónar hugmyndir á borð við þær að raða verði bókum á virðingarskala eftir gæðamati þótt slíkar æfingar gegni nú fyrst og fremst því hlutverki að vera efniviður í markaðssetningu bóka. Strax árið 1983 telur Helen Tiffin reyndar að við ættum að vera á leið í algjörlega öfuga átt, þ.e. í átt að því að yfirgefa allar meðvitaðar tilraunir til gildismats.¹⁸⁵⁹ Tiffin telur að fremur en að ákveða hverjir séu merkilegastir ættum við að reyna að skilja ferli bókmenntalegrar þróunar með rannsóknum á afbrigðum frá sameiginlegu tungumáli og menningargrunni. Það myndi gera okkur að minni dómurum (eða ritskoðendum) og að meiri sagnfræðingum eða félagsfræðingum. Við gætum þurft að fórna þægilegum hugmyndum um „miklar hefðir“ og „heimsbókmenntir“, en við myndum færast nær því að skilja bæði sköpunarferlið sjálft og samfélögin þar sem það á sér stað.¹⁸⁶⁰

Innan bókmenntasviðsins hefur hins vegar enginn raunverulegur vilji verið fyrir því að hafna stigveldi. Vissulega er það vafamál hvort hægt sé í praxís að hafna allri hárarkíu, en undanfarna áratugi, ekki síst með tilkomu netsins og rafrænna samskipta, hafa margir bent á að hin nýja tækni býður upp á og felur í sér ýmsar breytingar á hefðbundnu stigveldisskipulagi. Frá slíkum þælingum kemur m.a. orðið „virkarkía“ (e. *wirearchy*)¹⁸⁶¹ sem vísar til aukinnar áherslu á tengslanet (e. *networking*) þar sem valdaafstæður eru margvíslegar, „láréttar“ (þ.e. jafnréttáár)¹⁸⁶² og gagnvirkar fremur en „lóðréttar“ og einhliða. Slík tengsl eru

¹⁸⁵⁹ Helen Tiffin: „Commonwealth Literature: Comparison and Judgement“, *The History of Historiography of Commonwealth Literature*, ritstj. D. Riemenschneider, Tübingen, Gunter Narr, 1983, 24.

¹⁸⁶⁰ Sama, 33.

¹⁸⁶¹ Sjá Jon Husband: „Wirearchy 1. The Intersection of People, Information and New Forms of Technology Changes Everything (Eventually)“, vefsíða P2P Foundation, 30. maí 2014, sótt 3. ágúst 2015 af <http://blog.p2pfoundation.net/wirearchy-1-the-intersection-of-people-information-and-new-forms-of-technology-changes-everything-eventually/2014/05/30>.

¹⁸⁶² Hér má einnig benda á hugmyndir um „heterarchy“ sem eru raktar til taugalífedlisfræðingsins Warren McCulloch: „A Heterarchy of Values Determined by the Topology of Nervous Nets“, *Bulletin of Mathematical Biophysics*, 7, 1945, 89–93, en hafa verið notaðar af hugvísindafólki á borð við mannfræðinginn Carole L. Crumley til að lýsa flóknum valdatengslum. Sjá t.d. *Heterarchy and the Analysis of Complex Societies*, ritstj.

yfirleitt einnig til staðar í hefðbundnu stigveldisfyrirkomulagi, þótt þau fái oft minni athygli eða sé gefið minna vægi en hinu lóðréttu valdaskipulagi þar sem einn þáttur er ætíð undirskipaður öðrum (sbr. áherslu Pierres Bourdieu á valdaátök fremur en samvinnu). Það á einnig við um bókmenntasviðið, þar sem þátttakendur virðast eftir sem áður í grunnatriðum sammála um nauðsyn stigveldis, annars missi ekki aðeins bókmenntagagnrýnin, heldur líka bókmenntirnar, jafnvel lífið sjálft, tilgang sinn. Á bak við glittir í óttann við stjórnleysið, anarkíuna. En hvað myndi gerast ef við leyfðum „anarkíunni“ að taka völdin í núinu og höfnuðum stjórnvaldi og stigveldi í bókmenntaheiminum?

Fyrsta skrefið væri að líta betur á hvað felst í raun í hugtakinu anarkía. Emma Goldman skilgreinir grundvallarhugmynd anarkisma sem: „Heimspeki nýrrar samfélagsskipanar sem byggir á frelsi, óheftu af mannanna lögum; sú kenning að allar tegundir stjórnvalds byggi á ofbeldi og séu því rangar og skaðlegar, sem og óþarfar.“¹⁸⁶³

Anarkismi leitast við að bjarga sjálfsvirðingu og sjálfstæði einstaklinga frá öllum hömlum og afskiptum yfirvalds. Aðeins frelsi gefur mannum færi á að ná fullum vexti. Aðeins frelsi gerir honum kleift að læra að hugsa og hrærast og gefa sitt besta. Aðeins frelsi fær hann til að gera sér grein fyrir krafti þeirra samfélagslegu banda sem hnýta menn saman og sem eru hinn sanni grunnur eðlilegs félagslífs. Anarkismi felur í sér samfélagsskipan sem byggir á frjálsum hópamyndunum einstaklinga í því skyni að framleiða raunverulegan samfélagsauð; skipulag sem mun tryggja hverri manneskju frjálsan aðgang að jörðinni og að hver manneskja getur notið til fulls allra lífsnauðsynja, í samræmi við einstaklingsbundnar langanir, smekk og tilhneigingar.¹⁸⁶⁴

Megináhersla anarkisma er á að hafna stigveldi og stjórnun að ofan. Þessar grundvallarforsendur hafa getið af sér margvíslegar anarkískar stefnur, til dæmis anarkó-femínisma, grænan eða vistvænan anarkisma, anarkíska friðarstefnu o.s.frv. Anarkísk hugmyndafræði þarf ekki að fela í sér skipulagsleysi, en hún felur í sér ákveðna hugmynd um algjört jafnræði einstaklinga sem vissulega krefst afneitunar á því stigveldisskipulagi sem við búum við.

Robert M. Ehrenreich, Carole L. Crumley og Janet E. Levy, Arlington, American Anthropological Association, 1995.

¹⁸⁶³ „The philosophy of a new social order based on liberty unrestricted by man-made law; the theory that all forms of government rest on violence, and are therefore wrong and harmful, as well as unnecessary.“ Emma Goldman: „Anarchism: What It Really Stands For“, *Anarchism and Other Essays*, ritstj., New York og London, Mother Earth Publishing Association, 1911, sótt 24 maí 2014 af http://dwardmac.pitzer.edu/Anarchist_Archives/goldman/aando/anarchism.html.

¹⁸⁶⁴ Anarchism proposes to rescue the self-respect and independence of the individual from all restraint and invasion by authority. Only in freedom can man grow to his full stature. Only in freedom will he learn to think and move, and give the very best in him. Only in freedom will he realize the true force of the social bonds which knit men together, and which are the true foundation of a normal social life. Anarchism stands for a social order based on the free grouping of individuals for the purpose of producing real social wealth; an order that will guarantee to every human being free access to the earth and full enjoyment of the necessities of life, according to individual desires, tastes, and inclinations. Sama.

Annað skrefið gæti verið að líta á gagnrýni Rancières á Bourdieu fyrir að skjóta stoðum undir ójafnræði með því að gera ráð fyrir því sem útgangspunkti samfélagsgreiningar sinnar. Rancière vill spyrja hvað gerist ef við gerum jafnræði að útgangspunkti, að *forsendu* fremur en markmiði, að *framkvæmd* fremur en verðlaunum sem er plantað kyrfilega í fjarlæga framtíð svo hægt sé að útskýra betur að þau séu ekki fýsileg núna.¹⁸⁶⁵ Rancière segir að ekki sé hægt að mæla gáfur og sanna þannig ójöfnuð þeirra eða jöfnuð. Enda sé það ekki markmiðið, heldur að kanna hvert sú forsenda leiði okkur að allar gáfur séu jafnar. Sú skoðun sé ekki sannleikur, en þeir sem þekki ekki sannleikann leiti að honum, geri tilraunir til að sannreyna áreiðanleika skoðunar sinnar, og finni margt á leiðinni. Ekki endilega það sem þeir leita að, og jafnvel enn síður það sem þeir áttu að finna. En þeir finna eitthvað nýtt til að tengja því sem þeir þekkja nú þegar. Þegar við gerum það að takmarki okkar að þagga niður í öðrum, sigrast á andstæðum vilja, fá ekki svar heldur samþykki, séum við komin með vald retóríkurinnar, sem hefur stríð að kennisetningu sinni. Skynsemin fari hins vegar af stað þegar orðræður með það takmark að hafa rétt fyrir sér hætta, hefjist þegar jafnræði er viðurkennt í verki. Jafnræði sé ekki gefið, né sé það tekið; það sé framkvæmt, sannreynt með því að viðurkenna jafnræði andstæðinga sinna og keppinauta, virða það vitsmunalega vald sem þraukar í miðju retórískrar óskynsemi; viðurkenna hvað það að tala getur merkt fyrir hvern þann sem hafnar því að þykjast hafa rétt fyrir sér. Jafnrétti sé ekki markmið að ná heldur byrjunarreitur, *tilgáta* til að halda fram í öllum kringumstæðum.¹⁸⁶⁶

Að fjalla um bókmenntir á þeim forsendum mætti kalla anarkíska bókmenntafræði, en einnig hefur verið talað um póst-anarkisma til að undirstrika það að slík nálgun er ákveðið framhald af póststrúktúralískri teóriu og því byggð á öðrum forsendum en 19. aldar anarkismi.¹⁸⁶⁷ Jesse Cohn telur að í slíkri bókmenntafræði felist m.a. það að nálgast textann á jafnréttisgrundvelli, þ.e. ekki í því skyni að fella hann undir fyrirfram gefið hugmyndakerfi heldur leyfa hugmyndakerfi hans að hafa áhrif á sig á móti. Í anarkísku orðræðusamfélagi hafi einhverjar ákveðnar hugmyndir ekki óvefengjanlega yfirburði heldur séu grundvallarlögmálin þversagnir og fjölhyggja (e. *multiplicity*). Að taka þátt í því margradda samtali krefjist þess að þátttakendur endurmóti sín einstaklingsbundnu sjónarhorn út frá sjónarhornum annarra og

¹⁸⁶⁵ Kristin Ross: „Translator’s Introduction“, í: Jacques Rancière, *The Ignorant Schoolmaster. Five Lessons in Intellectual Emancipation*, þýð. Kristin Ross, Stanford, Stanford University Press, 1991, xix.

¹⁸⁶⁶ Rancière: *The Ignorant Schoolmaster*, 45, 33, 82-85, 72 og 137-138.

¹⁸⁶⁷ Todd May vill til dæmis meina að anarkismi hafi verið eins konar fyrirrennari póststrúktúralisma og gefi ramma til að skilja pólitíska heimspæki póststrúktúralista. Todd May: *The Political Philosophy of Poststructural Anarchism*, University Park, Pennsylvania, The Pennsylvania State University, 1994, 15, sótt 14. febrúar 2015 af <http://www.scribd.com/doc/77084770/The-Political-Philosophy-of-Poststructuralist-Anarchism#scribd>.

skapi nýja aðferð við að sjá. Þetta samtal geti ekki átt sér stað nema með raunverulegu samspili allra þátta og þátttakenda.¹⁸⁶⁸

Margir hafa velt því fyrir sér hvort Netið sé í sjálfu sér anarkískur vettvangur samskipta og í því ljósi er athyglisvert að tilraunir til að halda þar uppi hefðbundinni bókmenntagagnrýni hafa borið takmarkaðan árangur. Bókmenntaumfjöllun á netmiðlum eins og *Eyjunni* og bókabloggum eins og *Druslubókum* og *doðröntum* er stopul og fjarar yfirleitt út ef ekki er pappírsmiðill á bak við netmiðilinn, eins og í tilviki *DV*, eða stofnun á borð við Borgarbókasafnið og ReykjavíkurAkademíuna, eins og í tilviki *Bókmenntavefsins* og *Kistunnar*, en síðarnefndi vefurinn hefur reyndar lagt upp laupana. Ein ástæðan er eflaust sú að menn hafa átt erfitt með að finna leiðir til að græða peninga á hefðbundinni fjölmiðlun á netinu; fólk er enn tregt til að borga fyrir lesefni á netinu og auglýsendur eiga þar ýmsan annan beinni og greiðari aðgang að hugsanlegum viðskiptavinum. Hin stanslausa „gagnvirkni“ netsins grefur að auki undan tilburðum til að stjórna viðhorfum fólks og gerir gagnrýnendur enn berskjaldaðri en áður fyrir ásökunum um valdníðslu eða vanhæfni. Þegar Valgeir Örn Ragnarsson kvað upp þann dóm sinn á vefsíðu *DV* að sjónvarpsþættirnir *Game of Thrones* væru „hrútleiðinlegir“, handritið ekki gott, sagan „allt of hæg, þvæld og tilgerðarleg“ og karakterarnir „leiðinlegir og illskiljanlegir“,¹⁸⁶⁹ eftir að hafa aðeins horft á tvo þætti úr þáttaröðinni, fékk hann rúmlega 100 ummæli við greinina,¹⁸⁷⁰ sem flest voru sammála um það að þessi gagnrýni væri „bull sem hefur enga heimildavinnu á bak við sig, [væri] á engan hátt málefnalegt og í alla staði illa skrifað“; það sem þar væri skrifað væri „frekar slakt“ og „heimskulegt“, gagnrýnandinn væri með „alltof þröngt áhugasvið“, greinin „illa unnin“, gagnrýnandann „skorti vit og/eða þroska“ til að skilja þættina og hefði „ekki vitsmuni til að sinna þessu starfi“. Þessi dómur, sem vissulega ber þess merki að ritdómari hafi ekki nennt að setja sig inn í efnið sem hann fjallaði um, og viðbrögðin við honum, eru ágætt dæmi um það að hver sem er getur vissulega skrifað hvað sem er á Netið en að kröfur lesenda geta í ýmsum tilvikum verið engu minni en í prentmiðlum og nokkuð víst að hæfni ritdómara til að kveða upp úrskurð verður dregin í efa ef hann gefur færi á sér. Úr hinu léttvægasta efni getur þannig orðið mikil samræða þar sem niðurstaðan getur orðið allt önnur en sú sem lagt var upp með í upphafi.

¹⁸⁶⁸ Jesse Cohn: „What is Anarchist Literary Theory?“, sótt 26. maí 2014 af http://www.academia.edu/235148/What_Is_Anarchist_Literary_Theory.

¹⁸⁶⁹ Valgeir Örn Ragnarsson: „Ævintýralega leiðinlegt“, ritdómur um sjónvarpsþættina *Game of Thrones*, *DV*, 19. september, 2011, sótt 25. maí 2014 af <http://www.dv.is/menning/2011/9/19/aevintyralega-leidinlegt/>.

¹⁸⁷⁰ Í sumum ummælum kemur fram að fyrri ummælum hafi verið eytt svo erfitt er að segja hversu mörg þau hafa alls verið.

Einn mælenda við dóm Valgeirs, Aron Ásberg Björnsson, segir: „Ratings: 9.4/10 from 46,326 users, NUFF SAID!“ Þar vísar hann í þá tegund „ritdóma“ sem slegið hafa í gegn á Netinu; einkunnagjöf í ætt við þá sem tíðkast hefur lengi á dagblöðunum en með öðrum formerkjum. Í stað þess að einn og einn ritdómari setjist í dómarasæti, ákveði hversu margar stjórnur verk eigi skilið og láti svo almenning vita af því, er það almenningur sjálfur sem lætur álit sitt í ljós þannig að úr verður nokkurs konar „meðaleinkunn“, í þessu tilviki 46.326 aðila. Á sumum netsíðum, eins og hjá netbóksölu Amazon, geta lesendur að auki gefið umsagnir, sem verða stundum eins og hefðbundnir ritdómar en þó alltaf með þeim formerkjum að vera aðeins ein skoðun af mörgum, lítill hluti af mun stærra samtali. Hér er það „almenningsálit“ sem á að ráða og þótt vissulega misnoti margir hagsmunaaðilar sér aðferðina í markaðslegu sjónarmiði¹⁸⁷¹ reyna lesendur jafnóðum að finna aðferðir til að sjá við því.¹⁸⁷²

Markaðsöflin eru því jafn aðgangshörð á Netinu og annars staðar. Það er líka rétt að sú þróun sem átt hefur sér stað með tilstilli Netsins virðist ekki til þess fallin að „lækna“ bókmenntirnar, rithöfunda og almenning og halda þeim á endalausri braut framfara í átt að einhvers konar útópíu (sjá bls. 407). En anarkísk bókmenntafræði með jafnræði vitsmuna að leiðarljósi ætti heldur ekki að vera ný „lækninga“ aðferð til að predika sem hina einu réttu, heldur eitthvað til að iðka hér og nú, sem pólitík í verki, og án þess að gefa sér afleiðingarnar fyrirfram eða reyna að stýra útkomunni.

Öll krítík er pólitísk, eins og Lefevere bendir á; hún tekur afstöðu út frá þeirri hugmyndafræði sem gagnrýnendurnir byggja á, en ef hún vill ná ráðandi stöðu innan ákveðinnar bókmenntastofnunar eða kerfis, eða ef hún vill halda þeirri stöðu þegar hún hefur á annað borð náð henni, verður hún að þykjast vera óhlutdræg, virðast vera sú eina sem býr yfir „ef til vill ekki hinum endanlega sannleika og/eða réttlætingu, en að minnsta kosti

¹⁸⁷¹ Dæmin eru mýmörg en nefna má fréttir af því að höfundurinn R.J. Ellory hefði sjálfur falsað umsagnir um bækur sínar á Amazon. Christina Ng: „Crime Writer RJ Ellory Caught Faking Amazon Reviews“, *ABC News*, 3. september, 2012, sótt 14. febrúar 2015 af <http://abcnews.go.com/International/crime-writer-rj-ellory-caught-faking-amazon-reviews/story?id=17143005#UEYjBaRYvDU>. Eða fréttir af því að hægt sé að kaupa, afar ódýrt, þá þjónustu að fá fimm stjórnur netumsagnir um bækur sínar. David Streitfeld: „The Best Book Reviews Money Can Buy“, *The New York Times*, 25. ágúst 2012, sótt 27. maí 2014 af http://www.nytimes.com/2012/08/26/business/book-reviewers-for-hire-meet-a-demand-for-online-raves.html?pagewanted=all&_r=0.

¹⁸⁷² Sumir hafa sérstaka aðferð við að meta hvaða umsögnum þeir taka mark á, lesa til dæmis bæði umsagnir þeirra sem gefa bestu einkunn og þeirra sem gefa lægstu einkunn, til að geta sjálfir metið rökin fyrir einkunnagjöfina. Eða lesa bara dóma þar sem miðlungsgóðar einkunnir eru gefnar. Þá geta ákveðnir „ritdómarar“ orðið „frægir“ fyrir ómarktæka dóma. Vefsvæði á borð við Amazon.com koma sér meira að segja stundum upp kerfi þar sem hægt er að gefa „ritdómurum“ einkunnir fyrir umsagnir sínar, hvort þær nýtist vel eða ekki, en stundum gefa lesendur sjálfir öðrum lesendum ráð til að þekkja þar falskar umsagnir. Sjá t.d. „How to Spot a Fake Review on Amazon.com“, *WikiHow*, sótt 26. maí 2014 af <http://www.wikihow.com/Spot-a-Fake-Review-on-Amazon>.

lyklinum að þeim sannleika, eins og restin sé aðeins spurning um tíma“.¹⁸⁷³ Það sé því tilgangslaust að fordæma eina tegund gagnrýni og upphefja aðra. Þess í stað sé mikilvægt að viðurkenna að bókmenntagagnrýni taki þátt í bókmenntakerfinu, en sé ekki vísindarannsókn á því.¹⁸⁷⁴ Ritdómar eru samkvæmt þessu framkvæmd, pólitísk gjörð og virkni innan bókmenntasviðsins. Og við vitum ekki fyrir fram hvers konar virkni ritdómar munu hafa í nýju umhverfi. Ef til vill reynast þeir í raun óþarfir, hluti hins gamla en ekki hins nýja, ekki verri en nýju aðferðirnar en ekki betri heldur. Þetta er ekki spurning um róttækt rof við fortíðina, yfirlýsingar um að vakna af doða og finna nú sannleikann, því hugmyndin um jafnræði nær einnig yfir hið gamla og hið nýja. Hér má nefna að heimspekingurinn og rithöfundurinn Oddný Eir Ævarsdóttir vill meina að gullöld þess að vera róttækur sé löngu liðin.

Aðgreining hins gamla og hins nýja, fortíðar og framtíðar, hefur misst merkingu sína. Því verður að endurmeta hverja tilraun til að koma á fót hugmyndastefnum (eða liststefnum) með tilliti til hins gamla nýja, og einnig hins nýja nýja. En þetta nýja er ekki hið fasíska nýja, þar sem eyða verður hinu gamla, heldur byggt á lönguninni til að allar hugmyndir og aðferðir geti þrífist á sama tíma. Við verðum að endurhugsa og endurskilgreina gömlu aðgreiningarnar í tilraun til að skilja heiminn. Höndin og hugurinn, höfuðið og hjartað, skólarnir og sýningarrýmin, vinnustofurnar og galleriín, skjalasöfnin og tilraunastofurnar, listirnar og vísindin, tilraunin og menntunin, hugsunin og skynjunin, hið skapandi afl og lýðræðið.¹⁸⁷⁵

Þetta viðhorf felur í sér róttæka fjölhyggju, en Oddný líkir þörfinni á menningarlegri fjölbreytni við það hvernig náttúran þarfnast líffræðilegs fjölbreytileika.¹⁸⁷⁶ Slíkar hugmyndir hafa um skeið verið kannaðar innan myndlistarheimsins og gerðar tilraunir með það að gera ráð fyrir jafnræði, einmitt í sambandi við breytt umhverfi í listheiminum. Sýningastjórinn Elena Tzotzi telur að viðmiðunarlínan sem var notuð til að skilja á milli hins hefðbundna og hins nýja, hins markaðstengda og jaðarsins, stofnana og sjálfstæðra rýma, sé löngu horfin. Í staðinn hafi komið flókið samspil þessara gömlu flokkana sem renna saman í fínstillingu hæfileikans til að rata um listheiminn — hæfileikans til að bregðast rétt við, vera ætíð með áætun, vera einu skrefi á undan, taka þátt og ná að takast í senn á við óorðaða hagsmuni og

¹⁸⁷³ „[...] maybe not of the ultimate truth and/or justification, but at least of the key to those, which makes the rest seem a mere matter of time.“ Lefevere: „Why Waste our Time on Rewrites?“, 217-218.

¹⁸⁷⁴ Sama, 218.

¹⁸⁷⁵ „The distinction between the old and the new, the past and the future has lost its meaning. Thus every attempt to establish schools of thought (or schools of art) must be reconsidered according to the old new, and indeed the new new. But this new is not the fascist new, where the old must be destroyed, but rather based on the desire for all ideas and styles to thrive and coexist. We must rethink and redefine those old distinctions that we've made in an attempt to understand the world. The hand and the mind, the head and the heart, the schools and the show-rooms, the ateliers and the galleries, the archives and laboratories, the arts and the sciences, the experience and the education, the thought and the perception, the creative power and the democracy.“ Oddný Eir Ævarsdóttir: „Our Institution“, *Archive on the Run*, ritstj. Ármann Agnarsson, et al., Reykjavík, Nýlistasafnið, 2013, 234.

¹⁸⁷⁶ Sama, 234.

baktjaldamakk listaheimsins. Hinn fullkomni þátttakandi sé sá sem færast auðveldlega og sér að skaðlausu, milli herbúða.¹⁸⁷⁷ Allir taki þátt á einhvern hátt, þjóni hagsmunum hver annars og græði í leiðinni — hvort sem það eru peningar eða orðspor. En þeir sem þrá annars konar líkan, vilja ekki taka þátt í valdataflinu, hinum „hárfinu innbyrðis tengslum sem, á einn eða annan hátt, ná alltaf að gera þig samsekan, jafnvel án þíns samþykkis“,¹⁸⁷⁸ gætu að hennar mati lagt í þá viðkvæmu, hættulegu og róttæku aðgerð sem Anthony Huberman kallar „wearing your heart on your sleeve“¹⁸⁷⁹ og hægt væri að þýða sem það að bera tilfinningar sínar á torg. Sú vinnuaðferð myndi setja tilfinningar ofar afköstum: Að það sé ekki bara það sem þú gerir heldur hvernig þú gerir það sem skipti öllu máli. Samtal allra þátttakenda er hér lykilatriði, ekki leiðbeinandi samtal heldur milli jafningja. Tzotzi vísar í þau orð bandaríska höfundarins Joan Didion¹⁸⁸⁰ að það að skrifa sé að mörgu leyti það að segja „ég“; að þröngva sér upp á aðra, segja „hlustaðu á mig“, „sjáðu hlutina frá mínu sjónarhorni“, „skiptu um skoðun“. Didion gefur til kynna að þetta sé ágeng, jafnvel fjandsamleg gjörð, en Tzotzi telur að þetta „ég“ opni líka dyrnar að tóni sem sé persónulegur — það sé hægt að rökræða við hann, andmæla honum og vera ósammála, en hann muni haldast sem tillaga og ekki staðhæfing um hlutleysi, almennan sannleik. Þetta „ég“ opni dyrnar að samtali við viðtakendur í stað þess að segja þeim hvað hlutirnir þýða, segi „svona sé ég það — hvað finnst ykkur?“ í stað þess að segja „svona sé ég það og þetta ættuð þið að gera“. Að deila hugsunum sínum og áhugaefnum með öðrum þýði í raun að hlusta, læra og hugsa saman, í stað þess að krefjast valds yfir tiltekinni þekkingu. Það leiði mann frá samanburði og samkeppni og fagni þess í stað nánú samtali. Þetta sé sjálfstætt val en háð því að viðtakendur vilji verja í það tíma sínum og áhuga. Og þá skipti máli að bjóða fólk velkomið í alvöru, ekki bara með æft kurteisibros á vörum. Tzotzi er að tala um safnastarf en orð hennar má allt eins yfirfæra á gagnrýnendur þegar hún segir:

Umhyggja fyrir því hvernig þú gerir hlutina er, framar öllu, umhyggja fyrir listamönnunum sem þú vinnur með, sem þýðir að þú ert stanslaust að ýta, ögra og efast, en þú ert ávallt til staðar til að taka sameiginlega áhættu og njóta sameiginlegra sigra. Það er skuldbinding sem nær langt út fyrir vandlega útreiknaða leiki samkvæmt fyrirfram kortlagðri hernaðaráætlun. Stundum kemur hún þér á kaf í vandræði; oftar er hún verðlaunuð með félagsskap sem þú getur deilt með

¹⁸⁷⁷ Elena Tzotzi: „Small is Strong, or is it the other way around...?“, *Archive on the Run*, ritstj. Gunnús Ýr Finnbogadóttir Ármann Agnarsson, Gunnhildur Hauksdóttir og Unnar Örn, Reykjavík, Nýlistasafnið, 2013, 198.

¹⁸⁷⁸ „[...] this delicate form of interdependence, which, one way or another, always succeeds in making you partner in crime, even without your consent.“ Sama, 200.

¹⁸⁷⁹ Anthony Huberman: „Take Care“, *Circular Facts*, ritstj. Mai Abu ElDahab, Binna Choi og Emily Pethick, Berlin, Sternberg Press, 2011, sótt 14. febrúar 2015 af <http://www.theartistsinstitute.org/MEDIA/take%20care.pdf>.

¹⁸⁸⁰ Í greininni „Why I Write“ sem birtist upphaflega í *The New York Times Book Review* 5. desember 1976.

sannfæringu þinni og efa með í samvinnuferlinu. Að veita hverju smáatriði athygli er að sýna að þér stendur ekki á sama, og að treysta öðrum er að þora að taka áhættu [...].¹⁸⁸¹

Samvinna, ekki samkeppni, er hér lykilatriði. Hvatinn er innblásturinn sem þú færð frá kollegum þínum, það að þér er ekki sama og að öðrum er ekki sama; að það sem þú gerir skipti máli. Það hefur einmitt alla tíð verið einn helsti hvati ritdómarans, eins og Soffía Auður Birgisdóttir bendir á:

Þrátt fyrir margvíslegt mótlæti er hann enn ástfanginn af skáldskapnum, hrifnæmið enn til staðar og löngunin til að taka þátt í „samræðum“ þeim sem bókmenntirnar óneitanlega bjóða upp á enn fyrir hendi.¹⁸⁸²

Thor Vilhjálmsson kallar þetta „hrifnigáfu“, „að tengsl séu milli hugar og hjarta“, að mönnum „komi málið við“ og telur þetta einn mikilvægasta eiginleikann sem gagnrýnandi ætti að búa yfir.¹⁸⁸³ Oddný Eir Ævarsdóttir bendir hins vegar á að einnig þurfi að vera til staðar „nærandi svæði“, eitthvað svipað því svæði sem Hannah Arendt lýsi, þar sem hugmyndin um sköpunarkraft og lýðræðiskraft (e. *democratic power*) haldist í hendur:

Til að vera fær um að næra einstaklinginn, hið skapandi afl, verður að hafa aðgang að stöðugu svæði samtals, samtengingar, könnunar á áhrifunum sem við höfum hvert á annað. Þetta er svæði ákafra samskipta, fremur en samfélag, þar sem þessi brennandi ákafi dofnar aldrei í aðlögun að ríkjandi hugsunarhætti.¹⁸⁸⁴

Rammi ritdóma hefur skapað ákveðna tegund af slíku svæði innan bókmenntasviðsins; svæði þar sem hægt er að kanna mörkin, taka áhættu og reyna að ná tengslum við aðra. Þessi rammi hefur falist í hugmyndinni um ákveðna tegund röklegar umræðu sem þykir samfélagslega nýtsamleg og stýrist af umhyggju í garð bókmenntasviðsins. Þótt bókmenntasviðið taki breytingum mun það þarfnast slíks vettvangs áfram, hvort sem það verður í formi ritdóma eða ekki. Þar sem fólk getur verið með annan fótinn inni í samfélagskerfinu og hinn úti; í hasarnum miðjum.

¹⁸⁸¹ „Caring about the how you do things is, above all, caring for the artists you work with, which means that you constantly push, challenge and question, but you're always there to take joint risks and enjoy shared successes. It is a commitment that goes far beyond the carefully calculated moves of a mapped-out strategy. Sometimes it throws you headlong into trouble; more often, it rewards you with a companion with whom you'll share each conviction and doubt throughout the process of collaboration. Paying attention to each detail is showing that you care, and trusting each other is daring to stick your neck out [...].“ Tzotzi: „Small is Strong“, 202.

¹⁸⁸² Soffía Auður Birgisdóttir: „Úr hænuhaus gagnrýnanda“, 139.

¹⁸⁸³ Thor Vilhjálmsson: „Gagnrýnandi sem lýgur er réttdræpur“, B 3.

¹⁸⁸⁴ „To be able to nourish the individual, the creative, you must have access to a stable place of conversation, of interconnectedness, of forging links, of study into the influence we have on one another. This is a space of intense communication, rather than community, where this intensity never dims to conformity.“ Oddný Eir Ævarsdóttir: „Our Institution“, 231 og 233.

7 Lokaorð

Í þessari ritgerð var lagt upp með það markmið að varpa ljósi á forsendur og einkenni valdatogstreitunnar sem fer fram á vettvangi bókmenntagagnrýnninnar; að kanna virkni ritdóma innan valdakerfis bókmenntasviðsins. Það reyndist langt ferli og lesandinn hefur þurft að fylgja mér eftir frá meginlandi Evrópu 14. aldar til Íslands nútímans. Ritgerðin átti upphaflega ekki að vera saga ritdóma, en til að skilja hvernig ritdómar virka fór ég þó á endanum þá leið að rekja sögulegar rætur þeirra, setja fram drög að yfirliti um íslenska ritdómasögu og túlka ákveðna þætti í þeirri sögu, sem sannarlega er tilefni til að kanna nánar. Ég tel að það ferli hafi verið nauðsynlegt til að leiða í ljós ákveðin endurtekin mynstur í sögu ritdóma, en þau mynstur gefa vísbendingar um kerfið sem liggur þessum ritdómum til grundvallar.

Í ritgerðinni kemur ítrekað fram að ritdómar hafa sérstaka virkni sem mótast af lögmálum prentaðra fjölmiðla, og er í því tilliti m.a. stuðst við kenningar Marshalls McLuhans um áhrif miðlunartækni á framsetningu og innihald efnisins sem miðlað er. Sú textategund sem við þekkjum sem ritdóma kom fram með prentuðum tímaritum á 17. öld og er hluti af mótun nýs almenningssvæðis og markaðsvæðingu bókmenntanna. Um leið fæddist grótesk ímynd ritdómarans sem sprettur af stöðu hans á óljósum mörkum afþreyingar og fræða, lista og markaðar, og gerir hann að óskilgreinanlegu fyrirbæri, mögulega valdamiklu en hugsanlega hættulegu, oft fyrirlitnu; úrkasti í skilningi Juliu Kristevu.

Notast er við kenningar Mary Douglas þegar því er haldið fram að ritdómar virki sem ritúalískar hreinsunarathafnir innan bókmenntasviðs sem er hluti af þekkingarrými (í skilningi Michels Foucaults) er teygir rætur sínar allt aftur til fornaldar. Þetta bókmenntasvið hefur ákveðna valdamiðju sem kalla má „bókmenntastofnun“ og byggir á kanón, eða stigveldi bókmenntaverka og höfunda. Bókmenntagagnrýnendur eru ætíð að einhverju leyti fulltrúar þeirrar stofnunar, hafa menningarlegt forræði (í skilningi Antonios Gramscis), en ritdómar eiga sér einnig róttækari rætur, í satíruhefðinni sem einkennist af vilja til að ráðast gegn valdinu og „hreinsa til“ í nafni endurbóta. Til að það skapist rými fyrir ritdóma þarf því bókmenntasviðið að veita svigrúm til að gagnrýna valdaöfl, vera það sem Douglas kallar „flæðandi valdakerfi“ þar sem einstaka valdhafar geta alltaf átt á hættu ásakanir um misnotkun valds (sjá bls. 279).

Þessi tvöfalda virkni ritdóma, í þágu ríkjandi valdakerfis og sem andóf gegn því, er möguleg vegna þess að þeir gegna hlutverki áðurnefndra hreinsunarathafna sem skapa öruggan ramma til að hætta sér yfir hefðbundin mæri, en með vísan til kenninga Pierres Bourdieus er sýnt fram á að ritdómarar eru einmitt staðsettir á mörkum hinna ýmsu samfélagssviða, til dæmis fræðasviðsins, fjölmiðlasviðsins og bókmenntasviðsins. Samkvæmt kenningum Douglas fylgir slíkri staðsetningu ákveðin tegund valds, sem er alltaf talið mögulega stjórnlaust og hættulegt. Hinu tvöfalda eðli ritdómara, að þeir eru í senn yfirvald og uppreisnarafl, fylgir því mikil hætta á ásökunum um misnotkun valds og það setur þá alltaf að einhverju leyti í stöðu úrkasts. Á móti tefla gagnrýnendur ritúalískum ramma ritdómsins sem gerir þeim kleift að hætta sér yfir hefðbundin landamæri og finna aflið í þeirri hættu án þess að vera útskúfað úr kerfinu. Í ritdómum er því tækifæri til að gagnrýna valdið án þess að stefna stöðu sinni innan kerfisins í hættu. Telji menn hins vegar sannað að ritdómarinn láti stjórnast af öðrum hvötum en þeim að styrkja bókmenntasviðið og vinna samfélaginu gagn má hann búast við fyrirlitningu og því að vera útskúfað sem úrkasti.

Fyrir utan staðlað form og inntak eru fullyrðingar um gagnsemi gagnrýnnar og endurbætur í þágu framfara því lykilatriði í ritúalískum ramma ritdómanna. Grundvöll þeirra hugmynda má finna í hugsjón endurreisnarinnar um „lýðveldi menntanna“, þar sem allir eru taldir hafa *möguleika* á að tileinka sér þá færni sem þarf til að taka þátt í samfélagsumræðu, en hugmyndinni um að nógu upplýstur almenningur geti sjálfur og óstuddur fellt gildisdóma er ætíð haldið á lofti sem fjarlægju ídeali og ekki æskilegu nema í útópískri framtíð sem sífellt er skotið á frest. Jacques Rancière hefur bent á að slíkar hugmyndir um ójafnræði vitsmunanna sem *seinkun* á framþróuninni geri ákveðnum hópum, í þessu tilviki ritdómurum, færi á að halda endalaust áfram að minnka ójafnræðið og viðhalda þannig vitsmunalegu stigveldinu (sjá bls. 407).

Hugsjónin um endurbætur í þágu framfara byggir á ákveðnum hugmyndum um ögun og betrun, sem Michel Foucault telur hafa tekið við af sjónarspili aftökunnar og þjáningarinnar undir lok 18. aldar (sjá bls. 277). Hér er hins vegar gert ráð fyrir því að togstreituna milli hugmyndarinnar um persónulegt eðli betrunar og opinbers eðlis sjónarspils refsingar megi rekja mun lengra aftur og að hún komi m.a. fram strax í fyrstu ritdómunum í fyrstu prentuðu fjölmiðlunum á seinni hluta 17. aldar og haldist allt fram á okkar daga. Ritdómar í prentuðum fjölmiðlum draga persónulega betrun fram í dagsljósið og gera hana að opinberri refsingu. Um leið afhjúpa þeir þá valdbeitingu sem í raun felst í betruninni, þá staðreynd að hún er *ögun*. Þótt hér sé ekki fallist á þann sögulega tímaramma sem Foucault setur fram, bregða

kenningar hans um ögunarsamfélag því nokkru ljósi á þá virkni ritdóma í flæðandi valdakerfi að fara yfir mörk hins leyfilega og afhjúpa kerfið.

Eins og sést á þessari samantekt hef ég fléttað saman mörgum kenningum um vald, eðli þess og virkni. Slík aðferð þykir mér eðlileg í ljósi þess að í ritdómum framkvæmum við margvíslegar og stundum mótsagnakenndar hugmyndir okkar um það hvernig á að beita valdi. Ekkert eitt kenningakerfi nær yfir þær hugmyndir. Þótt ég leggi til grundvallar kenningar Mary Douglas flétta ég inn í þær ákveðnum þáttum úr kenningum Antonios Gramscis, Pierres Bourdieus, Michels Foucaults, Andrés Lefeveres, Walters Benjamins, Marshalls McLuhans og fleiri hugsuða sem ég sæki til í því skyni að lýsa áður nefndri virkni ritdóma.

Í ritgerðinni er farið yfir það hvernig ritdómar hafa haft þessa virkni á íslensku bókmenntasviði allt frá upphafi íslenskrar fjölmiðlunar. Rök eru m.a. færð fyrir því að því að ástæður þess að ritdómar komu svo seint fram á sjónarsviðið á Íslandi felist fyrst og fremst í skorti á vilja meðal menntamanna hér á landi til að stunda raunverulega, róttæka gagnrýni á ríkjandi yfirvald, og rými til að tjá slíkan vilja, þar til um miðja 19. öld. Fjallað er um það hvernig mótsagnakennt eðli ritdómanna setur ritdómara í senn í hlutverk lögreglu og afbrotamanna og að það þyki skipta meginmáli hvort dómar eru túlkaðir sem afurð velvilja og hreinnar ástar á bókmenntum, og þar með lögmæt notkun á valdi í þágu samfélagsins, eða hvort þeir teljast afurð óhrens huga og annarlegra hvata, og þar með stjórnlaut, hættulegt vald sem útskúfa verði sem úrkasti. Hagsmunahlið ritdómanna er snöggur og afhjúpanði blettur á bókmenntasviði sem byggir á slíkum hugmyndum um hreina og hagsmunalausa nálgun gagnrýnenda, á viljanum til að trúá því „að réttur og ótvíræður mælikvarði sé til einhvers staðar“, eins og David Hume orðar það (sjá bls. 165), þótt hvergi sé hægt að festa hönd á þennan mælikvarða öðru vísi en með vísan til „almenns samþykkis“, sem í raun er samkomulag afmarkaðs hóps í forréttindastöðu.

Því er athyglinni víða beint að þeim hagsmunum sem búa að baki í bókmenntaúrvalinu. Þótt slíkt þýði að óhjákvæmilegt verður að beina athyglinni við og við að einstaka persónum og aðstæðum þeirra, er ritgerðin ekki hugsuð sem lýsing á eða dómur yfir ritdómaraferli eða kenningakerfi ákveðinna einstaklinga. Hermann Stefánsson er einn þeirra sem hefur varað við því að beita hugmyndum um vald, þöggun og orðræðubundna útskúfun á „hversdagslíf og raunveruleika“ og við því að horfa „á einstaklinga fremur en miklar stærðir og stór kerfi“. Úr verði „merkilega lítið fersk sýn, eins og einhver horfi yfir sviðið með það eitt að leiðarljósi að hagsmunir hljóti að búa að baki hverju orði, ekki sé annað

en að finna þá og þar með eru öll sjónarmið ógild.“¹⁸⁸⁵ Hermann talar jafnframt um „þá alkunnu gagnrýnilömun sem felst í að kveða upp úr um að hvatir að baki orða og hugsana og skrifa séu af eigingjörnum toga, skrif sprottin af valdasýki, og dæmist þar með úr leik“.¹⁸⁸⁶ Gott dæmi um hvernig slíkt sjónarhorn getur lamað bókmenntaumræðuna, í „hversdagslífi og raunveruleika“ (en það tel ég reyndar að sé kjörinn vettvangur fyrir kenningar um þöggun og útskúfun), kemur fram í eftirfarandi orðum Ástráðs Eysteinnssonar frá árinu 2005:

En ef það yrði viðtekin skoðun að hörð gagnrýni einstaklings á annan mann ylli því að sá síðarnefndi yrði eftir það ófær um að taka málefnalega afstöðu til þess sem sá fyrrnefndi gerir, þá eru lýðræðisleg vinnubrögð í hættu. Þá gætu menn með árás á hina og þessa dæmt „úr leik“ ýmsa þá sem hugsanlega yrðu beðnir að fjalla um þá. Þá gæti listamaður t.d. lýst því yfir í fjölmiðli að viss nafngreindur gagnrýnandi sé heimskur og ævinlega síðan haldið því fram að ekki sé að marka álit þessa gagnrýnanda á verkum hans vegna þess að gagnrýnandinn sé að hefna sín fyrir hin mógðandi ummæli.¹⁸⁸⁷

Ólafur Rastrick virðist óttast svipaðar gryfjur, en á hugmyndafræðilegu plani fremur en persónulegu, er hann segist í inngangi bókarinnar *Háborgin*, sem byggir á doktorsritgerð hans um íslenska menningu og samfélagslegt vald í á fyrri hluta 20. aldar, leggja upp með að taka rökstuddar skoðanir þriggja áhrifamikilla menningarpostula, Ágúst H. Bjarnasonar, Sigurðar Nordals og Guðmundar Finnbogasonar, „sem mótast í félagslegum og sögulegum kringumstæðum, fullkomlega alvarlega sem þekkingu á veruleikanum, ekki sem farveg hagsmuna eða hugmyndafræði sem dregur á einhvern hátt upp falska mynd af veruleikanum eða er sett fram til að kasta ryki í augu annarra þannig að viðkomandi verði meðvirkur í almennt undirokun sinni.“¹⁸⁸⁸ Á móti má hins vegar segja að það, að ganga út frá því að hugmyndir þeirra manna sem mótuðu og voru fulltrúar ríkjandi hugmyndafræði bókmenntastofnunarinnar um afar langt skeið séu ekki „farvegur hagsmuna eða hugmyndafræði“ viðhaldi því karlveldi sem hefur verið til endurskoðunar innan bókmenntasviðsins undanfarna áratugi. Það gefur sömu hugmynd um „hlutleysi“ með vísan til ríkjandi hugmyndafræði og þessir karlar studdust við til að breiða yfir þá staðreynd að þeir áttu í mjög harðri, persónulegri, faglegri, pólitískri og hugmyndafræðilegri hagsmunabaráttu. Þótt sjónum sé beint að slíkri „pólitík“ er tilgangurinn ekki sá að gera skrif einstakra manna ómarktæk eða tortryggileg, heldur sýna hvaða virkni ritdómar hafa innan bókmenntasviðsins og samfélagsins almennt. Að taka með í reikninginn hagsmuni einstakra manna eða hópa þarf

¹⁸⁸⁵ Hermann Stefánsson: „Klukk (gegn einsögu)“, *Kistan*, ReykjavíkurAkademían, 6. febrúar 2006, sótt 16. febrúar 2012 af

http://www.kistan.is/default.asp?sid_id=28001&tre_rod=004%7C&tId=2&fre_id=39810&meira=1.

¹⁸⁸⁶ Hermann Stefánsson, *Austanáttin*, 28. ágúst, 2007, sótt 29. ágúst 2007 af <http://austanattin.blogspot.com/2007/08/lokaor.html>.

¹⁸⁸⁷ Ástráður Eysteinnsson: „Launasjóður og listsköpun“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 5. mars 2005, 4-5.

¹⁸⁸⁸ Ólafur Rastrick: *Háborgin*, 20.

ekki að fela í sér að um leið sé gildi skoðana þeirra að engu gert — þótt vissulega geti dregið úr gildinu. Enda er markmið þessarar ritgerðar ekki að viðhalda, endurreisa, koma á eða jafnvel réttlæta stöðu einstakra manna sem kennivalds á bókmenntasviðinu.

Þótt ritdómar séu „íhaldssöm“ textategund, eins og John Chr. Jørgensen bendir á (sjá bls. 104 og 233), þ.e. hluti af gömlu þekkingarrými, þá mótuðust íslenskir ritdómar sem stöðluð textagerð á seinni hluta 19. aldar og á fyrri hluta 20. aldar einnig sem hluti af bókmenntasviði er gegndi mikilvægu þjóðernispólítísku hlutverki undir áhrifum rómantísku stefnunnar. Þær hugmyndir sem við höfum um einkenni, hlutverk og markmið bókmenntagagnrýni draga dóm af því. Mikið var í húfi, enda framtíð landsins talin velta á að þau viðmið sem tryggja áttu íslenskum verkum sess meðal sjálfstæðra þjóða væru álitin hlutlaus; ópólítísk og óumdeilanleg. Virtir gagnrýnendur urðu hluti af menningarauði þjóðarinnar og ritdómum var beitt sem valdataeki innan og utan bókmenntasviðsins. Á 20. öld fléttadist aukin áhersla á fagleg og akademísk vinnubrögð saman við og togaðist á við hin „óumdeilanlegu“ þjóðlegu viðmið. Hugmyndin um brjálaða vísindamanninn fékk sína eigin, sjálfstæðu birtingarmynd í listheiminum; varð ímynd brjálaða fræðilega listgagnrýnandans sem hefur ekki stjórn á valdi sínu og misnotar það. Listinni var stillt upp sem kjarna hins mennska og andstæðu vísindanna og út alla 20. öldina lenti gagnrýnandinn í þeirri stöðu að eiga að verja stöðu listarinnar og mennskunnar en vera um leið talsmaður framsækinnna vísinda; vera í senn fulltrúi ríkjandi kerfis og ógnvaldur þess.

Walter Benjamin telur að með rómantísku stefnunni hafi gagnrýnanleiki listarinnar orðið meginatriði, og hugmyndin um að alvöru list þurfi á túlkun að halda, sé *gagnrýnanleg*, varð vissulega að lykilatriði á íslensku bókmenntasviði á tímum rómantíkurrinnar, en um leið sú forsenda að einhver túlkun sé „réttari“ en aðrar. Sú áhersla jókst fremur en hitt við tilkomu nýrýninnar, sem raskaði ekki mikið stöðugleikanum er myndast hafði í kringum það bókmenntasvið sem mótaðist af áherslum sjálfstæðisbaráttu 19. aldar. Ritdómar urðu um miðbik 20. aldar vettvangur átaka milli afar staðlaðra andstæðupara á borð við nýjungar/hefð, pólitík/fagurfræði, vinstri pólitík/hægri pólitík. Grundvallarforsendur haldast þó jafnan þær sömu, sama á hvorn pól andstæðuparsins þátttakendur stilla sér. Á síðustu áratugum aldarinnar má hins vegar greina, líkt og á tímum Fjölnismanna, raunverulegan vilja meðal menntamanna til beittrar gagnrýni á ríkjandi valdaformgerð og til róttækra breytinga á kerfinu. Viðbrögð við nýjum, fræðilegum áherslum, ekki síst áhyggjur af oftúlkun í nafni vísindanna, sýna að hin nýju fræði setja úr jafnvægi samkomulag fræðimanna og almennings um menningarlegt forræði ákveðinna einstaklinga á þjóðlegum forsendum, auk þess að vega

að rötum feðraveldisins. Í kjölfarið fylgja ásakanir um ofdramb afvegaleiddra fræðimanna sem misbeiti valdi sínu.

Í ritgerðinni er því haldið fram að þótt ritdómar í prentmiðlum hafi upphaflega þróast sem hluti af markaðsvæðingu bókmenntanna hafi slík markaðsvæðing verið mun seinna á ferð hérlandis og pólitík í raun verið helsta ástæða þess að ritdómar þróuðust sem mikilvæg textategund hér á landi (sjá bls. 364). Um miðja 20. öld mótast þó raunverulegur bókamarkaður hér á landi og á síðari hluta aldarinnar eykst markaðsvæðing fjölmiðla. Þetta eykur m.a. bilið milli dægurmiðla og fagtímarita og virðist sem hugmyndafræðilegt frelsi sé meira í fagtímaritum en dægurmiðlarnir séu bundnari af markaðslögmálunum og viðhaldi íhaldssamari áherslum á stigveldi og samkeppni (sjá bls. 398). Andstaðan við hin nýju, útlendu fræði, og þá helst femínisma og póststrúktúralisma, náði hámarki á 9. og 10. áratugnum, einmitt þegar áhrifa þeirra var farið að gæta fyrir alvöru í íslenskri bókmenntaumræðu og einmitt þegar aukin markaðsvæðing fjölmiðla fer að hafa raunveruleg áhrif á form ritdóma. En þótt markaðsvæðingin hafi átt sinn þátt í að efla andúðina á „vísindalegri“ orðræðu í ritdómum og hafi einnig alið á tortryggni í garð hins nýja og róttæka (ómarkaðsvæna) þá fordæma andstæðingar nýju teoríunnar jafnt sem fylgjendur hennar markaðsvæðingu menningarumræðunnar, rétt eins og í kaldastríðinu þegar bæði hægri og vinstri öfl vísuðu til skaðlegra áhrifa markaðsvæðingar og erlendrar fjöldaframleiðslu (sjá bls. 219). Þessi andúð á markaðssjónarmiðum endurspeglar að ritdómar eru svæði þar sem listasviðið og hugmyndin um listina sem birtingarmynd náttúrulegrar mennsku mætir markaðstorginu og hugmyndinni um firringu tæknisamfélagsins frá náttúrunni, í óþægilegri togstreitu. Að baki býr enn sem fyrr hugmynd um hina æskilegu hreinu og hagsmunalausú nálgun sem miðar að betrun bókmenntanna.

Sú staðreynd að íslenskir ritdómar virðast undanfarna áratugi fyrst og fremst hafa haft markaðslega virkni er hins vegar ekki *ástæða* þess að hugmyndafræðilegt gildi ritdóma hefur minnkað heldur *afleiðing* þess. Undanfarið hafa verið blikur á lofti um að tölvutæknin gæti haft í för með sér jafn róttækar breytingar á bókmenntasviðinu og prentverkið hafði á sínum tíma. Eitt af merkjum þess er minnkandi vægi ritdóma innan bókmenntasviðsins og samfélagsins almennt. Hér vinna íhaldssamt form og forsendur gegn ritdómunum. Eitt meginhlutverk ritdóma hefur verið að móta og styrkja stigveldi bókmenntasviðsins og mögulegt er að aukin áhersla á margradda samræðu í netheimum boði endalok ritdóma sem textagerðar — nema þeir öðlist nýja virkni innan breytts bókmenntasviðs. Þótt Netinu sé stýrt á ýmsan hátt og þar fari fram síst minni valdatogstreita en í prentmiðlum þá hefur víða skapast

þar rými sem gegnir því hreinsandi hlutverki sem ritdómar áður gegndu; svæði þar sem hægt er að fara yfir mörk hins leyfilega og láta reyna á þessi mörk.

Niðurstöður ritgerðarinnar styðja því að einhverju leyti þær forsendur kenninga Marshalls McLuhans, að „tæknilegar nýjungar haf[i] verið meiri áhrifavaldar í mannlegum samfélögum en allt annað“,¹⁸⁸⁹ því þær gefa til kynna að ritdómar hafi fyrst og fremst mótast af eiginleikum prenttækninnar og að þeir séu nú fyrst að sýna merki um að breytast, jafnvel hverfa í þeirri mynd sem við þekkjum þá, eftir að ný tækni virðist ætla að koma í stað prentsins. Þetta hafa sumir kallað „tæknilega nauðhyggju“ (e. *technical determinism*),¹⁸⁹⁰ en það tel ég of þröngsýna túlkun. Við þróum sjálf þessar tæknilegu nýjungar, sköpum miðlana sem valda straumhvörfum og reynum að laga þá að þörfum okkar hverju sinni. Útkoman verður alltaf ákveðið samspil milli ríkjandi valdakerfis, þjóðfélagslegra hræringa og nýja miðilsins, eins og sjá má af því að aldagamlar hugmyndir halda velli í ritdómum þegar þeir koma fram sem nýtt textaform — en einnig opnast nýjar víddir. Í valdakerfi bókmenntalífsins og á vettvangi prentmiðlanna varð til rými fyrir frjóa, gagnrýna umræðu. Þótt þetta rými hafi verið skilgreint sem hlutlaust, mótaðist það og skilgreindist af valdatogstreitu bókmenntasviðsins; það væri ekki til nema vegna þeirrar valdatogstreitu og það þjónar ákveðnu hlutverki í þeirri togstreitu, þótt það myndi einnig einhvers konar mótvægi við hana. Afl ritdóma felst í því að þeir eru byggðir á mörkum hefðbundinna andstæðna, þeir eru svæðið þar sem við förum yfir hefðbundin mörk. Á Netinu gæti skapast öðruvísi rými fyrir frjóa, gagnrýna umræðu um bókmenntir, nýjar „hreinsunarathafnir“ bókmenntasviðsins sem eru efni í framtíðarrannsóknir, hvort sem þær athafnir muni áfram kallast ritdómar eða eitthvað annað.

Fleiri kenningum sem hér er stuðst við, til dæmis kenningum Gramscis, Bourdieus og jafnvel Foucaults, hefur stundum verið ýtt út af borðinu sem nauðhyggju, en það tel ég fjarstæðari gagnrýni en í tilviki McLuhans. Ég lít á þessar kenningar um völd og valdakerfi sem lýsingar á ástandi og ríkjandi tilhneigingum innan samfélags okkar — ekki sem yfirlýsingar um að þannig hljóti hlutirnir óhjákvæmilega að vera, heldur þvert á móti sem hvatningu til að horfast í augu við grundvallaratriði félagsheimsins, hið ríkjandi kerfi, þannig að möguleiki gæti skapast til að breyta því. Hins vegar gefur almenn andstaða við slíka róttæka endurskoðun kerfisins til kynna ákveðna nauðhyggju; það viðhorf að hinn ríkjandi grundvöllur mismunar, stigveldis og mismununar sé hinn eini mögulegi valkostur. Líkt og Rancière vil ég setja „vitsmunaleg viðföng okkar og form í sögulegt samhengi, fremur en að

¹⁸⁸⁹ Emir Snorrason: „Marshall McLuhan eða Goðsagan endurvakin“, *Samvinnan*, 4, 1970, 43.

¹⁸⁹⁰ Sjá til dæmis sama, 43.

bjóða upp á úrskurði byggða á *a priori* afstöðu, en hafna líka skema sögulegrar nauðsynjar og gera fornleifafræði nútíðarinnar að kortlagningu möguleika sem halda þeim eiginleika sínum að vera möguleikar“.¹⁸⁹¹ Það var því nauðsynlegt að mínu mati að leiða lesandann með mér í gegnum þá uppgötvun að allt frá upphafi prentmiðla og fram á okkar tíma hefur gagnrýni haft svipaða virkni innan bókmenntasviðs okkar og ritdómarar hafa æ og aftur ratað í hið upphafna hlutverk úrkastsins. Rancièrè orðar það svo:

Ég segi í senn: þannig fórum við að sjá það sem við sjáum og hugsa það sem við hugsum, en það er engin söguleg nauðsyn, ekkert sem er óviðbjargandi í þessu landslagi vitsmunalegra viðfanga okkar og forma. Hvað varðar byltingaáætlanir, þá skiljast leiðir mín og þeirra sem halda að þeir búi yfir réttu formúlunni fyrir framtíðarbyltingar sem og þeirra er segja að allar áætlanir fyrir breytingar í átt til jafnréttis í heiminum séu dæmdar til að villast út í alræðisógn. Ég býð ekki up á neina formúlu fyrir framtíðina, en ég leitast við að lýsa heimi sem er opinn fyrir möguleikum og getu allra: eitthvað á borð við fornleifafræði sem er opnari fyrir viðburðinum en sú sem Foucault býður upp á, en laus við messíanisma Benjamins.¹⁸⁹²

Að lokum er vert að ítreka að þar sem lítið hefur farið fyrir fræðilegum rannsóknum á íslenskum ritdómum hingað til, er þessi ritgerð hugsuð sem fyrsta skrefið í þá átt, sem skref í átt að frekari rannsóknum og kenningasmíð um þessa merkilegu textategund. Það er fjarri mér að halda því fram að hér sé sett fram fullkomin heildarmynd af íslenskum ritdómum eða hin eina rétta lýsing á virkni þeirra. Fremur má líta á þessa ritgerð sem tilraun til að opna nýja vídd í samræðu og hugsun um hlutverk og virkni ritdóma á íslenska bókmenntasviðinu. Ég tel að sú aðferð að líta á þá í sögulegu samhengi og byggja upp mynd af þeim sem hluta af ákveðnu valdakerfi leiði okkur að nýjum forsendum til að halda umræðunni áfram.

Lokablaðsíður ritgerðarinnar bera þess merki. Ég hóf hana m.a. með kenningar Bourdieus og Foucaults að leiðarljósi en enda á því að leita í smiðju eins helsta gagnrýnanda þeirra, Rancièrès, vegna þess að ég tel kenningar hans að mörgu leyti eðlilegt næsta skref í umfjöllun um valdakerfi bókmenntasviðsins. Ritdómar hafa alltaf skapað rými fyrir ákveðna „anarkíu“, samtal kerfis og andófs. Eins og Douglas bendir á getum við ekki tjáð suma hluti í valdakerfi okkar án helgiathafna. Þær viðurkenna sköpunargetu óreiðunnar, leita að afli sem

¹⁸⁹¹ „I put our intellectual objects and forms into historical perspective, rather than offering verdicts based on a priori positions, but also that I reject the schemas of historical necessity and make the archaeology of our present a topography of possibilities that retain their character as possibilities.“ Marie-Aude Baronian og Mireille Rosello: „Jacques Rancièrè and Indisciplinarity“, viðtal við Jaques Rancièrè, þýð. Gregory Elliott, *Art and Research*, 2, sumar 2008, 2, sótt 5. júní 2014 af <http://www.artandresearch.org.uk/v2n1/jrinterview.html>.

¹⁸⁹² „I say at one and the same time: this is how we came to see what we see and think what we think, but there is no historical necessity, nothing irremediable in this landscape of our intellectual objects and forms. As regards revolutionary projects, I part company both with those who think they possess the correct formula for future revolutions and with those who say that any project for an egalitarian transformation of the world is doomed to totalitarian terror. I don't offer any formula for the future, but I strive to describe a world open to the possibilities and capacities of all: something like an archaeology more open to the event than Foucault's, but without any Benjaminian messianism.“ Sama, 2.

ekki er hægt að nálgast meðvitað og nota þversagnir og mótsagnir til að tjá sannleika sem ekki er annars hægt að tjá.¹⁸⁹³ Samkvæmt Douglas er þó endanlegt markmið slíkra athafna, sem og viðbragðanna við þeim, að styrkja samfélagsformgerðina, og margt bendir til að ritdómarar reyni á mörk samfélagsformgerðarinnar einmitt vegna þess að þeir sækjast eftir reglu þeirrar sömu formgerðar. Douglas bendir jafnframt á að það að vinna í þágu kerfisins, taka þátt í uppbyggingu þess, er skapandi viðbragð:

Þegar við stuggum burt óhreinindum, veggfóðrum yfir misfellur, fegrum umhverfið, tökum til [...] erum við að endurskipuleggja umhverfi okkar á jákvæðan hátt, að reyna að fá það til að samþýðast hugmyndum okkar. Það er engin skelfing eða órökvísi í því hvernig við forðumst óhreinindi: það er skapandi viðbragð, tilraun til að tengja form við virkni, til að vinna á heildrænan hátt úr reynslunni.¹⁸⁹⁴

Hræðslan við stjórnlaust vald ritdómarans er hræðsla við anarkíu, algjört skipulagsleysi þar sem allir eru gagnrýnendur og enginn „öruggur rammi“ ver okkur gegn þeim eða þá gegn okkur. En anarkía, stjórnleysi, þarf ekki að þýða algjöra óreiðu og við getum haldið áfram því skapandi viðbragði að koma á kerfi þótt við höfnum nauðsyn stigveldisins sem við búum við og stýringar að ofan. Hræðsla við ótímabært jafnræði sem leiði til anarkíu er því í raun engin rök fyrir því að viðhalda núverandi stigveldi. Í ljósi þeirra breytinga sem eru óhjákvæmilega að verða á bókmenntasviðinu og samfélagskerfinu öllu, með tölvuvæðingu og tilkomu Netsins, er ef til vill kominn tími til að taka til við að kanna hvaða tækifæri gætu falist í anarkískri bókmenntaumræðu og fræðum.

¹⁸⁹³ Douglas: *Purity and Danger*, 94 og 175-178.

¹⁸⁹⁴ „In chasing dirt, in papering, decorating, tidying we are [...] positively re-ordering our environment, making it conform to an idea. There is nothing fearful or unreasoning in our dirt-avoidance: it is a creative movement, an attempt to relate form to function, to make unity of experience.“ Sama, 2.

Heimildaskrá

- [Án titils]. *Framsókn*, maí 1898: 20.
- [Án titils]. *Freyja*, október 1899: 6.
- [Án titils]. *Ísafold*, 19. september 1874: 1.
- [Án titils]. *Kvennablaðið*, október 1895: 79.
- [Án titils]. *Þjóðólfrur*, 22. desember 1883: 144.
- „Almenningi lærist að velja úr bókaflóðinu“. *Tíminn*, 22. desember 1948: 1.
- [Auglýsing]. *Fréttablaðið*, 3. desember 2001: 3.
- [Auglýsing]. *Helgarpósturinn*, 21. desember 1995: 17.
- [Auglýsing]. *Ísafold*, 19. desember 1883: 126.
- [Auglýsing]. *Ísafold*, 18. desember 1887: 232.
- [Auglýsing]. *Morgunblaðið*, 19. desember 1917: 1.
- [Auglýsing]. *Morgunblaðið*, 23. desember 1941: 6.
- [Auglýsing]. *Pressan*, 11. nóvember 1993: 11.
- [Auglýsing]. *Pressan*, 22. desember 1993: 28.
- [Auglýsing]. *Pressan*, 26. ágúst 1993: 13.
- „Auglýsing“. *Skírnir*, 1829: 121.
- „Auglýsing“. *Skírnir*, 1829: 122-124.
- [Auglýsing]. *Skírnir*, 1836: 107.
- [Auglýsing]. *Skutull*, 18. desember 1937: 4
- „Á Hofmannafliót“. Ritdómur um *Systurnar frá Grænadal* eftir Maríu Jóhannsdóttur. *Breiðablik*, desember, 1908: 108.
- „Á víðavangi“. *Tíminn*, 25. apríl 1968: 5.
- Árbók Háskóla Íslands*, 1973-1976.
- „Ársrit hins íslenska kvennfjelags“. *Framsókn*, mars 1897: 9-10.
- „Ársrit kvennfjelagsins“. *Framsókn*, apríl 1896: 16.
- „Ávarp“. *Fjölnir*, 1834: 1-17.
- „Barnablaðið „Æskan““. *Framsókn*, febrúar 1898: 6.
- „Blöð og bækur“. Ritdómur um *Þorradægur* eftir Jón Trausta. *Dvöl*, maí 1912: 21-22.
- „Bók send Dvöl“. Ritdómur um *Eið Helenar Harlow* eftir Lois Waisbrooker í þýðingu Margrjetar J. Benedicsson. *Dvöl*, júlí 1905: 27.
- „Bók send Dvöl“. Ritdómur um *Alfred Dreyfus* eftir Viktor von Falk í þýðingu Hallgríms Jónssonar og Sigurðs Jónssonar. *Dvöl*, desember 1905: 47.
- „Bók send Dvöl“. Ritdómur um *Sögur frá Alhambra* eftir Washington Irving í þýðingu Benedikts Gröndals og Steingrims Thorsteinssonar. *Dvöl*, ágúst 1906: 31-32.
- „Bóka-fregn“. Ritdómur um *Om Islands Folkemængde og oeconomiske Tilstand siden Aarene 1801 og 1821 til Udgangen af Aaret 1833* eftir Bjarna Thorsteinson. *Fjölnir*, 1835: 95-96.
- „Bókaflóð“. *Lögberg*, 2. nóvember 1933: 4.
- „Bókafregn“. *Fjölnir*, 1844: 71-104.
- „Bókafregn“. *Fjölnir*, 1843: 59-74.
- „Bókafregn“. Ritdómur um *Valið* eftir Snæ Snæland. *Freyja*, desember 1898: 5.
- „Bókafregn“. Ritdómur um *Ljómæli* eftir Jóhann Magnús Bjarnason. *Freyja*, mars-apríl 1899: 8.
- „Bókafregn“. Ritdómur um *Melablóm* eftir Guðmund Hjaltason. *Þjóðólfrur*, 9. nóvember 1882: 104-105.
- „Bókmenntir“. *Helgafell*, 1, 1942: 40-41.
- „Bókmentir“. Ritdómur um *Brynjólf Sveinsson* eftir Torfhildi Hólm. *Skuld*, 26. september 1882: 91-92.

- „Bókmentir“. Ritdómur um *Hafblik* eftir Einar Benediktsson. *Valurinn*, 7. nóvember 1906: 50.
- „Bréf frá Baldvin Einarssyni til Bjarna amtmanns Thorsteinssonar“, Þorleifur H. Bjarnason bjó til prentunar. *Andvari*, 1914: 78-117.
- „Bækur sendar Dvöl“. Ritdómur um *Leysingu* eftir Jón Trausta. *Dvöl*, júní 1907: 23-24.
- „Bækur sendar Kvennablaðinu“. *Kvennablaðið*, júlí 1897: 54.
- „Djarfasta verðlaunaveiting, sem fram hefur farið á Íslandi“. *Vísir*, 25. janúar 1968: 16 og 10.
- „Doktorspróf og doktorskjör“. *Árbók Háskóla Íslands fyrir 1917-1918*, 1918: 31-40.
- „Drengir og stúlkur“. *Framsókn*, 5. desember 1895: 45.
- „Ef ég væri ritdómari, myndi ég hata allar bækur“. *Morgunblaðið*, 21. janúar 1969: 3.
- „Embla, ársrit kvenna. Ánægjulegur vitnisburður um ritleikni íslenzkra kvenna“. *Tíminn*, 14. febrúar 1947: 4.
- „Er bókmenntaþjóðin rugluð í ríminu?“. *Vikan*, 4. júlí, 1963: 6-11 og 42-43.
- „Formáli“. *Rit þess (konunglega) íslenska Lærdómslistafélags*, 1789: iv-xix.
- „Formáli“. *Rit þess (konunglega) íslenska Lærdómslistafélags*, 1788: iv-xxi. [Formáli]. *Ný félagsrit*, 1, 1841: iii-vi.
- „Fylgjandi bækur, útgefnar að tilhlutan ens íslenska Bókmentafélags, fást til kaups hjá Félagsins Umboðsmönnum á Íslandi og í Kaupmannahöfn“. *Skírnir*, 1832: 125-126.
- „Fyrirlestur kvennmanns um kvennfrelsi“. *Ísafold*, 4. janúar 1888: 2.
- „Gagnrýnendur um gagnrýni“. *Félagsbréf*, 4, 1964: 27.
- „Gagnrýni og verðlaunaveitingar“. *Morgunblaðið*, 3. júlí 1973: 16.
- „Garðrækt“. *Kvennablaðið*, 21. mars 1895: 9-11.
- „Gáttaður á rithöfundum landsins“ – Páll Baldvin hættir“. *Smugan*, 2012. Sótt 28. nóvember 2012 af <http://smugan.is/2012/09/gattadur-a-rithofundum-landsins-pall-baldvin-haettir/>.
- „Guðbergur Bergsson hlaut Silfurhestinn“. *Morgunblaðið*, 25. janúar 1968: 3.
- „Heildarúgáfa af verkum Davíðs Stefánssonar frá Fagraskógi“. *Útvarpstíðindi*, 4, 1952: 18.
- „Heima og erlendis, nokkur ljóðmæli“. Ritdómur um *Heima og erlendis* eftir Guðmund Magnússon. *Framsókn*, júní 1899: 22-23.
- „Hinar helztu bækur, útkomnar í Kaupmannahöfn árið 1827“. *Skírnir*, 1828: 58-71.
- „Hinar markverðustu bækur, er útkomu í Danmörku og erlendis árið 1831“. *Skírnir*, 1832: 98-126.
- „How to Spot a Fake Review on Amazon.com“. *WikiHow*. Sótt 26. maí 2014 af <http://www.wikihow.com/Spot-a-Fake-Review-on-Amazon>.
- „Hvað Eimreiðin vill“. *Eimreiðin*, 1, 1899: 97-100.
- „Íslensk skáldkona“. *Framsókn*, maí 1901: 17-18.
- „Konungsdóttir í flokki sosialista“. *Framsókn*, mars 1896: 11-12.
- „Kúgun kvenna“. *Framsókn*, desember 1900: 47.
- „Kvaran og Nordal I“. *Dagur*, 30. október 1924: 167.
- „Kvaran og Nordal II“. *Dagur*, 6. nóvember 1924: 171.
- „Meiri og betri brúarsmiður en önnur skáld á hans tíma“. *Morgunblaðið*, 16. janúar 1971: 3.
- „Mrs. Frida Sharpe“. *Heimskringla*, 13. janúar 1899: 4.
- „Nokkur orð um siðferðisástandið á Íslandi“. *Dvöl*, september 1912: 33-34.
- „Ný bók“. Ritdómur um *Quo vadis* eftir Henryk Sienkiewicz í þýðingu Þorsteins Gíslasonar *Dvöl*, september 1905: 36.
- „Nýjar bækur“. *Dvöl*, júní 1908: 24.
- „Nýjar bækur“. Ritdómur um *Et ridt gennem Island. Oplevelser* eftir Jón Sveinsson. *Dvöl*, janúar 1910: 2.
- „Nýjar bækur“. Ritdómur um *Fylgsnið* eftir Jón Trausta. *Dvöl*, mars 1911: 9-10.
- „Nýjar bækur“. Ritdómur um *Kvæði* eftir Huldu. *Dvöl*, janúar 1910: 2.

- „Nýjar bækur sendar Dvöl“. Ritdómur um *Systurnar frá Grænadal* eftir Maríu Jóhannsdóttur. *Dvöl*, febrúar 1909: 8.
- „Nýjasta blaðamenska“. *Fjallkonan*, 26. febrúar 1895: 36.
- „Næstum 400 titlar í flóðinu“. Plötu- og bókablað. *Pressan*, 19. nóvember 1992: B1.
- „Reddar sjónvarpsþáttur á Stöð 2 Lávarði heims?“. *Helgarpósturinn*, 12. desember 1995: 4.
- „Reykjavíkurbref“. *Morgunblaðið*, 16. desember 2007: 44-45.
- „Samlinger af islandske historier“. *Efterretninger om Lærde Sager i Danmark*, október-nóvember, 1756.
- „Samvizku minnar vegna segi ég nei takk“. *Tíminn*, 3. júlí 1973: 6-7.
- „Sex skáldverk fá fimm stjörnur“. *Fréttablaðið*, 17. desember 2011: 86.
- „Sex skemmtileg og lifleg blöð um bækur og plötur“. Plötu- og bókablað. *Pressan*, 5. nóvember 1992: 29.
- „Silfurhesturinn“. *Ný vikutíðindi*, 4, 1969: 8.
- „Sjálfstæði“. *Kvennablaðið*, 17. september 1902: 65-66.
- „Sjónleikar“. *Kvennablaðið*, 1902: 27-29.
- „Sjónleikar“. *Kvennablaðið*, 30. nóvember 1903: 84-85.
- „Skortur“. *Bjarmi*, 3, 1942: 3.
- „Skúli Thóroddsen, alþingismaður“. *Kvennablaðið*, 15. júní 1916: 33-34.
- „Stefna Þjóðviljans“. *Þjóðviljinn*, 30. október 1886: 1-2.
- „Tímaritið Skirnir. Nefndarálit um breyting á Skirni og Tímariti Bókmentafélagsins“. *Tímarit hins íslenska bókmentafélags*, 1904: 203-208.
- „Um silfurhest“. *Morgunblaðið*, 28. janúar 1973: 17.
- „Ungmennafélögin II“. *Fjallkonan*, 25. nóvember 1907.
- „Ungu rithöfundarnir eru hlutlausir í list sinni“. *Morgunblaðið*, 8. október 1953: 7 og 12.
- „Útan úr heimi“. *Framsókn*, 2. apríl 1895: 16.
- „Útsýn“. *Framsókn*, mars 1899: 11.
- „Við afhendingu silfurhestsins á sunnudaginn: „Skylda okkar lesenda að hafa opin augu og opinn hug““. *Tíminn*, 29. janúar 1974: 7.
- „Víkverji skrifar“. *Morgunblaðið*, 2. desember 1947: 6.
- „Þankabrot Jóns í Grófinni“. *Íslendingur*, 15. desember 1944: 5.
- „Þáttur um stafsetning. 2. Svar til Árna-bjarnar“. *Fjölur*, 1837: 5-18.
- „Þáttur um stafsetning“. *Fjölur*, 1836: 3-37.
- „Þjóðaratkvæði um Silfurhestinn?!“. *Morgunblaðið*, 11. janúar 1974: 18.
- abc. Ritdómur um „Hvorn eiðinn á jeg að tjúfa?“ eftir Einar Hjörleifsson Kvaran, *Norðanfari*, 22. febrúar 1881: 34.
- A. B. D.: „Málvarnarfjelag“. *Fréttir*, 24. nóvember 1915: 222.
- A. Sigm.: „Bækur“. Ritdómur um *Laufvindar blása* eftir Margræti Jónsdóttur. *Tíminn*, 19. desember 1940: 207.
- Addison, Joseph: „Addisons hugvekjur um fyrstu bókina“. *Rit þess (konunglega) íslenska Lærdómslistafélags*, 1792: 280-284.
- Addison, Joseph: „Addisons hugvekjur um aðra bókina“. *Rit þess (konunglega) íslenska Lærdómslistafélags*, 1793: 311-316.
- Addison, Joseph: „Addisons hugvekjur um þriðju bókina“. *Rit þess (konunglega) íslenska Lærdómslistafélags*, 1794: 271-274.
- Aðalbjörg Benediktsdóttir: „Erindi flutt á 30 ára afmæli kvenfjel. Húsavíkur 13. febr. 1925“. *Hlín*, 1927: 96-109.
- Aðalbjörg Sigurðardóttir: „Arfur, ný skáldsaga eftir Ragnheiði Jónsdóttur“. Ritdómur um *Arf* eftir Ragnheiði Jónsdóttur. *Alþýðublaðið*, 18. október 1941: 3.
- Aðalbjörg Sigurðardóttir: „Gerska æfintýrið“. Ritdómur um *Gerska æfintýrið* eftir Halldór Laxness *Réttur*, 1938: 211-216.

- Aðalgeir Kristjánsson: „Þorgeir í lundinum góða“. *Ritmennt*, 4, 1999: 33-56.
- Alexander Jóhannesson: „Um málalaglist nútímans“. *Eimreiðin*, 1, 1922: 14-24.
- Alexander Jóhannesson: „Um skáldskap Hannesar Hafsteins. Fyrirlestur“. *Óðinn*, febrúar 1917: 81-86.
- Althusser, Louis: „Hugmyndafræði og hugmyndafræðileg stjórntæki ríkisins“. Þýð. Egill Arnarson. Af *Marxisma*. Birtist fyrst í La Pensée 1970. Ritstj. Magnús Þór Snæbjörnsson og Viðar Þorsteinsson. Afbók. Reykjavík: Nýhil. 2009: 175-228.
- Andrés Björnsson: „Tveir ritdómar“. Ritdómur um *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi* eftir Kristján Eldjárn. *Félagsbréf*, 5, 1957: 109-119.
- Andrés Kristjánsson: „Álitamál“. *Félagsbréf*, 4, 1964: 34-36.
- Aristóteles: *The "Art" of Rhetoric*. Þýð. John Henry Freese. London og Cambridge: William Heineman og Harvard University Press. 1939.
- Aristóteles: *Um skáldskaparlistina*. Þýð. Kristján Árnason. Lærdómsrit bókmenntafélagsins. Ritstj. Þorsteinn Gylfason. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag. 1976.
- Arnold, Matthew: *Culture and Anarchy. An Essay in Political and Social Criticism*. Ritstj. Ian Gregor. Indianapolis og New York: Bobbs-Merrill Company. 1971.
- Arnold, Matthew: „The Function of Criticism at the Present Time“. *Essays by Matthew Arnold*. London: Oxford University Press. 1936: 9-36.
- Arnold, Matthew: *On Translating Homer. Last Words: A Lecture Given at Oxford*. London: Smith, Elder & co. 1896.
- Arnold, Matthew: „The Study of Poetry“. *The Norton Anthology of English Literature II*. New York: Norton. 1962.
- Arnór Hannibalsson: „Kant“, Fyrirlestrar við Háskóla Íslands. *Þættir um fagurfræði*, Haustmisseri 1999. Sótt 7. desember 2009 af <http://www3.hi.is/~arnorh/fagurfr/IV.htm>.
- Auður Aðalsteinsdóttir, „Á rétttri hillu. Fyrstu íslensku blaðakonurnar“, *Spássían*, vor 2011: 28-34.
- Auður Aðalsteinsdóttir: „Jeg held það enga skepnu skilja, hvað skáldsins sál er djúp og há.“ *Viðtökur á ljóðum Ólafar frá Hlöðum*. MA-ritgerð í bókmenntafræði. Háskóli Íslands, 1999.
- Auður Aðalsteinsdóttir: „Karnival bókanna“, viðtal við Úlfhildi Dagsdóttur. *Spássían*, haust, 2010.
- Auður Aðalsteinsdóttir: „Listin er andstæða hátíðleikans“, viðtal við Jón Kalman Stefánsson. *Spássían*, haust, 2011: 19-23.
- Austen, Jane: „From *Northanger Abbey* (1818)“. *Women Critics 1660-1820. An Anthology*. Ritstj. Virginia Walcott Beauchamp, et al. Bloomington og Indianapolis: Indiana University Press. 1995: 385-388.
- Ágúst H: Bjarnason, Einar Hjörleifsson og Jón Ólafsson. *Boðsbréf*, 1915: 1-2.
- Ágúst H. Bjarnason: „Ritsjá“. Ritdómur um *Snæljós* eftir Jakob Thorarensen. *Iðunn*, 1, 1915: 88-93.
- Árni Bergmann: *Eitt á ég samt. Endurminningar*. Reykjavík: Mál og menning. 2015.
- Árni Bergmann: „Lengi er von á einum“. *Þjóðviljinn*, 21. febrúar 1970: 5.
- Árni Bergmann: „Okkur vantar textaútgáfur, íslenska bókmenntasögu og félagsfræðilegar rannsóknir“, viðtal við Svein Skorra Höskuldsson. *Þjóðviljinn*, 31. júlí 1971: 5.
- Árni Helgason og Bjarni Þorsteinsson. *Íslensk sagnablöð*. 1817.
- Árni Pálsson: „Menntamál Sovjet-Rússlands“. *Skírnir*, 1928: 186-209.
- Árni Pálsson: „Ritfregni“. Ritdómur um *Svartar fjaðrir* eftir Davíð Stefánsson. *Skírnir*, 3, 1920: 215-218.
- Árni Pálsson: „Um bylting Bolsjevíka. Alræðisvald öreiganna og takmark þeirra“. *Vaka*, 1, 1928: 54-86.

- Árni Sigurjónsson: *Bókmenntakenningar fyrri alda*. Reykjavík: Heimskringla. 1991.
- Árni Sigurjónsson: „Ég reyni fyrst og fremst að vera húmoristi.“ Árni Sigurjónsson ræðir við Þórarín Eldjárn“. *Tímarit Máls og menningar*, 2, 1991: 34-46.
- Ásdís Sigmundsdóttir. gagnrýni um *Nötur gömlu nútíðarinnar* eftir Þórdísi Björnsdóttur. *Víðsjá*. RÚV. 29. mars 2012.
- Ásgeir Hjartarson: „Utangarðsmenn“. *Félagstíðindi*, 4, 1964: 27-30.
- Ástráður Eysteinnsson: „Á tali. Til varnar málefnalegri gagnrýni“. *Tímarit Máls og menningar*, 3, 1989: 267-282.
- Ástráður Eysteinnsson: „Baráttan um raunsæið“. *Umbrot*. Reykjavík: Háskólaútgáfan. 1999: 30-55.
- Ástráður Eysteinnsson: „Bókmenntagagnrýni dagblaðanna“. *Tímarit Máls og menningar*, 4, 1982: 431-456.
- Ástráður Eysteinnsson: „Er Kafka framúrstefnumaður? Um möðernisma og framúrstefnu“. *Ritið*, 1, 2006: 23-49.
- Ástráður Eysteinnsson: „Frásagnarkreppur möðernismans. Tilraun um bókmenntir og fuglaskoðendur“. *Ritið*, 2, 2013: 7-39.
- Ástráður Eysteinnsson: „Fyrsta nútímaskáldsagan og möðernisminn“. *Umbrot*. Reykjavík: Háskólaútgáfan. 1999: 56-91.
- Ástráður Eysteinnsson: „Halldór Laxness og aðrir höfundar. Skáldsagan og bókmenntasagan“. *Umbrot. Bókmenntir og nútími*. Reykjavík: Háskólaútgáfan. 1999: 13-29.
- Ástráður Eysteinnsson: „Hefur maður ást á skáldskap? Vangaveltur um konuna í textanum“. *Umbrot*. Reykjavík: Háskólaútgáfan. 1999: 453-459.
- Ástráður Eysteinnsson: „Launasjóður og listsköpun“. *Lesbók Morgunblaðsins*, 5. mars 2005: 4-5.
- Ástráður Eysteinnsson: *Tvímaeli. Þýðingar og bókmenntir*. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun og Háskólaútgáfan. 1996.
- B.: „Bókmentir“. Ritdómur um *Systurnar frá Grænadal* eftir Maríu Jóhannsdóttur. *Norðri*, 1. apríl 1909: 51.
- Bakhtin, Mikhail: *Rabelais and his world*. Þýð. Helene Iswolsky. Bloomington: Indiana University Press. 1984.
- Baldur Jónsson: „Nokkrar ævisögur ársins 1956“. *Félagsbréf*, 5, 1957: 97-108.
- Baronian, Marie-Aude og Mireille Rosello: „Jacques Rancière and Indisciplinarity“, viðtal við Jaques Ranciere, þýð. Gregory Elliott. *Art and Research*, sumar 2008. Sótt 5. júní 2014 af <http://www.artandresearch.org.uk/v2n1/jrinterview.html>.
- Barthes, Roland: „Dauði höfundarinn“. Þýð. Kristín Birgisdóttir og Kristín Viðarsdóttir. *Spor í bókmenntafræði 20. aldar. Frá Shklovskíj til Foucault*. Ritstj. Garðar Baldvinsson, Kristín Birgisdóttir og Kristín Viðarsdóttir. Reykjavík: Bókmenntastofnun Háskóla Íslands. 1991.
- Beardsworth, Sara: *Julia Kristeva: Psychoanalysis and Modernity*. Albany: State University of New York Press. 2004.
- Beauchamp, Virginia Walcott, Matthew Bray, Susan Green, Susan Sniader Lanser, Katherine Larsen, Judith Pascoe, Katharine M. Rogers, Ruth Salvaggio, Amy Cohen Simowitz og Tara Ghoshal Wallace: „Introduction“. *Women Critics 1660-1820. An Anthology*. Ritstj. Virginia Walcott Beauchamp, et al. Bloomington og Indianapolis: Indiana University Press. 1995: xiii-xxv.
- Behn, Aphra: „Preface to The Lucky Chance“. *Women Critics 1660-1820. An Anthology*. Ritstj. Virginia Walcott Beauchamp, et al. Bloomington og Indianapolis: Indiana University Press. 1995: 21-25.
- Benedikt Gröndal: „Athugasemd um dóm Ragnarökkrs (í Baldri 4. Júní)“. *Þjóðólfur*, 2. september 1868: 161-162.

- Benedikt Gröndal: „Musteri mannorðsins. Formáli þýðandans“. *Rit þess (konunglega) íslenska Lærdómslistafélags*, 1789: 285-287.
- Benedikt Hjartarson: „Af úrkynjun, brautryðjendum, vanskapnaði, vitum og sjáendum. Um upphaf framúrstefnu á Íslandi.“. *Ritið*, 1, 2006: 79-120.
- Benjamin, Walter: „The Concept of Criticism“. Þýð. David Lachterman, Howard Eiland og Ian Balfour. *Selected Writings 1913-1926 I*. Ritstj. Marcus Bullock og Michael W. Jennings. Cambridge og London: The Belknap Press of Harvard University Press. 1996: 116-200.
- Benjamin, Walter: „Höfundurinn sem framleiðandi“. Þýð. Árni Óskarsson. *Fagurfræði og miðlun*. Ritstj. Ástráður Eysteinnsson. Reykjavík: Háskólaútgáfan og Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands. 2008: 391-414.
- Benjamin, Walter: „Íhugunarmiðillinn og listin — listin sem íhugunarmiðill“. Þýð. Magnús Diðrik Baldursson. *Fagurfræði og miðlun*. Ritstj. Ástráður Eysteinnsson. Reykjavík: Háskólaútgáfan og Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands. 2008: 174-182.
- Benjamin, Walter: „Svæði til leigu“. Þýð. Benedikt Hjartarson. *Fagurfræði og miðlun. Úrval greina og bókakafla*. Ritstj. Ástráður Eysteinnsson. Reykjavík: Háskólaútgáfan, Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands. 2008: 340-341.
- Benson, Rodney og Erik Neveu: „Introduction. Field Theory as a Work in Progress“. *Bourdieu and the Journalistic Field*. Cambridge: Polity Press. 2005: 1-25.
- Berglind Gunnarsdóttir: „Er ljóðið glataður tími? Til varnar skáldskapnum“. *Tímarit Máls og menningar*, 3, 1987: 268-273.
- Bjarki Valtýsson: *Íslensk menningarpólitík*. Reykjavík: Nýhil. 2011.
- Bjarni Benediktsson: „Ávarpsorð“. *Félagsbréf*, 1, 1955: 2.
- Björg C. Þorláksson: „Ritsjá“. Ritdómur um *Hug og heim* eftir Guðmund Finnbogason. *Eimreiðin*, 3, 1913: 217-220.
- Björg C. Þorláksson: „Ritsjá“. Ritdómur um *Sögu hugsunar minnar* eftir Brynjúlf Jónsson. *Eimreiðin*, 3, 1914: 224-226.
- Björg C. Þorláksson: „Ritsjá“. Ritdómur um *Drauma* eftir Hermann Jónasson. *Eimreiðin*, 2, 1914: 147-148.
- [Björg Einarsdóttir]: „Blaða- og tímaritaútgáfa íslenskra kvenna (Útvarperindi nokkuð stytt)“. *19. júní*, 1954: 23-25.
- Björg Einarsdóttir: „Blaðaútgefendur á öldinni sem leið“. *Úr ævi og starfi íslenskra kvenna II. Erindi flutt í Ríkisútvarpið 1984-1985*. Reykjavík: Bókrún. 1986: 206-223.
- Björg Einarsdóttir: „Skáldið í hópnum“. *Úr ævi og starfi íslenskra kvenna. Erindi flutt í Ríkisútvarpinu 1984-1985 II*. Reykjavík: Bókrún. 1986: 39-61.
- Björn Þorláksson: *Mannorðsmorðingjar? Faglegar og persónulegar pælingar um stöðu fjölmiðlunar á Íslandi*. Reykjavík: Salka. 2015.
- Bogi Th. Melsteð: „Bókafregn“. Ritdómur um *Den oldnorske og oldislandske litteraturs historie* eftir Finn Jónsson *Eimreiðin*, 2, 1896: 151-153.
- Bogi Th. Melsteð: „Kvennasýningin í Khöfn 1895“. *Eimreiðin*, 1, 1895: 56-63.
- Boileau, Nicolas: „Discours sur le Dialogue suivant“. *Œuvres de Boileau*. Ritstj. Georges Mongrédien. Paris: Garnier Frères. 1961: 283-286.
- Boileau, Nicolas: „Préface VI“. *Œuvres de Boileau*. Ritstj. Georges Mongrédien. Paris: Garnier Frères. 1961.
- Bourdieu, Pierre: „Aðgreining. Félagsleg gagnrýni smekkvísinnar“. Þýð. Gunnar Harðarson. *Almenningsálitid er ekki til*. Ritstj. Davíð Kristinsson. Atvik 11. Reykjavík: Omdúrman og ReykjavíkurAkadémían. 2007: 33-43.
- Bourdieu, Pierre: „Áhrifavald fjölmiðla“. Þýð. Egill Arnarson. *Almenningsálitid er ekki til*. Ritstj. Davíð Kristinsson. Atvik 11. Reykjavík: Omdúrman og ReykjavíkurAkadémían. 2007: 83-95.

- Bourdieu, Pierre: „The Field of Cultural Production, or: The economic world reversed“. Þýð. Richard Nice. *Poetics*, 12, 1983: 311-356.
- Bourdieu, Pierre: „The forms of capital“. Þýð. Richard Nice. *Handbook of Theory and Research for the Sociology of Education*. Ritstj. J. Richardson. New York: Greenwood. 1986: 241-258. Sótt 21. september 2013 af <http://www.marxists.org/reference/subject/philosophy/works/fr/bourdieu-forms-capital.htm>.
- Bourdieu, Pierre: „Le champ littéraire“. *Actes de la recherché en sciences sociales*, september, 1991: 3-46.
- Bourdieu, Pierre: „Le champ littéraire: Préalables critiques et principes de méthode“. *Lendemain*, 36, 1984: 5-20.
- Bourdieu, Pierre: „Myndbreyting smekksins“. Þýð. Egill Arnarson. *Almenningsálitid er ekki til*. Ritstj. Davíð Kristinsson. Atvik 11. Reykjavík: Omdúrman og ReykjavíkúAkademían. 2007: 45-59.
- Bourdieu, Pierre: „The Political Field, the Social Science Field, and the Journalistic Field“. Þýð. Richard Nice. *Bourdieu and the Journalistic Field*. Útdráttur úr fyrirlestri sem haldinn var í Lyons í Frakklandi 14. nóvember 1995. Ritstj. Rodney Benson og Erik Neveu. Cambridge og Malden: Polity Press. 2005: 29-47.
- Bourdieu, Pierre: „The production of belief: Contribution to an economy of symbolic goods“. *Media, Culture and Society*, 2, 1980: 261-293.
- Bowman, Paul og Richard Stamp: „Against an ebbing tide“, viðtal við Jacques Rancière. *Reading Rancière: Critical Dissensus*. Ritstj. Paul Bowman og Richard Stamp. London: Continuum. 2011. Sótt 12. janúar 2015 af http://www.academia.edu/1115969/Ranciere_Interview.
- Brandes, Georg: „K.M. Rahbek“. *Kritiker og Portraiter*. Kaupmannahöfn: Den Gyldendalske Boghandel. 1870: 433-482.
- Brenson, Michael: „Resisting the Dangerous Journey“. *The Crisis of Criticism*. Ritstj. Maurice Berger. New York: The New Press. 1998: 100-131.
- Briet Bjarnhéðinsdóttir: „Bækur I“. *Kvennablaðið*, 31. maí 1912: 27-29.
- Briet Bjarnhéðinsdóttir: „Bækur II“. *Kvennablaðið*, 20. júní 1912: 36-38.
- Briet Bjarnhéðinsdóttir: „Háttvirtu kaupendur!“ *Kvennablaðið*, 21. febrúar 1895: 1.
- Briet Bjarnhéðinsdóttir: „Til kaupenda“. *Kvennablaðið*, janúar 1896: 1.
- Briet Héðinsdóttir: *Strá í hreiðrið. Bók um Brieti Bjarnhéðinsdóttur byggð á bréfum hennar*. Reykjavík: Svart á hvítu. 1988.
- Brynjólfur Pétursson, Jónas Hallgrímsson, Konráð Gíslason og Tómas Sæmundsson: „Ávarp“. *Fjölur*, 1, 1835: 1-17.
- Bürger, Peter: „Sjálfstæði listarinnar og vandi þess innan borgaralegs samfélags“. *Ritið*, 1, 2006: 227-250.
- Busk-Jensen, Lise: *Romantikkens forfatterinder I*. Kaupmannahöfn: Gyldendal. 2009.
- Casanova, Pascale: *The World Republic of Letters*. Þýð. M. B. DeBevoise. Cambridge og London: Harvard University Press. 2004.
- Chr. Christiansson: „Hinar helztu bækur útkomnar í Kaupmannahöfn, árið 1832“. *Skírnir*, 1833: 78-88.
- Clark, A.F.B.: *Boileau and the French Classical Critics in England (1660-1830)*. Genf: Slatkine Reprints. 1978.
- Clitau, Thomas Christensen. Ritdómur um *Et lidet Orthografisk Lexikon* eftir Niels von Haven. *Nye Tidender om lærde og curieuse Sager*, 13. október 1741.
- Clitau, Thomas Christensen. *Nye Tidender om lærde og curieuse Sager*, 27. október, 1741.
- Cohen, Ralph: „David Hume's Experimental Method and the Theory of Taste“. *ELH*, 25, 1958: 270-289.

- Cohn, Jesse: „What is Anarchist Literary Theory?“. Sótt 26. maí 2014 af http://www.academia.edu/235148/What_Is_Anarchist_Literary_Theory.
- Conrad, Flemming: *Smagen og det nationale. Studier i dansk litteraturhistorieskrivning 1800-1861*. Kaupmannahöfn: Museum Tusulanums Forlag, 1996.
- Cooper, Elizabeth: „Preface to *The Muses Library*“. *Women Critics 1660-1820. An Anthology*. 1737. Ritstj. Virginia Walcott Beauchamp, et al. Bloomington og Indianapolis: Indiana University Press. 1995: 73-79.
- Croteau, David, William Hoynes og Stefania Milan: *Media/Society. Industries, Images, and Audiences*. Los Angeles, London, Nýja Delhí, Singapúr, Washington DC: Sage. 2012.
- d'Argonne, Noël Bonaventure: *Mélanges d'histoire et de littérature, recueillis par M. DeVigneul-Marville. Nouvelle Edition, revûe, corrigée, & augmentée II*. París: Claude Prudhomme. 1713.
- D'Israeli, Isaac: „Literary Journals“. *Curiosities of Literature*. London og New York: George Routledge and sons. 1867: 4-6.
- Dagný Kristjánsdóttir: „Árin eftir seinna stríð“, *Íslensk bókmenntasaga IV*, ritstj. Guðmundur Andri Thorsson, Reykjavík: Mál og menning, 2006, 419-661.
- Dagný Kristjánsdóttir: „Ástin og Guð. Um nokkur ljóð Jónasar Hallgrímssonar. Seinni hluti.“. *Tímarit Máls og menningar*, 3, 1989: 341-360.
- Dagný Kristjánsdóttir: „Blixness“. *Undirstraumur. Greinar og fyrirlestrar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan. 1999: 124-136.
- Dagný Kristjánsdóttir: *Bókabörn. Íslenskar barnabókmenntir verða til*. Reykjavík: Háskólaútgáfan. 2015.
- Dagný Kristjánsdóttir: „Hvað er í kjallaranum?“. Ritdómur um *Fólkið í kjallaranum* eftir Auði Jónsdóttur. *TMM*, 4, 2005: 100-103.
- Dagný Kristjánsdóttir: „Saga systur minnar: Svava Jakobsdóttir“. *Íslensk bókmenntasaga V*. Ritstj. Guðmundur Andri Thorsson. Reykjavík: Mál og menning, 2006: 507-518.
- Dagný Kristjánsdóttir: „Sár Solveigar. Um *Hvarf séra Odds frá Miklabæ* eftir Einar Benediktsson“. *Undirstraumur. Greinar og fyrirlestrar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan. 1999: 77-85.
- Dagný Kristjánsdóttir: „Skáldið eina! Um nokkur ljóð Jónasar Hallgrímssonar. Fyrri hluti“. *Tímarit Máls og menningar*, 2, 1989: 172-187.
- Dahlerup, Pil: *Det moderne gennembruds kvinder*. Kaupmannahöfn: Gyldendal. 1983.
- Davíð Kristinsson: „Inngangur“. Í: Pierre Bourdieu. *Almenningsálitíð er ekki til*. Ritstj. Davíð Kristinsson. Atvik 11. Reykjavík: Omdúrman, ReykjavíkurAkademían. 2007: 7-31.
- Davíð Stefánsson: „Kynni mín af séra Matthíasi“. *Lögberg-Heimskringla*, 15. september 1966: 4-5.
- Davíð Stefánsson: „Kynni mín af séra Matthíasi. Niðurlag“. *Lögberg-Heimskringla*, 22. september 1966: 4-5.
- Dickstein, Morris: *Double Agent. The Critic and Society*. New York og Oxford: Oxford University Press. 1992.
- Douglas, Mary: „Preface to the Routledge Classics Edition“. *Purity and Danger*. London og New York: Routledge. 2002: x-xxi.
- Douglas, Mary: *Purity and Danger. An Analysis of Concepts of Pollution and Taboo*. New York og Washington: Frederick A. Praeger. 1966.
- Drífa Viðar: „Umsagnir um bækur“. Ritdómur um *Lfið og ég* eftir Eggert Stefánsson. *Tímarit Máls og menningar*, 1954: 105-106.
- Drífa Viðar: „Umsagnir um bækur“. Ritdómur um *Handan um höf* eftir Helga Hálfðanarson. *Tímarit Máls og menningar*, 1954: 106-108.
- Drífa Viðar: „Umsagnir um bækur“. Ritdómur um *Skrifað í vindinn* eftir Jón Óskar. *Tímarit Máls og menningar*, 1954: 103-104.

- Drífa Viðar: „Þröskuldur hússins er þjöl. Ljóð eftir Arnfríði Jónatansdóttur“. Ritdómur um *Þröskuldur hússins er þjöl* eftir Arnfríði Jónatansdóttur. *Melkorka*, 1, 1959: 13-14.
- Eagleton, Terry: *The Function of Criticism. From the Spectator to Post-Structuralism*. London. 1984.
- Eggert Þór Bernharðsson: „Bókaþjóð í jólaflóði“. *Bókaþjóð í borg*. Cand. mag.-ritgerð í sagnfræði. Reykjavík: Háskóli Íslands. 1992. Sótt 18. apríl 2013 af <https://notendur.hi.is/~eggthor/bokathjodbaekurI.htm>.
- Einar Benediktsson: „Valtýskan og Þ.G.“. *Dagskrá*, 7. september 1897: 221-222.
- Einar Bragi Sigurðsson: „Krotað í sand“. Ritdómur um *Krotað í sand* eftir Sigurð A. Magnússon. *Birtingur*, 3-4, 1958: 65-66.
- Einar Bragi Sigurðsson: „Fylgt úr hlaði“. *Birtingur*, 1, 1953: 3.
- Einar Bragi Sigurðsson, Geir Kristjánsson, Hannes Sigfússon, Hörður Ágústsson, Jón Óskar og Thor Vilhjálmsson: „Ávarp“. *Birtingur*, 1, 1955: 1-2.
- Einar H. Kvaran. Ritdómur um *Hafblik* eftir Einar Benediktsson. *Fjallkonan*, 31. október 1906: 217-218.
- Einar H. Kvaran: „Foksandur Sigurðar Nordals prófessors“. *Skiptar skoðanir. Ritdeila Sigurðar Nordals og Einars H. Kvarans*. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs. 1960: 123-138.
- Einar H. Kvaran: „Kristur eða Þór“. *Skiptar skoðanir. Ritdeila Sigurðar Nordals og Einars H. Kvarans*. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs. 1960: 33-55.
- Einar H. Kvaran: „Öfl og ábyrgð“. *Skiptar skoðanir. Ritdeila Sigurðar Nordals og Einars H. Kvarans*. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs. 1960: 111-122.
- Einar Már Guðmundsson: „Tossabandalagið“. *Tímarit Máls og menningar*, 1, 1988: 3-7.
- Einar Olgeirsson: „Erlendir menningarstraumar og Íslendingar“. *Réttur*, 1-2, 1926: 9-24.
- Einar Ólafsson: „Fátt af einum“. Ritdómur um *Fátt af einum* eftir Geirlaug Magnússon. *Tímarit Máls og menningar*, 2, 1987: 248-255.
- Einar Sigurðsson: „Formáli I“. *Skrá um efni í Skírni – Tímariti Hins íslenska bókmenntafélags 1967-2001*.
- Einar Örn Benediktsson: „Útvarp allra landsmanna“. *Tímarit Máls og menningar*, 1, 1987: 23-34.
- Eiríkur Hreinn Finnbogason: „Bækur“. Ritdómur um *Undarlega fiska* eftir Jóhann Hjálmarsson. *Félagsbréf*, 10, 1958.
- Eiríkur Guðmundsson. *Gefðu mér veröldina aftur. Um sjálfsævisöguleg skrif Íslendinga á átjándu og nítjándu öld með hliðsjón af hugmyndum Michels Foucault*. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands. 1998.
- Eiríkur Örn Norðdahl: „Að gera Ísland einfaldara“. Ritdómur um *Lýðveldið Ísland* eftir Sindra Freysson og um *Gengismun* eftir Jón Örn Loðmfjörð. *Spássían*, haust, 2010: 36-37.
- Empson, William: *Seven Types of Ambiguity*. London: Chatto and Windus. 1956
- Erla Hulda Halldórsdóttir: „Fræðslu- og menntaviðleitni kvenfélaga“. *Alþýðumening á Íslandi 1830-1930. Ritað mál, menntun og félagshreyfingar*. Ritstj. Ingi Sigurðsson og Loftur Guttormsson. Reykjavík: Háskólaútgáfan. 2003: 269-290.
- Erla Hulda Halldórsdóttir: *Nútmans konur. Menntun kvenna og mótn kyngervis á Íslandi 1850-1903*. Reykjavík: Sagnfræðistofnun, RIKK og Háskólaútgáfan. 2011.
- Erlendur Jónsson: *Gullöldin. Menn og skuggar í Morgunblaðshöll*. 2014: Lestu.is. 2007.
- Erlendur Jónsson: „Listin og lífstrúin. Horft yfir hálfra aldar ritferil Óskars Aðalsteins“. *Morgunblaðið*, 29. apríl 1989: 16-17.
- Ernir Snorrason: „Marshall McLuhan eða Goðsagan endurvakin“. *Samvinman*, 4, 1970: 42-43.
- Eyjólfur Konráð Jónsson: „Almenna bókafélagið, skipulag og störf“. *Félagsbréf*, 1, 1955: 28-30.

- Eyjólfur Konráð Jónsson: „Félagið Frjáls menning“. *Félagsbréf*, 4, 1957: 4-7.
- Eyjólfur Konráð Jónsson: „Fyrsta ár Bókafélagsins“. *Félagsbréf*, 2, 1955: 28-29.
- Eysteinn Sigurðsson: „Kjarnmikið fræðirit“. Ritdómur um *Bókmenntafræði handa framhaldsskólum* eftir Véstein Ólason. *Tíminn*, 15. janúar 1986: 11.
- Eysteinn Sigurðsson: „Stefnur í bókmenntakönnun“. *Samvinnan*, 4, 1968: 38-41.
- Eysteinn Þorvaldsson: *Atómskáldin. Aðdragandi og upphaf módernisma í íslenskri ljóðagerð*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag. 1980.
- Finnur Jónsson: „Bókmentir (Niðurlag)“. Ritdómur um *Nokkur ljóðmæli* eftir Guðbjörgu Árnadóttur og *Ljóðmæli* eftir Sigvalda Jónsson. *Skuld*, 6. mars 1882: 18.
- [Finnur Magnússon]. *Íslensk sagnablöð*, 1818.
- [Finnur Magnússon]. *Íslensk sagnablöð*, 1820.
- [Finnur Magnússon]. *Íslensk sagnablöð*, 1821.
- [Finnur Magnússon]. *Íslensk sagnablöð*, 1822.
- [Finnur Magnússon]. *Íslensk sagnablöð*, 1823.
- [Finnur Magnússon]. *Íslensk sagnablöð*, 1824.
- [Finnur Magnússon]. *Íslensk sagnablöð*, 1825.
- Fluck, Winfried: „Resistance! Cultural Studies and the Question of Cultural Change“. *Yearbook of Research in English and American Literature*, 20, 2005: 11-26.
- Foucault, Michel: „Alsæishyggi“. Þýð. Björn Þorsteinsson. *Alsæi, vald og þekking*. Ritstj. Garðar Baldvinsson. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands. 2005: 129-169.
- Foucault, Michel: „Hvað er höfundur?“. Þýð. Garðar Baldvinsson. *Alsæi, vald og þekking*. Ritstj. Garðar Baldvinsson. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands. 2005: 69-94.
- Foucault, Michel: „Likami hinna dæmdu“. Þýð. Björn Þorsteinsson. *Alsæi, vald og þekking*. Ritstj. Garðar Baldvinsson. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands. 2005: 95-128.
- Friðrik Erlingsson: „Vitleysingarnir á Vesalingunum“. *Vísir*, 8. mars 2012. Sótt 18. maí 2012 af <http://www.visir.is/vitleysingarnir-a-vesalingunum/article/2012120309027>.
- Friðrika Benónýsdóttir: „Einmana skautadrottning með rithöfundardraum“, viðtal við Jóhönnu Kristjónsdóttur. *Vísir*, 25. október 2014. Sótt 16. febrúar 2015 af <http://www.visir.is/einmana-skautadrottning-med-rithofundardraum/article/2014710259989>.
- Frye, Northrop: „Polemical introduction“. *Anatomy of Criticism. Four essays*. Princeton: Princeton University Press. 1973: 3-29.
- Fumaroli, Marc: „The Republic of Letters“. *Diogenes*, 36, 1988: 129-152.
- G., [Aðsend grein]. *Framsókn*, ágúst 1898: 32.
- Garðar Baldvinsson: „Alsætt líkamsvald. Um Michel Foucault“. Í: Michel Foucault. *Alsæi, vald og þekking. Úrval greina og bókakafla*. Ritstj. Garðar Baldvinsson. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands. 2005: 13-50.
- Garnham, Nicholas: „Fjölmíðlarnir og „almenningur““, þýð. Stefán Jón Hafstein. *Tímarit Máls og menningar*, 1, 1987: 44-53.
- Genette, Gerard: *Paratexts. Thresholds of Interpretation*. Þýð. Jane E. Lewin. Cambridge og New York: Cambridge University Press. 1997.
- Genlis, Stéphanie-Félicité Ducrest Comtesse de: „Preliminary Reflections to The Influence of Women on French Literature“. Þýð. Matthew Bray and Amy Simowitz. *Women Critics 1660-1820. An Anthology*. Ritstj. Virginia Walcott Beauchamp, et al. Bloomington og Indianapolis: Indiana University Press. 1995: 208-211.
- Gestur Guðmundsson: *Félagsfræði menntunar. Kenningar, hugtök, rannsóknir og sögulegt samhengi*. Reykjavík: Skrudda. 2008: 71-76.

- Gestur Guðmundsson: „Skiptir dægurtónlist máli? Menningarfræðileg greining á íslenski poppgagnrýni 1967-1992“. *Skírnir*, vor, 2014: 178-204.
- Gestur Pálsson: „Ritdómar“. Ritdómur um *Jökulrós* eftir Guðmund Hjaltason. *Suðri*, 8. janúar 1884: 3-4.
- Gestur Pálsson: „Ritdómar“. Ritdómur um *Jökulrós* eftir Guðmund Hjaltason. *Suðri*, 26. janúar 1884: 11.
- Gils Guðmundsson: *Í nærveru sálar. Einar Hjörleifsson Kvaran. Maðurinn og skáldið*. Reykjavík: Setberg. 1997.
- Gils Guðmundsson: *Væringinn mikli. Ævi og örlög Einars Benediktssonar*. Reykjavík: Iðunn. 1990.
- Gils Guðmundsson: *Ævintýramaður. Jón Ólafsson, ritstjóri*. Reykjavík: Vaka-Helgafell. 1987.
- Goethe, Johann Wolfgang von: „Einleitung Propyläen“. *literaturwelt.com*. Sótt 3. nóvember 2009 af <http://www.literaturwelt.com/werke/goethe/einleitungpropylaen.html>.
- Goldman, Emma: „Anarchism: What It Really Stands For“. *Anarchism and Other Essays*. New York og London: Mother Earth Publishing Association. 1911: 47-51. Sótt 24 maí 2014 af http://dwardmac.pitzer.edu/Anarchist_Archives/goldman/aando/anarchism.html.
- Gramsci, Antonio: „Menntamenn“, þýð. Steinar Örn Atlason. *Ritið*, 2-3, 2009: 141-153.
- Gramsci, Antonio: *Selections from the Prison Notebooks of Antonio Gramsci*. Þýð. og ritstj. Quintin Hoare og Geoffrey Nowell Smith. New York: International Publishers. 1971.
- Gramsci, Antonio: „Um bókmenntir og gagnrýni“, [þýð. Sigfús Daðason]. *Tímarit Máls og menningar*, 2, 1961: 135-139.
- Grethe Benediktsson: „Umsagnir um bækur“. Ritdómur um *Gengið á reka* eftir Kristján Eldjárn. *Tímarit Máls og menningar*, 2-3, 1948: 212-213.
- Guðbergur Bergsson: „Gagnrýni á gagnrýnina“. *Tímarit Máls og menningar*, 5, 1982: 556-561.
- Guðbrandur Jónsson: „Ritsjá“. Ritdómur um *Sögur frá ýmsum löndum. Eimreiðin*, 1, 1935: 117.
- Guðjón Friðriksson: *Nýjustu fréttir. Saga fjölmiðlunar á Íslandi frá upphafi til vorra daga*. Reykjavík: Iðunn. 2000.
- Guðmundur Andri Thorsson: „Af óhamingjusömum fjölskyldum. Þankar um íslenskar skáldsögur“. *Tímarit Máls og menningar*, 1, 1990: 67-75.
- Guðmundur Andri Thorsson: „Eilífur kallar / kvenleikinn oss“. *Tímarit Máls og menningar*, 2, 1988: 187-195.
- Guðmundur Andri Thorsson: „Ferðalok Jónasar“. *Tímarit Máls og menningar*, 4, 1990: 45-53.
- Guðmundur Andri Thorsson: „Frá ritstjóra“. *Tímarit Máls og menningar*, 3, 1988: 262.
- Guðmundur Einarsson: „List, iðja, listiðnaður“. *Skírnir*, 1, 1933: 89-96.
- Guðmundur Finnbogason: „Ritfregnir“. Ritdómur um *Vefarann mikla frá Kasmír* eftir Halldór Laxness. *Vaka*, 3, 1927: 316.
- Guðmundur Finnbogason: „Ritfregnir“. Ritdómur um *Nokkur smákvæði* eftir Ólöfu Sigurðardóttur. *Skírnir*, 1, 1914: 99-102.
- Guðmundur Finnbogason: „Satt, fagurt, gott“. *Skírnir*, 1, 1936: 5-22.
- Guðmundur Friðjónsson: „Matth. Jochumsson: Grettisljóð“. Ritdómur um *Grettisljóð* eftir Matthías Jochumsson. *Sunnanfari*, 1, 1898: 35-38.
- Guðmundur Gíslason Hagalín: „Fylgt úr hlaði“. Í: Óskar Aðalsteinn. *Grjót og gróður*. Ísafjörður: Ísrún. 1941: 5-7.
- Guðmundur Gíslason Hagalín: „Nýjar bækur“. Ritdómur um *Hillingar* eftir Andrés G. Þormar. *Austurland*, 30. apríl 1921: 2-3.

- Guðmundur Gíslason Hagalín: „Nýstárleg skáldsaga“. Ritdómur um *Kosningatöfra* eftir Óskar Aðalstein. *Alþýðublaðið*, 20. janúar 1959: 9-10.
- Guðmundur Hálfðanarson: „Embættismannaskólinn 1911-1961“. *Aldarsaga Háskóla Íslands 1911-2011*. Ritstj. Gunnar Karlsson. Reykjavík: Háskólaútgáfan. 2011: 17-282.
- Guðmundur Hálfðanarson: „Leirskáldunum á ekkji að vera vært“. *Skírnir*, haust, 2007: 327-340.
- Guðmundur Hjaltason: „Til herra Gestis Pálssonar. Vörn fyrir Jökulrós eptir G. Hjaltason“. *Norðanfari*, 7. mars 1884: 9-10.
- Guðni Elísson: „Líf er að vaka en ekki að dreyma. Hulda og hin nýrómantíska skáldímynd“. *Skírnir*, vor, 1987: 59-87.
- Guðni Elísson: „Þrjátíu mínútur í sjónvarpssúpunni. „Fjölmíðlun“ fræða og ímynd gagnrýnandans“. *Milli himins og jarðar. Maður, guð og menning í hnotskurn hugvísinda. Erindi flutt á hugvísindapingi guðfræðideildar og heimspekideildar 18. og 19. okt. 1996*. Ritstj. Anna Agnarsdóttir, Pétur Pétursson og Torfi H. Tulinius. Reykjavík: Háskólaútgáfan. 1997: 43-59.
- Gunnar Benediktsson: „Þegar blindur leiðir ...“. *Tímarit Máls og menningar*, 3-4, 1969: 383-391.
- Gunnar Smári Egilsson: „Rökstudd gagnrýni og órökstuddur dónaskapur“. *Pressan*. 26. nóvember 1992: 22.
- Gunnar Gunnarsson: „Lagt upp í langferð“. *Félagsbréf*, 1, 1955: 3-5.
- Gunnar Harðarson: „Svefleysið smíðar huganum vængi“. Ritdómur um *Blindflug/Svartflug* eftir Gyrði Elíasson. *Tímarit Máls og menningar*, 2, 1987: 245-248.
- Gunnar Stefánsson. *Sigurður Nordal og Háskóli Íslands*. RÚV. 23. október 2011, sótt 31. október 2011 af <http://www.ruv.is/sarpurinn/sigurdur-nordal-og-haskoli-islands/23102011>.
- Gunnar Stefánsson: „Að lesa sögur“. Ritdómur um *Eðlisþætti skáldsögunnar* eftir Njörð P. Njarðvík. *Tíminn*, 4. desember 1975: 8.
- Gunnar Stefánsson: „Endurminning án skuldbindingar“. *Tíminn*, 3. desember 1972: 10.
- Gunnar Stefánsson: „Náð og ónáð. Morgunblaðið og silfurhesturinn“. *Tíminn*, 14. júlí 1973: 7 og 27.
- Gunnar Stefánsson: „Ólafur Jónsson“, Minningargrein. Íslendingaþættir. *Tíminn*, 18. janúar 1984: 2-3.
- Gunnar Þór Bjarnason: *Upp með fánann. Baráttan um uppkastið 1908 og sjálfstæðisbarátta Íslendinga*. Reykjavík: Mál og menning. 2012.
- Gunnlaugur Ingólfsson: „Hver var Jón Helgason og hvert var framlag hans til íslenskra fræða?“. *Vísindavefurinn*, 21. júní 2011. Sótt 11. nóvember 2011 af <http://visindavefur.hi.is/svar.php?id=59991>.
- Gunnlaugur Oddsen, Þorgeir Guðmundsson og Þorsteinn E. Hjalmarsen, [Auglýsing]. *Íslensk sagnablöð*, 1821: 83-34.
- Gyrðir Elíasson: „Af flugi minnisfugla“. *Tímarit Máls og menningar*, 3, 1988: 388-391.
- H.: „Bókmentir“. Ritdómur um *Heiðarbýlið* eftir Jón Trausta. *Dvöl*, mars 1910: 9-10.
- H.F.: „Bókafregni“. Ritdómur um *Stafrófskver handa börnum* eftir Pétur Guðjohnsen. *Fjöltnir*, 1845: 73-76.
- Habermas, Jürgen: *Strukturwandel der Öffentlichkeit. Untersuchungen zu einer Kategorie der bürgerlichen Gesellschaft*. Neuwied: Luchterhand. 1969.
- Hall, Peter: *Governing the Economy*. Oxford University Press: New York og Oxford. 1986.
- Hallberg, Peter: „Um Vefarann“. Ritdómur um „*Loksins, loksins*“. *Vefarinn mikli og upphaf íslenskra nútímabókmennta* eftir Halldór Guðmundsson. *Tímarit Máls og menningar*, 3, 1988: 370-375.

- Halldór Guðmundsson: „Í skuggsjám heilans himnar glitra“. Ritdómur um *Grámosinn glóir* eftir Thor Vilhjálmsson. *Tímarit Máls og menningar*, 1, 1988: 110-113.
- Halldór Guðmundsson: „Orðin og efinn. Til varnar bókmenntasögu“. *Tímarit Máls og menningar*, 2, 1989: 191-204.
- Halldór Halldórsson: „Bréf sent Skírni. Athugasemd ritstjóra“. *Skírnir*, 1961: 248.
- Halldór Halldórsson: „Prófessor dr. phil. Einar Ól. Sveinsson sextíu og fimm ára“. *Vísir*, 12. desember 1964: 9 og 5.
- Halldór Laxness: „Borgaralegar nútímabókmenntir. Nokkrir aðaldrættir“. *Rauðir pennar*, 1, 1935: 266-277.
- Halldór Laxness: „[Formáli]“. Í: Jóhannes Sveinsson Kjarval. *Myndir*. Reykjavík: Mál og menning. 1938: 3-8.
- Halldór Laxness: „Gagnrýni og menning“. *Þjóðviljinn*, 18. nóvember 1943: 3.
- Halldór Laxness: „Orðabelgur“. *Vaka*, 2, 1928: 245-250.
- Halldór Laxness: „Um ritdómara“. *Af menningarástandi*. Reykjavík: Vaka-Helgafell. 1986: 51-54.
- Halldór Þorsteinsson: „Um leikárið, sem leið, og sitthvað fleira“. *Félagsbréf*, 5, 1957: 118-125.
- Hallgrímur Jónsson: „Bréf til Láru“. *Alþýðublaðið*, 27. desember 1924: 1.
- Hallward, Peter: „Politics and Aesthetics“, viðtal við Jacques Rancière, þýð. Forbes Morlock. *Angelaki. Journal of the Theoretical Humanities*, 2003. Sótt 12. janúar 2015 af <http://abahlali.org/files/ranciere.hallward2.pdf>.
- Hannes Finnsson: „Til Lesenda og Heyrenda Bókarinnar“. *Qvöldvøkurnar 1794 I*. Leirárgörðum. 1796: vii-xxvii.
- Hannes Hólmsteinn Gissurarson: „Skjallbandalögin í Háskólanum“. *Pressan*, 23. apríl 1992: 19.
- Hannes Pétursson: „Formálsorð“. Í: Einar H. Kvaran og Sigurður Nordal. *Skiptar skoðanir. Ritdeila Sigurðar Nordals og Einars H. Kvarans*. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs. 1960.
- Hannes Pétursson: „Ræða við móttöku Silfurhestsins 1973: Þú sigrar einn eða tapar“. *Vísir*, 29. janúar 1974: 7.
- Hannes Pétursson: „Til Helga Hálfðanarsonar“. *Morgunblaðið*, 13. febrúar 1974: 16 og 18.
- Hannes Pétursson: „Um ljóðabækur ársins 1958“. *Andvari*, 1, 1959: 76-88.
- Hannes Pétursson: „Um skáldskap Snorra Hjartarsonar“. *Félagsbréf*, 17, 1960: 13-25.
- Haraldur Níelsson: „Bókafregni“. Ritdómur um *Biflúljóð* eftir Valdimar Briem. *Eimreiðin*, 2, 1897: 154-155.
- Haukur Ingvarsson: *Andlitsdrættir samtíðarinnar. Síðustu skáldsögur Halldórs Laxness*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag og ReykjavíkurAkademían. 2009.
- Heimir Pálsson: „Inngangur“. Í: Jón Þorláksson. *Kvæði: Frumort og þýdd*. Ritstj. Njörður P. Njarðvík, Óskar Ó. Halldórsson og Vésteinn Ólason. Reykjavík: Rannsóknastofnun í bókmenntafræði og menningarsjóður. 1976.
- Helga Kress: „Bækur og „kellingabækur“. Þáttur í íslenskri bókmenntasögu“. *Tímarit Máls og menningar*, 4, 1978: 369-395.
- Helga Kress: „Kvenlýsingar og raunsæi“. *Skírnir*, 1975: 73-112.
- Helga Kress: „Mikið skáld og hámenntaður maður. Íslenski skólinn í íslenskri bókmenntafræði“. *Speglanir. Konur í íslenskri bókmenntahefð og bókmenntasögu*. Reykjavík: Háskóli Íslands, Rannsóknastofa í kvennafræðum. 2000: 385-399.
- Helgi Hálfðanarson: „Grátt silfur“. *Morgunblaðið*, 5. júlí 1973: 16.
- Helgi Hálfðanarson: „Línustúfur til Hannesar Péturssonar“. *Morgunblaðið*, 6. febrúar 1974: 19.

- Hermann Einarsson: „Ný kenning um göngur sildarinnar“. Ritdómur um *Norðurlandsöldina* eftir Árna Friðriksson *Tímarit Máls og menningar*, 1, 1945: 71-77.
- Hermann Stefánsson. *Austanáttin*, 28. ágúst 2007. Sótt 29. ágúst 2007 af <http://austanattin.blogspot.com/2007/08/lokaor.html>.
- Hermann Stefánsson: „Ástin og krókaleiðirnar“. *Bókmenntavefur Borgarbókasafns Reykjavíkur*, desember 2014. Sótt 27. janúar 2015 af http://bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3409/5648_read-39179/6711_view-6226/.
- Hermann Stefánsson: „Klukk (gegn einsögu)“. *Kistan*, 6. febrúar 2006. Sótt 16. febrúar 2012 af http://www.kistan.is/default.asp?sid_id=28001&tre_rod=004%7C&tId=2&fre_id=39810&meira=1.
- Hermann Stefánsson: „Rekspöl áleiðis (og skemmtiatriði um borð)“. Ritdómur um *Rekferðir* eftir Guðna Elísson. *Spássían*, vor, 2012: 44-45.
- Hermann Stefánsson: „Úr orðabók ríkjandi viðhorfa. Sjö hugtök bókmenntagagnrýni og -umræðu skýrð og skilgreind. Fyrri hluti“. *Lesbók Morgunblaðsins*, 17. nóvember 2001: 4-5.
- Hermann Stefánsson: „Úr orðabók ríkjandi viðhorfa. Um hesta, hættuleg sæti og hringekjur“. *Lesbók Morgunblaðsins*, 24. nóvember 2001: 6-7.
- Heterarchy and the Analysis of Complex Societies*. Ritstj. Robert M. Ehrenreich, Carole L. Crumley og Janet E. Levy. Arlington: American Anthropological Association. 1995.
- Holberg, Ludvig: „Epistola CCCII“. *Epistler* IV. Ritstj. F.J. Billeskov Jansen. Kaupmannahöfn: H. Hagerup. 1947: 4-11.
- Holberg, Ludvig: „Epistola CDXIII“. *Epistler* IV. Ritstj. F.J. Billeskov Jansen. Kaupmannahöfn: H. Hagerup. 1947: 296-298.
- Hollows, Joanne: „Mass culture theory and political economy“. *Approaches to Popular Film*. Ritstj. Joanne Hollows og Mark Jancovich. Manchester og New York: Manchester University Press. 1997: 15-36.
- Home, Henry: „Introduction“. *Elements of Criticism*. London: Elibron Classics. 2005: 9-16.
- Hóras: „Carminum Liber III“. *Oeuvres d'Horace. Odes, Épodes et Chant séculaire*. Ritstj. Frédéric Plessis, P. Lejay og E. Galletier. Hildesheim: Georg Olms Verlagsbuchhandlung. 1966.
- Hóras: „De Arte poetica Liber“. Þýð. François Villeneuve. *Épîtres*. Paris: Société d'édition "Les Belles Lettres". 1978: 202-226.
- Hrafn Jökulsson: „Andleg fátækt“. Ritdómur um *101 Reykjavík* eftir Hallgrím Helgason og *Lávarð heims* eftir Ólaf Jóhann Ólafsson. *Helgarpósturinn*, 28. nóvember 1996: 9.
- Hreinn Benediktsson: „Hvað eru íslensk fræði? Handritastofnun Íslands 5 ára“. *Morgunblaðið*, 3. febrúar 1968: 12 og 17.
- Hrísla: „Athugasemd“. *Kvennablaðið*, 19. mars, 1912: 3-4.
- Huberman, Anthony: „Take Care“. *Circular Facts*. Ritstj. Mai Abu ElDahab, Binna Choi og Emily Pethick. Berlin: Sternberg Press. 2011: 9-17. Sótt 14. febrúar 2015 af <http://www.theartistsinstitute.org/MEDIA/take%20care.pdf>.
- Hulda: „Fjallaskáldið“. *Eimreiðin*, 1, 1945: 68-75.
- Hulda: „Gröndalsminning“. *Eimreiðin*, 2, 1938: 145-155.
- Hulda Á. Stefánsdóttir: *Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur I. Bernska*. Reykjavík: Örn og Örlygur. 1985.
- Hume, David: *Rannsókn á skilningsgáfunni*. Þýð. Atli Harðarson. Lærdómsrit Bókmenntafélagsins. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag. 1988.
- Hume, David: „Um mælikvarðann á smekk“, þýð. Gunnar Ragnarsson. *Hugur*, 2006: 28-41.

- Husband, Jon: „Wirearchy 1. The Intersection of People, Information and New Forms of Technology Changes Everything (Eventually)“. Vefsíða P2P Foundation. 30. maí 2014. Sótt 3. ágúst 2015 af <http://blog.p2pfoundation.net/wirearchy-1-the-intersection-of-people-information-and-new-forms-of-technology-changes-everything-eventually/2014/05/30>.
- Hörður Bergmann: „Herferð gegn bókmenntarýni“. *Þjóðviljinn*, 21. febrúar 1970: 5.
- Indriði G. Þorsteinsson: „Háskólarit á íslensku um skáldskap“. Ritdómur um *Eðlisþætti skáldsögunnar* eftir Njörð P. Njarðvík. *Vísir*, 21. nóvember 1975: 9.
- Indriði G. Þorsteinsson: „Hver eru helztu vandamál ungs rithöfundar á Íslandi í dag?“. *Félagsbréf*, 5, 1957: 92-96.
- Inga Dóra Björnsdóttir: „„Þeir áttu sér móður“: Kvenkenndir þættir í mótun íslenskrar þjóðernisvitundar“. *Fléttur*. Ritstj. Ragnhildur Richter og Þórunn Sigurðardóttir. Reykjavík: Háskólaútgáfan. 1994: 65-85.
- Ingi Björn Guðnason, ritdómur um *Harm englanna* eftir Jón Kalman Stefánsson. *Bokmenntavefurinn*, desember 2009. Sótt 2. mars 2015 af http://bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3409/5648_read-20303/.
- Ingi Freyr Vilhjálmsson: „Um bókmenntagagnrýni: Vinurinn og vammid“, blogg. *DV*, 18. nóvember 2009. Sótt 7. apríl 2013 af <http://www.dv.is/blogg/ingi-freyr-vilhjalmsen/2009/11/18/um-bokmenntagagnryni-vinurinn-og-vammid/>.
- Ingi Sigurðsson: *Hugmyndaheimur Magnúsar Stephensens*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag. 1996.
- Ingibjörg Benediktsdóttir: „Bækur“. Ritdómur um *Kvæði* eftir Elínu Sigurðardóttur. *Iðunn*, 3-4, 1936: 375-378.
- Ingibjörg Haraldsdóttir: „Galdur einlægninnar“. Ritdómur um *Vatnaskil* eftir Böðvar Guðmundsson. *Tímarit Máls og menningar*, 4, 1987: 504-505.
- Ingibjörg Skaptadóttir og Sigríður Þorsteinsdóttir: „Fágætt drenglyndi“. *Framsókn*, 2. maí 1895: 19.
- Ingibjörg Skaptadóttir og Sigríður Þorsteinsdóttir: „Framsókn“. *Framsókn*, 8. janúar 1895: 1.
- Ingveldur Geirsdóttir: „Gagnrýni vandmeðfarin“. *Morgunblaðið*, 13. desember 2007: 16.
- IPG: „Snorri fékk silfurhestinn“. *Tíminn*, 7. febrúar 1967: 1.
- Íris Ellenberger: „Somewhere Between “Self” and “Other”. Colonialism in Icelandic Historical Research“. *Nordic Perspectives on Encountering Foreignness*. Ritstj. Anne Folke Henningsen, Leila Koivunen og Taina Syrjämaa. Histories I. Turku: University of Turku. 2009: 99-114.
- J.: „Þrjú smákvæði“. *Framsókn*, nóvember 1901: 41-42.
- J.B.: „Við sundin blá“. Ritdómur um *Við sundin blá* eftir Tómas Guðmundsson. *Morgunblaðið*, 1. maí 1925: 3.
- J. Björnsson: „Ritfregnir“. Ritdómur um *Svartar fjaðrir* eftir Davíð Stefánsson. *Vísir*, 12. janúar 1920: 2.
- J.H.: „Ritfregnir“. Ritdómur um *Livets strand* eftir Gunnar Gunnarsson. *Skírnir*, 3, 1916: 312-315.
- J.H.: „Skagfirðingar hýsa aldrei hross! Spjallað við Helga Hálfðanarson um silfurhestinn og verðlaunaveitingar“. *Vísir*, 20. janúar 1970: 9.
- J.J.: „Bókmentir“. Ritdómur um *Nokkur smákvæði* eftir Ólöfu frá Hlöðum. *Nýjar kvöldvökur*, 2, 1914: 48.
- J.Ó.: „Bókmentir [„Verðandi“. — Niðurlag]“. Ritdómur um *Verðandi* eftir Bertel E. Ó. Þorleifsson, Einar Hjörleifsson, Gest Pálsson og Hannes Hafstein. *Skuld*, 22. júlí 1882: 69-70.
- J.Ó.: „Fyrir 30 árum. (9. d. Janúar-mánaðar 1868) [Niðurlag]“. *Nýja öldin*, 15. janúar 1898: 82-83.

- J.Ó.P.: „Það skal í ykkur samt“. Bréf frá lesendum. *Félagsbréf*, 9, 1958: 45-47.
- Jakob Bjarnar Grétarsson: „Fjandvinir í leikhúsunum“. Listapósturinn. *Helgarpósturinn*, 9. janúar 1995: 21-23.
- Jakob F. Ásgeirsson: „Af ritdómurum og kaldastríðsstimpli“. Orð í tíma töluð. *Viðskiptablaðið*, 30. desember 2003: 15.
- Jakob F. Ásgeirsson: *Margs er að minnst*. Reykjavík: Almenna bókafélagið. 1986.
- Jakob Jóh. Smári: „Dr. phil. Alexander Jóhannesson“. *Óðinn*, maí 1918: 12.
- Jakob Kristinsson: „Tímaritið Embla. Birtir ritverk kvenna í bundnu og óbundnu máli“. *Morgunblaðið*, 3. apríl 1947: 11.
- Jarþrúður Jónsdóttir: „Kvæði eftir Benedikt Gröndal“. Ritdómur um *Kvæði Benedikts Gröndals*. *Framsókn*, október 1900: 27-28.
- Johnson, Samuel: „Addison“. *Lives of the English Poets* I. London: Oxford University Press. 1959: 399-449.
- Johnson, Samuel: *A Dictionary of the English Language*. London: J.F. og C. Rivington, L. Davis, T. Payne og sonur, T. Longman, B. Law, J. Dodsley, C. Dilly, W. Lowndes, G.G.J. og J. Robinson, T. Cadell, Jo. Johnson, J. Robson, W. Richardson, J. Nichols, R. Baldwin, W. Goldsmith, J. Murray, W. Stuart, P. Elmsly, W. Fox, S. Haytes, D. Ogilvis, W. Bent, T. og J. Egerton, J. Phillips og M. Newbery. 1778. Sótt 28. apríl 2009 af <http://www.archive.org/stream/dictionaryofengl01johnuoft#page/n5/mode/2up>.
- Johnson, Samuel: „[The Idler] No. 60. Saturday, 9 June 1759“. *Selected Essays*. Ritstj. David Womersley. London, New York, Victoria, Ontario, Panchsheel Park, Auckland og Rosebank: Penguin Books. 2003: 464-468.
- Johnson, Samuel: „[The Idler] No. 61. Saturday, 16 June 1759“. *Selected Essays*. Ritstj. David Womersley. London, New York, Victoria, Ontario, Panchsheel Park, Auckland og Rosebank: Penguin Books. 2003: 468-471.
- Johnson, Samuel: „[The Idler] No. 66. Saturday, 21 July 1759“. *Selected Essays*. Ritstj. David Womersley. London, New York, Victoria, Ontario, Panchsheel Park, Auckland og Rosebank: Penguin Books. 2003: 473-475.
- Johnson, Samuel: „'Introduction' to the *Harleian Miscellany*“. *Selected Essays*. Ritstj. David Womersley. London, New York, Victoria, Ontario, Panchsheel Park, Auckland og Rosebank: Penguin Books. 2003: 517-523.
- Johnson, Samuel: „Observations on the present State of Affairs“. *Selected Essays*. Ritstj. David Womersley. London, New York, Victoria, Ontario, Panchsheel Park, Auckland og Rosebank: Penguin Books. 2003: 523-532.
- Johnson, Samuel: „[The Rambler] No. 16. Saturday, 12 May 1750“. *Selected Essays*. Ritstj. David Womersley. London, New York, Victoria, Ontario, Panchsheel Park, Auckland og Rosebank: Penguin Books. 2003: 44-48.
- Johnson, Samuel: „[The Rambler] No. 106. Saturday, 23 March 1751“. *Selected Essays*. Ritstj. David Womersley. London, New York, Victoria, Ontario, Panchsheel Park, Auckland og Rosebank: Penguin Books. 2003: 192-196.
- Johnson, Samuel: „[The Rambler] No. 208. Saturday, 14 March 1752“. *Selected Essays*. Ritstj. David Womersley. London, New York, Victoria, Ontario, Panchsheel Park, Auckland og Rosebank: Penguin Books. 2003: 323-326.
- Johnson, Samuel: *Selected Essays*. Ritstj. David Womersley. London, New York, Victoria, Ontario, Panchsheel Park, Auckland og Rosebank: Penguin Books. 2003.
- Jóhann Hjálmarsson: „Fyrstu nútímaljóðin“. *Lesbók Morgunblaðsins*, 7. apríl 1968: 1-2 og 12.
- Jóhann Hjálmarsson: „Hugmyndafræðilegir fuglar“. Ritdómur um *Eðlisþætti skáldsögunnar* eftir Njörð P. Njarðvík. *Morgunblaðið*, 4. apríl 1976: 16.

- Jóhann Hjálmarsson: „Í svörtum kufli“. Ritdómur um *Í svörtum kufli* eftir Þorstein Jónsson frá Hamri. *Birtingur*, 3-4, 1958: 63.
- Jóhann Hjálmarsson: „Prestur í lausu lofti“. *Morgunblaðið*, 8. mars 1970: 16.
- Jóhann Hjálmarsson: „Teljast skemmtisögur til bókmennta?“. Ritdómur um *Leikdóma og bókmenntagreinir* eftir Ólaf Jónsson. *Morgunblaðið*, 30. september 1987: 16.
- Jóhann Hlíðar Harðarson: „Svona skrifar bara gott fólk“. Ritdómur um *Bernskubók* eftir Sigurð Pálsson. *Eyjan*, 27. nóvember 2011. Sótt 10. desember 2011 af <http://eyjan.is/2011/11/27/svona-skrifar-bara-gott-folk-ritdomur-um-bernskubok-sigurdar-palssonar/>.
- Jón frá Pálmholti: „Þröskuldur hússins“. Ritdómur um *Þröskuldur hússins er þjöl* eftir Arnfríði Jónatansdóttur. *Birtingur*, 3-4, 1958: 68-69.
- Jón Jónsson. [Aðsend grein.] *Minnisverð tíðindi*, 1, 1799: 152-154.
- Jón Jónsson: „Flokkar og stefnur“. *Austri*, 14. mars 1914: 34-36.
- Jón Kalman Stefánsson: „Algjörlega brilliant“. *Lesbók Morgunblaðsins*, 14. desember 2002: 10-11.
- Jón Kári: *Þokur*. Reykjavík. 1963.
- Jón Ólafsson. [Án titils.] *Skuld*, 21. maí 1881: 343-350.
- Jón Ólafsson: „Ávarp til kaupendanna“. *Baldur*, 2. febrúar 1870: 1-2.
- Jón Ólafsson: „Bókmentir“. Ritdómur um *Ljóðmæli* eftir Grím Thomsen. *Skuld*, 12. mars 1881: 334-339.
- Jón Ólafsson: „Ritfregnir“. Ritdómur um *Smámuni II* eftir Símon Bjarnason. *Göngu-Hrólfur*, 1. febrúar 1873: 36.
- Jón Ólafsson: „Til lesaranna!“. *Göngu-Hrólfur*, 24. desember 1872: 2-3.
- Jón Ólafsson: „Úr endurminningum ævintýramanns“. *Iðunn*, 1, 1915: 50-70.
- Jón Sigurðsson: „Minn trúnaður er ykkar trúnaður. Athugasemdir um kveðskap Þorsteins frá Hamri I“. *Tímarit Máls og menningar*, 2, 1969: 132-162.
- Jón Stefánsson: „Um ljóðagagnrýni í dagblöðum: Gagnrýnendur gagnrýndir“. *Ársrit Torfhildar*, 1990: 3-28.
- Jón Thoroddsen: „Undir Helgahnúk. Ný bók“. Ritdómur um *Undir Helgahnúk* eftir Halldór Laxness. *Löggrjetta*, 11. nóvember 1924: 4.
- Jón Yngvi Jóhannsson: „„Jøklens Storm svalde den kulturtrætte Danmarks Pande““. *Skírnir*, vor, 2001: 33-64.
- Jón Þorláksson: „Rustasneið“. *Kvæði*. Ritstj. Heimir Pálsson. Reykjavík: Rannsóknastofnun í bókmenntafræði og Menningarsjóður. 1976: 123-124.
- Jón.: „Bókmentir“. Ritdómur um *Nokkur smákvæði* eftir Ólöfu Sigurðardóttur frá Hlöðum. *Fjallkonan*, 8. ágúst 1888: 91-92.
- Jónas Árnason: „Hugleiðingar út af hausnum sem fór til tunglsins. Fyrri hluti“. *Þjóðviljinn*, 1. september 1957: 7 og 11.
- Jónas Árnason: „Hugleiðingar út af hausnum sem fór til tunglsins. Síðari hluti“. *Þjóðviljinn*, 3. september 1957: 7.
- Jónas Hallgrímsson: „Rímur af Tistrani og Indíönu, orktar af Sigurði Breidfjörð, (prentaðar í Kaupmannahöfn, 1831)“. *Fjölur*, 3, 1837: 18-29.
- Jónas Kristjánsson: „1967-1972: Hægfara byrjun í starfi“. *Jónas.is*. Sótt 27. janúar 2014 af <http://www.jonas.is/kennsla/1967-1972-haegfara-byrjun-i-starfi/>.
- Josefus, Flavíus: *Jewish Antiquities* IV. Þýð. H. St. J. Thackeray. London: William Heinemann Ltd. 1930.
- Jökull Jakobsson: „Á villigötum“. Ritdómur um *Sumarauka* eftir Stefán Júlíusson. *Félagsbréf*, 2, 1963: 51-53.
- Jökull Jakobsson: „Hjólöfnur eða brennidepill?“. Ritdómur um *Veginn að brúnni* eftir Stefán Jónsson. *Félagsbréf*, 30, 1963: 34-41.

- Jökull Jakobsson: „Hlemmur rökréttra afleiðinga“. Ritdómur um *Mínir menn. Vertiðarsaga* eftir Stefán Jónsson. *Félagsbréf*, 29, 1963: 49-50.
- Jørgensen, John Chr.: *Det danske anmelderis historie. Den litterære anmeldelses opståen og udvikling 1720-1906*. Kaupmannahöfn: Fisker & Schou. 1994.
- Kant, Immanuel: *Kritik der reinen Vernunft*. Hamburg: Verlag von Felix Meiner. 1956.
- Kant, Immanuel: *Kritik der Urteilskraft*. Hamburg: Verlag von Felix Meiner. 1954.
- Karl Kristjánsson: „Betra er berfættum en bókarlausum að vera“. *Félagsbréf*, 2, 1956: 3-7.
- Karólína Einarsdóttir, Valborg Bentsdóttir og Valdís Halldórsdóttir: „Ávarp“. *Embla*, 1945: 3.
- Kazin, Alfred: „The Function of Criticism Today“. *Commentary Magazine*, 11. janúar 1960. Sótt 7. desember 2014 af <http://www.commentarymagazine.com/article/the-function-of-criticism-today/>.
- kj: „Oss er ekki skemmt“. *Þjóðviljinn*, 24. júlí 1991: 9.
- KK: „Cand. mag-stíllinn. Einar Már í spjalli um gagnrýni, gagnrýnendur og fleira“. *Helgarpósturinn*, 29. október 1987: 24-25.
- Koestenbaum, Wayne: „Why Bully Literature?“. *The Crisis of Criticism*. Ritstj. Maurice Berger. New York: The New Press. 1998: 90-99.
- Kolbrún Bergþórsdóttir. Ritdómur um *Lygarann* eftir Óttar Martin Norðfjörð. *Kiljan*, 2. nóvember 2011.
- Kolbrún Bergþórsdóttir: „Aristókratísk bók“. Ritdómur um *Í þjónustu forseta og ráðherra* eftir Birgi Thorlacius. *Helgarpósturinn*, 22. desember 1994: 26.
- Kolbrún Bergþórsdóttir: „Bókmenntaannáll ársins 1992: Það besta afar gott. Og það besta er að það skiptir máli“. *Pressan*, 30. desember 1992: 12.
- Kolbrún Bergþórsdóttir: „Elskhugi lafði Chatterley“. Ritdómur um *Elskhuga lafði Chatterley* eftir D.H. Lawrence í þýðingu Jóns Thoroddsens. *Pressan*, 27. ágúst 1992: 37 og 39.
- Kolbrún Bergþórsdóttir: „Ég spila ekki með en ég get lýst leiknum“, viðtal við Jón St. Kristjánsson. *Pressan*, 10. mars 1994: 14.
- Kolbrún Bergþórsdóttir: „Fullkomlega misheppnuð bók“. Ritdómur um *Sogar svelgur* eftir Þorvarð Helgason. *Pressan*, 22. desember 1992: B 6.
- Kolbrún Bergþórsdóttir: „Gáfur og leiðindi“. Ritdómur um *Orðabók Lemprières* eftir Lawrence Norfolk í þýðingu Ingunnar Ásdísardóttur. *Jólapósturinn. Helgarpósturinn*, 12. desember 1994: 21.
- Kolbrún Bergþórsdóttir: „Herinn og konurnar“. Ritdómur um *Herbrúðir* eftir Þóru Kristínu Ásgeirsdóttur. *Helgarpósturinn*, 22. desember 1994: 26.
- Kolbrún Bergþórsdóttir: „Íslenskir rithöfundar einstaklega góðir“. *Helgarpósturinn*, 23. desember 1996: 4.
- Kolbrún Bergþórsdóttir: „Jólabók húmoristanna“. Ritdómur um *Þetta er allt að koma* eftir Hallgrím Helgason. *Helgarpósturinn*, 1. desember 1994: 19.
- Kolbrún Bergþórsdóttir: „Jónas Hallgrímsson á tímum Júlíu Kristevu“. *Tímarit Máls og menningar*, 3, 1991: 27-41.
- Kolbrún Bergþórsdóttir: „Léttir strengir Ólafs Jóhanns“. Ritdómur um *Sniglaveisluna* eftir Ólaf Jóhann Ólafsson. *Helgarpósturinn*, 1. desember 1994: 19.
- Kolbrún Bergþórsdóttir: „Lítill saga um mikið efni“. Ritdómur um *Vesturfarann* eftir Pál Pálsson. *Listapósturinn. Helgarpósturinn*, 14. nóvember 1994: 24.
- Kolbrún Bergþórsdóttir: „Ófölsuð mynt“. Ritdómur um *Fornar menntir* eftir Sigurð Nordal. *Listapósturinn. Helgarpósturinn*, 30. janúar 1995: 22.
- Kolbrún Bergþórsdóttir: „Taugabílaðar mömmur og litlausar kærustur. Af hverju eiga ungir karlhöfundar í basli með að skapa trúverðugar kvenpersónur?“. *Pressan*, 26. ágúst 1993: 32.
- Kolbrún Bergþórsdóttir: „Thor á flugi“. Ritdómur um *Tvílýsi* eftir Thor Vilhjálmsson. *Menning. Morgunpósturinn*, 3. október 1994: 38.

- Kolbrún Bergþórsdóttir: „Þegar gremjan blindar“. *Þjóðviljinn*, 26. júlí 1991: 16.
- Kolbrún Bergþórsdóttir: „Þetta er skáldskapur“. Ritdómur um *Hundshjarta* eftir Mikhail Búlgakov. *Pressan*, 26. nóvember 1992: B 6.
- Kona, [Aðsend grein]. *Framsókn*, 2. ágúst 1895: 31-32.
- Kristeva, Julia: *The Powers of Horror. An Essay on Abjection*. Þýð. Leon S. Roudiez. New York: Columbia University Press. 1982.
- Kristinn E. Andrésson: „Er menningin í hættu?“. *Rauðir pennar*, 1, 1936: 203-240.
- Kristinn E. Andrésson: „Íslenzkur aðall“. Ritdómur um *Íslenzkan aðal* eftir Þórberg Þórðarson. *Réttur*, 5-6, 1938: 115-120.
- Kristinn E. Andrésson: „Ný bókmenntastefna“. *Rauðir pennar*, 1, 1935: 13-60.
- Kristinn E. Andrésson: „Sigurður Nordal“. *Rauðir pennar*, 1, 1936: 180-183.
- Kristinn E. Andrésson: „Steinn Steinarr: Rauður loginn brann“. *Réttur*, 4, 1935: 114-118.
- Kristinn E. Andrésson: „Umsagnir um bækur“. Ritdómur um *Laust mál I-II* eftir Einar Benediktsson. *Tímarit Máls og menningar*, 1, 1953: 111-112.
- Kristín Loftsdóttir: „Kjarnmesta fólkið í heimi. Þrástef íslenskrar þjóðernishyggiu í gegnum lýðveldisbaráttu, útrás og kreppu“. *Ritið*, 2-3, 2009: 113-139.
- Kristjana Guðbrandsdóttir: „„Fyrirtækin nærast á nægjuleysi næstum okkar““, viðtal við Þórdísi Björnsdóttur. *DV*, 8. apríl 2012. Sótt af <http://www.dv.is/menning/2012/4/8/fyrirtaekin-naerast-naegjuleysi-naestum-okkar/>.
- Kristján Albertsson: „Andlegt líf á Íslandi“. *Vaka*, 4, 1927: 358-375.
- Kristján Albertsson: „Andsvör. Fjórða brjef til Jónasar Jónssonar frá Hriflu“. *Vörður*, 27. nóvember 1924: 1.
- Kristján Albertsson: „Halldór Kiljan Laxness“. *Vörður*, 23. júlí 1927: 3.
- Kristján Albertsson: „Halldór Kiljan Laxness“. *Vörður*, 8. nóvember 1924: 2.
- Kristján Albertsson: „Hin nýja skáldsaga Halldórs K. Laxness“. *Lesbók Morgunblaðsins*, 25. september 1932: 295-297.
- Kristján Albertsson: „Ritfregnir“. Ritdómur um *Vefarann mikla frá Kasmír* eftir Halldór Laxness. *Vaka*, 3, 1927: 306-316.
- Kristján Albertsson: „Skítugur leir. Hugleiðing um síðustu bók Laxness“. *Morgunblaðið*, 12. júní 1948: 9-10.
- Kristján Albertsson: „Svar til Halldórs Kiljan Laxness“. *Vaka*, 2, 1928: 250-254.
- Kristján Albertsson: „Tvær gamlar sögur eftir Jón Trausta og ritdómarnir um þær“. *Ísafold*, 14. febrúar 1917: 1-2.
- Kristján Albertsson: „Um bersögli“. *Vaka*, 2, 1927: 170-186.
- Kristján Albertsson: „Um Brekkukotsannál og sitthvað fleira“. *Morgunblaðið*, 30. apríl 1957: 10-11.
- Kristján Albertsson: „Þrjú bréf“. *Í gróandanum. Greinar og ræður*. Reykjavík: Helgafell. 1955: 90-99.
- Kristján Árnason: *Stíll og bragur. Um form og formgerðir íslenskra texta*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag. 2013.
- Kristján B. Jónasson: „Sjö lyklar að einni skrá“. *Tímarit Máls og menningar*, 3, 1998: 87-109.
- Kristján Jóhann Jónsson: *Grímur Thomsen. Þjóðerni, skáldskapur, þversagnir og vald*. Reykjavík: Bókmennta- og listfræðastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan. 2014.
- Kristjón K. Guðjónsson: „Bækur: Lygarinn eftir Óttar M. Norðfjörð - Æsispennandi saga eftir efnilegan höfund“. *Pressan*, 18. nóvember 2011. Sótt 11. desember 2011 af http://217.28.186.169/Frettir/Lesa_Innlent/baekur-lygarinn-ef-tir-ottar-m.-nordfjord---aesispennandi-saga-ef-tir-efnilegan-hofund.
- l—s—n: „Bókafregn“. Ritdómur um *Ragnarökkur* eftir Benedikt Gröndal. *Baldur*, 4. júní 1868: 35.

- Lefevere, André: „Why Waste our Time on Rewrites?“. *The Manipulation of Literature. Studies in Literary Translation*. New York: St. Martin's Press. 1985: 215-143.
- Loftur Guttormsson: „Framleiðsla og dreifing ritaðs máls“. *Alþýðumenning á Íslandi 1830-1930. Ritað mál, menntun og félagshreyfingar*. Ritstj. Ingi Sigurðsson og Loftur Guttormsson. Reykjavík: Háskólaútgáfan. 2003: 35-65.
- Loftur Guttormsson: „Lestrarhættir og bókmenning“. *Alþýðumenning á Íslandi 1830-1930. Ritað mál, menntun og félagshreyfingar*. Ritstj. Ingi Sigurðsson og Loftur Guttormsson. Reykjavík: Háskólaútgáfan. 2003: 195-214.
- M.J.: „Smáþættir“. *Dagur*, 21. júlí 1920: 51.
- M.K.: „Athugasemdir við Sveita-Bóndann, í þess Íslenzka Lærdómslista Félags Ritum, Fjórða Bindini 137-207 bls.“. *Rit þess íslenzka lærdómslistafélags*, 1786: 65-112.
- Magnús Á. Ásgeirsson: „Myndir eftir Jóhannes Sveinsson Kjarval“. Ritdómur um *Myndir* eftir Jóhannes Sveinsson Kjarval. *Þjóðviljinn*, 8. október 1938: 2.
- Magnús Kjartansson: „Umsagnir um bækur“. Ritdómur um *Sól tær sortna* eftir Jóhannes úr Kötlum. *Tímarit Máls og menningar*, 1, 1946: 64-66.
- Magnús Stephensen: *Island i det Attende Aarhundrede. Historisk-politisk skildret*. Kaupmannahöfn: Gyldendal. 1808.
- [Magnús Stephensen]: „Ný-útkomin prentuð rit“. *Klausturpósturinn*, 7, 1818: 110-112.
- Magnús Stephensen: „Til lesaranna“. *Skémtileg Vina-Gleði*, 1, 1797: v-xii.
- Magnús Stephensen: „Um snilld í grafminningum og skáldmælum, og um ýmsar auglýsingar í og með Klaustur-pósti“. *Klausturpósturinn*, 4, 1820: 63-68.
- [Magnús Stephensen]: „Útkomin prentuð rit, frá Beitistaða prentverki, 1817“. *Klausturpósturinn*, 2, 1818 31-32.
- [Magnús Stephensen]: „Útlendar merkilegar fréttir“. *Klausturpósturinn*, 12, 1818: 187-191.
- Malcolm, Noel: „Private and Public Knowledge. Kircher, Esotericism, and the Republic of Letters“. *Athanasius Kircher: The Last Man Who Knew Everything*. Ritstj. Paula Findlen. London: Routledge. 2004.
- Margrjet J. Benedictsson: „Ritstjórnarpistlar. Aðsendar bækur“. Ritdómar um *Dægradvöl* eftir Guðmund Stefánsson, *Ljóðmæli* eftir Matthías Jochumsson, *Knowledge is my god or Ignorance my curse* eftir C. Eymundsson og *Aldamót í 12 ár í útgáfu Friðriks J. Bergmanns*. *Freyja*, júlí 1903: 201-205.
- Margrét Eggertsdóttir: „Froskmaðurinn“. Ritdómur um *Froskmanninn* eftir Guðberg Bergsson. *Tímarit Máls og menningar*, 1, 1987: 119-123.
- Margrét Gunnarsdóttir: „Bókmenntir sem leiðarljós“. *Lesbók Morgunblaðsins*, 23. maí 1992: 2.
- Margrét Gunnarsdóttir: „Bókmenntir sem leiðarljós II. Að leiða nemandann inn í skapandi túlkun“. *Lesbók Morgunblaðsins*, 30. maí 1992: 10.
- Margrét Tryggvadóttir: „Íslenskar barnabækur eftir 1970“. *Íslensk bókmenntasaga V*. Ritstj. Guðmundur Andri Thorsson. Reykjavík: Mál og menning. 2006: 313-372.
- Matthías Jochumsson: „Ný rit“. Ritdómur um *Nokkur smákvæði* eftir Ólöfu frá Hlöðum. *Lýður*, 19. september 1888: 1-2.
- Matthías Jochumsson: „Svartar fjaðrir eftir Davíð frá Fagraskógi“. Ritdómur um *Svartar fjaðrir* eftir Davíð Stefánsson. *Lögrjetta*, 9. júní 1920: 2.
- Matthías Jochumsson: „Um réttindi kvenna“. *Fjallkonan*, 8. ágúst 1888: 90-91.
- Matthías Viðar Sæmundsson: „Menning í deiglu“. *Íslensk Bókmenntasaga III*. Ritstj. Halldór Guðmundsson. Reykjavík: Mál og menning. 1996: 23-70.
- Matthías Viðar Sæmundsson: „Upplýsingaröld 1750-1840“. *Íslensk bókmenntasaga III*. Ritstj. Halldór Guðmundsson. Reykjavík: Mál og menning. 1996: 23-217.

- Matthías Viðar Sæmundsson: „Blendin köllun postulans“. *Útisetur. Samband geðlækninga, bókmennta og siðmenningar*. Ritstj. Matthías Viðar Sæmundsson. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands. 1998: 267-346.
- Matthías Viðar Sæmundsson: „Markaður, ríki, bókmenntir“. *Myndir á sandi. Greinar um bókmenntir og menningarástand*. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands. 1991: 14-34.
- May, Todd: *The Political Philosophy of Poststructural Anarchism*. University Park, Pennsylvania: The Pennsylvania State University. 1994. Sótt 14. febrúar 2015 af <http://www.scribd.com/doc/77084770/The-Political-Philosophy-of-Poststructuralist-Anarchism#scribd>.
- McCulloch, Warren: „A Hierarchy of Values Determined by the Topology of Nervous Nets“. *Bulletin of Mathematical Biophysics*, 7, 1945: 89–93.
- McDowell, Paula: *The Women of Grub Street. Press, Politics, and Gender in the London Literary Marketplace 1678-1730*. Oxford: Clarendon Press. 1998.
- McQuillan, Colin: „The Intelligence of Sense: Rancière's Aesthetics“. *Symposium: Canadian Journal of Continental Philosophy*, 2011: 11-27. Sótt 2. mars 2015 af http://www.academia.edu/1050600/The_Intelligence_of_Sense_Rancieres_Aesthetics.
- Miller, Keith: „Journalistic Criticism: Popular Entertainment or Populist Critique?“. *Art Criticism*, 15, 2000. Sótt 4. febrúar 2015 af <http://www.keith-miller.com/writing/journalism.html>.
- Mongrédien, Georges: „Préface“. Í: Nicolas Boileau. *Oeuvres de Boileau*. Ritstj. Georges Mongrédien. París: Garnier Frères. 1961.
- Morley, Henry: „Introduction“. *The Spectator*. Ritstj. Henry Morley. London, Glasgow, Manchester og New York: George Routledge and sons. 1891.
- Munich, Adrienne og Melissa Bradshaw: „Introduction“. *Amy Lowell, American modern*. Ritstj. Adrienne Munich og Melissa Bradshaw: Rutgers University Press. 2004.
- Newman, Jay: *The Journalist in Plato's Cave*. London: Associated University Presses. 1989.
- N.Ó.: „Tveir ritdómar“. Ritdómur um *Milli lækjar og ár* eftir Sigríði Einars. *Melkorka*, 2, 1957: 53-54.
- Ng, Christina: „Crime Writer RJ Ellory Caught Faking Amazon Reviews“. *ABC News*, 3. september 2012. Sótt 14. febrúar 2015 af <http://abcnews.go.com/International/crime-writer-rj-ellory-caught-faking-amazon-reviews/story?id=17143005#.UEYjBaRYvDU>.
- Njörður P. Njarðvík: „Bækur“. Ritdómur um *Gangrimlahjólíð* eftir Loft Guðmundsson. *Félagsbréf*, 11, 1959: 44-46.
- Njörður P. Njarðvík: „Smábækur Menningarsjóðs“. Ritdómur um *Skiptar skoðanir*. *Félagsbréf*, 18, 1960: 53.
- Oddný Eir Ævarsdóttir: „Our Institution“. *Archive on the Run*. Ritstj. Ármann Agnarsson, et al. Reykjavík: Nýlistasafnið. 2013: 221-235.
- Orwell, George: „Confessions of a Book Reviewer“. *Shooting an Elephant and Other Essays*. London: Secker and Warburg. 1950: 164-168.
- Ólafía Jóhannsdóttir: „„Eir“, mánaðarrit handa alþýðu um heilbrigðismál“. *Framsókn*, mars 1899: 12.
- Ólafía Jóhannsdóttir: „„Fjallkonan“ og „Framsókn““. *Þjóðólfur*, 1. mars 1895: 38-39.
- Ólafía Jóhannsdóttir: „Island“. *Dvöl*, maí 1903: 19.
- Ólafía Jóhannsdóttir: „Maðurinn konunnar sinnar“. *Þjóðólfur*, 8. mars 1895: 42.
- Ólafur Jónsson: „Bókmenntaverðlaun blaðanna“. *Alþýðublaðið*, 7. febrúar 1967: 8 og 15.
- Ólafur Jónsson: „Bókmenntir og samfélag“. *Skírnir*, 1978: 5-24.
- Ólafur Jónsson: *Bækur og lesendur. Um lestrarvenjur*. Studia Islandica 40. Reykjavík: Rannsóknastofnun í bókmenntafræði við Háskóla Íslands og Bókaútgáfa Menningarsjóðs. 1982.

- Ólafur Jónsson: „Fingraæfingar“. Ritdómur um *Naturheimsókn* eftir Jökul Jakobsson. *Félagsbréf*, 30, 1963: 55-56.
- Ólafur Jónsson: „Haustbækur“. *Félagsbréf*, 29, 1963: 37-40.
- Ólafur Jónsson: „Líf lagt út í orðum“. Ritdómur um *Breyskar ástir* eftir Óskar Aðalstein. *Alþýðublaðið*, 12. desember 1965: 7.
- Ólafur Jónsson: „Ljóðrænar náttúrumyndir“. Ritdómur um *Heiðnævötn* eftir Þorstein Valdimarsson. *Félagsbréf*, 2, 1963: 54-55.
- Ólafur Jónsson: „Og þó svo nýr“. *Félagsbréf*, 3, 1963: 13-20.
- Ólafur Jónsson: „Ritdómar“. Ritdómur um *Sögu, leikrit, ljóð og Eðlisþætti skáldsögunnar* eftir Njörð P. Njarðvík. *Skírnir*, 1978: 230-236.
- Ólafur Jónsson: „Skilgreining mannsins“. *Félagsbréf*, 4, 1963: 20-31.
- Ólafur Jónsson: „Skryturlur úr kirkjugarði“. Ritdómur um *Saltkorn í mold* eftir Guðmund Böðvarsson. *Félagsbréf*, 1, 1963: 53.
- Ólafur Jónsson: „Um gagnrýni“. *Líka líf*. Reykjavík: Iðunn. 1979: 7-9.
- Ólafur Jónsson: „Um silfurhest“. *Vísir*, 29. janúar 1974: 7.
- Ólafur Jónsson: „Verðlaun og einkamál“. *Vísir*, 4. júlí 1973: 7.
- Ólafur Rastrick: *Háborgin. Menning, fagurfræði og pólitík í upphafi tuttugustu aldar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan og Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands. 2013.
- Ólafur Rastrick: *Íslensk menning og samfélagslegt vald 1910-1930*. Doktorsritgerð í sagnfræði. Reykjavík: Hugvísindastofnun Háskóla Íslands. 2011.
- Óskar Aðalsteinn: „Rauði páfádómstóllinn í bókmenntum Íslendinga. Síðari hluti“. *Lesbók Morgunblaðsins*, 29. september 1968: 7 og 11.
- P.: „(Aðsent)“. *Framsókn*, 2. apríl 1895: 14-16.
- Paul, H. G.: *John Dennis. His Life and Criticism*. New York: The Columbia University Press. 1911.
- Páll Baldvin Baldvinsson. Ritdómur um *Reyndu aftur* eftir Magnús Eiríksson. *Kiljan*, 14. október 2009.
- Páll Baldvin Baldvinsson: „Inngangur um listirnar“. Ritdómur um *Listgildi samtímans* eftir Jón B.K. Ransu. *Fréttatíminn*, 2.- 4. mars 2012: 40.
- Páll Baldvin Baldvinsson: „Ný kvennasápa Fríðu“. Ritdómur um *Í húsi Júlíu* eftir Fríðu Á. Sigurðardóttur. *Fréttablaðið*, 11. nóvember 2006: 58.
- Páll Baldvin Baldvinsson: „Sest undir Pressu“. Ritdómur um sjónvarpsþáttinn *Pressu*. *Fréttablaðið*, 6. janúar 2008: 22.
- Páll Valsson: „Íslensk endurreisn“. *Íslensk bókmenntasaga III*. Ritstj. Halldór Guðmundsson. Reykjavík: Mál og menning. 1996: 221-339.
- Páll Valsson: *Jónas Hallgrímsson. Ævisaga*. Reykjavík: Mál og menning. 1999.
- Pétur Gunnarsson: „Halldór og Kristján Albertsson“. *Lesbók Morgunblaðsins*, 9. mars 2002: 6-7.
- Pétur Pálsson: „Skáldastyrkurinn“. *Vísir*, 12. apríl 1921: 2-3.
- Pepper, Myra: „Konurnar og blöðin“, *Freyja*, ágúst 1903, 2-3.
- Platon: „Phaedrus“. Þýð. R. Hackforth. *The Collected Dialogues of Plato Including the Letters*. Ritstj. Edith Hamilton og Huntington Cairns. Princeton: Princeton University Press. 1961: 475-525.
- Platon: *Ríkið I*. Þýð. Eyjólfur Kjalar Emilsson og Kristján Árnason. Lærdómsrit bókmenntafélagsins. Ritstj. Þorsteinn Gylfason og Þorsteinn Hilmarsson. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag. 1997.
- Platon: *Ríkið II*. Þýð. Eyjólfur Kjalar Emilsson og Kristján Árnason. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag. 1997.
- Pope, Alexander: „Essay on Criticism“. *Poetical Works*. Ritstj. Herbert Davis. Oxford, London og New York: Oxford University Press. 1978: 64-85.

- Pope, Alexander: „The First Epistle of the Second Book of Horace“. *Imitations of Horace*. Ritstj. John Butt. London: Methuen & co. 1939: 195-231.
- R., [Aðsend grein]. *Framsókn*, 1. júní 1895: 22-23.
- r.: „Gömlu skáldin“. *Framsókn*, janúar 1897: 2.
- R.: „Vaxandi menntun“. *Framsókn*, 8. janúar 1895: 4.
- r—s—n: „Davíð Þorvaldsson rithöfundur“. Ritdómur um *Björn formann og fleiri smásögur* eftir Davíð Þorvaldsson. *Alþýðublaðið*, 18. desember 1929: 3.
- Ragnar Jóhannesson: „Bækur“. Ritdómur um *Dyr í vegginn* eftir Guðmund Böðvarsson. *Félagsbréf*, 10, 1958: 57-59.
- Ragnar Jóhannesson: „Bækur“. Ritdómur um *Fjallið* eftir Jökul Jakobsson. *Félagsbréf*, 10, 1958: 59-61.
- Ragnar Jóhannesson: „Íslenzk sagnaritun árið 1956“. *Félagsbréf*, 5, 1957: 6-24.
- Ragnheiður: „Svar til Hrislu“. *Kvennablaðið*, 31. maí, 1912: 26-27.
- Ragnhildur Richter: „„Ljóðafugl lítinn jeg geymi — hann langar að fljúga“. Athugun á stöðu skáldkonu gagnvart bókmenntahefð“. *Tímarit Máls og menningar*, 3, 1985: 314-334.
- Rancière, Jacques: *The Ignorant Schoolmaster. Five Lessons in Intellectual Emancipation*. Þýð. Kristin Ross. Stanford: Stanford University Press. 1991.
- Raymond, Joad: „Irrational, impractical and unprofitable“. *Reading, Society and Politics in Early Modern England*. Ritstj. Kevin Sharpe og Steven N. Zwicker. New York: Cambridge University Press. 2003.
- Reeve, Clara: „From *The Progress of Romance*“. *Women Critics 1660-1820. An anthology*. Ritstj. Virginia Walcott Beauchamp, et al. Bloomington og Indianapolis: Indiana University Press. 1995: 135-142.
- Richards, I. A.: *Practical Criticism. A Study of Literary Judgment*. London: Routledge & Kegan Paul Ltd. 1964.
- Robb, Maurine: „För mín til Íslands“. *Lögberg*, 1. nóvember 1923: 2.
- Robbe-Grillet, Alain: „Að skrifa gegn lesendum“. *Tímarit Máls og menningar*, 1, 1988: 36-48.
- Ross, Kristin: „Translator's Introduction“. Í: Jacques Rancière. *The Ignorant Schoolmaster. Five Lessons in Intellectual Emancipation*. Þýð. Kristin Ross. Stanford: Stanford University Press. 1991: vii-xxiii.
- Saintsbury, George: *A History of English Criticism. Being the English Chapters of A History of Criticism and Literary Taste in Europe*. Edinborg og London: William Blackwood & Sons Ltd. 1936.
- Sallo, Denis de: „L'imprimeur au lecteur“. *Le Journal des Scavans*, 1, 1665: 1-2.
- Sandra Berg Cepero: „Gagnrýni í hnotskurn“. *Mannlíf*, 10, 2002: 102-108.
- Schiller, Friedrich: *Um fagurfræðilegt uppeldi mannsins*. Þýð. Arthúr Björgvin Bollason og Þröstur Ásmundsson. Lærdómsrit Bókmenntafélagsins. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag. 2006.
- Scholes, Robert og Robert Kellog: *The Nature of Narrative*. London, Oxford og New York: Oxford University Press. 1968.
- Sharpe, Frida: „August Strindberg“. *The Critic*, 12. febrúar 1898: 103-105.
- Sigfús Blöndal: „Ritsjá“. Ritdómur um *Æfisögu Pjeturs Pjeturssonar dr. Theol biskups yfir Íslandi* eftir Þorvald Thoroddsen. *Eimreiðin*, 1, 1909: 66-72.
- Sigfús Daðason: „Eftirmáli og kveðjuorð“. *Tímarit Máls og menningar*, 4, 1976: 421-424.
- Siglaugur Brynleifsson: „Gagnrýni“. Erlendar bækur. *Morgunblaðið*, 2. mars 1968: 21.
- Sigríður Albertsdóttir: „„Ég verð konungur djöflanna““. *Skírnir*, haust, 1996: 303-323.
- Sigríður Matthíasdóttir: „Grunnmenntunarskólinn 1961-1990“. *Aldarsaga Háskóla Íslands 1911-2011*. Ritstj. Gunnar Karlsson. Reykjavík: Háskólaútgáfan. 2011: 283-531.

- Sigríður Matthíasdóttir: *Hinn sanni Íslendingur. Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900-1930*. Reykjavík: Háskólaútgáfan. 2004.
- Sigrún Pálsdóttir: *Þóra biskups og raunir íslenskrar embættismannastéttar*. Reykjavík: JPV. 2010.
- Sigrún Pálsdóttir Blöndal: „Eðli og hlutverk kvenna. Erindi flutt á bændanámskeiði á Egilsstöðum í mars-mán. veturinn 1926“. *Hlín*, 1926: 89-121.
- Sigrún Sigurðardóttir: *Elskulega móðir mín, systir, bróðir, faðir og sonur*. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar. Ritstj. Kári Bjarnason og Sigurður Gylfi Magnússon. Reykjavík: Háskólaútgáfan. 1999.
- Sigrún Sól Ólafsdóttir: „Fordómafullir gagnrýnendur taki pokann sinn“. *Lesbók Morgunblaðsins*, 6. janúar 2007: 6-7.
- Sigurður A. Magnússon: „Að brjóta náttúrulegmálið“. *Sáð í vindinn. Greinar og fyrirlestrar*. Reykjavík: Helgafell. 1968: 62-73.
- Sigurður A. Magnússon: „Á sextugsafmæli Tómasar Guðmundssonar“. *Sáð í vindinn. Greinar og fyrirlestrar*. Reykjavík: Helgafell. 1968: 13-23.
- Sigurður A. Magnússon: „Bókmenntirnar, staða þeirra og stefna“. *Sáð í vindinn. Greinar og fyrirlestrar*. Reykjavík: Helgafell. 1968: 38-55.
- Sigurður A. Magnússon: „Engu að kvíða - kellingarnar bjarga þessu!“. *Sáð í vindinn. Greinar og fyrirlestrar*. Reykjavík: Helgafell. 1968: 139-140.
- Sigurður A. Magnússon: „Íslenzkar bókmenntir eftir seinna stríð“. *Sáð í vindinn. Greinar og fyrirlestrar*. Reykjavík: Helgafell. 1968: 24-37.
- Sigurður A. Magnússon: „Lítill athugasemd við sérstæða aðdróttun“. *Tímarit Máls og menningar*, 1, 1978: 109-110.
- Sigurður A. Magnússon: „Ljóðagerð yngri skáldanna“. *Félagsbréf*, 7, 1958: 6-25.
- Sigurður A. Magnússon: „Rabb“. *Lesbók Morgunblaðsins*, 22. nóvember 1964: 5.
- Sigurður A. Magnússon: „Sprengjan sem aldrei sprakk. Misheppnað bókmenntagabb“. *Lesbók Morgunblaðsins*, 21. júlí 1963: 5-6.
- Sigurður A. Magnússon: „Um gagnrýni“. *Sáð í vindinn. Greinar og fyrirlestrar*. 1964. Reykjavík: Helgafell. 1968: 104-107.
- Sigurður Einarsson: „Blöðin og bókmenntirnar“. *Félagsbréf*, 19, 1960: 31-36.
- Sigurður Jónsson: „Ólukkans atómið“. *Menntamál*, 2, 1963: 149-151.
- Sigurður Nordal: „Brot“. *Iðunn*, 3, 1919: 171-178.
- Sigurður Nordal: „Foksandur“. *Skiptar skoðanir. Ritdeila Sigurðar Nordals og Einars H. Kvarans*. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs. 1960: 111-122.
- Sigurður Nordal: „Heilindi“. *Skiptar skoðanir. Ritdeila Sigurðar Nordals og Einars H. Kvarans*. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs. 1960: 56-79.
- Sigurður Nordal: „Ritsjá“. Ritdómur um *Systurnar frá Grænal* eftir Maríu Jóhannsdóttur. *Eimreiðin*, 2, 1909: 146-148.
- Sigurður Nordal: „Ræða við doktorskjör í Háskóla Íslands 22. október 1966“. *List og lífsskoðun III*. Reykjavík: Almenna bókafélagið. 1987: 270-272.
- Sigurður Nordal: „Trúin á ævintýrin“. *List og lífsskoðun III*. Reykjavík: Almenna bókafélagið. 1987: 217-219.
- Sigurður Nordal: „Um ritdóma“. *Eimreiðin*, 1, 1925: 56-69.
- Sigurður Nordal: „Undir straumhvörf“. *Skírnir*. 1925: 131-149.
- Sigurður Sigurmundsson: „Karlssonur vinnur konungsríki“. *Morgunblaðið*, 12. maí 1983: 6-7.
- Silja Aðalsteinsdóttir: „Formbylting og módernismi“. *Íslensk bókmenntasaga V*. Ritstj. Guðmundur Andri Thorsson. Reykjavík: Mál og menning. 2006: 17-174.

- Silja Aðalsteinsdóttir: „Margfaldarinn, er ekki svo?“. Ritdómur um *Augu gula skuggans* og *Leynardóm Mayanna* eftir Henri Vernes í þýðingu Magnúsar Jochumssonar. *Þjóðviljinn*, 10. desember 1972: 7.
- Silja Aðalsteinsdóttir: *Þjóðfélagsmynd íslenskra barnabóka. Athugun á barnabókum íslenskra höfunda á árunum 1960-1970*. Reykjavík: Menningarsjóður. 1976.
- Skúli Magnússon: „Sveita-bóndi“. *Rit þess (konunglega) íslenska Lærdómslistafélags*, 1783: 137-207.
- Soffía Auður Birgisdóttir: „Ástfangið svín“. *Lesbók Morgunblaðsins*, 18. október 1997: 6-7.
- Soffía Auður Birgisdóttir: „Hver var Torfhildur Hólm?“. *TMM*, 9. október 2007. Sótt 16. desember 2013 af <http://tmm.forlagid.is/?p=286>.
- Soffía Auður Birgisdóttir: „Læt segja mér það þrem sinnum“, viðtal við Dagnýju Kristjánsdóttur. *Helgarpósturinn*, 24. mars 1988: 26.
- Soffía Auður Birgisdóttir: „Sannleikurinn í æðra veldi. Um Íslenzkan aðal eftir Þórberg Þórðarson“. [thorbergssetur.is](http://www.thorbergur.is). Sótt 11. júlí 2015 af <http://www.thorbergur.is/index.php/is/skaldidh-thorbergur/greinar/88-sannleikurinn-i-aedhra-veldi>.
- Soffía Auður Birgisdóttir: „Úr hænuhaus gagnrýnanda“. *Tímarit Máls og menningar*, 1988: 138-144.
- Solomon, Harry M.: *Sir Richard Blackmore*. Boston: Twayne Publishers. 1980.
- Somaize, Antoine Baudeau de: *Le grand dictionnaire des précieuses ou la clef de la langue des ruelles*. 1660. Sótt 21. nóvember 2013 af <http://www.miscellanees.com/s/somaize.htm>.
- Sontag, Susan: „Gegn túlkun“. Þýð. Hermann Stefánsson. *Að sjá meira*. Ritstj. Hjálmar Sveinsson. Reykjavík: ReykjavíkurAkademían. 2005: 19-34.
- Staël, Anne-Louise Germaine Necker de: „From *On Literature*“. Þýð. Vivian Folkenflik. *Women Critics 1660-1820. An Anthology*. Ritstj. Virginia Walcott Beauchamp, et al. Bloomington og Indianapolis: Indiana University Press. 1995: 360-372.
- Steele, Richard: „Dedications“. *The Tatler* I. Ritstj. Donald F. Bond. Oxford: Clarendon Press. 1987: 7-8.
- Steele, Richard: „No. 29 Thursday, June 16, 1709“. *The Tatler*. Ritstj. Donald F. Bond. Oxford: Clarendon Press. 1987: 216-223.
- Stefán Einarsson: „Um ritdóma og rithöfunda“. *Tímarit Þjóðræknisfélags Íslendinga*, 1, 1942: 17-30.
- Stefán Jónsson: „Ýtzt á um öxulgat“. *Félagsbréf*, 31, 1963: 34-38.
- Stefán Júlíusson: „Bréfkorn til Baldvins Tryggvasonar framkvæmdastjóra AB og ritstjóra Félagsbréfa“. *Félagsbréf*, 4, 1963: 57-61.
- Steindór Steindórsson: „Blaðamenska Matth. Jochumssonar“. *Eimreiðin*, 2, 1936: 167-182.
- Steindór Steindórsson: „Bókmenntir“. Ritdómur um *Arf* eftir Ragnheiði Jónsdóttur. *Nýjar kvöldvökur*, 7-9, 1941: 131.
- Steingrímur Jónsson: „Upphaf Þjóðólfs 1848“. *Ritmennt*, 3, 1998: 65-88.
- Stolpe, Peter Matthias: *Dagspressen i Danmark. Dens Vilkaar og Personer indtil midten af det attende Aarhundrede IV*. Kaupmannahöfn: Samfundet til den danske literaturs fremme. 1881.
- Streitfeld, David: „The Best Book Reviews Money Can Buy“. *The New York Times*, 25. ágúst 2012. Sótt 27. maí 2014 af http://www.nytimes.com/2012/08/26/business/book-reviewers-for-hire-meet-a-demand-for-online-raves.html?pagewanted=all&_r=0.
- Svanhildur Þorsteinsdóttir: „Ritsjá“. Ritdómur um *Úrvalsögur* eftir Guy de Maupassant. *Eimreiðin*, 1, 1937: 119-120.
- Sveinbjörn Egilsson: „Ars Poët 38.-40.“. *Ljóðmæli Sveinbjarnar Egilssonar*. Ritstj. Snorri Hjartarson. Reykjavík: Mál og menning. 1952.

- Sveinbjörn Egilsson: „Brot af Essay on Criticism eptir A. Pope“. *Ljóðmæli Sveinbjarnar Egilssonar*. Reykjavík: Mál og menning. 1952: 204-206.
- [Sveinbjörn Hallgrímsson]: [Án titils]. *Þjóðólfur*, 5. nóvember 1848: 1-2.
- Sveinbjörn Hallgrímsson: „Dagblöðin eru daglegt brauð 2“. *Þjóðólfur*, 20. júní 1849: 72
- Sveinn Einarsson: „Leiklistin festir rætur í Reykjavík“. *Reykjavík í 1100 ár*. Ritstj. Helgi Þorláksson. Safn til sögu Reykjavíkur. Reykjavík: Sögufélagið. 1974: 285-299.
- Sveinn Pálsson: *Æfisaga Jóns Eyríkssonar*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag. 1828.
- Sveinn Sigurðsson: „Ritsjá“. *Eimreiðin*, 1, 1944: 71-73.
- Sveinn Sigurðsson: „Ritsjá“. Ritdómur um *Í byggðum* eftir Davíð Stefánsson. *Eimreiðin*, 3, 1933: 348-352.
- Sveinn Sigurðsson: „Ritsjá. Bókmenntir og bókaflóð“. *Eimreiðin*, 1, 1944: 71-73.
- Sveinn Sigurðsson: „Við þjóðveginn“. *Eimreiðin*, 3, 1925: 193-201.
- Sveinn Sigurðsson: „Við þjóðveginn“. *Eimreiðin*, 1, 1930: 1-14.
- Sveinn Skorri Höskuldsson: „Bækur“. Ritdómur um *Virkisvetur* eftir Björn Th. Björnsson. *Félagsbréf*, 16, 1960: 49-57.
- Swartz, David: *Culture and Power. The Sociology of Pierre Bourdieu*. Chicago: The University of Chicago Press. 1997.
- T.P.H.: „Bækur og rit“. Ritdómur um *Heiðarbylíð* eftir Jón Trausta. *Dvöl*, desember, fylgiblað 1908: 49-51.
- T.P.H.: „Bækur og rit“. Ritdómur um *Æfisögu Pjeturs Pjeturssonar dr. Theol biskups yfir Íslandi* eftir Þorvald Thoroddsen. *Dvöl*, desember, fylgiblað 1908, 51.
- Tate, Allen: „The Man of Letters in the Modern World“. *Essays of Four Decades*. Chicago: Swallow Press 1968: 3-16.
- Tate, Allen: „Preface“. *Essays of Four Decades*. Chicago: Swallow Press. 1968: ix-xi.
- Terry, Richard G.: *Mock-heroic from Butler to Cowper: An English Genre and Discourse*. Aldershot: Ashgate Publishing. 2005.
- Theodora Thoroddsen: „Þulur“. *Skírnir*, 4, 1914: 415-420.
- Thor Vilhjálmsson: „Gagnrýnandi sem lýgur er réttdræpur“. Plötu- og bókablað. *Pressan*, 26. nóvember 1992: B 3.
- Thor Vilhjálmsson: „Syrpa“. *Birtingur*, 4, 1957: 20-26.
- Thor Vilhjálmsson: „Þankar um eitt og annað sem úfar mættu af rísa“. *Birtingur*, 1, 1955: 19-22.
- Thora Friðriksson: „Galdra-Loftur leikinn í París“. *Morgunblaðið*, 12. ágúst 1920: 2.
- Thora Friðriksson: „Galdra-Loftur leikinn í París“. *Ísafold*, 23. ágúst 1920: 3.
- Thora Friðriksson: „Nana“. *Vísir*, 10. desember 1941: 5.
- Thora Friðriksson: „Ritsjá“. Ritdómur um Grettis sögu í þýðingu Fernands Mossé. *Eimreiðin*, 1, 1935: 117-120.
- Tiffin, Helen: „Commonwealth Literature: Comparison and Judgement“. *The History of Historiography of Commonwealth Literature*. Ritstj. D. Riemenschneider. Tübingen: Gunter Narr. 1983: 19-35.
- Tinna Gunnlaugsdóttir: „Orðum fylgir ábyrgð. Viðtökur og vandi gagnrýnenda“. *Lesbók Morgunblaðsins*, 28. júní 2008: 10.
- Torfhildur Þorsteinsdóttir Hólm: [Án titils]. *Dvöl*, janúar 1901: 1.
- Torfhildur Þorsteinsdóttir Hólm: [Án titils]. *Dvöl*, janúar 1903: 1.
- Torfhildur Þorsteinsdóttir Hólm: „Nýár 1901“. *Dvöl*, mars 1901: 1.
- Torfhildur Þorsteinsdóttir Hólm: „Nýjar bækur“. Ritdómur um *Kvæði* eftir Huldu. *Dvöl*, janúar 1910: 2.
- Torfi Tulinius: *Skáldið í skrifinni. Snorri Sturluson og Egils saga*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag og ReykjavíkAkademían. 2004.

- Tómas Sæmundsson: *Ferðabók*. Ritstj. Jakob Benediktsson. Reykjavík: Félagsprentsmiðjan. 1947.
- Trolander, Paul og Zeynep Tenger: *Sociable Criticism in England, 1625-1725*. Newark: University of Delaware Press. 2007.
- Tzotzi, Elena: „Small is Strong, or is it the other way around...?“. *Archive on the Run*. Ritstj. Gunnþís Ýr Finnbogadóttir Ármann Agnarsson, Gunnhildur Hauksdóttir og Unnar Örn. Reykjavík: Nýlistasafnið. 2013: 197-206.
- Unnur Birna Karlsdóttir: *Mannkynbætur. Hugmyndir um bættu kynstofna hérlendis og erlendis á 19. og 20. öld*. Reykjavík: Sagnfræðistofnun og Háskólaútgáfan. 1998.
- Unwin, George: „History of publishing“. *Encyclopaedia Britannica*, 28. maí 2014. Sótt 4. febrúar 2015 af <http://www.britannica.com/EBchecked/topic/482597/history-of-publishing/28679/Magazine-publishing#ref398296>.
- Ussing, Henrik: „Nútiðarbókmenntir Dana“. *Eimreiðin*, 3, 1898: 161-224.
- Úlfhildur Dagsdóttir: „Í landi kyrrðar og óra“. *Bókmenntavefur Borgarbókasafns Reykjavíkur*, nóvember 2014. Sótt 27. janúar 2015 af http://bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3409/5648_read-39164/6711_view-6226/6709_page-2/.
- Úlfhildur Dagsdóttir: „Ímynd norðursins“. *Bókmenntavefur Borgarbókasafns Reykjavíkur*, desember 2013. Sótt 27. janúar 2014 af http://bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3409/5648_read-37827/6711_view-5975/.
- Úlfhildur Dagsdóttir: *Sæborgin*. Reykjavík: Háskólaútgáfan. 2011.
- Úlfhildur Dagsdóttir: „Tvífari hversdagsleikans“. *Bókmenntavefur Borgarbókasafns Reykjavíkur*, nóvember 2014. Sótt 27. janúar 2014 af http://bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3409/5648_read-39036/6711_view-6226/6709_page-3/.
- V.S.V.: „Ég vil skrifa um gróandi lífsins. Viðtal við ungt skáld, Óskar Aðalstein Guðjónsson, frá Ísafirði“. *Alþýðublaðið*, 13. júní 1944: 4.
- V.Þ.G.: „Úr bókaflóðinu 1945“. *Eimreiðin*, 1, 1946: 74-80.
- Valdimar Ásmundsson: „Jfr. Ólafía og „Framsókn““. *Fjallkonan*, 5. mars 1895: 39-40.
- Valdimar Ásmundsson: „Til studíósus Ólafíu“. *Fjallkonan*, 12. mars 1895: 43.
- Valgeir Örn Ragnarsson: „Ævintýralega leiðinlegt“. *DV*, 19. september 2011. Sótt 25. maí 2014 af <http://www.dv.is/mening/2011/9/19/aevintyralega-leidinlegt/>.
- Valtýr Guðmundsson: „Gagnrýni“. *Eimreiðin*, 3, 1896: 161-165.
- Valtýr Guðmundsson: „Íslenzk hringsjá“. *Eimreiðin*, 1, 1898: 76-80.
- Valtýr Guðmundsson: „Ritsjá“. Ritdómur um *Sögur frá Skaftáreldi II* eftir Jón Trausta. *Eimreiðin*, 3, 1914: 221-223.
- Valtýr Guðmundsson: „Ritsjá“. Ritdómur um *Nokkur smákvæði* eftir Ólöfu frá Hlöðum. *Eimreiðin*, 2, 1914: 141-142.
- Valtýr Guðmundsson: „Úr menningarsögu Íslands I“. *Eimreiðin*, 1, 1895: 44-47.
- Van Rees, C. J.: „How a Literary Work Becomes a Masterpiece. On the Threefold Selection Practised by Literary Criticism“. *Poetics*, 12, 1983: 397-417.
- Vera Knútsdóttir: „Taka tvö / ljóð og myndlist“. *Bókmenntavefur Borgarbókasafns Reykjavíkur*, desember 2014. Sótt 2. mars 2015 af http://www.bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3409/5777_read-39126.
- Vésteinn Lúðvíksson: „Mikil vísindakona smíðar sér karldjöful“. *Tímarit Máls og menningar*, 1, 1976: 70-87.
- Vésteinn Ólason: „Bókmenntarýni Sigurðar Nordals“. *Tímarit Máls og menningar*, 1, 1984: 5-18.
- Vésteinn Ólason: „Bókmenntir og bókmenntatúlkun“. *Mál og túlkun. Safn ritgerða um mannleg fræði*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag. 1981: 91-123.

- Vésteinn Ólason: „Kveðskapur frá síðmiðöldum“. *Íslensk bókmenntasaga II*. Ritstj. Vésteinn Ólason. Reykjavík: Mál og menning. 2006.
- Vésteinn Ólason: „Tvö ferðalög“. Ritdómur um *Gunnlaðar sögu* eftir Svövu Jakobsdóttur. *Tímarit Máls og menningar*, 2, 1988: 242-247.
- Vilborg Dagbjartsdóttir: „Tveir ritdómar“. Ritdómur um *Hönnu Dóru* eftir Stefán Jónsson. *Melkorka*, 2, 1957: 54-55.
- Vilhjálmur Þ. Gíslason: *Blöð og blaðamenn 1773-1944*. Reykjavík: Almenna bókafélagið. 1972.
- Vilhjálmur Þ. Gíslason: „Íslensk fræði og alþjóðleg vísindi“. *Morgunblaðið*, 20. desember 1964: 16-17.
- Wellek, Renè: „Literary theory, criticism, and history“. *20th Century Literary Criticism*. Ritstj. David Lodge. London: Longman. 1972: 552-563.
- Wilde, Oscar: „The Critic as Artist“. *The Artist as Critic. Critical Writings of Oscar Wilde*. Ritstj. Richard Ellmann. London: W.H. Allen. 1970: 340-408.
- Wilde, Oscar: „English Poetesses“. *The Artist as Critic. Critical Writings of Oscar Wilde*. Ritstj. Richard Ellmann. London: W.H. Allen. 1970: 101-108.
- Wilde, Oscar: „The True Function and Value of Criticism: with Some Remarks on the Importance of Doing Nothing“. *The Nineteenth Century: A Monthly Review*, 1890: 123-147 og 435-459. *The Victorian Prose Archive*. Sótt 2. september 2011 af http://www.ajdrake.com/etexts/texts/Wilde/Works/true_function_1890.pdf.
- Womersley, David: „Introduction“. Í: Samuel Johnson: *Selected Essays*. Ritstj. David Womersley. London, New York, Victoria, Ontario, Panchsheel Park, Auckland og Rosebank: Penguin Books. 2003: ix-xxxv.
- Woolf, Virginia: „Reviewing“. *Collected Essays*. London: The Hogarth Press. 1966: 204-217.
- Woolf, Leonard: „Note on Reviewing“. Í: Virginia Woolf: *Collected Essays*. London: The Hogarth Press. 1966: 215-217.
- Zier, Kurt: „Lístræn samviska“. *Félagsbréf*, 4, 1964: 36-40.
- Þ.: „Bókmentir“. Ritdómur um *Húspostillu* eftir Helga Thordersen. *Þjóðólfur*, 12 janúar 1884: 1-2.
- Þ. Guðmundsson: „Hinar helstu bækur, útkomnar í Kaupmannahöfn árið 1828“. *Skírnir*, 1829: 92-106.
- Þorbjörn Broddason: *Ritlist, prentlist, nýmiðlar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan. 2005.
- Þorgeir Guðmundsson: „Hinar helztu bækur, útkomnar í Kaupmannahöfn árið 1826“. *Skírnir*, 1827: 85-98.
- Þorgeir Guðmundsson: „Hinar markverðustu bækur, sem útkomu í Kaupmannahöfn árið 1829“. *Skírnir*, 1830: 90-108.
- Þorkell Bjarnason: „Fyrir 40 árum“. *Tímarit hins íslenska bókmenntafélags*, 1892: 170-258.
- Þorkell Jóhannesson: „Um Guðmund Friðjónsson“. *Félagsbréf*, 6, 1957: 10-21.
- Þorsteinn Gíslason: „Sögur og kvæði“. Ritdómur um *Sögur og kvæði* eftir Einar Benediktsson. *Ísland*, 18. apríl 1898: 62.
- Þóra Kristín Ásgeirsdóttir: „Ágætasta fólk gleymir skynseminni í bókmenntaumræðunni“, viðtal við Kolbrúnu Bergþórsdóttur. *Pressan*, 18. júlí 1991: 21.
- Þórður Einarsson: „Bækur“. Ritdómur um *Maríumyndina* eftir Guðmund Steinsson. *Félagsbréf*, 11, 1959: 41-43.
- Þórður Einarsson: „Jón Dan og bandingjar hans“. Ritdómur um *Tvær Bandingjasögur* eftir Jón Dan. *Félagsbréf*, 18, 1960: 45-47.
- Þórir Óskarsson: „„Hið fagra, góða og sanna er eitt“. Tómas Sæmundsson og fagurfræði Fjölnis“. *Andvari*, 2003: 90-110.

- Pórir Óskarsson: *Undarleg tákni á tímans bárum. Ljóð og fagurfræði Benedikts Gröndals*. Studia Islandica 45. Ritstj. Sveinn Skorri Höskuldsson. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs og Bókmenntafræðistofnun. 1987.
- Póroddur Guðmundsson: „Gunnar Gunnarsson“. *Eimreiðin*, 3, 1959: 151-183.
- Þróstur Ásmundsson: „Inngangur“. Í: Friedrich Schiller. *Um fagurfræðilegt uppeldi mannsins*. Þýð. Arthúr Björgvin Bollason og Þróstur Ásmundsson, Lærdómsrit Bókmenntafélagsins. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag. 2006.
- Þróstur Helgason: „Jónas og rímurnar“. *Lesbók Morgunblaðsins*, 28. febrúar 1998: 6-7.
- Þróstur Helgason: „McLuhan er merkingin“. *Miðill - Áhrif - Merking*. Ritstj. Þróstur Helgason. Reykjavík: ReykjavíkurAkademían. 2005: 7-34.
- Þróstur Helgason: „Ólafur Jóhann og meint andúð gagnrýnenda“. *Morgunblaðið*, 16. september 1997: 34.
- Þróstur Helgason: *Tímaritið Birtingur og íslenskur móðernismi. Lítil tímarit, landfræði, menningarsaga*. Doktorsritgerð í almennri bókmenntafræði. Reykjavík: Hugvísindadeild Háskóla Íslands. 2015.
- Örn Ólafsson: „Athugasemd frá Erni Ólafssyni vegna ritdóms frá 28. janúar um bók hans, Kóralforspil hafsins: Þríbjörn togar í ritdóm“. *Pressan*, 4. febrúar 1993: 31.
- Örn Ólafsson: „Bókmenntatúlkanir“. *Tímarit Máls og menningar*, 1, 1989: 5-11.
- Örn Ólafsson: *Guðbergur. Um rit Guðbergs Bergssonar*. Reykjavík: Uglya. 2012.
- Örn Ólafsson: „Kvenhyggja í bókmenntum“, útvarpserindi frá 1988. *Amarhreiddur*, 15. febrúar 2007. Sótt 24. febrúar 2010 af http://oernolafs.blogspot.com/2007/02/kvenhyggja-i-bokmenntum_15.html.
- Örn Ólafsson: „Menningartímarit milli stríða“. *Teningur*, 1985: 19-28.
- Örn Ólafsson: „Missagnir um móðernisma“. *Morgunblaðið*, 3. janúar 1997: 41.
- Örn Ólafsson: „Skæðar kreddur“. *Stína*, 2, 2009: 141-150.

Munnlegar heimildir

- Benedikt Erlingsson: Ávarp við afhendingu Menningarverðlauna DV. Reykjavík, Iðnó, 10. mars 2010.
- Fríða Björk Ingvarsdóttir: Samtal við ritgerðarhöfund, 20. febrúar 2015.
- Marta Hildur Richter: Samtal við ritgerðarhöfund.

